

ÍSLAND

Atvinnuhættir og menning

Bók 4

ÍSLAND - atvinnuhættir og menning 2020

Útgefandi:

Sagaz ehf.

www.isat.is

Hönnun og umbrot:

Ragnheiður Linda Eyjólfsdóttir,

grafískur hönnuður FÍT

Prentun:

Specialtrykkeriet Arco A/S, Danmörk.

Bókin er prentuð á umhverfsvænan pappír.



© 2022 Upplýsingar í þessari bók má ekki afrita með
neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun,
hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta
eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Sagaz ehf. tekur ekki ábyrgð á innsendu efni.

ISBN:

978-9935-9680-0-5 (Ritröð)

978-9935-9680-4-0

ÍSLAND
Atvinnuhættir og menning 2020



Skógarfoss

Efnisyfirlit

Iðnaður og orkumál	8
Grjóthörð loftslagslausn	10
Orkumál	14
Ýmis þjónusta	56
Nýsköpun og rannsóknir.....	60
Almennur iðnaður.....	86
Matvælaíðnaður	220
Landbúnaður og umhverfismál	278
Gróðrarstöðvar.....	294
Þjónusta.....	310
Nafnaskrá.....	328



Grjóthörð loftslagslausn

Kári Helgason og Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir



Dr. Kári Helgason, yfir rannsókn og þróun.
Ljós. Sigurður Ólafur Sigurðsson.



Dr. Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir, yfir CO2 förgun.
Ljós. Sigurður Ólafur Sigurðsson.

Það eru ekki aðeins tré sem binda koldíoxíð í náttúrunni. Gríðarlegt magn af koldíoxíði er bundið í steinefnum í bergi. Á undanförunum árum hefur vísindamönnum tekist að beisla þetta náttúrulega ferli kolefnisbindingar. Aðferðin, sem nefnist Carbfix, gerir kleift að steingera koldíoxíð á örfáum árum í stað árþúsunda. Nú þegar magn koldíoxíðs eykst hratt í andrúmsloftinu og veldur óafturkræfum breytingum á vistkerfinu og þá um leið lífsskilyrðum íbúa jarðarinnar, er brýn þörf á nýstárlegum tæknilausnum sem binda koldíoxíð á öruggan og varanlegan hátt.

Að steingera gas á tveimur árum

Að steingera gastegund hljómar eins og töfrar en er í reynd ekki svo flókið. Carbfix aðferðin virkar þannig að koldíoxíð er leyst upp í vatni áður en því er dælt niður í berggrunninn. Með því að leysa koldíoxíð upp í vatni verður til kolsýrt vatn; eins konar sóðavatn. Kolsýrt vatn er þyngra og þéttara en vatnið sem er fyrir í berggrunninum og leitar því ekki upp á yfirborðið þegar því er dælt niður, heldur sekkur dýpra – og því er ekki hætt á að koldíoxíð losni aftur út í andrúmsloftið. Þetta súra vatn leysir út málma á borð við kalk, magnesíum og járn í berginu, sem blandast vökvanum. Ungt basalt, líkt og það sem þekur megnið af Íslandi, er sérstaklega ríkt af þessum málum. Með tímanum bindast málmarnir koldíoxíði og mynda steinefni sem fylla holrými í berginu; svokallaðar karbónatsteindir. Steindirnar haldast stöðugar í þúsundir ára og því er koldíoxíð varanlega bundið. Sýnt var fram á að yfir 95% þess koldíoxíðs sem dælt var niður í basaltmyndanir á Hellið varð að steindum innan tveggja ára – mun fyrr en áður var talið mögulegt. Áskorun næstu ára og áratuga felst í því að fanga koldíoxíð í miklu magni og dæla því niður í réttu berglögin á hagkvæman hátt – leysa það upp í vatni og láta það steingerast þar djúpt í jörðu.

Nægt geymslupláss á Íslandi

Carbfix kolefnisörgunaraðferðin virkar ef þetta þrennt er til staðar: Hentugt berg, vatn og koldíoxíð. Hentugt berg er að finna víða í heiminum. Það þekur u.þ.b. 5% af landmassa jarðar og megnið af háfsbotninum. Nánast allur berggrunnur Íslands hentar fyrir Carbfix aðferðina en geymslugeta koldíoxíðs hér á landi er mæld í þúsundum milljarða tonna, sem er margfalt meira en árleg losun mannkyns hér á jörðu.

Oft var þörf en nú er nauðsyn

Parísarsamkomulagið, sem undirritað var árið 2015, byggist á skuldbindingum ríkja heims um að draga hratt úr losun gróðurhúsalofttegunda til að tryggja að hlýnun jarðar haldist innan við 2°C á þessari öld. Það liggur ljóst fyrir að þessum markmiðum verður ekki náð án stórtækra niðurdælinga koldíoxíðs í jarðlög. Samkvæmt skýrslu Alþjóðaorkumálastofnunarinnar þarf niðurdælingin að nema yfir 100 milljörðum tonna á heimsvísu til ársins 2060 til að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins þetta eru engar smátölur. Ef við ímyndum okkur að í



Hellisheiðarvirkjun. / Ljósmynd. Árni Sæberg.

Framhald á næstu opnu →

stað vatns sé Gullfoss gerður úr koldíoxíði í vökvaformi, þá jafngildir þetta magn stöðugu rennsli úr Gullfossi næstu 40 árin. Alþjóðasamfélagið hefur hingað til einblínt á svokallaða kolefnisgeymslu þ.e. að dæla koldíoxíði í vökvaformi djúpt ofan í tómar gas- og olíulindir. Þannig væri koldíoxíðinu skilað aftur þaðan sem það kom upphaflega. Aftur á móti byggir Carbfix aðferðin ekki á geymslu heldur varanlegri kolefnisförgun, sem sýnt hefur verið að sé samkeppnishæf og hefur opnað fyrir förgun á stórum svæðum í heiminum þar sem niðurdæling á koldíoxíði hefur ekki áður verið talin fýsileg.

Minnkuð losun ekki í boði fyrir alla

Þau sem hafa notað kolefnisreikni EFLU hafa rekið sig á að hvernig sem við stillum svör okkar, er nánast ómögulegt fyrir Íslending að ná kolefnisspori sínu niður fyrir 4 tonn á ári. Það er m.a. vegna þess að allt að helmingur af kolefnisspori einstaklings á rætur sínar að rekja til framleiðslu steypu og mála sem eru notuð til húsbýgginga.

Í sumum iðngreinum eru möguleikar á að draga úr losun koldíoxíðs afar takmarkaðir. Sem dæmi má nefna að grunniðnaður á borð við stál- og sementsframleiðslu er ábyrgur fyrir 10-14% af árlegri losun mannkyns. Í þessum iðnaði er myndun koldíoxíðs órjúfanlegur hluti af framleiðsluferlinu, óháð uppruna orkunnar, og því er förgun koldíoxíðs í námunda við útblástursreykháfa eina leiðin til að takmarka losun. Á komandi áratug mun fara fram samkvæmisleikur þess eðlis að iðnaður og stærri fyrirtæki munu mæta sig við mismunandi tæknilausnir við að fanga og farga koldíoxíði. Þar getur Carbfix spilað stórt hlutverk.

Samkeppnishæfur valkostur

Þrátt fyrir að þörfin fyrir förgun og niðurdælingu koldíoxíðs sé gríðarleg hefur reynst erfitt að koma nýjum verkefnum á laggirnar. Ástæða þess er fyrst og fremst skortur á hvötum og kvöðum til að draga úr losun þess. Það virðist þó heldur vera að þokast í átt að breytingum. Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (e. EU Emission Trading System, ETS) sem sett var á laggirnar árið 2005 fól í sér stórt framfaraskref í þá átt að skapa markað þar sem fyrirtæki geta keypt og selt losunarheimildir. Núgildandi verð á losunarheimildum er um 3500 kr. á hvert tonn af koldíoxíði en það má gera ráð fyrir að það fari hækkandi á næstu árum.

Kostnaður við að nota Carbfix aðferðina við Hellisheiðarvirkjun er nokkurn veginn á pari við núverandi verð á losunarheimildum sem sýnir fram á samkeppnishæfi aðferðarinnar sem er sú hagkvæmasta til að fanga og dæla niður koldíoxíði; svo það verður spennandi að mæta aðferðina við annars konar orku- og iðnaðarstarfsemi.

Loftsugur nauðsynlegur

Flugsamgöngur eru annað dæmi um iðnað sem hefur takmarkaða möguleika á að draga úr losun í náinni framtíð. En ólíkt þungaiðnaði þar sem mikið af koldíoxíði sleppur út í andrúmsloftið frá reyksháfum þá er útblástur flugvéla það dreifður að það þykir óhentugt



Niðurdælingarholur við Helligheiddarvirkiun.
Ljós. Sigurður Ólafur Sigurðsson.

að þróa lausnir sem fanga það beint. Í staðinn þarf flugiðnaðurinn að kolefnisjafna sig með lausnum sem hreinsa og binda koldíoxíð sem þegar hefur verið losað út í andrúmsloftið. Koldíoxíðsameind sem losuð er í Bandaríkjunum fylgir veðrakerfum og er alla jafnan komin til Íslands innan fárra daga. Þessi hraða blöndun þess við súrefni í lofthjúpunum er ástæða þess að loftslagsvandinn er vandi allra jarðarbúa; má þá einu gilda hvar losunin á sér stað því hún hefur áhrif á allan lofthjúp jarðar. Að sama skapi skiptir ekki máli hvar á jörðinni koldíoxíð er hreinsað úr andrúmsloftinu.

Það er vissulega einfaldara og hagkvæmara að hindra að gróðurhúsalofttegundir sleppi út í andrúmsloftið en að reyna að ná þeim til baka. En nú er heimurinn kominn í þá stöðu að eigi loftslagsmarkið að nást, þarf að fanga milljarða tonna af koldíoxíði sem þegar hefur verið sleppt út í andrúmsloftið samhliða því að minnka losun. Það er ekki lengur spurning um „annað hvort, eða“. Í báðum tilvikum getur Carbfix aðferðin bundið það varanlega í bergi með öruggum og hagkvæmum hætti.

En það er ekki einfalt að fanga það úr andrúmsloftinu með það að markmiði að dæla því niður í jarðlög. Það þarf tæknilega krefjandi milliskref sem ryksugar koldíoxíð úr loftinu með því sem mætti kalla loftsugutækni. En loftsugutækni er enginn hæðarleikur. Aðeins fjórar af hverjum tíu þúsund sameindum í lofti eru koldíoxíðsameindir. Það má ímynda sér að barnið á heimilinu hafi sturtað tíu þúsund Legokubbum á stofugólfíð og verkefnið felst í að finna fjóra bleika kubba með sérstaka lögun. Þessu til viðbótar er hægt að hugsa sér að trilljón trilljónir Legokubba flæði gegnum stofuna á hverri sekúndu og það þurfi að fanga 0,04% þeirra sem eru af ákveðinni gerð og enga aðra. Þetta er viðfangsefni þeirra fyrirtækja sem sérhæfa sig í loftsugutækni.

Skógrækt er ekki nóg

En hvers vegna má ekki einfaldlega planta trjám í staðinn? Þó að skógrækt sé mikilvæg leið til að binda koldíoxíð í andrúmslofti þá er staðreyndin sú að hún nægir ekki ein og sér. Þá fer skóglendi á jörðinni ekki vaxandi heldur eyðast skógar hratt af mannavöldum. Það er því áhættusamt og óráðlegt að treysta eingöngu á skógrækt þegar kemur að því að draga úr koldíoxíði í andrúmslofti. Loftsugutækni getur fangað það hraðar og krefst um 400 sinnum minna landsvæðis en skógrækt, en er á hinn bóginn orkufrek og dýr í framleiðslu. Líffræðileg og tæknileg binding munu þurfa að haldast í hendur eigi loftslagsmarkmið að nást.

Það eru nokkur fyrirtæki í heiminum sem hafa þróað tækni sem ræður við að fanga þessa fjóru „bleiku legokubba“ úr kubbahrúgunni. Þar sem öll heimsins losun er aðgengileg gegnum lofthjúpin er enn fremur hægt er velja hentugustu staðsetninguna á jörðinni til að knýja loftsugubúnaðinn. Eitt fremsta fyrirtæki í heiminum í þessari tækni hefur valið Ísland sem þennan stað og Carbfix sem tæknina til að farga því koldíoxíði sem er fangað úr andrúmsloftinu.



Borkjarni af basalti með steinrunnu koldíoxíði í formi kalsíts.
Ljós. Carbfix / Sandra O. Snæbjörnsdóttir.

Aukið samstarf við Climeworks

Frá árinu 2017 hefur Carbfix átt í samstarfi við svissneska fyrirtækið Climeworks. Fyrirtækin hafa í sameiningu rekið tilraunastöð á Hellisheiði þar sem koldíoxíð er fangað beint úr andrúmslofti og dælt niður í jarðlög þar sem það verður að steini. Þrátt fyrir miklar fjárfestingar alþjóðlegra stórfyrirtækja (eins og t.d. Microsoft) í loftsugutækni þá er Hellisheiði enn sem komið er eini staðurinn í heiminum þar sem koldíoxíð úr andrúmslofti er fangað og því fargað.

Nýverið tilkynnti Climeworks, í samstarfi við Orku náttúrunnar og Carbfix, áætlanir sínar um stóraukin umsvif á Íslandi. Framkvæmdir á loftsugustöð með getu til að fanga 4000 tonn af koldíoxíði árlega eru þegar hafnar. Með aðgengi að grænni orku og hagkvæmri tæknilausn til að farga því hefur Climeworks veðjað á Ísland sem framtíðarstaðsetningu fyrir sína uppbyggingu.

Nýr vistvænn iðnaður - ný vistvæn útflutningsgrein

Það er algengur hugsunarháttur hér á landi að Ísland geti lítið lagt af mörkum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Að losun Íslands sé einfaldlega svo smávægileg í stóra samhenginu að það skipti ekki máli hvað Ísland geri. Carbfix er dæmi um íslenska tæknilausn í loftslagsmálum sem hefur áhrifamátt langt umfram losun Íslands.

Kolefnishlutlaust Ísland er göfugt markmið en við getum og eigum að ganga enn lengra. Við höfum tækifæri til að nýta íslenskt hugvit og einstakar aðstæður hér á landi til að bjóða heiminum upp á hagkvæma og varanlega bindingu koldíoxíðs með hagnýtingu náttúrulegra ferla. Hér mætti binda margfalt meira af því en sem nemur heildarlosun Íslands og nýta til þess innlenda, umhverfissvæna orku. Þá hefur kolefnisföngun- og förgun alla burði til þess að verða ný vistvæn útflutningsgrein í íslensku efnahagslífi. Stórauka má niðurdælingu koldíoxíðs á heimsvísu með útflutningi og innleiðingu á Carbfix tækninni í námunda við hentug jarðlög. Á næsta ári mun t.d. hefjast niðurdæling með Carbfix aðferðinni í tilraunaskyni í Þýskalandi og í Tyrklandi. Þá má líka horfa til þess að nýta íslenskan berggrunn til að farga koldíoxíði sem yrði flutt hingað erlendis frá á sérútbúnum tankskipum, en Evrópusambandið leggur mikla áherslu á uppbyggingu á slíkum flutningsleiðum.

Í framtíðinni getur grænn hátækni iðnaður náð fótfestu á Íslandi með tilheyrandi verðmæta- og atvinnusköpun. Ísland, vegna sérstöðu sinnar, gæti orðið miðstöð fyrir kolefnisförgun á heimsvísu. Þörfin verður meiri með hverju árinu og við búum yfir ofgnótt af geymsluplássi sem við getum veitt alþjóðasamfélaginu aðgang að til hagsbóta fyrir umhverfið og íslenskt efnahagslíf. Þetta er aðeins eitt dæmi um að aðgerðir Íslands í loftslagsmálum skipti okkur öll máli. Jafnvel í stóra samhenginu.



Gróðurhús ORF líftækni.

Auðlindagarðurinn / HS Orka

Ný hugsun

Auðlindagarðurinn hefur sannað gildi sitt, sem sést þegar litið er til fjölda fyrirtækja í nágrenninu sem nýta affallið frá orkuverunum til eigin framleiðslu. Vaxtarmöguleikarnir eru nær óendanlegir og er Auðlindagarðurinn tilbúinn í samstarf við fyrirtæki með starfsemi á borð við lóðréttá gróðurhúsaræktun, þörungaræktun, fiskeldi og jafnvel annan sjálfbæran rekstur sem vitum ekki enn af! Auðlindagarðurinn á Reykjanesi býður samkeppnishæft verð á endurnýjanlegri orku og sjálfbært frárænsli frá orkuverum sínum, auk skilvirkra flutningsleiða til meginlands Evrópu og Norður-Ameríku.

Hugmyndasmiður Auðlindagarðsins

Albert Albertsson er hugmyndasmiðurinn að Auðlindagarði HS Orku fæddist árið 1948. Sem ungur drengur varð Albert hugfanginn af indíánum og þá sérstaklega hugmyndafræði þeirra um að ættbálkarnir veiddu aldrei meira en þörf var á. Að þeir skildu eftir sig sem fæst fótspor og gengu ekki of nærri móður jörð. Albert heillaðist einnig af svokölluðum svartströkum (e. black smokers) sem eru neðansjár hverir sem spúa heitum jarðhitavökva út í kaldan sjóinn. Þótt vökvinn sé eittraður myndast fjölskrúðugt líf í kringum hann.

HS Orka rekur nú tvö orkuver í Svartsengi og á Reykjanesi. Kjarnastarfsemi þeirra hefur verið í framleiðslu á rafmagni og heitu vatni. Vegna heppilegrar staðsetningar og einstakra aðstæðna er mögulegt að nýta afgangstrauma frá orkuverunum til fjölbreyttrar framleiðslu. Meðal fyrirtækja sem njóta góðs af starfseminni má nefna Bláa Lónið og snyrtivöruframleiðendur, auk líftækni- og fiskeldisfyrirtækja.

Auðlindagarðurinn sem þróaður hefur verið í nágrenni orkuvera HS Orku á Suðurnesjum er einstakur í sinni röð. Hann boðar nýja framtíðarsýn og hvetur til enn frekari þróunar á nýtni afgangstrauma frá orkuverunum.

1755 - Fyrstu tilraunaboranir á jarðvarmasvæðum

Íslenskir frumkvöðlar fóru snemma að velta fyrir sér hvernig nýta mætti náttúruundur jarðvarmans enda lega Íslands á flekaskilum Ameríkuflekans og Evrasíuflekans einstök. Eggert Ólafsson skáld og náttúrufræðingur og Bjarni Pálsson landlæknir voru brautryðjendur í jarðhitarannsóknunum. Þeir lögðu upp í rannsóknarför um landið árið 1752 og ferðuðust um landið í ein sex ár. Rannsóknir þeirra voru þær merkustu sem gerðar höfðu verið til þess tíma. Þeir lýstu meðal annars hverum, brennisteinsnámum og ölkeldum víða um land. Árið 1755 gerðu Eggert og Bjarni tilraunaboranir við Laugarnesið í Reykjavík í þeim tilgangi að kanna jarðlög vegna brennisteinsvinnslu. Ári seinna gerðu þeir aðra tilraun til að bora eftir brennisteini í Krýsuvík. Ekki varð þó af almennri nýtingu jarðvarmans fyrr en nokkru seinna.

1930 - Boranir eftir heitu vatni í Laugardalnum hefjast

Jarðvarminn var notaður til að hita upp skóla, sjúkrahús, sundlaug og sextíu hús í austurbæ Reykjavíkur. Nýting jarðvarmans var augljóst framfaraskref og húshitun í Reykjavík varð til þess að aðrar sveitastjórnir horfðu til þess að auka húshitun með jarðvarma. Árið 1953 samþykkti bæjarstjórn Keflavíkur að veita 20 þúsund krónur til rannsókna á hitaveitu. Árið 1971 voru 98% Reykvíkinga komnir með hitaveitu.

1974 - Hitaveita Suðurnesja stofnuð

Hitaveita Suðurnesja var stofnuð 31. desember 1974, með lögum frá Alþingi, í þeim tilgangi að nýta jarðvarmann til húshitunar á svæðinu. Árið 1975 var fyrst borað eftir köldu vatni og varmaskiptastöð reist í Svartsengi. Sama ár varð Ingólfur Aðalsteinsson ráðinn sem fyrsti starfsmaður fyrirtækisins en hann tók síðar við sem forstjóri. Bráðabirgðastöðin við Svartsengi var gangsett árið 1976 og heitu vatni hleypt á félagsheimilið Festi í Grindavík fyrst húsa á Suðurnesjum. Albert Albertsson hóf störf sem yfirverkfræðingur hjá Hitaveitu Suðurnesja árið 1977. Önnur merk tímamót í sögu fyrirtækisins voru árið 1978 þegar raforkuframleiðsla með jarðvarma hófst með gangsetningu tveggja 1MW gufuhverfla.



Vinnsla Haustaks.



Frá vinnslu Haustaks.

1980 - Bráðabirgðaaðstaða sett upp við Bláa Lónið

Samhliða starfsemi Hitaveitu Suðurnesja og virkjun jarðhitavökvans í Svartsengi myndaðist fagurblátt lón úr jarðhitavökva virkjunarinnar. Snemma varð vinsælt að baða sig í vökvanum enda hæfilega heitur. Valur Margeirsson var fyrstur til að átta sig á jákvæðum áhrifum jarðhitavökvans á psoriasis og jókst umferð psoriasis-sjúklinga í lónið mikið í kjölfarið. Þessi þróun var með öllu ófyrirséð þegar lónið tók að myndast og skömmu síðar sá Hitaveita Suðurnesja engan annan kost en að koma upp bráðabirgðaaðstöðu við lónið fyrir almenning. Gamalt líkhús var flutt úr Keflavík og sett upp til afnota fyrir gesti lónsins. Líkhúsið tók við af litlum skála sem settur hafði verið upp af verktökum og var í daglegu tali kallaður Hróðurkallakot. Lónið fékk fljótt nafngiftina Bláa Lónið.

1990 - Fiskþurrkun hefst á Reykjanesi með gufu frá jarðhitasvæðinu

Skreið er framleiðsluheiti yfir þurrkaðan, afhausaðan fisk. Íslendingar hafa þurrkað fisk í aldaðir og áður fyrr var skreiðin mikill þáttur í neyslu landsmanna og einnig sem verslunar- og útflutningsvara. Öll skreið síðustu aldar hefur verið framleidd til útflutnings. Margar fiskþurrkanir má sjá við Reykjaneskagann. Nýting jarðhita til þurrkunar fiskafurða hófst á Reykjanesi árið 1990. Íslenska ríkið hafði borað nokkrar tilraunaholur á Reykjanesi í þeim tilgangi að athuga með fýsileika jarðvarmavinnslu á svæðinu. Hitaveita Suðurnesja tók svæðið seinna yfir og byggði þar orkuver. Með aukinni nýtingu jarðvarmans umhverfis jarðvarmaver Hitaveitu Suðurnesja komst skýrari mynd á Auðlindagarðinn. Fjölnýtingarhugsunina og möguleikar hennar til að stuðla að sjálfbærri þróun samfélagsins fóru að mótast betur í huga Alberts Albertssonar. Nú eru tvö fyrirtæki á Reykjanesi sem sérhæfa sig í þurrkun fiskafurða og nýta jarðhitann sem kemur frá jarðvarmaveri HS Orku.

1992 - 2006 - Jarðvarmaverið á Reykjanesi tekur til starfa

Raforkuframleiðsla hófst í 100 MW jarðvarmaveri á Reykjanesi. Nýtt jarðvarmaver opnaði mikla möguleika á stækkun Auðlindagarðsins og rúmlega tvöfaldaði afl- og orkugetu fyrirtækisins. Sama ár var tekin fyrsta skóflustungan að 30MW stækkun í Svartsengi með byggingu 6. áfanga jarðvarmaversins. ORF Liftækni gerði fyrstu virknimælingarnar á vaxtaþætti framleiddum í byggi sem lagði grunn að starfsemi fyrirtækisins. Íslenska ríkið tilkynnti um ákvörðun sína að selja hlut sinn í HS hf. Rafafslframleiðsla HS Orku var í lok árs um 145 MW.

2008 - 2014 - Framtíð Auðlindagarðsins

Í fyrirtækjum garðsins felast miklir þróunar- og vaxtarmöguleikar sem grundvallast á reynslu þeirra, rannsóknum og þróun aðferða og nýrra afurða. Fyrirsjáanlegt er að fleiri fyrirtæki, og þá af öðrum toga en þau sem fyrir eru, muni leita inngöngu í garðinn og þar með styrkja hann. Mikilvægt er að ímynd Auðlindagarðsins sé gegnsæ og skýr og samhljómur milli fyrirtækjanna sem í garðinum starfa svo og þeirra sem inn í garðinn koma.



Reykjanesvirkjun.



Verksmiðja Carbon Recycling.



Útrásarlögn fráveitu lögð í Lagarfljót sumarið 2020. Lögnin er 1. áfangi í endurbótum á fráveitu og mun þjóna íbúum á Egilsstöðum og í Fellabæ.

Hitaveita Egilsstaða og Fella / HEF veitur



Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri.

Hitaveita Egilsstaða og Fella var stofnuð 22. mars 1979 af Egilsstaðahreppi og Fellahreppi. Fram að því var olía mest notuð til húshitunnar en þegar heimsverð á olíu hækkaði fóru menn að huga að hitanum undir Urriðavatni. Urriðavatn er staðsett tæpa sex kílómetra norður af Egilsstöðum og myndaði heita vatnið svokallaðar Tuskuvakir. Kynjaskepnan Tuska á að hafa nýtt sér vakirnar til að komast úr vatninu. Söguna má rekja allt aftur til 1944, þegar Gísli Helgason, bóndi í Skógargerði benti Gunnari Gunnarssyni skáldi á vakirnar í Urriðavatni. Fyrstu mælingar voru gerðar í og við vatnið 1963. Félagið hefur gengið í gegnum ýmsar breytingar á 40 árum. Fyrstu árin voru þung í rekstri og útlitið ekki alltaf gott, en eftir vel heppnaða borun 1983 hefur rekstur og starfsemi verið í mjög góðum farvegi. Í október 2020 sameinuðust fjögur sveitarfélög í Múlaþing. Þá keyptu HEF veitur allar vatns- og fráveitur í Múlaþingi og þjónustusvæði veitunnar stækkaði svo um munar. Á aðalfundi félagsins í mars 2021 var nafninu breytt í HEF veitur.

Hitaveitan

Upphafsárin einkenndust af mikilli rannsóknarvinnu og voru sex holur boraðar við Urriðavatn frá árunum 1975 til 1983. Fjórða hola sem boruð var tókst vel en hún gaf af sér 15l/s af 64°C heitu vatni. Sú hola leiddi til stofnunar veitunnar. Fljótlega kom upp vandamál, en vatnið í holum UV-04 og UV-05 fór hratt kólnandi og árið 1983 var það komið niður í 50°C. Þá var ráðist í frekari leit að varma og vatni en samhliða var byggð kyndistöð til að skerpa á vatnshitunum. Árið 1983 var hola UV-08 boruð sem gaf 46l/s af 75°C heitu vatni, sem dugði sem aðalvinnsluhola. En íbúum fjölgaði ört og árið 2001 var hafist handa að bora nýja vinnsluhola, UV-09. Hún reyndist ekki eins gjöful og UV-08 en hún hefur nýst sem varahola veitunnar. Árið 2005 var hola UV-10 boruð og gaf hún um 77l/s af 79°C heitu vatni og hefur síðan verið aðalvinnsluhola veitunnar.

Tíu vinnsluholur hafa verið boraðar við Urriðavatn og eru þrjár þeirra nýttar í dag. UV-10 er með öflugustu borholum á lághitasvæði á Íslandi. Árið 2017 var settur nýr og öflugri mótur á dæluna og hún síkkuð en við þessar breytingar jókst afkasta geta holunnar í 100 l/s af 79°C heitu vatni.

Gæði heitavatsins við Urriðavatn eru einstök, það er vottað neysluhæft og má því drekka það og nota í matvælavinnslu.

Vatnsveitan

Árið 2005 tók HEF við rekstri á vatnsveitum Fljótsdalshéraðs en þær voru fimm talsins; á Egilsstöðum, Fellabæ, Hallormsstað, Eiðum, Brúarási og Sænavatnshéraði. Árið 2009 tók HEF í notkun nýtt vatnsból í aurkeilu Köldukvíslar á Eyvindarárdal. Þar eru þrjár borholur sem gefa samtals um 65l/s og sinna Egilsstöðum og Fellabæ. Miðlunartankur veitunnar, fallett kennileiti, er á Selölí í Selskógi ofan Egilsstaða.



Starfsmenn HEF, Broddi B. Bjarnason og Jón K. Auðbergsson.



Virkjunarsvæði hitaveitu við Urriðavatn í Fellum, borholuhús UV-08, UV-09 og UV-10.



Vatnsmiðlunartankur vatnsveitu á Selöxl, í Selskógi.

Fráveitan

Árið 2009 tók HEF við rekstri fráveitu sveitarfélagsins. Á Egilsstöðum og Fellabæ eru fjögur hreinsivirki ásamt þrem rotþróum. Skólphreinsivirkin anna ekki nema hluta af því magni sem er í kerfinu. Síðustu ár hefur HEF unnið að því að minnka vatn í fráveitulögnum með því að tvöfalda lagnir og veita regnvatni í opna skurði eða beint út af plönnum. Stefna Fljótsdalshéraðs er að fráveitumál sveitarfélagsins byggji á umhverfissvænum lausnum sem skipi því í fremstu röð. Hefur því stjórn HEF samþykkt fjárfestingarstefnu til 10 ára þar sem unnið verði að því markmiði. Felur hún meðal annars í sér að reisa eina hreinsistöð, nægilega öfluga til að anna því magni sem kemur úr fráveitukerfinu.

Gagnaveitan

Frá árinu 2005 hefur HEF gert ráð fyrir möguleika á gagnaveitu í tengslum við framkvæmir við veitukerfi. Í dag telur röra- og ljósleiðaranet félagsins yfir 112 km. Gagnaveita er notuð til að fjarstýra öllum útstöðvum HEF.

Þróun fyrirtækisins:

- 1963 Fyrstu rannsóknir um nýtingu heits vatns við Urriðavatn.
- 1979 Fyrsta borholan virkjuð og stofnun Hitaveitu Egilsstaða og Fella.
- 2005 HEF tekur við rekstri á Vatnsveitu Fljótsdalshéraðs og rekstrarformi breytt í einkahlutafélag.
- 2009 HEF tekur í notkun nýtt vatnsból við Köldukvísl á Eyvindarárdal og byggir miðlunartank.
- 2011 HEF tekur við rekstri fráveitu Fljótsdalshéraðs.
- 2019 HEF er falin uppbygging ljósleiðaranets í dreifbýli Fljótsdalshéraðs, Ísland ljóstengt.
- 2020 Sameining sveitarfélaga í Múlaþing. HEF kaupir vatns- og fráveitur Djúpavogs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðar eystrí.
- 2021 Nafni félagsins breytt í HEF veitur.

Aðsetur, mannauður og stjórn

Skrifstofa HEF veitna er staðsett í Ráðhúsi Fellamanna í Fellabæ. Starfsmenn félagsins voru 6 talsins í lok árs 2020. HEF veitur er einkahlutafélag í 100% eigu Múlaþings. Stjórn HEF veitna er skipuð 5 aðalmönnum og 5 til vara.



Dælustöð vatnsveitu HEF við Köldukvísl.



Starfsmaður HEF leitar loka í Eiðþinghá.



Laxá í Leirársveit. Stundum þarf að fara inn á helgunarsvæði Vegagerðarinnar til að koma fyrir lögnum.

Hitaveitufélag Hvalfjarðar



Karl Ingi Sveinsson, Kalastaðakoti, formaður.

Hitaveitufélag Hvalfjarðar er sameignarfélag sem var stofnað 23. ágúst 1988. Tilgangur félagsins er að leggja hitaveitu að heimilum félagsmanna og víðar eftir því sem hagkvæmt þykir hverju sinni. Félagar í Hitveitufélaginu voru 18 í upphafi og áttu þeir 50% hlut í félaginu á móti 50% hlut Hvalfjarðarstrandarhrepps. Sú breyting hefur nú orðið á að með sameiningu hreppa hér á svæðinu á nú Hvalfjarðarsveit 50% hlut á móti félagsmönnum. Stjórn félagsins er skipuð tveim fulltrúum úr hópi félagsmanna og einum tilnefndum af Hvalfjarðarstrandarhreppi. Núverandi stjórnendur eru; Karl Ingi Sveinsson, Kalastaðakoti, Guðjón Jónasson, Bjarteyjarsandi og Sæmundur Víglundsson, Beitistöðum.

Sagan

Á árunum 1988 og 1989 var lokið við leggja flestar lagnir til félagsmanna. Síðar fjölgaði félagsmönnum og árið 1995 var búið að leggja lagnir til þeirra sem höfðu þá gerst félagsmenn í félaginu. Í upphafi var leitað til Fjarhitunar hf. um ráðgjöf vegna virkjunar og nýtingu heitu borholunnar, og var þeim síðan falið að hanna fyrsta áfanga veitunnar og jafnframt ráðgjöf varðandi áframhaldið. Sumarið 1988 var samið við Reykjalund um kaup á lagnaefni í fyrsta áfanga veitunnar. Haustið 1988 var lögð stofnlögnin frá borholu að Strönd, gengið frá virkjun holunnar og byggð dæluhús við borholu, Ferstiklu og Strönd. Lagningu þessarar stofnlagnar lauk fyrir áramót með hjálp suðumanna frá Reykjalundi. Um vorið 1989 var haldið áfram lagnavinnu við fyrsta áfanga veitunnar, lagt að Ferstiklubæjum, Ferstikluskála, Hlöðum og að húsum í Hlíðarbæ. Jafnframt var á þessum tíma lagt í Hallgrímskirkju í Saurbæ. Vatni var hleypt á þessar lagnir 15. júní 1989.

17. apríl 1989 lagði Fjarhitun fram nýja áætlun um lagningu næsta áfanga veitunnar. Í framhaldi af því var keypt lagnaefni frá fyrirtækjunum Hulu og Hjúps á Flúðum til áframhaldandi lagningar veitunnar. Hafist var handa við lagningu næsta áfanga frá Strönd að Eyri, í sept. 1989 en fyrstu rörin komu á staðinn 5 september. Næstu vikur og mánuði var unnið af krafti við lagningu veitunnar, jafnað undir, rörin soðin saman og einangrað jafnóðum og grafan fylgdi á eftir og mokaði yfir. Um 20. október. var lögnin komin að Miðfells múlahorninu. Á sama tíma var unnið að lagningu frá borholu að Hrafnabjörgum og Bjarteyjarsandi. Allar heimtaugar að bæjunum voru lagðar nokkurn veginn jafnóðum og stofnlögnin. Dæluhús voru byggð á sama tíma á Hrafnabjörgum, Kalastöðum, Tungu og Hlíðarfæti. Lagning heimtaugarinnar að Svarfhóli var nokkuð vandasöm, vegna þess að lögnin var lögð þvert yfir Laxá á milli Hlíðarfótar og Svarfhóls. Það var gert með þeim hætti að lögnin var dregin einangruð inn í 250 m. langt kápurör sem síðan var grafið niður í árbotninn og þyngt niður með steinrörum og steypu sem sett var í strigapoka og síðan hlaðið yfir lögnina. Eftir það var mokað vandlega yfir lögnina í árbotninum. Vandlega var síðan gengið frá tengibrunnum við báða enda lagnarinnar. Lagning þessa áfanga veitunnar gekk mjög vel og áfallalaust. Vatni var hleypt á í áföngum, fyrst 30. nóvember. Þá var hleypt á að Kalastöðum og á innri leiðina að Hrafnabjörgum og Bjarteyjarsandi. Daginn eftir að Tungu og að dæluhúsið á Hlíðarfæti.



Bræðurnir Sigurjón og Jónas Guðmundssynir frá Bjarteyjarsandi við dælubrunn sem nú hefur verið uppfærður í dæluhús.



Þegar dælustöðvar eru lagðar niður vegna breytinga er upplagt að nota dæluhúsið aftur á nýjum stað. Dæluhús fært frá Hrafnabjörgum að Bjarteyjarsandi, Jónas Guðmundsson og Arnfinnur Jónasson sáu um flutninginn.



Um 800m djúp borhola og dæluhús fremst á sjávarkambinum í landi Hrafnabjarga.

Fljótlega eftir það að Eyri og Svarfhóli.

Stofnlagnir veitunnar voru í upphafi lagðar í plaströrum og einangraðar með políúretan einangrunarskeljum. Nú á seinni árum hafa stofnlagnir veitunnar mikið verið endurnýjaðar og hefur þá verið lagt í foreinangruðum stálrörum.

Framkvæmdir við lagningu veitunnar voru unnar af félagsmönnum í Hitaveitufélaginu og þeirra fólki, við þennan áfanga eins og þann fyrri. Vélavinna var unnin með gröfu frá Ræktunarsambandi Hvalfjarðar og vélum frá JG vinnuvélum á Bjarteyjarsandi. Þeir sem unnu með þessar vélar voru félagsmenn í Hitaveitufélaginu.

Kaupendur vatns

Kaupendum vatns frá veitunni hefur fjölgað jafnt og þétt á starfstíma hennar. Sumarbúðirnar í Vatnaskógi tengdust veitunni árið 1992. Alifuglabú á Hurðarbaki og Ferstiklu hafa verið tengd veitunni í allmörg ár. Um 1998 var byrjað að leggja lagnir og tengja hús í sumarbústaðalöndum á starfssvæði veitunnar í Svarfhólsskógi, Kambshóli og Bjarteyjarsandi og hafa nú verið tengdir á annað hundrað bústaðir við veituna. Þegar ráðist var í lagningu veitunnar í sumarhúsalöndin í Svarfhólsskógi og Kambshóli þurfti að endurnýja lögnina frá Strönd yfir hálsinn niður í Vatnaskóg og þaðan yfir ósa Laxár. Var það gert með stállögn. Með þessari framkvæmd var komin næg flutningsgeta fyrir sumarhúsalöndin á Svarfhóli og Kambshóli ásamt Vatnaskógi. Uppbygging veitunnar var með þeim hætti að eigendur greiddu allan kostnað við lagningu og frágang hennar. Hitaveitufélagið stofnaði ekki til skulda við uppbygginguna og hefur þessari reglu verið haldið síðan, tengigjöld hafa greitt kostnað við lagningu heimæða þegar lagt hefur verið til nýrra notenda. Nú í seinni tíð hefur kaupendum vatns á starfssvæði veitunnar fjölgað mikið. Munar þar mest um fjölgun sumarbústaða í notendahópi veitunnar og hefur félagið af því góðar tekjur til að standa undir rekstri og viðhaldi.

Sérstaða

Sérstaða Hitaveitufélags Hvalfjarðar er sú eins og áður hefur verið nefnt, að aldrei hefur verið stofnað til langtímaskulda vegna uppbyggingar, reksturs eða viðhalds. Skammtímalán hafa verið tekin þegar staðið hefur verið í fjárfrekum framkvæmdum og hafa þau verið fljótt greidd með tekjum af rekstri. Enginn fastur starfsmaður er hjá veitunni, stjórnarmenn félagsins annast rekstur og viðhald veitunnar. Þetta fyrirkomulag hefur verið frá upphafi og hefur reynst vel og er ekki fyrirhugað að breyta því.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn félagsins er að halda áfram að reka félagið með svipuðum hætti og verið hefur. Halda áfram að veita góða þjónustu, bæta veituna og byggja upp eftir þörfum. Hitaveitufélagið er nú fullkomlega sjálfbært fyrirtæki og stendur vel undir rekstri og viðhaldi. Ekki verður annað sagt en framtíð Hitaveitufélags Hvalfjarðar sé björt.



Guðjón Jónasson, Sæmundur Víglundsson stjórnarmenn HH og Hallfreður Villhjálmsson leggja á ráðin fyrir endurnýjun stofnlagnar að Kambshólsskógi.



Jón Valgarðsson á Eystra-Miðfelli að ræsa nýja öxuldælu við borholu félagsins árið 2015.



Reykjanesvirkjun. / Ljós. Oddgeir Karlsson.

HS Orka



Tómas Már Sigurðsson, forstjóri HS Orku.

HS Orka hefur verið leiðandi í framleiðslu á endurnýjanlegri orku í 40 ár. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur sérfræðinga með mikla reynslu á sínu sviði. Við eigum og rekum tvær jarðvarmavirkjanir, Orkuverið Svartsengi og Reykjanesvirkjun. Nýsköpun og frjóg hugsun hefur ætíð verið grunnurinn í starfsemi fyrirtækisins og er grunnurinn að Auðlindagarðinum, þar sem við leggjum áherslu á að allir auðlindastraumarnir séu nýttir.

Sagan - Aðdragandinn

Á sjötta áratug 20. aldarinnar var þegar farið að ræða opinberlega um þá möguleika sem jarðhitinn gæfi Suðurnesjamönnum og nauðsyn þess að byggðarlögin sameinuðust um virkjun hans. Á bæjarstjórnarfundum í Keflavík 26. maí 1959 var kosin nefnd til að rannsaka möguleika á hitaveitu í Keflavík. Síðar á árinu var einnig kjörin hitaveitunefnd í Njarðvík. Árið 1969 ákvað sveitarstjórnin í Grindavík að láta rannsaka Svartsengissvæðið með tilliti til jarðhita, sem átti að beisla til húshitunar í Grindavík. Voru árin 1971 og 1972 boraðar tvær holur norðan Grindavíkur, skammt frá Svartsengi. Þessar holur, sem voru 240 og 403 m djúpar, leiddu meðal annars í ljós að hér var um „há“ hitasvæði að ræða (hiti var yfir 200°C undir 1.000 m dýpi) og vatnið sem kom úr holunum var salt (með um 2/3 af seltu sjávar). Vegna seltunnar og hitastigsins var ljóst, að ekki var unnt að nýta vatnið beint eins og gert var í Reykjavík og víðast annars staðar, heldur varð að þróa varmaskiptaaðferðir til að nýta jarðhitann.

Stofnun HS

Hitaveita Suðurnesja var stofnuð 31. desember 1974, með lögum frá Alþingi, í þeim tilgangi að nýta jarðvarmann til húshitunar á svæðinu. Við stofnun fyrirtækisins skiptust eignarhlutar í fyrirtækinu þannig að ríkissjóður átti 40% og sveitarfélögin sjö, sem þá voru á svæðinu, 60%. Árið 1975 var fyrst borað eftir köldu vatni og varmaskiptastöð reist í Svartsengi. Sama ár varð Ingólfur Aðalsteinsson ráðinn sem fyrsti starfsmaður fyrirtækisins en hann tók síðar við sem forstjóri. Bráðabirgðastöðin við Svartsengi var gangsett árið 1976 og heitu vatni hleypt á félagsheimilið Festi í Grindavík fyrst húsa á Suðurnesjum. Önnur merk tímamót í sögu fyrirtækisins voru árið 1978 þegar raforkuframleiðsla með jarðvarma hófst með gangsetningu tveggja 1MW gufuverfla.

HS Orka verður til

Hitaveita Suðurnesja varð hlutafélag fyrst íslenskra orkufyrirtækja árið 2000. Í kjölfar breytinga á raforkulögum árið 2008, þar sem kveðið var á um aðskilnað samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi raforkufyrirtækja, var Hitaveita Suðurnesja hf. skipt upp í tvö fyrirtæki; HS Veitur hf. og HS Orku hf. HS Orka á og rekur tvö jarðvarmaver, í Svartsengi og á Reykjanesi. Aflgeta jarðvarmavarsins í Svartsengi er 74 MWe af rafafli og 150 MWth af varmafli. Jarðvarmaverið var byggt upp í sex áföngum á árunum 1976–2015, en á vormánuðum verður varmaaflið aukið um 40 MWth. HS

Starfsmenn og stjórnendur

Starfsmenn HS Orku eru rúmlega 70 talsins.

Stjórn fyrirtækisins

Adrian Pike, stjórnarformaður,
Bjarni Þórður Bjarnason, Ingunn Agne Kro
og Heike Bergmann.

Eignarhlutir í HS Orku hf skiptast á eftirfarandi hátt

Jarðvarmi slhf 50%, Magma Energy
Sweden A.B. 50%*

*Er 100% í eigu sjóða í stýringu hjá
Ancala Partners



Reykjanesvirkjun, norðurljós. / Ljósmynd: Oddgeir Karlsson.

Orka er þriðja stærsta orkufyrirtæki landsins með um 8% af framleiddri raforku. Árið 2015 hlaut HS Orka verðlaun Íslensku ánægjuvogarinnar í flokki fyrirtækja á raforku-sólumarkaði. Verðlaunin hafa verið veitt undanfarin 13 ár og hefur fyrirtækið hlotið þau í 12 skipti. Félagið hlaut forvarnarverðlaun VÍS og Vinnueftirlitsins árið 2015, en þau eru veitt fyrir framúrskarandi forvarnir, umhverfis- og öryggismál.

Orkuverið í Svartsengi

Staðsetning orkuversins dregur nafn sitt af áningarstað hestamanna til forna, en það er svæðið austan núverandi Grindavíkurvegjar gengt orkuverinu. Sjálft orkuverið stendur á hrauni sem rann árið 1226 sem heitir Illahraun. Sunnan orkuversins er Þorbjarnarfell og austan við er Svartsengisfell og Selháls þar á milli og norðan hans Baðsvellir sunnan orkuversins.

Orkuverið á Reykjanesi

Framleiðsla orku frá Reykjanesvirkjun hófst í maí 2006. Vél 1 fór í rekstur um miðjan maí og vél 2 í lok maí. Orkuverið er hannað með tilliti til þess að því sé almennt stjórnað með fjargæslu frá stjórnstöð í Svartsengi. Reykjanesvirkjun er eingöngu raforkuver sem samanstendur af 2 x 50 MW tvístremishverflum með sjökældum eimsvólum sem var nýjung á Íslandi og nota samtals allt að 2 x 2000 l/s, aðskilin dælukerfi (sem er álíka magn og meðalrennsli Elliðaána).

Gildi HS Orku eru framsýni, heiðarleiki og metnaður

Hlutverk HS Orku er að þjóna atvinnulífi og heimilum með fjölnýtingu auðlinda á sjálfbæran hátt til virkjunar og sölu á vistvænni orku og öðrum afurðum til ávinnings fyrir viðskiptavinum, samfélagið og fyrirtækið. Störfum með viðskiptavinum okkar og þeir gefa okkur hæstu einkunn.

- HS Orka ástundar heiðarleg samskipti, sveigjanleg, skilvirk og samhæfð vinnubrögð.
- HS Orka fræðir samfélagið um starfsemi og leggur sitt af mörkum til frekari framþróunar við nýtingu auðlinda.
- HS Orka leggur sig fram um gott samstarf við nærumhverfið.
- HS Orka þjónar hagsmunum viðskiptavina og landeigenda með því að skilja þeirra þarfir og koma til móts við þær. Berum virðingu fyrir auðlindum sem okkur er treyst fyrir og nýtum þær á ábyrgan hátt, með rannsóknum og skilvirku verklagi.
- HS Orka leggur áherslu á stöðugar umbætur og áreiðanleika í starfi.
- HS Orka vinnur í fullu samræmi við lög, reglugerðir og aðrar kröfur sem og vottað verklag.
- HS Orka þróar búnað og verklag byggt á skipulögðum rannsóknum, þekkingaröflun og nýsköpun.
- HS Orka leggur ríka áherslu á fyrirbyggjandi og ástandsbundið viðhald til að tryggja öryggi, áreiðanleika og endingu.
- HS Orka nýtir upplýsingatækni með markvissum hætti til hagsbóta fyrir reksturinn. Höfum á að skipa hæfasta fólkinu og erum eftirsóttasti vinnustaðurinn í starfsgreininni.
- HS Orka velur starfsfólk samkvæmt gildum fyrirtækisins.
- HS Orka leggur áherslu á símenntun, stöðuga þjálfun og framúrskarandi aðbúnað.
- HS Orka stuðlar að öryggis- og hollustuvitund starfsmanna sem starfa við fjölbætt og þverfagleg verkefni í viðkvæmu umhverfi.
- HS Orka metur frammistöðu kerfisbundið og veitir starfsmönnum hlutdeild í árangri þegar vel gengur.
- HS Orka býr starfsmönnum öruggan, vistvænan, fjölskylduvænan, frjóan og uppbyggjandi vinnustað.
- HS Orka gerir starfsánægju að sameiginlegu verkefni fyrirtækisins og starfsmanna þess og er í fararbroddi í starfsgreininni.



Unnið við Hafnarlinu.



Unnið við uppsetningu snjallmælis hitaveitugrind.

HS Veitur

Framkvæmdastjórn fyrirtækisins



Júlíus Jónsson, forstjóri.



Gunnlaugur Kárasón, sviðsstjóri fjármálasviðs.

Eigendur

Ný lög voru samþykkt frá Alþingi í maí 2008 er varða breytingar á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði. Samkvæmt þeim var orkufyrirtækjum skylt að skipta starfseminni upp í a.m.k. tvö aðskilin fyrirtæki.

Eigendur HS Veitna hf. þann 1. júní 2020 eru:

Reykjanesbær 50,10% og fjóra stjórnarmenn
HSV eignarhaldfélag slhf. 34,38% og tvo stjórnarmenn
Hafnarfjarðarbær 15,42% og einn stjórnarmann
Suðurnesjabær 0,10%

Stofnun og hlutverk

HS Veitur voru stofnaðar 1. desember 2008 þegar Hitaveitu Suðurnesja var skipt upp og byggir fyrirtækið á sögu Hitaveitu Suðurnesja sem var stofnuð á gamlársdag 1974. HS Veitur sjá um dreifingu raforku, dreifingu og sölu á heitu og köldu vatni auk þess að selja kalt vatn í heildsölu. HS Veitur starfa á Suðurnesjum, í Hafnarfirði og hluta Garðabæjar, í Árborg og í Vestmannaeyjum. Fyrirtækið er í meirihlutaeigu opinberra aðila samkvæmt lögum nr. 58 frá 2008.

Hlutverk fyrirtækisins

- Sér um dreifingu og sölu á heitu vatni.
- Sér um vatnsöflun, sölu og dreifingu á köldu vatni.
- Sér um dreifingu á rafmagni sem Landsnet afhendir inn á kerfið.
- Sér um dreifingu og sölu á heitu- og köldu vatni á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum.
- Sér um dreifingu á rafmagni á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, hluta Garðabæjar, Vestmannaeyjum og Árborg.

Þróun fyrirtækisins

- Hitaveita Suðurnesja var stofnuð á gamlársdag 1974.
- Árið 1985 sameinast rafveitur sveitarfélagana á Suðurnesjum Hitaveitu Suðurnesja auk þess sem fyrirtækið keypti allar eignir Rarik á svæðinu.
- Árið 2001 er fyrirtækinu breytt í hlutafélag, fyrst allra orkufyrirtækja á Íslandi, með samruna við Rafveitu Hafnarfjarðar.
- Árið 2002 voru Bæjarveitur Vestmannaeyja sameinaðar HS hf.
- Árið 2003 voru rafveituhluti Selfossveitna og vatnsveita Reykjanesbæjar sameinuð HS hf.
- Árið 2005 var sameining við vatnsveituna í Sveitarfélaginu Garði.
- Árið 2006 tók HS hf. við vatnsöflun fyrir Sveitarfélagið Voga en frá 1981 hefur HS hf. séð um vatnsöflun fyrir Grindavíkurbæ og frá árinu 2000 fyrir Sandgerðisbæ.
- Árið 2008 voru kaup á veitukerfum Keflavíkurflugvelli, en frá árinu 2006 eða við brotthvarf varnarliðsins hafði HS hf. séð um kerfin.
- Árið 2008, þann 1. desember, var Hitaveitu Suðurnesja hf. skipt upp í tvö aðskilin fyrirtæki, HS Veitur og HS Orku.
- Í upphafi árs 2014 hóf fyrsti starfsmaður HS Veitna störf en fram að því sinntu starfsmenn HS Orku allri þjónustu fyrir HS Veitur.
- Í upphafi árs 2015 fluttust 75 starfsmenn frá HS Orku yfir til HS Veitna og fullur aðskilnaður fyrirtækjanna orðinn að veruleika.

Starfsmenn og starfsstöðvar

HS Veitur reka 4 starfsstöðvar og alls vinna 95 manns hjá fyrirtækinu. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru að Brekkustíg 36 í Njarðvík. Þar starfa 64 manns. Í Hafnarfirði starfa 14 manns, í



Skoðun dreifistöðvar Selfossi.



Efni tekið af lager.

Vestmannaeyjum 15 manns og í Árborg 5 starfsmenn. Markmið HS Veitna er að tryggja að vinnustaðurinn einkennist af fagþekkingu, verkunnáttu, þjónustulund, starfsgleði, heiðarleika og umfram allt gagnkvæmri virðingu. Sett markmið nást ekki nema fyrirtækið hafi í sínum röðum hæft, áhugasamt og vel menntað starfsfólk, sem getur axlað ábyrgð og sýnt frumkvæði í starfi, brugðist við síbreytilegum þörfum og tekið virkan þátt í frampróun fyrirtækisins. Því leggja HS Veitur metnað sinn í að hlúa vel að starfsfólkinu til að viðhalda starfsánægju og góðum starfsanda. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur fólks og starfsmannavelta fyrirtækisins er mjög lág. Fyrirtækið leggur áherslu á að vera fjölskylduvænn vinnustaður og hefur sett sér sérstaka jafnréttisáætlun sem kveður á um að gæta skuli fyllsta jafnréttis kynjanna og á það meðal annars við um rétt til starfa, aðstöðu, menntunar og kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Innan HS Veitna starfar öflugt starfsmannafélag sem leggur sitt að mörkum til að uppfylla félagslegar þarfir starfsfólks og viðhalda góðum starfsanda innan fyrirtækisins.

Gildi HS Veitna

Traust - Viðskiptavinir geta treyst því að fá góða vöru og þjónustu. Einnig geta birgjar og aðrir viðskiptavinir félagsins treyst því að félagið standi við það sem samið er um. Unnið er af heilindum, fagmennsku og samvirksemi auk þess sem heiðarleiki er ætíð hafður að leiðaljósi.

Virðing - HS Veitur bera virðingu fyrir viðskiptavinum og samstarfsfólki. Við stöndum við það sem við segjum og sýnum virðingu. Við keppumst við að ávinna traust viðskiptavina okkar, forðast hagsmunaaðreksu og starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti í sátt við umhverfi og samfélag.

Framfarir - HS Veitur munu leita allra leiða til að vera í fararbroddi í þjónustu og nýjungum. Ákvarðanatöku þarf að ganga hratt og vel fyrir sig og framkvæmdin jafnvel enn hraðar. Starfsfólk leggur áherslu á að efla sig í starfi, það leitast við að vera leiðandi á sínu sviði með framsækni, fagmennsku og framúrskarandi vinnubrögðum.

Framtíðarsýn

- HS Veitur afhenda tærustu afurðir þjóðarinnar undir kjörorðinu **VIÐ FÆRUM ÞÉR ÞÆGINDIN HEIM** inn á hvert heimili og fyrirtæki á þjónustusvæðum okkar sem endurspeglast í hugarfari og þjónustu fyrirtækisins.

- Þjónusta og samstarf við viðskiptavini byggir á gagnkvæmum hagsmunum.
- Möguleikar samskiptatækninnar nýttir til þess að þróa áfram hagkvæm samskipti og upplýsingamiðlun.
- Framsækin tæknileg umgjörð starfsseminnar og frumkvæði og samstarf við nýsköpunar- og fræðasamfélagið í þeim tilgangi að þróa áfram hagræna og tæknilega þætti veitukerfanna.
- Tillit tekið til velferðar og hagsmuna þeirra samfélaga sem eru á starfssvæði fyrirtækisins.
- Á heimasíðu fyrirtækisins www.hsveitur.is er að finna nánari upplýsingar, hægt er að sjá gjaldskrár, sækja um þjónustu og nýlagnir, sjá helstu verkefni og margt fleira.

Framkvæmdastjórn fyrirtækisins



Helga Jóhanna Oddsdóttir, sviðsstjóri rekstrarsviðs.



Svanur G. Árnason, sviðsstjóri vatnssviðs.



Egill Sigmondsson, sviðsstjóri rafmagnssviðs.



Hverahlíð.

Jarðboranir



Sigurður Sigurðsson, forstjóri.

Jarðboranir hf. annast borframkvæmdir á Íslandi og á alþjóðlegum vettvangi. Starfsemin felst í því að bora eftir jarðhitaauðlindum í jörð. Markmið félagsins er að nýta þau sóknarfæri sem tengjast jarðhitanýtingu víða um heim, hvort sem er til raforkuframleiðslu eða húshitunar.

Saga Jarðborana

Jarðboranir hf. er fyrrverandi ríkisfyrirtæki sem stofnað var árið 1945 í þeim tilgangi að nýta jarðhitaauðlindir Íslands auk þess sem félagið hefur borað fjölda rannsóknar- og neysluvatnshola. Á þeim tíma var talið mikilvægt að tryggja hágæða borþjónustu hérlendis hafandi í huga áhrif jarðhitaorku fyrir hagkerfi Íslands. Rekstrinum var breytt í sjálfstætt hlutafélag árið 1986 þar sem eigendur voru að jöfnu ríkissjóður Íslands og Reykjavíkurborg. Árið 1992 var síðan efnt til útboðs meðal almennings á hlutabréfum félagsins í þeim tilgangi að stuðla að dreifðri eignaraðild að félaginu. Þetta voru merk tímamót, því Jarðboranir var fyrsta fyrirtækið í eigu ríkisins sem boðið var almenningi til kaups í dreifðri sölu. Árið eftir var félagið skráð í Kauphöllina og urðu hluthafar flestir um 1500 talsins. Félagið var svo afskráð árið 2002 þegar Atorka varð kjölfestuhluthafi.

Skömmu eftir aðkomu Atorku jukust umsvif félagsins verulega. Fjárfest var í nýrri kynslóð bortækja, til að mæta aukinni eftirspurn á Íslandi og til að takast á við auknar kröfur um öryggi, umhverfismál og gæði þjónustunnar. Á svipuðum tíma var byrjað að undirbúa alþjóðlegt rannsóknarverkefni sem fólst í því að bora dýpri jarðhitaholur á Íslandi en áður hafði þekkt, eða allt niður í 4-5000 metra. Borflotinn eins og hann leit út fyrir þessa endurnýjun hefði alls ekki getað tekist á við þau verkefni sem voru framundan á þeim tíma. Aukin eftirspurn á Íslandi hafði í för með sér að félagið var með allt að sex bora í rekstri á sama tíma.

Sveifur í eftirspurn eru vel þekktar í verktakastarfsemi af þessu tagi, og því var ákveðið að leggja meiri áherslu á erlenda markaði en áður, til að bæta nýtingu borflotans til lengri tíma séð. Ekki hafði þó verið reiknað með þeim aðstæðum sem skyndilega sköpuðust á heimamarkaði í október 2008 sem var til þess að allir borar félagsins urðu verkefnalausir fyrirvaralaust, þrátt fyrir samninga um annað. Það var félaginu til happs á þessum tímamarki að skömmu áður hafði verið skrifað undir nýjan borsamning á Azor eyjum. Jarðhitaauðlindir eru þekktar víða erlendis, en áhersla félagsins að nýta þau sóknarfæri sem tengjast nýtingu jarðhita víða um heim varð síðan til þess að félagið náði fleiri samningum erlendis, s.s. á Nýja Sjálandi, fljótlega eftir hrun. Auk Íslands þá hefur félagið borað jarðhitaholur í nokkrum löndum Evrópu, auk Mið-Ameríku, Asíu, Eyjaálfu, Afríku og þriggja eyja í Karabíska hafinu.

Þekking, reynsla og tækjabúnaður

Bakgrunnur og reynsla starfsmanna við jarðhitaboranir á Íslandi í áratugi hafa fært félaginu verðmæta sérþekkingu, sem borin er virðing fyrir á alþjóðamarkaði. Vaxandi umsvif félagsins hafa gert auknar kröfur til framþróunar á verklagi og þekkingu starfsmanna. Til að mæta þessu



St. Vincent.



Nýja Sjáland.

og til að tryggja öryggi starfsmanna, þá tók félagið upp gæða- og öryggisstjórnunarkerfi sem byggt er á ISO- stöðlunum. Umræddir staðlar eru í sífellndri endurskoðun. Hjá félaginu starfa í dag um 150 manns, en þegar mest var, þá var starfsmannafjöldinn um 250 manns. Boraðar hafa verið yfir 300 háhitaholur undanfarna tvo áratugi á Íslandi og víða um heim við krefjandi og oft á tíðum erfiðar aðstæður. Þau verkefni sem vakið hafa hvað mesta athygli á undanföllum árum eru tvö djúpborunarverkefni, annars vegar í Kröflu árið 2011 og hins vegar á Reykjanesinu árið 2017. Borverkefni þessi voru mikil áskorun fyrir félagið sem m.a. krafðist besta fánlegs búnaðar, auk þess sem áætlunin var að bora mun dýpra en áður hafði þekkt á Íslandi. Óþekktar aðstæður í þessu dýpi voru þær áskoranir sem félagið stóð frammi fyrir, s.s. vegna ótraustra jarðlaga, yfirþrýstings, hærra hitastigs en áður hafði þekkt. Holan í Kröflu varð þó ekki dýpri en 2100 metra, en sjálfhætt var þegar borinn náði niður í fljótandi hraun (kviku) sem var yfir 1000 gráðu heit. Holan á Reykjanesinu náði 4659 metra, og eru vísindamenn að að vinna úr þeim gögnum sem fram komu í verkinu. Það færir í vöxt að verkkaupar óski eftir alverktöku, þar sem félagið útvegar alla aðra þjónustu auk þess hráefnis sem nauðsynlegt er til að kára borverkefnið.

Virðing fyrir umhverfinu

Umhverfismál skipa veigamikinn sess í starfsemi félagsins. Þetta endurspeglast m.a. í öllum verkferlum við undirbúning verkefna. Í dag getur félagið boðið upp á tækjabúnað sem nýtir t.d. endurnýjanlega raforku frá verkkaupa í stað þess að brenna diesel olíu. Félagið er stolt af því að vera þátttakandi í því að stuðla að aukinni nýtingu hreinna orkugjafa á skynsamlegan hátt. Þannig vinna Jarðboranir í anda sjálfbærrar þróunar og leggja sitt af mörkum til að efla sjálfbæra þróun í samfélagi landa víða um heim.

Spennandi framtíð

Ljóst er að eftirspurn eftir viskvænni orku hefur verið að aukast undanfarin ár víða um heim. Nýting jarðhita er endurnýjanleg og vistvæn, enda jarðhitaorkuver víða um heim verið í notkun í marga áratugi og því sannað tilvist þessa orkugjafa. Til að beisla orkuna þarf að ná henni upp á yfirborðið með því bora jarðhitaholur, oftast í kringum 2500-3000 metra djúpar, en það er stefna Jarðborana hf. að vera í hópi leiðandi fyrirtækja á sviði jarðhitaborana á alþjóðlegum vettvangi. Það er metnaður félagsins að bæta gæði þjónustunnar stöðugt og þar með tryggja að óskir viðskiptavina séu uppfylltar.

Aðsetur

Höfuðstöðvar Jarðborana hf. eru í Hlíðasmára 3 í Kópavogi, en þjónustustöð og viðhald er að Álhelli 3 í Hafnarfirði. Forstjóri félagsins er Sigurður Sigurðsson.

Vefsíða: jarðboranir.is



Djibouti.



Stjórnstöð Landsnets.

Landsnet

Við færum þér spennandi framtíð

Landsnet var stofnað árið 2005 á grundvelli nýrra raforkulaga frá 2003. Meginhlutverk fyrirtækisins er að annast flutning raforku og stjórnun raforkukerfisins. Landsnet starfar undir eftirliti Orkustofnunar og setur hún fyrirtækinu tekjuramma sem það miðar gjaldskrá sína við. Tekjumörkin eru sett til fimm ára í senn og taka mið af sögulegum rekstrarkostnaði félagsins, afskriftum fastafármuna, sköttum og leyfðri arðsemi, sem Orkustofnun ákveður árlega.

Í sátt við samfélagið

Rafvædd framtíð er kjarninn í framtíðarsýn Landsnets. Nútímasamfélög treysta á áreiðanlega raforku. Flutningskerfi Landsnets er þannig lykilinnviður íslensks samfélags og þarf að vera bæði áreiðanlegt og traust. Á sama tíma þarf flutningskerfið að vera byggt upp með nútímalegum hætti og um það þarf að ríkja eins breið sátt og mögulegt er. Þær leiðir sem farnar verða þurfa í senn að taka tillit til þarfa samfélagsins á hverjum tíma ásamt því að sýna ábyrgð í umgengni við náttúruna. Allar áherslur Landsnets miða að því að skapa samfélaginu, viðskiptavinum og eigendum virði með tryggri afhendingaröryggi, hagkvæmum rekstri flutningskerfisins og hámarks nýtingar á raforku. Til þess að styðja við það leggur fyrirtækið megináherslu á þróun raforkumarkaðar, framsýna og skilvirka uppbyggingu raforkukerfisins og samfélagslega ábyrgð þar sem kolefnishlutleysi og lágmörkun umhverfisáhrifa er í fyrirrúmi. Landsnet sýnir vilja í verki með því að þróa lausna- og árangursmiðaða menningu. Landsnet er hlutafélag í eigu Landsvirkjunar, RARIK, Orkuveitu Reykjavíkur og Orkubús Vestfjarða og tók til starfa í ársbyrjun 2005. Fyrirtækið starfar samkvæmt sérleyfi og er háð eftirliti Orkustofnunar sem ákveður tekjumörk sem gjaldskrár byggja á.

Stjórn Landsnets er skipuð til eins árs í senn. Til að fullnægja lögbundnum kröfum um fyllsta hlutleysi og jafnræði í störfum ber stjórnarmönnum að vera sjálfstæðir og að öllu leyti óháðir öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu og sölu raforku.

Landsnet starfar í umhverfi þar sem kröfur eru sífellt að aukast og tæknin að breytast og þarf að vera tilbúið til að mæta þeim tæknibreytingum sem eru framundan. Það er gert með aukinni sjálfvirknivæðingu og stafrænum lausnum. Sveigjanleiki notkunar og nýsköpun á raforkumarkaði verða í lykilhlutverki til að gerir Landsneti kleift að mæta áskorunum framtíðarinnar.

Landsnet er lykilinnviður þjóðarinnar

Örugg afhending orku er mikilvægasta viðfangsefnið en samhliða því þarf ákvarðanatata að vera gagnsæ og byggja á öflugri upplýsingagjöf, samtali og samvinnu. Mikilvægt er að sátt ríki í samfélaginu um hlutverk Landsnets og áherslur og skilningur á því að flutningskerfið er ein af grunnstöðum samfélagsins. Landsnet vinnur að því að skapa sátt um hlutverk,



Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets.



Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála.



Nils Gústavsson, framkvæmdastjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.



Framhald á næstu opnu →

starfsemi og mikilvægi félagsins sem eins af burðarásam félagsins. Áherslan beinist að samfélagsábyrgð sem er samvinnuð stefnu félagsins. Fyrirtækið á frumkvæði að stöðugu samtali við hagsmunaaðila sem einkennist af hreinskilni, ábyrgð, víðsýni, gagnkvæmri virðingu og samstarfsvilja. Við uppbyggingu og rekstur flutningskerfisins eru óæskileg áhrif á umhverfið lágmarkuð.

Stofnuð hafa verið verkefnaáætlun um helstu framkvæmdir og sett á laggirnar hagsmunaráð sem hefur skilað breyttu umhverfi og meiri sátt enn áður.

Eftirsóknarverður vinnustaður

Landsnet vill skapa eftirsóknarverðan vinnustað þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi starfsfólks er í fyrirrúmi. Vinnustaðamenningin er metnaðarfull, framsækin og hvatar eru til að ná árangri og framgangi í starfi. Landsnet er þekkingarfyrirtæki og vinnur markvisst að því að þekking og fræðsla starfsfólks sé framúrskarandi.

Hjá Landsneti starfar úrvalshópur fólks með fjölbreyttan bakgrunn og menntun sem vinnur að áhugaverðum verkefnum sem lúta að uppbyggingu, þróun og rekstri raforkukerfisins. Boðið er upp á faglegt umhverfi með stórum hópi sérfræðinga og fyrirmyndar aðstöðu. Lögð er áhersla á þjálfun og þróun starfsmanna og samræming einkalífs og vinnu skiptir miklu máli. Landsnet nýtur þess að hafa í sínum röðum bæði hæft og reynt starfsfólk. Haustið 2020 voru fastráðnir starfsmenn um 133, þar af voru um 77% starfsmanna karlar en 23% konur. Starfsfólk Landsnets er vel menntað og býr yfir sérhæfðri þekkingu. Fjölmennustu hóparnir eru með rafiðnaðarmenntun og háskólanám á sviði verk- og tæknifræði en að öðru leyti er starfsfólk Landsnets með fjölbreytta menntun og reynslu. Lögð er áhersla á að starfsfólk sem vinnur við mismunandi aðstæður sé öruggt við vinnu sína og eru öryggis- og gæðamál í hávegum höfð.

Gildi Landsnets eru „Ábyrgð, Samvinna og Virðing“ er það haft að leiðarljósi við alla vinnu í fyrirtækinu.

Höfuðstöðvar Landsnets eru við Gylfaflöt 9 í Reykjavík en fyrirtækið er líka með öfluga starfsemi á Akureyri og Egilsstöðum.

Innvíðauppbygging

Landsnet beitir skipulögðum starfsháttum og vinnur að stöðugum umbótum þar sem stuðst er við alþjóðlega stjórnunarstaðla og uppfylltar eru víðeigandi kröfur, bæði lagalegar og aðrar sem tengjast starfsemi.

Landsnet leggur áherslu á öflugt umbótastarf og að gera betur í dag en í gær. Það er undirstaða framfara og mikilvægur þáttur í menningu fyrirtækisins. Rík áhersla er lögð á ferlavæðingu, straumlínustjórnun og að einfalda gæðakerfið til að tryggja sýnileika í rekstri fyrirtækisins í heild með áherslu á þjónustu við viðskiptavini. Stuðst er við alþjóðlega stjórnunarstaðla og



Þorvaldur Jacobsen, framkvæmdastjóri kerfisstjórnunarviðs.



Einar S. Einarsson, framkvæmdastjóri stjórnunarviðs.



Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri þróunar- og tæknisviðs.



að uppfylla viðeigandi kröfur, bæði lagalegar og aðrar sem tengjast starfsemi. Landsnet er með vottað stjórnunarkerfi í gæða-, heilsu-, öryggis-, upplýsingaöryggis-, jafnlauna-, rafmagnsöryggis- og umhverfismálum.

Landsnet hefur mótað sér samfélagsábyrgðarstefnu og fylgir alþjóðlegum viðmiðum um samfélagsábyrgð.

Lögð er áhersla á að fyllsta öryggis sé gætt í allri starfsemi fyrirtækisins. Settar hafa verið reglur sem stuðla að öruggu og heilsusamlegu starfsumhverfi. Sýn Landsnets er að ekkert slys verði í starfsemi og því eru öryggismál mikilvæg í augum fyrirtækisins og ávallt í forgangi, enda ekkert mikilvægara en að starfsmenn komist heilir heim frá vinnu.

Flutningskerfi Landsnets er í stöðugri þróun

Árlega er gefin út kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfisins. Í kerfisáætlun er tekið tillit til raforkuspár og fyrirséðra breytinga á inn- og útmötun einstakra viðskiptavina.

Tilgangur skýrslunnar er að gefa yfirlit yfir framkvæmdir sem ráðgerðar eru á næstu árum til að styrkja og stækka flutningskerfi Landsnets. Einnig er gerð grein fyrir helstu eiginleikum flutningskerfisins, svo sem aflgetu, áreiðanleika, tapi, styrkleika á afhendingarstöðum, líkum á aflskorti og helstu takmörkunum kerfisins.

Með útgáfu kerfisáætlunar upplýsir Landsnet viðskiptavinum og aðra hagsmunaaðila um þróun flutningskerfisins og markaðar í stórum dráttum. Áætlunin er ekki bindandi heldur er hún tæki Landsnets til að kynna þau verkefni sem fyrirtækið telur mikilvæg til að stuðla að öflugum raforkuflutningskerfi til framtíðar. Í samræmi við raforkulög er lögð fram áætlun um uppbyggingu meginflutningskerfisins næstu 10 árin.

Á áætluninni er að finna uppfærslur og nýbyggingar á 220 kV línulögnum sem munu mynda nýja kynslóð byggðalínu. Línurnar munu ná samfelt frá Suðurnesjum til höfuðborgarsvæðisins, til Hvalfjarðar og þaðan um Vesturland, Norðurland og austur að Fljótsdalsstöð. Einnig eru á áætlun frekari styrkingar við höfuðborgina ásamt 220 kV fæðingu inn á Austurlandið að Hryggstekk. Þær línur sem um ræðir eru Kröflulína 3 á milli Kröflu og Fljótsdals, en framkvæmdir við hana eru þegar hafnar, Hólasandslína 3 á milli Akureyrar og Kröflu og Blöndulína 3 á milli Blöndu og Akureyrar. Þessu til viðbótar koma tvær línur sem enn hafa ekki fengið nafn, þ.e. ný 220 kV lína frá Hvalfirði í Hrótafjörð og 220 kV lína á milli Hrótafjarðar og Blöndu. Á suðvesturhorninu þarf að byggja Lyklafellslínu 1 og Suðurnesjalínu 2. Einnig er fyrirsjáanlegt að auka þurfi flutningsgetu á milli höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands, annað hvort með uppfærslu á Brennimeislínu 1 eða með byggingu nýrrar línu þar á milli. Það sama gildir um tengingu á milli Hellisheiðar og höfuðborgarsvæðisins en kerfisrannsóknir sýna að þar muni fljótlega myndast flöskuháls í fæðingu til höfuðborgarinnar. Þessu til viðbótar eru þrjú ný tengivirki á áætlun, eitt á Suðurnesjum, Njarðvíkurheiði, sem mun gera það kleift að reka Suðurnesjalínu 2 á 220 kV spennu, 220 kV tengivirki á Klafastöðum í Hvalfirði sem mun auka afhendingaröryggi í Hvalfirði til muna, ásamt því að verða tengipunktur fyrir nýja línu norður í



land. Að lokum er ráðgert að koma á 220 kV tengingu á Austurlandskerfið, með því að byggja nýtt tengivirki á Hryggstekk og tengja það inn á Fljótsdalslínu 3 eða 4.

Á vaktinni allan sólarhringinn

Í stjórnstöð Landsnets er rekið umfangsmikið stjórnkerfi fyrir raforkukerfi Íslands. Þar er safnað saman yfirgripsmiklum upplýsingum um rekstur og ástand kerfisins á hverjum tíma. Stöðin er jafnframt miðstöð fyrir stýringu og samhæfingu kerfisins og þá starfsmenn sem hafa eftirlit með flutningi og vinnslu raforkunnar um allt land.

Vakt er í stjórnstöðinni allan sólarhringinn allt árið til að tryggja að rekstraröryggi raforkukerfisins fullnægi alltaf ströngustu kröfum sem til þess eru gerðar.

Landsnet heldur út vefsíðu www.landsnet.is, er á samfélagsmiðum og er með eigið hlaðvarp þar sem hægt er að fræðast um starfsemina og þau verkefni sem eru í gangi að hverju sinni – *fram tíðin er svo sannarlega rafmögnuð og þar er Landsnet í lykilhlutverki.*



Akraneslína 2, jarðstrengur.



Kindur á veginum.



Línuvegur.



Upp í mastri.



Sogið.

Landsvirkjun



Hörður Arnarson, forstjóri.

Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar og vinnur rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum: Vatnsafli, jarðvarma og vindi. Fyrirtækið er stærsta orkuvinnslufyrirtæki landsins og vinnur um 72% allrar raforku á Íslandi. Aflstöðvar eru 18 talsins, víðs vegar um landið: 15 vatnsaflstöðvar og þrjár jarðvarmastöðvar, auk tveggja vindmylla. Hlutverk fyrirtækisins er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Gildi Landsvirkjunar eru framsækni, ráðdeild og traust. Fyrirtækið leggur áherslu á skilvirka orkuvinnslu og framþróun í þeim efnum. Það vill taka forystu í sjálfbærri þróun og veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Markmiðið er að Landsvirkjun sé framsækinn og eftirsóttur vinnustaður og fyrirtækið kappkostar að vera fyrirmynd í opnum samskiptum og samvinnu við alla hagsmunaaðila.

Framtíðarsýn og kolefnishlutleysi

Framtíðarsýn Landsvirkjunar er sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku. Samkvæmt Parísarsamningnum frá 2015 hafa þjóðir heims sett sér það markmið að halda hlýnun andrúmsloftsins innan við 2°C, miðað við upphaf iðnbýltingarinnar. Því markmiði verður ekki náð nema með aukinni orkuvinnslu úr endurnýjanlegum auðlindum, þar sem um tveir þriðju hlutar af losun gróðurhúsalofttegunda koma frá orkuvinnslu, en yfir 80% af orkunotkun í heiminum er mætt með brennslu jarðefnaeldsneytis, sem endurnýjar sig ekki og hefur kolefnislosun í för með sér. Auk þess að leggja sitt af mörkum til baráttunnar við loftslagsbreytingar með því að vinna orku úr endurnýjanlegum auðlindum hefur Landsvirkjun samþykkt aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til ársins 2030, sem miðar að því að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda úr starfseminni. Samkvæmt áætluninni verður fyrirtækið kolefnishlutlaust árið 2025, sem þýðir að binding kolefnis verður a.m.k. jafn mikil og losun þess í starfseminni. Í þessum aðgerðum verður fyrst lögð áhersla á að fyrirbyggja nýja losun, þá að minnka núverandi losun og svo mótvægisáðgerðir.

Fjölbreyttar atvinnugreinar nýta orku frá Landsvirkjun til verðmætasköpunar. Efnahagsleg áhrif af starfsemi fyrirtækisins birtast því m.a. í formi starfa og tekna sem dreifast um allt land. Fjórðungur orkunnar sem fyrirtækið vinnur er nýttur á höfuðborgarsvæðinu og þrír fjórðu eru nýttir á landsbyggðinni. Áhrifa af starfseminni gættir m.a. í útflutningstekjum, greiðslu launa, greiðslum til birgja, skattgreiðslum og fasteignagjöldum.

Landsvirkjun greiðir árlega arð af rekstri til eigenda fyrirtækisins, íslensku þjóðarinnar. Arðurinn er greiddur til ríkissjóðs Íslands.

Stofnun Landsvirkjunar

Landsvirkjun var stofnuð þann 1. júlí árið 1965, í þeim tilgangi að byggja og reka raforkuver sem gætu selt raforku til stóriðju og séð almennum markaði fyrir raforku á hagstæðu verði.



Vatnsfellsstöð, yfirfall.



Fólk við störf.

Framhald á næstu opnu →

Fram að þeim tíma hafði rafvæðing á Íslandi einkum verið rekin af ríki og sveitarfélögum og stóð rekstur veitufyrirtækja ekki undir nýframkvæmdum í orkumálum. Eiríkur Briem var fyrsti forstjóri fyrirtækisins og fyrsti orkusamningur hins nýja fyrirtækis var við svissneska álframleiðandann Alusuisse árið 1966.

Bygging fyrstu virkjana og breyting á eignarhaldi

Við stofnun Landsvirkjunar var ráðist í byggingu Búrfellsvirkjunar. Lögð var áhersla á að fyrirtækið yrði sjálfstætt ásamt því að öruggt tekjuflæði yrði tryggt strax frá stofnun. Með það að markmiði lögðu íslenska ríkið og Reykjavíkurborg Sogsvirkjun ásamt vatnsréttindum inn í fyrirtækið, en Sogsvirkjun var á þeim tíma stærsti raforkuframleiðandi landsins. Ríkið lagði einnig inn vatnsréttindi í Þjórsá við Búrfell og undirbúningsvinnu vegna virkjunar þar. Þá lagði hvor aðili fyrir sig fleiri eignir til fyrirtækisins, auk 50 milljóna króna í reiðufé. Á fyrstu árum fyrirtækisins og fram undir lok 8. áratugar 20. aldar byggði fyrirtækið þrjár virkjanir í Þjórsá og Tungnaá. Eftir að byggingu Búrfellsvirkjunar lauk árið 1972 var ráðist í Sigölduvirkjun og síðan Hrauneyjafossvirkjun sem hóf rekstur 1981. Á þessum fyrstu árum óx sala til álversins í Straumsvík og samið var um sölu á raforku til Járblendifélagssins á Grundartanga. Sala fyrirtækisins á rafmagni til almenningsveitna hafði stóraukist, eða álíka mikið og orkan sem unnin var í Hrauneyjafossvirkjun fyrstu rekstrarár virkjunarinnar. Halldór Jónatansson tók við sem annar forstjóri fyrirtækisins árið 1983. Sama ár eignaðist Akureyrarbær hlut í Landsvirkjun og áttu þá Reykjavík og Akureyri helming í fyrirtækinu á móti ríkinu (Reykjavík 45%, Akureyri 5% og ríkið 50%). Laxárvirkjun sem var í eigu Akureyringa og ríkisins var sameinuð Landsvirkjun á þessum tíma. Við þetta varð Landsvirkjun raforkufyrirtæki á landsvísi, en fram að því hafði starfsemin verið bundin við Suður- og Vesturland. Árið 1985 keypti Landsvirkjun Kröflustöð og árið 1986 eignir jarðvarmaveitna ríkisins í Bjarnarflgi af ríkinu.

Aukin raforkusala

Á árunum 1995-1997 voru gerðir samningar um aukin raforkukaup álversins í Straumsvík, Járblendifélagssins og nýs álvers, Norðuráls, en allir þessir samningar voru gerðir á tæplega tveimur árum. Í hönd fór mikið uppbyggingartímabil hjá Landsvirkjun sem jók framleiðslu sína um 60% á fimm árum. Blöndu-, Búrfells- og Kröfluvirkjanir voru stækkaðar og byggðar virkjanir við Sultartanga og Vatnsfell, lokið við Kvíslaveitu og gert miðlunarlón við Hágöngur. Friðrik Sophusson var ráðinn þriðji forstjóri Landsvirkjunar á miðju þessu uppbyggingartímabili og hóf störf í ársbyrjun 1999, sama ár og Sultartangavirkjun var tekin í notkun. Árið 2003 voru gerðir samningar um sölu á raforku til Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði og samfara þeim var hafist handa við byggingu Kárahnjúkavirkjunar sem lauk haustið 2008. Aflstöð virkjunarinnar, Fljótsdalsstöð, hóf vinnslu rafmagns í lok mars 2007. Kárahnjúkavirkjun er stærsta framkvæmd Landsvirkjunar og fól hún í sér 60% aukningu í raforkuframleiðslu fyrirtækisins.



Peistareykjastöð.



Maður við störf.



Fólk við störf.



Verne Global.

Ný raforkulög og auknar fjárfestingar

Miklar breytingar áttu sér stað með setningu nýrra raforkulaga árið 2003 sem fólu í sér markaðsvæðingu raforkugeirans. Í aðdragandanum, nokkrum árum fyrr, hófu starfsmenn Landsvirkjunar undirbúning að þessari breytingu með gagngerrri endurskoðun á stefnu, skipulagi og starfsháttum fyrirtækisins. Vinna þessi miðaði að því að nýta væntanlegar breytingar við markaðsvæðingu orkumála til vaxtar og bættis rekstrar. Fram fór gagngert endurmat á vinnubrögðum í rekstri raforkukerfisins, markaðsstaða fyrirtækisins var greind og mótað var nýtt skipulag fyrir alla starfsemina. Í kjölfar hinnar nýju lagasetningar varð flutningsvið fyrirtækisins að Landsneti, sjálfstæðu hlutafélagi og dótturfélagi Landsvirkjunar. Landsnet á og rekur flutningskerfi landsins og stýrir raforkukerfinu.

Frá og með 1. janúar 2007 yfirtók ríkið eignarhlut Reykjavíkur og Akureyrar í Landsvirkjun sem varð þar með sameignarfélag í fullri eign ríkisins og á forræði fjármálaráðuneytisins. Haustið 2007 var gerður rafmagnssamningur við Becromal, sem reisti aflþynnuverksmiðju á Akureyri. Hörður Arnarson tók við sem fjórði forstjóri fyrirtækisins árið 2009 og í kjölfarið voru nýjar áherslur kynntar sem miða að aukinni áherslu á arðsemi og rekstur Landsvirkjunar sem markaðsdrifnu fyrirtæki.

Framkvæmdatímabil 2012-18 og fleiri viðskiptavinir bæstast í hópinn

Árið 2012 hófst uppsetning tveggja vindmylla á Hafinu og voru þær gangsettar á árinu 2013. Vindmyllurnar eru hluti af rannsóknar- og þróunarverkefni á hagkvæmni raforku og eru á svæði sem gengur undir nafninu „Hafið“, skammt norðaustan af Búrfelli. Rekstur rannsóknarvindmyllanna hefur leitt í ljós að aðstæður á Íslandi eru einstaklega hagstæðar og nýtingarstuðull með því hæsta sem mælist á landi.

Hafist var handa við byggingu Búðarhálsvirkjunar, sextánda aflstöðvar Landsvirkjunar, síðla árs 2010. Búðarhálsstöð var svo gangsett árið 2014. Eftirspurn eftir íslenskrri raforku fór vaxandi á þessum tíma. Á vormánuðum 2015 hófust framkvæmdir við nýja jarðvarmastöð á Þeistareykjum og var hún gangsett í tveimur áföngum, haustið 2017 og vorið 2018. Stöðin var fyrsta jarðvarmastöð sem Landsvirkjun reisti frá grunni.

Á sama tíma var byrjað að reisa Búrfellsstöð II og var hornsteinn að henni lagður og stöðin gangsett sumarið 2018. Stöðin nýtir rennsli Þjórsár við Búrfell sem eldri stöðin nýtti ekki og er stöðvarhús neðanjarðar í Sámstaðaklifi. Lögð var áhersla á að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af framkvæmdinni, en stöðin nýtir sama inntakslón, mannvirki og tengingar við raforkukerfið og Búrfellsstöð I.

Jafnrétti hefur verið áherslumál Landsvirkjunar undanfarin ár og árið 2018 var samþykkt þriggja ára aðgerðaáætlun í jafnréttismálum, en hún var unnin upp úr greiningu og hugmyndavinnu starfsfólks fyrirtækisins. Landsvirkjun hlaut Hvatningarverðlaun jafnréttismála árið 2019 og í rökstuðningi dómnafndar sagði m.a. að fyrirtækið hefði lagt ríka áherslu á að skapa góða fyrirtækjamenningu, þar sem jafnrétti og virðing fyrir fjölbreytileika samfélagsins



Fólk við störf, viðhald og rekstur.

lægju til grundvallar. Tekið væri mið af jafnréttismálum í heildarstefnu fyrirtækisins og væri ávinningurinn ápreifanlegur.

Umsvifamikið rannsóknastarf

Starfsemi fyrirtækisins fylgir umfangsmikið rannsóknastarf á sviði umhverfis- og loftslagsmála og sjálfbærni. Umfangsmiklar lífríkis-, náttúru- og vatnafarsrannsóknir hafa átt sér stað á vegum Landsvirkjunar í tengslum við uppbyggingu og rekstur virkjana, bæði á sviði vatnsafls og jarðvarma. Sérstaklega er rétt að benda á rannsóknir tengdar hálendi Íslands, en þar eru virkjanasvæðin mun betur rannsökuð en aðrir hlutar hálendisins.

Stór hluti rannsóknarverkefna er unninn í samstarfi við háskóla, ýmsar stofnanir og fyrirtæki sem og einstaka vísindamenn, innan jafnt sem utan landsteina Íslands. Má þar nefna Veðurstofu Íslands, ÍSOR, Jarðvísindastofnun, verkfræðistofur og háskóla. Landsvirkjun er á meðal stærstu kaupenda rannsóknarverkefna á Íslandi sem tengjast m.a. orkuvinnslu fyrirtækisins, þróun nýrra virkjunarkosta og viðskiptatækifæra og umhverfsvöktun.

Landsvirkjun veitir árlega styrki úr Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar til rannsóknarverkefna á sviði umhverfis- og orkumála. Veittir styrkir úr sjóðnum námu 60 milljónum króna á árinu 2020. Sjóðurinn var stofnaður árið 2007 og til ársins 2020 veitti hann samtals 728 milljónir króna í styrki til ýmissa rannsóknarverkefna, sem og til framúrskarandi nemenda.

Framlag til nýsköpunar

Landsvirkjun styrkir fjölmörg verkefni sem stuðla að nýsköpun í nærsamfélagi aflstöðva fyrirtækisins. Má þar nefna samstarfsverkefnið Orkídeu á Suðurlandi, Eim á Norðurlandi og Bláma á Vestfjörðum. Fyrirtækið vinnur einnig einnig með sprotafyrirtækjum. Auk fjárframlaga er Landsvirkjun virkur þátttakandi í mörgum verkefnum sem gefa tækifæri til að skiptast á þekkingu og reynslu í orkutengdri nýsköpun.



Búrfellsstöð II.



Búðarhálstöð.



Stjórn Norðurorku og forstjóri. Frá vinstri: Helgi Jóhannesson forstjóri, Ingibjörg Ólöf Ísaksen, Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir, Hlynur Jóhannsson, Eva Hrund Einarsdóttir og Geir Kristinn Aðalsteinsson.

Norðurorka



Höfuðstöðvar Norðurorku hf. Rangárvöllum Akureyri.

Norðurorka hf. er orku- og veitufyrirtæki sem varð til árið 2000 við sameiningu Hita- og Vatnsveitu Akureyrar og Rafveitu Akureyrar. Fyrirtækið stendur á gömlum merg, Vatnsveita Akureyrar var stofnuð árið 1914, Rafveita Akureyrar árið 1922 og Hitaveita Akureyrar árið 1977. Síðustu sex ár hefur Norðurorka einnig annast rekstur fráveitu á Akureyri. Frá aldamótum hafa veitur í Ólafsfirði, Hrísey, Hrafnagilshreppi (sem nú er hluti af Eyjafjarðarsveit) og á Svalbarðsströnd sameinast Norðurorku. Einnig byggði fyrirtækið upp Reykjaveitu í Fnjóskadal í samstarfi við Grýtubakkahrepp og Þingeyjarsveit. Höfuðstöðvar Norðurorku eru á Rangárvöllum á Akureyri.

Fyrirtækið er í eigu sex sveitarfélaga; Akureyrarbæjar, sem á rúmlega 98% hlutfjár, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar, Svalbarðsstrandarhrepps og Þingeyjarsveitar. Auk Akureyrar er þjónustusvæði Norðurorku Ólafsfjörður, Hrísey, Grímsey, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Þingeyjarsveit. Í sveitarfélögum utan Akureyrar er Norðurorka annað hvort eða bæði með hita- og vatnsveitu. Á Akureyri þjónustar fyrirtækið notendur hita- vatns-, raf- og fráveitu. Heimasíða Norðurorku: www.no.is

Rafveita

Norðurorka annast dreifingu rafmagns á Akureyri en dótturfyrirtækið Fallorka kaupir rafmagn og endurselur til notenda um allt land. Einnig framleiðir Fallorka rafmagn, samtals 6,5 megavött, í fjórum virkjunum, Glerárvirkjun I og II og Djúpadalsvirkjun I og II.

Hitaveita

Heitt vatn notenda á Akureyri, í Grýtubakkahreppi, Þingeyjarsveit, Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit kemur frá borholum á Syðra-Laugalandi, Ytri-Tjörnum, Hrafnagili og í Botni í Eyjafjarðarsveit, Glerárdal skammt ofan Akureyrar, Laugalandi á Þelamörk, Arnarnesi við Hjalteyri og Reykjum í Fnjóskadal. Í Ólafsfirði eru vinnsluholur á Garðsárdal og í Laugarengi og notendur í Hrísey fá heitt vatn úr borholu í eygni.

Vatnsveita

Kaldavatnslindir Akureyringa eru að stærstum hluta í Hlíðarfjalli en einnig nýtir Norðurorka kalt vatn frá Vöglum í Hörgárdal. Þriðju kaldvatnslindirnar eru í Vaðlaheiðargöngum en þær mun fyrirtækið nýta í framtíðinni. Auk vatnsveitu á Akureyri rekur Norðurorka vatnsveitu á Svalbarðsströnd, í Hrísey og að hluta í Hörgársveit og Eyjafjarðarsveit.

Fráveita

Í ársbyrjun 2014 tók Norðurorka yfir rekstur fráveitu Akureyrar sem áður var á hendi Akureyrarbæjar. Kerfið er viðamikil og tekur til heimila og fyrirtækja á Akureyri og þéttbýlisins



Metanbilar við afgreiðslustöð metans á Akureyri.



Hjalteyri. Lagning aðveituzæðar hitaveitu frá Hjalteyri til Akureyrar sumarið 2019.

norðan Lónsár, sem er hluti af Hörgársveit. Í viðhaldi og uppbyggingu fráveitukerfisins leggur Norðurorka áherslu á að mæta auknum kröfum um hreinsun skólps áður en því er dælt út í sjó og hefur ráðist í umfangsmiklar framkvæmdir þar að lútandi. Einnig rekur Norðurorka fráveitu í Grímsey.

Umhverfismál

Norðurorka lætur sig umhverfismál miklu skipta og það tekur til allra þátta í starfi fyrirtækisins. Hjá dótturfélaginu Vistorku ehf. er m.a. unnið að ýmsum lausnum er nýttast til að ná markmiðum um kolefnishlutlaust samfélag.

Óflokkaður úrgangur Norðurorku hefur minnkað ár frá ári á undanförunum árum og við endurnýjun á bílaflota fyrirtækisins hefur verið horft til metans og rafmagns sem orkugjafa. Metanið kemur frá gömlu sorphaugunum á Glerárdal en árið 2013 réðst Norðurorka í það verkefni að byggja hreinsistöð til að vinna metangas úr þeim. Þar með var dregið verulega úr því metangasi frá sorphaugunum sem annars hefði streymt út í andrúmsloftið.

Á árinu 2018 batt starfsemi Norðurorku um 3.100 tonn af koltvísyringi en losaði um 550 tonn frá starfsemi sinni. Drjúgur hluti bindingarinnar er föngun á gasinu frá sorphaugunum á Glerárdal en einnig er umtalsverð binding koltvísýrings á 54 hektara skógræktarsvæðum í eigu Norðurorku. Stærsta umhverfisverkefni Norðurorku á síðustu árum er bygging hreinsistöðvar fráveitu í Sandgerðisbót sem verður tekin í notkun á árinu 2020. Með tilkomu stöðvarinnar er öllu skólpi á Akureyri dælt í hreinsivirki hennar og því síðan veitt í 400 metra langa og 40 metra djúpa útrás út í sjó.

Gildi og mannauður

Gildi Norðurorku eru **virðing, fagmennska og traust**.

Í þessu felst að fyrirtækið ber virðingu fyrir náttúrunni og auðlindum hennar og vill sýna samfélagslega ábyrgð. Lögð er áhersla á öryggis- og gæðamál og að þjóna viðskiptavinum af fagmennsku og virðingu. Auk þess meginhlutverks Norðurorku að þjónusta heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni, neysluvatni og raforku ásamt rekstri fráveitu leggur fyrirtækið áherslu á þátttöku í ýmsum rannsókn- og nýsköpunarverkefnum sem hafa að leiðarljósi ábyrga orkunýtingu. Efnahagur Norðurorku er traustur. Eiginfjárlutfall móðurfélagsins er 67% og samstæðunnar 62%. Heildareignir móðurfélags Norðurorku er 18,3 milljarðar króna og samstæðunnar um 19,8 milljarðar. Sjöttíu ársverk eru hjá fyrirtækinu. Forstjóri er Helgi Jóhannesson.



Hreinsistöð fráveitu í byggingu.



Við Hellisheiðarvirkjun.



Nesjavallavirkjun.

Orka náttúrunnar



Berglind Rán Ólafsdóttir og Dr. Edda Sif Pind Aradóttir.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn á ábyrgan og umhverfsvænan hátt til allra landsmanna. Markmiðið ON er að gæta hagsmuna auðlinda landsins og viðskiptavina fyrirtækisins með sjálfbærni að leiðarljósi. Þar með styður fyrirtækið við nýsköpun, ábyrga nýtingu auðlindarinnar og flýtir fyrir orkuskiptum með minna vistspori, samfélaginu öllu til heilla.

ON og samfélagið 2020

Við hjá Orku náttúrunnar vinnum að þeim Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem snúa að starfsemi, við hlustum á fólk og segjum okkar skoðanir. Afraksturinn eru margskonar verkefni sem endurspeglar þá samfélagsábyrgð sem við viljum sýna. Hér höfum við tekið saman nokkur dæmi frá árinu 2020.

Ánægðustu viðskiptavinirnir

Af viðskiptavinum raforkusala á Íslandi eru þau sem kaupa af Orku náttúrunnar ánægðust. Þetta urðu niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar 2019, sem voru kynntar af Stjórnvísni snemma árs 2020. Það sama var raunar uppi á tengingum í janúar 2021, annað árið í röð og þriðja árið samtals. „Þetta er frábær árangur sem næst aldeilis ekki af sjálfu sér. Þetta er afrakstur mikillar vinnu okkar allra því til að ná svona árangri þarf öll keðjan að vera traust, allt frá auðlindarannsóknum yfir í framleiðslu og sölu á rafmagni og ekki síst samskiptin við alla okkar viðskiptavini og samstarfsfólk,“ segir Berglind Rán framkvæmdastýra Orku náttúrunnar um viðurkenninguna.

Hröð uppbygging hleðslustöðva


Rafvæðing samgangna er ekki bara góð fyrir umhverfið heldur ekki síður fyrir budduna. Á Covid-árinu 2020, þegar margir ferðuðust innanlands, var nýtingin á hleðsluneti ON, sem byggt hefur verið upp frá 2014, meiri en nokkru sinni. Í fyrsta sinn voru nýskráðir nýorkubílar fleiri en hefðbundnir. Þessum nýju þörfum þarf að sinna og þar er ON í fararbroddi. Á árinu 2020 setti ON upp fyrstu 150 kílóvatta hleðslustöðvarnar hér á landi en þær sinna einkum þörfum eigenda langdrægustu rafbíllanna.

„Gáfnaljós“

Þó Íslendingar séu allra þjóða ríkastir af rafmagni gefur það okkur ekkert leyfi til að sóa því. LED-ljósabúnaður þarf brot af þeirri orku sem hefðbundnar perur nota og það skiptir svo sannarlega máli þegar verið er að lýsa heilu borgirnar. Nýi búnaðurinn, sem er sem óðast að leysa þann eldri af hólmi, hefur líka þá kosti að fjarstýringar á honum og fjarvöktun hans verður auðveldari og svo er því líka betur stýrt hversu mikilli birtu er beint til jarðar og nákvæmlega hvert. ON rekur götulýsingu fyrir mörg sveitarfélög, Vegagerðina og líka lóðalýsingu fyrir nokkur fyrirtæki.



ON tekur við Ánægjuvöginni.



Jarðhitagarður.



Götuljósateymi ON sinnir viðhaldi á „gáfnaljósun.“

Góður gestur flytur heiminum fréttir

Við erum orðin vön því að ýmsir útlendingar falli í stafi yfir jarðhitanytingu Íslendinga. Hvernig þessi auðlind, sem öldum saman var táknmynd ógna náttúrunnar, varð einhver mesta blessun landsmanna með tilkomu hitaveitnanna. ON er stærsta jarðhitafyrirtæki landsins. Það er mikilvægt að fyrirtæki í þeirri stöðu leiði nýsköpun í jarðhitanytingu, sé í sífellu að leita nýrra leiða, nýta betur náttúrunnar gæði og endurnýta það sem til fellur. Carbfix-aðferðin, sem Orka náttúrunnar nýtir í Hellisheiðarvirkjun, hefur vakið heimathygli og sumarið 2020 kom stórleikarinn Zac Efron í heimsókn í virkjunina til að kynna sér hvernig koldíoxíði úr jarðgufunni er fargað með því að breyta því í stein. Afrakstur heimsóknarinnar nýtti Efron í fyrsta þátt nýrrar sjónvarpsþáttaraðar sem hann sér um, Down to Earth.

Förgun koldíoxíðs

ON hefur verið í fararbroddi í nýsköpun og þróun á sviði loftslags- og umhverfismála jarðgufuvirkjana undanfarinn áratug. Náð samstarf við Carbfix hefur þar verið lykilatriði. Á meðal verkefna sem þegar hafa skilað árangri eru; minnkun losunar koltvíoxíðs og brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun með bindingu þessara jarðhitalofttegunda í stein, undirbúningur að minni losun frá Nesjavallavirkjun og tímasetning kolefnishlutlausrar Hellisheiðarvirkjunar, samstarf við svissneska fyrirtækið Climeworks um hreinsun og bindingu koltvíoxíðs úr andrúmslofti á Hellisheiði. Risaskref voru stigin á árinu 2020 í loftslagsmálum þegar samið var við svissneska fyrirtækið Climeworks um að það nýtti innviði ON við Hellisheiðarvirkjun og þekkingu Carbfix til að breyta koldíoxíði fönguðu beint úr andrúmsloftinu í grjót. Auk þess hefur förgun alls koldíoxíðs sem kemur upp með gufunni sem nýtt er í virkjuninni verið tímasett. Fullhreinun frá Hellisheiði verður komin í gagnid fyrir árslok 2024.

Jarðhitagarður ON

ON lærðist af þróun Carbfix verkefnisins að mikilvægt er að geta prófað og þróað nýjar hugmyndir tengdar jarðhitanytingunni í nábyli við virkjun. Svo er frábært að geta byggt upp sannreyndar viðskiptahugmyndir á sama stað. Það er hugmyndin á bak við Jarðhitagarð ON við Hellisheiðarvirkjun í Ölfusi. Honum tilheyrir tilraunasvæði við virkjunarvegg og svo athafnasvæði steinsnar frá. Það fellur nefnilega ýmist nýtilegt til við orkuvinnsluna og aðföng má samnýta með henni. Á meðal þess sem eru hugmyndir um, er lofandi eða þegar gefið góða raun er; Kolefnisförgun. Kísiltaka úr jarðhitavökva í heilsuvörur. Vetnisvinnsla. Þörungaráekt. Kolefnisnám úr andrúmslofti til förgunar. Ylrækt. Bóð.

30 ára farsæl nýting

Haustið 2020 var frá því Nesjavallavirkjun var tekin í notkun. Reksturinn á Nesjavöllum hefur verið einkar farsæl og skipti bygging hennar sköpum fyrir viðgang hitaveitunnar á höfuðborgarsvæðinu. Árum saman sá hún höfuðborgarsvæðinu fyrir meira en helmingi alls þess heita vatns sem nýtt var til húshitunar, í sundlaugarnar og snjóbræðslukerfi suðvesturhornsins.



Zac Efron, leikari.



Götuljósín í Reykjavík.



Stjórn OV 2020-2021 ásamt Orkubússtjóra. Frá vinstri: Elsa Kristjánsdóttir ritari, Eiríkur Valdimarsson meðstjórnandi, Elías Jónatansson Orkubússtjóri, Illugi Gunnarsson stjórnarformaður, Friðbjörg Matthíasdóttir varaformaður stjórnar og Gísli Jón Kristjánsson meðstjórnandi. Ljós. Myndasafn OV.

Orkubú Vestfjarða



Elías Jónatansson Orkubússtjóri frá 2016. Ljós. Myndasafn OV.

Aðdragandi að stofnun Orkubús Vestfjarða

Fyrsta vatnsaflsstöðin á Vestfjörðum var reist á Geirseyri við Patreksfjörð árið 1911 þegar Jóhannes J. Reykdal trúsmiður setti þar upp rafstöð fyrir Pétur A. Ólafsson útgerðarmann. Bílddælingar fengu rafstöð 1918 og flest önnur byggðarlög á Vestfjörðum voru komin með eitthvert rafmagn um og eftir 1920. Vestfirðingar áttuðu sig snemma á mikilvægi þess að efla raforkuframleiðslu og fóru fljótlega að ræða samstarf um raforkuöflun í fallvötnum fyrir botni Arnarfjarðar. Á næstu árum var lagt talsvert fjármagn í rannsóknir og undirbúningsvinnu vegna mögulegra virkjanaframkvæmda en það var þó ekki fyrr en 1954 að málið komst á skrið fyrir alvöru þegar þingmenn Vestfjarða lögðu fram frumvarp til laga um allt að 7000 hestafla raforkuver í Arnarfirði við Dynjandís á er skyldi þjóna öllum Vestfjörðum. Var frumvarpið samþykkt sem lög 8. apríl 1954 en niðurstaðan varð sú að virkja í Mjólka og var Mjólkárverkjun gangsett í lok júlí 1958, 2400 kW að stærð. Tillaga um stofnun Orkubús Vestfjarða var fyrst lögð fram á aukabingi Fjórðungssambands Vestfirðinga í júní 1975. Þar var gert ráð fyrir að Orkubú Vestfjarða yrði sjálfseignarstofnun með sérstakan fjárhag, reikningshald og réttarstöðu. Í framhaldinu skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að vinna að málinu og skilaði hún tillögum í lok mars 1976. Var þar annars vegar um að ræða tillögu að frumvarpi til laga um Orkubú Vestfjarða og hins vegar tillögur um framkvæmdir í orkumálum ásamt ítarlegri úttekt. Var frumvarpið samþykkt og afgreitt sem lög frá Alþingi 18. maí 1976. Í lögum var kveðið á um að ríkissjóður og sveitarfélög á Vestfjörðum stofnuðu orkufyrirtæki er nefndist Orkubú Vestfjarða þar sem eignarhlutur ríkisins væri 40% og eignarhlutur sveitarfélaganna 60%. Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum skyldu afhenda Orkubúinu til eignar sem stofnframlag öll mannvirki og dreifikerfi sín á Vestfjörðum.

Stofnfundur og fyrsta stjórnin

Stofnfundur Orkubús Vestfjarða haldinn á Ísafirði 26. ágúst 1977. Í fyrstu stjórn fyrirtækisins sátu Guðmundur H. Ingólfsson, formaður, Jóhann T. Bjarnason, varaformaður, Össur Guðbjartsson, ritari, Engilbert Ingvarsson, meðstjórnandi og Ólafur Kristjánsson, vararitari. Fyrirtækið tók formlega til starfa 1. janúar 1978 og fljótlega var Kristján Haraldsson verkfræðingur ráðinn í starf framkvæmdastjóra. Setja þurfti fyrirtækinu reglugerð, vinna skipurit, samræma gjaldskrár, samræma störf og skapa hinu nýstofnaða fyrirtæki starfsaðstöðu. Var það í fyrstu með skrifstofuaðstöðu í Hafnarstræti 7 á Ísafirði en flutti í nýtt húsnæði á Stakkanesi sumarið 1980. Hafist var handa við framkvæmdaáætlun með áherslu á byggingu Vesturlínu til að tengja Vestfirði aðalorkuflutningskerfi landsins, einnig uppbyggingu öflugs dreifikerfis og fjarvarmaveitna. Frá árinu 2002 hefur Orkubú Vestfjarða ohf. verið að fullu í eigu ríkisins.



Fyrsta stjórn Orkubús Vestfjarða. Frá vinstri: Engilbert Ingvarsson meðstjórnandi, Össur Guðbjartsson ritari, Guðmundur H. Ingólfsson formaður, Jóhann T. Bjarnason varaformaður og Ólafur Kristjánsson vararitari. Ljós. Leó Jóhannsson / Ljósmyndasafnið Ísafirði.



Framkvæmdastjórn OV. Frá vinstri: Elías Jónatansson Orkubússtjóri, Bjarni Sólbergsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Sölvi R. Sólbergsson framkvæmdastjóri orkusviðs og Halldór V. Magnússon framkvæmdastjóri veitusviðs. Á myndina vantar Ragnar Emilsson deildarstjóra eftirlitsdeildar. / Ljós. Myndasafn OV.

Framhald á næstu opnu →

Núverandi stjórn, stjórnendur

Núverandi stjórn Orkubús Vestfjarða skipa þau Illugi Gunnarsson, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, varaformaður, Elsa Kristjánsdóttir, ritari, Gísli Jón Kristjánsson og Eiríkur Valdimarsson.

Starfsfólk

Starfsmenn Orkubúsins eru í dag rúmlega 60 talsins. Starfsemin nær til allra Vestfjarða og hefur Orkubúið megin starfsstöðvar á Ísafirði, Hólmavík og á Patreksfirði, en starfsmenn eru einnig staðsettir á fleiri þéttbýlisstöðum innan Vestfjarða. Aðalskrifstofur Orkubúsins eru á Stakkanesi 1 á Ísafirði. Í skipuriti er starfseminni skipt upp í þrjú svið auk eftirlitsdeildar. Orkubússtjóri er Elías Jónatansson, en aðrir helstu stjórnendur eru Bjarni Sólbergsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Halldór V. Magnússon, framkvæmdastjóri veitusviðs, Sölvi R. Sólbergsson, framkvæmdastjóri orkusviðs og Ragnar Emilsson, ábyrgðarmaður rafveitu og deildarstjóri eftirlitsdeildar.

Starfsemin

Frá upphafi hefur tilgangur félagsins verið að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi, stunda virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir og tilheyrandi rekstur. Orkubú Vestfjarða hefur sérleyfi til reksturs dreifiveitu á Vestfjörðum. Þar sem fjöldi íbúa á dreifiveitusvæðinu er innan við 10.000 er veitunni jafnframt heimilt að stunda aðra starfsemi, s.s. að byggja og reka orkuver.

Orkuöflun og sala

Orkubú Vestfjarða á og rekur 8 virkjanir sem eru mjög mismunandi að stærð. Ef horft er út frá framleiðslu þá framleiðir minnsta virkjunin einungis 0,5% af framleiðslu þeirrar stærstu. Mjólkár virkjun sem samanstendur af Mjólka 1, 2 og 3 er með 11,2 MW ástimplað afl og framleiddi 73,5 GWst á árinu 2020, næst kemur Þverárvirkjun með 2,2 MW afl og 7,3 GWst ársframleiðslu, þá koma Fossárvirkjun með 1,2 MW afl og 6 GWst ársframleiðslu og Tungudalsvirkjun með 5 GWst ársframleiðslu. Smærri virkjanirnar, Reiðhjallavirkjun, Nónvirkjun, Blævardalsvirkjun og Mýrárvirkjun eru samtals með 1,4 MW afl og 5,3 GWst framleiðslu á ári. Orkuöflun Orkubúsins á árinu 2020 var samtals 275,2 GWst. Þar af 171 GWst vegna raforkusölu. Eigin vinnsla Orkubúsins vegna raforkusölu var 98 GWst eða 57%. Orkuöflun vegna hitaveitusölu var 103 GWst, þar af var eigin framleiðsla 19 GWst í formi jarðvarma á Reykhólum og í Súgandafirði eða 18,7% en stærstur hluti orkunnar, 87 GWst, var keyptur í formi skerðanlegrar raforku frá Landsvirkjun, til hitunar á vatni í rafkötlum sem staðsettir eru í Bolungarvík, á Ísafirði, Súgandafirði, Flateyri og Patreksfirði, eða 81,3%.



Illugi Gunnarsson stjórnarformaður frá 2018. Ljós. Myndasafn OV.



Starfsmenn OV við sæstrengslögn. / Ljósmyndasafn OV.



Afhending viðurkenninga. / Ljósmyndasafn OV.

Afhendingaröryggið

Gott raforkuöryggi á Vestfjörðum byggist í dag á því að stór hluti dreifikerfisins er kominn í jörðu. Helmingur orkunnar sem notuð er á Vestfjörðum er fluttur þangað um megin flutningskerfi raforku í eigu Landsnets. Þar sem einungis er um eina flutningsleið að ræða þá er varaafli tryggt innan svæðisins með öflugum varaafslvélum í eigu Landsnets og Orkubúsins. Þannig er uppsett varaafli í dísilvélum meira en 100% af heildaraflþörf vegna afhendingar forgangorku, en einnig er 100% varaafli fyrir rafkatla fjarvarmaveitnanna í formi olíukatla með sömu afkastagetu. Í áratugi hefur verið mikil umræða um aukningu raforkuöryggis á Vestfjörðum. Með stofnun Orkubúsins ásamt lagningu Vesturlínu og uppbyggingu fjarvarmaveitna sem kyntar voru með raforku voru tekin mikil framfaraskref fyrir rúmum 40 árum. Nú hefur stefnan verið sett á aukið öryggi flutningskerfisins, með tvöfaldri (N-1) tengingu á afhendingarstöðum Landsnets í meginflutningskerfi raforku. Þótt útfærslan á Vestfjörðum liggja ekki fyrir í smáatriðum á þessum tímapunkti, þá er stefnumörkunin afar mikilvæg fyrir Vestfirðinga.

Veitustarfsemin - jarðstrengjavæðing

Sérlyfi Orkubúsins til raforkudreifingar nær til allra Vestfjarða. Við stofnun fyrirtækisins var mikil áskorun fólgin í því að tengja saman fjölda sjálfstæðra rafveitna á Vestfjörðum, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu orðsins auk þess að tryggja næga orkuöflun fyrir atvinnustarfsemi og heimili í þéttbýli og dreifbýli. Mörg tækifæri eru á Vestfjörðum til aukinnar orkuöflunar, en nýting þeirra myndi efla afhendingaröryggið á svæðinu til muna. Stærstu truflanir í raforkukerfinu á Vestfjörðum eru yfirleitt vegna óveðurs. Með aukinni orkuframleiðslu í samræmi við eftirspurnina skapast mikil tækifæri til jarðstrengjavæðingar, sérstaklega á hærri spennustigum, sem annars er miklum takmörkunum háð. Mikil áhersla hefur verið á þrífösun dreifikerfisins í dreifbýli á undanförunum árum. Lagðir hafa verið strengir í jörð allt frá Hrutafjarðarbotni til Hólmaavíkur. Ísafjarðardjúp hefur verið jarðstrengjavætt að stærstum hluta auk þess sem búið er jarðstrengjavæða frá Patreksfirði um Barðaströnd, allt í Flókalund. Þá er búið að leggja mikið af jarðstrengjum í Öfundarfirði og Dýrafirði og er m.a. búið að tengja jarðstreng um Dýrafjarðargöng frá Mjólkárirkjun að Þingeyri. Í mörgum tilfellum hefur Orkubúið átt gott samstarf við aðila sem eru að leggja ljósleiðara sem báðir hafa haft hag af. Þar má nefna sveitarfélög á Vestfjörðum, Neyðarlínuna og Mílu sem dæmi auk þess sem stjórnvöld hafa komið með sérstök fjárframlög í það verkefni. Enn er mikið verk fyrir höndum við þrífösun dreifikerfisins, en þar má nefna þrífösun í Árneshrepp og í Vestur-Barðastrandarsýslu, sunnan Patreksfjarðar auk Gufudalssveitar.

Orkuskiptin rafbílavæðing og nýsköpun

Orkubúið hefur komið upp hraðhleðslustöðvum víða á Vestfjörðum og mun fjölga þeim á árinu 2022. Þá hefur einnig verið komið minni hleðslustöðvum og ljóst er að því verkefni verður haldið áfram. Orkubúið lítur á það sem hlutverk sitt að taka þátt í orkuskiptum á Vestfjörðum með þessum hætti í samræmi við stefnu stjórnvalda. Kolefnisspor fyrirtækisins hefur verið reiknað og núna er unnið að markmiðssetningu varðandi kolefnisjöfnun starfseminnar og tímasettri áætlun um áfanga.

Orkubúið er stofnaðili að Bláma, ásamt Landsvirkjun og Vestfjarðastofu. Blámi er nýtt samstarfsverkefni á Vestfjörðum sem snýr að nýsköpun og þróun tækifæra í vetni, orkuskiptum og grænni verðmætasköpun tengdri starfsemi á Vestfjörðum. Verkefninu er ætlað að styðja við orkuskipti, t.d. í skipum og bátum og flutningum, skapa vettvang fyrir alþjóðleg tilrauna- og þróunarverkefni á sviði orkuskipta og starfa með fyrirtækjum og frumkvöðlum á svæðinu auk þess að eiga samstarf við háskóla, rannsóknastofnarnir og atvinnulíf.

Orkuöflun

Stöðugt er unnið að könnun á nýjum kostum til orkuöflunar. Orkubúið hefur kannað orkukosti víða á Vestfjörðum sem eru frá því að vera innan við 1 MW og upp í það að vera um og yfir 20 MW. Sýnt hefur verið fram á að efling orkuvinnslu innan Vestfjarða er einn mikilvægasti þátturinn í að auka afhendingaröryggið auk þess sem aukin orkuöflun skapar mörg ný tækifæri til atvinnusköpunar. Stöðugt er unnið að orkurannsóknnum vegna nýrra virkjunarkosta á Vestfjörðum ásamt rekstri orkuvera. Fyrirtækið hefur aflað rannsóknarleyfa og unnið



Vinnuflokkur. / Ljósmyndasafn OV.



Starfsmannagleði. / Ljósmyndasafn OV.

að athugunum á ýmsum virkjunarkostum, sem ávallt eru bornir saman við kaup raforku á markaði. Líkur eru á að virkjanakostir á Vestfjörðum séu nú að verða samkeppnisfærari við aðra kosti sem bjóðast á Íslandi.

Jarðvarmi

Orkubúið hefur verið virkt í jarðhitaleit á Vestfjörðum. Á allra síðustu árum hefur verið unnin ný áætlun um jarðhitaleit við alla helstu þéttbýlisstaði á Vestfjörðum. Þegar hefur verið leitað að jarðhita í Bolungarvík og á Flateyri, en leitin var án árangurs. Í Súgandafirði gegnir öðru máli. Þar var ákveðið að bora viðbótar vinnsluholu í jarðhitasvæðið að Laugum að aflokknum rannsóknnum. Borunin heppnaðist vel og reikna má með að nýja holan skili nægu heitu vatni fyrir íbúa í Súgandafirði auk þess sem nægt vatn verður til fyrir sundlaug og núverandi iðnaðarstarfsemi. Þá er borð fyrir báru fyrir talsverða fjölgun íbúa og/eða talsverða aukningu í iðnaðarstarfsemi sem nýtir sér heitt vatn. Á þeim stöðum þar sem jarðhitinn er þegar nýttur er stefnt að fjölnýtingu hans í meira mæli en nú er. Fullheitt vatn er þá notað til húshitunar og iðnaðar, en affallsvatnið notað í starfsemi sem nýtt getur vatn á lægra hitastigi.

Framtíðarsýn

Einstakt tækifæri er fyrir Ísland að verða sjálfbært í orkuöflun með því að verða virkur þátttakandi í orkuskiptum. Nýting innlendra auðlinda til framleiðslu á grænni orku í góðri sátt við náttúruna er eitt mikilvægasta verkefni orkufyrirtækjanna í landinu um leið og landsmönnum er tryggt aðgengi að orku á hagstæðu verði. Orkubú Vestfjarða vill gjarnan taka þátt í þeirri vegferð og leggja sitt af mörkum til að Vestfirðir verði sjálfum sér nógir hvað orkuöflun varðar.



Afhending starfsaldursviðurkenninga. / Ljósmyndasafn OV.



Starfsmenn OV við rafmagnslögn. / Ljósmyndasafn OV.



Afhending starfsaldursviðurkenninga. / Ljósmyndasafn OV.



Plægning á Steingrímsfjarðarheiði. / Ljósmyndasafn OV.

Vestmannaeyjabær og Vestmannaeyjahöfn fengu Græna ljósið frá Orkusölnni, Halla Marinósdóttir frá Orkusölnni og Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri við undirritun.



Orkusalan



Magnús Kristjánsson, framkvæmdastjóri.

Orkusalan ehf. hóf formlega starfsemi sína 1. febrúar 2007. Orkusalan er dótturfyrirtæki RARIK og er tilgangur fyrirtækisins fyrst og fremst að framleiða, kaupa og selja rafmagn til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana um land allt. Orkusalan býður rafmagn á samkeppnishæfu verði og hefur verið leiðandi þar í mörg ár. Fyrirtækið leggur ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð í öllu sínu starfi og vill með því hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild.

Hjá fyrirtækinu starfa 25 manns og eru höfuðstöðvar í Reykjavík en einnig eru skrifstofur á Akureyri og Egilsstöðum.

Virkjanir

Virkjanir í eigu Orkusölnnar eru 6 talsins og er uppsett afl þeirra 37 MW.

Búðarárvirkjun er staðsett í Reyðarfirði og var gangsett árið 1930.

Grímsárvirkjun er í Grímsá á Völlum ofan við Grímsárfoss. Virkjunin hefur verið í rekstri síðan í júní 1958 og er uppsett afl hennar 2,8 MW.

Lagarfossvirkjun er í Lagarflijóti á Fljótsdalshéraði. Fyrri hluti Lagarfossvirkjunar var vígður í september 1975 en seinni hluti virkjunarinnar haustið 2007. Uppsett afl virkjunarinnar er 27,2 MW og er hún stærsta virkjunin í eigu Orkusölnnar.

Rjúkandavirkjun er staðsett skammt ofan fossins Rjúkanda í Fossá ofan Ólafsvíkur. Virkjunin tók til starfa 1954 og er uppsett afl hennar 1,8 MW.

Skeiðsfossvirkjun er í Austur-Fljótum í Skagafirði. Fyrri hluti virkjunarinnar var tekinn í notkun vorið 1945 en seinni hluti hennar haustið 1976. Uppsett afl virkjunarinnar er 5,1 MW.

Smyrlabjargaárvirkjun stendur nálægt bænum Smyrlabjörgum í Suðursveit. Virkjunin var tekin í notkun haustið 1969 og er uppsett afl hennar 1,0 MW.

Grænt ljós

Viðskiptavinir Orkusölnnar geta fengið Grænt ljós til staðfestingar á því að allt rafmagn sem þeir nota sé 100% endurnýjanleg raforka, með upprunaábyrgðum samkvæmt alþjóðlegum staðli. Krafan um upprunavottorð er mikil og því er Græna ljósið skemmtileg leið til að hjálpa viðskiptavinum að ná sínum umhverfismarkmiðum. Frá því að Orkusalan gaf fyrsta Græna ljósið árið 2016 hafa fjölmörg fyrirtæki fengið afhent Græna ljósið. Grænt ljós felur í sér tækifæri til aðgreiningar á markaði þar sem græn vottun gegnir lykilhlutverki.

Kolefnisjöfnun

Orkusalan er fyrsta og eina orkufyrirtækið á almennum markaði sem kolefnisjafnar eigin framleiðslu raforku og því er kolefnisspor raforkunnar með tilliti til bindingar ekkert.

Orkusalan hefur í samstarfi við Eflu verkfræðistofu haldið utan um þá losun sem við kemur starfsemi fyrirtækisins. Allur rekstur Orkusölnnar hefur frá upphafi verið kolefnisjafnaður með eigin skógrækt, en þar má telja akstur og flugferðir starfsmanna innan- og utanlands



Grímsárvirkjun.

Framhald á næstu opnu →



grænt ljós
orkusölnunnar



Græn upplýst hús í Reykjavík.



ásamt daglegum rekstri virkjana og skrifstofa.

Frá því að Orkusalan var stofnuð hefur fyrirtækið ræktað skóg við Skeiðsfossvirkjun. Stærð skógræktarsvæðisins er 65 hektarar og þekur skógur Orkusölnunnar 19 hektara og bindur 122 tonn CO₂ á ári. **Skógurinn bindur því um þrefalt magn þeirra losunar gróðurhúsalofttegunda sem fylgir rekstri fyrirtækisins.** Orkusalan mun halda áfram að rækta skóginn á næstu árum og auka nýtingu skógræktarsvæðisins.

Vinnsla á raforku

Þrátt fyrir að Orkusalan geti kolefnisjafnað rekstur fyrirtækisins með eigin skógrækt þá var einnig ákveðið að kolefnisjafna alla framleiðslu frá eigin virkjunum. Vinnsla á rafmagni veldur mismikilli losun en öll okkar framleiðsla kemur frá vatnsaflsvirkjunum sem eru með losun í lágmarki miðað við aðrar vinnsluáðferðir. Losun frá eigin vinnslu árið 2019 var 504 tonn CO₂. Þar sem skógurinn okkar bindur alla losun sem hlýst af rekstri Orkusölnunnar og umfram það, þá nýtum við þá umfram bindingu til að jafna hluta af eigin vinnslu. Sú losun sem eftir stóð árið 2019 var jöfnuð í samstarfi við Kolvið. Orkusalan fylgir lögum og reglugerðum í umhverfismálum og gengur lengra þegar það á við. Orkusalan hefur innleitt umhverfisstjórnun og skuldbundið sig til að vinna að stöðugum umbótum í umhverfismálum.

Framtíðin er rafmögnuð

Orkusalan hefur alla tíð lagt mikinn metnað í markaðsstarf fyrirtækisins og hafa auglýsingar Orkusölnunnar oft vakið verðskulda athygli. Þá fékk fyrirtækið íslensku auglýsingaverðlaunin í flokknum umhverfisauglýsing fyrir „Stoppustuð Orkusölnunnar upphitun ljósasýning“. Biðskýlið Stoppustuð fór ekki framhjá þeim sem óku Hringbrautina en blikkandi ljós blöstu við ökumönnum.

Einnig var heimasíða Orkusölnunnar valinn besti íslenski vefurinn á íslensku vefverðlauninum. Vefurinn fékk einnig verðlaun fyrir útlit og viðmót og sem besti sölu- og kynningarvefur fyrirtækis með færri en 50 starfsmenn en Orkusalan hefur lagt mikla áherslu á markaðssetningu og þjónustu við viðskiptavinum í gegnum netið.

Orkuskipti

Orkusalan hefur styrkt ýmis samfélagsleg málefni á landinu öllu. Fyrirtækið gaf til að mynda öllum sveitarfélögum landsins Stoppustuð hleðslustöðvar árið 2016 til að styðja við uppbyggingu innviða í orkuskiptum hér á landi. Ísland er í lykilstöðu til að leiða rafbílavæðingu heimsins og vill Orkusalan leggja sitt af mörkum með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi.


Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á vefsíðunni orkusalan.is



Lagarfossvirkjun.

Orkusalan, stuð.





Framkvæmdastjóri og stjórn OH eins og hún er samsett á þessum tímapunkti. Frá vinstri: Guðmundur Halldór Halldórsson, stjórnarmaður, Síurgeir Höskuldsson, stjórnarformaður, Gunnar Hrafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri og Bergur Elías Ágústsson, varaformaður stjórnar.

Orkuveita Húsavíkur



Búðará veitt inn í Fiskiföru á Húsavík.

Tilgangur Orkuveitu Húsavíkur ohf. er að auka búsetugæði á svæðinu með starfsemi sinni. Orkuveita Húsavíkur (OH) er opinbert hlutfélag í eigu sveitarfélagsins Norðurlþings. Fyrirtækið er veitufyrirtæki og er markmið þess að hámarka afrakstur þeirra auðlinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir með skynsamlegri nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni fyrir eigendur og notendur að leiðarljósi.

Rafveita Húsavíkur

Umræður um möguleika á raforkuframleiðslu til raflýsingar á Húsavík hófust að líkindum í febrúar árið 1899. Framkvæmdir í tengslum við verkefnið hófust þó ekki fyrr en mörgum árum síðar, eða á vormánuðum 1916 þegar hafist var handa við að virkja Búðará og reisa 50 kW rafstöð sem valinn var staður undir Stangarbakka, rétt sunnan Árgils. Áætlað var að stöðin yrði tekin í notkun haustið 2017, en fjárfest hafði verið í vélbúnaði frá Danmörku og Noregi, til uppsetningar í stöðinni. Í september 1917 var hafist handa við gangsetningu og álagsprófanir eins og gert hafði verið ráð fyrir, en við prófanir kom í ljós bilun í rafala og var því brugðið á það ráð að senda hann til Kaupmannahafnar til viðgerðar. Viðgerðin átti ekki að taka langan tíma, en gerðu menn þó ráð fyrir að rafmagnslaust yrði á Húsavík fyrstu vikur vetrar vegna þessarar uppákomu. Engan grunaði hins vegar að veturinn yrði einn sá harðasti í manna minnum, enda oft kallaður frostaveturinn mikli og reyndist ómögulegt að koma rafalanum norður til Húsavíkur þann veturinn. Sumarið 1918 skilaði rafallinn sér loks til Húsavíkur eftir viðgerð, en reyndist þá vera svo mettaður af raka að nauðsynlegt var að rífa hann og þurrka áður en hægt var að taka hann í notkun. Ekki eru til öruggar heimildir um það hvenær rafstöðin á Húsavík var tekin í notkun, en líkur eru taldar á að það hafi verið í september 1918. Rafveitunefnd var formlega kosin í ágúst 1919, en með tilkomu hennar verður til Rafveita Húsavíkur, sjálfstætt starfandi fyrirtæki í eigu Húsavíkurhrepps.

Vatnsveita Húsavíkur

Lengi framan af voru þeir fjölmörgu lækir sem runnu í gegnum þorpið, nýttir til vatnstöku en síðar voru grafnir brunnar á völdum stöðum í bænum í sama tilgangi. Fyrstu umræður um vatnsveitu á Húsavík munu hafa farið fram árið 1923 eftir að taugaveikifaraldur hafði ítrekað komið upp í þorpinu sem talið var að rekja mætti til neysluvatns, og valdið langvinnnum sjúkdómslegum og dauðsföllum. Árið 1925 var svo samþykkt að ráðast í gerð vatnsveitu á Húsavík. Vatn til veitunnar var tekið úr Sprænugili ofan við Skógargerði og tók hún til starfa síðsumars 1926, en stofnkostnaður veitunnar var rétt um 50.000 krónur. Árið 1947 var ráðist í stækkun vatnsveitunnar með virkjun vatnsbóls í Uppsprettagili sem tengt var eldra kerfi, en neysluvatnskerfið hefur svo verið stækkað og útfært samhliða stækkun bæjarins.

Hitaveita Húsavíkur

Hugmyndir um virkjun jarðhita til húshitunar á Húsavík fóru á flug fyrir alvöru í kringum 1930. Tilraunaboranir í nágrenni Traðargerðis árið 1943 skiluðu litlum sem engum árangri



Ástandsskoðun vatnsbóls fyrir Raufarhöfn.



Prufudæling að Sjóböðum á Húsavík.

og svipaða sögu má segja um boranir á fimm holum á Húsavíkurhöfða á árunum 1961-66. Talsvert vatnsmagn fékkst að vísu úr þeim holum sem boraðar voru á Höfða, en í þeim holum þar sem hitastig var ásættanlegt, var það svo salt- og klórmengað að ekki var mögulegt að nýta það til hitaveitu án varmaskipta. Vatnið þótti þrátt fyrir það mjög merkilegt fyrir þær sakir að aldursgreining leiddi í ljós að um 10.000 ár voru síðan það féll til jarðar sem regn. Hitaveitufélag Húsavíkur var stofnað 1958, en tilgangur þess var að vinna að framgangi hitaveitu frá Hveravöllum til Húsavíkur og var Verkfræðistofan Fjarhitun hf. fengin til þess að vera Húsavíkingum innan handar í hitaveitumálum. Verkefnið við virkjun jarðhita á Hveravöllum hófst svo veturinn 1969-70 með undirbúningi vegna lagningar rúmlega 18 km asbestlagnar, 250 mm að þvermáli frá Hveravöllum til Húsavíkur.

Orkuveita Húsavíkur

Hitaveita Húsavíkur var sameinuð Vatnsveitu Húsavíkur árið 1982. Rafveita Húsavíkur rann svo þar undir árið 1983, en samhliða þeirri sameiningu var sett var á laggirnar embætti veitustjóra til þess að sinna rekstri þessara þriggja veitna á Húsavík. Það er svo ekki fyrr en árið 1996 að sameiningarskref veitukertrar á Húsavík er stigið til fulls þegar Orkuveita Húsavíkur hf. verður til og rekstur þessara þriggja veitna færir undir eina kennitölu og með sameiginlegan ársreikning. Orkustöð Orkuveitu Húsavíkur að Hrismóum 1 var tekin í notkun árið 2000, en þar var með svokallaðri Kalina-tækni framleidd raforka úr 120°C heitu vatni frá Hveravöllum. Uppsett afl stöðvarinnar var um 1,7 MW og annaði stöðin um 70% af raforkuþörf Húsavíkur. Raforkuframléiðslu í stöðinni var hins vegar hætt árið 2008 vegna tæknilegra örðuleika. Nú er í gangi verkefni á vegum félagsins, þar sem verið er að kanna möguleikann á því að endurvekja framleiðslu raforku úr lágvarma í stöðinni.

Árið 2005 er rekstrarformi Orkuveitu Húsavíkur hf. breytt í einkahlutafélag (ehf.), en árið 2012 er félagið gert að opinberu hlutafélagi (ohf.) ásamt því að fráveitur sveitarfélagsins eru færðar undir rekstur OH. Orkuveita Húsavíkur ohf. hefur frá upphafi haft að leiðarljósi nýtingu jarðhita og annarra auðlinda til hagsbóta fyrir íbúa á starfssvæði sínu. Í samstarfi við Norðurorku hf. var árið 1998 ráðist í rannsóknir jarðhita á Þeistareykjum með nýtingu svæðisins til orkuöflunar að markmiði. Í dag fer þar fram 90 MW raforkuframléiðsla sem að hluta er nýtt til iðnaðarsvæðis á Bakka við Húsavík, en Landsvirkjun keypti hlut OH í Þeistareykjum ehf. áður en ráðist var í virkjun svæðisins. Orkuveita Húsavíkur ohf. er hluthafi í Hrafnabjargavirkjun hf, sem er samstarfsverkefni um nýtingu vatnsafls í Skjálfandafljóti. Einnig er félagið hluthafi í Íslenskri Orku ehf. þar sem markmiðin eru orkuöflun og orkunýting í Öxarfirði og stofnaðili EIMS, verkefni um sjálfbæra og skynsamlega nýtingu orkuauðlinda á NA-landi. OH á einnig og rekur borholur og veitukerfi sem nýtt eru til reksturs sjóbaða á Höfða á Húsavík ásamt því að vera hluthafi í Sjóböðum ehf.

Starfsmannafjöldi OH telur í dag fimm starfsmenn, tveir á skrifstofum félagsins sem sinna framkvæmdastjórn og bókhaldi, en þrír sem sinna viðhaldi og nýframkvæmdum.



Stíflulósun í fráveitukerfi á Húsavík.



Hér segir Edda Sif framkvæmdastýra Carbfix Friðriki krónprinsi Dana og Jeppe Kofod utanríkisráðherra frá kolefnisförgun við Hellisheiðarvirkjun.

Orkuveita Reykjavíkur



Orkuveita Reykjavíkur er í raun ungt fyrirtæki sem var stofnað árið 1999 þegar Hitaveita Reykjavíkur og Rafmagnsveita Reykjavíkur voru sameinaðar. Sagan spannar þó rúma heila öld ef allt er tekið með í reikninginn. Vatnsveitan var stofnuð árið 1909 þegar Gvendarbrunnar voru teknir í notkun en hún sameinaðist OR árið 2000. Í dag er Reykjavíkurborg með langstærstan eignarhlut eða 94%, Akraneskaupstaður 5% og Borgarbyggð 1%. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur er Bjarni Bjarnason.

Sagan

Rafstöðin við Elliðaár var tekin í notkun árið 1921 en hún markaði upphaf Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Stofnun Hitaveitunnar er mörkuð af þeim tímamótum haustið 1930 þegar heitu vatni úr Þvottalaugunum í Laugardal var veitt í Austurbæjarskólann og nokkur hús þar í kring. Árið 1933 var farið að kanna með að nýta heitavatsuppsprettur við Reyki í Mosfellsdal með góðum árangri og árið 1937 var búið að leggja heitt vatn í tæplega sextíu hús. Jafnt og þétt byggðist upp rafmagns- og hitaveita fyrir Reykjavík og nágrenni og hefur sú þróun haldið áfram til dagsins í dag.

Undir lok áttunda áratugar síðustu aldar var komin hitaveita í nánast öll hús. Jarðhitasvæðin á Reykjum og í Reykjadal voru aðal heitavatsnslind Hitaveitunnar allt fram til ársins 1990 þegar Nesjavallavirkjun tók til starfa.

Ekki verður komist hjá því að nefna Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til sögunnar en upphaf hennar má rekja aftur til ársins 1977 þegar farið var að rannsaka hitasvæði í Borgarfirði. Sú rannsókn leiddi til þess að það þótti vænlegt að nýta hitann frá Deildartunguhver í Reykholtssdal sem er sá vatnsmesti á Íslandi og í allri Evrópu. Fljótlega var hafist handa við að hitaveituvæða Akranes og Borgarbyggð. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar var stofnuð á Hvanneyri árið 1979 en er nú hluti af OR eins og áður hefur komið fram.

Ýmsar hreyfingar urðu um aldamótin 2000 en um það leyti tók OR við rekstri hitaveitu Þorlákshafnar og 2001-2002 bættust hitaveita Akraness og Borgarfjarðar við auk hitaveitunnari á Bifröst. 2004 sameinuðust hitaveita Hveragerðis og Ölfusveita OR og svo 2006 tók Orkuveita Reykjavíkur við uppbyggingu og rekstri fráveitnanna í Reykjavík, á Akranesi, í Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit.

En það var ekki bara rafmagnið og heita vatnið sem OR var að miðla heldur tók fyrirtækið við að dreifa kalda vatninu sífellt víðar og rekur nú vatnsveitur víða um landið sunnan- og vestanvert og sömuleiðis fráveitustöðvar í sex byggðalögum. Miklar umbætur hafa orðið í fráveitumálum á umliðnum árum sem svarar kröfum nýrra tíma í umhverfismálum; ekki bara í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum heldur á landinu öllu. Árið 2005 er svo Gagnaveita Reykjavíkur stofnuð með það verkefni að reka ljósleiðara en henni var breytt í sjálfstætt hlutafélag árið 2007 og fékk árið 2021 heitið Ljósleiðarinn.



Framhald á næstu opnu →

Dótturfélög

Fyrsti áfangi hitaveitu frá Hellisheiðarvirkjun við Hengilinn var tekinn í notkun í lok árs 2010. Samkvæmt lagaboði árið 2012 var OR skipt upp og urðu þá til ný dótturfélög, sem tóku til starfa í ársbyrjun 2014. Þau eru Veitur ohf sem sér um uppbyggingu og rekstur veitukerfanna fyrir rafmagn, heitt vatn, kalt vatn og skólp, Orka náttúrunnar ohf. sem hefur á sinni hendi jarðvarmavirkjanir á Hellisheiði og Nesjavöllum ásamt vatnsaflsvirkjun við Andakilsá og hefur verið í forystu orkuskipta í samgöngum í landinu og Ljósleiðarinn ehf. sem byggir upp og rekur háhraða-gagnaflutningakerfi fyrir heimili, fyrirtæki, stofnanir og fjarskiptafyrirtæki. Nýjasta dótturfélag OR, Carbfix ohf. tók til starfa í ársbyrjun 2020 en markmið þess er að fást við kolefnisföngun og förgun til að stemma stigu við þeirri loftslagsvá sem steðjar að mannkyninu.





Aðsetur

Höfuðstöðvar OR eru að Bæjarhálsi 1 en þangað flutti fyrirtækið árið 2003 í nýtt hús sem var byggt samkvæmt verðlaunateikningu í samkeppni um hönnun sem OR stóð fyrir á sínum tíma. Það voru Hornsteinar og Teiknistofa Ingimundar Sveinssonar sem hlutu þar fyrstu verðlaun. Húsið þótti einkar óvenjulegt og glæsilegt en framkvæmdin þótti nokkuð dýr. Endurbyggja þurfti hluta húsnæðisins eftir að rakaskemmdir uppgötvuðust í því árið 2015.

Umhverfismál

OR vill leggja sitt af mörkum þegar kemur að sjálfbærum rekstri og styður heilshugar við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sérstök áhersla hefur verið lögð á markmiðið um aðgerðir í loftslagsmálum og fjölda nýsköpunar- og þróunarverkefna verið ýtt úr vör í þeim efnum. Má þar nefna samstarf um förgun koldíoxíðs sem fangaður er í andrúmslofti, uppbyggingu innviða fyrir rafbíla um allt land, þróun á sporlausri orkuvinnslu úr jarðhita, vetnisframleiðslu fyrir samgöngur og djúpbörðun þar sem stefnt er að því að afla aukinnar orku úr jarðhita með minni umhverfisáhrifum

Mannauður

Hjá OR starfar fjöldi manns á mörgum sviðum og hefur fyrirtækið verið leiðandi í jafnréttismálum síðasta áratuginn. Með átaki tókst að jafna hlut kynja í stjórnunarstöðum og að útrýma óútskýrðum kynbundnum launamun. Vinnustaðurinn er lifandi og þar ríkir góður félagsandi. Starfsmannafélagið er öflugt og stendur fyrir ýmsum viðburðum á hverju ári. Vel er hugað að heilsu og velferð starfsfólks. Má þar nefna sveigjanleika í vinnu þar sem þess er kostur, og mikið er lagt upp úr því að skapa gæðastundir jafnt í vinnu sem og fjölskyldu- og einkalífi. OR telur mannauðinn mikilvægan og leggur áherslu á að það sé fjölskylduvænt fyrirtæki. Fjölbreytt verkefni bíða á hverjum degi hjá OR sem þjónustar 70% landsmanna og mikilvægt er að sú þjónusta sé góð. Starfsmenn eru með mjög mismunandi menntun og bakgrunn enda starfsemin öll mjög víðfeðm. Starfsemi fer fram á mörgum sviðum í mörgum deildum og hjá sumum deildum er mikið um að vera og margt gert til að lyfta andanum til að gera daginn í vinnunni skemmtilegan og eftirminnilegan.





Frá vinstri: Tryggvi Ásgrímsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs, Ólafur Hilmar Sverrisson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Ómar Imsland, framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs, Helga Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri.

RARIK



Hoffell, jarðhitasvæði.

RARIK ohf. er hlutfélag í eigu ríkisins sem var stofnað 1. ágúst 2006 og tók þá við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins sem hófu starfsemi sína 1. janúar 1947. Fyrirtækið á því djúpar rætur í liðlega 75 ára sögu rafvæðingar Íslands. Meginverkefni fyrirtækisins við stofnun var að afla almennings og atvinnuvegum nægjar raforku á hagstæðan hátt og hefur fyrirtækið síðan haft mikilvægu hlutverki að gegna við öflun, dreifingu og sölu á rafmagni. www.rarik.is

Rafvæðing landsins

Um miðbik 20. aldar var rafvæðing Íslands enn skammt á veg komin. Aðeins lítt hluti vatnsafls landsins hafði þá verið virkjaður og einungis um 10% íbúa í dreifbýli höfðu aðgang að rafmagni. Þann 2. apríl 1946 voru ný raforkulög samþykkt á Alþingi. Veigamesta atriði þeirra var stofnun Rafmagnsveitna ríkisins sem hófu starfsemi 1. janúar 1947. Lögin þóttu mikið framfaraspor sem miðaði að skynsamlegri nýtingu auðlindanna í þágu atvinnulífs þjóðarinnar og aukinna lífsgæða þeirra. Með sérstakri lagasetningu árið 1954 var hrint af stað 10 ára áætlun um skipulega rafvæðingu sveita landsins. Það var stóratök sem færði sveitaheimilum í landinu rafmagn og stuðlaði meðal annars að því að tæknivæða landbúnað og jafna mjög aðstöðu fólks til búsetu.

Um 90% dreifikerfa raforku í dreifbýli

Megináhersla fyrirtækisins í dag er á raforkudreifingu og hefur verið unnið jafnt og þétt að uppbyggingu dreifikerfa í sveitum, en um 90% þeirra eru í umsjá RARIK. Dreifikerfi RARIK spannar Vestur-, Norður-, Austur- og Suðurland en auk þess nær dreifikerfi RARIK til 43 þéttbýliskjarna víðsvegar um landið. Lengd dreifikerfisins er ríflega 9.000 km þar af voru í lok árs 2020 um 70% jarðstrengir. Strengvæðing hófst hjá fyrirtækinu eftir 1990 en þá varð mikið tjón á loftlínukerfinu vegna veðurs. Síðan hefur endurnýjun dreifikerfisins nær alfarið falist í því að háspennujarðstrengir hafa verið lagðir í stað loftlína. Um og yfir 200 km af jarðstrengjum hafa verið lagðir á hverju ári ef undan eru skilin þrjú ár eftir bankahrunið 2008. Jafnframt hafa allar aðveitustöðvar, sem reistar hafa verið frá þeim tíma, verið með búnað undir þaki. Þetta hefur skilað sér í færri alvarlegum truflunum vegna veðurs.

Verðlækkun á strengjum gerðu þá að raunhæfum valkosti í stað hefðbundinna loftlína. Eignir RARIK í veitukerfum 2020 voru um 56 milljarðar króna.

RARIK á og rekur jafnframt fimm hitaveitur, jarðvarmaveitur í Búðardal, á Blönduósi og Siglufirði en fjarvarmaveitur á Seyðisfirði og fram til 2020 á Höfn í Hornafirði. Á árinu 2020 lauk lagningu um 20 km stofnlagnar hitaveitu frá jarðhitasvæðinu við Hoffell í Nesjum til Hafnar í Hornafirði og var vatni hleypt á hitaveituna í desember. Þar með lauk rekstri fjarvarmaveitu sem rekin hefur verið á Höfn frá árinu 1980, þar sem rafmagn eða olía voru notuð í kyndistöð til að hita vatn sem dreift var til um 75% húsa á Höfn. Gert er ráð fyrir að flest hús í Nesjum sem liggja nálægt stofnlögninni og öll hús á Höfn geti tengst veitunni á árinu 2021.



Jarðstregur plægður að veiðihúsi við Eldhraun.

Framhald á næstu opnu →



Stofnþípulögn RARIK þveruð yfir Hoffelsá í ágúst 2020.



Plæging á Mýrum Borgarfirði.



Tekist á við afleiðingar ofsaveðurs í desember 2019.



Jarðstrengur plægður ofan í Svarfarðardalsá.



Línan frá Laxárvirkjun að Einarstöðum í Reykjadal skoðuð með drónamyndavél.

Samkeppnisrekstur aðskilin

Með tilkomu nýrra orkulaga árið 2003 og ákvæðum um aðskilnað samkeppnis- og einkaleyfisþátta var ákveðið að stofna sérstakt dótturfélag, Orkusöluna, um framleiðslu og sölu á vegum fyrirtækisins. Orkusalan, sem tók til starfa í ársbyrjun 2007 og er í eigu RARIK ohf., starfrækir fimm virkjanir, Rjúkandavirkjun, Skeiðsfossvirkjun, Grímsárvirkjun, Lagarfossvirkjun og Smyrlabjargaárvirkjun. Uppsett afl þessara virkjana er 37 MW og er Lagarfossvirkjun þeirra stærst.

Með breytingum á raforkulögum hætti RARIK að sinna heildsölu rafmagns. Landsnet hf. tók til starfa 1. janúar 2005 og er hlutverk þess að sinna meginflutningi rafmagns í landinu. Meirihluti stofnlínukerfis RARIK var seldur til Landsnets hf. og eignaðist RARIK þá hlut í Landsneti, og á nú rúm 22% í félaginu.

Á árinu 2008 stofnaði RARIK sérstakt félag um þróunarverkefni hér á landi og erlendis. Félagið hlaut nafnið RARIK Orkuþróun og var ætlað að halda utan um verkefni sem hafa verið í vinnslu hjá fyrirtækinu og finna ný. Auk verkefna hér á landi hefur fyrirtækið komið m.a. að verkefnum í Tyrklandi á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Þá stofnaði RARIK á árinu 2009 dótturfélagið Ljós- og gagnaleiðara ehf., til að halda utan um og leigja út hluta af ljósleiðurum í eigu félagsins. Hægt vaxandi starfsemi hefur verið í félaginu á undanfönum árum.


Umhverfi, samfélag og þjónusta við viðskiptavinum

Umhverfismál eru samofin rekstri RARIK. Það er umhverfisstefna RARIK að fyrirtækið starfi í sem bestri sátt við umhverfi sitt og í siðareglum RARIK er gerð krafa um að öryggi og virðing fyrir umhverfinu séu ávallt höfð að leiðarljósi í rekstrinum. Lögð er áhersla á að sýna varúð í allri starfsemi og að gæta þess að valda ekki spjöllum á náttúru landsins, mannvirkjum eða sögulegum minjum. Í starfsemi fyrirtækisins ber auk þess að kappkosta hagkvæma notkun aðfanga, að endurnýta efni og tækjabúnað svo sem unnt sé og sýna ábyrgð við förgun á úrgangi. Þá eiga hönnun og framkvæmdir að miða að því að valda sem minnstri röskun á umhverfi og lífríki.

Á undanfönum árum hafa orku- og veitufyrirtæki landsins lagt mikla áherslu á loftslagsmál og hefur nýsköpun á því sviði vakið heimsathygli. Með orkuskiptum er hlutdeild innlendra endurnýjanlegra orkugjafa aukin á kostnað jarðefnaeldneytis. Orkuskiptin leiða þannig til orkusparnaðar, aukins orkuöryggis, gjaldeyrisparnaðar og minni losunar gróðurhúsalofttegunda.

RARIK gegnir lykilhlutverki við orkuskipti á landsbyggðinni. Öruggt og öflugt raforkukerfi er ein af forsendum sjálfbærs samfélags og styrking raforkukerfisins ásamt annarri uppbyggingu innviða gerir almenningi og fyrirtækjum á landsbyggðinni kleift að taka þátt í orkuskiptum úr jarðefnaeldsneyti yfir í rafmagn.


Flutnings- og dreifitekjur RARIK af raforku 2020



Unnið er að því að skipta út hefðbundnum orkumælum í dreifikerfi RARIK um allt land, bæði raforkumælum og hitaorkumælum, fyrir snjallmæla. Með þessum nýju orkumælum munu reikningar viðskiptavina byggja á upplýsingum um raunverulega notkun hvers mánaðar í stað áætlunar og uppgjorsreiknings í kjölfar álesturs. Viðskiptavinir geta því fylgst betur með eigin orkunotkun, gripið fyrir inn í ef hún þykir óeðlileg og dregið þannig úr orkusóun. Jafnframt mun innleiðing snjallmæla draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna álesturs.

Starfsfólk

Árið 2020 störfuðu 214 hjá RARIK samstæðunni. Af þeim voru um 50 á aðalskrifstofunni í Reykjavík en annað starfsfólk dreifðist á um 20 starfsstöðvar fyrirtækisins víðs vegar um land.





220 kV rofbúnaður í stóriðju.

Orkuvirki



Guðmundur G. Sigvaldason, framkvæmdastjóri.



Þórhallur Tryggvason, stjórnarformaður.



Kristján J. Guðmundsson.



Stefni Þór Kristinsson.



Magnús B. Tryggvason.

Starfsemi Orkuvirkis hefur alltaf verið tengd raforku og rafkerfum. Í fyrirtækinu er stundum gantast með það að á Íslandi sé mjög líklegt að einhvers staðar á leiðinni frá orkuframleiðanda til endanlegs notanda raforku hafi orkan farið um búnað frá fyrirtækinu. Heimasíða www.orkuvirki.is

Upphaf og saga

Orkuvirki var stofnað árið 1975 af nokkrum rafverktökum og tæknimönnum á höfuðborgarsvæðinu. Megintilgangur fyrirtækisins var að takast í sameiningu á við verkefni sem voru of stór fyrir einstaka verktaka í eigendahópnum. Starfsemi fyrirtækisins var ekki samfelld, heldur voru gerð tilboð í stór verk sem voru talin henta fyrirtækinu frekar en einstökum hluthöfum og unnið við þá verksamninga sem fengust. Árið 1984 varð sú breyting á fyrirtækinu að nokkrir eigendur seldu hluti sína og fóru út úr fyrirtækinu. Þetta var vegna mögulegra hagsmunaárekstra sem þessir aðilar töldu sig geta lent í. Stjórnarformaður Orkuvirkis frá upphafi var Tryggvi Þórhallsson rafvirkjameistari og rafverktaki.

Árið 1994 varð Orkuvirki að fullu eign Tryggva Þórhallssonar og fjölskyldu hans. Síðan þá hefur starfsemi fyrirtækisins verið samfelld, enda felldi Tryggvi alla sína fyrri starfsemi undir fyrirtækið. Helstu eigendur Orkuvirkis í dag eru afkomendur Tryggva og nokkrir starfsmenn, Þórhallur og Magnús Tryggvasynir, Kristján Guðmundsson, Stefni Þór Kristinsson og Guðmundur G. Sigvaldason, framkvæmdastjóri. Tryggvi Þórhallsson lést í upphafi ársins 2015.

Orkuvirki er í hópi reyndustu rafverktaka á Íslandi og hefur einnig umtalsverða reynslu á vélasviði. Fyrirtækið hefur frá árinu 2000 breyst frá því að vera á síðustu öld verktakafyrirtæki, yfir í að vera öflugt tæknifyrirtæki á sviði raftækni.

Styrkur fyrirtækisins hefur löngum falist í að fá rétta aðila til samstarfs hverju sinni um verkefni sem liggja fyrir.

Starfsemi

Tryggvi Þórhallsson var frumkvöðull, alltaf að reyna að gera betur í því sem hann tók sér fyrir hendur og finna nýjar lausnir. Hann starfaði framan af sem „hefðbundinn“ rafverktaki, meðal annars við húsbyggingar í Breiðholtshverfum, og síðar við veitukerfi í Reykjavík og víðar. Hann hafði alltaf áhuga á framleiðslu og þróaði eftir 1980 eigin lágspennu- og háspennurofaskápa fyrir dreifistöðvar og síðar einnig fyrir aðveitustöðvar. Árið 1992 náði Tryggvi þeim áfanga að láta gerðarprófa 12 kV aflrofaskápa fyrir aðveitustöðvar, sem ekkert annað raftæknifyrirtæki á Íslandi hafði lokið fyrr.

Frá árinu 2000 hefur verið framleidd önnur kynslóð af gerðarprófuðum aflrofaskápum, sem það ár voru hannaðir frá grunni, byggt á nýjustu tækni eins og þá var. Þessi búnaður hefur fengið að dafna og þróast og framleiddir hafa verið yfir 600 rofaskápar af annari kynslóð. Þessir rofaskápar hafa lengst af verið eina eigin framleiðsluvara íslenskra fyrirtækja í raforkugeiranum. Þróun verka og verkefna frá stofnun Orkuvirkis hefur verið frá því að vinna stærri verk þar sem



Endurnýjun, skipt um 220 kV innkomandi skilrofa.



Afriðlasennar.

Framhald á næstu opnu →

þurfti margar hendur, yfir í að vinna flóknari verk, þar sem krafist er mikillar tæknikunnáttu og stýringar verkefna. Á þessari öld endurspeglast þetta í samsetningu mannafla fyrirtækisins; þar sem áður voru almennir starfsmenn og iðnaðarmenn hefur sérhæfingin aukist, höndum fjölgar lítið þrátt fyrir aukið umfang verkefna og krafan er að iðnaðarmenn séu sérhæfðari en áður. Í samræmi við þetta hefur tæknimenntuðu starfsfólki fjölgað í fyrirtækinu. Vegna eigin framleiðslu hefur hönnunarvinna verið innan Orkuvirkis, og síðar hefur bæst við hönnun í flóknari verkefnum.

Starfsemi Orkuvirkis nú stendur á fimm stöðum:

- Framleiðslu á lágspennurofaskápum fyrir veitukerfi og byggingar.
- Eigin framleiðslu og innflutningi á háspennurofaskápum og búnaði fyrir veitukerfi.
- Sérhæfðri verktöku fyrir veitur og í veitukerfum orkugeirans og í iðnaði.
- Hönnun á stjórn- og varnarbúnaði ásamt samskiptagáttum fyrir tengivirki og aðveitustöðvar.
- Þjónustu við búnað sem fyrirtækið hefur afhent viðskiptamönnum.

Öll vinna í fyrirtækinu er tengd verkefnum og ekkert er framleitt nema fyrir hendi sé kaupandi afurðar eða verkefnis.

Við framkvæmd ýmissa verkefna hefur Orkuvirki átt í samstarfi við aðra, bæði íslensk og alþjóðleg erlend fyrirtæki. Erlendu samstarfsaðilarnir hafa verið:

- Svissneska fyrirtækið ABB í álverum, spennistöðvum og tengivirkjum.
- Japönsku fyrirtækin Fuji, Mitsubishi og Toshiba um uppsetningarvinnu í orkuverum.
- Þýska fyrirtækið Siemens um uppsetningu á GIS rofabúnaði fyrir tengivirki og spennustöðvar.
- Suður-Kóreska fyrirtækið Hyosung um uppsetningu á GIS rofabúnaði fyrir tengivirki og spennustöðvar

Verkefnin

Helstu viðskiptamenn Orkuvirkis eru:

- Raforkuframleiðendur á Íslandi.
- Flutnings- og dreifiveitur á Íslandi.
- Stóriðjufyrirtæki og annar iðnaður.

Á tímabilinu 1975 til 1994 standa tvö verkefni upp úr í verkefnasögu Orkuvirkis:

- Uppsetning rafbúnaðar hjá Íslenska Járblendifélaginu (1978-1980).
- Uppsetning vél- og rafbúnaðar í Blöndustöð Landsvirkjunar (1990-1991).

Frá 1994 og þar til nú er verkefnalistinn langur og fjölbreyttur:

- Lágspennudreifingar fyrir fjölda bygginga og í mörg orkuver Landsvirkjunar, auk annarra.
- Rofaskápar fyrir margar aðveitustöðvar Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja, Rarik og Orkubú Vestfjarða svo nokkrar dreifiveitur séu nefndar, og fyrir stóriðjufyrirtækin og önnur iðnfyrirtæki.
- Háspennutengivirki fyrir Landsnet og stóriðjuna, ásamt afriðlastöðvum í álverunum.



Uppsetning á kantlýsingu í Hvalfjarðargöngum.

- Samsetning og olíumeðhöndlun stórra spenna hjá veitum og í iðnaðinum.
- Tengingar háspennustrengja fyrir spennu frá 1 kV og allt að 245 kV.
- Hönnun og vinna við stjórnkerfi tengivirkja og í aðveitustöðvum.

Skipulag og sérstaða

Orkuvirki er einkahlutafélag, eins og áður sagði, í eigu afkomenda Tryggva Þórhallssonar og fleiri, sem allir eru starfsmenn fyrirtækisins.

Fyrirtækið er verkefnadrifið og með vottuð stjórnkerfi í samræmi við gæðastaðlana ISO 9001, 14001 og 45001.

Orkuvirki hefur aflað sér sérþekkingar á öllum sviðum raftækni fyrir þau verkefni sem fyrirtækið hefur unnið og er nú í stakk búið til þess að vinna verkefni frá lægstu notendaspennu og upp í hæstu spennu sem notuð er í flutnings- og dreifikerfum raforku á Íslandi. Í samræmi við það er fyrirtækið vel búið tækjum og kunnáttumönnum sem þarf til þessarar vinnu, frá hönnun og innkaupum, uppsetningu og til gangsetningarprófana virkja.

Ársvelta Orkuvirkis hefur verið breytileg milli ára. Á undanförunum 10 árum hefur veltan verið á bilinu 800 – 1.500 Mkr. Fjöldi starfsmanna hefur verið breytilegur, kjarni þeirra er 35-40 manns og flestir hafa starfsmenn Orkuvirkis orðið nálægt 80 manns eitt starfsárið; að jafnaði 40 starfsmenn síðustu ár.

Vinnuvernd og umhverfi

Orkuvirki hefur á undanförunum áratug unnið að verkefnum og á verkstöðum þar sem gerðar eru miklar kröfur til öryggismála, og tileinkað sér þaðan allt sem hefur reynst vel. Þá hefur fyrirtækið unnið og útbúið vinnuverndargögn fyrir flesta þætti starfseminnar og er þeim fylgt í störfum starfsmanna.

Við alla vinnu í háspennuvirkjum hefur alltaf þurft að huga að vinnuumhverfi og vinnuvernd. Orkuvirki hefur alltaf gætt þess að þessi vinna sé unnin af fagmönnum og fyllsta öryggis gætt við öll störf.

Aðsetur og starfsemi

Aðsetur Orkuvirkis er við Tunguháls 3 í Reykjavík. Húsnæðið sem fyrirtækið starfar í er um 1250 fm á lóð sem er 6000 fm. Auk þeirrar framleiðslu sem er unnin í höfuðstöðvum Orkuvirkis er starfsemi fyrirtækisins oft tímabundið í verkefnum um allt land. Starfsmenn Orkuvirkis eru nú 45. Á skrifstofu við tilboðsgerð, verkefnastjórnun, hönnun og aðra úmsýslu eru 15 manns. Aðrir starfsmenn skiptast í raf- og véliðnaðarmenn ásamt aðstoðarmönnum.



Kantlýsing í Hvalfjarðargöngum.



Þrír glaðir í vinnunni, Tunguháls 3, höfuðstöðvar Orkuvirkis.

Starfsmannafélag

Í Orkuvirki er virkt starfsmannafélag, sem á hverju ári stendur fyrir viðburðum fyrir starfsmenn og maka. Dæmi um viðburði undanfarin ár eru golfmót fyrir starfsmenn, starfsmanna- og árshátíðiferðir, jólahlaðborð ásamt öðru tilfallandi. Þátttaka starfsmanna er að jafnaði mjög góð í því sem starfsmannafélagið tekur sér fyrir hendur.

Framtíðarsýn

Orkuvirki vill hér eftir sem hingað til vera leiðandi í lausnum fyrir raforkuiðnaðinn.



Tryggvi Þórhallsson.

Tryggvi Þórhallsson

Tryggvi fæddist 8. Janúar 1936 og lést 1. janúar 2015. Hann var fæddur Skagfirðingur, missti báða foreldra frekar ungur og lærði að bjarga sé sjálfur og standa á eigin fótum. Menntun Tryggva var nám í rafmagnsdeild Vélaskóla Íslands. Hann starfaði sem ungur maður á Keflavíkurfluvelli, gerðist síðan rafveitustjóri Rafveitu Reyðarfjarðar, vann um tíma hjá Landsvirkjun og eftir það sem sjálfstæður rafverktaki í Reykjavík. Hann var rafvirkjameistari við margar byggingar framkvæmdanefndar byggingaráætlunar um Breiðholtshverfi. Tryggvi var yfirverkstjóri Orkuvirkis við framkvæmdir Íslenska Járnblendifélagsins á Grundartanga. Mörg verkefni vann hann fyrir Hitaveitu Reykjavíkur á árum uppbyggingar á dælustöðvum og iðntölvuvæðingar hennar eftir 1980. Á sama tíma byrjaði Tryggvi að framleiða háspennurofaskápa fyrir veitukerfi, mest fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rarik og aðrar dreifveitur. Hann var framkvæmdastjóri Orkuvirkis eftir að hann eignaðist það að fullu á árinu 1994 og til 2005, þegar Þórhallur sonur hans tók við keflinu. Þótt Tryggvi hætti sem framkvæmdastjóri Orkuvirkis settist hann ekki í helgan stein 69 ára gamall, heldur fór af fullum krafti í að hanna ljós og lampa fyrir ljósgjafa framtíðarinnar, ljóstvista, og vann að því til æviloka.



Starfsfólk Carbfix árið 2020. Frá vinstri: Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir, Bergur Sigfússon, Edda Sif Pind Aradóttir, Kári Helgason og Kristinn Ingi Lárusson. / Ljós: Sigurður Ólafur Sigurðsson.

Carbfix



Dr. Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra.
Ljós: Sigurður Ólafur Sigurðsson.

Carbfix ohf. var formlega stofnað 2007. Það var upphaflega samstarfsverkefni milli Orkuveitu Reykjavíkur, Háskóla Íslands, CNRS í Toulouse og Earth Institute við Columbia háskóla.

Síðan þá hefur fjöldi samstarfsaðila og rannsóknarhópa komið að verkefninu, einkum í tengslum við rannsóknar- og þróunarverkefni sem notið hafa stuðnings frá samkeppnissjóðum Evrópusambandsins.

Hugmyndin á bakvið Carbfix var að þróa tækni til að líkja eftir náttúrulegri bergmyndun úr kolefnismettuðu vatni, þ.e. að leysa koldíoxíð upp í vatni og dæla því niður í berglög neðanjarðar svo það steingerist og umbreytist í steindir með tímanum.

Á sjö árum óx Carbfix úr því að vera hugmynd upp í það að vera sannreynd og umhverfisvæn tæknilausn sem fangar koldíoxíð og brennisteinsvetni úr útblæstri og fargar því varanlega í berglögum neðanjarðar.

Í fyrstu voru gerðar tilraunir á rannsóknastofum en árið 2012 eftir langt og strangt þróunar- og leyfisveitingaferli var hafist handa við að gera raunhæfar tilraunir úti í mörkinni í samstarfi við Orku náttúrunnar. Tilrauninni var valinn staður skammt frá Helliðarvirkjun.

Heil 175 tonn af hreinu koldíoxíði voru leyst upp í vatni og dælt niður á 500 metra dýpi við 35 gráðu hita. Nokkrum mánuðum síðar var 73 tonnum af gasblöndu úr Helliðarvirkjun sem innihélt 75% af koldíoxíði og 25% af brennisteinsvetni dælt niður með sömu aðferð. Niðurstöðurnar voru birtar árið 2016 í hinu virta vísindatímariti Science og þær voru ótvíræðar. Kolefnið sem dælt var niður steingerðist á tveimur árum.

Tæknin

Trjágróður og annað í jurtríkinu er ekki eina fyrirbærið sem dregur til sín kolefni úr andrúmsloftinu. Stærsti hluti kolefnis á jörðinni er náttúrulega geymdur í bergi. Carbfix líkir eftir og hraðar þessu náttúrulega ferli með því að leysa fangað koldíoxíð upp í vatni og dæla niður í hentug berglög eins og basalt þar sem náttúruleg efnahvörf milli bergs og vatns leiða til varanlegrar kolefnisbindingar í steindum. Carbfix tæknin fjarlægir koldíoxíð með öllu og það varanlega.

Til þess að Carbfix tæknin virki þá þarf þrennt að vera til staðar: hentugt berg, vatn og uppspretta koldíoxíðs.

Carbfix ferlið byggir á traustum vísindalegum grunni og hefur verið sannreynt á stórum skala. Yfir 70.000 tonnum af koldíoxíð hefur verið breytt í stein á Helliðarvirkjun. Til að tryggja að steinrenning koldíoxíðs eigi sér stað og að það sé tryggilega og varanlega geymt er traustum mæliaðferðum beitt. Þær eru m.a. niðurdæling ferilerna sem rekja steindabindingu og flæði niðurdælds vökva, reglulegar sýnatökur í nálægum eftirlitsholum, mælingar á flæði koldíoxíðs úr jarðvegi til að staðfesta að niðurdæling sé með eðlilegum hætti og líkanagerð. Eftir að niðurstöður tilrauna- og þróunarfasa lágu fyrir var hafist handa við að innleiða tæknina



Steinrunnið koldíoxíð í formi silfurbergs.



Niðurdælingarbrunnar við Hellisheiðarvirkjun. / Ljós. Sigurður Ólafur Sigurðsson.



Dr. Bergur Sigfússon, jarðefnafræðingur og einn af frumkvöðlum Carbfix tækninnar. / Ljós. Sigurður Ólafur Sigurðsson.

á stærri skala við Hellisheiðarvirkjun árið 2014. Rekstur hefur gengið vandkvæðalaust allar götur síðan og var förgunargetan tvöfölduð árið 2016. Árið 2017 hóf Carbfix í samstarfi við svissneska fyrirtækið Climeworks að farga koldíoxíði sem fangað er beint úr andrúmslofti á Hellisheiði.


Fyrirtækið

Carbfix hefur verið starfrækt sem sjálfstætt fyrirtæki frá 2019. Það er markmið og tilgangur þess að sporna gegn hamfarahlýnun jarðar með því að innleiða tæknilausn félagsins á stórum skala víða um heim. Um 5% af landmassa jarðar er þakið hentugu bergi fyrir steinrenningu koldíoxíðs, sem og megnið af sjávarbotninum. Geymslugetan er margfalt meiri en þörf er fyrir til að heimurinn nái loftslagsmarkmiðum sínum.



Basalt og niðurdælingarholur á Hellisheiði. / Ljós. Sigurður Ólafur Sigurðsson.

Basaltkjarni frá tilraunaniðurdælingarsvæði Carbfix á Hellisheiði sem inniheldur steinrunnið koldíoxíð í formi kalsítsteinda. / Ljós. Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir.





Stjórn ÍSOR 2019. Fremst er Þórdís Ingadóttir, stjórnarformaður ÍSOR. Þá koma frá vinstri: Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, Ingvi Már Pálsson, Stefán Guðmundsson og Andrés Skúlason.



ÍSOR hefur unnið að mörgum verkefnum sem tengjast jarðhitaupbyggingu í Austur-Afríku. Meðal þeirra verkefna er þjálfun starfsfólks og sérfræðinga og bein aðstoð við grunnrannsóknir sem miða að því að nýta jarðhitann á sjálfbæran máta. Ljós. Brynja Jónsdóttir.



Árni Magnússon, forstjóri.
Ljós. Ljósmyndastofa Rutar og Silju.

Stjórn ÍSOR er skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra til fjögurra ára.

Fimm manns sitja í stjórn ÍSOR:

Þórdís Ingadóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, stjórnarformaður. Andrés Skúlason, forstöðumaður og fyrrum oddviti, Djúpvavogi. Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, jarðfræðingur við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Ingvi Már Pálsson, skrifstofustjóri í atvinnu- og nýsköpunaráðuneytinu. Stefán Guðmundsson, viðskiptafræðingur, skrifstofustjóri umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Íslenskar orkurannsóknir ÍSOR

ÍSOR, Íslenskar orkurannsóknir, er þekkingarfyritæki í eigu ríkisins og heyrir undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Hlutverk ÍSOR skv. lögum er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúruvafars, orkumála og jarðrænna auðlindamála. ÍSOR starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og fær tekjur sínar alfarið með sölu þjónustu og með öflun rannsóknarstyrkja.

Verkefnin eru fjölbreytt og ólík að umfangi en fyrirferðarmest er þjónusta tengd jarðhitarannsóknum og -nýtingu. ÍSOR hefur í áratugi boðið orkufyrirtækjum, hitaveitum og einkaaðilum í landinu sérhæfða þjónustu á því sviði. Má þar nefna jarðvísindalegar yfirborðsrannsóknir, hugmynda líkangerð, staðsetningu borholna, jarðfræðiráðgjöf á borstað og mælingar í borholum, auk vinnslueftirlits.


Jarðhitarannsóknir hafi verið megin viðfangsefni ÍSOR en einnig hefur verið unnið að mikilvægum og fjölbreyttum verkefnum á sviði umhverfis- og grunnvatnsrannsókna, öflunar neysluvatns og rannsókna á auðlindum hafsbots. Þá hefur ÍSOR tekið að sér fjölmörg verkefni á sviði náttúruvafars svo sem jarðfræðirannsóknna vegna mannvirkjagerðar, skriðufalla, jarðskjálfta og eldvirkni.

ÍSOR hefur verið ráðgjafi hita- og vatnsveitna um allt land um öflun og nýtingu vatns og er aðalvísindaráðgjafi íslenskra stjórnvalda í rannsóknum á jarðrænum auðlindum. Þá hefur ÍSOR lagt til hin vísindalegu rök í baráttu Íslands fyrir hafsbotsréttindum utan 200 mílna efnahagslögsögunnar.

Gæðastjórnunarkerfi ÍSOR er vottað samkvæmt ISO 9001:2015 og það er stefna ÍSOR að tryggja viðskiptavinum sínum skilvirka þjónustu og áreiðanlega ráðgjöf sem byggð er á bestu fáanlegri tækni og þekkingu á hverjum tíma þar sem tekið er tillit til þarfar fyrir vernd og endurbætur í umhverfismálum. ÍSOR tekur jafnframt þátt í verkefnum Græn skref í ríkisrekstri og skilar grænu bókhaldi.

Saga ÍSOR

Upphaf jarðhitarannsókna ÍSOR má rekja til ársins 1945 er Gunnar Böðvarsson vélaverkfræðingur var ráðinn til að sinna jarðhitarannsóknum hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, sem tveimur árum síðar varð að embætti raforkumálastjóra. Um áratug síðar var sérstök jarðhitadeild stofnuð innan embættisins. Árið 1964 tók Guðmundur Pálmason eðlisverkfræðingur við af Gunnari. Árið 1967 var embætti raforkumálastjóra breytt í Orkustofnun. Hlutverk stofnunarinnar var að veita stjórnvöldum ráðgjöf á sviði orkumála og sinna orkurannsóknum, einkum á sviði jarðhita og vatnsorku. Árið 1997 urðu gagngerar breytingar á skipulagi Orkustofnunar þar sem stjórnvísingur stofnunarinnar var skilið frá framkvæmd rannsókna og sölu á ráðgjöf. Sérstakt rannsóknasvið varð til úr því sem áður var jarðhitadeild og hluti vatnsorkudeildar og var Ólafur G. Flóvenz jarðeðlisfræðingur settur forstöðumaður þess. Rannsóknasviðið varð þann 1. júlí gert að sjálfstæðri ríkisstofnun, Íslenskum orkurannsóknum, ÍSOR. Ólafur var forstjóri frá stofnun ÍSOR þar til um mitt ár 2020 þegar tók Árni Magnússon við.



Jarðfræðikort 1:100.000

- Útgefin kort 2010-2019
- Kortlagning og útgáfa 2019-2020
- Áfangar í kortlagningu 2021-2022

Kortið sýnir þau svæði sem hafa verið kortlögð í mælikvarðanum 1:100.000 og þau svæði sem áætlað er að kortleggja samkvæmt núverandi samningi um átaksverkefni í jarðfræðikortlagningu umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og ÍSOR. Rauðu rammarnir sýna útgefin kort ÍSOR af gosbeltunum auk korts NÍ af Austurlandi sem þegar hafa verið gefin út og blái ramminn sýnir kort af Vesturgosbeltinu sem gefið var út árið 2021. Fjólubláu rammarnir eru þau svæði þar sem unnið er að því að ná fram áföngum í kortlagningu 2021-2022. ÍSOR hefur unnið að mörgum verkefnum sem tengjast jarðhitaupbyggingu í Austur-Afríku. Meðal þeirra verkefna er þjálfun starfsfólks og sérfræðinga og bein aðstoð við grunnrannsóknir sem miða að því að nýta jarðhitann á sjálfbærnan hátt. / Mynd: Brynja Jónsdóttir.

Nýsköpun og þróun

ÍSOR hefur alla tíð lagt mikla áherslu á nýsköpun, rannsóknir og þróun í starfsemi sinni. Á hverju ári taka sérfræðingar ÍSOR þátt í ýmsum rannsóknarverkefnum sem eru flest styrkt af innlendum og erlendum samkeppnisjóðum, eins og samstarfsáætlunum Evrópusambandsins og sjóðum RANNÍS. ÍSOR nýtir þátttökuna til að efla eigin rannsóknarfærni og til að afla grunnþekkingar á sviði jarðvísinda og jarðhita.

Mjög mikill árangur hefur orðið af starfi ÍSOR og forvera þess sem birtist í einstæðum árangri Íslendinga í nýtingu endurnýjanlegrar og grænnar orku. Þannig hefur ÍSOR skapað hinn jarðvísindalega grunn að nýtingu jarðhita til raforkuframleiðslu og beinnar nýtingar, s.s. húshitunar. Um 27% af allri raforkuframleiðslu í landinu kemur frá jarðhita og ríflega 60% af allri frumorkunýtingu. Jarðhitinn hefur leitt til mun ódýrari orku til húshitunar en völ er á víðast annars staðar í heiminum og sparar landsmönnum útgjöld sem skipta tugum milljarða króna á ári og er þá ávinningurinn fyrir loftslagsmál ekki meðtalin.

Erlend starfsemi


ÍSOR hefur á næri áttatíu ára ferli sannað sig sem traust og virt rannsóknarstofnun og ráðgjafi, jafnt hér á landi sem erlendis. Sérfræðingar ÍSOR hafa áratuga reynslu af verkefnum við ólíkar aðstæður um allan heim, m.a. með vinnu fyrir þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins, kennslu við Jarðhitaskólann, sem starfar undir merkjum UNESCO, sem og beina ráðgjöf til erlendra fyrirtækja og ríkisstofnana. ÍSOR hefur mikið starfað í Mið-Ameríku, Karíbahafi og Austur-Afríku en einnig allnokkuð í Evrópu og Asíu. Hlutfall erlendra verkefna er yfirleitt á bilinu 20-30% af heildarumfangi. ÍSOR hefur tekið virkan þátt í alþjóðasamstarfi á sviði jarðvísinda og orkumála.

Þjálfun og kennsla


ÍSOR hefur alltaf lagt metnað í að miðla af reynslu sinni og þekkingu. Sérfræðingar ÍSOR hafa frá fyrsta starfsári Jarðhitaskólans, árið 1979, skipað stóran hluta þess hóps sérfræðinga sem kennir við skólann. Í byrjun árs 2020 var sú breyting gerð á starfsemi Jarðhitaskólans að GRÓ - Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu hjá Utanríkisráðuneytinu, ber ábyrgð á þeim skólum sem síðan starfa undir merkjum UNESCO – Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. 1. febrúar 2021 var svo gengið frá samningi milli GRÓ og ÍSOR sem felur í sér að ÍSOR sér um rekstur skólans en það hafði fram að því verið hlutverk Orkustofnunar. Auk kennslu við Jarðhitaskólann hefur ÍSOR séð um þjálfun og haldið námskeið og málstofur um allan heim. Á Íslandi hafa sérfræðingar ÍSOR séð um kennslu við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík – Iceland School of Energy og Háskólann á Akureyri.

Starfsfólk og aðsetur

Hjá ÍSOR starfar öflugur hópur fólks, rúmlega 50 manns og er stærstur hluti starfsfólks háskólamenntaður. Aðalskrifstofa ÍSOR er að Urðarhvarfi 8 í Kópavogi en tækjarekstur í Tónahvarfi 7. Útibú er rekið að Rangárvöllum á Akureyri.



ÍSOR hefur síðan 2020 tekið þátt í rannsóknum, uppsetningu á ýms konar búnaði og miðlun upplýsinga vegna jarðhræringa í kringum Þorbjörn á Reykjanesi. Það fól einkum í sér miðlun niðurstaðna jarðfræðikortlagningar og rannsókna á gossögu Reykjaneskagans, rannsóknum á jarðskjálftavirki og mælingum á aflögunarbreytingum lands með gervitunglataekni, en þær mælingar sýna hvort landhæð breytist eða landið hreyfist í lárétta stefnu.





Piperferret, fjarstýrð skriðvél.

JGK Tech

PIPEFERRET eru litlar fjarstýrðar skriðvélar, útbúnar myndavélum og loftfræsuum. Þær eru almennt kallaðar fræsasar. Helsta notkunar svið þeirra er við endurnýjun lagna með graftarlausri klæðningartækni.

Sagan

Árið 1990 flytur Jón Guðni Kristinsson fyrstur manna til Íslands graftarlausa klæðningartækni til þess að endurnýja skólplagnir. Samhliða því að endurnýja lagnakerfi Reykjavíkurborgar hóf Jón Guðni að þróa sína eigin fræsara. Árið 2007 var JGK TECH stofnað og vörumerkið PIPEFERRET skrásett. Í dag býður PIPEFERRET upp á þrjár stærðir af fræsuum og klæðningartækni fyrir hliðargreinar sem byggir á útfjólublárri ljóstækni.

Frá byrjun hefur JGK TECH verið leiðandi í fræsaratækni og sífellt leitast eftir að gera tækin hagkvæmari og betri. Sem dæmi má nefna að við seljum minnsta sjálfkeyrandi fræsaran, sem býr yfir meiri breidd hvað stærðir á lögnum varðar en samkeppnisaðilarnir bjóða upp á, og að lokum eru tækin okkar eru þau einu sem eru útbúin Wifi sendi til að auðvelda öll samskipti og skapa fleiri notkunarmöguleika fyrir kaupandann.

Árið 2014 tók JGK TECH þátt í rannsóknar og hönnunarverkefni á vegum Evrópusambandsins Horizon 2020/ Micromole. Verkefnið fólst í að hanna og smíða fjarstýrða skriðvél sem gæti keyrt inn í lög, komið skynjurum sem segja til um hvort fíkniefnaframleiðsla eigi sér stað á svæðinu. Hlutverk JGK TECH var að hanna og smíða skriðvélin, verkfærið framan á hana, klemmuna sem hýsir skynjarana. Árið 2018 var fulltrúum Evrópusambandsins sýnd frumgerð af tækinu sem virkaði fullkomlega og niðurstaðan varð sú að verkefnið hefði verið vel heppnað og árangursríkt.

Á Íslandi er JGK TECH með skrifstofur og söludeild. Framleiðsla á íhlutum fræsaranna fer fram út um allan heim. Samsetning á sér stað á verkstæði JGK TECH í Svíþjóð.

JGK TECH er með sjálfstæða sölu- og dreifingaraðila í Norður Ameríku, Evrópu og Ástralíu. Þeir sjá um að kynna, selja og þjónusta PIPEFERRET tækin á sínum áhrifasvæðum

Framtíðarsýn

Það eru spennandi tímar í heimi smávaxinna véla. Öll tæki eru farin að verða minni, sjálfvirkari og betur búin til þess að leysa sömu verkefni á ódýrari og skilvirkari hátt. JGK TECH mun taka fullan þátt í að móta og keyra áfram þessa byltingu. Við erum farin að huga að annari kynslóð PIPEFERRET fræsara og er hugmyndavinnan í kringum þá komin af stað.

Annað þróunarverkefni á vegum Evrópusambandsins er einnig á byrjunarstigi, en það felst í að þróa áfram sjálfvirkni í litlum tækjum til þess að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi, hryðjuverkum og umhverfisvá.



Jón Guðni Kristinsson.



Piperferret, fjarstýrð skriðvél.



Piperferret, fjarstýrðar skriðvélar 3 tegundir.



Höfuðstöðvar Marel í Garðabæ.

Marel



Árni Oddur Þórðarsson, forstjóri.

Marel er eitt stærsta útflutningsfyrirtæki á Íslandi og er í fararbroddi á heimsvísu í þróun, framleiðslu og þjónustu á heildarlausnum og hugbúnaði til vinnslu á kjúklingi, kjöti og fiski. Fyrirtækið er alþjóðlegt og hjá því vinna um 6800 manns í um 30 löndum. Viðskiptavinir þess eru matvælaframleiðendur í yfir 140 löndum sem eiga það sameiginlegt að vilja tækni- og sjálfvirknivæða framleiðsluhætti sína og hámarka afköst, nýtingu, og gæði. Vöruúrvalið hjá Marel er allt frá stökum tækjum upp í heil vinnslukerfi, hugbúnað, þjónustu og varahluti. Markmið starfseminnar er að útvega heildarlausnir til matvælavinnslu, allt frá frumvinnslu hráefnis til þökkunar í neytendaumbúðir ásamt hugbúnaði sem tengir vinnslulausnir saman og tryggir rekjanleikja og matvælaöryggi. Sýn Marel er að umbylta matvælaframleiðslu á heimsvísu í samstarfi við viðskiptavinina sína með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi.



Linda Jónsdóttir, fjármálastjóri.

Nýsköpun

Með stöðuga nýsköpun að leiðarljósi hefur Marel vaxið úr sprotafyrirtæki í heimsleiðtoga á sínu sviði. Fyrirtækið ver 6% af tekjum í nýsköpun á hverju ári, ásamt því að auka vöruframboð og styrkja alþjóðlegt sölu- og þjónustunet sitt með stefnumótandi yfirtökum á öðrum fyrirtækjum. Marel nýtir stafræna tækni, sýndarveruleika, gervigreind og tauganet til þess að þróa lausnir og hugbúnað sem gera viðskiptavinum þess kleift að hámarka nýtingu á verðmætu hráefni, bæta afköst, takmarka sóun og tryggja rekjanleika og matvælaöryggi. Með því að safna og vinna úr gögnum úr vinnslulausnum hjálpar Marel viðskiptavinum sínum að nýta mannafla sem best, bjóða upp á fyrirbyggjandi þjónustu sem kemur í veg fyrir bilanir í verksmiðum og tryggja að dýrmætt hráefni fari ekki til spillis. Marel vinnur samkvæmt heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þekking og geta fyrirtækisins hefur rutt veginn til framfara og gerir viðskiptavinum kleift að fæða ört vaxandi mannkyn á sjálfbæran og hagkvæman hátt með hágæða matvælum, sem kýs líf í borgum fram yfir líf í dreifbýli. Með tækjum og hugbúnaði Marel öðlast matvælaframleiðendur þekkingu og getu til að fullnýta hráefni á hagkvæman, öruggan og rekjanlegan hátt og nýta auðlindir sem best. Viðskiptavinir Marel eru matvælaframleiðendur í yfir 140 löndum víðsvegar um heiminn. Alþjóðlegt þjónustu- og sölunet Marel telur yfir 2,200 sérfræðinga í yfir 30 löndum sem þjónusta viðskiptavinina af metnaði í öllum heimsálfum.



Árni Sigurðsson, framkvæmdastjóri stefnumótunar og stefnumarkandi rekstrareininga.

Stjórnarhættir

Traustir og sanngjarnir stjórnunarhættir eru hafðir að leiðarljósi hjá Marel til að hámarka árangur og bæta samfélagið. Í stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækisins sitja konur jafnt sem karlar, með víðtæka þekkingu og reynslu í farteskinu. Marel tryggir jafnrétti í launum og tækifærum og býður starfsfólki upp á frekari menntun og þróun í starfi. Með góðum viðskiptaháttum, nýsköpun og samstarfi tryggir Marel að viðskiptavinir, hluthafar og samfélagið allt gagnist til lengri tíma.



Marel hefur verið skráð í Kauphöll Íslands frá 1992 og var tvíhliðaskráð í Euronext kauphöllina í Amsterdam 2019.

Framhald á næstu opnu →


Fyrirtækið er almenningshlutafélag sem stofnað var árið 1983. Það á upphaf sitt að rekja til hóps frumkvöðla við rannsóknarstörf við Háskóla Íslands sem vann að því markmiði að hanna rafeindavog sem safnaði og nýtti gögn til þess að hámarka nýtingu verðmætra sjávarafurða fyrir fiskframleiðendur. Marel er eitt elsta fyrirtækið á íslenskum hlutabréfamarkaði, en það var skráð í Kauphöll Íslands árið 1992. Frá árinu 2019 hefur Marel einnig verið skráð á markað í Euronext kauphöllina í Amsterdam í Hollandi. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Garðabæ og forstjóri þess er Árni Oddur Þórðarson.




Sýndarveruleiki er eitt af mörgum verkfærum í vöruþróunarferli Marel.



Flexicut vatnskurðarvél er eitt dæmi um afrakstur áherslu Marel á nýsköpun og vöruþróun í samstarfi við viðskiptavin.




Marel er leiðandi á heimsvísu í hátækni lausnum, hugbúnaði og þjónustu fyrir kjúklinga-, kjöt- og fiskiðnað.



Marel er leiðandi á heimsvísu í hátæknilausnum hugbúnaði og þjónustu

Framhald á næstu opnu →





Hugbúnaður gegnir lykilhlutverki í hátækni matvælaframleiðslu í dag.



Marel skráð í 25 ár hjá Nasdaq, Times Square, New York.



Hjá Marel starfa um 6.800 starfsmenn í yfir 30 löndum við fjölbreytt störf.



Gildi Marel eru metnaður, nýsköpun og samheldni.



Sýn Marel er að umbreyta matvælavinnslu á heimsvísu í samstarfi við viðskiptavini með áherslu á hagkvæmni og sjálfbærni.



Þörungaræktun í flöskum - forrækt.

SagaNatura



Lilja Kjalarsdóttir, framkvæmdastjóri SagaNatura.

SagaNatura er líftækni fyrirtæki sem varð til árið 2018 við samruna KeyNatura (stofnað 2014) og SagaMedica (stofnað 2000). Framkvæmdastjóri SagaNatura er Dr. Lilja Kjalarsdóttir. Fyrirtækið þróar og selur hráefni og fæðubótarefni með uppruna úr íslenskri náttúru. Fyrirtækið leggur mikið upp úr rannsóknum á heilsuáhrifum varanna og hefur framkvæmt klínískar rannsóknir til þess að gæta þess að einungis vara í hæsta gæðaflokki sé sett á markað. Markmiðið með þessum rannsóknum er einnig að auka traust og trúverðugleika neytenda á vörum.

Upphafið

Stofnun SagaMedica á sér rætur í rannsóknarstarfi sem Dr. Sigmundur Guðbjarnason, lífefnafræðingur og fyrrum rektor Háskóla Íslands, hóf árið 1992. Tveimur árum síðar gekk Steinþór Sigurðsson, einnig lífefnafræðingur, til liðs við Sigmund en þeir hafa unnið ötullga að rannsóknum á íslenskum lækningajurtum. Með rannsóknunum hefur tekist að sýna fram á vísindalegar ástæður fyrir miklum áhuga á nýtingu vissra jurtategunda í gegnum aldirnar. Bændasamtökin lögðu fé í fyrirtækið í upphafi og auk Bændasamtakanna, Sigmundar og Steinþórs voru Þráinn Þorvaldsson og fleiri stofnendur. Meðal mikilvægustu vara SagaMedica voru SagaPro, sem ætlað er til að draga úr einkennum ofvirkrar þvagblöðru og Voxis hálsbrjóstsykurinn, en báðar vörur innihalda virk efni úr íslenskri ætíhvönn.

Starfsemin

KeyNatura var stofnað til þróunar á ræktunarkerfum fyrir örþörungum. Þau Dr. Sjöfn Sigurgísladóttir, Sigurbjörn Einarsson og Halla Jónsdóttir stofnuðu félagið árið 2014 og fengu í upphafi til sín matvælafræðingana Tryggva E. Mathiesen og Pál Arnar Hauksson til tækni- og vöruþróunar undir stjórn Dr. Sjafnar Sigurgísladóttir framkvæmdastjóra. Árið 2016 var uppsetning á tilraunaverksmiðju fjármögnuð af fjárfestingasjóðnum Eyri Sprotum og var verksmiðja sett upp sem byggði á hönnun tækjabúnaðar sem var þróaður af KeyNatura teyminu. Tækjabúnaðurinn byggist á þeirri tækni að rækta örþörungum í tönkum þar sem ljósgjafinn er samsettur úr mörgum flekum sem eru á kafi í ræktunaratninu sem örþörungarnir eru ræktaðir í, hræringinn er síðan framkvæmd með því að dæla lofti inn að neðan og loftbólur sjá um að hræra í ræktinni. Örþörungarnir sem framleiddir eru í þessari tankaræktunartækni framleiða öflugt andoxunarefni sem heitir astaxanthin. Árið 2017 var þróuð fæðubótarefnalína undir nafni KeyNatura með margvíslegum vörum sem innihéldu astaxanthin og var sú lína sett á markað á Íslandi.

Sameining og stjórn

Árið 2018, sama ár og SagaMedica og KeyNatura voru sameinuð var Dr. Lilja Kjalarsdóttir ráðin sem aðstoðarframkvæmdastjóri. Árið 2020 tók Lilja við sem framkvæmdastjóri yfir sameinuðu félagi sem fékk nafnið SagaNatura. Með sameiningunni varð vöruúrval fyrirtækisins breikkað og lykilorðefni sameinaðs félags voru bæði astaxanthin og villt íslensk ætíhvönn.



Hvannartinsla í Hrísey.

Styrkur

Árið 2019 hlaut SagaNatura 200 milljóna króna styrk úr Horizon 2020 rannsóknaráætlun Evrópusambandsins, en styrknum var ætlað að styðja við verkefni félagsins sem fólst í því að sanna virkni SagaPro gegn einkennum ofvirkrar blöðru. Einnig nýttist styrkurinn til þess að staðla magn virka innihaldsefnisins, sem og að hefja ræktun og kynbætur á hvönn með því markmiði að auka magn þessa virka efnis sem finnst í hvönninni. Tilgangur verkefnisins var að hjálpa þeim sem kljást við ofvirka blöðru að ráða bót á vanda sínum og auka lífsgæði sín með náttúrulegri lausn án aukaverkana.

Einkaleyfi

SagaNatura fékk einkaleyfi á eigin tækni til örpörunaræktunar árið 2019 og það sama ár stækkaði þörungaframleiðslan úr 50.000 lítrum upp í 90.000 lítra og jók þar með afkastagetu fyrirtækisins um næstum helming.

Vöruþróun

SagaNatura þróar með stolti hágæðavörur úr lykilhraefnum sem sótt eru í íslenska náttúru. Þær jurtir og þörungar sem fyrirtækið hefur rannsakað og unnið með hafa mikla sögulega þýðingu fyrir íslensku þjóðina, enda hafa lækningajurtir sem þessar skipað stóran sess í samfélaginu frá landnáms tíð.

Sérstaða

Forfeður okkar lögðu grunninn að nýtingu einstakra jurta úr umhverfinu, sem nýst hefur þeim kynslóðum sem á eftir hafa komið um aldarbil, enda hafa jurtir þessar margvíslega eiginleika sem stuðla að bættri heilsu. Uppruni okkar frá Íslandi og mikilvægar sögur sem miðluðust kynslóða á milli varpa ljósi á áframhaldandi mikilvægi sögu náttúrunnar. Hreinleiki og jákvæð ímynd íslenskrar náttúru skiptir miklu máli fyrir SagaNatura, því sérstaða hraefnis okkar er einstök í alþjóðlegu samhengi.

Voxis hálsbrjóstsykur með virkum efnum úr villtri ætíhvönn.



Íslenskt astaxanthin og SagaPro



Skaginn 3X, eigendur og stjórnendur.

Skaginn 3X



Eskja á Eskifirði.

Skaginn 3X er leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu á tækjabúnaði fyrir matvælaíðnað sem byggir fyrst og fremst á byltingakenndum tækninýjungum í sjávariðnaði. Lausnir Skagans 3X byggja á mikilli sjálfvirkni með áherslu á bætt gæði og nýtingu afurða auk þess sem hagkvæmar og umhverfisvænar kæli-, þökkunar- og flutningslausnir eru hafðar að leiðarljósi.

Fyrirtækið byggir á sterkum grunni þar sem kunnátta, reynsla og nálægð við iðnaðinn er höfð að leiðarljósi. Framtíð fyrirtækisins byggir á stöðugri þróun á nýjum aðferðum og vinnslalausnum sem mynda heildstæða ferla, stóra sem smáa, fyrir matvælaíðnað. Framleiðsluvörur Skagans 3X eru því hagkvæmar fyrir viðskiptavinum sem og umhverfið. Þessi hagkvæmni felst m.a. í að nýta sameiginlegar auðlindir betur með því að lágmarka rýrnun og viðhalda gæðum frá veiðum til neyslu. Á sama tíma er lögð áhersla á úrvinnslu aukaafurða og að gera framleiðslu- og flutningsferli sem umhverfisvænst.

Stofnun fyrirtækisins og aðdragandi

Skaginn 3X er móðurfélag Skagans og Þorgeirs & Ellerts á Akranesi og 3X Technology á Ísafirði. Sögu félagsins má rekja aftur til ársins 1928 þegar bræðurnir Þorgeir og Ellert Jósefssynir stofnuðu Þorgeir & Ellert en félagið var einn af burðarásu atvinnulífs á Akranesi um áratuga skeið en þar var unnið að skipasmíði ásamt almennri málmsmíði. 3X Technology var stofnað á Ísafirði árið 1994 af Alberti Högnasyni, Jóhanni Jónassyni og Páli Harðarsyni og vann félagið fyrst um sinn að þróun og smíði vinnslubúnaðar fyrir rækjuíðnað bæði hér á landi sem og erlendis.

Núverandi eigendur Skagans 3X, Ingólfur Árnason og Guðrún Agnes Sveinsdóttir, festu kaup á 20% hlut í Þorgeir & Ellert árið 1995. Þremur árum síðar var Skaginn stofnaður við samruna fyrirtækisins ÍÁ-Smiðju, sem þá var í eigu Ingólfs og Guðrúnar Agnesar, og ryðfrírar stáldeildar Þorgeirs & Ellerts. Það var svo árið 2014 sem samstæða Skagans 3X festi kaup á meirihluta hlutafjár í 3X Technology. Í gegnum árin hafa Ingólfur og Guðrún Agnes jafnt og þétt aukið hlut sinn í félagunum en á árinu 2020 voru þau eigendur 100% hlutafjár samstæðunnar.

Starfsemin

Skaginn 3X er með starfsstöðvar á Akranesi, Ísafirði, Akureyri og í Reykjavík. Auk starfstöðvanna á Íslandi er Skaginn 3X með söluskrifstofu í Noregi ásamt því að vera með umboðsmenn vísvegar um heiminn. Megin starfsemi fyrirtækisins er á Akranesi og Ísafirði en af um 200 starfsmönnum Skagans 3X starfa flestir á Akranesi eða um 140 manns.

Á undanförunum árum hefur Skaginn 3X vaxið hratt þó svo að starfsemin hafi dregist saman á árinu 2020 vegna hliðrunar á verkefnum sökum heimsfaraldurs. Samhliða hröðum vexti hefur á undanförunum árum verið ráðist í umtalsverðar endurbætur og stækkanir á skrifstofu- og framleiðslurýmum, bæði á Akranesi og Ísafirði. Framleiðsluáðstaðan á Akranesi er nú um



Skaginn 3X á Akranesi.



Framhald á næstu opnu →

Eskja á Eskifirði.



Prófun á búnaði.



Prófilskurðarvél.



Unnið að samsetningu.

12.500 fm að stærð en sé aðstaða allra starfstöðva tekin saman er heildarfermetrafjöldi um 16.500 fm og telur það bæði skrifstofu- og framleiðslurými. Ásamt því að endurbæta og stækka húsakost hefur einnig verið ráðist í töluverðar fjárfestingar í endurnýjun á tækjabúnaði í framleiðslunni á Akranesi. Um er að ræða sjálfvirkar laser skurðarvélur fyrir plötustál og prófíla ásamt hálfhálfvirkum beygjuvélum og öðrum búnaði. Mikil áskorun hefur verið fólgin í því að hanna vörur upp á nýtt svo þær passi hvað best fyrir þessa nýju framleiðslutækni sem er nú ein af undirstöðum frekari vaxtar.

Mannauðurinn og samstarf við iðnaðinn

Mannauður Skagans 3X býr yfir mikilli sérþekkingu og getu til þess að framkvæma stór sem smá verk þar sem margar tækni- og vinnslulausnir fyrirtækisins tengjast og mynda heildstæð kerfi. Þróunar- og hönnunarteymi Skagans 3X, sem telja um 60 manns, vinna frá Akranesi, Ísafirði og Reykjavík. Góður samgangur á milli annars vegar söluteymis og hins vegar þeirra sem starfa við þróun, hönnun og framleiðslu er fyrirtækinu mikilvægur þar sem það stuðlar að því að fólk skiptist á hugmyndum, sem leitt getur af sér nýjar vörur til framtíðar. Árangri Skagans 3X ekki síst að þakka íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum sem hafa allt frá stofnun fyrirtækisins verið tilbúin að eiga samstarf um þróun nýrra lausna. Gæfuríkt samtarf við íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hefur þannig opnað fyrir útflutning á íslensku hugviti sem annars hefði verið erfitt án nálægðar við útgerðir og fiskvinnslur hérlendis.

Spennandi tímar framundan

Skaginn 3X ásamt þýska stórfyrirtækinu BAADER sendu frá sér fréttatilkynningu á síðasta ársfjórðungi 2020 þess efnis að BAADER hygðist kaupa meirihluta í Skaganum 3X en viðskiptin væru háð venjubundnum fyrirvörum og ráðgert væri að þeim fyrirvörum yrði aflétt í ársbyrjun 2021. BAADER er alþjóðlegt fyrirtæki með um 100 ára sögu að baki og er í fremstu röð þegar kemur að hönnun tækja fyrir matvælaíðnað. Fyrirtækið er með starfsstöðvar í yfir 100 löndum og sex heimsálfum og munu um 1.500 starfsmenn starfa hjá fyrirtækjunum þegar kaupin hafa gengið í gegn.

Ljóst er að í samrekstri Skagans 3X og BAADER felast mikil tækifæri til vaxtar með aukinni framleiðslu afurða fyrirtækisins og sölu þeirra. Nýtt alþjóðlegt sölunet verður fyrsta skrefið í samstarfi fyrirtækjanna þar sem markaðs- og sölustarf Skagans 3X verður samþætt öflugum og víðfemu sölukerfi BAADER. Þá er ljóst að einnig felast í samrekstrinum mikil tækifæri til að stórefla rannsóknar- og þróunarstarf byggt á áframhaldandi samstarfi og nálægð við öflugan sjávarútveg á Íslandi.



Eskja á Eskifirði.



Framkvæmdastjórn Völku. Frá vinstri: Sigríður Olgeirsdóttir, Ívar Meyvantsson, Helgi Hjálmarsson, Róbert Hafsteinnsson, Soffía Lárusdóttir, Jón Birgir Gunnarsson og Leifur Geir Hafsteinnsson.

Valka



Helgi Hjálmarsson, framkvæmdastjóri tekur við Nýsköpunarverðlaunum Íslands af Steingrími Sigfússyni ráðherra atvinnumála og nýsköpunar.

Hugmyndin af hátækni fyrirtækinu Völku varð til árið 2003 þegar verkfræðingurinn Helgi Hjálmarsson var í fæðingaorlofi með tvíburadætur sínar. Um það leiti sem dæturnar stigu sín fyrstu skref voru drög að vél Völku orðin til í bílskúrnum hjá systur Helga í Kópavogi. Í dag er fyrirtækið enn með starfstöð í Kópavogi en nú í 4000 fermetra húsnæði við Vesturvör þar sem ríflega hundrað manna starfa. Hjá dótturfyrirtækinu Valka AS í Alta í Noregi starfa þar fimm manns. Með Völku vildi Helgi sem í dag er framkvæmdastjóri fyrirtækisins stuðla að frekari sjálfvirkni og framþróun tæknilausna í fiskvinnslu. Í upphafi voru hluthafar félagsins fáir, ásamt Helga sjálfum nokkrir félagar hans úr verkfræðinni sem og ættingjar. Fljótlega bættust þó fleiri í hópinn, fjárfestar og íslenskir sjóðir, fyrst Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og síðan Frumtak fjárfestingasjóður, báðir með nokkuð stóra hluti. Sjóðirnir héldu hlutum sínum í um það bil áratug þegar þeir seldu sína hluti til annarra þáverandi hluthafa en einnig bættust þá nýir í hópinn. Það hefur verið gæfa fyrirtækisins að vera með sterkan hóp eiganda með breiða þekkingu og reynslu sem hefur hjálpað til við hraðan vöxt og útrás.

Vinnulag og framleiðsluferli

Valka hannar og framleiðir hátækni lausnir fyrir bolfisk og laxavinnslur. Fyrstu vörur Völku voru mötunar, flokkunar og pökkunarlausnir á ferskum fiski en á árinu 2009 var komin hugmynd um að skera beingarð úr fiski sjálfvirk með vatnsskurði. Það hafði verið þó verið reynt áður en hugmynd Völku gekk út á að setja röntgenmyndavél fyrir framan til að greina nákvæma staðsetningu beinanna áður en skorið væri. Verkefnið um hönnun á skurðarvélinni var styrkt af Tækniþróunarsjóði í samstarfi við HB Granda og var fyrsta frumgerðin tilbúin og sett upp hjá HB Grandi í byrjun árs 2012. Hún var notuð til að skera bein og bita úr karfa. Það má segja að síðan þá hafi vatnsskurðarvélin verið hjartað í starfsemi og Valka er í dag leiðandi í þróun þeirrar tækni. Fleiri vörur og lausnir í kringum skurðarvélinna hafa jafnt og þétt bæst við og Valka hefur getað boðið viðskiptavinum sínum upp á heildarkerfi frá árinu 2015. Valka hefur einnig frá árinu 2011 boðið flokkunar- og pökkunarlausnir fyrir lax en það ár afhenti Valka fyrstu heildarlausnina fyrir framleiðslu á heilum laxi. Kerfi sem þessi eru umfangsmikil, samanstanda af bæði vél- og hugbúnaði og Valka er í dag eitt fárra fyrirtækja sem getur boðið þannig lausnir. Valka hefur frá upphafi einblínt á að auka afköst, bæta nýtingu og meðhöndlum hráefnis hjá viðskiptavinum með því að auka sjálfvirkni.



Starfsfólk Völku í matsal fyrirtækisins við Vesturvör í Kópavogi.

Skipulag og sérstaða

Valka skilgreinir sig sem hátækni fyrirtæki og það er hugvitið, hönnunin á kerfunum og forritunin sem gefur Völku sérstöðu. Hluta framleiðslunnar hefur í gegnum árin verið úthýst en eftir því sem fyrirtækið hefur stækkað þá hefur hlutur innanhúss framleiðslu aukist. Öll tæki og kerfi eru sett saman og prófuð hjá Völku fyrir flutning og uppsetningu. Kjarninn í Völku er áherslan á nýsköpun, hönnun, sölu- og þjónustu.



Séð yfir framleiðslusal Völku.



Porskur skorinn í vatnskurðarvél.

Mannauður og starfsmannafjöldi

Starfsmenn Völku í heild eru rúmlega hundrað talsins og er hópurinn með fjölbreytta menntun. Verkfræðingar og fólk með próf úr iðngreinum eru áberandi í hópnum en þar má einnig finna viðskiptafræðinga, tölvunarfræðinga, tækni-fræðinga, sjávarútvegsfræðinga auk annara.

Framtíðarsýn

Stjórnendur Völku líta björtum augum á framtíðina og sjá fjölmörg vaxtartækifæri. Valka einblínir sem stendur einvörðungu á lausnir fyrir fiskvinnslur þó svo að vörurnar gætu átt erindi við annan prótein iðnað eins og t.d. kjúklingaiðnað. Sérþekking, skilningur og reynsla starfsfólks af greininni er styrkleiki og tækifæri til nýsköpunar í fiskiðnaði og vaxtar eru til staðar. Noregur ásamt Íslandi hefur verið lykilmarkaður fyrir Völku og er fyrir séð að norskri markaðurinn verði enn stærri fyrir Völku og sjá stjórnendur Völku frekari tækifæri til uppbyggingar þar sem og víðar. Dótturfélag Völku í Noregi var stofnað árið 2014, viðskiptavinum hefur fjölgað ört og uppbygging á sterku þjónustuteymi er í fullum gangi. Viðskiptavinum í öðrum löndum hefur jafnframt fjölgað mikið og það er hluti af framtíðarsýn fyrirtækisins að fjölga dótturfélögum í öðrum löndum til að fylgja eftir nýjum sölum og bjóða viðskiptavinum uppá framúrskarandi þjónustu.

Valka hefur átt í góðu samstarfi við einstök sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi og í Noregi og unnið að hugmyndum og útfærslum að nýjum vörulausnum í samstarfi við þau. Þá hefur Valka notið bæði íslenskra og norskra styrkja við verkefni sín. Það er skoðun stjórnenda að áframhaldandi öflug nýsköpun verði skilvirkust í nánu samstarfi við greinina og skilgreint markmið fyrirtækisins að halda áfram á þeirri vegferð.

Velta og hagnaður

Valka hefur verið í örum vexti og tvöfaldaðist velta fyrirtækisins til að mynda árið 2018 frá fyrra ári. Gert er ráð áframhaldandi jöfnum vexti fyrirtækisins á komandi árum.

Staðan í dag

Núna er Ice Tech stærsti hluthafi Völku með 24% eignarhlut. Aðrir stórir hluthafar eru Helgi Hjálmarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Völku með 14%, Vogabakki með 14%, Vindhamar með 13%, Fossar með 11% og Isder með 4%. Önnur félög og einstaklingar 20%, þar á meðal starfsmenn, eiga samtals um 20% í félaginu. Helstu stjórnendur Völku eru Helgi Hjálmarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri, Soffía Lárusdóttir fjármálastjóri, Sigríður Olgeirsdóttir, sviðsstjóri þjónustu, Jón Birgir Gunnarsson sviðsstjóri sölu- og markaðsmála, Róbert Hafsteinsson sviðsstjóri framleiðslu og Ívar Meyvantsson sviðsstjóri þróunar og Leifur Geir Hafsteinsson sviðsstjóri rekstrarsviðs.

Valka er með starfsemi á Íslandi og í Noregi og hefur selt tæki og kerfislausnir til ellefu landa.



Vatnskurðarvélina hefur verið grunnur að örum vexti Völku á síðustu árum.



Cermaq flokkarakerfi.



Tölvustýrð flökunarvél.

Vélfag



Bjarni og Ólöf taka á móti hvatningarverðlaunum hjá Jens Garðari Helgasyni, formanni SFS.

Vélfag ehf. var stofnað árið 1995 af hjónunum Bjarna Sigurgarðarssyni og Ólöfu Ýr Lárusdóttur sem eiga og reka fyrirtækið enn þann dag í dag. Fyrirtækið sem stofnað var á Ólafsfirði, var upphaflega einungis í því að þjónusta sjávarútvegsfyrirtæki á Norðurlandi og sjá um viðhald á tækjabúnaði þeirra, en fór síðar út í framleiðslu á eigin vélbúnaði til fiskvinnslu um borð í frystitögurum og í landvinnslu. Fyrirtækið framleiðir í dag hausara, flökunarvélar og roðráttarvélar til bolfiskvinnslu, og selur þessi tæki um allan heim. Vélfag hefur á síðustu árum verið verðlaunað fyrir störf sín í nýsköpun í sjávarútvegi, meðal annars fengið íslensku sjávarútvegsverðlaunin fyrir að vera framúrskarandi íslenskur framleiðandi á fiskvinnslutæki/fiskmeðhöndlun.

Einnig fengu hjónin Bjarni og Ólöf hvatningarverðlaun Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi árið 2018.

Vinnulag og framleiðsluferli

Vélfag er eitt af þeim íslensku tæknifyrirtækjum sem eru í forystu í þróun og hönnun fiskvinnslubúnaðar á heimsvísu.

Nær allir íhlutir fiskvinnsluvéla sem Vélfag framleiðir eru hannaðir, smíðaðir og samsettir innan veggja Vélfags.

Vélfag hefur á síðustu árum fjárfest mikið í innviðum og má þar nefna kaup og flutninga í nýjar höfuðstöðvar og framleiðsluhúsnæði á Akureyri árið 2019 og fjárfestingar samhliða því í nýjum CNC framleiðsluvélum (tölvustýrðum rennibekk og fræsivél).

Starfsfólk og aðsetur

Vélfag er með starfsemi í Ólafsfirði og Akureyri og starfa um 20 manns hjá fyrirtækinu með viðtæka menntun og reynslu úr sjávarútvegi, verkfræði og tengdum greinum.

Höfuðstöðvarnar eru í Baldursnesi 2, Akureyri, en þar eru framleiðsla, samsetning og lager auk skrifstofa. Á Múlavegi 18 á Ólafsfirði er fyrirtækið með starfsemi við framleiðslu og samsetningu fiskvinnsluvéla.

Framtíðarsýn

Framtíðarhorfur Vélfags eru að halda áfram að vaxa sem fyrirtæki og þróa nýjan og betri búnað til nota í fiskvinnslum framtíðarinnar.



Vélfag Baldursnesi Akureyri.



Fiskvinnslulína.



Heildarlausnir í fiskvinnslu.

Samsett heildarlausn Vélfags, Innmötun, hausun, flökun og roðráttur





Höfuðstöðvar Össurar eru á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 3500 manns í yfir 25 löndum, þar af um 500 á Íslandi.



Össur var skráð á almennan hlutabréfamarkað í Kauphöll Íslands árið 1999 og frá 2009 í Kauphöll NASDAQ í Kaupmannahöfn.

Össur



Margir þurfa að lifa með líkamlegri fötlun af völdum sjúkdóma eða aflimunar. Hlutverk Össurar er að gera því fólki kleift að njóta sín til fulls með bestu stoð- og stuðningstækjum sem völ er á. Áratuga þróunarstarf hefur skapað mikla þekkingu, sem gerir fyrirtækinu kleift að rækta þetta hlutverk sífellt betur.

Össur er alþjóðlegt heilbrigðistæknifyrirtæki sem hannar og framleiðir stoðtæki, spelkur og stuðningsvörur með það að markmiði að bæta hreyfanleika fólks. Fyrirtækið er margverðlaunað fyrir hönnun á þessu sviði – þar á meðal fyrir þróun á sviði lífverkfraðilegrar hönnunar. Össur er í samstarfi við fagfólk á heilbrigðissviði um allan heim sem nýtir sér framleiðslu fyrirtækisins til að ná árangri á sviði lækninga.

Össur er leiðandi fyrirtæki á alþjóðamarkaði á sviði stoð- og stuðningstækja og gerir fólki kleift að lifa lífinu án takmarkana. Össur leggur áherslu á að laða til sín menntað fólk með reynslu og þekkingu.

Saga Össurar

Össur hóf starfsemi sem stoðtækjaverkstæði og var stofnað á Íslandi árið 1971 af Össuri Kristinssyni stoðtækjafraeðingi. Að auki komu að stofnun fyrirtækisins félögin Sjálfsbjörg, Lands samband fatlaðra, SÍBS, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Styrktarfélag vangefinna. Í upphafi þjónaði Össur aðeins innanlandsmarkaði á Íslandi. Fyrsta vara Össurar var sílíkonhulsa (Iceross®) og má segja að sú uppgötvun hafi komið fyrirtækinu á kortið á alþjóðavísu. Árið 1986 fékk fyrirtækið fyrsta einkaleyfið skráð og hóf sama ár útflutning á vörum sínum.

Í gegnum nýsköpun og fyrirtækjakaup hefur Össur þróast úr því að vera stoðtækjaverkstæði á Íslandi með örfáum starfsmönnum yfir í alþjóðlegt heilbrigðistæknifyrirtæki sem hannar og framleiðir stoðtæki, spelkur og stuðningsvörur með það að markmiði að bæta hreyfanleika fólks. Össur er nú annar stærsti stoðtækjaframleiðandi í heimi og leiðandi á sínu sviði. Fyrirtækjakaupin gerðu það að verkum að Össur er nú með heildstæða vörulínu – allt frá sílíkonhulsum, í gervihné, gervifætur, gervihendur, auk stuðningsvara og sitt eigið dreifikerfi. Fyrirtækið hefur verið í fremstu röð í rannsóknum og þróunarvinnu frá 1971. Fyrirtækið var í einkaeigu Össurar Kristinssonar og fjölskyldu hans frá 1984 fram til 1999, þegar það var skráð á almennan hlutabréfamarkað í Kauphöll Íslands. Tíu árum seinna var Össur hf. skráð í kauphöll NASDAQ í Kaupmannahöfn.

Eigendur og stjórnendur

Stærsti hluthafi Össurar er William Demand Invest A/S (WDI) í Danmörku, sem á um 51% í fyrirtækinu. WDI hefur verið fjárfestir síðan 2004. Aðrir hluthafar sem eiga yfir 5% í fyrirtækinu eru ATP Lífeyrissjóður (Danmörku), Lífeyrissjóður Verslunarmanna, Gildi Lífeyrissjóður, LSR Lífeyrissjóður Starfsmanna Ríkisins og Oppenheimer Funds (USA).

Núverandi stjórnarformaður er Niels Jacobsen og hefur Jón Sigurðsson verið forstjóri Össurar síðan 1996. Í framkvæmdarstjórn fyrirtækisins sitja forstjóri og sjö aðrir framkvæmdastjórnar sviða innan Össurar, sem hafa að meðaltali um nítján ára starfsaldur hjá fyrirtækinu.



Stefnumið Össurar er að bæta hreyfanleika fólks með tækni, rannsóknum og nýsköpun. Össur fjárfestir um 5% af heildarsölu í rannsóknar- og þróunarvinnu árlega.

Framhald á næstu opnu →

Hlutverk Össurar

Margir þurfa að lifa með líkamlegri fötlun af völdum sjúkdóma eða aflimunar. Hlutverk Össurar er að gera því fólki kleift að njóta sín til fulls með bestu stoð- og stuðningstækjum sem völ er á. Áratuga þróunarstarf hefur skapað mikla þekkingu, sem gerir Össuri kleift að rækta þetta hlutverk sífellt betur. Markmiðið er að vörurnar og þjónusta fari fram úr væntingum viðskiptavina, því aðeins þannig verður Össur áfram leiðandi á sínu sviði.

Stefnumið og framtíðarsýn

Stefnumið Össurar er að bæta hreyfanleika fólks með tækni, rannsóknum og nýsköpun. Fyrirtækið aðhyllist mannleg gildi í hvívetna og vinnur náði með þeim sem þurfa á vörum að halda. Þannig hefur Össur náð frábærum árangri í starfi og séð sýn sína verða að veruleika; fólk yfirstígur líkamlegar hindranir, fær notið sín til fulls og öðlast betra líf. Framtíðarsýn Össurar er að verða leiðandi fyrirtæki á alþjóðamarkaði á stoð- og stuðningstækjamarkaðinum.

Tækni, rannsóknir og nýsköpun

Allt frá stofnun Össurar hafa rannsóknir og vöruþróun verið í forgrunni innan fyrirtækisins. Össur fjárfestir um 5% af heildarsölu í rannsóknar- og þróunarvinnu árlega og er fjöldi einkaleyfa og einkaleyfaumsókna, sem fylla hugverkasafn Össurar, áreiðanlegur mælikvarði á þá áherslu sem fyrirtækið leggur á fjárfestingu í rannsóknar- og þróunarvinnu. Össur á nú yfir 2000 einkaleyfi skráð og hefur fyrirtækið einnig safnað saman mörgum af merkustu vörumerkjum stuðnings- og stoðtækjamarkaðarins. Fyrirtækið setur fjölda vara á markað árlega, til að mynda voru yfir 25 nýjar vörur settar á markað á árinu 2019.

Markaðssvæði og viðskiptavinir

Markaðssvæði Össurar er skipt í þrennt, Ameríku, Asíu og EMEA (Evrópa, Mið-Austurlönd og Afríka). EMEA og Ameríka skipta bróðurparti heildarsölu fyrirtækisins á milli sín, EMEA með 44% og Ameríka með 48% á meðan Asía er með um 8% af heildarsölu (árið 2019). Össur starfar á tveimur markaðssviðum; stoðtækjamarkaður er um 55% af heildarsölu á meðan 45% af heildarsölu Össurar eru spelkur og aðrar stuðningsvörur. Þar sem sala á stoðtækjum er svo til alfarið háð tilvísun sérfræðinga, eru stærstu viðskiptavinir Össurar heilbrigðisstofnanir og stoðtækjaverkstæði um allan heim.



Markmið Össurar er að bæta hreyfanleika fólks. Einkunnarorð fyrirtækisins, *Life without Limitations*, eða *Líf án takmarkana*, er til marks um framtíðarsýn og leiðarljós allra í fyrirtækinu sem grundvallast á umhyggju fyrir fólki og áhuga á að bæta líf þeirra sem þess þarfnast.



Árið 2015 kynnti Össur nýja tækni sem gerir fólki með gervifætur og -hendur kleift að stýra þeim með hugarafli (e. mind-controlled prosthetics).



Fyrsta vara Össurar var silíkonhulsa (Iceross®) og má segja að sú uppgötvun hafi komið fyrirtækinu á kortið á alþjóðavísu. Í dag er Össur með heildstæða vörulínu – allt frá silíkonhulsum, í gervihné, gervifætur- og hendur, auk fjölda stuðningsvara.



Fyrirtækjamenning Össurar einkennist af frumkvæði, metnaði, drifkrafti og samvinnu. Þrjú megingildi eru höfð að leiðarljósi í daglegu starfi; heiðarleiki, hagsýni og hugrekki.

Mannauður og starfsmannafjöldi

Hjá fyrirtækinu starfa um 3500 starfsmenn í yfir 25 löndum, þar á meðal um 500 starfsmenn á Íslandi. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Íslandi en starfsstöðvar víða um heim sinna vaxandi markaði. Össur er hátækniyrirtæki og er markmið þess að fyrirtækið hafi yfir að ráða hæfu, áhugasömu og vel þjálfðu starfsfólki sem axlar ábyrgð og sýnir frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Fyrirtækinu er ljóst mikilvægi sí- og endurmenntunar ásamt skýrri starfsmannastefnu. Til þess að fyrirtækið geti vaxið, þroskast og haldið samkeppnisstöðu sinni í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi er mikilvægt að starfsfólk fái tækifæri til að auka við þekkingu sína og færni. Starfsmannafélag Össurar, Stöss, er öflugt og skipuleggur fjölda viðburða allt árið um kring við góðar undirtektir starfsmanna. Auk þess eru öflugir hópar innan fyrirtækisins, til dæmis hjóla-, hlaupa-, golfhópar til að nefna dæmi.

Jafnlaunastefna

Össur var eitt af fyrstu fyrirtækjunum á Íslandi til að innleiða jafnlaunastefnu. Tilgangur Össurar með jafnlaunakerfi er að tryggja jafnrétti og jafna stöðu kvenna og karla innan fyrirtækisins. Markmiðið er að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundinn mismunur eigi sér stað.

Nær allir starfsmenn eru í fullu starfi og er tæplega helmingur þeirra með háskólamenntun. Kynjaskipting er nokkuð jöfn (2019: 51% karlar og 49% konur) og eru um 38% kvenna í stjórnunarstöðum hjá fyrirtækinu.

Gildi Össurar

Fyrirtækjamenning Össurar einkennist af frumkvæði, metnaði, drifkrafti og samvinnu. Til að viðhalda þeim starfsanda sem ríkir hjá Össuri eru þrjú megingildi höfð að leiðarljósi í daglegu starfi.

Heiðarleiki: Við auðsýnum virðingu með því að halda okkur við staðreyndir, standa við gefin loforð, uppfylla kröfur og viðurkenna mistök. Við hlúum að heiðarlegum samskiptum innan fyrirtækisins með því að deila upplýsingum og taka tillit til vinnuálags hvers annars.

Hagsýni: Við notum fjármuni fyrirtækisins af skynsemi. Við höfum það að markmiði að halda kostnaði í lágmarki á öllum sviðum viðskipta með árangursríkum samskiptum, undirbúningi og skipulagningu og kappkostum að bæta vinnuferla.

Hugrekki: Við notum frelsi okkar til athafna. Við erum opin fyrir breytingum og keppum stöðugt að framförum. Við bjóðum óskrifuðum reglum byrginn, sýnum frumkvæði og tökum meðvitaða áhættu, en tökum jafnframt ábyrgð á hugmyndum okkar, ákvörðunum og athöfnum.



Team Össur er úrvalslið alþjóðlegs íþróttafólks sem notar stoðtæki frá Össuri. Þessi afrekshópur hefur itrekað komið við sögu á verðlaunapöllum á Ólympíuleikum fatlaðra sem og heimsmeistaramótum um allan heim.



Össur hefur þjónað innanlandsmarkaði á Íslandi frá stofnun og býður upp á alhliða þjónustu og sérfræðiráðgjöf í vali og sérsmíði á stoðtækjum, spækjum og stuðningsvörum.

Samfélagsleg ábyrgð og umhverfismál

Stærsta einstaka framlag Össurar til samfélagsins er vöruúrval fyrirtækisins, sem að á ári hverju aðstoða milljónir notenda við það að bæta hreyfanleika þess.

Össur tók upp alþjóðasáttmála Sameinuðu Þjóðanna (UN Global Compact) árið 2011 auk þess sem það skuldbatt sig að fylgja sáttmála Sameinuðu Þjóðanna um valdeflingu kvenna (UN Women's Empowerment Principles) árið 2014. Fyrirtækið styður einnig Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna og leggur sérstaka áherslu á markmið #3, 5, 12 og 13.

Árlega birtir Össur skýrslu sem inniheldur lykil framvindumælikvarða í fjórum þáttum sem er krafist samkvæmt alþjóðasáttmálanum; umhverfisþættir (environmental concerns), vinnuaðferðir (labor practices), mannréttindi (human rights) og vinna gegn spillingu (anticorruption).

Starfsfólk Össurar er einbeitt og metnaðarfullt og lætur sér annþ um að liðsinna þeim sem búa við fötlun. Einkunnarorð fyrirtækisins, Life without Limitations, eða Líf án takmarkana, er miklu meira en söluslagorð. Það er til marks um framtíðarsýn og leiðarljós allra í fyrirtækinu sem grundvallast á umhyggju fyrir fólki og áhuga á að bæta líf þeirra sem þess þarfnast. Starfsfólk Össurar trúir því að þar sem fyrirtækið er í fararbroddi á sviði framleiðslu stoð- og stuðningstækja, sé það skylda þess – auk þess sem það eru forréttindi – að styðja þá atvinnugrein sem það lifir og hrærist í og þjóna notendum og fagmönnum á allan þann máta sem unnt er.

Össur hugar einnig vel að umhverfismálum varðandi endurvinnslu og urðun á spilliefnum. Allt rusl er flokkað og endurunnið þar sem það á við. Þau efni sem ekki er hægt að endurvinna eða flokkast sem spilliefni er farið með á viðeigandi hátt og þeim fargað samkvæmt reglum um slík efni. Þess má geta að tæplega 60% af heildar orkunotkun fyrirtækisins er endurnýtanleg orka og kolefnisjöfnun fyrirtækisins er í auglýsingu.

Velta og hagnaður

Össur hefur farið úr því að vera lítið stoðtækjaverkstæði með eina vöru og örfáa starfsmenn í að skipa sér í fremstu röð í stoðtækjaframleiðslu á alþjóðamarkaði. Í dag er fyrirtækið með heildstæða vörulínu um 700 hátæknivara, sitt eigið dreifikerfi og 3500 starfsmenn í yfir 25 löndum. Velta fyrirtækisins hefur rúmlega 50-faldast frá árinu 1996 og hagnaðurinn margfaldast sömuleiðis.

Vöxtur fyrirtækisins hefur verið drifinn áfram af bæði innri- og ytri vexti en félagið hefur keypt yfir 50 erlend fyrirtæki síðan það var upphaflega skráð á hlutabréfamarkað. Söluvöxtur er einna helst drifinn áfram af hátæknivörum félagsins. Aukningu í EBITDA framlegð má rekja til aukinnar sölu á hátæknivörum, stærðarhagkvæmni, verkefna um aukna hagkvæmni í rekstri og gjaldeyrishreyfinga.



Unloader One® X spælkann eykur hreyfanleika með því að lina sársauka vegna slitgigtar í hné og rífa í liðþófa vegna hrömunar. Klínískar rannsóknir hafa sannað að hún bæði línar sársauka og eykur virkni hjá notendum og er sérstaklega hönnuð til að vera auðveld og fyrirferðarlítill við notkun.



Álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði



Álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði er stærsta álver landsins og hljóðar starfsleyfi þess upp á 360.000 tonna ársframleiðslu. Helstu framleiðsluvörur fyrirtækisins eru álhleifar, melmisstangir og álvírar sem eru meðal annars notaðir í háspennustrengi. Árið 2019 nam verðmæti útflutnings frá Fjarðaáli 81,4 milljörðum króna. Rúmlega 38% af útflutningstekjum fyrirtækisins urðu eftir í landinu, eða um 30,6 milljarðar króna, í formi opinberra gjalda, launa og innkaupa frá innlendum birgjum á vöru og þjónustu. Árið 2020 voru starfsmenn fyrirtækisins um 540 og þar af voru konur um 25% sem er hæsta hlutfall sem vitað er um í álveri. Til viðbótar störfuðu að jafnaði um 250 manns á vegum verktaka á álverssvæðinu. Því hafa um 800 manns beina atvinnu af álverinu og þá eru ótalin afleidd störf.

Aðdragandi og uppbygging álversins

Alþingi samþykkti lög um heimild til samninga um álverksmiðju á Reyðarfirði með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða vorið 2003. Samningar um byggingu álversins voru undirritaðir í mars árið 2003. Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun gerðu raforkusamning til allt að 40 ára. Meðal þess fyrsta sem Alcoa beitti sér fyrir var að setja í gang ásamt Landsvirkjun, svokallað sjálfbærniverkefni sem fólst í því að safna saman stórum hópi fólks með mismunandi sjónarmið og fá hann til að taka þátt í að móta mælikvarða til að mæla langtímaáhrif framkvæmdanna á umhverfi, samfélag og efnahag. Verkefnið stendur enn yfir og er aðgengilegt á www.sjalfbaerni.is. Ráðning starfsmanna hófst af fullum krafti árið 2006. Mikil áhersla var lögð á að ráða konur til starfa og haldnir voru fundir til að kynna störfín í álverinu fyrir konum á Austurlandi. Upphaflega stóð til að ráða 420 starfsmenn en árið 2020 var fjöldi starfsmanna kominn í 540. Gangsetning álversins hófst í apríl árið 2007 og ári síðar var framleiðslan komin á fullt skrið. Raforkan til álversins er flutt frá Fljótsdalsstöð eftir tveimur 220kV háspennulínunum sem eru hvor um sig rúmlega 50 kílómetra langar.

Álframleiðsla Fjarðaáls

Framleiðsla áls hjá Fjarðaáli byggir á samstarfi þriggja eininga: skautsmiðju, kerskála og steypuskála. Í skautsmiðju eru framleidd forskaut sem kerskáli nýtir í rafgreiningu til þess að bræða súrál og umbreyta í hreint ál. Hreint ál er síðan flutt úr kerskála yfir í steypuskála þar sem álið er stept í mót, annað hvort hreint eða blandað samkvæmt óskum viðskiptavina. Álið verður til með rafgreiningu í 336 kerum í tveimur 1.100 metra löngum kerskálum Fjarðaáls. Kerin eru úr stáli en fóðruð með eldföstum einangrunarefnum. Í kerunum eru baksaut úr kolefni. Yfirbygging hvers kers heldur uppi forbökuðum forskautum, sjálfvirkum skurnbrjótum og möturum fyrir súrál og álfúoríð.

Kerin eru höfð lokuð til að lágmarka hættuna á að gastegundir komist út í kerskálana. Gasið er sogað burtu með afsogskerfi og leitt til þurrhrensivirkja þar sem hreint súrál er notað til þess að hreinsa flúor úr gasinu áður það fer út í andrúmsloftið um reyksháf. Þurrhrensivirkið hreinsar meira en 99,8% af heildarflúor úr afsogslofti keranna. Flúorinn er endurnýttur í



Framhald á næstu opnu →

rafgreiningarferlinu þegar hann fer með súrálinu aftur ofan í kerin. Þegar ker eru opnuð er afsog aukið til að lágmarka það afgang sem sleppur út í kerskála og andrúmsloft en sérstakar verklagsreglur gilda um umgengni við ker. Fljótandi ál er flutt úr kerskála til steypuskála í sérstökum deiglum. Þar er álið blandað íblöndunarefnum eftir pöntun kaupenda og mótað í endanlega afurð sem flutt er á markað í Evrópu. Steypuskálinn er hannaður með sveigjanleika í huga svo hægt sé að bregðast skjótt við breytingum á markaði.

Til þess að framleiða ál með rafgreiningu þarf súrál, kolefni, raflausn og rafstraum. Súrál er efnasamband súrefnis og áls (Al₂O₃). Til að framleiða eitt tonn af áli þarf tvö tonn af súráli. Kolefnið kemur úr forskautum sem eru látin síga niður í raflausnina. Uppistaðan í raflausninni er kríólít eða natríumálflluoríð (Na₃AlF₆). Þegar sterkum rafstraumi er hleypt í gegnum skautin verður raflausnin um 960 gráðu heit og bræðir upp súrál sem skammtað er sjálfkrafa jafnt og þétt í kerid. Undir botni forskautanna gengur súrefni úr súrálinu í samband við kolefni úr skautunum og myndar loftkenndan koltvísýring (CO₂) sem fer út í andrúmsloftið. Eftir verður hreint ál sem tekur til sín rafeindir úr rafstraumnum og fellur til botns sem bráðinn málmur. Álið er svo soggð reglulega upp úr kerunum og flutt í deiglum yfir í steypuskálann. Fjarðaál framleiðir álvíra í rafmagnskapla, tíu kílóa melmisstangir úr sérstökum álblöndum fyrir bílaiðnað og 680 kílóa svokallaða hleifa úr hreinu áli. Afurðirnar fara allar í gáma og eru fluttar til Rotterdam í Hollandi þaðan sem þeim er dreift til viðskiptavina.

Árið 2019 notaði Fjarðaál tæplega 644.000 tonn af súráli til að framleiða um 335.000 tonn af áli. Til þess þurfti jafnframt um 4.839 gígawattstundir af raforku og 198.000 tonn af kolefnisforskautum sem voru flutt inn frá Noregi. Skautin brenna upp í kerunum að fjórum fimmtu hlutum en leifarnar af kolefninu eru hreinsaðar í skautsmiðjunni og sendar til Noregs þar sem þær verða aftur að nýjum skautum.

Umhverfi og öryggi

Alcoa Fjarðaál vinnur að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi sinni með markvissum aðgerðum og setur sér árlega metnaðarfull innri markmið í umhverfismálum. Fyrirtækið hefur frá því álfarið hóf rekstur staðið fyrir yfirgripsmikilli umhverfsvöktun í Reyðarfirði í samræmi við vöktunaráætlun sem er samþykkt af Umhverfisstofnun. Tilgangur umhverfsvöktunarinnar er að meta áhrif starfsemi álfversins á umhverfið í nágrenni þess. Viðmiðunarmörk í starfsleyfi fyrir losun eru lág og fyrirtækið hefur í öllum tilvikum verið innan þeirra marka. Í hreinsivirkjum kerskálanna tekst að fanga og endurnýta næstum allan flúor sem losnar úr raflausninni og hefði annars farið út í umhverfið.

Allt kælivatn frá iðnaðarferlum er hreinsað í vatnshreinsivirki og endurnýtt í steypuskála, en vatnsnotkun Fjarðaáls er með því lægsta sem þekkist innan Alcoa samstæðunnar. Yfirborðsvatn af iðnaðarlóð er leitt um settjarnir og þannig hreinsað áður en það rennur til sjávar. Alcoa Fjarðaál hefur þá sýn að hægt sé að endurnýta eða endurvinna allan úrgang og að urðun sé síðasti kostur. Fyrirtækið leggur áherslu á að leita leiða til að koma úrgangi





og spilliefnum frá framleiðslu til endurvinnslu, en markmið móðurfélagsins eru að árið 2030 fari engar aukaafurðir til urðunar.

Mikil áhersla er lögð á öryggi og heilsu starfsfólks og verktaka hjá Alcoa Fjarðaáli og eru þessi mál í forgangi ásamt umhverfismálum. Unnið er markvisst að því að lágmarka hættu á slysum, lágmarka mengun, efla heilsu fólks og stuðla að öruggu vinnuumhverfi. Í álverinu er heilsugæsla fyrir starfsmenn þar sem hjúkrunarfræðingur er í fullu starfi og læknir kemur reglulega.

Samfélagsáhrif á Austurlandi

Alcoa Fjarðaál telur að forsenda þess að treysta hag hluthafa og hagsmunaaðila liggja í góðum stjórnarháttum þar sem hlutverk og ábyrgð stjórnenda eru skýr. Fyrirtækið leggur áherslu á opið og virkt samtal við nærsamfélagið. Stjórnendur eiga í reglulegum samskiptum við hagsmunaaðila og funda með þeim um sameiginleg hagsmunamál.

Árið 2019 vörðu Alcoa Fjarðaál og Samfélagssjóður Alcoa (Alcoa Foundation) samtals tæpum 200 milljónum króna í styrki til hinna ýmsu samfélagsverkefna, fyrst og fremst á Austurlandi. Frá árinu 2003 hefur fyrirtækið varið samtals um 1,8 milljarði króna til samfélagsstyrkja af margvíslegu tagi.

Bygging álversins á Reyðarfirði skapaði ekki einungis störf í álverinu sjálfu. Önnur fyrirtæki nutu góðs af nálægðinni við álverið. Sem dæmi má nefna, þá sameinuðust sex austfirsk fyrirtæki undir heitinu Launafl, sem er fyrirtæki sem sér um viðhald og viðgerðir í álverinu. Þar starfa nú um 100 manns. Annað dæmi er fyrirtækið Fjarðaprif sem óx úr því að hafa einn starfsmann í tæplega fjörutíu.

Nánari upplýsingar um starfsemi Fjarðaáls er að finna í samfélagskýrslu fyrirtækisins sem er aðgengileg á alcoa.samfelagsskyrsla.is.







Flex viðarborð: Hönnuðir, Guðrún Margrét og Oddgeir.
Spuni stólar: Erla Sólveig Óskarsdóttir,
framleiðandi Á. Guðmundsson.



Dimon sófi: Hönnuður Erla Sólveig Óskarsdóttir, framleiðandi Á. Guðmundsson.

Á. Guðmundsson



Frá hægri: Sigmundur Ásgeirsson, rekstrarstjóri,
Ásgeir Guðmundsson, stofnandi, Guðmundur Ásgeirsson,
framkvæmdarstjóri og Ásgeir Haukur Guðmundsson,
fjármálastjóri.

Á. Guðmundsson ehf. var stofnað í janúar 1956 af hjónunum Maríu Sigmundsdóttur og Ásgeiri J. Guðmundssyni, húsgagnasmíðameistara að Eiríksgötu 9, Reykjavík í 40 fm húsnæði. Árið 1962 flutti fyrirtækið í 220 fm eigið húsnæði að Auðbrekku 10 í Kópavogi sem síðar var stækkað í 1.100 fm á þremur hæðum. Árið 1977 flutti Á. Guðmundsson í 1.450 fm húsnæði á einni hæð að Skemmuvegi 4 í Kópavogi, sem seinna var stækkað um 330 fm árið 1993. Á vormánuðum árið 1999 flutti Á. Guðmundsson að Bæjarlind 8-10 í Kópavogi í glæsilegt verslunar- og iðnaðarhúsnæði. Húsið er alls 3.240 fm að stærð og er öll starfsemi Á. Guðmundsson þar enn í dag.

Framleiðslan

Frá upphafi hefur verið lög mikil áhersla á íslenska hönnun og framleiðslu. Í fyrstu voru framleiddar ýmsar gerðir húsgagna hjá Á. Guðmundsson. Árið 1973 hófst framleiðsla skrifstofuhúsgagna. Þá voru húsgögnin hönnuð af Helga Einarssyni og síðar af Þorkeli G. Guðmundssyni. Um 1985 hófst framleiðsla á SERÍA skrifstofu- og skólahúsgögnum sem Sturla Már Jónsson hannaði. Nú í dag framleiðir Á. Guðmundsson FLEX skrifstofuhúsgögnin sem Guðrún Margrét Ólafsdóttir og Oddgeir Þórðarson hanna. Auk þess framleiðir fyrirtækið SPUNA og SPROTA fundar- og kaffistofuhúsgögn ásamt SPEKI skólahúsgögnunum. Þessar þrjár línur eru hannaðar af Erlu Sólveigu Óskarsdóttur. Einnig framleiðir Á. Guðmundsson FAXA fundarstóla sem eru hannaðir af Pétri B. Lútherssyni. Íslensk hönnun og handverk hefur verið okkar einkenni frá upphafi. Undanfarin ár hefur Á. Guðmundsson verið leiðandi í hönnun og framleiðslu á íslenskum skrifstofu- og skólahúsgögnum.

Mannauður

Hjá Á. Guðmundsson starfa nú um 20 manns. Framkvæmdastjóri er Guðmundur Ásgeirsson, rekstrarstjóri er Sigmundur Ásgeirsson, fjármálastjóri er Ásgeir H. Guðmundsson og stjórnarformaður er Ásgeir J. Guðmundsson. Á. Guðmundsson er fjölskyldufyrirtæki sem byggir á sterkum grunni þar sem íslensk hönnun og handverk er í fyrirrúmi.

Vörflokkar

Helstu vörflokkar: Skrifstofuhúsgögn, skrifborðsstólar, stólar og sófar, skóla- og leikskólahúsgögn og ýmis vara.

Við bjóðum úrval smávöru og fylgihluta sem auka þægindi og notagildi húsgagna okkar. Þar á meðal má nefna kapallok og -festingar til að auðvelda snyrtilegan frágang á snúrum, bakka undir skjöl og ritföng, skjáfestingar, borðhillur, fótskemla og læsingar á skúffur og hurðir. Á. Guðmundsson ehf. aðili að rammasamningi við Ríkiskaup.

Framúrskarandi fyrirtæki

Fyrirtækið hefur verið á meðal framúrskarandi fyrirtækja á lista Creditinfo árin 2013 til 2019.



Sproti á viðarfótum: Hönnuður Erla Sólveig Óskarsdóttir
framleiðandi, Á. Guðmundsson.



Starfsfólk - Bleikur október 2019.

Blikkrás

Blikkrás ehf. er stofnuð á Akureyri 1986 og hefur aðsetur þar. Blikkrás varð 35 ára 2. janúar 2021. Blikkrás er einkahlutafélag í eigu Odds Helga Halldórssonar og fjölskyldu hans. Blikkrás er í leiguhúsnæði að Óseyri 16, sem er um 788 fm. Húsnæðið er í eigu Fimmunnar fasteignafélags ehf. sem er í eigu sömu eigenda. Hjá Blikkrás starfa núna 13 manns. Framkvæmdastjóri er Oddur Helgi Halldórsson.

Starfsemin

Blikkrás ehf. hefur mikla reynslu í allri blikksmiðavinnu, hvort sem er loftræstikerfi, klæðningar, þjónusta eða almenn blikksmiði. Við höfum mikla reynslu í vinnu út um allt land, þó svo að Akureyri sé okkar höfuðvagi. Vélakostur er mjög góður og helstu vélar nýlegar, því mikið hefur verið endurnýjað undanfarin ár. Einnig erum við með vél sem býr til spirálrör, sem sparar mjög mikinn flutningskostnað frá Reykjavík. Blikkrás sinnir þjónustu og smíði fyrir fjöldan allan af byggingafyrirtækjum og einstaklinga. Töluvert stór hluti verkefna er „gangandi umferð“. Ekkert verkefni er of lítið, eða of stórt fyrir okkur.

Aðstaða og búnaður

Eigið húsnæði, 788 fm. Þar af 560 fm vinnslusalur. Um 220 fm er á tveimur hæðum. Á efri hæð er skrifstofa og rúmgóð starfsmannaaðstaða. Neðri hæð er með lofthæð um 3 m og er smíðasalur. Aðrir hlutar hússins eru með lofthæð frá 6-7 metrum. Í einum hluta hússins er hlaupaköttur 4 tonn. Allar helstu vélar, m.a spirálröravél, tölvustýrð plasmaskurðarvél, 3 tölvustýrðar beygjuvélar, og tölvustýrðar klippur, lásavél, suðuvél, vinnupallar. Öll almenn verkfæri. Stór flutningabíll með lyftu, 3 pallbílar, 5 lokaðir sendibílar. Fullkomin tækjabúnaður til loftmagnsstillinga, lofthraði, þrýstingur, magn, rakastig, hljóðmælir.

Viðurkenningar

Blikkrás hlaut jafnréttisviðurkenningu Akureyrarbæjar árið 2001
Viðurkenningu LAFÍ fyrir lofsamlegt lagnaverk árið 2003 fyrir Amtbókasafnið á Akureyri
Viðurkenningu LAFÍ fyrir lofsamlegt lagnaverk árið 2012 fyrir Menningarhúsið HOF

Helstu verkefni undanfarinna ára

PCC Bakki silicon - Loftræsting, klæðningar, uppsetning stálvirkis, kælikerfi, viðhald, endurnýjun, aðlögun. **TDK Becromal aflþynnuverksmiðja** - Loftræsting, klæðning lagna og tanka, viðhald. **Deplar lúxushótel, Fljótum** - Loftræsting, klæðningar. **Menningarhúsið Hof** - Loftræsting. **Listasafnið á Akureyri** - Loftræsting. **Landsvirkjun, Krafla, Bjarnarflag** - Loftræstingar og klæðningar. **Háskólinn á Akureyri** - Loftræsting. **Icelandair hotels Akureyri** - Loftræstingar.

Úr gæðastefnu fyrirtækisins

Að vera arðbært fyrirtæki þar sem skipulag, fagmennska og snyrtimennska er í fyrirrúmi. Öll aðstaða utandyra sem innan skal vera hrein og snyrtileg. Að starfsmönnum líði vel í vinnunni - Að vera fjölskylduvænt fyrirtæki þar sem jafnrétti til launa og atvinnu er í öndvegi, óháð kyni, litarhafti, trúarskoðun eða þjóðerni.



Höldum húsnæði og bílum snyrtilegum.



Blikkrás er á lönnaðarsafninu.



Smíðum rör í loftræstingar og steypuhólka.



Barki



Kristinn Valdemarsson og Erla Gerður Matthíasdóttir eigendur Barka ehf.

Barki ehf. er mörgum iðnaðarmanninum að góð kunnur og hefur frá árinu 1983 sérhæft sig í innflutning og sölu á allskyns slöngum, börkum og tengjum ásamt loft- og vökvabúnaði. Barki þjónustar fjölbreytt svið atvinnugreina og þar á meðal má nefna sjávarútveginn, landbúnaðinn og áliðnaðinn. Vöruúrvalið er mikið, eða yfir 23.000 vörunúmer. Barki er fjölskyldufyrirtæki í eigu Kristins Valdemarssonar og Erlu Gerðar Matthíasdóttur. Hjá Barka starfa 15 starfsmenn og þar á meðal tvö börn Kristins og Erlu. Margir starfsmenn Barka hafa langan starfsaldur innan fyrirtækisins og sumir hafa verið þar nánast frá upphafi.

Upphafið

Barki ehf. var stofnað snemma árs 1983 af þeim Kristni Valdemarssyni og Ólafi Þorsteinssyni ásamt konum þeirra Erlu Gerði Matthíasdóttur og Vilhelminu Þorsteinsdóttur. Verslunin var opnuð í 200 m² leiguhúsnæði á Nýbýlavegi 22 í Kópavogi og hefur verið þar allar götur síðan. Í upphafi var áherslan á innflutning á allskyns slöngum og tengjum. Ekki var mikið vöruúrval í byrjun og fyrstu slöngurnar seldust um leið og þær komu inn á gólf.

Kristinn og Ólafur þekktu markaðinn vel þar sem þeir störfuðu báðir hjá Landvéllum. Fljótlega voru þeir búnir að auka vöruúrval með allskyns slöngum, börkum, tengjum og fleiru. Aðeins síðar fóru þeir að selja vökva og loftbúnað. Næstu árin óx starfsemi Barka jafnt og þétt en árið 1988 tóku Kristinn og Erla alfarið við rekstrinum skildu þá leiðir hjá Kristni og Ólafi eftir fimm ára samstarf.

Í kjölfar þessara breytinga var haldið áfram að auka vöruúrval og kappkostað við að veita sem besta þjónustu ásamt því að bjóða gæða vöru, t.d. Fassi krana sem margir þekjka af bílum, skipum og bryggjum víða um land. Árið 1992 kaupir Barki fyrirtækið Vélvang sem sérhæfði sig í vörubílahlutum og juku þar með vöruflóru sína talsvert.

Árið 1997 opnaði Barki útibú í Hafnafirði til að auka þjónustu. En sú verslun brann ári eftir opnun. Ákveðið var að endurbyggja ekki þá verslun heldur halda sínu striki á Nýbýlaveginum. Upp úr aldamótum má segja að rekstur Barka hafi tekið að blómstra en þá hafði fyrirtækið bætt við sig lagerplássi og aukið vöruúrval svo um munaði. Í stað þess að leita að nýju og stærra húsnæði fyrir hinn ört stækkandi rekstur var brugðið á það ráð að fjárfesta í nærliggjandi húsnæði og halda Barka á sínum heimaslóðum.

Nútíminn

Barki er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði héraendis og veitir góða og örugga þjónustu. Samstarfs- og dreifingaraðilar um land allt telja nokkra tugi og vörur frá Barka eru notaðar í flestar stórframkvæmdir sem ráðist er í á Íslandi. Helstu verkefni eru að selja og veita ráðgjöf varðandi barka og slöngur í allan iðnað sem unnið er við héraendis. Í Barka starfa sérfræðingar í slöngusmiði og smíða þeir slöngur fyrir loft, vatn, bremsur, eldsneyti, matvæli og margt annað í þúsunda tali árlega. Úrval vökvabúnaðar er einnig umtalsvert.



Slöngusmiði er einn af stærri þáttum fyrirtækisins.



Mikla nákvæmni þarf við að pressa enda á slöngur.



Fassi umboðið er flaggskip Barka ehf.

Framtíðin

Árið 2016 opnaði Barki nýja og glæsilega verslun í Dalbrekku 21 í Kópavogi og er lagerhúsnæði Barka orðið um 3160 fermetrar. Með tilkomu nýrrar verslunar og aukins lagerrýmis hefur skapast grundvöllur fyrir enn betra og fjölbreyttara vöruúrvali og mun Barki halda áfram á þeirri braut að hlusta á og þjóna þörfum viðskiptavina sinna. Barki hefur verið á lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki frá upphafi og á síðast liðnum 36 árum staðið af sér allar þær lægðir og öldu dali sem íslenskt efnahagslíf hefur haft upp á að bjóða og stendur nú traustum fótum með mikið vöruúrval til þjónustu fyrir iðnað og einstaklinga um ókomin ár.



Lagerhillur Barka fylla fleiri hundruð kílómetra af slöngum.



Emill Kristmann, framkvæmdastjóri hefur m.a. umsjón með reikningagerð, tilboðsútreikningum og gæðaeftirliti.



Sævar Jónsson við störf í nýja fjölkloknum.

Blikksmiðja Guðmundar



Ómar Bergmann Lárusson, blikksmiðameistari hóf störf hjá fyrirtækinu árið 1979, Ómar lést þann 8. september 2020.



Ingi Björn, blikksmiður að störfum.

Blikksmiðja Guðmundar ehf. var sett á legg þann 1. apríl árið 1975. Nafnið er dregið af stofnandanum Guðmundi Jens Hallgrímssyni, blikksmiðameistara fæddum á Akranesi árið 1941. Núverandi aðsetur að Akursbraut 11b var tekið í notkun árið 1992 en árið 2016 flutti hluti starfseminnar yfir í næsta hús og telur nú heildar umfang fyrirtækisins á fimmta hundrað fermetra húsnæðis. Eigandi Blikksmiðju Guðmundar er Sævar Jónsson, blikksmiðameistari. Hann hóf störf hjá fyrirtækinu árið 1996 og hafði þá áður unnið hjá Blikksmiðnum hf. í Reykjavík í ein 10 ár og lært sína iðn þar. Sævar keypti síðan blikksmiðjuna af Guðmundi í upphafi ársins 2007 og rekur hana í dag. Árið 2013 lauk sonur Sævars, Emil Kristmann, námi í viðskiptafræði frá Birmingham-Southern College í Alabama og var fastráðinn í starf aðstoðarframkvæmdastjóra en hann hafði starfað hjá Blikksmiðju Guðmundar sem sumarafleysingamaður frá sumrinu 2007. Emil lauk MCF prófi á meistarastigi í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík árið 2015 og gegnir hann nú stöðu framkvæmdastjóra.

Starfsemin

Það má segja að lykillinn að farsælli vegferð blikksmiðjunnar í dag sé tilvera Elkem á Grundartanga og álvers Norðuráls á sama svæði, en stór hluti af rekstrinum fer í að þjónusta þessi tvö fyrirtæki. Aðrir stórir viðskiptavinir, eru Ríkiseignir, BM Vallá og Akraneskaupstaður. Að öðru leyti nær þjónustusvæðið um allt suðvesturhorn landsins og í því tilliti hefur fyrirtækið t.d. tekið að sér uppsetningu stórra loftræstikerfa í Hótel Skugga á Hverfisgötu og nýrri þjónustumiðstöð Kaupfélags Borgfirðinga í Borgarnesi. Blikksmiðja Guðmundar ehf. er vel tækjum búin til að taka að sér verk af öllum stærðargráðum. Á smiðjugólfinu er t.d. nýbúið að taka í notkun afar fullkominn fjölklok frá ítalska framleiðandanum Euromac. Slík undratöl hafa ekki síst nýst vel þegar inna þarf af hendi sérsmiði af ýmsum toga eða fjöldaframleiðslu á einstaka hlutum. Upp á síðkastið hefur fjölklokurinn framleitt skúffur í forsteyptar einingar hjá BM Vallá Smellinn og hlífðarlista í plötufrysta frá Skaganum 3X.

Starfsmenn og framtíðarmarkmið

Hjá Blikksmiðju Guðmundar starfa í dag, að jafnaði 10 manns. Meðaltalsvelta á ársgrundvelli er á bilinu 200-250 milljónir króna og hefur það verið haft að markmiði að lækka langtímaskuldir félagsins jafnt og þétt. Sú vinna er byrjuð að skila árangri en árið 2018 var til að mynda í fyrsta sinn í sögu fyrirtækisins sem Blikksmiðja Guðmundar var á lista Creditinfo yfir Framúrskarandi Fyrirtæki. Miklar tækninýjungar hafa orðið á loftræstibúnaði undanfarin ár og hefur fyrirtækið gætt þess að starfsmenn þess hljóti reglulega endurmentun á þeim sviðum til þess að geta boðið hagkvæmstu lausnir sem völ er á hverju sinni, sem skilar sér í auknum endingatíma og minni viðhaldskostnaði.

Vefsíða: blikkgh.is



Hófurinn.



Máni.



Lambi.

Bólstursmiðjan

Bólstursmiðjan slf. var stofnuð árið 2010 af Sigurjóni Kristensen, húsgagnabólstrara og er hann einn eigandi fyrirtækisins. Fyrirtækið var upprunalega til húsa við Hamraborg í Kópavogi en árið 2012 flutti fyrirtækið í Síðumúla 33, Reykjavík, þar sem það er enn til húsa. Árið 2014 tekur Sigurjón einnig við Leðurverkstæði Reykjavík ehf. sem áður hét Leðurverkstæði Víðimel 35 og var starfrækt í tugi ára og vel þekkt fyrir skólatöskur, axlabönd, belti o.fl. og er enn í framleiðslu á þessum vörum í dag. Leðurverkstæði Reykjavíkur er starfrækt í sama húsnæði og Bólstursmiðjan.

Sagan

Sigurjón hóf nám við iðnina árið 1985 hjá Sveini Halldórssyni, húsgagnabólstrara og hefur því rúmlega 30 ára reynslu í faginu. Á þessum árum vann Sigurjón við bólstrun antíkhúsgagna, bíla, báta, flugvéla innréttingar og teppalögn, almenna endurbólstrun og nýsmíði. Sigurjón starfaði við framleiðslu húsgagna hjá Öndvegi og G.Á. húsgögnum. Eftir langt samstarf með hönnuðum hóf hann eigin rekstur Bólstursmiðjunnar slf. og leggur fyrirtækið áherslu á bólstrun á nýsmíði í húsgagnaiðnaði, mætti nefna samstarf við Sýrussón ehf. Erlu Sólveigu, Þorstein Mána og Maríu í Frumkvöðlasetri Borgarness o.fl. Árið 2013 tók hann þátt í nýsmíði á stólum HÓFURINN, stóll og skammel (sjá sögu stólsins á www.hofurinn.is) sem er hannaður af Jóhanni Ingimarssyni (Nóa) árið 1970. Nói framleiddi eingöngu einn stól en 2013 gerðu Þorsteinn Máni og María mót af grindinni úr trefjaplasi og sá Bólstursmiðjan um bólstrun á þessum einstaka stól. Í dag er eingöngu til 3 fullgerð eintök af stólnum.

Mannauður

Starfsmenn Bólstursmiðjunnar eru þrír talsins en ásamt Sigurjóni starfa þeir Már Halldórsson og Páll Valsson hjá fyrirtækinu. Már Halldórsson er menntaður smiður en Páll Valsson er menntaður húsgagnabólstrari

Sérstaða

Bólstursmiðjan slf. sérhæfir sig í almennri bólstrun frá grunni en einnig viðgerð og endurbólstrun húsgagna.

Leðurverkstæði Reykjavík ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á töskum, beltum, axlaböndum o.fl.



Sigurjón Kristensen, eigandi.



Ýmsar vörur.



Eigendur. Frá vinstri; Einar Egilsson, Jóhann Helgason, Guðmundur Ingimundarson og Eyjólfur Ingimundarson.

Blikksmiðjan Vík

Blikksmiðjan Vík 36 ára

Blikksmiðjan Vík var stofnuð 3. september árið 1985 af sex vöskum mönnum í kjölfar þess að Blikksmiðjan Vogur varð gjaldþrota. Ástæðan fyrir gjaldþrotinu var sú að verkefnastaða smiðjunnar hafði breyst skyndilega og í kjölfarið var ekki séð fram úr áframhaldandi rekstri hennar. Ekki var liðinn mánuður frá því að Blikksmiðjan Vogur varð gjaldþrota að sexmenningarnir sem stóðu að stofnun Blikksmiðjunnar Víkur, sem flestir tengdust fjölskylduböndum, færu af stað á ný af miklum krafti við að byggja upp nýja öfluga blikksmiðju. Það atvikaðist með þeim hætti að verkkaupar sem þekktu til sexmenninganna höfðu samband við Eyjólf Ingimundarson og óskuðu eftir því að þeir myndu taka við því verki sem Vogur hafði unnið að við uppsetningu loftræstikerfa. Úr varð að stofnað var til nýs fyrirtækis og er Vík enn starfandi með miklum sóma í dag. Fjöldi starfsmanna á upphafsárunum var 11 ásamt eigendum sem allir komu frá Blikksmiðjunni Vogu og voru þeir starfsmenn hjá Vík um langa hríð frá stofnun. Blikksmiðjan Vík er því, árið 2021, á sínu 36. rekstrarári. Vefsíða: blikkvik.is.

Sagan

Saga Blikksmiðjunnar Víkur er svo löng að hér verður aðeins stiklað á stóru. Fyrstu mánuðina var Vík starfrækt í húsnæði Vogs sem Vík leigði af þrotabúi Vogs. Í desember 1985 flutti Vík sig um set í leiguhúsnæði á Smiðjuveg 18. Loks var fjárfest í framtíðarhúsnæði 10 árum síðar, árið 1995, þegar starfsemin fluttist að Smiðjuvegi 42. Stofnuðu þeir félagar fyrirtækið Húsavík ehf. utan um kaup á nýja húsnæðinu sem er, 300 fm efri hæð og kjallari sem var leigður út í skamman tíma. Félagið festi svo kaup á 240 fm efri hæð aðliggjandi nr. 40 og þar er smiðjan er enn til húsa.

Rekstur

Eignir blikksmiðjunnar Víkur eru allar skuldlausar en sú stefna var tekin snemma að fyrirtækið myndi ekki skuldsetja sig þegar kæmi að fjárfestingu í bílum, búnaði, vélum og verkfærum eða öðrum tækjum sem starfsemin þarfnaðist. Þannig er það og hefur ætíð verið hjá smiðjunni, þ.e. að reksturinn er tryggður fram í tímann og öryggi starfsmanna smiðjunnar ætíð fyrir brjósti borið.

Starfsemin

Stór hluti starfsemi Víkur hefur ávallt verið fólgin í smíði og umsjón með uppsetningu loftræstikerfa í stórfyrirtækjum, m.a. í lyfjaiðnaði, sjávarútvegi og álverum sem og uppsetning loftræstibúnaðar í íbúðarhúsum og iðnaðareldhúsum, mótuneytum, baðherbergjum o.fl. Vík hefur verið leiðandi í framleiðslu loftræstibúnaðar og hlotið viðurkenningar á því sviði. Þá hefur Blikksmiðjan Vík alltaf kappkostað að uppfylla ýtrustu kröfur og mæta óskum viðskiptavina sinna eins vel og mögulegt hefur verið. Loftræstingar eru margbreytilegar eftir



Allir starfsmenn. Frá vinstri: Einar Egilsson, Guðmundur Ingimundarson, Sigurður Stefánsson, Bjarni Kr. Ámundason, Garðar Grétarsson, Borgþór Jónasson, Atli Einarsson, Zdravko Ristic, Alex Orri Jóhannsson, Dubravko Gregoric, Elvar Jóhannsson, Egill Jónsson, Eyjólfur Ingimundarson og Jóhann Helgason. Á myndina vantar Magnús Weber, Halldór Kr. Guðmundsson og Phillip Godin.

þörfum viðkomandi húsnæðis og aðstæðna innifyrir og fyrirtækinu hefur farsælega tekist að mæta þeim þörfum og kröfum, allt frá fyrsta degi til dagsins í dag.

Blikksmiðjan Vík sér einnig um margskonar viðhald sem tengist loftræstikerfum eins og síuskiptum og stillingum sem auka loftgæði o.þ.h. Þá hefur starfsemi blikksmiðjunnar einnig verið fólgið í fjölbreyttum verkefnum tengdum utanhússklæðningum, m.a. panelklæðningum, pönnuklæðningum, báruklæðningum, sléttplötuklæðningum og læstum þakklæðningum. Blikksmiðjan Vík er vel tækjum búin og tilbúin til að takast á við önnur fjölbreytt verkefni og sérsmiði; s.s. á hitaveituskápum, gasskápum, þakrennum, þaktúðum, niðurföllum á svölum og fjölbreyttum lausnum í munstruðum klæðningum með fjölklokk.

Á tímum góðærisins svokallaða, þ.e. á árunum fyrir bankahrunið, höfðu fjármálastofnanir samband við Blikksmiðjuna Vík og buðu lán fyrir tækjakaupum. Í þá daga tókast það að skuldetja fyrirtæki fyrir tækjakaupum og öðrum þeim skammtíma fjárfestingum sem tengdust verkefnum. Eigendur Blikksmiðjunnar Víkur tóku þó frekar þá ákvörðun að staðgreiða, bæði vélar og tæki. Það skilaði sér í því að þegar bankarnir féllu stóð fyrirtækið af sér bankahrunið og vel það. Og við tóku verkefni hjá Vík sem aldrei fyrr því þrátt fyrir fjármálahrunið var mikið að gera fyrir verkkaupa sem Vík hefur starfað með nærri öll þau ár sem blikksmiðjan hefur verið starfandi. Svo mikið var að gera að á tímabili þurfti að vinna á vöktum allan sólarhringinn. Starfsmenn eru 17 með eigendum.

Framtíðarsýn og eigendur

Framtíðin er björt hjá Blikksmiðjunni Vík, fyrirtækið stendur vel og verkefnastaða þess er með ágætum. Fyrirtækið hefur frá árinu 2017 hlotið viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri og frá árinu 2018 hlotið frá Creditinfo viðurkenninguna Framúrskarandi fyrirtæki. Áfram verður metnaður lagður í vönduð og nákvæm vinnubrögð og ábyrga stjórn fyrirtækisins.

Stofnendur Blikksmiðjunnar Vík í september árið 1985 voru; Einar Egilsson blikksmiðameistari, Eyjólfur Ingimundarson blikksmiðameistari, Guðmundur Ingimundarson blikksmiðameistari, Jóhann Helgason nemi, Jón Jóhannsson tækniteiknari og Pálmi Helgason blikksmiður.

Tveir stofnendanna, Jón Jóhannsson og Pálmi Helgason, fóru úr eigendahópnum á sínum tíma. Pálmi Helgason hætti 1989 og Jón Jóhannsson árið 2003.

Stofnár 1985

Eigendur eru Einar Egilsson, Eyjólfur Ingimundarson framkvæmdastjóri, Guðmundur Ingimundarson og Jóhann Helgason verkstjóri.



Farfuglaheimili í Bankastræti.



Framkvæmdir við breytingar á Korputorgi fyrir Mylluna.

Blikksmiðurinn



Eigendur, frá vinstri: Guðmundur Jónsson, Valdimar Þorsteinsson, Karl Hákon Karlsson og Ágúst Páll Sumarliðason.

Blikksmiðurinn hf. var stofnaður í maí 1985 og varð því 35 ára árið 2020. Fyrsta aðsetur fyrirtækisins var í 300 fm leiguhúsnæði að Vagnhöfða 16. Reksturinn gekk vel og haustið 1988 var ráðist í að byggja nýtt og stærra húsnæði að Vagnhöfða 10 sem hentaði vaxandi rekstri betur. Fyrirtækið óx og dafnaði enn frekar og hóf innflutning á vörum og búnaði fyrir loftræsingar bæði til eigin nota sem og endursölu til annara fyrirtækja sem er einn af hornsteinum fyrirtækisins enn þann dag í dag. Vaxandi starfsemi kallaði á stærra húsnæði auk stærra athafnasvæði utandyra. Flutt var í nýtt 1700 fm húsnæði að Malarhöfða 8, haustið 1996 sem er aðsetur fyrirtækisins í dag. Fyrstu árin var hluti húsnæðis leigður út en eftir því sem árin liðu var meira af húsnæði tekið undir eigin starfsemi. Að vori árið 2000 var síðan ráðist í að byggja 300 fm vörugymslu til að hýsa innflutning ásamt því að hýsa almenna starfsemi. Fyrirtækið er í dag rekið í 2000 fm húsnæði að Malarhöfða 8, auk 300 fm lagerhúsnæðis í Kópavogi. Núverandi eigendur sem hafa rekið fyrirtækið frá vori 2005, eru: Karl Hákon Karlsson Byggingatæknifræðingur, framkvæmdastjóri, Valdimar Þorsteinsson, Guðmundur Jónsson og Ágúst Páll Sumarliðason. Allir eigendur eru Blikksmiðir að mennt. Allir eigendur eiga sér langa sögu með fyrirtækinu og starfa við það, Guðmundur og Valdimar hófu störf síðsumars 1985, Karl á vormánuðum 1986 og Ágúst um haustið 1998.

Starfsemin

Aðalstarfsemi fyrirtækisins er og hefur verið fjölþætt, nýsmíði loftræsikerfa, viðhald og þjónusta loftræsikerfa, smíði á utanhússklæðningum ásamt allri almennri blikksmiði ásamt uppsetningu og hönnunar stjórnbúnaðar loftræsikerfa. Fyrirtækið er í dag deildaskipt, þ.e. framleiðsludeild, þjónustudeild, tæknideild og rafmagnsdeild. Hefur þáttur þjónustu- og rafmagnsdeilda farið ört vaxandi undanfarin ár. Auk þessa á Blikksmiðurinn hf. dótturfyrirtæki starfandi í sömu grein sem er Blikk ehf. á Selfossi. Blikksmiðurinn hf. hefur frá byrjun lagt ríka áherslu á að hafa á að skipa hæfu starfsfólki ásamt góðum tækjabúnaði. Lögð hefur verið áhersla á að sinna menntun nýrra starfsmanna, styðja við iðnnám í stéttinni, útskrift nýsveina ásamt endurmenntun starfsmanna. Á fjórða tug blikksmiðasveina hafa lokið námi sínu hjá Blikksmiðnum hf. og núna vorið 2021 eru tveir rafvirkjar að útskrifast frá rafmagnsdeild fyrirtækisins með sveinspróf í rafvirkjun sem er lýsandi fyrir þróun Blikksmiðsins hf. Vél- og tækjabúnaður hefur verið í örri þróun hjá fyrirtækinu undanfarin ár. Í dag er Blikksmiðurinn hf. í fremstu röð iðnfyrirtækja á sínu sviði og hefur yfir að ráða nýjum og afkastamiklum vélum til að smíða stokka, spírórör og spírófittings ásamt tækjum og búnaði til að klippa og forma plötuefni til klæðninga. Árið 2015 urðu ákveðin straumhvörf í rekstrinum þegar fest voru kaup á sjálfvirkri vélasamstæðu til að smíða kantaða stokka frá Spiro í Sviss, þessu fylgdi innflutningur á plötuefni í rúllum og vinnsla innan dyra gjörbreyttist ásamt því að nýting hráefna batnaði til muna og er í dag á borð við það besta sem þekkist hérlendis. 2017 voru síðan fest kaup á vél til framleiðslu á spíralvöfðum rörum

Kjörorð

Kjörorð Blikksmiðsins eru „**þekking, færni, þjónusta**“ okkar skilningur á þeim er: **Við þekkjum okkar fag og leggjum áherslu á að fylgjast með nýjungum á okkar sviði til að viðhalda þekkingunni, við höfum færni til að leysa þau verkefni sem við tökum að okkur bæði tæknilega og faglega, við erum þjónustufyrirtæki og reynum að leysa þau verkefni sem við tökum að okkur á hagstæðan hátt fyrir viðskiptavininn með því að beita þekkingu og færni.**



Gróðurhúsið Mathöll Hveragerði.



Framkvæmdir við Búrfell 2 virkjun.

Þannig að öll framleiðsla á stökkum og rörum er innan veggja fyrirtækisins í stað erlendra innkaupa. Innflutningur bæði til eigin nota og einnig til endursölu til annara fyrirtækja hefur einnig aukist og er töluverður hluti starfseminnar, fyrirtækið flytur inn um 90% af vörum til eigin rekstar. Blikksmiðurinn hf. er með á lager allar helstu hluti í loftræsikerfi, þ.m.t. loftræsismstæður, blásara, hitaelement, rakataeki, kælitæki, hitablásara, loftristar og stjórnæki. Frá upphafi hefur verið kappkostað að eiga gott samstarf við bæði innlenda og erlenda birgja. Hjá Blikksmiðnum hf. hefur frá byrjun verið starfrækt tæknideild sem veitir viðskiptavinum ráðgjöf um hagstæðustu lausnir hverju sinni. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í alverktöku á loftræsikerfum, þ.e. „turn key“ verkefnum sem samstanda af hönnun, skilum gagna til byggingaryfirvalda, uppsetningu kerfa ásamt raftengingu og stillingum. Blikksmiðurinn hf. hefur frá upphafi gert viðskiptavinum föst tilboð í verkefni þeim að kostnaðarlausu. Sá hluti hefur einnig farið ört vaxandi undanfarin ár.

Helstu verkefni undanfarinna ára

Korputorg: loftræsing sem þjónar Myllunni og Frón, Thor Data Center: kælikerfi fyrir 1, 2 MW, Reykjavíkurborg: viðhald við fasteignir Reykjavíkurborgar frá 2005, þjónustusamningar um 60% af eignum borgarinnar. Alvogen: loftræsing lyfjaverksmiðju, Búðarhálsvirkjun: loftræsing, Búrfellsvirkjun II: loftræsing, Klettaskóli: loftræsing, Sjúkrahótel við Landsspítalann: Bream vottað verkefni, loftræsing og klæðningar, Menntaskólinn við Sund: loftræsing, Dalskóli, allir áfangar: Bream vottað verkefni, loftræsing, Einholt/Þverholt byggðakjarni Búseta: loftræsing, Elliðabraut 16-22: loftræsing fjölbýlishúsa, tímamótaverkefni varðandi loftræsingu fjölbýlishúsa með innsteyptar lagnir og loftræsismstæðu fyrir hverja íbúð, Urðarhvarf 8: loftræsing, Reitir fasteignafélag: hönnun og endurnýjun loftræsinga í eftirfarandi byggingum: Suðurlandsbraut 24 (umhverfsvottað verkefni fyrir Umhverfisstofnun), Skaftahlíð 24, skrifstofur Landsspítalans, 3. hæð Kringlunnar, H&M Kringlunni, Hagkaup Kringlunni, Eiríksgata 8, göngudeildir Landsspítalans.

Lykiltölur úr rekstri

Starfsmannaföldi Blikksmiðsins hf. án dótturfélaga hefur verið um 50 manns undanfarin ár, meðalvelta undanfarinna ára hefur verið um 1.100 milljónir. Fyrirtækið hefur verið í hópi fyrirmyndarfyrirtækja Creditinfo frá 2014.

Umhverfismál

Blikksmiðurinn hf. leggur áherslu á að lágmarka umhverfisáhrif framleiðslu sinnar, að framleiðslan uppfylli kröfur um umhverfi, heilnæmi, gæði og virkni, að stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu þess úrgangs sem til fellur í framleiðslunni, að tæki og búnaður uppfylli ströngustu kröfur um lágmarks orkunotkun og nýtingu hráefna, að uppfylla allar kröfur sem settar eru í gildandi lögum og reglugerðum.



Gróðurhúsið Mathöll Hveragerði.



Framkvæmdir við Búrfell 2 virkjun.



Kísilmálmur sem Elkem Ísland framleiðir fer í rafmagnsstál sem bætir orkunýtingu rafmótora, t.d. í rafbílum og vindmyllum og er hann mikilvægur fyrir orkuskipti heimsins.

Elkem Ísland



Alfheiður Ágústsdóttir, forstjóri.

Elkem Ísland er kísilmálmverksmiðja á Grundartanga við Hvalfjörð. Hjá fyrirtækinu starfa um 170 einstaklingar og eru 85% starfsfólksins búsett í nærliggjandi sveitarfélögum. Framleiðsla Elkem á Íslandi hófst árið 1979 þegar fyrsti ofninn var ræstur, en annar ofninn var ræstur ári seinna. Árið 1999 var þriðji og síðasti ofninn tekinn í gagnið. Elkem Ísland einsetur sér heiðarleika og vill stuðla að stöðugum framförum gagnvart því jafnvægi sem ríkja þarf á milli þess að nýta og vernda náttúruauðlindir. Elkem Ísland hefur sett það markmið að starfsemin verði með öllu kolefnishlutlaus eigi síðar en árið 2040 sem þýðir jafnframt að Elkem Ísland verður fyrsta kolefnishlutlaus kísilmálmverksmiðjan í Evrópu. Heimasíða félagsins er www.elkem.is.

Kísilmálmur þjónar bættri orkunýtingu og orkuskiptum

Elkem Ísland framleiðir og selur kísilmálm (sem í daglegu tali er kallað FeSi eða kísiljárn) með um 75% kísilinnihaldi sem blandaður er með járn og öðrum frumefnum. Málmurinn er sérhæfður til íblöndunar í stáliðnaði og í járnsteypu og sérsníðir fyrirtækið framleiðslu sína fyrir viðskiptavinum um allan heim og framleiðir nú um 170 mismunandi tegundir af málm. Fyrirtækið notar vistvæna vatnsaflsorku við framleiðslu sína og er framleiðslan bæði vottuð samkvæmt gæðastjórnunar- og umhverfisstjórnunarstöðlum. Megnið af málminum fer í rafmagnsstál og annan búnað sem bætir orkunýtingu rafmótora, t.d. í rafbílum og vindmyllum. Þannig er framleiðsluvara Elkem Íslands mikilvæg fyrir orkuskipti heimsins, m.a. til þess að sporna við hnattrænni hlýnun. Starfsfólk Elkem Ísland eru því þátttakendur í að ná fram heimsmarkmiðum á sviði loftlagsmála.

Markaðshlutdeild heimsframleiðslu nærri 15%

Markaðshlutdeild Elkem Ísland á sviði sérvöruframleiðslu íblöndunarefna fyrir rafmagnsstál er eftirtektarverð eða um 12-15% af allri heimsframleiðslunni af þessari gerð kísilmálm. Þó svo að vörur félagsins sé hinum almenna neytanda um allan heim ekki sýnileg þá birtist hún þeim engu að síður í formi flestra tegunda rafmagnsbíla, heimilistækja með A+ (eða hærra) orkunýtingarstuðul, vindmyllum sem framleiða endurnýjanlega orku o.s.frv. Allt eru þetta vörur sem nauðsynlegar eru til að ná loftlagsmarkmiðum þjóða heims og undirstrikar því hlutverk starfsfólks Elkem Ísland í þeim orkuskiptum sem nú eiga sér stað.

Orkuendurvinnsla sem samsvarar notkun 60 þúsund heimila


Starfsemi Elkem Ísland losar umtalsvert af varma við framleiðslu kísilmálm. Hægt er að nýta varman sem glatast til að framleiða um 25 MW af rafmagni sem er um 20% endurheimt á notuðu rafmagni sem samsvarar notkun um 60 þúsund íslenskra heimila. Áformuð er orkuendurvinnsla á Grundartanga en með tilkomu hennar mun flutningskerfið styrkjast, draga mun úr orkutapi og færi á bættri nýtingu frá virkjunum landsmanna munu skapast. Orkuendurvinnsla á Grundartanga getur haft í för með sér aukna verðmætasköpun án nýrra



Hjá Elkem Ísland starfa 170 einstaklingar og eru 85% starfsfólksins búsett á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit.

Framhald á næstu opnu →

virjunarkosta. Þetta gæti verið fyrsta skrefið í gerð fjölnýtingaklasa á Grundartanga þar sem fyrirtæki færa sér í nyt ónýttar aukaafurðir annarra fyrirtækja til verðmætasköpunar. Hér eru á ferðinni mjög áhugaverð áform sem munu auka sjálfbærni á svæðinu og leiða til tækifæra við frekari úrvinnslu afurða og nýsköpunar.



Fyrirhuguð orkuendurvinnsla eykur sjálfbærni og nýttir ónýttar aukaafurðir til verðmæta- og nýsköpunar



Starfsfólk Elkem Ísland gegnir stærra hlutverki við að ná loftslagsmarkmiðum en flestir gera sér grein fyrir.



Fólk að störfum.

Traustur vinnustaður

Elkem Ísland er traustur og eftirsóknarverður vinnustaður. Áherslur fyrirtækisins er að hafa fjölbreytileikann að leiðarljósi. Hjá Elkem starfa einstaklingar með mismunandi hæfileika, áherslur og bakgrunn og hefur það skilað Elkem góðum árangri ásamt því að styðja við gildi fyrirtækisins um stöðugar framfarir. Elkem Ísland leggur mikla áherslu á aðbúnað starfsfólks og öryggi þess ásamt sterki fyrirtækjamenningu, hollustu, þjálfun og fræðslu. Stór hluti starfsfólks hefur unnið hjá fyrirtækinu í yfir 20 ár og hafa nokkrir náð 40 ára starfsaldri, en þeir voru við störf þegar verksmiðjan hóf rekstur. Elkem Ísland starfrækir skóla fyrir starfsmenn sem spannar þrjár annir og er yfirgripsmikið nám um rekstur og tækni í kísilmálsframleiðslu. Sátt og heilindi gagnvart starfsmönnum, samfélaginu og umhverfinu eru í hávegum höfð og stuðlað er að opnum og heiðarlegum samskiptum innan fyrirtækisins, sem sést til dæmis á því að Elkem Ísland var eitt fyrsta fyrirtækið í sinni grein sem hlaut jafnlaunavottun. Elkem Ísland hefur vinnubrögð straumlínustjórnunar að leiðarljósi sem miðar að því að skilgreina fagleg vinnubrögð, gera áskoranir sýnilegar og draga úr sóun í ferlum með því að efla starfsfólk við úrlausn vandamála. Þannig finnur starfsfólk sjálfbærar lausnir sem er sérstaklega mikilvægt þegar kemur að umbótum í umhverfismálum sem þurfa að vera varanlegar. Fyrirtækið vinnur þess vegna markvisst að því að allar lausnir séu ekki einungis jákvæðar fyrir umhverfið heldur hafi einnig jákvæð fjárhagsleg áhrif og festist þar með í sessi.

Traustur bakhjarl – viðtækt viðskiptanet

Elkem Ísland er hluti af Elkem ASA samsteypunni sem er 115 ára gamalt norskt tækni- og nýsköpunarfyrirtæki. Elkem er, og hefur verið um langt skeið, einn af helstu framleiðendum kísilafurða á heimsvísu og er leiðandi í þróun sjálfbærra, umhverfsvænna lausna á því sviði. Viðskiptanet fyrirtækisins er mjög viðtækt. Nú eru framleiðslufyrirtæki Elkem 27 talsins, rannsóknarsetrin 13 og félagið rekur starfsemi í yfir 30 löndum. Hjá Elkem-samsteypunni starfa í dag um 6.200 einstaklingar og þar af starfa 450 manns í fullu starfi við rannsóknir og þróun. Elkem ASA er í dag í eigu China National Bluestar. Elkem ASA er framsækið fyrirtæki og hefur komið upp orkuendurvinnslu í mörgum af þeim verksmiðjum sem fyrirtækið rekur og nú síðast í Elkem Salten í Norður Noregi.



Viðskiptanet Elkem er viðtækt - 27 framleiðslufyrirtæki og 13 rannsóknarstofur í 30 löndum.



Vistvæn vatnsaftsorka er notuð við framleiðslu á kísilmálm.



Eyjablikk



Stefán Þór Lúðvíksson, eigandi og blikksmiðameistari.



Friðrik Björgvinsson, framkvæmdastjóri.



Eyjablikk ehf. var stofnað í apríl 1997 af Ísloft blikk- og stálsmiðju ehf. og Stefáni Þ. Lúðvíkssyni þegar sá síðarnefndi ákvað að flytja til Vestmannaeyja og var markmiðið með stofnuninni að Stefán hefði eitthvað við að gera eftir flutning sinn til Eyja.

Sagan

Ísloft átti nokkrar vélar sem ekki voru í notkun hjá fyrirtækinu og þótti tilvalið að þær færu til Eyja til brúks í nýju smiðjunni. Í upphafi átti Stefán að fá verkefni frá Íslofti til að reksturinn gæti nú gengið, enda ekki vitað um þörfina fyrir fyrirtækið í Vestmannaeyjum. Fljótlega kom þó í ljós að þörfin var fyrir hendi og Eyjamenn tóku fyrirtækinu opnum örmum, bæði fyrirtæki og einstaklingar, en einungis var um eitt smiðaverkefni að ræða sem flutt var frá höfuðborginni til að halda starfsemi gangandi á upphafsárinu.

Aðsetur og starfsfólk

Eyjablikk ehf. hóf starfsemi sína í 100 fm leiguhúsnæði við Strandveginn, það þótti rúmgott og bjart í upphafi fyrir starfsmanninn. Í byrjun árs 1998 var fyrsti starfsmaðurinn ráðinn til starfa og síðan þá hefur fyrirtækið vaxið nokkuð hratt, núna starfa 18 manns í smiðju og þrjú á skrifstofu. Árið 2000 keypti Eyjablikk sitt eigið húsnæði að Flötum 27 og flutti í það um áramótin 2000-2001, það var um 200 fm að stærð. Við þessu kaup var hlutfé fyrirtækisins aukið og þá eignuðust Stefán og hans fjölskylda meirihlutann í fyrirtækinu, en Ísloft hafði átt meirihlutann frá stofnun þess. Árið 2009 keypti Stefán svo þá hluta sem Ísloft átti enn og er Eyjablikk nú alfarið í eigu fjölskyldunnar. Þar sem að fyrirtækið óx jafnt og þétt þá urðu þessir 200 fm fljótlega of litlir og því var farið í að kaupa fremrihluta húsnæðisins að Flötum 27 árið 2007. Miklar endurbætur þurfti að gera á því og var opnað á milli helminga í júní 2009, en starfsmenn og eigendur sáu alfarið um þau verk sem þar þurfti að vinna, voru þau unninn í „dauða tímanum“ sem skýrir þann tíma sem í það fór. Þrátt fyrir helmings stækkun var starfsemin fljót að sprengja það húsnæði utan af sér og því varð úr að árið 2013 var húsnæðið að Flötum 25 keypt, við þau kaup stækkaði starfstöð Eyjablikks úr 400 fm í 1000 fm.

Björt framtíð

Nú hefur fyrirtækið yfir að ráða fyrsta flokks húsnæði hvað varðar aðbúnað fyrir starfsmenn sem og rúmgóða og bjarta smiðju með góðum tækjakosti og erum við tilbúnir í öll þau verk sem viðskiptavinir okkar fela okkur með bros á vör.



Ýmsar myndir frá starfsemi Eyjablikks.





Frá vinstri: Jón Leósson, Grétar Jónsson, Halldór Steinar Sigurðsson og Aðalsteinn Þorvaldsson, myndin er tekin árið 2004.

Geislataekni



Jón Leósson.



Grétar Jónsson.



Guðrún Jóna Sæmundsdóttir.

Geislataekni ehf. var stofnað í ársbyrjun 1998 af feðgunum Grétari Jónssyni og Jóni Leóssyni, ásamt þriðja aðila, Sigurjóni Jónssyni, sem síðan gekk úr félaginu skömmu síðar. Tilgangurinn með stofnun fyrirtækisins var að kaupa og annast rekstur á laserskurðarvél sem hentaði íslenskum markaði, en fram að stofnun Geislataeknis hafði þjónusta á sviði laserskurðar ekki verið fánleg hérlendis og þurfti að leita út fyrir landsteinana eftir henni. Keypt var vél af gerðini Trumpf 2.6 kw frá Bandaríkjunum og húsnæði að Krókhálsi 5B. Voru starfsmenn Geislataekni fyrsta árið þrjú að meðtöldum Jóni og Grétari.

Í upphafi var gert ráð fyrir að vera eingöngu í undirverktöki í plötuvinnslu en fljótlega sýndi það sig að markaðurinn kallaði á enn frekari þjónustu við iðnaðinn og þar með talið fullvinnslu á ýmisskonar verkum, eftir tveggja ára starfsemi var tekin ákvörðun um kaup á notaðri beyggjuvél af gerðini Haco 135 og með henni kom grunnur af heildarþjónustu á sviði plötuvinnslu. Fljótlega upp úr því var bætt við u.þ.b. 3-4 stöðugildum og er einn af þeim starfsmönnum, Aðalsteinn Þorvaldsson, núna 22 árum seinna, ennþá starfandi hjá fyrirtækinu, en hann hefur frá upphafi verið einn af lykilmönnum Geislataekni.

Starfsemin

Það var síðan árið 2006 að tekin var ákvörðun um kaup á nýjum vélbúnaði þ.m.t. nýjum laser Trumatic L 3030 afl- 4kw og beyggjuvél Trumabend V1700 frá Trumpf í Þýskalandi. Vélarnar voru teknar í notkun í desember 2006, ásamt nýju húsnæði að Suðurhrauni 12c í Garðabæ. Samhliða þessum kaupum héldu þeir Grétar og Aðalsteinn til höfuðstöðva Trumpf í Ditzingen, Þýskalandi og settust á skólabekk, þeir dvöldu þar samtals í 6 vikur, sem mun hafa verið frekar sjaldgæft á þeim tíma, þar gengust þeir bæði undir bóklegt nám og verklega þjálfun og hlutu að lokum vottanir/viðukenningar í forritun og keyrslu þessarra nýju véla. Þessi nýju plötuvinnslutæki sönnuðu sig fljótt, strax á fyrsta rekstrarári þeirra margfölduðust afköst og gæði vinnslunar, þá miðað við gamla búnaðinn sem var kominn til ára sinna og orðinn dýr í viðhaldi o.fl. Það var síðan árið 2010 að ákveðið var að stofna nýja deild innan fyrirtækisins, sem myndi annast smíði og framleiðslu á búnaði úr ryðfríu stáli ásamt ýmis konar sérsníði. Tekið var til við að stækka húsnæði og fleiri starfsmenn ráðnir inn, flestir þeirra voru fyrrum vinnufélagar og vinir Grétars úr gömlu Landsmiðjunni sem var og hét, allt menn með mikla og góða reynslu af stálsníði.

Helstu viðskiptavinir félagsins voru og eru enn, Baader Ísland, Marel, Valka, Vaki, ásamt fleiri góðum og traustum fyrirtækjum.

Í kjölfarið jukust afköst til muna með auknum verkefnum á sviði smíða og undirverktöku í plötuvinnslu og ennþá var aukið við vélbúnaðinn með kaupum á Lissmac slípivél, sem sér um vinna partana sem koma úr laserskurði og gefa þeim betra útlit og gráðuhreinsa. Sú vinna hafði fram að því verið gerð handvirk með slípirokkum, sem var bæði mannfrek og dýr, einnig var bætt við 6 ása beyggjuvél Trubend 5130 sem opnaði enn frekari möguleika í plötuvinnslu.



Starfsfólk og aðsetur

Á árunum 2011-2015 var mjög mikill uppgangur hjá félaginu sem kallaði á enn frekari mannaáætlun og má segja að fjöldi starfsmanna hafi þrefaldaðist á tímanum, með því og auknum verkefnum var aukið við húsakostinn og fjárfest í 1.050 fermetrum í sama húsi sem renndi stoðum undir frekari véla og tækjakaup, það varð úr að pantaðar voru þrjár nýjar vélar frá sama vélaframleiðanda og fyrir var, þ.á.m. ný laserskurðavél L52 6kw Co2, ásamt tveimur beygjuvélum af gerðinni Trubend 5230 og ein af gerðinni Trubend 3100, þessa vélar voru teknar í notkun í mars 2017.

Árið 2020 tók félagið síðan í notkun nýjar skrifstofur, samtals 250 fermetra að stærð sem gjörbreytti allri aðstöðu tæknideildar og bókhalds.

Sérhæfing

Eins og fram hefur komið hefur margt breyst frá stofnun Geislatækni ehf. tækjakostur og hugbúnaður hefur tekið miklum framförum, meiri sérhæfni er nú krafist af starfsmönnum og má segja að hver og einn starfsmaður sé sérfræðingur á sínu sviði, það er þó nokkur breyting frá árum áður, þar sem hver starfsmaður þurfti að geta leyst nánast öll verkefni innan fyrirtækisins. Mikil áhersla hefur verið lögð á hraða og örugga þjónustu við viðskiptavini. Í dag eru á þriðja tug starfsmanna starfandi hjá Geislatækni, í þremur deildum. Þessum uppgangi má ekki síður en vélbúnaði þakka því láni sem liggur í miklum mannauði í starfsmönnum sem margir hverjir hafa haldið tryggð við fyrirtækið árum og áratugum saman.

Geislatækni býður upp á þjónustu byggða á laserskurði, beygingu og suðu á málum, hún opnar möguleika sem nýtast á sviði fjöldaframleiðslu eða sérsníði. Þjónustan saman stendur af þremur deildum eins og áður sagði: Deild sem sér um hönnun og tölvuvinnslu þar sem vinna við hönnun á hinum ýmsu hlutum fer fram auk úrvinnslu gagna frá hinum ýmsu fyrirtækjum, frá deildinni berast gögn til plötuvinnslu eða suðudeildar svo hægt sé að hefjast handa við framleiðslu. Plötuvinnslan er vel tækjum búin þar starfa að jafnaði 8 manns í u.þ.b. 1.500 fermetra húsnæði. Annast hún skurð og beygingu á hinum ýmsu hlutum sem annað hvort fara til verkkaupa eða í suðu- og samsetningardeild innan fyrirtækisins. Samsetningar- og suðudeild, þar starfa að jafnaði 8 manns í u.þ.b. 600 fm húsnæði og er verksvið þeirra mjög fjölbreytt allt frá einföldum smáverkum upp í flókna smíði.

Framtíðarsýn

Vöxtur Geislatækni hefur verið jafn og stöðugur frá stofnun, það eru nokkrir vendipunktur í starfsemi þar sem stór stökk voru tekin. Á komandi árum má gera ráð fyrir aukinni sjálfvirkni í framleiðslu. Meðal annars tekur hugbúnaður stöðugum framförum og bætir yfirsýn og afköst. Eigendur Geislatækni hafa ávallt lagt mikla áherslu á framfarir og gera ráð fyrir að fylgja þróun í sínum geira og vera í fararbroddi með nýjungar sem geta nýst hinum ýmsu framleiðslufyrirtækjum hér innanlands.



Trumpf TruBend 5130.





Glófaxi



Jón Helgi Pálsson, framkvæmdastjóri.

Glófaxi ehf. var blikksmiðja sem stofnuð var í Reykjavík af Benedikt Ólafssyni og Björgvini Ingibergssyni í ársbyrjun 1950. Fyrirtækið hefur hins vegar þróast frá því yfir í iðnfyrirtæki sem framleiðir stálhurðir og þó einkum viðurkenndar eldvarnarhurðir. Fyrirtækið var í fyrstu til húsa í bílskúr við Hrístateig, seinna fluttist starfsemin í 360 fm skemmu við Ármúla 42 (sem reyndar var Ármúli 24 á þeim tíma). Húsakostur félagsins hefur vaxið í árunna rás og er félagið nú enn í Ármúla 42, en í um 800 fm húsnæði.

Eigendur og stjórnendur

Breyting varð í ársbyrjun 2021 þegar nýir hluthafar komu inn 2021 og Jón Helgi Pálsson sem hafði verið framleiðslustjóri tók við sem framkvæmdastjóri af frænda sínum Bjargmundi Björgvinssyni.

Eldvarnarhurðir

Félagið vann við almenna blikksmiðavinnu til að byrja með, en seinna þróaðist vinnan í að framleiða lofthitakatla fyrir olíubrennara. Eftir að eftirspurn eftir slíkum kötlum dróst saman í kjölfar olíukreppunnar 1974 og með aukinni áherslu á hitaveitu fór fyrirtækið að leggja æ meiri áherslu á framleiðslu eldvarnarhurða, sem var frá þeim tíma og er enn megin framleiðsla félagsins.

Eldvarnarhurðir Glófaxes eru landsþekktar og oft notaðar sem viðmið þegar eldvarnarhurðir eru skilgreindar í útboðum. Eldvarnarhurðir Glófaxes voru viðurkenndar af Brunamálastofnun og síðar Mannvirkjastofnun og nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Mikil vinna hefur farið í það hjá fyrirtækinu á undanförunum árum að aðlaga framleiðsluna að þeim kröfum sem gerðar eru til eldvarnarhurða, sem hefur verið undirstaða viðurkenningar á framleiðslunni frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Eldvarnarhurðir Glófaxes eru allt frá því að vera litlar eldvarnarlokur upp í stórar rennihurðir sem geta verið margir fermetar að stærð. Venjulegar eru hurðarnar framleiddar úr venjulegu stáli, en einnig úr galvaniseruðu stáli eða ryðfríu stáli, allt eftir óskum viðskiptavina út frá því umhverfi sem hurðirnar eru í.

Þekking, sérstaða og innflutningur

Innan félagsins hefur eðlilega byggst upp þekking á eldvarnarhurðum sem leitt hefur til þess að félagið flytur inn margvíslegar gerðir af eldvarnarhurðum, s.s. eldvarnarhurðir sem eiga að þola lengri tíma en 60 mín., eldvarnarrúllutjöld o.fl. Vaxandi áhersla er á innflutning á iðnaðar- og bílskúrshurðum. Glófaxi er umboðsaðili fyrir einn stærsta hurðaframleiðanda í Evrópu, Hörmann. Innflutningur frá Hörmann hefur farið vaxandi á liðnum árum og er nú stærsti þátturinn í starfsemi félagsins. Hörmann framleiðir allar gerðir af hurðum, m.a. úti- og innhurðir fyrir einbýlishús og skrifstofur, bílskúrshurðir í mörgum útfærslum og iðnaðarhurðir fyrir verkstæði og verksmiðjur. Þá framleiðir félagið einnig hleðslubýr fyrir verksmiðjur.





Glófaxi flytur inn ýmsar aðrar gerðir af hurðum. Þar er hægt að nefna plasthurðir frá hollenska fyrirtækinu Kupan, í því tilfelli hefur Glófaxi smíðað ryðfría karma utanum hurðirnar. Kosturinn við þessar hurðir að þær þola mjög vel votrymi og eru því mikið notaðar í sundlaugar og annars staðar þar sem mikill raki er. Þessar hurðir eru notaðar á spítölum og þá með körmum úr ryðfríu stáli gerir það að verkum að þeir eru ekki viðkvæmir þó sjúkrabörur skelli á karminum. Frá Kupan flytur Glófaxi einnig inn fataskápa og munaskápa sem notaðir eru í sundlaugum, líkamsræktarstöðum og í frystihúsum.

Framtíðarsýn

Framtíðaráætlanir Glófaxes byggja á því að þjóna íslenskum markaði með sérsníðuðum stálhurðum, en þó einkum eldvarnarhurðum. Félagið hyggst einnig halda áfram að styrkja reksturinn með innflutningi á öllum gerðum af stálhurðum.

Viðskiptavinir

Viðskiptavinir Glófaxes eru einkum fyrirtæki í byggingariðnaði, orkufyrirtæki, álver og fiskverksmiðjur. Hluti framleiðslunnar er seldur beint til húseigenda.





Helgi ásamt Elinu Kristjánsdóttur eiginkonu sinni. Helgi er eini eigandi fyrirtækisins og framkvæmdastjóri.



Ný beygjuvél komin í hús.



Undirbúningur við uppsetningu göngupalla við Dettifoss seint á ágústkvöldi eftir að gestirnir eru farnir.

Grímur vélaverkstæði

Fyrirtækið Grímur ehf. var stofnað á Húsavík árið 1990 af bræðrunum Helga og Ásgeiri Kristjánssonum, en að auki áttu foreldrar þeirra bræðra, Kristján Ásgeirsson og Erla Jóna Helgadóttir, auk systur þeirra, Þyri, hlut í fyrirtækinu frá fyrsta degi. Grímur var byggt upp af gömlum grunni vélsmiðjunnar Foss sem hafði farið í gjaldþrot, keyptu þeir feðgar þrotabúið og stofnuðu Grím ehf. Nafn fyrirtækisins var upprunalega notað á bát sem Kristján lét byggja ásamt föður sínum, Ásgeiri Kristjánssyni útgerðarmanni og síðar bæjarfulltrúa á Húsavík, sem þeir gerðu út um árabíl. Helgi hefur séð um framkvæmdastjórn og daglegan rekstur fyrirtækisins frá upphafi á meðan Ásgeir fór lengst af með verkstjórn. Starfsmenn Gríms voru u.þ.b. 7-8 fyrstu árin og fólust verkefni aðallega í viðhaldi fiskiskipa og smábáta, viðhaldi virkjana Landsvirkjunnar í Kröflu og við Laxá, viðhaldi Kísiliðjunnar við Mývatn auk fjölda annarra stórra og smárra verkefna fyrir fyrirtæki og einstaklinga á Húsavík og nærsveitum. Var fyrirtækið með reynslumikla vélvirkja og járnsmiðameistara og þökkalega vel tækjum búið til helstu viðhalds og nýsmiðaverka. Starfstöð Gríms er í húsnæði sem eigendur Foss létu byggja árið 1984 og er staðsett á milli Garðarsbrautar og Marabrautar á Húsavík. Hafa margir reynslumiklir starfsmenn lagt hönd á plóg við að koma fyrirtækinu í gegnum þau 30 ár sem það hefur verið starfrækt. Væri of langur listi að telja þá alla upp, en þeir sem störfuðu hvað lengst við verkstjórn má nefna auk Ásgeirs, þá Ásmund Halldórsson, Rafn Stefánsson og Jósep Sigurðsson. Nokkrir starfsmenn, sem áður störfðu á Fossi, héldu áfram sinni iðju með þeim Helga og Ásgeiri á Grím. Má þar nefna Þórgím Björnsson, Hermann Ragnarsson, Daníel Aðalsteinn Jónsson, Dagbjart Sigtryggsson, Hrafnkel Sigurðsson og Stefán Sveinbjörnsson auk Ásmundar sem allir störfuðu á Grím vel á annan áratug allt til síðasta starfsdags og skiluðu ómetanlegu starfi fyrir fyrirtækið. Í lok árs 2016 urðu miklar breytingar á eigendaskipan Gríms þegar Helgi keypti alla eignarhluti í fyrirtækinu af bróður sínum, föður og systur. Er hann í dag einn eigandi Gríms ehf.

Starfsemi og verkefni

Á síðustu árum hefur fyrirtækið fjárfest umtalsvert í nýjum tækjum. Var keyptur 90t krani, nýr 50tm krani á kranabíl fyrirtækisins og skotbómulyftari auk þess sem keypt var ný tölvustýrð plasmaskurðarvél sem eykur afköst og nákvæmni til muna. Einnig hafa ýmiss önnur tæki á verkstæði verið endurnýjuð og stækkuð. Fyrirtækið hefur einnig lagt mikið metnað í aukna menntun og réttindi starfsmanna sinna og hefur í dag yfir að ráða mjög færur og reynslumiklum vélvirkjum, vottuðum suðumönnum og verkfræðingi sem sér um útreikninga og teikningar við nýsmiði. Grímur hefur þurft að þola miklar sveiflur í sínu starfumhverfi frá því fyrirtækið var stofnað. Fólust breytingarnar fyrst í uppgjöf stórra fyrirtækja á svæðinu eins og útgerðarfyrirtækja, kaupfélags KP, Kísiliðjunnar og inná milli samdrætti í framkvæmdum á vegum sveitafélagsins og ríkisfyrirtækja, en síðar mikilli aukningu á ýmsum verkefnum í tengslum við byggingu kísilvers PCC. Hefur rekstarumhverfi Gríms tekið miklum breytingum með tilkomu aukinna fjárfestinga og framkvæmda á hinum ýmsum sviðum atvinnulífsins bæði í iðnaði en einnig í tengslum við aukningu ferðamanna. Á árinu 2019 voru starfsmenn fyrirtækisins á milli 15 og 20 en á árunum þar á undan fór starfmannafjöldinn allt yfir 30 þegar talsvert var um stór verkefni sem kröfðust mikils mannafla. Verkefni Gríms eru í dag fjölbreytt sem endranær. Landsvirkjun hefur aukið við starfsemi sína á svæðinu með byggingu gufuaflsvirkjunar á Þeistareykjum og bætt við orkustöð í Bjarnarflagi í Mývatnssveit, viðhald skipaflotans hefur að miklu leiti fæst úr fiskibátum yfir í Hvalaskoðunarbáta, mikil viðhalds og nýsmiðarvinna er í tengslum við kísilver PCC auk smiða og uppsetninga á göngupöllum við Dettifoss og Heimskautsgerðið, svo fátt eitt sé nefnt. Er fyrirtækið í dag mun betur í stakk búið en áður til að taka að sér fjölbreytt verkefni, hvort heldur sem er við smiðar, viðhald, flutninga og hífingar en einnig er fyrirtækið með góðan lager af járnaefni, áli, fittings og slöngum þegar bregðast þarf skjótt við og leysa málin með stuttum fyrirvara.

Framtíðarsýn

Eigandi fyrirtækisins lítur nokkuð björtum augum á komandi misseri. Starfsemin mun halda áfram með sama sniði og áður þar sem fyrirtækið er til húsa í dag. Vegna aukinnar útpennslu fyrirtækisins sl. ár hefur engu að síður verið litið til þess möguleika að færa starfsstöð Gríms á hentugra og stærra svæði fyrir slíka starfsemi, ekki er þó útlit fyrir að af því verði á næstu árum.



Frá vinstri: Andri Bergmann Ólafsson, Friðrik Páll Ólafsson, Sigurbjörg Vilmundardóttir og Sævar Kristjánsson.



Sigurbjörg Vilmundardóttir.

Hagblíkk

Þeir feðgar Kristján Pétur Ingimundarson og Sævar Kristjánsson blíkksmíðameistarar opnuðu Hagblíkk ehf. 1996 í núverandi mynd. Þeir ráku fyrirtækið saman þar til Kristján Pétur lést 2003 og hefur Sævar rekið það síðan ásamt eiginkonu sinni Sigurbjörgu Vilmundardóttur sem starfar einnig við fyrirtækið. Hagblíkk er fjölskyldufyrirtæki sem leggur sig fram um að veita sem besta þjónustu og felast styrkleikar þess í mannaúði og tryggjum viðskiptavinum.

Starfsemin

Hagblíkk er heildsala og er ekki með útselda vinnu. Hagblíkk sérhæfir sig í smíði á spirálörum, innflutningi og sölu á fittingstengdum loftræstikerfum sem og blásurum, brunalokum og fleiru. Hagblíkk hefur frá upphafi flutt inn álpakrennur og niðurföll frá norska framleiðandanum Grovik Verk. Helstu viðskiptavinir eru blíkksmíðjur, húsbyggjendur og aðrir sem eru að sinna viðhaldi.

Aðsetur og starfsfólk

Hagblíkk er í eigin húsnæði á Smíðjuvegi 4c í Kópavogi í 770 fm. Fyrstu fjögur árin voru þeir feðgar einu starfsmenn fyrirtækisins. Árið 2000 bættu þeir við þriðja manningum og nú eru stöðgildin 6 auk þess sem það koma inn sumarstarfsmenn.

Aðild

Hagblíkk er aðili að Samtökum iðnaðarins og er einnig í hópi framúrskarandi fyrirtækja.

COVID-19

Gripið var til aðgerða vegna COVID-19. Aðgangur viðskiptavina um húsnæðið var takmarkaður og sóttvarnir voru hertar verulega. Farið var eftir þeim reglum sem áttu við hverju sinni, auk þess sem starfsfólk var með grímur við afgreiðslu.

Samfélagsmál

Hagblíkk hefur frá upphafi verið með ýmislegan stuðning við samfélagið og hefur t.d. frá upphafi verið styrktaraðili Styrktarfélags krabbameinsveikra barna.



Sævar Kristjánsson, framkvæmdastjóri.





Meitill GT Tækni



Bolli Arnason, framkvæmdastjóri.

Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga hóf starfsemi árið 1979 og álverið á Grundartanga árið 1998. Síðan þá hefur Vesturland notið blómlegrar atvinnuuppbyggingar vegna þessara fyrirtækja. Margvísleg fyrirtæki sem tengjast starfsemi þessara stóriðjufyrirtækja með ýmsum hætti hafa síðan skotið rótum á Grundartanga. Eitt þeirra fyrsta var GT Tækni ehf., nú Meitill GT Tækni ehf., sem tók að sér nýsmiði og fyrirbyggjandi viðhald með fjölbreytta iðn- og tækniþekkingu á fjölbreyttum tækjabúnaði á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga. Starfsemin snérist einnig að stórum hluta að reglubundnu viðhaldi og eftirliti hjá járnblendiverksmiðunni ásamt því að sinna bakvaktarþjónustu og efnissölu á svæðinu. Í dag hefur bæst í viðskiptamannafloornu og eru nú helstu viðskiptavinir Meitils GT Tækni ehf. Elkem Ísland, Norðurál, Vegagerðin, Klafi og Eimskip sem öll eru með starfsemi sína, að hluta eða öllu leyti, á Grundartanga eða í nágrenni.

Fyrirtæki á öflugu athafnsvæði á Grundartanga

Eftir að Íslenska járnblendifélagið á Grundartanga var selt til norska fyrirtækisins Elkem ASA var starfsemin stokkuð upp með það fyrir augum að auka hagræðingu og skerpa línurnar í allri kjarnastarfsemi. Í þessu skyni voru nokkur sjálfstæð fyrirtæki stofnuð í kringum afmarkaðar rekstrareiningar hjá Elkem á Íslandi.

Þannig breyttist Tæknideild Íslenska járnblendifélagsins árið 2002 yfir í nýtt einkahlutafélag, GT Tækni ehf., þar sem upphaflega störfuðu um 25 manns. Í réttu hlutfalli við aukinn vöxt og viðgang á Grundartanga sem öflugur athafnsvæðis hefur fyrirtækið vaxið og dafnað að umfangi. Elkem Ísland sem upphaflegur eingaraðili að GT Tækni ehf. vildi árið 2009 að fyrirtækið myndi alfarið einblína á þjónustu við sig. Því var árið 2009 fyrirtækið Meitill ehf. stofnað til þess að sinna þjónustu við aðra viðskiptavini en Elkem Ísland. Þó hér væri um tvö hlutafélög að ræða þá voru þau rekin undir sama hatti, á sama stað, undir sömu stjórn og buðu upp á sömu þjónustu.

Eftir að Elkem Ísland selur sig alfarið út út GT Tækni ehf. er ákveðið að sameina starfsemi þessara fyrirtækja og nafnabreyting var gerð. Allir starfsmenn GT Tækni ehf. voru ráðnir yfir til Meitils ehf. og í dag eru sameinuð fyrirtæki GT Tækni og Meitils rekin undir nafninu Meitill GT Tækni ehf.

Starfsfólk og aðsetur

Starfsmannafjöldi Meitils GT Tækni er í dag þegar þetta er skrifað um 55 manns, sem að mestu eru vélvirkjar, rafvirkjar og bifvélavirkjar. Meginhlutinn af þessum mannskap býr að áratuga reynslu og kunnáttu á sínu sviði og hafa starfað hjá fyrirtækinu frá upphafi. Hafa þeir í huga að aðstæður í málmbraðslum eru ólíkar hefðbundnum iðnaði og byggist sérþekking starfsfólksins ekki síst á því að vinna í umhverfi þar sem ríkir mikill geislahiti og ryk ásamt fjótandi málmslettum við krefjandi aðstæður. Starfsaðstaða Meitils GT Tækni og höfuðstöðvar eru í rúmlega 3.200 fm húsnæði sem staðsett er mitt á milli Elkem Ísland og álversins Norðuráls.



Formlegt samstarf Meitils GT Tækni og Orkuvirkis.



Vottun og viðurkenning

Frá upphafi starfseminnar hefur verið lögð á það áhersla að koma á viðurkenndu gæðakerfi hjá fyrirtækinu og árið 2012 náði Meitill GT Tækni ehf. þeim áfanga og fékk ISO 9001: 2015 vottun frá vottunarfélaginu BSI. Markmiðið var og er að þróa öfluga gæðastýringu, þar sem í senn er unnið að öruggara starfsumhverfi fyrir stafsmeðmönnum svo og aukinni framleiðni hjá fyrirtækinu. Einnig hefur fyrirtækið í áráraðir hlotið viðurkenningu frá Creditinfo sem eitt af fáum fyrirtækjum á Íslandi sem hlotið hafa þá viðurkenningu að vera framúrskarandi.

Starfsemin

Starfsemi Meitils GT Tækni ehf. er skipt upp í vélasverkstæði, rafmagnsverkstæði og farartækjaverkstæði ásamt mikilvægum stoðdeildum efnissölu og þjónustu.

Véla- og rafmagnsverkstæði: Almenn verksmiðjuviðhald hjá stóriðjunni á Grundartanga. Mikil þekking á sérhæfðu viðhaldi í stóriðju. Rekstur véla-, renni- og járnsmiðaverkstæða ásamt framleiðslu á skauthólkum fyrir rafskaut og endurbýgging állökskerja. Unnið er í 3.200 fm húsnæði með 11,5 m lofthæð og tólf stórum aðkeyrsluhurðum. Þar eru fyrir hendi fjórir brúkranar sem eru með 5-15 tonna lyftigetun. Einnig hluti starfsmanna með löggilda suðuvottun.

Rafmagnssvið: Almenn verksmiðjuviðhald hjá stóriðjunni Grundartanga. Mikil þekking á sérhæfðu verksmiðjuviðhaldi í stóriðju. Starfsmenn búa bæði að A og B löggildingu og eru því færir um að fást ýmist við há- eða lágspennu sem t.d. hefur nýst vel í Hvalfjarðargöngunum. Verkstæðið er upp á 115 fm og er þar til staðar einn stór brúkrani auk stórrar aðkeyrsluhurðar.

Farartækjaverkstæði: Viðgerðir á öllum farartækjum af hvaða tagi sem er, bifreiðar eða vinnuvélar sem ná allt upp í 50 tonna lyftara. Starfsmenn farartækjaverkstæðis búa einnig að mikilli sérþekkingu og kunnáttu á sérsníðuðum farartækjum fyrir ál-, og kísilver sem eru hönnuð fyrir sérhæð verkefni og til að standast álagið og aðstæðurnar sem ríkja í nálægð við málmbræðsluofna.

Efnissala: Innkaup á vörum og endursölu, sem og sölu á eigin framleiðslu ásamt lagerumsjón. Einnig hefur lagerinn umsjón með framleiðslu á háþrýstislöngum ásamt tengdum búnaði auk annarar þjónustu. Vefsíða: meitill.is





Frá vinstri: Stefán Hólm Vinson, Deividas Kacinskas, Berglind Steinunnardóttir, Þorsteinn Lárusson, Ásgeir Harðarson og Kristján V. Kristinsson.

Gúmmísteypa Þ. Lárusson



Þorsteinn Kristjánsson.

Gúmmísteypa Þ. Kristjánsson var stofnuð árið 1952 af Þorsteini Kristjánssyni. Þorsteinn fæddist í Fremri-Hundadal í Miðdölum í Dalasýslu 28. júní 1915. Kona hans var Ásta Finnbogadóttir og áttu þau saman dæturnar Jónínu og Ágústu.

Sagan

Hugmyndina að stofnun fyrirtækisins fékk Þorsteinn þegar hann vann á dekkjaverkstæði í Reykjavík. Þegar fólk kom á verkstæðið með hluti úr gúmmí sem þurfti að laga sá Þorsteinn um það. Hann fór því að sinna slíkri þjónustu í risinu á heimili sínu í Efstasundi. Hann fjárfesti í handknúinni hitapressu og stepti ýmsa hluti í henni. Dætur hans, Ágústa og Jónína lögðu hönd á plóg og unnu hjá honum samhliða námi. Eitt af minnistæðari verkefnum Gúmmísteypunnar á þessum tíma var að steypa gúmmíhringi til að þétta öll rör hitaveitunnar þegar hún var lögð í öll heimili í Reykjavík. Reksturinn gekk vel og færðist fljótt út í bílskúr og lét fjölskyldan reisa annan bílskúr á lóðinni undir reksturinn. Um 1970 var svo komið að þörf var á stærra húsnæði og opnaði Gúmmísteypan að Súðarvogi 48 um það leyti.

Þann fyrsta janúar 1984 tók Þorsteinn Lárusson við fyrirtækinu af Þorsteini móðurafa sínum en hann er sonur Jónínu Þorsteinsdóttur og Lárusar Sigurðssonar. Þorsteinn og kona hans, Steinunn Eiríksdóttir, eru í dag eigendur fyrirtækisins.

Næsta aðsetur Gúmmísteypunnar var á annarri hæð að Súðarvogi 20. Þar vildi svo óheppilega til að kviknaði í um páskana 1984 og hlaust af brunanum talsvert tjón fyrir Gúmmísteypuna en hún var komin aftur í rekstur aðeins mánuði síðar. Árið 1986 flutti Þorsteinn fyrirtækið að Hamarshöfða 8. Á þeim tíma var mikið að gera í viðgerðum á gúmmíblökkum og niðurlaggjum fyrir loðnu- og síldarþáta auk þess að steypa og mála aurlífar.

Þorsteinn reisti 800 m² atvinnuhúsnæði árið 1997 og opnaði þar Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs 1. nóvember sama ár. Þann 1. maí 1998 var Gúmmísteypan flutt að fullu í nýja húsnæðið þar sem hún hefur verið síðan. Árið 2003 bættist svo við dekkjaverkstæðið smurstöð með alhliða smurþjónustu. Árið 2017 var umbreytingarár hjá Gúmmísteypunni. Dekkjaverkstæðinu var lokað eftir 20 ára rekstur og fest voru kaup á fyrirtækinu Reimar og bönd ehf. Sama ár tók Berglind Steinunnardóttir, dóttir Þorsteins, við sem framkvæmdastjóri. Tveimur árum síðar, í júní 2019, varð fyrirtækið enn stærra þegar Gúmmísteypan gerðist söluaðili Habasit á Íslandi með kaupum á öllum reimalager IBH ehf. Þá bættist í hópinn fyrsti sölustjórinn með áratuga reynslu í faginu, Ásgeir Harðarson. Í dag eru starfsmenn átta talsins.

Skipulag og sérstaða

Gúmmísteypan þjónustar útgerðaraðila, sveitarfélög, verkstaka, stóriðju, vélsmiðju og fyrirtæki í verslun og þjónustu. Á síðustu þremur árum hefur viðskiptahópurinn stækkað og mun meira úrval reima er á lager en áður. Reimar fyrir nánast hvaða starfsemi sem er, allt frá fínustu matvælavinnslum upp í grófustu malarvinnslur og stóriðjuver.

Efnið í reimarnar er flutt inn erlendis frá, t.d. frá Svíþjóð, Þýskalandi, Hollandi og Póllandi.



Hér má sjá Þorstein Lárusson við vinnu ásamt Kristjáni V. Kristinssyni sem enn starfar hjá Gúmmísteypunni. Myndin er tekin þegar fyrirtækið var að Hamarshöfða.



Gufuketillinn sem notaður er til að sjóða gúmmí á ýmsa hluti, s.s. álkefli og hjól.




Talia notað til að fleysja gúmmí af reim svo hægt sé að splæsa henni saman í hring.

Sömuleiðis þéttlistar í lestarlúgur, niðurleggjara og kefli og sköfur fyrir færíbönd. Fyrir steypuna er hrágúmmí flutt inn frá Þýskalandi. Stálsmiðjur smíða mótin, hrágúmmí sett ofan í og pressað í hitapressu. Meðal steyptra hluta sem er á lager eru pressuhjól í netaspil, aurlífar og samsláttarpúðar. Þessu til viðbótar er mikið um að gúmmíklæða drifromlur í færíbönd. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru um allt land og það rekur þjónustubíla sem fara út í fyrirtækin til að vinna við uppsetningar og viðgerðir á reimum þegar þess er þörf.




Hér má sjá teygjumótið í hitapressunni en ófáir afkomendur Þorsteins eldri hafa spreytt sig á að steypa teygjurnar góðu.



Mót sem notað er til að steypa teygjur á kör fyrir fyrirtækið Borgarplast.



Blakkir sem steypst hefur verið á.




Trekt sem klædd var með gúmmíi að innan. Á myndinni er Berglind ásamt hundinum Kötlu.



Aurlífar og samsláttarpúði.



Helix pankaðall en hann er sérhannaður til að þenja flottoll út þegar trollið er dregið.



Stjórn Hampiðjunnar frá 2014. Frá vinstri: Auður Kristín Árnadóttir, Kristján Loftsson, Vilhjálmur Vilhjálmsson stjórnarformaður, Guðmundur Ásgeirsson og Sigrún Þorleifsdóttir.

Hampiðjan



Guðmundur S. Guðmundsson aðalhvatamaður að stofnun Hampiðjunnar og fyrsti forstjóri félagsins.

Hampiðjan var stofnuð 5. apríl 1934 til að framleiða garn úr náttúrulegum trefjum, hampi, manillu og sísal, því á árunum milli stríða var mikill skortur á efnum til veiðarfæraerðar. Það voru 13 skip- og vélstjórar sem tóku sig saman undir forystu vélstjórans Guðmundar S. Guðmundssonar sem þá var verkstjóri í Héðni og stofnuðu fyrirtækið. Tveir hluthafar ásamt Guðmundi áttu helming stofnhlutafjárins en það voru þeir Jón Guðlaugsson og Guðmann Hróbjartsson sem einnig voru vélstjórar. Aðrir hluthafar voru skipstjórnarmennirnir Hannes Pálsson, Halldór Gíslason, Bergþór Teitsson, Vilhjálmur Árnason, Jóhann Stefánsson, Kristján Kristjánsson, Jón Björn Elisson, Sigurjón Einarsson, ásamt prentsmiðjustjóranum Gunnari Einarssyni og verslunarmanninum Frímanni Ólafssyni. Þeir byggðu 450 fermetra verksmiðjuhús í Stakkholti á tveim hæðum og keyptu vélar frá Írlandi til þess að spinna saman þræði og búa til garn. Garnið var síðan notað í fiskilínur og til að hnýta net. Á neðri hæðinni voru spunavélarnar og netin hnýtt á netastofunni sem var á efri hæðinni. Á þeim tíma voru net handhnýtt og til viðbótar við netastofuna var gjarnan unnið við hnýtingar í heimahúsum og á bóndabæjum áður en hnýtingarvélar komu til sögunnar. Af stofnendunum urðu þrír þeirra forstjórar, fyrst Guðmundur 1934-1942, síðan Frímann 1942-1956 og Hannes 1956-1973. Magnús Gústafsson véltækni-fræðingur 1973-1984 tók við af Hannesi og eftir honum varð Gunnar Svavarsson viðskiptafræðingur forstjóri 1984-1999 en hann hafði þá verið fjármálastjóri í nokkur ár. Þá var Hjörleifur Jakobsson vélaverkfræðingur ráðinn forstjóri 1999-2001 og Jón Guðmann Pétursson viðskiptafræðingur og þáverandi fjármálastjóri tók við af honum árin 2002-2014. Hjörtur Erlendsson núverandi forstjóri tók við sumarið 2014 en hann er vélstjóri og rekstrartækni-fræðingur og hafði verið framkvæmdastjóri framleiðslufyrirtækisins Hampiðjan Baltic í Litháen frá stofnun þess árið 2003.

Framleiðslan

Um ári eftir stofnun Hampiðjunnar voru framleiðsluvörurnar komnar alfarið í stað innflutts garns og fiskilínu enda takmarkað framboð á fullbúnum vörum erlendis frá. Það reyndi þó mest á framleiðsluna á árum seinna stríðs og fram til 1948 þá sá Hampiðjan öllum fiskiskipaflotanum fyrir veiðarfæraefnum. Árin sem komu þar á eftir urðu félaginu afar erfið því mikið framboð var á garni og línur erlendis frá sem voru að auki niðurgreidd í samkeppnislöndunum meðan vörur Hampiðjunnar voru hátt tollaðar erlendis. Á þeim tíma var tvöföld gengiskráning og nutu sjávarútvegsfyrirtæki hagstæðara gengis en önnur fyrirtæki og leið iðnaðurinn mjög fyrir þetta fyrirkomulag. Árið 1956 fékkst leyfi til að endurnýja vélakostinn og var það gert á árunum 1957-1961. Við það varð framleiðslan samkeppnishæfari og afkoman mun betri. En nokkrum árum síðar syrti aftur í állinn þegar gerviefni fóru að koma í stað náttúrulegu þráðanna. Árið 1964 varð almenn og skyndileg breyting á efnisnotkun í botnvörpur og önnur veiðarfæri sem gerðu allar vélar Hampiðjunnar úreltar í einni svipan. Eigendur félagsins stóðu því frammi fyrir þeirri ákvörðun að leggja



Fyrsta bygging Hampiðjunnar við Stakkholt 2 í Reykjavík en hún var 450 fm á tveimur hæðum og byggð 1936.



Hópur starfmannna Hampiðjunnar á Skarfabakka tekur á móti viðurkenningu frá Nasdaq First North. Fremri röð: Hjörtur Erlendsson, Unnur María Ólafsdóttir, Ragnhildur P. Tómasdóttir, Ólafur Benonyson, Garðar Rafnsson, Magnús Guðlaugsson. Aftari röð: Vernharður Hafliðason, Ottó Ólafsson, Haraldur Árnason, Guðbjartur Þórarinnsson, Jón Pétur Guðjónsson, Ingi Þórðarson, Einar Skaftason og Ragnar Magnússon.



Kynning Hjartar Erlendssonar forstjóra og uppfinningar­manns á ljósleiðarakaplinum Dynice Optical Data. Hann er flóknasta framleiðsluvara Hampiðjunnar og miklar vonir eru bundnar við að hann muni gjörbylta veiðum því með miklu gagnafæði frá trolli til skips og gera það kleift að velja þann fisk sem á að veiða og sleppa öðrum.

Framhald á næstu opnu →

niður fyrirtækið eða fjárfesta að nýju í vélbúnaði sem hentaði nýju efnunum. Stórhuga ákvörðun var tekin um að halda áfram og það má segja að það hafi markað upphaf stöðugar nýsköpunar og vöruþróunar hjá Hampiðjunni. Það þurfti að hanna nýjar garntegundir og kaðla og fyrirtækið gat með fullkomnum vélakosti boðið sambærilegar eða betri vörur en keppinautarnir. Á þessum tíma var Hampiðjan eingöngu framleiðandi á efnunum í veiðarfæri og voru viðskiptavinirnir fjölmörg netaverkstæði víða um landið. Verkstæðin voru mörg hver smá í sniðum og höfðu takmarkaða getu til að þróa veiðarfæri fyrir fiskiskipaflotann. Hampiðjan hóf því að þróa veiðarfæri í samstarfi við þau og útgerðarfyrirtækin. Teikningar og útfærslur voru síðan afhentar netaverkstæðunum þeim að kostnaðarlausu enda keyptu þau veiðarfæraefnin af fyrirtækinu. Hampiðjan var því komin í þá stöðu að framleiða bæði efni og hanna veiðarfæri og það má segja að það hafi lagt grunninn að því hvernig fyrirtækið hefur þróast til dagsins í dag.

Þáttaskil

Útfærsla landhelginnar úr 50 mílum og síðar 1975 í 200 mílur markaði þáttaskil í vexti félagsins því þá færðust veiðar og vinnsla í hendur íslenskra aðila sem sóttu vörur og þjónustu innanlands. Það kallaði á frekari áherslu á vöruþróun og nýsköpun því skipaflotinn stækkaði og skipin urðu stærri og öflugri.

Á árinu 1986 urðu enn þáttaskil í efnisþróun því þá kom fram á sjónarsviðið ný tegund af ofurþráðum úr plasti sem hollenska fyrirtækið DSM hafði fundið upp en vantaði markað fyrir. Þræðirnir eru það léttir að þeir fljóta á vatni en eru sterkari en stál. DSM valdi Hampiðjuna sem samstarfsaðila til að þróa efni fyrir veiðarfæri úr þessum nýja þræði og ástæðan fyrir því vali var gott orðspor Hampiðjunnar í vöru- og veiðarfæraþróun. Fyrstu árin snérist þróunin um einfaldar garn- og kaðlagerðir og samhliða því opnuðust tækifæri til að þróa og selja kaðla til notkunar í olíuleitarrannsóknum og markaði það upphaf að vöruþróun fyrir olíuönduðinn. Á árunum fyrir 1990 vaknaði áhugi íslenskra útgerða fyrir veiðum utan landhelginnar og þá sérstaklega á úthafskafta langt suður af landinu. Þau flottroll sem voru til á þeim tíma hentuðu ekki til veiðanna og var því lögð mikil vinna í að hanna nýja gerð af flottrollum og var öll efnisþekking og vöruþróunargeta Hampiðjunnar nýtt í því markmiði. Eftir mikla vinnu og prófanir varð til ný gerð af flottrolli, sem fékk heitið Gloría, sem í gegnum árin hefur þróast enn frekar og er nú þekkt um allan heim sem eitt besta flottroll sem völ er á. Samhliða þessu hélt þróun á ofurefnunum áfram ásamt þróun neta og kaðla í hefðbundnum efnunum og vörurnar urðu sífellt flóknari og betri. Það kallaði á hugmyndavernd og varð til þess að Hampiðjan keypti í byrjun nokkur einkaleyfi sem tengdust flottrollum og hóf síðan skipulega að sækja um eigin einkaleyfi sem aðallega eru tengd efnisþróun í köðlum. Einkaleyfin í dag eru orðin vel yfir 25 talsins og eru aðallega til að vernda uppfinningar í veiðarfæraefnum og vörum fyrir olíuönduð.



Afhending á þúsundasta Glóriu flottrollinu um borð í uppsjárskipið Hákon.



Splæsing á 200 mm sveru ofurtógi fyrir olíuönduðinn.



Höfuðstöðvar Hampiðjunnar við Skarfabakka í Sundahöfn



Starfsfólk dagvinnuvaktar framleiðslufyrirtækisins Hampidjan Baltic í Siauliai í Litháen fyrir framan nýjustu bygginguna en samtals er flatarmálið 21.500 fm. Starfsmenn eru nú um 400 og unnið er við framleiðsluna allan sólarhringinn í tæknilega fullkornustu neta- og kaðlaverksmiðju heims.



Hnýting á polyethyleneti fyrir botntröll í Hampidjan Baltic.



Fléttivélar fyrir Helix bankaðla.

Útflutningur og útlönd

Áhugi Hampiðjunnar á útflutningi hefur löngum verið mikill og sérstaklega eftir að gerviefnin komu á markað því þá sköpuðust tækifæri til sölu erlendis í kjölfar tæknibreytinganna sem því fylgdu. Samkeppni var mikil í verðum við framleiðendur í Portúgal og á Spáni og það varð til þess að garnframleiðslan fyrir netin var flutt frá Íslandi til Portúgal árið 1990.

Tækifærin sem forskotið í þróun og nýsköpun hafa gefið hafa verið margvísleg og Hampiðjan hefur að auki vaxið með stofnun fyrirtækja erlendis og kaupum á netaverkstæðum víða um heim. Vegna þekkingar og kunnáttu í veiðarfæragerð opnuðust möguleikar á að stofna netaverkstæði erlendis. Fyrstu verkstæðin voru stofnuð laust eftir 1990, fjarri Íslandi, í Namibíu og alveg hinum megin á hnettinum á Nýja-Sjálandi. Netaverkstæði á Nýfundnalandi og í Seattle í Bandaríkjunum voru keypt skömmu síðar. Aldamátaárið var tekið stórt skref í stækkun og meirihlutinn í Swan Net á Írlandi keyptur og í kjölfarið keppinautur þeirra Gundry og félagin sameinuð í eitt, Swan Net Gundry. Árið eftir eignaðist Hampiðjan einnig meirihluta í stærsta netaverkstæði Danmerkur, Cosmos Trawl.

Eftir aldamótin var kostnaður við framleiðslu á Íslandi orðinn afar hár og erfitt að manna verksmiðjuna sem þá hafði verið flutt úr miðbænum um áratug áður að Bíldshöfða 9. Því var ákveðið að flytja alla framleiðsluna frá Íslandi og Portúgal og sameina hana að nýju í Litháen þar sem laun voru hagstæð og aðgengi að starfsmönnum gott. Danska nefafyrirtækið Utzon hafði á árunum á undan verið flutt til Litháen en flutningurinn varð fyrirtækinu ofviða. Úr varð að það var tekið yfir og fyrirtækið Hampidjan Baltic stofnað á þeim grunni. Tvöfalda þurfti húsnæðið til að rúma alla framleiðsluna og varð verksmiðjan eftir stækkun 21.500 m². Öll þessi umbreyting tók einungis 3 ár og lauk 2006. Hlé varð á fyrirtækjakaupum meðan á uppbyggingunni í Litháen stóð og á árunum þar á eftir en tækifæri bauðst síðan 2013 til að eignast meirihluta í Nordsjøtrawl í Thyborøn í Danmörku.

Fór nú í hönd tímabil mikillar stækkunar og uppbyggingar og árið eftir var gengið frá kaupum á stærsta netaverkstæði Bandaríkjanna, Swan Net USA í Seattle, og það sameinað við Hampidjan USA sem hafði keppt við það lengi. Sama ár eignaðist Hampiðjan tæpan helmingshlut í netaverkstæðinu Sílnet í Færeyjum. Landvinningar í Eyjaálfu héldu áfram með stofnun Hampidjan Australia árið 2015 en það fyrirtæki er á austurströnd Ástralíu nálægt Brisbane. Árið 2016 var ráðist í stærstu fyrirtækjakaupin í sögu félagsins þegar Hampiðjan eignaðist að fullu fyrirtækið Von í Færeyjum. Með þeim kaupum tvöfaldaðist velta samsteypu Hampiðjunnar enda átti Von á þeim tíma 9 dótturfélög sem staðsett voru í Færeyjum, á Grænlandi, Íslandi, í Kanada, Danmörku, Noregi og Litháen. Þrátt fyrir þessi miklu fyrirtækjakaup var ekki látið staðar numið því félagið eignaðist meirihluta í íslenska félaginu Voot Beitu árið eftir.

Árið 2018 var einnig viðburðaríkt því þá eignaðist félagið helsta keppinaut Hampidjan Canada á Nýfundnalandi, North Atlantic Marine Supplies & Services og sameinaði þau félag í eitt. Á Hjaltlandseyjum var byggt netaverkstæði og að auki stofnað félagið SNG Aqua um þjónustu við fiskeldi á sama stað. Þetta sama ár var gengið frá kaupum á Tor-Net LP en það



Hampiðjan hefur verið aðalstyrktaraðili umhverfisverndarsamtakana Bláa hersins en höfuðverkefni samtakanna er að hreinsa strendur landsins. Myndin er tekin við undirritun fyrsta styrktarsamningsins og á myndinni eru frá vinstri: Jón Oddur Davíðsson framkvæmdastjóri Hampiðjan Ísland, Hjörtur Erlendsson forstjóri, Tómas J. Knúttsson stofnandi og formaður Bláa hersins og Emil Viðar Eypósson fjármálastjóri Hampiðjunnar.



Á ári hverju fara starfsmenn Hampiðjunnar og leggja sitt af mörkum við strandhreinsun og hér má sjá Guðna Th. Jóhannesson forseta og Hjört Erlendsson forstjóra með gamla netadræsu sem grafin var í sandinum.

er netaverkstæði starfrækt í Las Palmas á Gran Canaria og nafni þess breytt í Hampidjan TorNet. Aðalmarkaður þess er í Dahkla og Oman í Afríku. Á Íslandi eignaðist félagið að fullu netaverkstæðið Fjarðanet 2019 og var það sameinað veiðarfærahluta móðurfélagsins undir nafninu Hampiðjan Ísland og það rekur fimm netaverkstæði á Íslandi. Sú deild innan Hampiðjunnar sem sinnir olíuiðnaðinum ásamt búnaði til uppsetningar á vindmyllum var gerð að sjálfstæðu fyrirtæki árið eftir og ber nafnið Hampidjan Offshore. Það ár bættust einnig tvö fyrirtæki í eigu félagsins en það eru félögin Jackson Trawl og Jackson Offshore í Skotlandi ásamt verslunarhluta Caley Fisheries sem sameinað var fyrrnefnda félaginu.

Sameiningar og breytingar

Sameiningarnar og breytingarnar á starfseminni á Íslandi voru mikilvægar fyrir stjórnskipun samstæðu Hampiðjunnar því nú er starfsemin öll í aðgreindum dótturfélögum og hlutverk móðurfélagsins er að stýra þeim ásamt því að miðla til þeirra efni til veiðarfæragerðar. Viðskiptamódel Hampiðjunnar er sérstakt að því leyti að öll virðisdeðjan er á einni hendi. Allt frá því að kaupa plastkorn til að búa til þræði og úr þeim það sem þarf til veiðarfæragerðar, garn, kaðla og net. Úr þessum efnum eru framleiða félög innan samstæðunnar sérhönnuð troll sem eru þau stærstu og tæknilega fullkomnustu sem völ er á í heiminum í dag. Stækkun samstæðu Hampiðjunnar hefur því verið mikil undanfarin ár því fyrir kaupin á Von var veltan tæpar 59 milljónir evra en var árið 2020 komin í tæpar 162 milljónir evra. Um 87% af veltu Hampiðjunnar er nú erlendis og stærstu markaðarnir eru í veiðarfærum og fiskeldisþjónustu.

Starfsfólk og aðsetur

Starfsmenn Hampiðjunnar eru nú 1.160 talsins, þar af um 76 á Íslandi. Fyrirtækið starfar í 15 löndum og dótturfélögin eru nú 30 með alls 44 starfsstöðvar allt frá vestasta odda Alaska til Nýja-Sjálands í austri. Höfuðstöðvar félagsins eru nú í glæsilegri 6.500 m² byggingu við Skarfabakka í Sundahöfn.

Vöruþróun og nýsköpun

Þekktustu vörur Hampiðjunnar eru eflaust Helix tógið sem er þankaðall í flottroll en hann hjálpar til við að opna flotrollið þegar það er dregið í sjó. Dynlce Warp er togtaug úr ofurefni sem kemur í stað stálvírs á togskipum og hefur mikla kosti þegar veitt er í flottroll í miðjum sjó eða upp í yfirborðinu vegna þess að taugin er físlétt. Þessi kaðall er án vafa sá vandaðasti og flóknasti sem hannaður hefur fyrir fiskveiðar í heiminum og er verndaður með tveim einkaleyfum. Dynlce Warp hefur náð meirihluta heimsmarkaðarins í djúpsjárverkefnum en vegna léttleikans þá er hægt að ná niður á óendanlegt dýpi meðan stálvír þolir ekki meira en 6 kílómetra dýpi áður en hann slitnar undan eigin þunga. Djúpsjárverkefni eru gjarnan rannsóknir á botnlögum og björgun verðmæta af hafsbotni. Dýpsta gjáin í heimshöfunum er 11,2 km djúp og Hampiðjan hefur framleitt mörg tóg sem eru 12 km í einni lengd til notkunar á djúpsjárspil. Dynlce Data er gagnaflutningskapall sem byggir á Dynlce Warp og er mest notaður til að flytja boð frá nemum sem eru settir á fiskitroll til að sýna opnun trollsins og hversu mikið af fiski hefur veiðst.

Framtíðarsýn

Forskot Hampiðjunnar í vöruþróun og nýsköpun hefur leitt til fjölda tækifæra og möguleika á að færa sig inn á nýja markaði og þróa sérhæfðar vörur og má þar nefna olíuiðnaðinn, djúpsjárverkefni og rannsóknir og jafnvel sérhæfð tóg fyrir hraðskreiðar keppnisskútur. Áhugaverðar nýjungar eru í farvatninu sem snúa að aukinni gagnaflutningsgetu í nýrri gerð Dynlce Optical Data þar sem verður hægt að flytja nær ótakmarkað magn gagna og boða milli skips og trolls með ljósleiðurum sem mun hafa mikil áhrif á veiðitækni framtíðarnar.

Stjórnendur Héðins í 100 ár

Bjarni Þorsteinsson 1922-1938

Markús Ivarsson 1922-1941

Sveinn Guðmundsson 1941-1982

Sverrir Sveinsson 1982-1992

Guðmundur S. Sveinsson 1992-2016

Ragnar Sverrisson 2016-2021

Rögnvaldur Einarsson 2021

Konur í stjórn Héðins – 1941

Þótt Héðinn sé vissulega ímynd karlmennskunnar í huga margra, meistari stórgerðra véla og skipa, stórra og þungra hluta, hefur fyrirtækið einnig notið kvenlegrar natni við stjórnvölin. Það mun hafa verið algert einsdæmi að konur sætu í stjórn slíkra fyrirtækja þegar þær settust í stjórn fyrirtækisins 1941:

Jóhanna Þorsteinsson, ekkja Bjarna heitins, Kristin Andrésdóttir, ekkja Markúsar og Guðrún Markúsdóttir, dóttir Markúsar stofnanda, sat í stjórn fyrirtækisins í um þrjátíu ár, þar af um árabíl sem stjórnarformaður. Þá var önnur dóttir Markúsar, Sigrún Möller, mjög áberandi í störfum sínum fyrir Héðin, var virk bæði í stjórn og utan í áratugi.

Héðinn í hundrað ár

Héðinn er tækni- og stálsmiðafyrirtæki sem var stofnað árið 1922. Helstu viðskiptavinir eru íslensk og alþjóðleg sjávarútvegsfélög, fyrirtæki á sviði stóriðju, orkuframleiðslu og önnur starfsemi sem krefst smíði og viðhalds flókins vélbúnaðar.

Á hinum ýmsu tímabilum í sögu Héðins hefur fyrirtækið framleitt margs konar tól og tæki til nota fyrir atvinnulífið og heimili landsmanna. Segja má að öll þjóðin hafi haft not af Héðins-framleiðslu til sjávar og sveita.

Meðal þess sem fyrirtækið hefur framleitt eru: olíukynditæki fyrir verksmiðjur og íbúðarhús, húsgögn, þvottavélar, tannhjóla- og miðflótttaafldsælur, lofthitarar, heyblásarar, veiðafæri og áhöld fyrir togara, hraðabreytar, loftræstibúnaður, löndunarkranar, snigildrif, vökvaknúin línuspil, vinnuhurðir, stálgrindahús, lyftur, stigar, vélar, vélarhlutar - og heilar verksmiðjur.

Samfelld saga með Rolls Royce

Héðinn er eitt stærsta fyrirtæki landsins í málmiðnaði og véltækni hefur starfað með mörgum af fremstu fyrirkæjum heimsins á starfssviði sínu. Fyrirtækið býr yfir fyrsta flokks aðstöðu, fullkomnum vélbúnaði og nýtur öflugra starfskrafta til að takast á við verkefni jafnvel fjarri heimaslóð. Héðinn var um árabíl umboðsaðili Rolls Royce skipavéla og starfrækti eina viðurkennda verkstæðið sem RR rak ekki sjálft. Héðinn annaðist alla þjónustu á Íslandi fyrir Rolls-Royce Marine, þar á meðal er sala búnaðar og lausna frá Rolls-Royce Marine, uppsetning, endurnýjun, viðhald og viðgerðir. Nýlega rann RR inn í skipadeild Kongsberg sem Héðinn er umboðsaðili fyrir.

HPP próteinverksmiðjan

Frá upphafi hafa tengsl Héðins og sjávarútvegs verið sterk. Héðinn annaðist viðgerðir á togurum og fiskiskipum í flota Íslands. Segja má að í heila öld hafi verið stöðug víxlverkun innan sjávarútvegs milli Héðins og útgerðar og fiskvinnslu og Héðinn verið brautryðjandi í margs konar tæknibyltingum og framförum í atvinnugreininni.

Meðal annars hefur Héðinn haft hönd í bagga við nútímavæðingu allra hefðbundinna fiskmjölsverksmiðja á Íslandi, sér í lagi við rafvæðingu þurrkunar.

Nýjasta framlag Héðins er HPP próteinverksmiðjunni þar sem kemur saman íslenskt verkvit og hugvit í hátæknigeira. Verksmiðjan er afrakstur um það bil tíu ára nýsköpunar- og þróunarvinnu hjá Héðni.

Lagt var upp með mikilvægi þess að gera verðmæti úr fisktegundum og þeim hluta fiskisins sem ekki þykir boðlegur til mannelis, en fram að HPP- lausninni hafði tilfinnanlega vantað litlar verksmiðjur á markaðinn. Lagt var upp með að hanna verksmiðju sem stæðist allar kröfur um umhverfismál, væri ekki mannfrek og gæti búið til mjöl og olíu úr hráefni sem hægt væri að nota ekki aðeins til fóðurframleiðslu, heldur til mannelis ef nokkur kostur var á.



Fyrsta húsnæði Héðins var í Aðalstræti 6, þar sem Morgunblaðshöllin reis síðar. Við Aðalstræti reis fyrsta iðnaðarverfi Reykjavíkur. Í fyrstu var gatan kölluð Hovedgaden, síðar Adelsgaden en árið 1848 fékk gatan heitið Aðalstræti. Vélsmiðja Héðins var 60 fm að stærð en húsið var byggt árið 1895. Þessi mynd er tekin árið 1942. / Ljós. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Framhald á næstu opnu →



Frá einni af smiðju Héðins við Gjðhelli í Hafnarfirði þar sem höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í húsakynnum sem eru um 7.000 fm að stærð á um 30.000 fm löð. / Ljós. Páll Stefánsson.



Héðinn hefur tekið þátt í hönnun, smíði og uppsetningu vélbúnaðar verksmiðju Vaxa sem er staðsett í Jarðhitagarði Orku náttúrunnar á Hellisheiði. / Ljósmynd. Páll Stefánsson.

Prótótýpan af HPP verksmiðjunni var sett í gang 2017 í Sólberg ÓF-1 frá Ramma hf. En þegar þetta er skrifað, í mars 2022 hafa HPP verksmiðjur verið seldar til útgerða og landvinnsla í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Færeyjum, Englandi, Finnlandi, Frakklandi og Noregi.

Hér á landi hafa verið seldar fjórar HPP verksmiðjur. Þar á meðal er ein um borð í fullkomnasta fiskiskipi Norðurslóða, Ilivileq í eigu Brims sem einnig er Kongsberg skip, og á Neskaupsstað er að rísa 380 tonna HPP verksmiðja sem er smíðuð fyrir Síldarvinnsluna, en vinnslugeta verksmiðjanna er frá 10 til 400 tonnum á dag, eftir stærð.

Styrkleikar HPP próteinverksmiðjunnar liggja í því að hún tekur að minnsta kosti 30% minna pláss, er með 30% færri íhlutum og eyðir 30% minni orku en hefðbundnar fiskimjölsverksmiðjur. HPP verksmiðjan er sem sagt mun nettari hönnun en helstu keppinautarnir. Í hefðbundinni fiskimjölsverksmiðju eru 21 aðalhlutar og orka er sett inn á átta stöðum. Í HPP verksmiðjunni eru aftur á móti sjö aðalhlutar og orka er sett inn á tveimur stöðum.

Þar sem HPP verksmiðja er um borð í skipum fer ekki einn uggur af afla í sjóinn. Fiskurinn er nýttur 100%. Því sem áður var hent verður að miklum verðmætum. Þannig er hægt að auka próteinframleiðslu án meiri veiða. Eitt stærsta umhverfismál núlifandi kynslóða er að breyta aðferðum við próteinframleiðslu á þá leið að hún verði sjálfbær. Með því að fullnýta aflann er sýnd virðingu fyrir náttúruauðlindinni og umhverfinu.

Reikna má með að afurðir HPP verksmiðja séu 7-10% af því aflaverðmæti sem kemur í land eftir því hvort verksmiðjan sé manneldisvottuð eða ekki. Afurðirnar eru ýmist unnar áfram sem hágæða próteinmjöl í fóður eða manneldislýsi.

Um áramótin 2022 varð til fyrirtækið HPP Solutions, sem er sjálfstætt dótturfélag í 100% eigu Héðins.

Þátttaka í fjölbreyttum nýsköpunarverkefnum

Héðinn hefur frá stofnunum haft frumkvæði að eigin fjölbreyttum nýsköpunarverkum en líka komið að verkefnum annarra með sérþekkingu og reynslu. Eitt af þeim er loftheinsistöðin við Hellisheiðarvirkjun sem hefur vakið heimsathygli. Þar eru gróðurhúsalofttegundir fangaðar úr útblæstri virkjunarinnar, áður en þær berast út í andrúmsloftið og valda skaða, og þeim dælt í setlög neðanjarðar þar sem þær verða að bergi.

Eigandi virkjunarinnar er Orka náttúrunnar (ON) en förgun lofttegundanna með niðurdælingu er á vegum Carbfix sem hefur þróað þessa tækni.

Hreinsistöðin var opnuð 2014. Héðinn var aðalvertaki við byggingu hennar og hefur unnið síðan við þetta verkefni sem miklar vonir eru bundnar við enda glíman við minnkun útblásturs gróðurhúsalofttegunda meðal allra stærstu verkefna mannkyns.

Annað nýsköpunarverkefni sem Héðinn hefur tekið þátt í með ýmsum hætti er líka staðsett í Jarðhitagarði ON við Hellisheiðarvirkjun. Þetta er verksmiðja fyrirtækisins Vaxa Technologies en hún framleiðir smápörunga úr náttúrulegum afurðum frá virkjuninni, sem er staðsett er örstutt frá verksmiðjunni. Allt sem þarf til fyrir framleiðsluferlið er á svæðinu: endurnýjanleg



HPP próteinverksmiðja frá Héðni er um borð í Ilvileg, sem hér sést í Reykjavíkurhöfn. Skipið er fullkomnasta fiskiskip Norðurljóða og er gert út af dótturfélagi Brims, Arctic Prime Fisheries á Grænlandi. / Ljós. Páll Stefánsson

raforka, kalt og heitt vatn og koltvísýringur. Verksmiðjan skilar svo frá sér lífmassa í formi smábörunga. Þörungarnir eru meðal annars nýttir sem fóður í klakstöðvum fiskeldis en Vaxa stefnir jafnfram á ræktun þörunga til mannelis. Með framleiðslunni er hreinni orku breytt í próteinríka Omega-3 vöru sem inniheldur engin aukaefni.

Héðinn hefur tekið þátt í hönnun, smíði og uppsetningu vélbúnaðar verksmiðju Vaxa og er í lykilhlutverki við stækkun framleiðslulínu verksmiðjunnar árið 2022 og nýja 15.000 fermetra verksmiðju sem verður líka staðsett í Jarðhitagarði Orku náttúrunnar á Hellisheiði.

Húsnæði og mannhald

Húsnæði Héðins hefur tekið miklum breytingum í árána rás. Vélsmiðjan hafði í upphafi um 60 fermetra gólflið við Aðalstræti 6b ári 1922, en 20 árum síðar, 1942, var smiðjan komin á 489 fermetra við Seljaveg 2. Og þeir urðu ennþá fleiri þegar hið síðar sögufræga Héðinshús reis á lóðinni.

Héðinshúsinu var skipt í deildir eftir verkefnum:

Rennismiðju, koparsmiðju, rafsuðu, vélvirkjun, kællilagnir og fleiru.

Nyrsti hluti byggingarinnar (turnbyggingin) var hinsvegar hugsaður fyrir skrifstofur, teiknistofur og vélaafgreiðslu.

Á því ári sem Héðinn varð þrítugur, 1952 hafði verksmiðjan til umráða 6.580 fermetra gólflið. Þegar fram liðu stundir hentaði húsnæðið við Seljaveg ekki lengur starfsemi og hún var flutt árið 1989 í nýtt húsnæði að Stórásí 6 í Garðabæ.

Með áherslubreytingum á 21. öld jókst þörf Héðins aftur fyrir nýtt athafnasvæði. Var þá ákveðið að flytja höfuðstöðvar fyrirtækisins úr Garðabæ í Hafnarfjörð, en einnig rekur Héðinn þjónustuverkstæði á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Í febrúar árið 2009 var haldin vígsluhátíð í nýjum húsakynnum að Gjahelli 4, Hafnarfirði, sem nú telur sjö þúsund fermetra á þrjátíu þúsund fermetra lóð.

Flest varð starfsfólk Héðins 474 talsins árið 1948. Starfsmannafjöldinn hefur verið rokkandi eftir verkefnum en er nú í kringum hundraðið. Sá fjöldi segir reyndar einungis takmarkaða sögu, því Héðinn hefur samninga við margs konar undirverktaka og breyttar tækniforsendur og viðskiptaumhverfi leiðir til allt annars konar mannhalds en áður.



Stjórn Invent Farma 2016 sama ár og fyrirtækið var selt Apax. Efri röð frá vinstri: Kristinn Pálmason og Hermann Már Þórisson, neðri röð f.v. Brynjólfur Bjarnason, Friðrik Steinn Kristjánsson og Bergþór Konráðsson.

Invent Farma



Framleiðsla virkra lyfjaefna í verksmiðju Inke séð að utan.



Framleiðsla virkra lyfjaefna í verksmiðju Inke.



Höfuðstöðvar Invent Farma í Barcelona á Spáni.

Farsæl fjárfesting í lyfjum


Invent Farma var stofnað af Friðriki Steini Kristjánssyni árið 2004. Ári síðar fékk hann til liðs við sig hóp fjárfesta til kaupa á lyfjaverksmiðjunum Inke og Laboratories Lesvi á Spáni af stórfyrirtækinu Procter & Gamble. Lyfjaverksmiðjurnar áttu sér langa sögu í spænsku atvinnulífi eða aftur til ársins 1937. Umsvif Invent Farma tók til tveggja lyfjaverksmiðja og markaðsfyrirtækisins Qualigen á Spáni, þróunarsetra á Indlandi og Íslandi, auk lyfjaskömmmtunarfyrirtækisins Lyfjavers sem enn er starfandi á Íslandi. Höfuðstöðvar Invent Farma voru í Barcelona. Starfsmenn fyrirtækisins voru yfir fjögur hundruð, þar af 80 sérfræðingar í rannsóknum og þróun nýrra lyfja og lyfjaefna. Invent Farma er dæmi um velheppnaða fjárfestingu þar sem sérþekking á atvinnugrein og fjármálaþekking hafa leitt til farsællar niðurstöðu fyrir bæði fjárfesta og fyrirtækið sjálft. Ferðin var þó ekki án móttbyrs og fjármálakreppan 2008 reyndist erfið fyrir félagið, en sterkur rekstur og skýr stefna skilaði því yfir þann hjalla.

Vaxtataekifæri á Spáni

Friðrik Steinn er lyfjafræðingur að mennt og stofnaði samheitalyfjafyrirtækið Omega Farma á Íslandi árið 1990 og starfaði sem framkvæmdastjóri félagsins. Hann leiddi það áfram allt til ársins 2002 þegar það sameinaðist Delta og varð seinna að Actavis. Friðrik hafði langa reynslu af þróun samheitalyfja og hafði fyrir kaupin á lyfjaverksmiðjunum á Spáni leitað tækifæra í þeim geira víða um heim. Samheitalyfjanotkunin á Spáni var lítil í samanburði við mörg önnur lönd og taldi Friðrik að líklegt að markaðspróunin þar yrði sú sama og í Evrópu og Bandaríkjunum. Hjá Invent Farma var lögð áhersla annars vegar á framleiðslu á virkra lyfjaefna svo sem innöndunarlyf og hins vegar á tilbúin lyf, hylki, töflur og stungulyf ásamt tilheyrandi rannsókn- og þróunarstarfi. Fljótlega eftir kaupin var stofnað markaðsfyrirtækið Qualigen, sem selur lyf undir eigin vörumerki til apóteka á Spáni. Mjög kostnaðarsamt er að byggja upp eigið vörumerki til að markaðssetja eigin vörur en því meiri tækifæri fylgja ef vel tekst til. Því var mikið tap á Qualigen fyrstu árin í rekstri þess en síðar varð mjög góður viðsnúningur sem. Invent Farma varð á meðal tíu stærstu framleiðenda á Spáni. Spánn var stærsta markaðsvæði fyrirtækisins en helmingur veltunnar kom þaðan en aðrir mikilvægir markaðir voru Bandaríkin, Evrópa, Japan og Kórea.

Nýir fjárfestar koma að

Margir af upphaflegum hluthöfum Invent Farma töldu sig hafa náð markmiðum fjárfestingar sinnar og vildu róa á önnur mið og árið 2013 tókust samningar um sölu ríflega 60% hlutar til Framtakssjóðs Íslands og Horns II, sjóðs í rekstri Landsbréfa. Friðrik taldi talsvert verk óunnið og vildi áfram halda sínum hlut í gegnum fjárfestingarfélagið Silfurberg. Framtakssjóður Íslands og Horn voru sammála Friðriki um að auka mætti verðmætti fyrirtækisins enn frekar. Forstjóri Invent Farma lét af störfum í kjölfar eignarhaldsbreytinganna, en aðrir lykilstjórnendur



Skrifstofa lyfjaverksmiðjunnar Inke í Barcelona.

voru áfram við störf hjá félaginu. Fylgt var áfram sýn Friðriks um uppbyggingu félagsins samhliða því sem þekking og reynsla nýrra hluthafa nýttist í þeirri vegferð að auka virði félagsins. Árið 2014 var ráðist í að kaupa allt húsnæði og land sem áður var leigt og þar með spöruðust há leigugjöld. Öll lán sem tekin voru upphaflega hjá íslenskum banka voru endurfjármögnuð hjá spænskum bönkum á mun hagstæðari kjörum og skilyrðum sem gáfu félaginu frekara svigrúm til vaxtar. Markaðssetning nýrra lyfja skilaði sér svo í vexti tekna hjá Qualigen sem fór að skila mjög góðri afkomu. Á þessum tíma fór efnahagslíf á Spáni batnandi sem stuðlaði að hærra verðmati fyrirtækja og auknum viðskiptum á yfirtöku fyrirtækja. Á tæpum þremur árum frá því að Framtakssjóður Íslands og Horn komu inn haustið 2013 varð gríðarleg verðmætaaukning. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) fór frá árinu 2006 úr um 15 milljónum evra í tæpar 30 milljónir evra árið 2015 þegar ákveðið var að selja félagið.

Arðsemin kveikti áhuga


Arðsemi og vöxtur félagsins fór ekki fram hjá fjárfestum og áhugi á félaginu fór vaxandi og meðal þeirra sem sýndu félaginu áhuga var breski framtakssjóðurinn Apax Partners sem sendi óskuldbindandi tilboð í félagið. Fleiri sýndu félaginu áhuga og samhliða viðræðum við Apax var kannaður áhugi annarra. Sá áhugi leiddi til þess að Apax hækkaði tilboð sitt og varð niðurstaðan sú að hefja einkaviðræður við Apax Partners sem leiddu til samninga um sölu til þeirra síðsumars 2016. Silfurberg, félag í eigu Friðriks og eiginkonu hans, seldi stóran hlut en aðrir fjárfestar allt sitt.

Fram hefur komið opinberlega að hagnaður Framtakssjóðs Íslands af þessari fjárfestingu var umtalsverður. Verðmæti félagsins í krónum talið tvöfaldaðis frá 2013-2016, þrátt fyrir að krónan styrktist verulega gagnvart evru á tímabilinu.

Þekking skilaði árangri

Eins og fyrr kom fram höfðu þeir fjárfestar sem upphaflega tóku þátt í kaupunum fengið afar góða ávöxtun á sína fjárfestingu og þeir sem fylgdu Friðrik í framhaldinu náðu gríðargóðri ávöxtun á skömmum tíma. Það sem er einnig mikilvægt í þessu sambandi er að Invent Farma er í dag öflugt og arðsamt félag og í áframhaldandi uppbyggingu.

Lykillinn að því að sá árangur náðist helgaðist af eflingu markaðsstarfs og öguðum og faglegum vinnubrögðum í fjármálum og rekstri sem og í þróun lyfja og lyfjaefna. Krafa var gerð um fagmennsku og góða stjórnarhætti og félagið var alla tíð meðvitað um að það er þekkingarfyrirtæki sem byggir á að starfsmenn búi yfir bestu þekkingu á hverjum tíma og nauðsyn þess að fjárfesta í rannsóknum og þróun. Kaupin á Invent Farma og sala eftir uppbyggingu félagsins hefur reynst eitt best heppnaða fjárfestingarverkefni Íslendinga á erlendri grund.



Rannsóknarstofa Laboratories Levis í Barcelona.



Grétar Franksson, stofnandi og framkvæmdastjóri.



Raftjappar til útflutnings

Iso Tækni



Sigrún Arngrímsdóttir, bókahld, í stjórn, vinnur á CNC fræsivél.



Á sjávarútvegssýningu Sigrún Arngrímsdóttir, bókahld, stjórnarmaður.

IsoTækni ehf. var stofnað 1997 af Gretari Frankssyni vélfræðingi. Tilgangurinn var að þróa upp hugmynd af raftjökkum sem Gretar var með. Hann var búinn að vera vélstjóri á sjó í 10 ár og kynnst loft- og glussatjökkum. Bæði loft- og glussatjappar hafa ákveðna ókosti. Lofttjakkur hefur fjaðrandi hreyfingu sem oft hentar illa, því illmögulegt er að stjórna hreyfingunni. Lofttjakkur þarf helst að fara alla leið inn eða út. En er samt með fjaðrandi hreyfingu. Glussatjappar og glussakerfi leka ávalt olíu sem mengar. Það er því mjög slæmt ef olía lekur í matvælavinnslu. Þannig kom hugmyndin að raftjakk fram. Hann mengar ekki og hefur jafna og áreiðanlega hreyfingu og einfalt að leggja eina rafmagnssnúru að raftjakk. Þannig að ákvörðun var tekin um að smíða frumgerð af raftjakk. Farið var erlendis til að finna heppilegan rafmótor og gír til að nota. Sem betur fer lentum við á góðu fyrirtæki sem framleiddi mótora og plánetu gíra. Þarna var hjartað komið í raftjakkana. Þróun og prófun stóð yfir í rúmt ár. Þangað til komin var raftjakkur sem lofaði góðu. Afar endingargóður, sterkbyggður, vatnspéttur og ryðfrír. Þróun hélt samt áfram og ýmsar lagfæringar gerðar til að auka endinguna. Að lokum vorum við sátt með raftjakkinn sem gat keyrt látlaust dag og nótt í sjálfvirkum prufubekk í 5 mánuði án þess að bila.

Framleiðslan

Markaðurinn 1999 var ekki búinn að sjá svona vöru til sölu. Þetta var algjör frumkvöðlasmið. Það fór svo að ein stórutgerð keypti af okkur 12 raftjakka á flokkunarkar þar sem fyrir voru lofttjappar. Þeir reyndust ekki vel vegna þess lofttjakkarnir fjöðruðu svo mikið. Ef það lá þungi á lúgu og átti að opna þá byrjaði lofttjakkurinn að fá loft inn á sig síðan skaut lúgan upp og opnaði of mikið þannig að flök flæddu út á gólf. Eftir þetta keyptu nokkrar útgerðir raftjakka með stjórnþúnaði af okkur. Við vorum komnir inná markaðinn.

Eftir þetta hefur sala farið vaxandi jafnt og þétt. Stærsti markaður okkar í dag er útflutningur. Alltaf bætast fleiri við sem vilja raftjakka við ýmsar aðstæður. Helsti kostur okkar raftjakka er að þeir eru ryðfrír og vatnspéttir. Og síðast en ekki síst hafa þeir það orð á sér að bila ekki. T.d. eru þeir notaðir á flapsa báta allt að 15 metra. Þar eru raftjakkarnir alltaf undir sjávarmáli. Ending er 12 til 15 ár, fer eftir meðferð og aðstæðum.

Fyrirtækið

IsoTækni er í dag með mjög gott renniverkstæði og tekur að sér smíði fyrir ýmsa aðila. Raftjakkarnir eru smíðaðir í CNC tölvustýrðum renni og fræsivélum. Vélakostur er 5 CNC rennibekkir og 2 stórar CNC fræsivélar ásamt ýmsum smærri vélum. IsoTækni hefur sérhæft sig í að herða smíðajárn og krómstál. Einnig er hert ryðfritt stál. Starfsmenn eru 4-7 og aðsetur er að Dalshrauni 9 í Hafnarfirði. Vefsíða: www.isotech.is



Stigi og öryggishindrun, Ylströndin Nauthólsvík.

Mannberg / Vélsmiðja Heiðars

Árið 1962 stofnaði Heiðar Bergmann Marteinnsson, Vélsmiðju Heiðars ehf. Vélsmiðjan sérhæfði sig í upphafi að heildarlausnum og framleiðslu fiskvinnslutækja fyrir sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi og erlendis. Vélsmiðjan var starfrækt fyrstu árin í Sætúni í Reykjavík. Frá Sætúni flutti vélsmiðjan í Kópavog í Auðbrekku 43 og síðar í Hamraborg 1, sem var upphafið að staðsetningu vélsmiðjunnar í Kópavogi, og lengstan sinn starfstíma staðsett í Vesturvör 26, og síðar á Dalvegi. Fyrirtækið óx hratt á þessum upphafsárum. Smíði fyrirtækisins var mestmegnis smíði á tækjum fyrir saltfiskverkendur og smíði á fiskþvottavélum. Fiskvinnslufyrirtæki voru að slíta barnsskónum og háð gömlum aðferðum. Mikil og hröð þróun átti sér stað og tókst vélsmiðjan með sínum mannaud á við hraða þróun í smíði á stærri vélum og færriböndum.

Framleiðsla

Allt frá upphafi var framleiðsla vélsmiðjunnar þróuð í náinni samvinnu við viðskiptavini ásamt því að aðlaga tækin breyttum vinnsluaðferðum jafnt í frystihúsum sem og um borð í fiskiskipum og frystitögurum. Framleiðsla vélsmiðjunnar þróaðist út í heildarlausnir og var Vélsmiðja Heiðars fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að hanna og smíða kerfi fyrir vélsöltun á síld. Það kerfi auðveldaði alla síldarsöltun og gerði störfin við síldarsöltun hagkvæmari en áður hafði þekkt. Öll rekstrarár fyrirtækisins hefur það notið trausts og velgengni með tryggn hóp viðskiptavina og gerir enn.

Eigendur og rekstur

Það var svo árið 2007 sem stofnandi fyrirtækisins Heiðar Bergmann ákvað að setjast í helgan stein, þá komin vel yfir eftirlaunaaldur. Hann fól því sonum sínum áframhaldandi rekstur fyrirtækisins. Guðmundur Heiðarsson og Marteinn Heiðarsson ásamt syni Guðmundar, Ásgeiri Guðmundssyni tóku við rekstri vélsmiðjunnar og á sama tíma skiptu þeir um nafn í tilefni þessara tímamóta og nefndu fyrirtækið Mannberg ehf. til heiðurs stofnanda þess og fluttu í gott húsnæði í Akralind 1 Kópavogi. Fyrirtækið veitir þar enn sömu úrvalspjónustu og öll þau 59 ár í rekstri þó áherslurnar hafi þróast mikið undanfarin ár. Fyrirtækið sinnir í dag fjölbreyttri þjónustu, í viðhaldi tækja og búnaðar ásamt nýsmíði fjölbreyttra tækja fyrir fyrirtæki. Fyrirtækið sérhæfir sig í öllum tegundum rafsuðu svo sem rafsuðu á háþrýstirörum og annarri finni og sérhæfðri rafsuðu. Viðhald og viðgerðir í fyrirtækjum, gróðurhúsum, sundlaugum og almennum fasteignum þar sem smíðavinnu og viðgerðum er sinnt. Fjölhæfni, vönduð vinna og hagstætt verð eru einkennismerki fyrirtækisins sem byggir á 59 ára reynslu frumkvöðla þess.

Aðsetur

Mannberg ehf. er staðsett í Akralind 1 í Kópavogi. Vefsíða: www.mannberg.is



Frá hægri: Ásgeir Ingi Guðmundsson, Marteinn Bergmann Heiðarsson og Guðmundur Ólafur Heiðarsson.





Nemar frá Háskóla Íslands í heimsókn.

Ísloft blikk- og stálsmiðja



Þorsteinn Ögmundsson, framkvæmdastjóri.



Sigurrós Erlendsdóttir, fjármálastjóri.

Fyrirtækið Ísloft, blikk- og stálsmiðja ehf. var skráð árið 1988 en stofnfundur var haldinn 4. desember 1987. Stofnendur þess voru Valdimar Jónsson, Garðar Erlendsson, Þorsteinn Ögmundsson, Gunnar Valdimarsson og Hjalti Garðarsson. Núverandi eigendur eru þeir auk fleiri sem margir eru tengdir fjöskylduböndum. Aðalstjórn skipa: Þorsteinn Ögmundsson, Valdimar Jónsson og Sigurrós Erlendsdóttir, formaður stjórnar.

Í varastjórn eru: Garðar Erlendsson og Hannes Erlendsson. Framkvæmdastjóri er Þorsteinn Ögmundsson en Sigurrós Erlendsdóttir er fjármálastjóri. Sömu stjórnendur hafa verið allt frá upphafi blikksmiðjureksturs félagsins eða frá því í janúar 1993.

Starfsemin

Ísloft, blikk- og stálsmiðja ehf. er, eins og nafnið gefur til kynna, blikksmiðja og þar starfa að jafnaði um 70 manns en starfsmenn voru 25 árið sem blikksmiði fyrirtækisins hófst. Fyrirtækið var upphaflega stofnað utanum sölu á búnað fyrir loftræstikerfi en 1. janúar 1993 var starfsemi þess útvíkkuð með m.a. framleiðslu loftræstikerfa, eldvarnarhurða og allri almennri blikksmiði. Meginhluti starfseminnar var og er enn í dag að Bíldshöfða 12-14 í Reykjavík. Starfsmenn fyrirtækisins vinna einnig að fjölbreyttum verkefnum um allt land.

Verkefni

Ísloft hefur á undanförunum árum leyst af hendi mörg af stærstu verkefnum hérlendis á sviði loftræstikerfa. Flest verkefniin fær fyrirtækið með því að bjóða í verk sem boðin eru út en tekur líka að sér allskonar verkefni skv. beiðni viðskiptavina og er óhætt að segja að fjölbreytni í verkefnum sé mikil.

Sérstaða


Ísloft hefur ætíð kappkostað að nota fyrsta flokks tæki og byggja upp þekkingu og nýta þannig hefðbundið handverk samhliða bestu fánlegu tækjum og framleiðslutækni. Með þessu hefur fyrirtækið skapað sér sérstöðu á íslenska markaðinum og hefur þess vegna breiða framleiðslugetu. Fyrirtækið framleiðir sjálf mjög mikið af sinni söluvöru og annast jafnframt uppsetningu hennar og má þar helst nefna loftræstikerfi sem fyrirtækið hefur séð um í mörgum stærstu byggingum landsins, s.s. Smáralind, Verne Global, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Hörpu og víða annars staðar auk verkefna í Grænlandi.

Framleiðsla

Ísloft framleiðir auk loftræstikerfa ýmsa íhluti í slík kerfi m.a. loftræstisamstæður, hljóðgildrur, ristar, þakventla, spjaldlokur, hitaflæti o.fl. Einnig framleiðum við hitabláðsara, eldvarnarhurðir, veggjastoðir, málmklæðningar á þök og veggj ásamt einangrun og klæðningu fyrir hita- og kæliagnir. Loks má nefna innréttingar í hesthús, sérsmiðaða töflu og tengiskápa, eldhúsháfa fyrir stærri eldhús, o.fl. o.fl. Vörunúmer eru vel á annað þúsund. Samkeppni



Framleiðsla á loftræsisamstæðum.



Þorlákur Þorvaldsson, þúsundþjalasmiður.

á þeim útboðsmarkaði sem fyrirtækið starfar á er hörð en sérstaða þess felst í mikilli eigin framleiðslu og innflutningi hráefnis beint frá framleiðendum sem tryggir lægsta mögulega verð. Reynsla og tækniþekking starfsfólks kemur mjög til góða í samkeppninni.

Framtíðarsýn

Ísloft hefur það að leiðarljósi að nýta og auka þann mannaud sem er í fyrirtækinu og veita viðskiptavinum sínum fyrsta flokks þjónustu. Framtíðarsýn fyrirtækisins felst í því að kappkosta að veita viðskiptavinum trausta og góða þjónustu og að auka sífellt hæfnina til að leysa flókin og vandasöm verkefni.

Gæðakerfi

Gæðakerfi Íslofts byggir á kröfum Mannvirkjastofnunar (MVS). Kerfið uppfyllir kröfur og er samþykkt af MVS með skráðum blikksmiðameisturum með tilheyrandi landslöggildingu. Ísloft er aðili að Samtökum Iðnaðarins, Samtökum atvinnulífsins og Félagi blikksmiðjueigenda.

Viðurkenningar

Veltuþróun hefur verið jöfn og stöðug með vaxandi starfmannafjölda og afkoman almennt mjög góð. Fyrirtækið hefur verið á lista yfir Framúrskarandi- og fyrirmyndarfyrirtæki og auk þess margsinis hlotið viðurkenningu Lagnafélags Íslands.

COVID-19

Aðgerðir fyrirtækisins byggjast á almennum leiðbeiningum sóttvarnalæknis sem fylgt er í hvívetna.



Unnið við álsuðu.



Ísloft á toppnum.



Gisli Sigurðsson, blikksmiður.




Starfsmenn.



Ístex framleiðir væðarvoðir úr Einbandi og Lopateppi úr Léttlopa.

Ístex



Lopabandið er spunnið í Mosfellsbæ.

Íslenskur textíliðnaður hf. (Ístex hf.) er ullarvinnslufyrirtæki sem vinnur að því að skapa sem mest verðmæti úr íslenskrri ull.

Starfsemin

Markmið Ístex er að framleiða hágæða vörur úr íslenskrri ull fyrir þá sem kjósa náttúrulegar, sjálfbærar og umhverfisvænar vörur. Það liggja fjölmörg tækifæri í nýtingu íslensku ullarinnar. Ístex leggur sig fram um að skapa vettvang fyrir þessi tækifæri. Þetta eru margslungin verkefni sem eru unnin í samstarfi við bændur, hönnuði, innlenda og erlenda framleiðendur. Ístex er opið fyrir hugmyndum og frekara samstarfi.

Ístex kaupir ull beint frá bændum en félagið safnar, þvær og meðhöndlar um 99%. Ístex miðar að því að lágmarka umhverfisáhrif sín. Þvegin ull frá Blönduósi er vottuð samkvæmt OEKO-TEX 100 staðli.

Fyrirtækið rekur ullarþvottarstöð á Blönduósi og spuna- og bandverksmiðju í Mosfellsbæ. Ullarvinnsla í Mosfellsbæ hefur staðið samfleytt frá árinu 1896, áður undir nafninu Álafoss. Ístex hf tók við starfseminni árið 1991.

Eigendur og starfsfólk

Fjöldi hluthafa eru 2477 og eiga bændur meira en 80% hlut í Ístex. Hjá Ístex starfa um 50 manns. Stjórnarformaður er Gunnar Þórarinnsson, framkvæmdastjóri er Sigurður Sævar Gunnarsson og verksmiðjustóri spunaverksmiðju er Jón Haraldsson. Sölustjóri er Rebekka Kristjánsdóttir, aðalhönnuður er Védís Jónsdóttir og gæða- og þróunarstjóri er Sunna Jökulsdóttir.

Framleiðsla

Ístex býr til ullarband fyrir handprjón, vélprjón og vefnað úr íslenskrri ull. Má nefna Álafosslopa, Einbandi, Jöklaþlopa, Léttlopa og Plötulopa. Ístex gefur út Lopahandprjónabækur með fjölbreyttri hönnun fyrir prjónara. Þá framleiðir Ístex ullarteppi, Lopiloft einangrun, sængur og kotta úr íslenskrri ull. Vörur Ístex eru seldar víða um heim undir vörumerkinu Lopi.

Istex.is
Lopidesign.is
Lopidraumur.is
Ullarmat.is
Istexwool.is



*Lopidraumur er vörulína sem tengir
saman svefn og Íslenska ull.*



Kambar



Kambar er samsett úr fjórum fyrirtækjum, þ.e. Glerverksmiðjunni Samverk á Hellu sem var stofnuð 1969, Trésmiðjunni Berki á Akureyri sem var stofnuð um svipað leyti, Gluggasmiðjunni á Selfossi sem var sett á laggirnar 1962 og Sveinatungu sem hefur t.d. sérhæft sig í uppsetningu á svalahandriðum og glerkápum á svalagöngum á fjölbylishúsum.

Starfsemin

Meginmarkmið Kamba er að geta þjónustað viðskiptavinum sem best og sérstaða fyrirtækisins er að loka húsbyggingum svo hægt verði að hefjast handa með það sem þarf að gera innanhúss. Það liggur í hlutarins eðli að helstu viðskiptavinir Kamba eru verktakar, en Kambar þjónusta líka einstaklinga þegar svo ber undir. Fyrst og fremst er verið framleiða, afhenda og setja í hurðir, glugga og svalahandrið sem og glerlokanir. Allt sem viðkemur gleri sjá Kambar um að framleiða.

Kambar er ungt fyrirtæki. Endanleg sameining átti sér stað í nóvember 2021 og félagið formlega skráð í mars 2022.

Kambar eru til húsa í glæsilegu rými við Smiðjuveg 2 í Kópavogi en þar eru til staðar sölumenn og þjónustufulltrúar. Þar getur að líta sýnishorn af framleiðsluvörum sem er komið fyrir af einkar mikilli smekkvísi sem er þó ekki nema lítill hluti af allri framleiðslunni.

Mikil þekking og reynsla hefur skapast á þeim áratugum sem áður nefnd fyrirtæki hafa starfað. Íslenskt hugvit og reynsla af því að framleiða úr efni sem standast yfstrustu gæðakröfur og hið rýsjótta íslenska veðurfar er eitt af því sem menn eru meðvitaðir um og tryggir þannig viðskiptavinum sínum fyrsta flokks vörur og þjónustu.

Kambar hafa verið í miklum og örur vexti s.l. tvö ár með tilheyrandi sveiflum, en eins og flestir vita þá er mikill uppgangur í byggingaiðnaðinum svo markaðurinn er sannarlega til staðar og því tilheyrir að laga sig að aðstæðum hverju sinni.

Fjarlægðin milli staða þar sem framleiðslan er setur auðvitað strík í reikninginn en með nútímatækni og notkun fjarfundabúnaðar er hægt að stýra samskiptum og skipulagningu. Höfuðstöðvarnar eru í Kópavoginum og þar skapast ákveðin vinnustaðarmenning á sama hátt og hefur orðið til í gegnum tíðina hjá hinum fyrirtækjunum. Það hefur blessunarlega verið vel tekið í sameininguna á öllum stöðunum, því tækifærið sem felst í henni hefur ekki dulist neinum af þeim sem í dag standa að Kömbum.

Að sögn Kristjáns Geirs Gunnarssonar framkvæmdastjóra þá ríkir mikil bjartsýni þar á bæ, enda engin ástæða til að ætla annað en að þörf verði á hurðum og gluggum í þær þrjú til fjögurþúsund og fimmhundrað íbúðir sem byggðar eru á hverju ári. Þetta skapar markað sem Kambar ætla sér hluta af.





Umhverfismál

Góðu heilli er að verða til aukin meðvitund um áhrif byggingaiðnaðarins á umhverfið. Sem dæmi má nefna að kolefnisspor af því að framleiða glugga á Íslandi er miklu lægra en af gluggum sem fluttir eru tilbúnir hingað til lands frá löndum í Austur-Evrópu eða annars staðar frá. Kambar framleiða sem nemur 10 gámum af innfluttum gluggum fyrir einn gám af hráefni sem notað er við framleiðsluna.

Krafan um bættu orku- og efnisnotkun í íslenskum byggingaiðnaði er orðin sífellt meiri og Kambar leggja sitt af mörkum til að svara þeirri kröfu. Kristján Geir hefur verið viðloðandi íslenskan iðnað í rúm tuttugu ár og nú um stundir hefur hann það á tilfinningunni að stefna og viðhorf í umhverfismálum sé að snúast til betri vegar. Svo nú er lag að sækja á markaðinn með aukinni virðingu fyrir umhverfinu. Mikilvægt er að standast þær gæðakröfur sem gerðar eru til framleiðslunnar og framleiðsluáðferðanna.

Styrkur og sérstaða

Starfsemi Kamba byggir á 50 ára sögu og þekkingu. Styrkur þeirra liggur í hagkvæmni í krafti stærðarinnar og þeirri grænu stefnu sem smám saman hefur verið að ryðja sér til rúms, en kemur nú inn af fullum krafti í takt við tíðarandann. Kambar eru stórhuga, með mikinn metnað gagnvart íslenskum iðnaði og vilja veg hans sem mestan. Að sjálfsgöðu er samkeppni til staðar en Kristján Geir segist hvergi banginn og að hún sé hluti af því umhverfi sem Kambar starfa í. Afkastagetan er minni en eftirspurnin sem þýðir að þörf er fyrir að stækka og efla framleiðsluna með því fjárfesta í fleiri og betri tækjum, ráða mannskap til vinnu o.s.frv.

Kambar eru að skapa félag sem stendur fyrir fagmennsku, gæðum og umhverfisvernd ásamt heilbrigðu starfsumhverfi fyrir þá sem velja fyrirtækið sem vinnustað hvort sem það er til lengri eða skemmri tíma.





Koparþak í vesturbæ Reykjavíkur, Tjarnargötu.

Kopar & Zink

Kopar og Zink ehf. var stofnað í Reykjavík í maí 2003 af Kristjáni Viborg og Gunnari Frey Freyssyni, en Gunnar var keyptur út úr fyrirtækinu árið 2007. Fyrirtækið er í dag í eigu Kristjáns Viborg blikksmiðameistara og Margrétar Fríðu Unnarsdóttur skrifstofustjóra. Að meðaltali starfa hjá fyrirtækinu 8-12 manns.

Kopar og Zink var lengst af staðsett í leiguhúsnæði að Eldshöfða 18 en flutti í apríl 2018 í eigið húsnæði að Flugumýri 30, 270 Mosfellsbæ. Nýja húsnæðið hefur stórbætt alla aðstöðu fyrirtækisins en það er um 300 fm að stærð og með gott útisvæði. Sjá kogz.is

Starfsemi og verkefni

Fyrirtækið sérhæfir sig einkum í læstum veggklæðningum, þakklæðningum, loftræstingum, uppsetningu á rennum og niðurföllum ásamt allri almennri blikksmiðavinnu.

Kopar og zink ehf. hefur lagt þök og veggklæðningar úr áli, kopar og zink víða um land. Má þar nefna álkklæðningu á Hafnarstræti og við Frakkarstíg, koparþak á Háteigskirkju ásamt koparþaki á hús við Tjarnargötu, zinkklæðningu á Þjóðskjalasafnið, Mýrarhúsaskóla ásamt Klettaskóla. Kopar og zink ehf. hefur einnig unnið við klæðningar á fjölmörg einbýlishús en þar á meðal má nefna einbýlishús með titanium klæðningu. Meðal annara verkefna fyrirtækisins hefur verið vinna við loftræstingar, aðallega í fjölbýlishúsum, í samvinnu við Mótx og Byggingafélagið Bakka.

Fyrirtækið hefur tekið að sér mörg verkefni utan höfuðborgarsvæðisins. Til dæmis Whale watching centre á Húsavík, Hólmavíkurkirkju, Jaðar hjúkrunar- og dvalarheimili í Ólafsvík, ásamt ýmsum verkefnum við hin fjölmörgu sumarhús á Suður og Vesturlandi.

Blikksmiðjan Kopar og Zink er vel útbúið tækjum og er meðal annars búin að fjárfesta í nýrri beygjuvél og völsunarvél fyrir læstar klæðningar ásamt öðrum sérhæfðum verkfærum.



Starfsmenn í Stykkishólmi.





Oxaður kopar. Menningarhúsið Berg á Dalvík.





Pakvinna, byggingadeild.



Sprinklerkerfi gastankur, pípulagningadeild.



Á rafmagnsverkstæðinu.

Launafi



Magnús H. Helgason, framkvæmdastjóri.



Sveinn Jónsson, formaður stjórnar.



Stefanía Malen Stefánsdóttir, meðstjórnand.



Björn Gíslason, ritari stjórnar.

Launafi ehf. var stofnað 6.6.2006 af sex austfirskum fyrirtækjum á Austurlandi út af tilkomu álvers ALCOA Fjarðaáls á Reyðarfirði en stofnendur þessara fyrirtækja voru:

G. Skúlason, Rafey, Myllan, Rafmagnsverkstæði Árna, Stjórnublastur og Vélgæði. Nokkrar breytingar hafa orðið á hluthafahópnum og eru stærstu eigendur félagsins í dag: Rafey, G. Skúlason og Myllan Stál og Vélar. Gerður var viðhaldssamningur við Alcoa í mars 2007 sem gildi til 7 ára með framlengingarákvæði. Núna er gerður samningur til 2 ára með framlenginu um 1 ár. Launafi ehf. þjónar nú á öllum svæðum Alcoa sem eru: kranaverkstæði, farartækjaverkstæði, skautsmiðja, steypuskáli og rafveita. Félagið býður þjónustu á flestum sviðum sem lúta að iðnaði, en ekkert annað félag á Austurlandi býður svo víðtæka þjónustu eins og Launafi gerir í dag. Má segja að einstaklega vel hafi tekist til með uppbyggingu félagsins og er það fyrst og fremst að þakka góðum starfsmönnum sem starfa fyrir félagið.

Frá stofnendum til sjálfstætt starfandi fyrirtækis

Í huga stofnenda þá ætluðu þeir að leggja félaginu til starfsmenn og búnað til að sinna viðhaldsamningnum. Fyrst var ráðinn verkefnastjóri til félagsins í febrúar 2007 og því næst framkvæmdastjóri í júlí sama ár. Fljótlega kom í ljós að þetta fyrirkomulag gat ekki gengið þar sem stofnendur gátu ekki látið félagið hafa þann mannskap sem viðhaldssamningur sagði til um og því fór félagið að ráða til sín iðnaðarmenn strax á haustmánuðum 2007 til að uppfylla þau skilyrði samningsins. Þrátt fyrir að Launafi tæki upp sjálfstæða starfsemi og byggði félagið upp frá grunni, þá hafa stofnendur og Launafi alltaf átt gott og víðtækt samstarf og styðja félagin hvert annað með ýmsum hætti.

Iðnaðarfyrirtæki með víðtæka og fjölbreytta starfsemi

Launafi býr yfir mikilli þekkingu á flestum sviðum iðnaðar. Mannauður félagsins hefur haldgóða og fjölbreytta menntun. Ennfremur er víðtæk reynsla í flestum þeim iðngreinum sem félagið sinnir, hvort sem um er að ræða tæknimenn eða iðnaðarmenn. Launafi er líka í góðum tengslum við stofnendur félagsins, sem gerir fyrirtækinu kleift að bjóða í enn meiri og fjölbreyttari þjónustu en ella hefði verið án þeirra. Fyrirtækið er líka betur í stakk búið að bjóða í stór verkefni út af stærð félagsins þegar stofnendur koma líka að málum. Fyrirtækið sinnir nú í dag margvíslegum verkefnum fyrir utan viðhaldssamning við ALCOA Fjarðaál, sem er við Fjarðabyggð, fjölmörg fyrirtæki og einstaklinga hér á svæðinu.

Starfsmannafjöldi

Eftir stofnun félagsins og þegar félagið fór sjálft að ráða til sín sína eigin starfsmenn á vegum Launafis fjölgaði starfsmönnum mjög hratt. Þegar álverið var gangsett þurfti mikið af framleiðslumönnum til að koma framleiðslunni á stað og um mitt ár 2008 voru starfsmennirnir orðnir rúmlega 140 og þar af um 80 sérhæfðir framleiðslustarfsmenn. Á undanförunum



Á vélaverkstæðinu.



Blikksmiðjan, púströr í skip.

árum hefur starfsmannafjöldi félagsins verið á bilinu 90-100 manns, sem er að langmestum hluta iðnaðarmenn. Félagið er líka með undirverktaka í vinnu sem er bæði frá stofnendum félagsins og öðrum starfsmannaleigum til að sinna þeim verkefnum sem Launafi sinnir í dag. Launafi hefur tekið á samning og útskrifað yfir 40 iðnnema frá stofnun félagsins, en þrátt fyrir það dugar slíkt ekki til þess að viðhalda þeirri mannskapsþörf sem félagið þarf á að halda. Launafi getur boðið í dag upp á að leysa flest þau verkefni sem lúta að íslenskum iðnaði og er ávallt að leita leiða að viðskiptavinurinn fái sem besta þjónustu. Með þetta að markmiði þarf fyrirtækið að vera sveigjanlegt til að bregast fljótt við kröfum fyrirtækja og einstaklinga hér á svæðinu. Starfsmenn Launafs koma víða að frá Austurlandi, þó flestir hafi búsetu á Reyðarfirði, þá koma líka starfsmenn af svæðinu frá Breiðdalsvík í suðri til Egilsstaða í norðri. Ennfremur eru nokkrir erlendir starfsmenn hjá félaginu sem nú eru búsettir á Reyðarfirði í eigin húsnæði félagsins sem rúmar 19 einstaklinga.

Helstu eignir og þróun á starfsemi félagsins

Í febrúarmánuði 2008 festi Launafi kaup á húsnæði G. Skúlasonar að Óseyri 9 á Reyðarfirði. Í húsinu, sem er liðlega 1000 fm, var fullkomið vélaverkstæði og verslun. Allir starfsmenn G. Skúlasonar á Reyðarfirði fluttu sig þar með um set og gerðust starfsmenn Launafs. Að Óseyri 9 er núna rekin verslun/lager, byggingardeild, rafmagnsverkstæði, blikksmiðja og pípulagnir. Árið 2008 festi Launafi síðan kaup á öllum hlutabréfum í Rafmagnsverkstæði Árna á Reyðarfirði og var það sameinað starfsemi Launafs fyrsta september það ár. Öll hlutabréf í Vélgæðum á Fáskrúðsfirði voru síðan keypt í júlí 2008 og félagið sameinað Launafli frá fyrsta janúar 2009. Í árslok 2007 réðst Launafi í byggingu 1300 fm atvinnuhúsnæðis á Hrauni 3 á álverssvæðinu. Fullkomið farartækjaverkstæði var tekið í notkun í því húsi í september 2008 og í október 2009 tók þar til starfa vel búið vélaverkstæði auk þess sem skrifstofum og starfsmannaaðstöðu var þar haganlega komið fyrir. Árið 2011 festi síðan Launafi kaup á jarðhæðum Austurvegs 20 og Austurvegs 20a á Reyðarfirði og þar hófst rekstur bifreiðaverkstæðis í febrúar 2012, en sú starfsemi var leigð út í júní 2021. Vélar og tæki Fjarðablikks ehf. á Reyðarfirði voru keypt í byrjun árs 2012. Á árinu 2004 voru öll hlutabréf í Rafgeisla Tómas R. Zöega að Hafnarbraut 10 í Neskaupstað keypt og félagið sameinað Launafli 1. júlí 2020. Allir starfsmenn Rafgeisla fylgdu með í kaupunum. 1. september 2021 festi félagið kaup á Austurvegi 29, Reyðarfirði sem er 19 herbergja starfsmannahús. Þetta var gert til að uppfylla þarfir markaðsins, þar sem skortur er á íslenskum iðnaðarmönnum hér á svæðinu. Þarna búa í dag bæði erlendir og íslenskir iðnaðarmenn. Viðskiptavinum félagsins hefur fjölgað mikið frá stofnun þess og nú í dag er Alcoa Fjarðaál með um 60% af tekjum Launafs, en á fyrstu árum félagsins var Alcoa með um 90-100% af tekjunum. Aðrir stórir viðskiptavinir fyrir utan Alcoa í dag eru í þessari röð: Sveitarfélagið Fjarðabyggð, Eimskip, Rubix, Loðnavinnslan, Síldarvinnslan og Samskip. Í upphafi var starfsemi Launafs einungis vélaviðgerðir - málmsmíði og rafmagnsviðgerðir. En síðan þá hafa bæst við byggingarstarfsemi, blikksmiði, pípulagnir og verslun/lager. Launafi er svo með umboð fyrir Siemens rafmagnsvörur.

Á vegum fyrirtækisins eru starfrækt eftirtalin svið:

- Vélaviðgerðir
- Málmsmíði
- Rafvirkjun
- Farartækjaviðgerðir – ALCOA Fjarðaál
- Pípulagnir
- Byggingastarfsemi
- Verslun/lager
- Tækniæild

Stjórn Launafs:

Sveinn Jónsson formaður
Björn Gíslason ritari
Stefanía Malen Stefánsdóttir meðstjórnandi
Frankvæmdastjóri: Magnús H. Helgason
Skrifstofustjóri: Kristjón Sigurbergsson
Verkefnastjóri: Kenneth B. Svenningsen
Starfsmannastjóri: Adda B. Ólafsdóttir
Öryggisstjóri: Ríkarður M. Kristinsson

Gildi félagsins eru:

öryggi-áreiðanleiki-virðing

Þessi gildi stuðla að öruggu, áreiðanlegra og betra starfsumhverfi, þar sem einstaklingurinn nýtur virðingar í starfi og leik. Félagið hefur alltaf lagt mikila áherslu á öryggis- gæða- og starfsmannamál. Því gildi félagsins er að öryggi sé ávallt í hávegum haft, til að tryggja öryggi starfsmanna og umhverfisins. Áreiðanleiki felst í því að fyrirtækið bjóði þau gæði á vöru og þjónustu sem viðskiptavinurinn biður um og standist hans væntingar. Virðing er skilyrði þess að starfsmönnum líði vel í vinnunni og virði einstaklinginn að verðleikum.



Njáll, Beggi og Grímur að störfum.

Léttitækni



Jakob Jóhann Jónsson og Katrín Líndal, eigendur.

Árið 1989 keyptu Jakob Jóhann Jónsson, húsasmíðameistari og Hallur Hilmarsson, bifreiðastjóri hjólbarðaverkstæði á Blönduósi af Hallbirni Kristjánssyni, það fékk nafnið Ósdekk og er í raun grunnurinn að Léttitækni. Áður hafði Jakob starfað sjálfstætt við smíðar í nokkur ár. Árið 1993 keyptu Jakob, Hallur og Bergþór Gunnarsson vélsmiðameistari fyrirtækið Léttitæki ehf. í Reykjavík og fluttu það á Blönduós til þess að styrkja stoðir dekkjaverkstæðisins. Léttitæki hélt þó áfram að vera með söluskrifstofu í leiguhúsnæði á Bildshöfða í Reykjavík.

Reksturinn gekk ekki nógu vel og árið 1995 stofnuðu Jakob og Bergþór Léttitækni ehf. á grunni Léttitæki ehf. Jakob og Bergþór ráku Léttitækni saman fram til ársins 1999 í formi hjólbarðaverkstæðis og stálsmiðju sem framleiddi handvagna og handtrillur auk þess að flytja inn ýmis léttitæki. Jakob keypti svo hlut Bergþórs árið 1999 og hefur síðan rekið Léttitækni ehf. einn ásamt eiginkonu sinni Katrínu Líndal sjúkraliða.

Stálsmiðjan og innflutningurinn uxu hratt og árið 2005 var komið að því að einfalda reksturinn og ákvað Jakob þá að selja hjólbarðaverkstæðið út úr rekstrinum og einbeita sér að stálsmiðju og innflutningi. Í byrjun var framleiðslan stór partur af veltunni og innflutningurinn smærri í sniðum.

Árið 2002 tók sonur Jakobs, Jón Guðmann við keflinu í Reykjavík og fyrirtækið festi kaup á verslunarhúsnæði á Stórhöfða 27. Flutningurinn var mikið gæfuskref og fyrirtækið hélt áfram að dafna og með þekkingu Jóns í erlendum samskiptum jókst innflutningurinn til muna og veltan jókst smátt og smátt. 2013 var Sveinn Jónsson bróðir Jakobs ráðinn í Reykjavík og hafa þar verið tveir starfsmenn síðan þá. Árið 2016 snéri Jón Guðmann sér að sínum eigin rekstri og Jóhann Sigurjón yngri sonur Jakobs tók við keflinu í Reykjavík. Á haustmánuðum 2018 seldum við Stórhöfða 27 í Reykjavík og keyptum nýtt og glæsilegt húsnæði á Lambhagavegi 13 þar sem búðin er rekin núna.

Aðsetur og starfsfólk

Starfsemin á Blönduósi hefur alla tíð verið á Efstubraut 2. Fyrst bakatil í gamla Votmúlanum en eftir brunann árið 2004 var Votmúlinn endurbyggður að stórum hluta og flutti Léttitækni í nýja hlutann syðst í húsinu haustið 2006. Árið 2008 bætti fyrirtækið við sig og byggði lagerhúsnæði á sömu lóð og starfar fyrirtækið því í 1175 fermetrum samtals á Blönduósi. Stöðugildin hafa verið 5-6 alla tíð á Blönduósi en þar fer öll framleiðslan fram og einnig er stór hluti lagersins þar. Þar starfa 3 starfsmenn við framleiðslu, Bergþór sem var einn af stofnendum Léttitækni kom aftur til starfa hjá fyrirtækinu árið 2007, Njáll Runólfsson hefur unnið hjá fyrirtækinu frá upphafi (1993) og Grímur Guðmundsson kom til starfa hjá okkur 2017. Péturína Laufey dóttir Jakobs starfar á skrifstofunni og hefur séð um bókhald og launavinnslur síðan 1996 en kom í fullt starf árið 2007 og starfar við hlið Jakobs framkvæmdastjóra. Eins og sjá má er Léttitækni sannkallað fjölskyldufyrirtæki.



Starfsfólk og makar inni í Langjökli.

Sérstaða

Grunnhugsun varðandi Léttitækni er að útvega fólki og fyrirtækjum tæki sem létta fólki störf, sérstaða fyrirtækisins er samspil innflutnings og framleiðslu sem hentar einstaklega vel þegar verkefnið er að sérsníða lausnir. Léttitækni flytur inn vörur frá u.þ.b. 30 birgjum víðsvegar um heiminn.

Góð þjónusta

Léttitækni hefur alla tíð lagt mikla áherslu á góða og trausta þjónustu, verkefnum er skilað fullbúnum og mikið kapp lagt á að ganga snyrtilega um á verkstað. Góð þjónusta skilar ánægðum viðskiptavinum aftur til okkar og þess vegna eigum við stóran hóp af dyggum viðskiptavinum.

Verkefni

Léttitækni vinnur að mestu leyti á tilboðsmarkaði, viðskiptavinirnir eru bæði fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar. Verkefni eru síbreytileg og sniðin að þörfum markaðarins hverju sinni, mörg af okkar stærri verkefnum snúast um að hanna hillukerfi, milliloft, sérsníðnaða stiga, skápa og aðrar lausnir í stór og smá vöruhús sem við svo smíðum eða flytjum inn og bjóðum í lokin upp á uppsetningu á heildinni. Heildarlausnir frá okkur í vöruhús hafa mælst vel fyrir enda höfum við nú orðið gríðarlega þekkingu á þessum hlutum.

Framtíðarsýn

Framtíðin er björt og stefna Jakob og Katrín á að reka fyrirtækið áfram í svipaðri mynd bæði á Blönduósi og í Reykjavík en þó verður auðvitað alltaf að þróa fyrirtækið eftir markaði og breytingum í þjóðfélaginu eins og þau hafa gert alla tíð í sögu Léttitækni ehf.



Systkinin Jóhann, Péturína og Jón.



Öll hylki eru lesin inn við komu og einnig við áfyllingu og afgreiðslu. Hér má sjá þorstein Bogason að störfum.

Linde Gas



Robin Olofsson, forstjóri.

Í janúar 2020 breytti Ísaga nafni fyrirtækisins í Linde Gas. Fyrirtækið var stofnað 1919 og hefur heitið Ísaga í 100 ár. Nafnabreyting kom í kjölfar þess að Linde Group sem AGA var hluti af og þar með Ísaga, rann saman við gasfyrirtækið Praxair og úr varð fyrirtækið Linde plc. Linde plc. er eitt stærsta gasfyrirtæki í heimi með yfir 80.000 starfsmenn í meira en 100 löndum. Vöruheiti fyrirtækisins er Linde. AGA vöruheitið verður notað á einstakar vörur. www.linde-gas.is

Starfsemin

Gastegundir geta verið á ýmsu formi sem gas, fljótandi, fastar eða uppleystar. Lofttegundirnar súrefni, köfnunarefni og argon eru seldar sem gas á hylkjum undir þrýstingi. Þessar gastegundir eru líka seldar á fljótandi formi undirkældar í einangruðum tönkum. Koldíoxíð er selt fljótandi í tönkum og hylkjum en einnig á föstu formi. Koldíoxíð á föstu formi er kallað þurrís. Acetylen er eina gastegundin sem er seld á uppleystu formi á hylkjum.

Linde er lyfja-, matvæla- og iðnaðarfyrirtæki sem framleiðir gastegundirnar súrefni, köfnunarefni og koldíoxíð. Fyrirtækið flytur inn aðrar gastegundir og búnað fyrir viðskiptavinum.

Linde er með súrefnisverksmiðju í Vogum á Vatnsleysuströnd, sem tekin var í notkun vorið 2018. Verksmiðjan framleiðir súrefni og köfnunarefni á fljótandi formi úr andrúmsloftinu. Verksmiðjan er alsjálfvirk og fjarstýrð. Raforka er orkugjafinn og vatn er notað sem kælimiðill. Framleiðsla súrefnis úr andrúmslofti með skilju, hófst í verksmiðju fyrirtækisins á Rauðarárstíg þar sem jafnframt var acetylenverksmiðja. Acetylenverksmiðjan á Rauðarárstíg brann 1963 en þá hætti Ísaga að framleiða súrefni. Acetylenverksmiðjan var endurreist að Breiðhöfða tveimur árum síðar. Súrefni var framleitt í Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi með rafgreiningu sem aukaafurð við framleiðslu á vetni. Árið 1984 setti Ísaga upp súrefnisverksmiðju að Breiðhöfða. Vélasamstæðan var að Linde gerð með tækni sem Carl von Linde fann upp.

Koldíoxíðverksmiðjan að Hæðarenda í Grímsnesi vinnur koldíoxíð á fljótandi formi úr hveravatni. Vinnsla koldíoxíð að Hæðarenda hófst 1988 með stofnun Kolsýruvinnslunnar hf. Árið 1998 kaupir Ísaga fyrirtækið og byggir upp verksmiðjuna. Um leið leggur Ísaga niður verksmiðjuna Eim í Þorlákshöfn sem Ísaga hafði keypt 1994. Verksmiðjan í Þorlákshöfn framleiddi koldíoxíð úr olíu.

Áfyllingarstöð ásamt rannsóknarstofu er í Reykjavík þar sem fyllt er á minni tanka af fljótandi gasi og gas á hylki. Þar er einnig framleiðsla á þurrís sem er koldíoxíð á föstu formi. Afgreiðslustaðir og umboð eru á Ísafirði, Akureyri, Sauðárkróki, Reyðarfirði, Selfossi, Garðabæ og Vestmannaeyjum.

Linde hefur yfir að ráða fjölda flutningstækja, tanka og hylkja til dreifingar á gasi. Þeir viðskiptavinir sem hafa tanka eða gasdreifikerfi geta tengst eftirlitskerfi Linde. Eftirlitskerfið gefur upplýsingar til þjónustuvers sem skipuleggur hylkjaskipti og áfyllingu á tanka í samræmi við notkun viðskiptavinarins.

Linde sér um allar uppsetningar sem og reglulegt viðhald á tæknibúnaði sem fyrirtækið



Ísaga varð Linde Gas í janúar 2020, Therese Johansson.



Forvarnarverðlaun VÍS árið 2019. „Öll starfsemi og verkferlar einkennast af hárrí öryggisvitund starfsmanna sem endurspeglast í öflugri öryggismenningu.“ Starfsmenn frá VÍS og starfsmenn Linde Gas, þeir Aðalsteinn Jóhannsson annar frá vinstri, Erik Larsson fimmti frá vinstri og Eggert Eggertsson sjötti frá vinstri.



Súrefnis- og köfnunarefnisverksmiðja í Vogum tók til starfa vorið 2018.

leigir út til sinna viðskiptavina. Linde hefur mikla reynslu af uppsetningum og þjónustu allt frá einföldum gasdreifikerfum upp í sérhönnuð gasdreifikerfi sem notuð eru í málm-, matvæla- og stóriðnaði, á rannsóknarstofum sem og á heilbrigðisstofnunum.

Vottanir

Öll starfsemi Linde er vottuð í samræmi við ISO 9001:2015. Framleiðsla koldíoxíðs er vottuð í samræmi við FSSC 22000 v5. Fyrirtækið hefur framleiðsluleyfi lyfja og markaðsleyfi fyrir skráð lyf á gasformi. Öryggis-, heilsu- og umhverfiskerfið er hluti af stjórnkerfi Linde og á að tryggja að allir starfsmenn hafi öruggt og heilbriggt vinnuumhverfi ásamt því að vernda umhverfið og eignir gegn mögulegum skaðlegum áhrifum frá starfseminni.

Mannauður

Hjá fyrirtækinu vinna um 30 starfsmenn. Forstjóri Linde Gas ehf. er Robin Olofsson.

Nóbelsverðlaun

Carl Paul Gottfried Linde (1842-1934) var þýskur vísindamaður, verkfræðingur og kaupþýslumaður. Hann uppgötvaði kælilingrásina og fann upp aðferð til að aðskilja köfnunarefni og súrefni í lofti og fá þær yfir á fljótandi form. Þessar uppgötvanir leiddu til fyrsta skilvirka ammoníaks kæliskápsins árið 1876. Heike Kamerlingh Onnes fékk Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði árið 1913 sem byggðu m.a. á aðferðum Carl von Linde.

Upphaf AGA fyrirtækisins eru tæknilausnir Gustafs Dalén (1869-1937) í Svíþjóð í byrjun tuttugustu aldar. Gustaf fann upp og hannaði lausnir fyrir vita sem nota acetylenloga fyrir lýsingu. Fyrir uppfinningar sínar veitti Nóbelsnefndin honum verðlaun í eðlisfræði fyrir uppgötvunina „sólalokann“ sem sparar notkun á acetyleni í vitum. Nóbelsnefndin gaf út minnispening eftir hans dag þar sem á bakhliðinni stendur: „Þegar dagsljós dvínar, býður hann myrkrinu að tendra ljós í vitum.“



Viðskiptavinir hafa staðbundna tanka fyrir fljótandi gas sem fyllt er á með flutningsbíl.



Fyrirverandi starfsmenn. Frá vinstri: Tómas Rögnvaldsson og Jón Frimann Eiríksson. Tómas vann í 43 ár hjá Ísaga.



Límtré Vírnet, verksmiðjan.

Límtré Vírnet



Stefán Árni Einarsson, forstjóri.

Stjórnendur

Forstjóri fyrirtækisins er Stefán Árni Einarsson. Fjármálastjóri er Hafdís Hörn Gissuraróttír og Kristján Blöndal er Innkaupastjóri. Forstöðumaður byggingadeildar sem sinnir sölu og hönnun á límtréshúsum er Sigurður Guðjónsson. Forstöðumaður framleiðsludeilda í Borgarnesi er Jakob Guðmundsson og forstöðumaður sölu- og markaðssviðs er Andri Daði Aðalsteinsson.

Stjórn og framkvæmdastjórn

Stjórnarformaður félagsins er Guðlaug Kristinsdóttir. Meðstjórnendur eru Erlendur Hjaltason og Guðmundur Ósvaldsson

Eignarhald

Í lok árs 2020 voru 22 hluthafar í Límtré Vírnet ehf. en það er þó að stærstum hluta í eigu tveggja fjárfestingafélaga eða um 80%. Stekkur fjárfestingafélag ehf. - 45,38%. Bingo ehf. - 35,30%. Aðrir hluthafar - 19,32%.

Vírnet stofnað 1956

Árið 1956 tóku sig saman nokkrir stórhuga athafnamenn frá Borgarnesi og stofnuðu fyrirtækið Vírnet hf. Var þar Loftur Einarsson fremstur í flokki og leiddi verkefnið. Með þessu vildu þeir skjóta styrkum stoðum undir atvinnulífið heima í héraði og má segja að markmiðið hafi verið mikilvægara en leiðin. Upphaflega stóð til að framleiða vírnet, gaddavír og lykkjur, en fljótlega eftir stofnun félagsins kom í ljós að sá rekstur var bæði dýr og plássfrekur. Í stað þess að leggja árar í bát var ákveðið að hefja framleiðslu á nöglum. Lengi vel var saumframleiðsla undirstaða Vírnets en átti þó eftir að taka töluverðum breytingum í seinni tíð. Notkun á nöglum hefur farið dvínandi undanfarna áratugi með öðrum festingamöguleikum. Það var svo árið 2016 sem framleiðslu á nöglum var endanlega hætt hjá fyrirtækinu. Ein af undirstöðum fyrirtækisins í dag eru þó klæðningar. Árið 1978 hóf Vírnet að framleiða báruklæðningar úr galvaniseruðu stáli. Fimm árum seinna eða árið 1983 var svo farið að bjóða upp á litað bárujárn. Í dag hefur orðið mikil framþróun í efni og efnisgæðum og stendur báruformið alltaf fyrir sínu.

Þó ekki séu lengur framleiddir naglar í Borgarnesi er þar starfrækt blikksmiðja, járnsmiðja, völsun klæðninga og framleiðsla á kambstálslykkjum og járnabökkum. Einnig er hluti af söludeild fyrirtækisins í Borgarnesi. Blikksmiðja fyrirtækisins sinnir ýmsum sérverkefnum en stærsti hluti framleiðslunnar eru áfellur og álklaðningar. Járnsmiðjan smiðar til að mynda allar stálfestingar í límtréshúsin sem framleidd eru á Flúðum ásamt mörgum sérverkefnum sem koma þar inn á borð. Einnig er sér deild starfrækt út frá járnsmiðjunni sem sér um viðhald og uppsetningu á bílskúrs- og iðnaðarhurðum. Völsunardeildin sér svo um að framleiða báruklæðningar og tvær gerðir trapisuklæðninga úr bæði áli og stáli. Einnig eru þar framleidd spírórör fyrir loftræstikerfi, steypuhólkur og stoðir og leiðarar fyrir milliveggi. Söludeildin sér svo um sölu og ráðgjöf á vörum fyrirtækisins ásamt því að vera með sölu á bílskúrs- og iðnaðarhurðum. Á starfstöð fyrirtækisins í Borgarnesi starfa 45 manns.

Límtré stofnað 1982

Síðsumars árið 1982 var fyrsta skóflustunga tekin af límtrésverksmiðju á Flúðum. Þegar hugmyndir komu upp um framleiðslu á límtré á Íslandi þótti mörgum djarflega teft fram. En framsýnir frumkvöðlar, með Guðmund Magnússon í broddi fylkingar, létu ekkert stöðva sig enda atvinnuástand í sveitinni frekar bággt á þessum tíma. Flúðir þótti hentugur staður til límtrésframleiðslu enda nægur jarðhiti sem nota átti til að þurrka timbrið. Vélbúnaður til framleiðslu á límtré var keyptur notaður frá Danmörku og var einmitt eitt síðasta verk þeirra véla að framleiða burðarvirkið í nýja verksmiðju sem hýsa átti framleiðsluna á Íslandi. Framleiðsla á límtré hófst svo árið 1983 í nýrri verksmiðju og var fyrsta verkið skeifa sem gefin var til hestamanna í uppsveitum og reist við Murneyri. Árið 1989 kemur Límtré að stofnun fyrirtækis sem átti að framleiða stálsamlökueiningar og reist var verksmiðja í Reykholti til þess. Fyrirtækið fékk nafnið Yleining hf. Það var svo



Límtré Vírnet, ný verksmiðja á Flúðum, steinullareiningar.

árið 1995 sem þessi tvö fyrirtæki sameinuðust enda ljóst að þar lágu mikil samlegðaráhrif. Framleiðslan á límtré hefur í grunnin verið sú sama frá upphafi. Megin framleiðslan á límtré eru burðarvirki en einnig eru framleiddir beinir bitar fyrir hin ýmsu verkefni. Allt timbur sem notað er við framleiðslu á límtré er greni sem kemur úr sjálfbærum nytjaskógum í Skandinavíu. Undanfarin ár hefur verið unnið að þróunarverkefni sem snýr að framleiðslu á límtré úr íslensku timbri og gerðar hafa verið prófanir úr mismunandi trjátegundum sem sýna að vel sé hægt að framleiða límtré úr þeim. Nú er t.d. unnið að framleiðslu göngu- og reiðbrúar yfir Þjórsá í samvinnu við Landsvirkjun. Brúin er um 102 metra löng þar sem burður brúarinnar verður steypa og stál. Þverbitarnir undir brúardekkið verður svo hið alíslenska límtré sem unnið verður úr sitkagreni úr Haukadalskógi. Einnig verður dekkið unnið úr sama efni. Er þetta fyrsta verkefnið af þessari stærðargráðu úr íslensku límtré en árið 1995 var Skórægt ríkisins afhent lítil göngubrú sem framleidd var úr lerki frá Hallormstaðarskóg. Árið 2016 var vígð ný og fullkomin verksmiðja við hlið límtrésverksmiðjunnar á Flúðum sem taka átti við af framleiðslunni í Reykholti. Í dag eru þar framleiddar stálsamlökueiningar úr íslenskri steinull og stáli. Framleiðslu á polyúreþaneiningum í Reykholti var því hætt og skipt yfir í umhverfisvænni framleiðslu á yleiningum. Þessar steinullareiningar eru notaðar bæði í þök og á veggj léttbyggðra húsa sem og milliveggi. Á starfstöð fyrirtækisins á Flúðum starfa 18 manns.

Límtré Vírnet ehf.

Það var um mitt árið 2000 sem Límtré kaupir allt hlutafé í Vírnet og í framhaldinu einnig Garðastál. Var rekstur þeirra tveggja síðarnefndu svo sameinaður í byrjun árs 2001 undir nafninu Vírnet Garðastál. Fjórum árum seinna eða árið 2005 sameinast svo Límtré og Vírnet Garðastáli undir nafni Límtré Vírnets. Í dag eru aðalskrifstofur fyrirtækisins til húsa á Lynghálslí 2 í Reykjavík. Þar er staðsett byggingarsvið, söluskrifstofa, innkaupadeild ásamt lagerhúsnæði. Byggingarsvið fyrirtækisins skiptist í tvær deildir, annars vegar sölu og ráðgjöf á húsnæði og hinsvegar hönnun. Að stærstum hluta er þetta límtréshúsnæði úr framleiðslu fyrirtækisins á límtré og steinullareiningum á Flúðum. Einnig er boðið upp á svokallaðar CLT einingar og stálgrindarhús ef svo á við. Á aðalskrifstofu fyrirtækisins er starfrækt sölusvið sem býður upp á ráðgjöf varðandi álklaðningar. Einnig snýr salan að miklu leyti um íhluti og fylgihluti fyrir uppsteypu burðarvirka. Lagerinn sér svo um móttöku og útkeyrslu á vörum til viðskiptavina. Á starfstöð fyrirtækisins á Lynghálslí starfa 22 manns.

Lokaorð

Límtré Vírnet hefur þjónustað byggingariðnaðinn allt frá stofnun Vírnets eða í 65 ár. Töluverðar breytingar hafa orðið í byggingariðnaði síðustu áratugi og hefur fyrirtækið kappkostað að koma með nýngar og fylgja framþróuninni. Hjá fyrirtækinu starfar fólk með mikla reynslu af flestum sviðum byggingariðnaðarinnar þar sem stór hluti starfsmanna er með iðnmenntun eða tæknimenntun. Markmiðið frá upphafi hefur alltaf verið það sama og það er að vera íslenskt framleiðslufyrirtæki með góða þjónustu og gæða vöru. Meðan að því markmiði er framfylgt ætti framtíð fyrirtækisins að vera björt.



Skeifan, fyrsta framleiðsla Límtrés.



Vírnet, bárujárnframleiðsla hófst 1978.



Límtré Vírnet, Lynghálslí 2 í Reykjavík.



Hjónin Þórgrímur Jónsson og Guðný Margrét Árnadóttir með börnum sínum. Myndin er tekin á afmælisdegi þeirra hjóna 25. apríl 2018. Frá vinstri: Bára Þorgerður, Sigurður Trausti, Guðný Margrét 90 ára, Þórgrímur 94 ára, Herdís og Jón Þór. Ljós. Sigurður Þór Sigurðsson.

Málmsteypa Þórgríms Jónssonar



Málmbrað, um 1400°C, hellt í sandform. / Ljós. Leifur Wilberg Orrason.




Framleiðsluvara, brunnskarmar og lok. / Ljós. Leifur Wilberg Orrason.

Málmsteypa Þórgríms Jónssonar ehf. var stofnuð árið 1944 að Laugarmýrarbletti 32 í Laugarnesi sem á þeim tíma var í útjaðri byggðar í Reykjavík. Stofnendur voru feðgarnir Jón Jónsson, silfursmiður og Þórgrímur Jónsson, þá nemi í málmsteypu. Á upphafsárum Málmsteypunnar var steipt úr áli og kopar og voru búsáhöld aðal framleiðsluvaran. Handmótað var í hrásand og málmur bræddur í heimasmíðuðum olíukyntum deigluofni og málmbrað handausið í sandmót. Jón lést 1957 en Þórgrímur hafði tekið við rekstrinum nokkrum árum áður.

Framleiðsla og starfsemi

Ein af vinsælum framleiðsluvörum fyrirtækisins var pönnukökupanna og endurhannaði Þórgrímur pönnuna árið 1953, breytti lögun hennar og setti á hana rennt beykiskaft. Nýja pannan varð strax eftirsótt til gjafa. Slípivél var smíðuð á þessum tíma til að pólera pönnurnar. Árið 1961 var gert stálmót af pönnunni og við það jókst framleiðslugetan og voru pönnurnar framleiddar í þúsundavís um langt árabíl. Í tímans rás áttu sér stað breytingar á framleiðslu fyrirtækisins. Um 1962 hófst framleiðsla á niðurföllum úr grájarni fyrir sveitarfélög og verktaka. Stuttu síðar hófst framleiðsla á brunnskörmum og lokum. Gatnagerðarvörur Málmsteypunnar fengu með tímanum innsteipt vörunúmer ásamt upphafsstöfunum MPJ sem síðan hafa auðkennt framleiðsluvörur fyrirtækisins. Árið 1962 var stigið stórt framfaraskref þegar smíðaður var hlaupaköttur með rafmagnskrana sem létti störf til muna eins og við útsteypingu járn úr deiglum í sandmót. Framleiðsla á hlutum úr grájarni jókst jafnt og þétt. Árið 1964 var smíðuð hreinsitromla fyrir steiptar vörur sem auðveldaði vinnu við frágang á vörum. Byrjað var að steypa rekstarvörur fyrir Ísal á upphafsárum álversins. Árið 1968 lét Þórgrímur smíða snúningsbræðsluofn, eftir eigin teikningum, sem gat brætt 600 kg af járn í einu á sex klukkustundum. Loftpressa var keypt og farið að nota loftverkfæri til að þjappa mótasandi að frummótum.

Straumhvörf urðu í rekstri Málmsteypunnar árið 1973 þegar fyrirtækið flutti í nýtt og mun stærra og hentugra 240 m² húsnæði að Hyrjarhöfða 9 í Reykjavík. Á þessum tíma starfaði Guðný Margrét Árnadóttir, eiginkona Þórgríms, við hlið hans og átti sinn þátt í að fleyta fyrirtækinu í gegnum fyrstu árin á Hyrjarhöfðanum. Börn þeirra hjóna Bára Þorgerður, Sigurður Trausti, Jón Þór og Herdís lögðu einnig hönd á plóg við framleiðsluna og uppbyggingu fyrirtækisins. Íslenska járnblendifélagið, síðar Elkem, hóf viðskipti við gangsetningu 1976. Sigurður Trausti, vélfræðingur, tók til starfa hjá MPJ árið 1983 í fullu starfi. Ári síðar keypti fyrirtækið mótavél, sandblandara og rennibekk sem sett var upp samhliða því sem húsnæðið var stækkað um 120 m². Jón Þór, vélaverkfræðingur, hóf störf hjá fyrirtækinu árið 1986 í fullu starfi. Þetta ár var keyptur rafmagnsspanofn sem bræddi 600 kg á klukkustund og einnig öflug stálkúlblástursvél til hreinsunar á framleiðsluvörum. Árið 1987 störfuðu um átta manns hjá fyrirtækinu og starfsmannafjöldi hafði þá fjórfaldast á einum áratug. Sama ár var fyrirtækinu breytt í einkahlutafélag þar sem systkinin komu í hluthafahópinn með foreldrum sínum.



Mótalína, sandform á leið inn á samsetningarlínu. / Ljós. Leifur Wilberg Orrason.



Starfsmenn vorið 2019: Fremri röð frá vinstri: Cristinel Cogalniceanu, Agbons Emmanuel Baro og Hope Efetayan. Aftari röð frá vinstri: Sigurður Trausti Þorgrímsson, Jón Þór Þorgrímsson, Djordje Tosic, Pawel Konieczny og Eze Okafor. Ljós. Leifur Wilberg Orrason.

Árið 1988 hóf fyrirtækið framleiðslu á seigjárn sem hafði meiri styrk en grájárn og bauð upp á ný sóknarfæri á framleiðsluviði. Húsnæðið var enn stækkað á árunum þar á eftir samhliða því sem umsvifin jukust. Árið 1996 var stigið risastórt skref í gæðamálum þegar fjárfest var í efnagreiningartæki sem greindi 15 frumefni í málmbrað á örfáum mínútum. Byrjað var að framleiða staghús fyrir háspennumöstur fyrir Landsvirkjun samkvæmt nýrri hönnun MPJ. Sama ár var keyptur nýr sandblandari, búnaður fyrir sjálfherðandi sand ásamt öflugum smergeli. Byrjað var að framleiða sögrör fyrir álaftöppun úr kerjum Norðurláts sem þá var að hefja rekstur. Árið 1996 samdi Ísal við MPJ um framleiðslu á barrakrögum vegna stækkunar álversins. Árið 2000 flutti fyrirtækið í nýtt 1400 m² húsnæði við Miðhraun 6 í Garðabæ. Það var sérhannað fyrir starfsemina og sexfalt stærra í rúmmetrum en húsnæðið að Hyrjarhöfða. Á sama tíma var skipt yfir í sjálfherðandi sand, sem gaf meiri sveiganleika í framleiðslunni. Nýr bræðsluofn var keyptur 2003 sem bræddi 1100 kg á klukkustund. Á árunum 2003 og 2004 voru framleiddir barrakragar til útflutnings til Noregs, Sviss og Hollands.

Ný heildstæð mótunarlína var keypt árið 2005 er gjörbreyttu framleiðsluferli sandforma. Sama ár framleiddi fyrirtækið staghús í Fljótsdalslínu fyrir Landsvirkjun. Það ár lét Þorgrímur af daglegum störfum hjá fyrirtækinu 81 ár að aldri. Stofnað var innflutnings- og endursöluvið árið 2006 til að stöðja við framleiðslu fyrirtækisins. Það svið hefur vaxið jafnt og þétt og með innflutningi á ýmsum lausnum á veitusviði eins og plaströrum, -brunnum, -rörum og tengihlutum og járnsteyptum vörum. Framleiðsluumsvifin jukust umtalsvert árið 2012 í kjölfar stækkunar Ísals. 2016 var fjárfest í nýju efnagreiningartæki fyrir framleiðsluna. Árið 2018 hófst framleiðsla fyrir PCC á Húsavík.

Rannsóknir og þekking

MPJ hefur unnið að ýmsum rannsóknarverkefnum á sviði efnistækni í málmsteypu með innlendum og erlendum rannsóknarstofnunum og fyrirtækjum allt frá árinu 1988. Þátttaka í þessum verkefnum hefur skilað fyrirtækinu mikilvægri þekkingu og reynslu sem stuðlað hefur að nýjum tækifærum og þróun í framleiðslunni.

MPJ hefur sérstöðu samanborið við erlend fyrirtæki á sama sviði sem mjög lítið fyrirtæki en með mikla breidd í framleiðslu sem spannar víðara svið en mörg stórfyrirtæki í Evrópu. MPJ er elsta starfandi endurvinnslufyrirtæki landsins. Fyrirtækið hefur alla tíð endurnnið brotamálma í sína framleiðslu og telur endurvinnslan tugi þúsunda tonna.

Framtíðarsýn

Í lok árs 2019 var fjölskyldufyrirtækið Málmsteypa Þorgríms Jónssonar ehf. selt til Alfa Framtak ehf. en Sigurður Trausti og Jón Þór störfuðu um hríð nýjum eigendum en í lok árs 2021 höfðu þeir báðir lokið störfum. Sigurður Orri Steinþórsson hefur tekið við hlutverki framkvæmdastjóra í fyrirtækinu og stefna gamlir og nýir starfsmenn ótrauðir á áframhaldandi vöxt Málmsteypu Þorgríms Jónssonar.



Framleiðsluvara fyrir stóriðju. / Ljós. Leifur Wilberg Orrason.



Afgreiðsla Málningar.

Málning



Baldvin Valdimarsson, framkvæmdastjóri.



Valdimar Bergstað, stjórnarformaður.

Málning hf. var stofnað hinn 16. janúar 1953. Að stofnuninni stóðu fjölmargir aðilar, en þar voru fremst í flokki afkomendur Péturs Guðmundssonar í Málaranum. Fyrsta aðsetur félagsins var gamalt skólahúsnæði við Kársnesbraut 32 í Kópavogi. Með tímanum var húsnæðið aðlagð að rekstrinum og stækkað með viðbyggingum. Árið 1981 var söludeild og lager flutt upp á Lynghál 2, en framleiðslan og önnur starfsemi hélt áfram á gamla staðnum. Þann 13. júlí 1987 dundi mikið reiðarslag yfir starfsemi Málningar þegar byggingin á Kársnesbrautinni gjöreyðilagðist í eldsvoða. Hér var um mikið tilfinningalegt og fjárhagslegt tjón að ræða. Hráefni og vörur fyrir tugi milljóna urðu eldinum að bráð og húsnæðið upp á 2000 fm varð rústir einar. En með miklu snarræði tókst að verja helstu framleiðsluvélarnar og gera þær tilbúnar til notkunar. Með samhentum átaki starfsfólks og eigenda félagsins tókst að hefja framleiðslu aðeins nokkrum dögum eftir brunann, fyrst á Lynghál 2 en frá október 1987 á Funahöfða 9. Þann 19. október 1998 flutti lager og söludeild starfssemi sína í glæsilegt þriggja hæða stórhúsi við Dalveg 18 í Kópavogi. Skömmu seinna eða 1. janúar 1999 flutti önnur starfsemi í húsið og var þá loksins allt komið undir eitt þak hjá Málningu hf. Húsið er hannað af Ingimundi Sveinssyni arkitekt. Fljótlega eftir stofnun félagsins var farið að framleiða og markaðssetja Spred Satin, sem er fyrsta vatnsþýnta málningin sem sett er á íslenskan markað. Hér var um mikið framfaraspor fyrir íslenska neytendur, sem þekktu ekkert annað enn mengandi olíumálningar á þessum tíma. Framleiðslu á Spred Satini lauk árið 1973. Þá tóku við hinar fjölbreyttu Kópálvörur, sem enn í dag eru stór hluti af vöruúrvali fyrirtækisins. Málning hf. hefur frá fyrstu tíð lagt mikla áherslu á vöruþróun og rannsóknir. Áhersla hefur verið lögð á gott samstarf við erlenda framleiðendur eins og Jotun í Noregi, Loba í Þýskalandi, Becker Acroma í Noregi o.fl. Málning hf. er eitt málningarfyrirtækja á Íslandi sem tekur virkan þátt í sameiginlegum rannsóknarverkefnum með rannsóknarstofnunum innlendum, sem erlendum. Innlend vöruþróun fyrir hinar séríslensku aðstæður er samt grunnurinn að flestum vörum félagsins. Má þar nefna vörulínur eins og Kópál innahússmálningu, Steinvara utanhússmálningu, viðarvarnarfjölskylduna Kjörvara og þakmálningarnar Þol og Akryl Þol. Nánari upplýsingar um þessar og fleiri vörutegundir er að finna á heimasíðu fyrirtækisins. Málning hf. hefur í gegnum tíðina selt nokkuð af málningu til ýmissa landa eins og Englands, Færeyja og Lettlands. Málning hf. á í samstarfi við færeyska fyrirtækið Kveik, sem framleiðir eftir framleiðsluleyfi frá Málningu hf. Í byrjun árs 2010 festi Málning hf. kaup á stærstum hluta reksturs Slippfélagsins í Reykjavík, með þeim kaupum eflidist fyrirtækið enn frekar og er eina framleiðslufyrirtækið á Íslandi í málningariðnaði.



Fyrstu auglýsingar Málningar eru frá 1953.

Mannauður

Málning hf. hefur ávallt lagt kapp á að hafa innan sinna vébanda gott og vel menntað starfsfólk. Hjá fyrirtækinu starfa um þessar mundir 80 manns. Stjórnarformaður Málningar hf. er Valdimar Bergstað og framkvæmdastjóri er Baldvin Valdimarsson.

Framleiðsluvörur

Málning hf. er eina málningarverksmiðjan á Íslandi og notar alfarið eigin uppskriftir við framleiðsluna.

Grænt bókhald

Málning hf. hefur haldið Grænt bókhald frá 2003, eins og fyrirtækjum sem hafa starfsleyfi frá Umhverfisstofnun er gert skylt. Fylgt er reglugerð nr. 236/1990 og nr. 921/2000 ásamt síðari breytingum. Í Grænu bókhaldi er farið yfir notkun Málningar hf. á hinum ýmsu auðlindum, sem tengjast málningarframleiðslu. Sjá má skýrslur seinustu þriggja ára á heimasíðu fyrirtækisins.

Umhverfisstefna Málningar hf.

Umhverfismál hafa frá fyrstu tíð verið hátt skrifuð hjá Málningu, t.d. var félagið fyrst á markað með vatnsþynnta málningu rétt eftir stofnun þess 1953. Hér fylgja þeir punktar, sem félagið mun hafa að leiðarljósi í fyrstu umhverfisstefnu þess. Byggingar, umhverfi og starfsaðstaða skal vera til fyrirmyndar hjá fyrirtækinu. Það er markmið að allar aðstæður séu á þann veg að vinnuslys heyrir sögunni til. Við vörubrún er lögð höfuðáhersla á að færa sem flestar vörur að Svansmerkinu og draga sem mest úr notkun hættulegra efna og hætta notkun eiturefna. Í framleiðslunni verður ávallt leitast við að tileinka sér hreina framleiðslutækni, þar sem markið er sett á góða nýtingu á orku, vatni og hráefnum. Stefnt er að því að rýrnun á hráefnum og umbúðum sé ávallt undir 2% af ársnotkun. Sorp og spilliefni verða flokkuð í samræmi við óskir förgunaraðila. Fyrirtækið mun leitast við, að lágmarka þessa flokka. Haldið verður bókhald yfir magn sorps og spilliefna, þ.a. hægt verður að bera saman niðurstöður á milli ára. Sjá Grænt bókhald. Fyrirtækið mun fylgjast vel með þróun, breytingum á lögum og reglugerðum er varða umhverfismál. Allar breytingar er varða framleiðslu og sölu á málningu munu verða teknar upp hið fyrsta. Stjórnendur fyrirtækisins munu leitast við að efla umhverfisvitund starfsmanna og beina viðskiptavinum inn á braut umhverfsvænna vara. Við innkaup tækja og rekstrarvara verður lögð áhersla á að velja vörur, þ.a. þær hafi sem minnst áhrif á umhverfið.


Leyfi

Málning hf. fékk fyrst íslenskra málningarfyrirtækja starfsleyfi í júní 1998. Þann 13. nóvember 2018 afhentu fulltrúar Umhverfisstofnunar Málningu hf. Svansleyfi fyrir margar gerðir af innanhúsmálningu í framleiðslu fyrirtækisins. Umhverfisstofnun hefur veitt fyrirtækinu starfsleyfi fyrir rekstri málningarverksmiðju að Dalvegi 18 Kópavogi, sem gildir til 20. júní 2032. Öllum ákvæðum þess hefur verið fylgt til hins ýtrasta og allar eftirlitsmælingar verið vel innan þeirra marka, sem settar eru í leyfinu.



Auglýsingar frá Málningu.

Sigrún Hauksdóttir, sölumaður, Jón Hávarður Jónsson, framkvæmdastjóri og Viggó Skúlason, framleiðslustjóri.



Miðás

Brúnás-innréttingar

Miðás ehf. var stofnað á Egilsstöðum árið 1990 þar sem höfuðstöðvar þess eru til húsa. Stofnfélagar voru 25 en félaginu var skipt út úr Brúnás hf. sem hafði frá 1985 rekið innréttingaframleiðslu sem sér deild innan fyrirtækisins. Á starfstíma hennar, var þróuð vörulína innréttinga með tæknilegri ráðgjöf frá Iðntæknistofnun sem kynnt var undir vörumerkinu Brúnás-innréttingar.

Starfsemin

Markmið og tilgangur félagsins hefur frá upphafi verið að þjóna húseigendum og byggingaraðilum með ráðgjöf, sölu, smíði og uppsetningu á innréttingum. Brúnás-innréttingar, sem eru þekktar fyrir fallega og hagnýta hönnun, góða þjónustu og vandaða smíði, byggir orðstír sinn á mikilli reynslu og þekkingu fólksins sem kemur að hönnun og smíði innréttinganna á öllum stigum. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að vera leiðandi á innréttingamarkaði með nýjungar í hönnun og um leið bjóða vandaða vöru og þjónustu. Sóluskrifstofur eru í Ármúla 17a í Reykjavík og Miðási 9 á Egilsstöðum þar sem veitt er þjónusta fagfólks við val á innréttingum. Þeirra á meðal eru innanhússhönnuðir sem hanna og teikna innréttingar fyrir fólk í privíðu formi svo væntanlegir kaupendur sjái eins vel og hægt er hvers er að vænta áður en gengið er frá kaupum og framleiðsla hefst.

Framleiðsla og vöruþróun

Framleiðsla innréttinganna fer fram að Miðási 9 á Egilsstöðum, í fullkomnum 2000 m² framleiðslu- og vélasal. Frá upphafi starfseminnar hefur stöðugt verið leitast við að endurnýja og uppfæra tækjabúnað á verkstæðinu til að mæta sífellt auknum kröfum varðandi afköst og gæði. Gengið er út frá því að viðskiptavinir fyrirtækisins, sem eru bæði einstaklingar og verktakar, meti gæði vöru og þjónustu með hliðsjón af því hvernig fyrirtækinu tekst til að uppfylla væntingar þeirra og þarfir. Því er lögð áhersla á að vanda öll störf, frá pöntun til uppsetningar. Hráefni til vinnslu þarf að uppfylla gæðakröfu fyrirtækisins fyrst og síðar verðkröfu og þess að gætt sé að því að vörur uppfylli kröfur um hollustuhætti. Vöruþróun fyrirtækisins byggist á því að fylgjast vel með breytingum er hafa áhrif á efnisval, liti og form og þróa áfram af innanhússarkitektum fyrirtækisins og innleiða í framleiðsluna þannig að viðskiptavinir geti sífellt fengið innréttingar samkvæmt nýjustu straumum í heimi innréttinga.

Eigendur, velta og mannauður

Miðás ehf. er einkahlutafélag með 5 hluthafa og 22,5 milljónir króna í hlutafé. Velta ársins 2019 var 487 milljónir króna og eru starfsmenn 26. Framkvæmdastjóri frá 2005 er Jón Hávarður Jónsson.



Felix Bergsson og Baldur Þórhallsson við Brúnás-innréttinguna á heimili þeirra, sem sett var upp árið 2010 og vakið hefur mikla athygli.



Límniðar í þökkunardeildinni.

Mjöll-Frigg



Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri.

Eigandi Mjallar Friggjar eru Ólíuverzlun Íslands ehf. sem keypti fyrirtækið 29. apríl 2019. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Sigrún Guðmundsdóttir Ph.D. í matvæla örverufræði. Mjöll varð til árið 2001 við sameiningu þriggja fyrirtækja, hreinlætisvörudeildar Sjafnar á Akureyri, Sáms í Kópavogi og Mjallar í Reykjavík, en öll eiga fyrirtækin sér langa sögu, Sjöfn var stofnuð 1932, Mjöll árið 1942 og Sámur 1969. Áður hafði Sámur keypt annað fyrirtæki á hreinlætisvörumarkaði, Hrein. Mjöll var með starfsstöðvar á Akureyri og í Reykjavík, starfsfólk var á bilinu 20 til 30 talsins. Heimasíða mjollfrigg.is.

Eigendur

Mjöll hf. á Akureyri og Sápugerðin Frigg í Garðabæ sameinuðust 21. maí 2003 og fékk nafnið Mjöll-Frigg hf. Mjöll-Frigg var með starfsstöðvar á Akureyri þar sem höfuðstöðvar þess voru og á höfuðborgarsvæðinu þar sem áhersla var einkum lögð á sölu- og markaðsstarf. Starfsstöðvarnar voru þá á fjórum stöðum, þ.e. hvort fyrirtæki er með rekstur á tveimur stöðum. Starfsmenn fyrirtækisins voru á bilinu 40 til 50 talsins.

Eignarhaldsfélag í eigu Hinriks Mortens keypti allan rekstur árið 2004, Kristján Grétarsson og co. keypti fyrirtækið svo um áramótin 2006-2007. Í ágúst 2008 er öll framleiðsla og starfsemi flutt í Norðurhelli 10 í Hafnarfirði og er öll starfsemi þar í dag. Ölgerðin Egill Skallagrímsson festi kaup á 51% hlut í framleiðslufyrirtækinu Mjöll-Frigg árið 2011. Tveimur árum síðar eykur ÖES hlut sinn í fyrirtækinu, og er þá alfarið í eigu ÖES og stjórnenda MF. Framleiðsla hreinlætisvara og sala til stórnotenda varð með óbreyttu sniði í verksmiðjunni í Hafnarfirði. Mikil breyting varð á rekstri fyrirtækisins árið 2019 þegar ákveðið var að kaupa áfyllingalínu fyrir smærri umbúðir 0,2 - 5L. Breyttist þá til muna framleiðslugeta fyrirtækisins en á sama tíma náðum við umtalsverðri hagræðingu með fækkun unninna stunda bak við hvern líter. Í bígerð er að koma upp fullbúinni línu fyrir áfyllingu á 20 lítra umbúðir sem eykur enn á hagræði og framleiðslugetu fyrirtækisins. Ólíuverzlun Íslands ehf. undirritaði 29. apríl 2019 samning um kaup á öllu hlutafé í Mjöll Frigg ehf., en seljendur voru Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. og stjórnendur Mjallar Friggjar.

Starfsemin

Mjöll Frigg er þjónustudrifið hreinlætisfyrirtæki. Við veitum faglega ráðgjöf og bjóðum hreinlætislausnir til okkar viðskiptavina með langtíma viðskiptasamband að leiðarljósi. Mjöll Frigg er stærsti framleiðandi á hreinlætisvörum á Íslandi en flytur einnig inn önnur hreinsiefni og hreinlætistæki. Mjöll Frigg hefur framleitt hreinsiefni síðan 1929 og ávallt haft þarfir íslenskra neytenda og fyrirtækja að leiðarljósi. Sendum til fyrirtækja út um allt land í endursölu. Einnig er Mjöll Frigg að selja beint til stórnotenda út um allt land. Mjöll Frigg er sjálfstætt félag á eigin kennitölu. Við flytjum inn flest öll hráefni sem notuð eru til sápugerðar þó er eitthvað keypt af birgjum innanlands. Innkaup stjórnast af gæðum efna og hagstæðu verði.



Rúnar Geir Garðarsson, lagerstjóri.



Átöppunarfæriband.



Vörugymslan.

Við erum einnig að flytja inn tilbúna sápur og sóttthreinsiefni til sölu bæði beint á viðskiptavinum og til endursöluaðila. Það er þó í litlum mæli, áhersla er lögð á eigin framleiðslu. Mjöll Frigg framleiðir mikið úrval af hreinlætisvörum fyrir matvælaíðnað, s.s fiskeldi, sjávarútveg, kjötvinnslur, sláturhús, landbúnað, heilbrigðisþjónustu, hótél, veitingastaði og verkstæði. Einnig framleiðum við línu af bílavörum og þrifavörum fyrir heimili og skrifstofur. Eins og áður kom fram er MF í fullri eigu Olíuverslunar Íslands sem er að miklu leyti í eigu íslenskra lífeyrissjóða í gegnum Haga. MF er því alíslenskt fyrirtæki í eigu Íslendinga. MF er sérstakt á fyrirtækjamarkaði vegna þess að þetta er að verða eina fyrirtækið á Íslandi sem framleiðir fulla vörulínu til heimilisþrifa. MF hefur einnig sérstöðu af því leyti að við framleiðum vörur sem eru sérmerktar öðrum (Private Label). Fyllum á neytendavöru fyrir ýms fyrirtæki þar sem blöndunin fer fram í því fyrirtæki en við fáum vöruna í 1000L IBC tönkum. Mjöll Frigg hefur í dag 12 starfsmenn.

Framtíðarsýn

Okkar sýn er að halda áfram að framleiða vörur fyrir Íslendinga, við trúum því að Íslendingar velji íslenskar vörur fram yfir innfluttar vörur. MF er langstærsti framleiðandi á rúðuvökva fyrir íslenska neytendur. MF er lítið fyrirtæki og er aðili að SA í gegnum eigenda okkar, Olís. Eftir miklar sameiningar á liðnum árum teljum við að rekstrargrundvöllur fyrirtækisins sé tryggður. MF flytur inn mikið magn af etanóli sem er notað m.a. í framleiðslu á rúðuvökva og handsóttthreinsi.

Í upphafi (Covid) faraldursins var hringt frá Lyfjastofnun og MF var beðið um að nota allt etanól sem var flutt inn í handsóttthreinsa. Að sjálfsgöðu var farið eftir þeim tilmælum, en um tíma vorum við eina fyrirtækið sem átti etanól til framleiðslu handsóttthreinsis. Það má segja að starfsemi fyrirtækisins hafi umturnast þar sem markmiðið var að framleiða eins mikinn handsóttthreinsi og hægt var en einnig var mikilvægt að framleiða aðrar þrifavörur sem voru á markaði. Í kjölfarið settum við á markað annarskonar sóttthreinsi, þ.e. án etanóls, til þrifa á yfirborði en etanól skemmir yfirborð ef það er ofnotað. Þetta tókst allt saman að okkur finnst mjög vel og um tíma var MF í miðpunkti sóttvarna á Íslandi. Þetta sýnir kannski best hvað íslensk framleiðsla er mikilvæg fyrir okkur á þessari litlu eyju. Í faraldrinum var lögð mikil áhersla á smitvarnir hjá starfsmönnum fyrirtækisins þar sem framleiðsla þess var mjög mikilvæg og allt kapp lagt á að tryggja að starfsmenn veiktust ekki þannig að loka hefði þurft verksmiðjunni. Þeir starfsmenn sem gátu unnu heiman frá sér en í dag hafa allir komið aftur til sinnar starfsstöðvar.

MF er ekki stórt nafn á auglýsingamarkaði, en við tökum þátt í sýningum tengdum sjávarútvegi og matvælavinnslu. Undanfarið höfum við lagt áherslu á að sölumenn okkar séu mjög öflugir að fara og heimsækja endursöluaðila og stórviðskiptavinum þar sem það er mikilvægt að hver viðskiptavinur fái upplýsingar um þau efni sem honum hentar best. Við leggjum mikla áherslu á að fyrirtæki fái þá þjónustu sem þau þurfa, við aðstoðum þau m.a. við gerð hreinlætisáætla og gerum hreinlætisúttektir þannig að það sé hægt að gera þær umbætur sem þarf. Einnig förum í fyrirtæki og höldum erindi fyrir starfsfólk um mikilvægi hreinlætis í matvælavinnslu og þær örverur sem geta valdið skaða. MF býr einnig að því að Íslendingar þekkja vörumerkið nokkuð vel. Við höfum tekið þátt í samfélagsverkefnum af ýmsu tagi.




Átöppunarfæriband.



Finnboði Bernóðusson. / Ljósmynd: Sigurjón Sigurðsson.

Mjöltnir



Finnboði Bernóðusson, eigandi. / Ljósmynd: Sigurjón Sigurðsson.

Það var vorið 1970 að Finnboði Bernóðusson lauk námi í Vélsmiðjunni Þór hf. á Ísafirði, þar sem hann hafði starfað frá áramótum 1965-66 þegar hann hóf nám í vélvirkjun 2. janúar 1966. Þaðan útskrifaðist hann sem sveinn í tveimur fögum, vélvirkjun og rennismiði, í apríl 1970. Þetta var svolítið sérstakt, þegar að prófinu kom, varð ljóst að námstíminn var orðinn rúmlega sex ár þegar vinnustundir voru lagðar saman. Hann hafði aldrei tekið frí, yfirvinna var mjög mikil og kláraði hann iðnskólann á aðeins tveimur vetrum með góðum vitnisburði. Það varð að samkomulagi milli hans og vinnuveitanda að hann fengi að taka próf í bæði vélvirkjun og rennismiði þannig að ekki þyrfti að endurreikna launin uppá nýtt. Á þessum tíma höfðu verið deilur milli nema og meistara um launakjör og vinnustundir til að geta farið í sveinspróf. Hann hafði leitt sinn hest fram hjá þessum deilum og bauð uppá þessa lausn. Við athugun kom í ljós að þetta var svolítið einstakt. Niðurstaðan varð sú að þetta gekk eftir og allir ánægðir. Hann þreytti prófin og stóðst þau með góðum árangri. Bara eitt vandamál, hvað átti að standa á prófskírteininu? Stakk hann uppá vélsmiður en það sameinar vélvirki og rennismiður og hefur það staðið óhaggað í rúm 50 ár. Að námi loknu flutti hann til Bolungarvíkur þar sem hann var byrjaður að byggja sér íbúðarhús. Hann hóf störf hjá byggingafyrirtæki JFE 2. janúar 1970. Sá þar um viðgerðir á allskyns vélum og tækjabúnaði fyrir þetta stóra verktakafyrirtæki, ásamt ýmsum smíða verkefnum svo sem stigahandriðum og mörgu fleiru. Hugurinn stefndi hinsvegar á skipaflotann, þar var hans hugur allur. Hann hætti því hjá JFE vorið '72 og byrjaði sinn eigin rekstur 2. júní 1972. Hann hafði verið á kafi í þessum bátaviðgerðum kvöld og helgar frá komu hans til Bolungarvíkur, þar var hans vettvangur. Ekki í steypuvélum og hjólborum eða öðru þess háttar. Þetta var mjög frumstætt í byrjun, gastæki, rafsuða og handverkfæri um borð í Volkswagen Rúgbrauði. Gert út frá gömlum skúr frammi sveit. Erfiðast var að hafa ekki rennibekk o.fl. Þegar þarna var komið við sögu eða 1973 var hann búinn að byggja íbúðarhús fjölskyldunnar en þau höfðu flutt inn haustið 1972. Þá átti hann kost á seinniparti af húsnæðisláni, um 250 þúsund krónur, en þá peninga notaði hann til að kaupa fyrsta rennibekkin. Hann var keyptur eftir lítilli ljósmynd frá fyrirtæki í Englandi, þetta tæki reyndist vel og er hann enn til.

Starfsemin

Margt hefur á dagana drifið síðan þá. Þjónustan við sjávarútveginn hefur gengið mjög í bylgjum, bæði veiðar og vinnsla. Rækvinnslan og veiðar er nánast horfið úr Bolungarvík, þetta var stór atvinnugrein fram að aldamótum. Þjónusta við skip og báta var stór þáttur í starfsemi Vélsmiðjunnar Mjöltnis. Líka uppsetning verksmiðja úti um land. Vélsmiðjan Mjöltnir tók líka þátt í breytingum margra skipa, sem breytt var í nokkurs konar verksmiðjuskip mikið til rækvueiða. Aðallega var okkar aðkoma tengd vökvakerfum allskonar, mjög stórum. Stundum voru breytingar gerðar erlendis og þurftu þá okkar menn að fara utan. Þetta voru oftast Pólland, Spánn, Lettland, Noregur, Færeyjar, Kanada o.fl.



Finnbogi Bernóðsson ásamt starfsmönnum.

Mjólnir hefur líka séð um vélaskipti í bátum og togurum bæði hér heima og erlendis ásamt ýmsum breytingum öðrum. Spilviðgerðir og togbúnað af ýmsu tagi hefur verið stór þáttur í starfseminni. Þjónusta við þungavinnuvélar og vélaviðgerðir slitflata, gálga, skóflur o.fl.

Fyrr á árum smíðaði vélsmiðjan og setti upp töluverðan fjölda stálgrindahúsa af ýmsu tagi, svosem gripahús í sveitum, skemmur ýmis konar, iðnaðarhús og íbúðarhús og sorpbrennslu-stöðvar svo eitthvað sé nefnt.

Árið 2012 festi vélsmiðjan Mjólnir kaup á húsnæði á Hafnargötu 53 í Bolungarvík og flutti starfsemina þangað 2015. Staðsettir á miðju hafnarsvæðinu, góð staðsetning til þjónustu við sjávarútveginn. Starfsmenn eru níu talsins, þar af þrír nemar.

Reynt er að hafa allan tækjakost sem bestan og í takt við þau verkefni sem tekist er á við. Síminn er opinn allan sólarhringinn og menn til taks ef þörf krefur.

Almenn skipa- og vélþjónusta í boði. Vélaviðgerðir, rennismiði, suðuvinna, frystivélþjónusta, þjónusta vökvakerfa og varahlutalager fyrir okkar þjónustu.

Tíundi áratugur síðustu aldar var mjög sérstakt tímabil, þá gengu yfir breytingar á öllu atvinnulífi hér vestra, mikið vegna breyttra aðstæðna í sjávarútvegi. Fækkun skipa, fækkun aflaheimilda og lokun margra vinnslustöðva af ýmsu tagi. Rækjuveiðar og -vinnsla nánast hurfu af sjónarsviðinu bæði hér vestra og líka víða annars staðar. Þessa atvinnugrein hafði Vélsmiðjan Mjólnir byggt mikið upp til að þjónusta, sem best, bæði flotann og ekki síður verksmiðjurnar. En þær þurftu mikið viðhald á tækjabúnaði ýmis konar, mest þó pillunarvélum o.fl. En í þær framleiddum við mikið af allskonar slithlutum og endurnýjunarbúnaði. Þessi reynsla fleytti okkur inni næsta æðið, það voru breytingar á úthafsveiðiflotanum, sem fór til rækjuveiða á Flæmska, þegar það stórfellda æði flaug af stað. Allir sem reynslu höfðu af þessum veiðum og búnaði til þeirra, voru kallaðir til. Við komum að þessari vinnu í á fjórða tug skipa, bæði hér heima og erlendis, í samvinnu við fjölda margra fyrirtækja víðsvegar að. Þessar ferðir voru margar ekki til fjár farnar. Það leyndist misjafn sauður í mörgu fé. Það höfðu ekki allir séð fyrir endann á ævintýrinu í upphafi vegar.

Mjólnir neyddist til að lána nokkrum þessara útgerða miklar fjárhæðir. En þær innheimtust ekki, því margar fóru í þrot og engin veð fyrir því sem lánað var. Það tók langan tíma að komast útúr þeim erfiðleikum, sem þetta skapaði fyrirtækinu. Mjólnir gat samt haldið starfsemi sinni áfram með samkomulagi við sína birgja, þannig að allir fengu sitt upp í topp. En þá skall kreppan á og Mjólnir var skuldlaust. Búnir að rífa öll sín segl þegar annar áratugur aldarinnar hófst og höfðu siglt þægilega leið fram að COVID-19. COVID-19 árið hefur verið þeim þægilegt. Mikið hefur verið haldið til í vinnunni og svo bara heima, allt sloppið mjög vel. Verkefnin hafa haldist í hendur við þeirra getu og flest í heimabyggð. Nýjum degi fylgja alltaf nýjar áskoranir, þannig hefur það verið síðustu 50 árin. Annan janúar 2021 voru 55 ár frá því að Finnbogi hóf nám í Þór á Ísafirði og annan júní sama ár voru 51 ár síðan hann hóf sjálfstæðan atvinnurekstur í Bolungarvík.



Skúli Vignisson, framkvæmdastjóri. / Ljós. Guðný Lára Guðrúnardóttir.



Stjórn og eigendur MSV. Frá vinstri: Viðar Hauksson, stjórnarformaður, Brynjar Frosti Bragason, starfsm. og minnihluta eigandi, Agnar Eiríksson, Skúli Vignisson, framkv.stj., Unnar Elísson, aðaleigandi og Kristján Már Magnússon. / Ljós. Guðný Lára Guðrúnardóttir.

MSV



Mynd úr smiðjunni. / Ljós. Guðný Lára Guðrúnardóttir.



Mynd úr smiðjunni. / Ljós. Guðný Lára Guðrúnardóttir.

MSV ehf. (Myllan Stál og Vélar) var stofnað í desember 2009 en hóf almennan rekstur 2. janúar 2010. Í lok ársins 2009 kaupir MSV hlut Myllunar ehf. í Miðási 12 og allan þann tækjakost og birgðir sem tilheyrðu smiðjurekstri Myllunar, og ræður til sín þá starfsmenn sem störfuðu í smiðjunni.

Fyrirtækið

MSV er á Miðási 12, Egilsstöðum og er húsnæðið rúmir 1.000 fermetrar. Í húsnæðinu er verkstæði og skrifstofa fyrirtækisins. **Fyrirtækið skiptist í þrjá kjarna sem eru blikksmiðja, vélsmiðja og tæknideild.** Síðustu ár hafa áherslur fyrirtækisins á nýsmíði á stigum, handriðum og stálverkjum í byggingar aukist og áhersla á að þróa og framleiða vörur minnkað sökum breytara aðstæðna í samfélaginu. Starfsmenn fyrirtækisins eru 11 talsins.

MSV hefur tekist á við krefjandi verkefni á borð við smíði og reisingu á stigum, útsýnispöllum og handriðum við Stuðlagil sem var um 13 tonn af stáli í og uppsetningin var unnin við krefjandi aðstæður. MSV hefur einnig tekið að sér smíði og uppsetningu á handriðum í kringum ofanflóðavarnir á Eskifirði. Einnig útvegaði MSV mannskap í vélarupptekt Orkusölnunnar á vél 1 í Lagarfossvirkjun sem fór fram haustið 2019 fram á vorið 2020.

Blikksmiðjan: Blikksmiðjan þjónustar aðalega smíði og einstaklinga með framleiðslu á flasningum utan á hús. Blikksmiðjan tekur einnig að sér uppsetningu á loftræstikerfum, þakhöttum og öðru er viðkemur loftræstikerfum. Blikksmiðan býr yfir plötuklippum 3 metra beygjuvél, vals og fleiri grunntækjum. Einnig býður fyrirtækið upp á efnissölu í blikki.

Vélsmiðjan: Vélsmiðjan tekur að sér jafnt stór sem smá verk sem falla undir almenna málmíðnaðarþjónustu í nýsmíði, breytingum og viðhaldi fyrir fyrirtæki og einstaklinga, hvort sem er í smiðjunni eða úti hjá viðskiptavininum. Vélsmiðjan getur unnið úr öllu plötuefni og beygt og klippt efni sem er allt upp í 12mm á þykkt. Að auki fer fram öll efnissala. Helstu tæki og búnaður vélsmiðjunnar eru klippur, kantbeygjupressa, rennibekkir, fræsivél, lokkur og suður til að sjóða flestalla málma, t.d. ál, stál steypujárn(pott) og ryðfrítt.

Tæknideildin: MSV býður upp á breitt svið í sérlausnum á nær öllu sem við kemur járn og málmsmíði, allt frá einföldum aðlögunum og breytingum til grunnþróunar og smíði. Hlutverk tæknideildar er að reikna út, hanna og útbúa vinnuteikningar fyrir MSV og viðskiptavini þeirra, sem krefjast sérlausna eða nýsmíði. Við þessa útreikninga og teikningar er notast við forritið Inventor. Þetta forrit gera fyrirtækinu kleift að útbúa fullbúna vinnuteikningar, reikna út þölmörk, fullklára útlitsvinnu og í raun nærri fullklára vöru áður en smíði hefst.

Markmið

Markmið MSV er að veita öflugra og fjölbreytta þjónustu á sviði stálsmiði og blikksmiði. MSV stefnir að því að vinna áfram með fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu til að byggja upp sterkara atvinnulíf á Egilsstöðum og nágrenni.



Mynd úr smiðjunni. / Ljós. Guðný Lára Guðrúnardóttir.



Unnið í Lagarfossi.



Mynd úr smiðjunni. / Ljós. Guðný Lára Guðrúnardóttir.



Handrið í smiðum.



Smiði stiga og handriða í Stuðlagili.



Glaður hópur starfsmanna á Múlalundi.

Múlalundur vinnustofa SÍBS



Oddur Viðlsson við vinnu sína á áletrunavél í framleiðslusal Múlalundar.



Úr verslun Múlalundar.



Egla möppur sem framleiddar eru á Múlalundi.

Múlalundur vinnustofa SÍBS er verndaður vinnustaður, staðsettur á lóð Reykjalundar í Mosfellsbæ. Múlalundur hefur verið rekinn af SÍBS frá því 1959, með það að markmiði að bjóða upp á vinnu fyrir þá sem ekki stendur til boða vinna á almennum markaði vegna skertrar starfsorku af ýmsu tagi. Múlalundur er aðili að Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Hlutverki, samtökum um vinnu og verkþjálfun, samtökum vinnustaða fatlaðs fólks víða um land.

Starfsfólk og rekstur

Um 45 starfsmenn vinna á Múlalundi, þar af um 35 manna fjölbreyttur hópur öryrkja. Tækifæri á Múlalundi fyrir fólk með skerta starfsorku geta verið tvíþætt, annars vegar launuð langtímaströf og hins vegar fjögurra vikna starfsprufur þar sem einstaklingar fá tækifæri til að æfa sig á vinnumarkaði, oft í fyrsta skipti eða eftir langa fjarveru vegna fötlunar eða sjúkdóma. Múlalundur er fjármagnaður annars vegar með sölu á vörum og vinnu og hins vegar í gegnum þjónustusamning við hið opinbera. Þá hefur Happpdrætti SÍBS verið fjárhagslegur bakhjarl Múlalundar frá árinu 1959.

Starfsemi og framleiðsla

Á Múlalundi er starfrækt glæsileg verslun með fjölbreyttar vörur og á vefsíðu fyrirtækisins má finna öfluga vefverslun. Múlalundur selur eigin framleiðsluvörur, verkefnavinnu og aðkeyptar vörur. Aðkeyptar vörur koma frá innlendum birgjum og frá eigin innflutningi. Megináherslan er á fjölbreyttar skrifstofuvörur, en einnig umhverfissvæna bréfpoka, íþróttavörur og ýmsar vörur fyrir heimilið.

Verkefnavinnan samanstendur af fjölbreyttri flóru verkefna; pökkunum, strikamerkingum, flokkunum, talningum og fjölmörgu fleiru fyrir viðskiptavinum.

Framleiðsluvörur Múlalundar hafa í áratugi að stórum hluta verið fjölbreytt úrval mappa og plastvasa af ýmsu tagi. Egla bókhaldsmöppur hafa um áratugaskeið verið vinsælasta vara Múlalundar og verið leiðandi á markaði. Vörumerkið Egla á upphaf sitt á Múlalundi og er heitið tekið úr Egilssögu Skallagrímssonar. Aðrar framleiðsluvörur má nefna fjölbreytt úrval matseðlakápa, fermingarmöppur, töskumerki, merktar músarmottur, plastvasa í sloppa fyrir sjúkraföfnir, skólavörur, gyllingu á dagbækur og margt fleira sem skapar mikilvæga vinnu á Múlalundi.

Framtíðarsýn

Starfsemin mun á næstu árum einkennast af nýsköpun í því skyni að hafa næg verkefni fyrir okkar duglega starfsfólk og treystir Múlalundur á samfélagslega ábyrgð viðskiptavina. Múlalundur hefur frá árinu 1959 verið rekinn af SÍBS, með stuðningi Happpdrættis SÍBS. Frá því starfsemin hófst hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri og blómstrað á ný á Múlalundi. Þá vinna allir!



Hluti af starfsönnum Norðurstáls. Frá vinstri: Arnar Freyr Gunnarsson, stálsmiðameistari og eigandi Norðurstáls, Brynjar Halldór Sveinsson, stálsmiðanemi og Oddur Kári Ómarsson, stálsmiður.



Ryðfrí rör í matvælaframleiðslu.

Norðurstál

Norðurstál ehf. er stálsmiðja sem var stofnuð af Arnari Frey Gunnarssyni, stálsmiðameistara, Guðbjörgu Jónsdóttur eiginkonu hans, sem er menntaður vélstjóri, sjávarútvegsfræðingur og löggiltur verðbréfamíðlari og Arnari Þór Hansen, stálsmiði í júlí 2013. Í ársbyrjun 2017 keyptu svo Arnar Freyr og Guðbjörg hlut Arnars Hansen úr fyrirtækinu.

Starfsfólk

Til að byrja með voru aðeins eigendur fyrirtækisins að vinna hjá Norðurstáli og að mestu í verkefnum tengdum matvælaíðnaði og þá sérstaklega mjólkuriðnaði. En fljótlega fór að bætast við hópin og í maí 2020 eru að jafnaði milli 5-6 starfsmenn sem sinna afar fjölbreyttum verkefnum á ýmsum sviðum málmsmíðinnar. Hjá Norðurstáli starfa stálsmiðir og stálsmiðanemar ásamt eiganda sem er stálsmiðameistari.

Starfsemin og sérstaða

Meginstarfsemi hjá fyrirtækinu eru nýsmíði úr málm, ýmiskonar viðhald og málmsuða. Norðurstál er vel tækjum búð og getur tekist á við fjölbreytt verkefni. Verkefnin eru allt frá smáverkefnum til bygginga stóriðja, málmsuðu hitaveitulagna, nýsmíði stiga og handriða, viðgerðir á ýmiskonar vinnuvélum, nýsmíði og viðhald fyrir sjávarútveginn og ýmsa matvælaframleiðslu bæði hér á Íslandi og erlendis. En sérstaða fyrirtækisins allt frá upphafi eru fyrst og fremst röralagnir og suðuvinna á þeim; gufu, kæli, hitaveitu ásamt lagnavinnu við ýmiskonar matvælaframleiðslu.

Aðsetur og verkefni

Norðurstál hefur aðsetur að Goðanesi 4 á Akureyri en í raun fer starfsemin mikið fram utan verkstaðisins. Flest verkefnin eru á Akureyrarsvæðinu en einnig hafa starfsmenn farið víða um landið og sum verkefnin verið á erlendri grundu sem undirverktakar og þá helst við uppsetningu á fiskvinnslum með íslensku hugviti.

Framtíðarsýn

Norðurstál er stöndugt fyrirtæki sem býr yfir reynslumiklum mannaúði. Verkefnastaðan hefur allt frá upphafi verið góð og ekki útlit fyrir annað en að svo verði áfram.



Hér er verið að vinna í nýju borholuhúsi á Hjalteyri. Frá vinstri: Vignir Sigurðsson, stálsmiður og Mikael Grönvold Jónsson, verkamaður.



Suðuvinna á 20° hitaveiturörum, Kjartan Jakob Jóhannesson, stálsmiður.



Framleiðsla á vindum og öðrum þilfarsbúnaði fer fram á Spáni.



Togvinda.



Vírástýri.



Stjórnborð.

Naust Marine

Naust Marine er alþjóðlegt tæknifyrirtæki í sjávarútvegi með höfuðstöðvar á Íslandi. Fyrirtækið hóf starfsemi sína árið 1993 og var þá aðallega í þróun og framleiðslu á stjórnbúnaði fyrir togvindur. Frá árinu 2018 hefur fyrirtækið einnig hannað og smíðað vindur og annan þilfarsbúnað undir merkjum Naust Marine.

Starfsemin

Fyrsta söluvara fyrirtækisins var sjálfvirka togvindukerfið ATW (Automatic Trawl Winch control). Kerfið hefur verið í þróun nokkurra stofnenda Naust Marine frá árinu 1979 en fyrirtækið var upphaflega stofnað utan um þróun og framleiðslu þess. ATW kerfið var fyrst sett upp í skipi árið 1984 en í lok árs 2021 hefur það verið sett upp í um það bil 150 skipum.

Ekkert annað fyrirtæki í heiminum hefur framleitt stjórnbúnað fyrir rafdrifnar vindur í jafn mörg skip og Naust Marine.

Auk ATW kerfisins framleiðir fyrirtækið vindur og annan þilfarsbúnað. Aðrar lausnir frá Naust Marine eru meðal annars rafdrifið vírástýri og AutoGen aflstjórnkerfi. Þá veitir Naust Marine ráðgjöf og þjónustu varðandi stjórnun vindukerfa og hönnun þeirra. Fyrirtækið hefur einnig milligöngu um sölu á varahlutum.

Umhverfsvænar lausnir

Stefna Naust Marine er að framleiða og þróa búnað sem stuðlar að umhverfsvænni uppbyggingu í sjávarútvegi og iðnaði til framtíðar en rafdrifnar vindur hafa verið að taka við af glussadrifnum vindum í nýsmíðum skipa.

Stjórnendur, starfsfólk og aðsetur

Árið 2019 keyptu Bjarni Þór Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri og Magnús V. Snædal, stjórnarformaður meirihluta hlutfjár Naust Marine og eiga þeir nú rúmlega 80% hlut í félaginu. Frá árinu 2009 hafa höfuðstöðvar Naust Marine verið staðsettar í glæsilegu húsnæði fyrirtækisins að Miðhelli 4 í Hafnarfirði. Þar eru skrifstofur, verslun og framleiðsla á stjórnbúnaði fyrirtækisins undir einu þaki. Naust Marine starfrækir dótturfélag í Vigo á Spáni þar sem hönnun og framleiðsla á vindum og öðrum þilfarsbúnaði fer fram. Fyrirtækið rekur einnig söluskrifstofu í Seattle í Bandaríkjunum og stefnir á að opna skrifstofu í Rússlandi 2022.

Starfsmenn Naust Marine eru um 35 talsins, hver og einn með sérfræðipækkingu á sínu sviði. Á meðal starfsmanna eru tæknifræðingar, sérhæfðir rafvirkjar, forritarar og sjávarútvegsfræðingar.

Viðskiptavinir

Helstu viðskiptavinir fyrirtækisins eru íslenskar og erlendar útgerðir, m.a. stór fyrirtæki í Rússlandi, Hollandi, Bandaríkjunum, Kína og Japan. Búnaður frá Naust Marine er í allt að 200 skipum um heim allan (lok árs 2021).




Allar vindur eru sérsniðnar að þörfum viðskiptavinarins.



Samsetning stjórnúnaðar fer fram á Íslandi.

ATW Togvinkurfið er framleitt á Íslandi.





Hjá Norðuráli starfa um 600 manns við að vinna hreint ál úr áloxíði með endurnýjanlegri raforku.

Norðurál



Gunnar Guðlaugsson, forstjóri Norðuráls.

Hjá Norðuráli á Grundartanga í Hvalfirði starfa um 600 manns, í fjölbreyttum störfum, við framleiðslu á hreinu áli og álblöndum úr áloxíði og rafmagni. Íslenski áliðnaðurinn er ein stærsta útflutningsgrein landsins og ein af grunnstoðum íslensks efnahagslífs.

Umhverfsvæn starfsemi

Norðurál leggur áherslu á að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við umhverfið og stöðugt er unnið að lágmarkun umhverfisáhrifa. Nánasta umhverfi okkar í Hvalfirði er óefað eitt mest rannsakaða svæði á Íslandi. Óháðir aðilar hafa eftirlit með um 100 mæliþáttum á stóru svæði til að ganga úr skugga um að starfsemin á Grundartanga hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið. Niðurstöður sýna ótvírætt að Norðurál uppfyllir öll viðmiðunarmörk í starfsleyfi og reglugerðum.

Notkun endurnýjanlegrar raforku við framleiðsluna og stöðugleiki í rekstri tryggir að kolefnisspor álsins er með því lægsta sem gerist í heiminum. Norðurál hefur kynnt á markað vörulínu undir merkinu Natur-Al og gerir viðskiptavinum kleift að kaupa umhverfsvænt ál sem er rekjanlegt frá upphafi til enda framleiðsluferilsins og vottað af óháðum aðilum.

Afurðir

Helsta afurð Norðuráls er hreint ál og álblöndur. Flestir áhlutir sem við þekkjum – dósir og ýmiskonar umbúðir, byggingarefni, bíl felgur, reiðhjól og tölvur – eru úr málmblöndum þar sem ál er langstærsti hlutinn en öðrum málmum er blandað við álið til að gefa því aukna hörku, burðarþol, hærra eða lægra bræðslumark eða aðra sérstaka eiginleika. Algengustu málmur í álblöndum eru kopar, magnesíum, mangan, kísill og sink.

Natur-AL™

Árið 2020 kynnti Norðurál á markað nýja vörulínu undir merkinu Natur-AL™. Þar með býðst viðskiptavinum fyrirtækisins að kaupa umhverfsvænt ál sem er rekjanlegt frá upphafi til enda framleiðsluferilsins og vottað af óháðum aðilum.

Natur-Al er íslenskt ál sem hefur eitt lægsta kolefnisspor sem völ er á í heiminum. Hrein orka, ásamt framúrskarandi stöðugleika í rekstri og ströngum reglum um umhverfismál, gerir Norðuráli kleift að framleiða ál með einstaklega lágt kolefnisspor. Ál undir merkjum Natur-Al hefur kolefnisspor sem er 4t CO₂ / t Al, frá öflun baxíts og vinnslu áloxíðs til álvinnslu og flutnings alla leið til kaupanda. Heildarlosun kolefnisígilda við framleiðslu Natur-Al er innan við fjórðungur af meðaltali álframleiðslu í heiminum og samkeppnishæft við það allra besta sem völ er á á heimsmarkaði.

Norðurál gerir viðskiptavinum sínum kleift að ganga skrefinu lengra með Natur-AL™ ZERO – hreinu áli sem er kolefnisjafnað að fullu með framlagi til verkefna á borð við endurheimt votlendis og skógrækt.



Lofmynd af Norðurlágs, Grundartanga.

Framhald á næstu opnu →



Álver Norðurlágs á Grundartanga hefur verið starfrækt frá árinu 1998. Mikil áhersla er lögð á að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við umhverfið og stöðugt er unnið að lágmörkun umhverfisáhrifa.



Gunnar Guðlaugsson, forstjóri Norðuráls: „Eftirspurn eftir umhverfisvænum vörum er í verulegri sókn, eins og allir vita. Við erum að svara þörfum okkar viðskiptavina fyrir hráefni sem er raunverulega eins umhverfisvænt og mögulegt er. Álið okkar á ekki bara að gera vörur fallegri og léttari, heldur viljum við að neytendur viti að þær eru gerðar úr umhverfisvænasta áli sem völ er á í heiminum.“

Ál er meðal þeirra málma sem er mest enduruninn. Yfir 75% af öllu áli sem framleitt hefur verið í heiminum er enn í notkun. Í Evrópu er endurvinnsluhlutfall drykkjardósa yfir 70% og fer hækkandi, á Íslandi er það 94%. Fjárhagslegur og umhverfislegur hvati til endurvinnslu áls er mikill, þar sem til þess þarf einungis um 5% af orkuni sem fer í að frumframleiðslu þess.

Vottanir

Norðurál hlaut á árinu 2019 hina alþjóðlegu ASI vottun sem staðfestir að fyrirtækið stenst ítrustu kröfur um samfélagslega ábyrgð, heiðarlega viðskiptahætti, umhverfisvænt hráefni og framleiðslu. Gæðastjórnunarkerfi Norðuráls er vottað samkvæmt alþjóðlega ISO 9001 staðlinum. Umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækisins eru vottuð samkvæmt ISO 14001 og ISO 45001 stöðlum. Fyrirtækið hefur hlotið jafnlaunavottun með gullmerki PwC, sem skipar því í fremstu röð íslenskra fyrirtækja þegar kemur að launajafnrétti. Vottunin sýnir að hjá Norðuráli er starfsfólki greidd laun eftir ábyrgð, sérþekkingu og vinnuframlagi, ekki kyni eða uppruna. Þá staðfestir hún málefnalega og sanngjarna stjórn launamála hjá fyrirtækinu.

Samfélagsverkefni

Norðurál styrkir tugi samfélagsverkefna ár hvert, bæði stór og smá. Fyrirtækið er aðalstyrktaraðili ÍA á Akranesi. Þá eru Valsmenn nágrennar okkar við Hlíðarenda í Reykjavík og við erum meðal styrktaraðila þeirra. Styrktarsamningar eru í takt við þá stefnu að helstu samfélagsverkefni Norðuráls eru tengd íþróttastarfi, barna- og unglingastarfi og forvörnum.

Framleiðslan

Álver Norðuráls á Grundartanga var gangsett árið 1998. Fyrsta starfsárið var framleiðslan 60.000 tonn en árið 2019 var hún um 316.000 tonn. Norðurál hefur heimild til að framleiða 350.000 tonn af áli á ári.



Helsta afurð Norðuráls er hreint ál sem selt er á alþjóðlegum markaði og notað í allskyns vörur.



Glerhandrið.



Svalagler.

OHS verk



Ómar Ásbjörn Óskarsson, framkvæmdastjóri.

OHS verk var stofnað árið 2016 af Járnsmíði sf. til að sjá um innflutning á vörum fyrir smíði á handriðum og öðrum vörum tengdum iðnaði. Eigandi Járnsmíði sf. er Ómar Óskarsson. Árið 2019 eignast Ómar Ásbjörn Óskarsson viðskiptafræðingur og Ólafur Ingi Ómarsson, sonur Ómars úr Járnsmíði sf. fyrirtækið að fullu og hefja innflutning á gæða ál- og glerhandriðum frá Tyrklandi. Þeir hafa báðir unnið í járnsmíði frá barnsaldri og þekkja því vel til handriðasmíði. Framkvæmdastjóri OHS verk er Ómar Ásbjörn Óskarsson.

Vörunar


Vörunum hefur verið mjög vel tekið á Íslandi og eru stærstu verktakar landsins á meðal viðskiptavina. Fyrirtækið hefur vaxið verulega og setur upp mörg hundruð metra af handriði í hverjum mánuði. Fyrirtækið hefur mikla sérfræðiþekkingu í glerhandriðum og hefur sett upp fjöldan allan af flóknum glerhandriðum í heimahúsum.

Velta og framtíðarsýn

Fyrirtækið hefur tvöfaldað veltuna öll starfsárin sín og stefnir á enn frekari vöxt. OHS verk hefur bætt við vöruflokkum eins og viðhaldsfrú pallaefti, sturtupiljum, svalagöngum og fleiri byggingavörum.



Ólafur Ingi Ómarsson.





Hjörleifur Árnason og Hrafn Stefánsson eigendur Polynorth ehf.

Polynorth

Plastframleiðsla á Akureyri

Árið 1960 var fyrirtækið Plasteinangrun hf. stofnað og var það staðsett á Oddeyrartanga. Skömmu síðar keyptu KEA og SÍS sig inn í fyrirtækið og urðu aðalhluthafar en árið 1968 fluttist fyrirtækið í eigið húsnæði að Óseyri 3. Framan af var einangrunarplast í hús eina framleiðslan en árið 1973 hófst framleiðsla á plastpokum undir nafninu AKO-pokinn. Árið 1981 hófst framleiðsla í stórum stíl á fiskikössum sem brátt urðu ríkjandi í sjávarútveginum. Einnig voru framleiddar trollkúlur, flotkúlur, netahringir, plasttunnur o.fl. en þegar mest var störfuðu 20-25 starfsmenn hjá fyrirtækinu.

Plastás


Árið 1986 keypti Sjálfsbjörg plastpokagerðina út úr fyrirtækinu og flutti hana í Plastiðjuna Bjarg. Ári síðar keypti fyrirtækið Plastás einangrunarþáttinn og þremur áruð síðar keypti Sæplast fyrirtækið sjálf og þáverandi framleiðslu þess og fluttist til Dalvíkur. Fyrirtækið Plastás ehf. sem staðsett var á Óseyri 4, framleiddi aðallega einangrunarplast en auk þess ýmsa sérvöru. Árið 2006 var keyptur nýr gufuketill frá Svíþjóð og tók hann við af gufukatli sem var frá árinu 1973. Gufukatlar eru hjartað í plastverksmiðjum og þurfa þeir mikið rafmagn. Þessi ketill frá Svíþjóð þarf 1 megawatt.

Polynorth ehf

Í apríl 2020 keypti fyrirtækið Oki ehf. fyrirtækið Plastás ehf. og breytti nafninu í Polynorth. Í apríl 2021 keyptu Hjörleifur Árnason og Hrafn Stefánsson svo fyrirtækið Polynorth ehf af fyrirtækinu Oki ehf. Hrafn er vélfræðingur að mennt og rekur tvær háþróaðar plastverksmiðjur í Noregi sem sinna laxeldi. Hjörleifur er viðskiptafræðingur og matreiðslumaður og hefur verið í fyrirtækjarekstri undanfarin ár. Polynorth hefur fjárfest í vélum til framleiðslu á húskubbum og fer sú starfsemi í gang vorið 2022 og verður fyrirtækið hið eina sinnar tegundar á Íslandi sem verður í þeirri starfsemi ásamt því að sinna ört stækkandi markaði fyrir einangrunarplast.



Sérskorið plast í öllum stærðum og gerðum.



Algeng stærð af húskubb.



Sambærilegir ICF húskubbar og eru í boði hjá Polynorth.



Plastkúlur frá Polynorth eru seldar hjá okkur eftir vigt, notaðar í pullur, púða, gjafapúða o.fl.



KAPP ehf. klárar uppsetningu á ammoníaks- og vélbúnaði fyrir varmadælustöð HS Veitna í Vestmannaeyjum.

Árleg skötuveilsa KAPP er haldin í húsnæði félagsins þar sem um fjögur hundruð viðskiptavinir gæða sér á vel kæstri skötu.

KAPP



Hjónin Elfa Valdimarsdóttir og Freyr Friðriksson, eigendur KAPP.

KAPP á rætur sínar að rekja til ársins 1929 þegar Egill Vilhjálmsson hf. var stofnað fyrsta nóvember það ár. Um miðbik aldarinnar var Egill orðinn mjög áberandi í íslensku atvinnulífi en þá var hafin yfirbygging bíla og samsetning nýrra bíla hjá fyrirtækinu. Árið 1948 varð félagið hlutafélag og umsvifamesta félag landsins í þjónustu við bifreiðaeigendur og upp úr því hófst sala á hinum vinsælu Willys jeppum. Árið 1984 keyptu sjö starfsmenn mótör- og renniverkstæðishlutann og stofnuðu Egil Vélaverkstæði hf. Árið 1999 seldu eldri starfsmenn reksturinn þegar þeir hættu störfum. Nýir eigendur fóru að sækja inn á fleiri svið og deildaskiptingin fjölbreyttari: Framleiðsla og þjónusta við fiskvélar, véla- og mótörverkstæði, kæli- og frystitækjaverkstæði, verkstæði fyrir stærri heimilistæki, almennar viðgerðir. Á sama tíma tekur Freyr Friðriksson við rekstrinum. Árið 2002 var Egill vélaverkstæði sameinað Fiskvélum og tækjum og nafninu breytt í Egill ehf. Öll starfsemin var flutt í glæsilegt húsnæði að Miðhrauni 2 í Garðabæ. Árið 2007 kaupir Freyr og eiginkona hans, Elfa Valdimarsdóttir, Egil ehf. og breytir nafninu í KAPP ehf. Samhliða því er aukinn kraftur settur í sölu- og markaðsmál ásamt innflutningi á ýmsum vörum tengdum vélum og kælingu. Árið 2015 kaupir KAPP Optimar Ísland ehf. og OptimICE®. Með því opnast nýjar dyr inn í sjávarútveginn og í dag er KAPP að selja OptimICE® krapavélar um allan heim. Árið 2017 stofnar KAPP Kælifélagið í Vestmannaeyjum og ári seinna kaupir KAPP Staltech ehf. og með því bætist við ryðfrí stálsmiði, færribandasmiði ásamt ýmsum umboðum tengdum matvælavinnslu. Árið 2020 kaupir KAPP bifreiðaverkstæðið Kistufell sem einnig var með varahlutaverslun. Árið 2021 var lokið við byggingu nýrra höfuðstöðva að Turnahvarfi Kópavogi og árið 2022 opnaði KAPP útibú í eigin húsnæði í Þorlákshöfn.

Starfsemi KAPP

KAPP er fjölbreytt fyrirtæki sem byggir á nokkrum stoðdeildum. OptimICE® krapakerfið, sem er hannað og smíðað í KAPP, leysir flöguís af hólmi og hefur aukið gæði sjávarafurða til muna. Það er selt um allan heim og eru m.a. stærstu úrgerðarfélag Íslands, Bandaríkjanna og Rússlands að nota það bæði í skipum og vinnslu í landi. Söluskrifstofur KAPP eru í fimm löndum; Rússlandi, Bandaríkjunum, Mexico, Noregi og Frakklandi. Verkstæðisþjónustan, elsta deildin, býður bæði upp á renni- og vélaverkstæði. Kæliverkstæðið, stærsta deild KAPP sérhæfir sig í umhverfvænum lausnum. Flutningalausnir sinna viðgerðum og þjónustu á flutningabifreiðum ásamt því að vera með innflutning á Schmitz Cargobull flutningavögnum og kössum, DHollandia vörulyftur og Carrier kælikerfi fyrir allar gerðir bifreiða. Sala á frysti- og kæliklefum hefur stóruaukist á síðustu árum enda hafa Incold klefarnir reynst einstaklega vel. Ryðfrí stálsmiði undir vörumerkinu Staltech sér um alla nýsmiði og sérhæfir sig í þjónustu við matvælaíðnaðinn. Gámainnflutningur frá Titan Containers er fjölbreyttur, flutningagámar, hýbilagámar og kæli- og frystigámar.



Uppsetning á kæliklefum í matvöruverslunum. KAPP er með eftirlit og sólarhringsvakt á klæibúnaðinum.



OptimICE® kælibúnaður í nýtt skip Útgerðarfélag Akureyringa, Kaldbak EA1. Margar af stærstu útgerðum heims hafa valið Optim-ICE® sem er fjótandi ís sem leysir af hólmi hefðbundinn flögúis og er framleiddur um borð í skipinu. Kælingin umlykur fiskinn og heldur honum í kringum 0 °C allan fiskveiðitúrinn, í löndum, í flutningi þvert í kringum landið, til annarra landa og allt til endanlegs viðskiptavinar.



Ryðfrítt Stáltech færband, smíðað fyrir Ísfélag Vestmannaeyja á Þórshöfn.

Eigendur og starfsfólk

KAPP er í eigu hjónanna Freys Friðrikssonar og Elfu Valdimarsdóttur. Starfsmenn eru rúmlega 40 og veltan árið 2020 var um 2 milljarðar. KAPP hefur verið heppið með starfsmenn og hafa sumir þeirra verið samfleytt yfir fimmtíu ár sem hefur skilað sér í mikilli þekkingu á aðstæðum viðskiptavina og getu til að tryggja þeim ávallt bestu þjónustu. Vélvirkjar, rennismiðir, plötusmiður, vélvirkjar, vélstjórar, vérfraeðingar, sölumenn, skrifstofufólk og tæknimenn eru í starfsliði KAPP. KAPP er eitt af 2% best reknu fyrirtækja á Íslandi skv. Credit Info og einnig Keldunni.

Viðfangsefni

Eins og fram hefur komið eru viðfangsefnið mjög fjölbreytt og viðskiptahópurinn stór. Oft taka margar deildir þátt í þeim þar sem áhersla er á að veita heildarlausnir til viðskiptavina.

Nokkur dæmi um viðfangsefni:

- *Sjávarútvegur – Alhliða lausn á allri kælingu bæði á sjó og í landi.*
- *Fiskvinnslur – Hönnun, smíði og uppsetning á vinnslulínum, færriböndum, karahvolfurum ásamt kæli- og frystiklefum og gámum.*
- *Matvælaíðnaður – Hönnun, smíði og uppsetning á ryðfríri stálsmiði og færriböndum ásamt alhliða kælipjónustu.*
- *Flutningar – Sala, þjónusta og viðgerðir á vögnum, kössum, kælivélum, vörulyftum og gámagrindum.*
- *Orkuver – Uppsetning á ammóníaks- og vélbúnaði fyrir varmdælur.*
- *Matvöruverslanir – Sala, uppsetning og sólarhringsvakt á kælikerfum og frysti- og kæliklefum.*
- *Vélaþjónusta – Alhliða viðgerðir á öllum vélum hvort sem er til sjávar eða sveita.*
- *Íhlutir í vélar – Hönnun og smíði á íhlutum í vélar og tæki hvort sem er úr málmum eða plasti á renniverkstæðinu.*
- *Kælipjónusta erlendis – Hönnun, sala, uppsetning og viðhald um allan heim allt frá Suður Kóreu til Póllands og Grænlands.*
- *Heildsölur – Kæli- og frystikerfi, sala, hönnun og þjónusta.*

KAPP er árlega með bása á sjávarútvegssýningum í Rússlandi, Barcelona og Íslandi ásamt því að sækja sýningar í öðrum löndum. KAPP er einnig með árlega skötuveilsu fyrir viðskiptavinum þar sem um fjögur hundruð manns mæta og njóta úrvals veitinga.

Einkunnarorð okkar

Einkunnarorð KAPP eru „Þú finnur traust í okkar lausn“ jafnt í stóru sem smáu enda trúum við því að góð þjónusta sé lykillinn að góðri samvinnu við viðskiptavinum.



Kælipjónusta um allan heim. Hönnun, sala, uppsetning og viðhald. Myndin er frá Grænlandi.



Yfirbygging vörukassa ásamt því að setja vörulyftu á nýjan sýningarbil fyrir Öskju. Billinn er af gerðinni Benz Atego1530 vörubill.



Renni- og vélaverkstæði KAPP smíða íhluti í alls konar tæki úr málmum eða plasti ásamt því að taka upp vélar og hedd, vinna við blokkir, sveifarása, gira, öxla og pottsjóða ásamt málmfyllingu og slípun.



Starfsfólk PMT.

PMT - Plast, miðar og tæki



Þrjú ættliðir samankomnir í Plastos (forvera Pmt). Frá vinstri: Oddur Sigurðsson, Oddur Sigurðsson og Sigurður Oddsson. Gamlar Ishida vogir í bakgrunni sem margar hverjar eru sjálfsagt enn í notkun.

Upphafid

Plast miðar og tæki ehf. (Pmt) á rætur sínar að rekja er Oddur Sigurðsson sá plastpoka í fyrsta sinn og stofnaði í kjölfarið fyrirtækið Plastprent í bílskúrnum heima hjá sér á Flókagötu 69. Plastprent óx og dafnaði en eins og stundum gerist kom upp ágreiningur milli eigenda sem endaði með því að Oddur sagði skilið við fyrirtækið. Hann sagði þó ekki skilið við plastpokana fyrir fullt og allt, heldur stofnaði nýtt fyrirtæki í bílskúrnum heima, Plastos. Líkt og gefur að skilja var samkeppnin á milli fyrirtækjanna mikil og varð það ekki fyrr en sonur Odds, Sigurður Oddsson, tók til starfa að Plastos fór að beina sjónum sínum að nýjum vörum til þess að auka söluna. Þeir feðgar ferðuðust saman alla leið til Japans og heilluðust þar af Ishida tölvuvogum og var þá ekki aftur snúið. Í kjölfarið hóf Plastos innflutning og sölu á Ishida vogum og var fyrsta fyrirtækið í Evrópu til þess. Ishida vogirnar urðu strax vinsælar í flestum matvöruverlsunum enda þekktar fyrir góða endingu. Samhliða aukinni eftirspurn um vogirnar jókst á sala á límmiðum í þær og því ekkert annað í stöðunni fyrir Plastos en að festa kaup á límmiðaprentvél og hefja framleiðslu á slíkum límmiðum sem og ótal öðrum merkimiðum. Sigurður hélt ótrauður áfram í leit að nýjum viðskiptahugmyndum og ekki leið á löngu þar til Plastos hafði bætt við sig þökkunarvélum, iðnaðarprenturum, límmiðaprenturum og svo mætti lengi telja. Árið 1997 var Plastos skipt upp í tvö fyrirtæki: Plastos Umbúðir ehf. annars vegar og Plastos, Miðar og Tæki ehf. hins vegar. Síðar var Plastos Umbúðir selt og nafni hins fyrirtækisins breytt í Plast, miðar og tæki ehf., daglega kallað Pmt. Í dag er Pmt ennþá rótgróið fjölskyldufyrirtæki og hefur þriðji ættliður tekið við stjórninni, það eru börn Sigurðar. Alnafni stofnanda, Oddur Sigurðsson er framvæmdastjóri, Anna Margrét Sigurðardóttir er stjórnarformaður, Rakel Breiðfjörð Pálsdóttir er fjármálastjóri, Jóhann Ó. Jóhannsdóttir er gjaldkeri og Aðalsteinn Sigurðsson er sölustjóri.

Starfsemin í dag

Í dag er starfsemin rekin á Krókhálsi 1 í þremur samliggjandi húsum. Þar er verslun með allar helstu rekstrarvörur og fullkomin prentsmiðja, stimpla- og skiltagerð. Prentaðir eru límmiðar af öllum stærðum og gerðum, sem og plastfilmur fyrir þökkunarvélar. Stimplagerð Pmt hefur að sama skapi stóruaukist undanfarin ár, þá sér í lagi eftir að Pmt festi kaup á Stimplagerðinni Boða sem sameinaðist fyrirtækinu árið 2017. Pmt rekur því stærstu stimplagerð landsins. Hinn hluti starfseminnar snýr að filmum, tölvuvogum, þökkunarvélum, skurðarvélum og margvíslegum tækjum fyrir iðnað að ógleymdum pokum og plastfilmum. Líkt og áður kom fram hefur Sigurður ávallt glöggst auga fyrir nýjum tækifærum og þegar hann sá TurboChef ofninn í fyrsta sinn þá var hann snöggur að ná í umboðið fyrir þá á Íslandi. Ofnarnir eru notaðir til að elda mat á örfáum mínútum og er í notkun víða á Íslandi á veitingahúsum, skyndibitastöðum, hótelum, kaffihúsum og víða þar sem ferðamenn koma við. Meðal þekktra staða sem eru með TurboChef eru t.d. Subway, Sbarro, Olís og Te og Kaffi.



Límmiðaprentun.



Tæknimenn. Frá vinstri: Theodór Gunnarsson, Kristinn Atlason og Ragnar Eldon Haraldsson.

Pmt hefur allta tíð lagt mikinn metnað í góða prentun og skjóta afgreiðslu. Fjárfest hefur verið í fullkomnasta búnaði sem völ er á til forvinnslu og prentunar á límmiðum og plastfilmum. Það er því ekki að undra að mörg af stærstu matvælafyrirtækjum í dag að láta prenta miðana sína hjá Pmt. Pmt býður uppá heildarlausnir fyrir flest fyrirtæki á Íslandi í dag. Þar má nefna vélar til að vinna matvöru, vélar og umbúðir til að pakka, vigta og merkja. Það er því ekki að ástæðulausu að slagarð Pmt er: „Allt til merkinga og pökkunar“.

Starfsfólk

Hjá Pmt starfa nú um 20 manns við hin ýmsu störf, skrifstofu- og sölufólk, prentarar, hönnuðir og lagermaður. Hjá Pmt starfa einnig tæknimenn sem sjá um allar uppsetningar og viðhald á tækjum sem seld eru. Gríðarleg reynsla hefur safnast hjá starfsfólki í gegnum árin og starfsmannavelta ekki verið há.

Framúrskarandi fyrirtæki og framtíðarsýn

Árið 2018 náði Pmt þeim merka áfanga að komast í hóp um 2% fyrirtækja á Íslandi sem eru framúrskarandi í rekstri.

Stefnan er að byggja á þeirri reynslu sem hefur myndast í fyrirtækinu og fylgjast með öllum tækninýjungum í pökkun og merkingum á vörum. Einnig munum við reyna að bæta þjónustuna enn frekar og er ráðgert að setja allar vörur fyrirtækisins á netið til að einfalda fyrirtækjum innkaup og spara tíma.



Prentun límmiða hjá Pmt. Hermann Rúnarsson, prentari.



Hjá Rafal starfar reynslumikill og breiður hópur af flottum starfsmönnum. Fyrirtækið hefur vaxið mikið síðustu ár og nú starfa tæplega 100 manns hjá Rafal og dótturfélögnum Lýsir og Afl og Orku.

Rafal



Stofnendur Rafal og stærstu eigendur, Kristjón Sigurðsson og Sigurjóna Valdimarsdóttir.



Valdimar Kristjánsson hefur verið framkvæmdastjóri Rafal frá árinu 2011.



Rafal hefur framleitt yfir 1500 dreifspenna í frábæri aðstöðu að Hringhelli 9.

Rafal sf. var stofnað í Búðardal árið 1983, að frumkvæði Orkubús Vestfjarða og var tilgangurinn með stofnun félagsins að annast hvers konar þjónustu á rafbúnaði orkufyrirtækja. Stofnendur voru Kristjón Sigurðsson og Hilmar Óskarsson. Rafal var breytt í hlutfélag árið 1990. Núverandi eigendur Rafal ehf. eru Kristjón Sigurðsson, stjórnarformaður, Sigurjóna Valdemarsdóttir og Valdimar Kristjánsson sem einnig er framkvæmdastjóri. Upphaflega rúmaðist starfsemin í 30 fm bílskúr að Sunnubraut 10 í Búðardal. Þann 26. nóvember 1986 fékk Rafal A löggildingu Rafmagnseftirlits Ríkisins. Í desember árið 1986 keypti Rafal 190 fm í iðnaðarhúsi að Vesturbraut 20 í Búðardal. Í september 1988 hófst starfsemi Rafal í Reykjavík og nágrenni. Í janúar 1991 sótti Rafal um rafverktakaleyfi á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur, þá var aðstaðan meðal annars í 40 fm bílskúr við Eyjabakka 3. Árið 1993 hætti Rafal rekstri í Búðardal og seldi húsnæðið að Vesturbraut 20. Haustið 1994 flutti Rafal starfsemina í 40 fm bílskúr að Heiðarhjalla 5. Í árslok 1999 fjárfesti fyrirtækið í 420 fm iðnaðarbili að Miðhrauni 22 í Garðabæ og flutti alla starfsemi sína þangað

Starfsemin

Haustið 2004 var Reykjanesvirkjun boðin út og í framhaldinu gerði Rafal samning um að útvega og setja upp allan rafbúnað virkjunarinnar. Þetta var langstærsta verkefnið sem Rafal hafði tekið að sér á þeim tíma. Starfsmönnum fjölgaði úr rúmlega 10 í 30 og ráðist var í mikla fjárfestingu í tækjabúnaði og ökutækjum, sem gerði fyrirtækinu kleyft að taka að sér stærri verkefni í framtíðinni. Þarna var lagður grunnur að þeirri víðtæku þjónustu sem Rafal sinnir í dag. Árið 2009 stofnaði Rafal dótturfyrirtæki, Faðmlag sem keypti 1660 m² glæsilegt iðnaðarhús á 1,5 hektara lóð að Hringhelli 9 í Hafnarfirði. Þar hóf Rafal framleiðslu á dreifspennum, m.a. fyrir Rarik og brást þannig við breyttum aðstæðum í atvinnulífnu vegna hruns fjármálakerfisins. Með þessari ákvörðun var komið í veg fyrir verkefnaskort og Rafal hélt áfram sama vexti og fyrri ár. Frá 2013 er eignarhlutur Rafal 33% í Faðmlagi ehf. sem er eigandi að húsunum á Hringhelli 9, og Hringhelli 9a. Vorið 2017 stofnaði Rafal annað dótturfyrirtæki, Lýsir ehf. Megin starfsemin er sérhæfing á sviði fjarskipta og ljósleiðara ásamt sölu á tengdum vörum. Í janúar 2019 keypti Rafal verkfræðistofuna Afl og Orku ehf. og eru bæði fyrirtækin til húsa að Hringhelli 9a.

Verkefni og rekstur

Verkefni Rafal hafa verið af sama toga frá upphafi en aukist mikið og þróast. Nú er rekin fjölbreytt þjónusta við fjölda raforkufyrirtækja og aðra notendur raforku. Að verulegu leyti er verslað við innlenda birgja en einnig er nokkur innflutningur á sérhæfðum vörum. Rafal framleiðir dreifispenna í nokkrum stærðum og gerðum, dreifistöðvahúsi og einnig svonefnda straumbeina, en aðalsöluvara fyrirtækisins er þjónusta og þekking á sviði rafmagns og fjarskipta. Fyrirtækið er orðið annað stærsta rafverktakafyrirtæki landsins og alfarið í eigu tengdra aðila. Haustið 2020 var tekin upp deildarskipting í fyrirtækinu til þess að öðlast betri yfirsýn yfir reksturinn og dreifa ábyrgð og álagi. Rafal starfar í hörðu samkeppnisumhverfi sem hefur hjálpað til við að proska fyrirtækið og efla. Sérstaða Rafal snýst fyrst og fremst um að vera leiðandi á sviði háspenntar raforku. Í einkageiranum starfa hvergi fleiri hæfir rafveituvirkjar,



Rafal framleiðir straumbæna sem minnka flökkuströuma í veitukerfum.



Rafal hefur alltaf kappkostað að vera vel tækjum búíð til að takast á við þau verkefni sem við ráðumst í. Á þessari mynd er vel útbúinn bill til ljósleiðaravinnu.

meðal annars sem línumenn, en hjá Rafal. Frá árinu 2010 hefur starfsmannafjöldinn tvöfaldast, vaxið úr rúmum fjörutíu í um áttatíu starfsmenn. Tugir rafvirkja og rafveituvirkja hafa lært og lokið sveinsprófi hjá Rafal á liðnum árum.

Rafal leggur áherslu á:

- Öryggi starfsmanna, umhverfi og góða vinnuaðstöðu.
- Tækifæri til að vaxa í starfi. Fyrirtækið styður starfsmenn til náms og gefur tækifæri á krefjandi verkefnum og aukinni ábyrgð.
- Virðingu milli starfsmanna, jákvæðni og jafnrétti.
- Traust milli starfsmanna og trúnað. Rafal leggur ríka áherslu á að starfsmönnum líði vel í vinnunni og að þeir búi við gott starfsöryggi.
- Að starfsmenn upplifi sig sem mikilvægan hluta af stórrí og metnaðarfullri heild þar sem jákvætt starfsumhverfi, gott samstarf, virðing fyrir samstarfsfólki og samheldni er lykilatriðið. Með þetta að leiðarljósi vill Rafal hafa yfir að ráða hæfum, áhugasömum og framsæknum starfsmönnum í þau verkefni sem upp koma.

Framtíðin okkar er björt

Fyrirtækið hefur verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja frá 2014 að mati CreditInfo. Rafal hefur vottun samkvæmt ISO 9001:2015 sem nær yfir alla starfsemi fyrirtækisins og vinnur samkvæmt fjölda sérhæfðra staðla. Skipulagsbreytingar hafa verið gerðar til að mæta hröðum vexti síðustu ára en viðskiptavinir hafa aldrei verið fleiri. Rafal er fyrst og fremst þjónustufyrirtæki þó einnig sé unnið að nýframkvæmdum, svo sem breytingum á, og stækkun aðveiturtöðva og virkjana en stækkun Reykjanesvirkjunar hefst á næstu mánuðum. Rafal hefur gríðarlegan metnað fyrir eigin framleiðslu og hefur góða aðstöðu, tæki og búnað til að takast á við áskoranir samtímans og framtíðarinnar. Mikilvægasti hlekkurinn í velgengni Rafal er mannauðurinn, reynsla, menntun og hæfni starfsmanna, gera það að verkum að sömu viðskiptavinir hafa haldið tryggð við fyrirtækið frá stofnun. Starfsemi Rafal er í glæsilegu 1850 fm húsnæði, á 10.000 fm, lóð að Hringhelli 9 í Hafnarfirði. Heimasisðan er rafal.is. Starfsmenn sem eru nú árið 2020 um 80, hafa viðtæka þekkingu og reynslu á störfum rafveitna og stórnotenda rafmagns. Árið 2011 var heildarsala Rafal tæpar 500 milljónir, 2015 rúmar 800 milljónir og 2019 rúmar 1.400 milljónir. Rafal er aðili að samtökum iðnaðarins með aðild að SART.

COVID-19 og samfélagsleg ábyrgð

Árið 2020 var húsinu skipt í fjögur sóttvarnarhólf vegna sóttvarnarreglna á árinu og samgangur milli starfsmanna hafður í algjöru lágmarki. Meirihluti starfsmanna á skrifstofu starfaði heiman frá til að lágmarka smíðun þeirra sem þjónusta viðskiptavini fyrirtækisins. Verkefni drögust saman en aðhald í kostnaði og gott skipulag tryggðu áframhaldandi góða starfsemi. Rafal leggur áherslu á að sýna samfélagsábyrgð og leggja góðum málefnum lið. Frá upphafi reksturs fyrirtækisins hefur verið lögð mikil áhersla á nýtingu auðlinda og virðingu fyrir umhverfinu. Fjöldi verkefna sem unnið er að, hafa það að leiðarljósi að minnka kolefnislosun viðskiptavina, með nýtingu á rafrænan búnað til vöktunar. Rafal er meðal annars stoltur stuðningsaðili körfuknattleiksdeilar Hauka.



Saga Rafal sögð af listmálaranum Hermanni Árnasyni, fyrrverandi starfsmanni Rafal.



Við leggjum mikla áherslu á vörubrúun og að fylgjast með nýrri tækni. Á þessari mynd er dreifstöðvahuús sem er hannað og smíðað í Rafal.



Glæsileg nýbygging að Hringhelli 9a var tekin í notkun 2019 og hýsir m.a. dótturfélag Rafal.



Hópmýnd tekin á árinu 2015. Efri röð frá vinstri: Hans Ragnarsson, Hilmar Elefsen, Friðrik Hannesson, Pálína Pálsdóttir, Hersteinn Karlsson, Kristján Haraldsson, Þorleifur Halldórsson, Sverrir Elefsen, Símon Helgason, Sigurbjörg Björnsdóttir, Helga Óladóttir, Steingrímur Garðarsson, Þórður G. Andersen. Neðri röð frá vinstri: Arnar Ólafsson, Heimir Birgisson, Elvar Elefsen og Ólafur Sigurðsson.

SR Vélaverkstæði



Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri. Efri röð frá vinstri: Hans Ragnarsson, Steingrímur Garðarsson, Ólafur Sigurðsson. Fremri röð frá vinstri: Pálína Pálsdóttir og Anita Elefsen (á myndina vantar Hafþór Eiríksson).

SR Vélaverkstæði hf. á Siglufirði byggir á traustum grunni en fyrirtækið var stofnað 1935, þá sem sjálfstæð rekstrareining innan Síldarverksmiðju ríkisins, síðar SR Mjöls. Þegar fyrirtækið var stofnað var Siglufjörður þungamiðja síldariðnaðarins og Síldarverksmiðjur ríkisins ráku þrjár verksmiðjur á staðnum, auk einkarekinna verksmiðja. Þannig hefur þjónusta við fiskimjöls- og lýsisframleiðslu verið veigamikill þáttur í rekstri verkstæðisins allt frá stofnun þess árið 1935. Nú er fyrirtækið í eigu starfsmanna og nokkurra annarra aðila og hefur verið frá 1. mars 2003. Síðar það sama ár eða 1. desember 2003 setti SR Vélaverkstæði á stofn byggingavöruverslunina SR Byggingavörur ehf. og rekur enn í dag. Þjónusta SR-Bygg við íbúa Fjallabyggðar og nágrennis hefur aukist jafnt og þétt allt frá stofnun þess.

Stjórnendur

Stjórn félagsins er skipuð þremur aðalmönnum og tveimur varamönnum. Aðalstjórn: Pálína Pálsdóttir stjórnarformaður, Anita Elefsen ritari, Hafþór Eiríksson meðstjórnandi. Varastjórn: Steingrímur Garðarsson og Hans Ragnar Ragnarsson. Framkvæmdastjóri er Ólafur Sigurðsson.

Starfsfólk

Hjá fyrirtækinu starfa 17 starfsmenn sem búa að fjölbreyttri menntun og reynslu, en þeirra á meðal eru rennismiðir, vélvirkjar, húsasmiðir, bifvélavirkjar, plötusmiðir og stálsmiðir. Starfsmenn í byggingavöruverslunni eru tveir.

Vélaverkstæðið er vel tækjum búíð, það skiptist í renniverkstæði og plötusmiðju

SR Vélaverkstæði hefur verið starfrækt í sama húsnæði allt frá stofnun fyrirtækisins, eða í 85 ár. Byggt hefur verið við húsakost félagsins á þessum árum og miklu viðhaldi sinni og ýmsar breytingar gerðar. Í dag fer starfsemi fyrirtækisins fram í tveimur húsum, annars vegar SRV þar sem renniverkstæðið er til húsa, trésmíðaverkstæði og starfsmannaaðstaða og hins vegar í SRN, en þar er plötusmiðja, plötulager, stangaefnislager og starfsmannaaðstaða. Gólfplötur plötusmiðju er um 450 fm. og renniverkstæðis um 470 fm.

SR Byggingavörur eru starfræktar í sama húsi og renniverkstæðið og trésmíðaverkstæðið og skrifstofur félagsins eru þar á efri hæð, þar sem áður var lager. Rýmið á efri hæðinni er dæmi um það mikla viðhald sem lagt hefur verið í húsakynnum félagsins á undanförunum árum en mjög vel hefur tekist til með skrifstofurnar og eru þær hinar glæsilegustu og var einnig útbúið mötuneyti fyrir starfsmenn á efri hæðinni, en þar var áður trésmíðaverkstæði.

Rennismiði hefur alla tíð verið stunduð á vélaverkstæðinu. Meðal rennibekkja má nefna MEUSER rennibekk sem tekur smíðsgripi til vinnslu allt að Ø1200mm með 6000mm lengd og heildarþyngd allt að 26 tonn. Þessi bekkur var keyptur til að renna pressuskrúfur fyrir fiskmjölsverksmiðjur. Keyptur var nýr tölvustýrður rennibekkur í lok árs 2013 af gerðinni DMG MORI SEIKI CTX 510 en hann hefur gefið fyrirtækinu færi á að taka að sér fjölbreyttari verkefni.



Jólahlaðborð hjá starfsmönnum.



Húsnæðið í SRN.



Frá vinstri: Kristján Haraldsson, Heimir Hansson og Hilmar Elefsen.

Tæki sem nefnist T-DRILL býr til suðustúta á rör, sem koma í stað T-stykkja. Tækið ræður við rör að utanmáli $\varnothing 42$ til $\varnothing 406$ mm og getur gert stúta allt að DN150.

Plötuvinnslutæki eru stór og öflug. Þar má nefna plötuklippur 16×3100 mm, vals sem getur forþeygt 10×3100 mm, beygjuvél 3100 mm og plötugatara 40 tn $\varnothing 105$ mm. Plasmaskurðarvél verkstæðisins sker allt að 40 mm þykkt ryðfrítt stál.

Verkefni og sérstaða

Frá árinu 1935 höfum við öðlast gríðalega reynslu í hverskyns málmsmíði, nýsmíði og viðhaldi. Við höfum þjónustað Íslenskan sem og erlendan iðnað í áratugi og eru SR-ingar vel þekktir í fiskimjölsverksmiðjum landsins sem þeir hafa þjónustað frá því snemma á síðustu öld. Meðal verkefna á þessum árum má nefna uppbyggingu og nýbyggingar á síldar- og loðnuverksmiðjum, viðhald og nýsmíði í skipum og fiskvinnslum. Allskonar nýsmíði; stigar og handrið auk margra annarra ólíkra verkefna. Auk nýsmíði má nefna að verkstæðið gerði upp gamlar pressur úr fiskmjölsverksmiðjum og seldi til Perú.

Ryðfrítt stál er okkar sérfang og höfum við smíðað hundruði snigla, varmaskipta, auk ýmisskonar búnaðar þar sem þörf er á ryðfríu stáli. Sniglana frá okkur má finna víða á Íslandi og annarsstaðar í heiminum.

Hjá okkur er einnig hægt að fá tæknaðstoð við teiknun og hönnun.

Hvort sem verkefni eru stór og krefjandi á alla vegu eða lítil og auðleyst þá er hæglega hægt að leita til SR Vélaverkstæðis. Við höfum ávallt lagt áherslu á vönduð og góð vinnubrögð og hafa viðskiptavinir okkar notið þess í nærri eina öld.



Svala Lúðvicksdóttir og Magnús Magnússon (starfsmenn SR Byggingavara ehf.)



Frá vinstri: Heimir Birgisson og Símon Helgason.

Samhentir - Kassagerð



Jóhann Oddgeirsson, framkvæmdastjóri og Bjarni Hrafnsson, rekstrarstjóri.

Samhentir Kassagerð hf. er í dag stærsta umbúðafyrirtæki landsins, félagið var stofnað árið 1996 og starfaði í upphafi við framleiðslu á tröllakössum. Fljótlega hófst samhliða framleiðslunni innflutningur á pappambúðum, kössum, öskjum og blokkaröskjum. Samhentir hafa lagt áherslu á að bjóða alhliðalausnir í umbúðum fyrir sína viðskiptavinum þar sem þeir geta nálgast allar sínar umbúðir á einum stað, þannig einfaldað sinn rekstur. Stofnendur voru Bjarni Hrafnsson ásamt tveimur öðrum, Bjarni er í dag rekstrarstjóri Samhentra. Fyrirtækið hefur vaxið hröðum skrefum og var velta félagsins 5.200 milljónir árið 2020.

Sagan

Árið 2002

gengu fyrirtækin Innís og G.S. Mariasson til liðs við Samhenta. Með Innís kom aukin áhersla á plastvörur og með G.S. Mariasson bættust við pökkunarvélur og límbönd.

Árið 2003

kaupir Ásgeir Þorvarðarson 30% hlut í félaginu af einum af stofnendum félagsins.

Árið 2004

kaupa Samhentir 50% hlut í Tri-pack Packaging Systems Ltd. á Englandi sem er framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í polypropylene kössum og er með einkaleyfi á CoolSeal umbúðum. Samhentir hafa frá kaupunum unnið náði með Tri-pack í því að nútímavæða framleiðslu-aðferðir sínar.

Árið 2007

kaupa Samhentir fyrirtækið Valdimar Gíslason, VGÍ ehf. Við þau kaup stækkar fyrirtækið umtalsvert og vörur eins og áhöld, krydd og íblöndur auk kjötvinnsluvéla bætast á lagerinn. Árið áður hafði Icelandic Umbúðir sameinast VGÍ og var það því hluti af hinu keypta.

Sama ár kaupa eigendur Samhentra 50% hlut í fyrirtækinu Vest Pack P/f í Færeyjum. Tengsl Samhentra við bæði birgja og viðskiptavinum á Norðurlöndum styrkjast verulega í kjölfarið. Vest Pack var útnefnt fyrirtæki ársins í Færeyjum 2013 og er með ráðandi markaðstöðu á umbúðamarkaði í Færeyjum.

Árið 2009

flytja Samhentir í nýtt húsnæði að Suðurhrauni 4 í Garðabæ og öll starfsemi er þar með á einum stað.

Árið 2011

kaupa Samhentir lagerhúsnæði og lóð að Suðurhrauni 6–10 í Garðabæ og tryggja þannig framtíðarstaðsetningu í Suðurhrauninu.

Árið 2012

kaupa Samhentir meirihluta í hinu gamalgróna framleiðslufyrirtæki Vörumerkingu ehf. Límmiðar bætast þar með í vöruúrvalið.



Framhald á næstu opnu →

Stafræn prentun



Lager Samhentra.



Samhentir, Suðurhrauni 6.

Árið 2013

Vörumerking flytur í Suðurhraun 6 og húsnæðið var endurnýjað fyrir starfsemi félagsins. Sama ár er vélakostur endurnýjaður mikið og fær félagið í kjölfarið vottun til þess að framleiða umbúðir sem eru í beinni snertingu við matvæli.

Árið 2016

Samhentir kaupa Frjó Umbúðasöluna, þar með styrkti félagið stöðu sína á markaði tengdum garðyrkju og bætti við úrvali í vörum til garðyrkju og landbúnaðar.

Árið 2018

Eigendur Samhentra eignast 50% hlut í Bergplast, það félag sérhæfir sig í framleiðslu á plastdósum fyrir mjólkuriðnað. Bergplast á einnig endurvinnslufyrirtækið Durinn ehf. sem framleiðir ýmsar vörur úr endurunnu plasti.

Árið 2019

Álfakór kaupir 20% hlut í Samhentum.

Árið 2020

Samhentir kaupa meirihluta af rekstri Kassagerðar Reykjavíkur, sem var elsta umbúðarfyrirtæki landsins og lengst af stór framleiðandi af pappumbúðum, hluti af kaupunum var einnig rekstur Plastprents sem hafði sameinast Kassagerðinni.

Sama ár kaupir Bergplast fyrirtækið Sigurplast sem framleiðir flöskur og brúsa úr plasti, unnið er að því að sameina félagin í húsnæði Bergplasts í Hafnarfirði.

Vöxtur fyrirtækisins

Félagið hefur vaxið jafnt og þétt frá stofnun, frá því að vera lítið sprotafyrirtæki í að vera umbúðapjónustufyrirtæki á Íslandi. Lykillinn að velgengni fyrirtækisins liggur í góðum tengslum við viðskipavini og birgja félagsins, vönduðu, reynslumiklu og vel menntuðu starfsfólki, ásamt áherslu á gæði og nýjungar.

Starfsfólk og stjórnendur

Hjá Samhentum starfa 52 og 26 hjá Vörumerkingu flestir hafa langan starfsaldur og því er lítil starfsmannavelta. Hjá fyrirtækinu starfar fólk með þekkingu úr mismunandi atvinnugreinum sem hefur fjölbreytta reynslu úr viðskiptalífinu. Mannauður fyrirtækisins og starfsreynsla er því mikill og fjölbreyttur.

Framkvæmdastjóri er Jóhann Oddgeirsson og stjórnarformaður er Ásgeir Þorvarðarson.



Flexoprentun.



Sementi er dreift til viðskiptavina í sérútbúnum tankbílum sem bera um 30 tonn af sementi. Flutningafyrirtækið Gullvagninn hefur annast dreifinguna undanfarin ár. Á myndinni er Jóhannes Steinsson bílstjóri við vinnu sína.

Sementsverksmiðjan



Gunnar H. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sementsverksmiðjunnar.



Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Eignarhaldsfélagsins Hornsteins og jafnframt stjórnarformaður Sementsverksmiðjunnar.

Sementsverksmiðjan ehf. er með lögheimili á Akranesi. Árið 1948 voru samþykkt heimildarlög á Alþingi um byggingu sementsverksmiðju og var henni valinn staður á Akranesi. Sementsverksmiðjan var í fyrstu eign íslenska ríkisins, en var breytt í hlutafélag í eigu ríkisins frá og með 1. janúar 1994. Samþykkt var á árinu 2003 heimild til iðnaðarráðherra til að selja eignarhluta ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf. og eignaðist Íslenskt sement ehf. verksmiðjuna í framhaldi af því. Á árinu 2011 varð Sementsverksmiðjan einkahlutafélag.

Eigendur

Núverandi eigandi Sementsverksmiðjunnar er Eignarhaldsfélagið Hornsteinn, sem er í meirihlutaeigu HeidelbergCement, en auk þess eiga nokkur innlend fyrirtæki eignarhlut í Hornsteini. Eignarhaldsfélagið á þrjú dótturfyrirtæki, Björgun ehf., Sementsverksmiðjuna ehf. og BM Vallá ehf. Heidelberg Cement er alþjóðlegt fyrirtæki leiðandi í framleiðslu á fylliefnum, sementi, steypu og steinsteypueningum.

Stjórnendur

Fyrsti framkvæmdastjóri Sementsverksmiðju ríkisins var dr. Jón E. Vestdal sem starfaði til 1967. Svavar Pálsson var framkvæmdastjóri 1968-1971 og fjármálegur framkvæmdastjóri 1972-1977. Dr. Guðmundur Guðmundsson var tæknilegur framkvæmdastjóri frá 1972-1993. Gylfi Þórðarson var fjármálegur framkvæmdastjóri frá 1978-1993 og framkvæmdastjóri Sementsverksmiðjunnar hf. frá 1994-2005. Gunnar H. Sigurðsson hefur verið framkvæmdastjóri Sementsverksmiðjunnar ehf. frá 2005.

Núverandi stjórn Sementsverksmiðjunnar ehf. skipa Þorsteinn Víglundsson formaður, Giv Brandenberg og Sigurður Magnússon.

Starfsemin

Þann 14. júní 1958 var í fyrsta sinn kveikt undir gjallbrennsluofninum og þar með hóf verksmiðjan sementsframleiðslu. Framleiðslugeta fyrirtækisins var um 115 þúsund tonn af sementsgjalli á ári, en úr því gjalli var hægt að framleiða um 135 þúsund tonn af sementi. Verksmiðjan gat malað umtalsvert meira af sementsgjalli en nam hámarks gjallframleiðslu hennar. Þegar á þurfti að halda var flutt inn gjall til mölunar. Þannig var hægt að mæta auknum kröfum landsmanna þegar á þurfti að halda.

Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og eftir fjárhagslega endurskipulagningu var ákveðið að hætta sementsframleiðslu á Akranesi. Fyrirtækinu var breytt í innflutningsfyrirtæki og hófst innflutningur sements á árinu 2012. Sementsverksmiðjan flytur í dag inn þrjár sementstegundir frá norska sementsframleiðandanum Norcem AS. Sementstegundirnar eru Anleggsement, Standardsement FA og Industriseмент. Anleggsementið er hreint portlandsement, Standardsementið er svokallað blandað sement en Industrisementið er hraðsement.



Sementsflutningaskipið Cartagena leggst upp að Faxabryggju á Akranesi. Skipið flytur 7.200 tonn af sementi í hverri ferð. Sementstankarnir í bakgrunni.

Sementið er flutt til landsins í sérútbúnum skipum í 7.200 tonna förmum. Úr skipunum er sementinu dælt í birgðastöðvar. Sementsverksmiðjan rekur tvær birgðastöðvar, 16.000 tonna birgðastöð á Akranesi og 4.000 tonna birgðastöð á Akureyri. Út frá birgðastöðvunum er sementinu dreift til viðskiptavina sem eru steypuframleiðendur, múr- og einingaverksmiðjur. Sementinu er dreift í sérútbúnum bílum sem taka um 30 tonn hver. Sementinu er dælt með lofti úr bílunum í sementssíló í eigu viðskiptavina.

Í starfsstöð fyrirtækisins á Akranesi er aðstaða til þökkunar í stórsekkjum sem taka allt að einu og hálfu tonni. Þökkun sements í 20 kg sekkjum er úthýst og sér múrdeild BM Vallár í Garðabæ um þá þökkun. Pakkað sement í 20 kg sekkjum er selt í öllum helstu byggingarvöruverslunum landsins.

Starfsfólk

Starfsmannafjöldi Sementsverksmiðjunnar hefur verið breytilegur í gegnum árin. Í upphafi störfuðu um 80 manns við framleiðsluna. Þegar mest var um 1980 störfuðu tæplega 200 manns hjá fyrirtækinu. Með aukinni tæknivæðingu og hagræðingu fækkaði starfsfólk. Í dag starfa einungis 5 starfsmenn hjá fyrirtækinu, en dreifingu sements, rekstri birgðarstöðvar á Akureyri, skrifstofuhaldi, rannsóknarstarfssemi og mötuneyti hefur verið úthýst.

Gæðavottun

Mikil áhersla er lögð á að gæði sementsins uppfylli kröfur viðskiptavina og standist allar skilgreindar gæðakröfur samkvæmt stöðlum. Til að tryggja gæðin hefur Sementsverksmiðjan rekið vottað gæðakerfi frá árinu 1998, eða í um 24 ár. Þá hefur félagið aðgang að sérfræðingum í málefnum sements, bæði innanlands og utan, sem ávallt eru reiðubúnir að veita viðskiptavinum okkar upplýsingar og stuðning.

Umhverfismál

Við framleiðslu sements er kalksteinn brenndur í gjallbrennsluofnum við um 1450 celsíusgráður, en við það efnaferli losnar koldíoxíð. Sementsframleiðsla í heiminum er þannig sú framleiðsla sem er einna mest mengandi með tilliti til gróðurhúsalofttegunda. Með aukinni umhverfisvitund stjórnvalda og almennings er nú lögð áhersla á að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Til að bregðast við þessari áskorun hefur framleiðandi sementsins Norcem AS sett sér það markmið, að á árinu 2030 verði sementið frá Noregi að fullu kolefnisjafnað. Þetta hyggst framleiðandinn meðal annars gera með því að fanga koldíoxíð úr útblæstri gjallbrennsluofnanna og koma þannig í veg fyrir að það berist í andrúmsloftið. Sement frá Norcem verður þannig ennþá umhverfisvænna byggingarefni.



Sementsbirgðastöðin á Akureyri.



Sementsbirgðastöðin á Akranesi. Í stöðinni eru sementssíló sem taka 16.000 tonn af sementi alls. Unnið er að lestun sementsflutningabíls og afhendingu sements í stórsekkjum.



Hólar við Stykkishólm.

Skipavík

Skipavík ehf. á rætur sýnar að rekja til ársins 1907 þegar Rögnvaldur Lárusson stofnar slippinn. Ýmsar sameiningar verða og árið 1975 kaupir Vélsmiðja Kristjáns Rögnvaldssonar meirihlutann í Skipasmiðastöðinni Skipavík og var nafninu breytt í Skipavík ehf. 2005.

Starfsemin

Framan af var starfsemin mest í kringum skipasmiðar viðhald og breytingar á skipum. Í dag hefur Skipavík mjög fjölbreytta starfsemi. Í Stykkishólmi er vélsmiðja, slippur, rafmagnsdeild gúmibátadeild, byggingardeild, lager og rekstur verslunar í sér húsnæði við Aðalgötu. Einnig á Skipavík fasteignir sem það leigir út. Í tvo áratugi hefur Skipavík unnið fyrir Norðurál Grundartanga. Fyrstu árin við uppsetningu straumleiðara og niðursetningu kerpotta í fjórum stækkunum. Síðustu 12 árin hefur Skipavík séð um kerviðgerðir og 2019 einning kerbrot og sandlástur kerja. Í lok árs 2020 festi Skipavík kaup á starfsstöð Stálsmiðjunnar /Framtak við Klafastaðarveg 2 Grundartanga og er þar með 1200 fm vélsmiðju og bættust þá ýmis verkefni við. Í loka árs 2020 störfuðu um 65 manns hjá fyrirtækinu.

Byggingardeildin

Byggingardeildin hefur verið að stækka síðustu árin og starfa um 20 manns í þeirri deild. Meðal verkefni þar má nefna Byggingar á Dröngum sem fékk hönnunarverlaun 2020 þar sem Studio Grandi voru arkitektar. Um þessar mundir er verið að vinna að breytingum á Sjúkrahúsinu í Stykkishólmi, byggingu 5 íbúðarhúsa, sumarbústaðar og glæsilegs húsnæðis að Hólu rétt fyrir utan Stykkishólm. Skipavík rekur dráttarbrautina og vélsmiðju þar sem alltaf er eitthvað að gera.

Eigendur og stjórnendur

Eigendur Skipavíkur eru tveir Sigurjón Jónsson sem einnig er stjórnarformaður og Sævar Harðarson framkvæmdarstjóri og stjórnarmaður.



Fimm nemar skrifa undir námssamning í húsmiði.



Hjallartangi 1, reising burðarvirkis.



Starfstöð Skipavíkur á Grundartanga.



Bátur inni í stöð í viðhaldi.



Valtýr við bryggju.



Febrúar 1979, slippurinn í Reykjavík, starfsmenn við vinnu. Farþegaferjan Herjólfur í slipp. Maðurinn með fótuna er Jón Páll Guðmundsson og t.v. Arni H. Kristjánsson (f. 1961) síðar sagnfræðingur.



1960-1964, slippsvæðið í Reykjavíkurhöfn. 5 síðutogarar í slipp. Nærstur er Bjarni Ólafsson AK 67 frá Akranesi. Byggingar við Grandagarð í farska. Þriðji togarinn er Egill Skallagrímsson RE 165.

Slippfélagið



Sölustjóri Slippfélagsins Þróstur Ingvarsson inn í verslun Slippfélagsins Skútuvoði.



Geirtrúður og Cécile við afgreiðslu í verslun okkar í Fellsmúla.



Slippfélagið Skútuvoði 2.

Slippfélagið ehf. var stofnað í marsmánuði 1902 og er næst elsta starfandi hlutafélag landsins. Í upphafi einskorðaðist starfsemin við skipaviðgerðir og tengd verkefni en árið 1951 hóf félagið framleiðslu á málningu. Félagið selur flestar gerðir málningar, s.s. húsamálningu og viðarvörn. Í umhverfismálum er stefna félagsins að sem flestar vörur þess séu umhverfisvænar og því eykst sífellt framboð þess á slíkum vörum Fyrirtækið var eitt fyrst íslenskra fyrirtækja til að setja sér sérstaka stefnu í umhverfismálum. Dæmi um það sem hefur áunnist á undanförunum árum er stóraukin notkun umhverfisvænna vatnsþýnnaðra málningarefna. Saga Slippfélagsins spannar hartnær 120 ár og er um margt merkileg í atvinnusögu Reykjavíkurborgar. Einsög nafnið ber með sér tengist upphaf fyrirtækisins sjávarútvegi. Aðstaða til viðgerðar og viðhalds á skipaflotanum var bágborin. Með uppsetningu fyrstu dráttbrautar á landinu var brotið blað hvað þjónustu við útgerðina varðar. Fyrirtækið óx og dafnaði, lenti í öldudal og kreppum, samkeppni og áföllum. Það hafði fljótlega orðið ljóst að framtíð málningarverksmiðjunnar gæti aldrei verið við Mýrargötuna í miðbæ Reykjavíkur. Hugað var að nýju svæði og lóð við Dugguvog varð fyrir valinu. Bygging málningarverksmiðjunnar hófst 1968. Framleiðsla hófst í Dugguvoginum 1970 og jókst hröðum skrefum. Á síðasta áratug tuttugustu og fyrstu aldarinnar komst framleiðslan í eina milljón lítra. Með auknum innflutningi, til viðbótar við þá framleiðslu sem er í landinu, hefur samkeppnin harðnað og krafan um hagkvæmni aukist. Upphaflega var eingöngu framleidd botnmálning, en fljótlega bættist skipalakk og þakmálning við. Með tímanum þróaðist þessi þáttur í alhliða málningarframleiðslu. Árið 1986 var tekin upp samvinna við málningarframleiðandann Alcro (síðar Alcro-Beckers) í Svíþjóð til þróunar á vatnsþýnnaðri akrýlmálningu. Slippfélagið í Reykjavík varð fyrst á Íslandi til að framleiða t.d. tinlausa botnmálningu fyrir skip og vatnsþýnnaðra þakmálningu og mætti nefna margt fleira á þessu sviði. Slippfélagið hefur ætíð gætt þess að bjóða góða vöru, auk þess sem fagþekking í notkun efnanna hefur verið lykilinn að velgengni málningarvara Slippfélagsins í Reykjavík.

Reksturinn

Þann 1. janúar 1989 urðu grundvallarbreytingar á rekstri félagsins, þegar það seldi Stálsmiðjunni hf. í Reykjavík eignir sínar við vesturhöfnina. Þar á meðal allt sem til varð í upphafi, brautir og byggingar. Eftir þessar breytingar snerist starfsemi Slippfélagsins í Reykjavík nær eingöngu um verslunarrekstur, innflutning og framleiðslu á málningu og ýmsu því tengdu. Frá upphafi tengdist málningarframleiðslan fyrst og fremst útgerðarfyrirtækjum en með breyttum tímum voru tengslin ekki síður við málara og almenna neytendur, þótt útgerðin hafi ennþá skipað stóran sess meðal viðskiptavina. Í árslok 2009 lauk svo nær sextíu ára samstarfi Slippfélagsins og Hempels í Danmörku. Í framhaldinu, þ.e. í janúar 2010 varð svo önnur breyting á eignarhaldinu, þegar Málning hf. keypti reksturinn. Í dag fer öll framleiðsla fyrirtækisins fram í málningarverksmiðju Málningar í Kópavogi. Slippfélagið rekur í dag fimm verslanir, auk þess að vera með með endursöluaðila um allt land. Það má því með sanni segja að Slippfélagið sé nýtt fyrirtæki á gömlum merg. Það sem gerir sögu þessa 120 ára fyrirtækis svo merkilega, er hlutur þess í atvinnusögu borgarinnar. Það varð til úr blöndu af brýnni þörf, bjartsýni og stórhug, rúmum tíu árum áður en Reykvíkingar hófu hafnargerð, eftir áratuga vangaveltur.



Snókur þjónusta er vel búin tækjum.

Snókur þjónusta

Snókur þjónusta ehf. er þjónustufyrirtæki á vélasviði og hefur á að skipa góðum tækjafloða sem leigður er út með vélamönnum. Fyrirtækið vinnur eftir föstum þjónustusamningum og leggur mikla áherslu á á gæða-, öryggis- og umhverfismál.

Starfsemin

Starfsstöðvar fyrirtækisins eru á Grundartanga og í Straumsvík. Fyrirtækið sinnir umskipun, innri flutningum, efnismeðhöndlun, þrifum og fleiri verkefnum fyrir stóriðjufyrirtækin á Grundartanga og í Straumsvík. Starfsmenn eru 58, vélamenn, verkamenn og meiraprófsbílstjórar. Fyrirtækið rekur eigið verkstæði á Leynisvegi 6 á Grundartanga og í Straumsvík.

Stjórnendur

Fyrirtækið er fjölskyldufyrirtæki, stofnað árið 2019. Eigendur eru Einar Harðarson stjórnarformaður, Kristmundur Einarsson, framkvæmdastjóri, Hrafn Einarsson, viðhalds- og flotastjóri og Hafdís Guðlaugsdóttir, gæða- og öryggisstjóri.



Einar Harðarson, stjórnarformaður og eigandi.



Kristmundur Einarsson, framkvæmdastjóri og eigandi.



Hrafn Einarsson, viðhalds- og flotastjóri, stjórnarmaður og eigandi.



Hafdís Guðlaugsdóttir, gæða- og öryggisstjóri, stjórnarmaður og eigandi.



Slippurinn Akureyri



Loftmynd af aðstöðu Slippsins á Akureyri.

Fyrirtækið Slippurinn Akureyri ehf. var stofnað árið 2005 þegar núverandi eigendur tóku við af fyrra félagi, þ.e. Slippstöðinni hf. sem hafði verið starfrækt frá 1952. Árið 2007 keypti Slippurinn svo fyrirtækið DNG og var reksturinn sameinaður undir nafni Slippsins. Slippurinn Akureyri ehf. veitir alhliða þjónustu við sjávarútveginn og teljast helstu útgerðir á Íslandi til viðskiptavina fyrirtækisins, einnig hefur Slippnum orðið ágengt á erlendum markaði upp á síðakastið. Aðrir viðskiptavinir eru stóriðjur, virkjanir og ýmsar verksmiðjur. Slippurinn Akureyri ehf. er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði hér á landi. Það rekur upptökumannvirki og viðgerðarstöð fyrir skip og annast hvers konar málmsmiði, vélsmiði, vélaviðgerðir, rennismiði og skipasmíðar. Fyrirtækið rekur enn fremur trésmíðaverkstæði, sand/vatnsblástur, málun og verslun með eigin framleiðslu og aðrar vörur til skipa. Skipaþjónusta Slippsins Akureyri annast þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki og býður heildarlausnir í hönnun, endurnýjun og viðhaldi á skipum og búnaði þeirra.

Hjá fyrirtækinu starfa um 160 starfsmenn

Verkfræðingar, sjávarútvegsfræðingar, hagfræðingar, tæknifræðingar, rennismiðir, stálsmiðir, trésmiðir, tækjamenn, verkamenn og vélvirkjar. Með tilkomu gístaðstöðu á svæðinu, hafa möguleikar okkar til að fá viðbótarvinnuafli með skömmum fyrirvara aukist til muna. Mikill fjöldi samstarfsfyrirtækja með viðtæka þekkingu starfar með okkur að fjölbreyttum verkefnum. Eigendur eru Estia hf. 71,27% (Samherji hf.) KEA 12% auk 7 smærri aðila.

Breytingar á starfsumhverfi

Fyrir rúmlega 20 árum var ekki óalgengt að skip færu í slipp á hverju ári. Í dag eru flest skip á 2ja eða 3ja ára slipp-plani. Skipum hefur fækkað verulega á síðustu áratugum. Endunýjun flotans kemur í stökkum og erum við nú stödd á umfangsmiklu endurnýjunarskeiði. Fiskiskip hafa stækkað til muna og almennt er minna þol fyrir stoppi vegna slippstöku. Betri efni og tæki spara tíma og auka endingu. Sjávarútvegsfyrirtæki, viðskiptavinir okkar, hafa eflst til muna og hafa mun meiri getu og vilja til nýsköpunar. Aukin eftirspurn er eftir nýsmíði vinnslubúnaðar Slippsins, sem við þróum í samstarfi við viðskiptavini okkar sem standa fremst meðal alþjóðlegra sjávarútvegsfyrirtækja.

Áherslur gagnvart starfsfólki

Öruggt og jákvætt starfsumhverfi
Öryggi og heilsa starfsmanna í fyrirrúmi
Jákvæður starfsandi
Öflugt og virkt starfsmannafélag
Ýmsar upptökur

Niðurstöður starfsmannakönnunar, almenn ánægja, s.s. með næsta yfirmann, aðbúnað, tæki og starfsmannaaðstöðu

Aðstaða Slippsins

Samtals um 6.000m² verkstædispláss
Skemma
Vélaverkstæði
Stálsmiðja
Trésmíðaverkstæði
Ryðfrí smiðja
Flotkví 122m x 23m x 7.6m 5.000 tonn
Dráttarbrautir 1.500 tonn og 150 tonn
300m viðlegukantur
13 herbergja gístaðstaða fyrir verktaka og áhafnir.



Aðstaða Slíppsins á Akureyri.



Hábrýstipvottur í Slíppum Akureyri.

Menntun starfsmanna

Sí- og endurmenntun

Sífelld miðlun þekkingar milli starfsfólks

Innanhússnámskeið

Aðkeypt námskeið

Sérþjálfun innanlands og utan.

Gott samstarf við menntastofnanir, s.s. VMA og Iðuna

DNG

Fyrirtækið DNG ehf. var stofnað af einstaklingum árið 1982 og hófst framleiðsla á færavindum 1984. Í tímans rás hefur fyrirtækið komið að hönnun og framleiðslu margskonar rafeinda- og tækniþúnaðar. Snemma komu nokkur önnur fyrirtæki að rekstrinum og lögðu lið við að koma á framfæri nýjum gerðum af færavindum. Slíppurinn Akureyri ehf. keypti allt hlutafé í DNG árið 2008. Helsta framleiðsla fyrirtækisins er DNG færavindan sem er smíðuð og samsett á Íslandi. Færavindan varð fljótt vinsæl meðal smábátasjómannanna, jafnt innanlands sem utan. Fyrsta gerð DNG færavindunnar var verulega frábrugðin þeirri vindu sem framleidd hefur verið undanfarin ár. Eftir því sem tæknin þróaðist var hönnuð og markaðssett ný gerð árið 1986 sem oft hefur verið kölluð sú „Gamla Gráa“ í seinni tíð. Þessi vinda var framleidd næstu fjögur árin eða til 1990 við miklar vinsældir og er hún enn víða í fullri notkun. Næstu fimm árin, eða 1990-1995, var framleidd gerð sem kallast C-5000i sem var enn frekari þróun frá fyrri gerðum. Í byrjun árs 1995 kom síðan fram C-6000i vindan sem er þá í raun fjórða kynslóðin og er hún enn í framleiðslu. Miklar framfarir áttu sér stað með tilkomu þessarar gerðar enda hafði mikil þróun átt sér stað í rafeinda- og tölvutækni. Nokkrar breytingar hafa þó orðið á C-6000i vindunni í gegnum tíðina, einkum á hugbúnaði. Framleiðsla C-6000i færavindunnar er enn í gangi en 2014 var hafin vinna við þróun fimmtu kynslóðar vindu sem þegar hefur verið kynnt undir heitinu C-7000i. DNG ehf. starfar eftir ISO 9001 vottuðu gæðakerfi og er vörumerkið DNG er vel þekkt enda hefur fyrirtækið starfað í yfir 35 ár og á þeim tíma bæði auglýst vörur sínar og tekið þátt í fjölda vörusýninga í mörgum löndum. Framtíðarsýn DNG mótast fyrst og fremst af því að halda áfram að vera leiðandi á sviði færaveiða, bæði hvað varðar tækni og gæði. Fyrirtækið vill nýta og fylgja eftir þeim nýju möguleikum sem sífellt eru að skapast samfara þróun á sviði rafeindatækni. Það hefur verið DNG mikils virði að eiga tryggan heimamarkað sem fyrirtækið hefur átt gott samstarf við í gegnum árin. Þessi nálægð við reynsluríka notendur færavindunnar er ómetanleg og hefur það oft auðveldað ýmsar prófanir og vörubrún.







Nokkrar tegundir af útiljósúm.



Mikið úrval af ljósúm.

Stansverk

Stansverk ehf. var stofnað árið 1984 af Jóhanni Jóhannssyni og markmiðið var að smíða og gera við stansa fyrir málmíðnaðarfyrirtæki en fljótlega var farið að hanna og smíða vélar og tæki og svo tölvustýrðar framleiðsluvélar. Til dæmis mótatengjavél fyrir Breiðfjörðsblikksmiðju, sem enn er að, en er nú í eigu Blikkás ehf. og svo fjölmargar aðrar iðnaðarvélar m.a. tölvustýrð milliveggjastoðvél fyrir Ólaf Pálsson, heitinn, múrarmeistara svo aðra enn tæknilega fullkomnari fyrir norskt spónaplötufyrirtæki og stóðst hún allar væntingar þeirra. Stoðirnar voru hannaðar af Óla Ásmundarsyni arkitekt og Edgari Guðmundssyni verkfræðingi en vélin er hönnuð og smíðuð af Stansverk.

Árið 2000 var smíðuð fjölnota tölvustýrð stönsunarvél með mótunarbúnaði sem hefur að mestu verið notuð til framleiðslu á útveggjafestingum fyrir leiðara og gengið vel. Festingar hannaðar af okkur en framleitt fyrir Málmtækni. Þessar vélar sem og fleiri sem Stansverk hannaði og smíðaði vöktu athygli erlendra fagaðila sem komu í heimsókn.

Vélaostur og starfsemi

Stansverk er vel búíð vélaostur svo sem CNC renni- og fræsivélum, tölvustýrðum stönsunarvélum og sérsmíðuðum tækjum vegna framleiðslu. Stansverk er nær eingöngu framleiðslufyrirtæki í dag og afkoman með ágætum og engin eignabreyting. Stór liður hjá okkur er íhlutaframleiðsla fyrir önnur fyrirtæki í mörgum greinum.

Ljósaf framleiðsla

Ljósaf framleiðsla Stansverk var og er fyrirferðamikil, bæði í inni- og útiljósúm, sem byrjaði á stólpaljósúm við Perluna í Öskjuhlíð og hélt áfram með vandvirkni að leiðarljósi og meðal útiljósá eru stólpaljósín Perla fyrir Hrafnistu og fleiri hjúkrunarheimili og BYGG hefur einnig notað þessi ljós við flestar byggingar sínar í mörg ár. Mikið úrval er í boði sem hægt er að sjá á vefsíðunni stansverk.is.

Eigendur

Stansverk ehf. hefur alltaf verið í eigu Jóhanns, konu hans Sigríðar Sveinsdóttur og syni, Sveini Garðari Jóhannssyni. Jóhann sér að mestu um alla hönnun en Sveinn stönsunarhlutann, vegna aldurs vill Jóhann fara að minnka vinnuframlag en framleiðsla heldur áfram að óbreyttu.



Jóhann Jóhannsson, eigandi.



Noregsvél í uppsetningu í Noregi, á gólfinu er staflur af stoðum úr vélinni. Vélin er alsjálfvirk og auðvelt að stilla á ýmsar breiddir á stoðum.



Ofnavél.



Eigendur Stálsmiðjunnar-Framtaks ehf.

Frá vinstri: Hermann Baldvinsson, Björn Steingrímsson, Hilmar Kristinsson, Bjarni Thoroddsen, Páll Kristinsson og Óskar Olgeirsson.

Stálsmiðjan - Framtak

Stefna fyrirtækisins

hefur verið sú að ekkert verkefni er of stórt eða of lítið. Það er alltaf metnaður og fagmennska lögð í verkið. Starfsemi fyrirtækisins miðaðist áður fyrr við fiskveiðar og útgerð en undanfarinn áratug hefur þjónsuta við stóriðju og orkuiðnað aukist til muna. Stálsmiðjan-Framtak ehf. hefur komið að uppbyggingu á flestöllum vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum á Íslandi. Fyrirtækið hefur séð um uppsetningu margskonar vélbúnaðar ásamt annari stálsmiði.

Stálsmiðjan á sér langa og merkilega sögu

Í stofnsamningi frá 6. október 1933 segir í inngangi - fyrstu málsgrein:

„Undirrituð fjelög, hlutafélagið Hamar og sameignarfjelagið Vjelsmiðjan Héðinn, í samningi þessum nefnd fjelögin, gjöra hjermeð sofelldan samning: Fjelögin stofna hjermeð sameignarfjelag, í samningi þessum nefnt firmað, sem beri firmanafnið s/f Stálsmiðjan.“ Undir samninginn skrifa Markús Ívarsson og Bjarni Þorsteinsson stofnendur Héðins og fyrir Hamar h/f Hjalti Jónsson (Eldeyjar Hjalti) Th.Krabbe og Steindór Gunnarsson. 24. ágúst 1940 var Stálsmiðjuni sf. falinn rekstur Járnsteypunnar hf. og var hún rekin undir stjórn Stálsmiðjunnar allt til ársins 1985 þegar Héðinn hf. eignaðist hana að fullu við samruna Hamars hf. og Stálsmiðjunnar. Fyrstu tveir framkvæmdastjórar voru að öllum líkindum þeir Sveinn Guðmundsson í Héðni tengdasonur Markúsar Ívarssonar og Benedikt Gröndal frá Hamri. En líklega var þó Ástmundur Guðmundsson (bróðir Sveins) sem í byrjun var titlaður skrifstofustjóri, hinn raunverulegi framkvæmdastjóri allt til ársins 1973 en það ár veiktist hann og átti ekki afturkvæmt til vinnu. Eftir það störfuðu sem framkvæmdastjórar þeir Gunnar Bjarnason 1973-1985 og Skúli Jónsson 1985-1994 en í stjórnartíð Skúla voru rekstur og eignir Slippfélagsins í vesturhöfninni keyptar og þar með var lagður grunnur að rekstri dráttarbrauta á vegum Stálsmiðjunnar. Síðan komu þeir Ágúst Einarsson 1994-2000, Valgeir Hallvarðsson 2000-2001 og Ólafur Hilmar Sverrisson 2001, eða þar til núverandi eigendur tóku við það sama ár og Bjarni Thoroddsen tók við stöðu framkvæmdastjóra sem hann gegnir enn þann dag í dag.

Skipasmíðar

Helstu verkefni á sviði skipasmíða: Smíði fyrsta stálskips á Íslandi, dráttarbátsins Magna fyrir Reykjavíkurböfn. Undirbúningur hófst árið 1950 þegar Hjálmar R. Bárðarsyni skipaverkfræðingi í Stálsmiðjuni var falið af Valgeiri Björnssyni hafnarstjóra Reykjavíkurhafnar að gera teikningar af nýjum dráttarbáti. Samningur um smíði var undirritaður 28. apríl 1953 og báturinn afhentur þann 25. júní 1955. Tekið skal fram að hf. Hamar tók virkan þátt í öllum skipasmíðum Stálsmiðjunnar. Annað skipið var varðskipið Albert afhent árið 1957, einnig teiknað af Hjálmar. Þriðja nýsmíði Stálsmiðjunnar og fyrsta stálfiskskipið smíðað á Íslandi var Arnarnes GK-52. Hér hafði Hjálmar hætt störfum hjá Stálsmiðjuni og gerst siglingamálastjóri og við tók Agnar Norðland, sem teiknaði Arnarnesið og tvö næstu skip sem smíðuð voru, Jón Gunnlaugsson og Frey, bæði sjósett 1972. Næsta nýsmíði var sjósett árið 1976, Sandey II smíðuð fyrir Björgun hf. 671 tonns sanddæluskip, það eina sinner gerðar sem smíðað hefur verið á Íslandi. Á árunum 1987-1990 voru smíðaðir þrjú svokallaðir 10 tonna bátar, teiknaðir af Karli Lúðvíkssyni skipaverkfræðingi sem starfaði um árabil á tæknideild Stálsmiðjunnar. Fleiri hafa nýsmíðar ekki verið en ótal stærri endurnýjanir og breytingar á skipum hafa verið framkvæmdar sem of langt mál væri að telja upp hér.

Landverkefni

Af landverkefnum ber helst að nefna: Smíði og uppsetning á þrýstivatnspípum fyrir virkjanirnar í Sigöldu, Hrauneyjafossi og Sultartanga, samtals um 3.000 tonn af stáli. Uppsetning á túrbínunum, rafölum og öðrum búnaði fyrir Kröfluvirkjun og Sultartanga. Smíði og uppsetning á stórum hluta búnaðar fyrir álverin ISAL og Norðurál, ásamt uppsetningu allra hreinsistöðva fyrir þessi álver, ca. 4-5.000 tonn af stáli. Smíði og uppsetning á kæli og hreinsibúnaði fyrir ofn nr. 3 hjá Íslenska járnblendifélaginu, smíði á gömlu hitaveitugeymunum á Öskjuhlíð, þremur risatönkum í Helguvík, tveim brúm yfir Tungná, þaki Háskólabíós, amoniakgeymi fyrir Áburðarverksmiðjuna, uppsetning á gámakrana Eimskips, smíði á göngubrú Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, smíði á tugum gufukatla og skrúfuhringja, uppsetning sorpstöðva og hreinsistöðvar fyrir Elkem í Noregi og svo mætti lengi telja.

Stálsmiðjan-Framtak ehf.

Framtak ehf. var stofnað árið 1988 og sérhæfði það sig í þjónustu við skipafélög og útgerðir. Framtak sá um margar stórar og flóknar viðgerðir skipa bæði fyrir íslensk og erlend fyrirtæki. Þjónusta við iðnað og orkufyrirtæki varð með árunum stærri hluti af verkefnum fyrirtækisins. Árið 2000 keypti Framtak fyrirtækið Blossa ehf. og stofnaði dótturfélagið Framtak-Blossi ehf. Það fyrirtæki sérhæfði sig í díselstillingum og þjónustu við bílaiðnaðinn. Fyrirtækið var auk þess stór aðili í innflutningi á vélum og varahlutum fyrir ýmsan vélbúnað.

Í desember 2006 keypti Stálsmiðjan allar deildir Framtaks og Framtaks-Blossa. Árið 2013 voru fyrirtækin sameinuð í eitt fyrirtæki undir nafninu Stálsmiðjan-Framtak ehf. Er fyrirtækið nú eitt af stærstu fyrirtækjum sinnar tegundar á Íslandi og býður upp á margs konar þjónustu og þjónustulausnir fyrir vélar, skip og orkuiðnað. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru að Vesturhrauni 1 í Garðabæ. Þar eru einnig rekin vélaverkstæði, renniverkstæði og plötusmiðja.

Í júní 2014 fékk Stálsmiðjan-Framtak skráða gæðavottun með tilvísun til ISO 9001:2008 og hefur fyrirtækið haldið þeirri vottun síðan undir leiðsögn og eftirliti BSI á Íslandi (British Standard Institution). Gæðavottunin var endurnýjuð árið 2020 og þá var miðað við ISO 9001:2015 gæðastaðal. Stálsmiðjan-Framtak er meðstofnandi Clara Artic Energy ehf. sem var stofnað til að þjónusta vetnisstöðvar fyrir fraktflutninga og sjávarútveg. Fyrirtækið var stofnað þann 29. október 2020. Fyrirtækið býður upp á viðtæka þjónustu fyrir viðskiptavinum sem vilja draga úr notkun koltvísýrings í starfsemi sinni með áherslu á þungaflutninga með því að bjóða upp á umhverfsvænni lausnir. Clara Artic Energy stefnir að því að þróa lausnir fyrir sjávarútveginn og er langtímamarkmið fyrirtækisins samvinna og umhverfsvænni lausnir fyrir land- og sjávariðnað.

Starfsfólk

Gífurlegur fjöldi starfsmanna hefur í gegnum árin unnið hjá Stálsmiðjan-Framtak ehf. og þeir eru ófáir ungu mennirnir sem lært hafa sitt fag hjá fyrirtækinu. Á tímabili má segja að Stálsmiðjan-Framtak ehf. hafi verið „útungunarvél“ fyrir vél- og stálsmiði - og er það vel.



Starfsstöð fyrirtækisins í Slippnum í Reykjavík.



Bráð úr rafbræðsluofni rennt á spunahjól, sem myndar þræði steinullarmottunnar.



Steinull



Stefán Logi Haraldsson, framkvæmdastjóri.

Saga steinullarframleiðslu nær allt aftur til ársins 1850 en steinull var þá fyrst framleidd í Þýskalandi, sem einangrunarefni til húsnæðis. Áhugi vaknaði til framleiðslu á steinull á Íslandi á árunum 1974-1976 og voru þá tveir aðilar, á Suðurlandi og í Skagafirði, sem knúðu á við stjórnvöld að kanna með hagkvæmni slíkrar framleiðslu hér innanlands. Í Skagafirði var það Steinullarfélagið hf. sem leiddi málið undir forystu bæjarstjórnar Sauðárkróks. Þar sem ljóst var að þátttaka ríkisins væri lykilatríði í stofnun slíkrar verksmiðju og einungis væri hagkvæmt að reisa eina slíka á landinu þurfti ríkið að velja á milli þeirra áhugasömu aðila sem voru til taks með stofnun slíkrar verksmiðju. Með lögum frá Alþingi, nr. 61 - þann 4. júní 1981, var samþykkt að ríkið tæki þátt í byggingu steinullarverksmiðju og var staðsetning hennar ákveðin á Sauðárkróki, eftir atkvæðagreiðslu á Alþingi.

Hlutafélag um rekstur steinullarverksmiðju á Sauðárkróki var síðan stofnað 2. desember 1982. Við stofnun verksmiðjunnar voru hluthafar 5 talsins; Ríkissjóður með 40%, Steinullarfélagið, sem samanstóð af Sauðárkróksbæ og um 200 einstaklingum og fyrirtækjum, með 26,6%, Samband íslenskra samvinnufélaga með 16,4%, OY Partek AB með 11,6% og Kaupfélag Skagfirðinga með 5,4%. Prisvar á starfstíma verksmiðjunnar hafa orðið verulegar breytingar á eignarhaldi fyrirtækisins. Frá árinu 2016 hafa eigendur félagsins verið þrír, Kaupfélag Skagfirðinga með 50% hlut, BYKO hf. með 25% hlut og Húsasmíðjan með 25% hlut.

Vinnulag og framleiðsluferli

Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki hóf framleiðslu í ágústmánuði 1985. Heildarframleiðsla verksmiðjunnar, frá upphafi framleiðslunnar 1985 til ársloka 2019 nemur um 242 þúsund tonnum. Aðalhræfnið sem notað er til framleiðslu á steinull er basalt sandur, sem fenginn er í fjöruborðinu við vestari ós Héraðsvatna og er hráefnataka í fjöruborðinu umhverfissvottuð. Önnur helstu hráefni eru skeljasandur, úr Faxaflóa, innfluttur olivin-sandur og innflutt súrál. Innlendu hráefnin eru um 90% af heildar steinefnunum. Verksmiðjan er ein af fáum verksmiðjum í heiminum þar sem steinefnin eru brædd í rafbræðsluofni til framleiðslu á steinullinni.

Skipulag og sérstaða

Sala og vöruframboð:

Stærsti hluti framleiðslu verksmiðjunnar hefur verið seldur á innanlandsmarkaði frá upphafi, hlutfallið hefur þó verið mjög misjafnt eftir árum. Söluhæsta árið frá upphafi var árið 2007, en þá voru seldir um 242 þúsund m³ samtals og af því um 182 þúsund m³ á innanlandsmarkaði, sem gerir um 75% hlutdeild. Sala ársins 2019 var um 182 þúsund m³ samtals og af því um 132 þúsund m³ á innanlandsmarkaði, sem gerir um 72,5% hlutdeild.



Framleiðsluvara á leið í útflutning.



Framleiðslan.



Verið að ferma flutningabíl með steinull.

Þótt grunnuppbygging steinullarinnar sé ávallt sú sama framleiðir verksmiðjan hátt í 30 vörutegundir með mismunandi eiginleikum, allt eftir því hvað skal einangra. Hver vörutegund er sniðin að ákveðnu notkunarviði. Auk þess hefur verksmiðjan verið með nokkrar tegundir af innfluttri tæknieinangrun til sölu.

Hráefni og orka:

Við framleiðslu á einu tonni af steinull þarf um 1,1 tonn af steinefnum (sand) og um 52 kg af bindiefnum og rafskautum. Nær enginn fastur úrgangur er frá framleiðslunni og losun á CO₂ er óveruleg eða um 14% á hvert framleitt tonn ullar. Kostnaður vegna innfluttra hráefna er innan við 25% af breytilegum framleiðslukostnaði. Afurðin sparar margfalda framleiðsluorkuna á líftíma sínum og dregur þar af leiðandi einnig stórkostlega úr CO₂ losun. Af heildarorkuþörf vegna framleiðslunnar er um 93% innlend orka, en einnig er notuð gasólía til þurrkunar á basalt-, skelja- og olivin-sandinum. Til framleiðslu á einu tonni af steinull þarf 2.800 kwh af raforku og 16 kg af gasolíu.

Gæði og vottanir:

Afurðir verksmiðjunnar eru CE merktar og vottaðar, sem þýðir að framleiðsluferli og gæðaeftirlit eru í samræmi við staðla Evrópusambandsins og afurðirnar því gjaldgengar hvar sem er á svæðinu án frekari prófana eða eftirlits. Rannsóknir hafa verið gerðar á afurðum Steinullar varðandi heilsufarsáhrif og þær hafa hlotið vottun og viðurkenningu alþjóðlegra stofnana.

Árið 2012 var gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins vottað samkvæmt ISO 9001 staðli og í framhaldi af því var innleitt umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001 staðli. Þá hefur fyrirtækið sett í gang ferli til að fá vottun fyrir vinnuverndarstaðalinn ISO 45001, sem er stjórnkerfi fyrir heilsu og öryggi. Stefnit er á að sú vottun verði orðin staðfest hjá fyrirtækinu á árinu 2021.

Gerð hefur verið vistferilsgreining (Life Cycle Assessment, LCA) fyrir framleiðslu verksmiðjunnar, en um var að ræða fyrstu vistferilsgreininguna fyrir íslenskt byggingarefni. Vistferilsgreiningar eru notaðar til að meta kolefnisspor eða vistspor vöru. Steinull hf. hefur í framhaldinu fengið EPD umhverfisyfirlýsingu fyrir framleiðsluvörur sínar, fyrst íslenskra framleiðslufyrirtækja. Til grundvallar liggur ítarleg greiningarvinna unnin af EFLU og niðurstöðurnar staðfestar af SINTEF byggforsk í Osló. Umhverfisyfirlýsingin er gefin út af EPD-Norge. Steinull sem framleidd er hjá Steinull hf. á Sauðárkróki hefur þrátt fyrir flutninga til meginlands Evrópu að minnsta kosti helmingi lægra kolefnisspor en sambærileg erlend steinull sem borið var saman við. Framleiðsla steinullareinangrunarinnar sparar mun meiri orku en notuð er til framleiðslu afurðanna.

Framtíðarsýn

Á síðustu árum hafa viðhorf og umræða verið að breytast mjög, í átt að aukinni sjálfbærni og vistvænni hönnun. Sérstaða Íslands er gjöfular endurnýjanlegar auðlindir og vistvæn orka, með lágt kolefnisspor (CO₂), sem er uppistaða orkunotkunar í byggingum héraðs. Steinull hf. framleiðir einangrun í og á allar tegundir bygginga, óháð byggingarefni og formi. Á þetta við um alla áfanga byggingar, frá undirstöðum og upp á þak. Til viðbótar eru síðan kostir steinullar-einangrunar miklir gagnvart hljóðisogi og brunuþoli.

Aðsetur – Mannauður – Umfang

Steinull hf. er með alla starfsemi sína að Skarðseyri 5, á Sauðárkróki, á um 33.000 fm athafnarlóð, sem hefur húsakost sem telur tæplega 6.000 fm, að grunnfleti. Framleitt er með þriggja vakta vinnufyrirkomulagi, frá sunnudagskvöldi til föstudagskvölds, í viku hverri allt árið. Hjá fyrirtækinu starfa um 40 starfsmenn. Stjórn fyrirtækisins skipa árið 2020, Gísli M. Auðbergsson, stjórnarformaður, Guðmundur H. Jónsson, Ingólfur Jóhannsson og Vilmundur Jósefsson. Framkvæmdastjóri er Stefán Logi Haraldsson.

Heildarvelta fyrirtækisins var um 1.560 milljónir króna á árinu 2018 og um 1.620 milljónir á árinu 2019. Steinull hf. hefur átt sæti á lista framúrskarandi fyrirtækja 10 ár í röð, eða frá upphafi þeirrar tilnefningar.



Sandblástursaðstaða Stjörnuhlásturs eftir flóðið
19. des. 2020.

Stjörnuhlástur - Stálstjörnur

Fyrirtækin Stjörnuhlástur og Stálstjörnur eru staðsett á Seyðisfirði. Stjörnuhlástur starfar einkum að sandblæstri og málun ýmissa stálmannvirkja og skipa, Stálstjörnur í rennismiði, fræsivinnu og allri almennri járnsmíðavinnu.

Sagan

Stjörnuhlástur er fjölskyldufyrirtæki Sævars Jónssonar. Starfsemi hófst á Fáskrúðsfirði árið 1987 og fólst í fyrstu í ýmis konar viðgerðarstarfsemi og bryggjumiði, en um 1992 þróaðist reksturinn út í sandblástur og málun. Starfsemi óx fiskur um hrygg og árið 1997 var einkahlutafélagið Stjörnuhlástur stofnað. Árið eftir flutti fyrirtækið á Seyðisfjörð, þar sem það hefur komið sér vel fyrir í hentugu og rúmgóðu húsnæði. Árið 2000 keypti Stjörnuhlástur tæki og tól Vélsmiðjunnar Stáls á Seyðisfirði og stofnaði dótturfyrirtækið Stálstjörnur. Fyrirtækin vinna vel saman og styrkja hvort annað enda rekstur þeirra nátengdur.

Á árunum 2004 og 2005 hóf hófu Stálstjörnur að vinna við fraktflutninga fyrir Austfar ehf. á Seyðisfirði, sem var á þessum tíma umboðsaðilli fyrir Smyril Line ferju sem gengur á milli Danmerkur, Færeyja og Íslands (Seyðisfjarðar). Þetta þótti ekki álitlegt þar sem yfir Fjarðarheiðina þurfti að fara og er hún erfið yfirferðar á veturna. En þarna vildu menn reyna að fá betri nýtingu á ferjuna og láta hana sigla á veturna líka, en fram að því hafði hún bara verið í sumarferðum. Þarna sýndum við fram á að þetta var hægt og síðar komu risarnir í flutningabransanum og undirbuðu okkar fyrir tæki. Þess má geta að það er aðeins eitt fyrirtæki sem að þessum flutningum hefur komið sem er á sömu kennitölu í dag.

Starfsfólk

Hjá fyrirtækjunum starfa að jafnaði 8 fastir starfsmenn úr ýmsum greinum iðnaðarins, en flestir hafa þeir verið 40 á álagstímum. Meðal starfsmanna eru vélsmiðir, rennismiðir, rafsuðumenn, sandblásarar og skipamálarar, auk vörubílstjóra og vinnuvélastjóra. Flestir fastra starfsmanna Stjörnuhlásturs og Stálstjarna hafa mikla reynslu í sínu fagi og þekkja jafnt til gamals handverks og nýrri aðferða. Sú þekking kemur sér oft vel, t.d. við lokusmiði.

Starfsemi og verkefni

Fyrirtækin eru ákaflega vel tækjum búin og eiga allan helsta búnað til renni- og fræsivinnu og allrar almennrar járnsmíðavinnu, auk sérhæfðari tækja, s.s. álhúðunar- og afglóðunarbúnað. Þá reka fyrirtækin slipp sem ræður við allt að 700 tonna þunga og eiga krana, flutningabíla og ýmsar þungavinnuvélar.

Þótt meginstarfsemi fyrirtækjanna sé á Austurlandi hafa þau unnið ýmis stór verkefni um land allt. Fyrirtækið er virkt á útboðsmarkaði og leggur áherslu á sveigjanleika í starfsemi. Meðal viðskiptavina eru Landsvirkjun, Eimskip, Rafmagnsveitur ríkisins, Eskja, Síldarvinnslan, Skeljungur, Vegagerðin, Loðnuvinnslan og Ríkiskaup.



Hraðfrystihús Eskifjarðar 1996.



Hraðfrystihús Eskifjarðar 1996.



Sigurður Ólafsson SF 44 nýmálaður í slipp á Seyðisfirði 1996.



Sigurður Ólafsson SF 44 nýblásinn og grunnaður 1996.

Á haustmánuðum 2006 tók Stjórnuhlástur þátt í að stofna nýtt hlutafélag, Launafi ehf., ásamt fimm öðrum fyrirtækjum á Austurlandi, sem sérhæfir sig í þjónustu við Fjarðaál. Stjórnuhlástur seldi sinn hlut í Launafi 2011 til annara eigenda í Launafi.

Stjórnuhlástur og Stálstjórnur leggja áherslu á vönduð vinnubrögð og nákvæmni. Mikil áhersla er lögð á að gera viðskiptavinum fyrirtækisins ánægða og koma til móts við þarfir þeirra eins og frekast er kostur. Starfsmenn fyrirtækisins eru meðvitaðir um að þeir eru í þjónustuhlutverki og viðskiptavinurinn er í hávegum hafður.

Aurskriðan

19. desember 2020 féll aurskriða á sandblástursaðstöðu Stjórnuhlásturs að Hafnargötu 29 á Seyðisfirði og hurfu þar 28 ár af sandblásturssögu fyrirtækisins. Húsið fékkst að fullu bætt en þó með 10 % sjálfsábyrgð, þar sem litið er svo á að þeir sem verða fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara beri að hluta til ábyrgð á því hvernig fer. Þarna tapaðist búnaður fyrir sandblásturinn að upphæð u.þ.b. 250.000.000. 28 ára vinna og tækjaöflun farinn í hafið eða undir aur og drullu. Af því fengust bætt u.þ.b. 12 %. Að frádregninni 10% sjálfsáhættu. Einnig urðu margir af viðskiptavinum Stjórnuhlásturs fyrir tjóni í þessu aurflóði. Sumir hafa fengið tjón sitt bætt að einhverju leyti, enginn að öllu leyti. Hjá sumum verður ekki hægt að bæta tjónið, þar sem um formuni var að ræða.

Framtíðarsýn

Stjórnuhlástur var að hefja vinnu á stóru verki fyrir Landsvirkjun þegar flóðið skall á. Unnið er að því að að koma aðstöðu upp til að klára það verkefni. Það er í nógu að snúast og lífið heldur áfram.



Vegaslóði að brún. Bjölf, Seyðisfirði 2002.



Geiraloka, Búrfelli 1998.



Vestdalsmjöl 1994.



Húsnæði Stjörnublikks að Smiðjuvegi 2 í Kópavogi.

Stjörnublikk



Finnþógi Geirsson, forstjóri.

Finnþógi Geirsson lærði blikksmiði á sínum tíma en stofnaði Stjörnublikk ehf. árið 1990 og því fagnaði fyrirtækið 30 ára afmæli í fyrra. Fyrirtækið byrjaði sem hefðbundin blikksmiðja með tvo starfsmenn og hefur síðan vaxið og dafnað. Stjörnublikk er stærsta blikksmiðja landsins með mikla sérhæfingu úr loftræstikerfum, klæðningu hitaveituröra og almennri blikksmiði ásamt smíði og uppsetningu á læstum klæðningum. Fyrirtækið er fjölskyldufyrirtæki en í meirihlutaeigu Finnþóga Geirssonar sem er jafnframt forstjóri þess. Starfsmenn Stjörnublikks eru flestir hoknir af reynslu og með afbragðsþekkingu á vörum fyrirtækisins. Árið 2008 keypti Stjörnublikk fyrirtækið Timbur og stál og hefur síðan haslað sér völl í framleiðslu á bárujárn og ýmiskonar klæðningum og fer sú starfsemi sívaxandi. Hráefni til framleiðslunnar og vörur byggja á innflutningi frá mörgum birgjum. Heildsala til innlendra aðila er drjúgur hluti veltunnar. Þá er Stjörnublikk með hluta fasteigna sinna í útleigu.

Framleiðsla

Stjörnublikk valsar meðal annars bárujárn og trapizujárn og gerir líka alla aukahluti sem því fylgja, eins og flasingar, skotrennur og kúlukili.

Almenn blikksmiði

Stór þáttur í starfsemi fyrirtækisins er smíði ýmiskonar flasinga fyrir húsbýggjendur og verktaka. Á undanförunum árum hefur Stjörnublikk séð um vinnslu álklaðninga á margar byggingar fyrir verktaka, t.d. Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut, Hjúkrunarheimilið Eir, Stöðvarhús Hellisheiðarvirkjunar og hús Íslenskrar Erfðagreiningar.

Einangrun og álklaðning lagna

Stjörnublikk hefur sérhæft sig og er umfngsmikið í einangrun og álklaðningu lagna. Starfsmenn fyrirtækisins hafa mjög víðtæka þekkingu á þessu sviði og hafa aflað sér mikillar reynslu á undanförunum árum. Stjörnublikk er með sérhannaða vél til framleiðslu á álkápum. Hún er sú eina sinnar tegundar á landinu enda sérstaklega smíðuð fyrir fyrirtæki til að sinna slíkum verkefnum. Nesjavallavirkjun, Reykjanesvirkjun, Svartsengi og Hellisheiðarvirkjun eru þar góð dæmi.

Læstar klæðningar

Stjörnublikk býður læstar klæðningar úr kopar og zinki. Starfsmenn fyrirtækisins hafa margra ára reynslu af smíði og uppsetningu læstra klæðninga og hafa fullkomnar vélar og tæki til að vinna stór sem smá verkefni. Stjörnublikk hefur unnið mörg slík verkefni undanfarið bæði innanlands og erlendis.



Frá vinstri: Einar I. Jóhannesson og Andri Már Jóhannesson.

Loftræstingar

Frá upphafi hefur stærsti þátturinn í starfsemi Stjórnuþlikks verið smíði og uppsetning loftræstikerfa. Starfsmenn fyrirtækisins hafa mikla og víðtæka þekkingu á loftræstikerfum, hvort sem um stór eða smærri verkefni er að ræða. Stjórnuþlikk hefur mikla reynslu á þessu sviði, og hefur annast mörg stærstu og flóknustu innlend verkefni liðinna ára.

Þak- og veggklæðningar

Árið 2008 keypti Stjórnuþlikk vélar og starfsemi Timburs og stáls sem hafði um 30 ára skeið verið í fremstu röð á sínu sviði. Þá hóf Stjórnuþlikk framleiðslu á klæðningum. Boðið er upp á marga möguleika í efnisvali og litum. Áhersla er lögð á að bjóða eingöngu endingargóð efni sem henta vel við Íslenskar aðstæður.

Bárujárn hefur í gegnum tíðina verið algengasta þak- og veggklæðningin á íslenskum byggingum. Stjórnuþlikk framleiðir 76/18 bárujárn til þak- og veggklæðninga úr lituðu og ólituðu stáli til nota utanhúss og innan. Bárujárnið er framleitt í staðlaðri breidd en plötulengdir samkvæmt óskum kaupenda.

Mannauður og aðsetur

Alls starfa um 85 manns hjá fyrirtækinu. Stjórnuþlikk ehf. er til húsa að Smiðjuvegi 2 í Kópavogi.

COVID-19

Áhrifa COVID-19 hefur ekki gætt í starfsemi Stjórnuþlikks nema að því leiti að fyrirtækið hefur að sjálfsgöðu fylgt reglum Almannafráttanna um fjarlægð og sprittun.

Markaðsmál, starfsmannamál og samfélagið

Fyrirtækið hefur rekið öfluga auglýsingaherferðir í sjónvarpi og hafa þær borið góðan árangur að mati Finnboga. Veltuþróun hefur verið jöfn og stígandi í gegnum árin. Staða fyrirtækisins er góð. Markaðshlutdeild umtalsverð og stjórnendur bjartsýnir á framtíðina.

Á hverju ári er boðið upp á glæsilegt jólahlaðborð fyrir starfsmenn. Stjórnuþlikk hefur í gegnum tíðina látið af hendi rakna styrki til góðra málefna. Stjórnuþlikk er í hópi framúrskarandi fyrirtækja ár eftir ár.



Porgeir Finnbogason á klippunum.

- Blikksmíði
- Hita- og kælielement
- Loftræsting
- Bárujárn
- Sérsmíði
- Læstar klæðningar





Tandrabretti flutningabíll.

Tandrabretti



Tandrabrettin eru m.a. notuð í frystiskipum.

Tandrabretti ehf. varð til árið 2016 þegar Tandrabergh ehf. keypti meirihluta hlutafjár í félaginu SAH bretti ehf. og sameinaði við nýja og vélvædda brettaframleiðslu á Norðfirði. Framkvæmdastjóri frá upphafi hefur verið Einar Birgir Kristjánsson. Fljótlega eftir að félagið var keypt var ráðist í að kaupa enn afkastameiri vél til brettaframleiðslunnar í Neskaupstað og sú eldri flutt til Suðurnesja og var þar rekin brettasmiðja í um tveggja ára skeið, þegar henni var hætt og vélin seld úr landi. Framleiðslugeta hinnar nýju vélasamstæðu er um 2-300 bretti á klukustund. Nauðsynlegt er að geta framleitt bretti jafnóðum fyrir hin afkastamiklu fiskiðjuver í Fjarðabyggð. Brettin sem framleidd eru fara víða auk þess að vera notuð í fisk- og áliðnaðinum í Fjarðabyggð. Allt norður til Húsavíkur í stóriðju og suður til Djúpvogs til nota undir ferskan lax. Hráefnið í brettin flytur fyrirtækið inn sjálfst að mestu frá Eystrasaltslöndunum og Rússlandi.

Endurvinnsla

Tandrabretti hafa starfrækt endurvinnslu á notuðu umbúðatimbri um nokkurra ára skeið. Í upphafi var vinnslan á tilraunastigi en hefur nú stækkað og eflst. Á árinu 2019 hófust tilraunir með framleiðslu á viðarperlum (eng: pellets) sem bæði eru notaðar undir húsdýr, aðalega hesta en einnig til húshitunar. Framleiðslan hefur aukist jafnt og þétt og er framleitt undir vörumerkinu ILMUR og er reiknað með að hún fari yfir eitt þúsund tonn á árinu 2021. Mikill áhugi er fyrir að nota þessa umhverfisvænu afurð til húshitunar þar sem um kolefnishlutlausu orku er að ræða. Þess má geta að nú þegar hefur Tandrabretti staðið fyrir kaupum á kyndistöð og kornþurrkara sem nota perlu sem eldsneyti og hafa samningar tekist við Fjarðabyggð um uppsetningu á katli til að kynda fjarvarmaveitu á Neskaupsstað í tilraunaskyni. Lítilsháttar hefur verið framleitt af perlum úr íslensku lerki en uppi eru áform um að stórauka þá framleiðslu og styrkja þar með hringrásarhagkerfi hinnar öflugu skógræktar á Austurlandi.

Starfsfólk og stjórnendur

Starfsmenn Tandrabretta erum á bilinu 10-14. Hermann Ísleifsson er framleiðslustjóri brettaverksmiðjunnar í Neskaupstað. Magnús Þorsteinnsson einn eigenda félagsins hefur séð um innkaup á hráefni til brettaframleiðslunnar auk þess að hafa í nánú samstarfi við framkvæmdastjórnann Einar Birgi unnið að þróun á viðarvinnslunni. Sigrún Þorsteinsdóttir er rekstastjóri félagsins.

Framtíðarsýn

Framtíðarhorfur virðast bjartar, útlit er fyrir góða og stóra loðnuvertíð á árinu 2022 en miklar sveiflur í hinum svokallaða uppsjávariðnaði hafa mikil áhrif á rekstur félagsins. Félagið hefur unnið markvisst að öflun markaða fyrir bretti í annarskonar iðnaði til að draga úr sveiflum. Einnig eru jákvæð teikn um að endurvinnsla viðarafurða og vinnsla skógarafurða muni aukast á næstu árum og verða hluti af þeirri lausn sem mun minnka eða stöðva vinnslu jarðefnaeldsneytis í nánustu framtíð.



Viðarperluverksmiðjan.



Viðarperlur.

Stafar af Tandrabrettum.





Verið að flytja fallpípurnar í Búðarhálsvirkjun.

Teknis



Jón Þór Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Teknis ehf. er málmsmiðafyrirtæki sem stofnað var árið 1999 og hefur verið í eigu Jóns Þórs Sigurðssonar framkvæmdastjóra þess frá upphafi. Teknis byggir á gömlum grunni, forsöguna má rekja til þess að Sigurður Jónsson hóf rekstur vélsmiðju árið 1956. Fyrsta verkefnið var bygging olúgeymis fyrir Kaupfélagið á Fáskrúðsfirði. Það atvikaðist þannig að Sigurður var þá að vinna við uppsetningu frystitækja fyrir kaupfélagið á vegum Vélaverkstæðis Björgvins Frederiksen. Guðjón Friðgeirsson kaupfélagsstjóri hafði óskað eftir því við Olíufélagið hf. að fá reistan olúgeymi á staðnum en var tjáð að það væri ekki mögulegt því hæfur mannskapur væri ekki á lausu. Guðjón óskaði þá eftir að fá sent efni í tankinn og hann myndi finna einhvern til verksins. Varð úr að Sigurður reisti geyminn. Verkið gekk mjög vel og ljóst var að grunnurinn var lagður að farsælum smiðjurekstri Sigurðar. Sigurður var fæddur á Selbakka á Mýrum 1921, foreldrar hans voru Jón Magnússon og Jóhanna Guðmundsdóttir er síðan fluttu með fjölskylduna að Höskuldstöðum í Breiðdal 1924. Snemma beygðist krókurinn en Sigurður hafði mikinn áhuga á hverskyns vélum og setti upp vindrafstöð við bæinn þegar hann var aðeins 14 ára gamall. Sigurður fluttist til Reykjavíkur þar sem hann lærði vélvirkjun við Iðnskólann í Reykjavík. Sigurður komst á námssamning hjá Vélaverkstæði Björgvins Frederiksen. Hann starfaði þar við uppsetningu frystikerfa um land allt og var mjög áfram um framfarir í greininni og sótti hann fast að fá rafsuðuvél með í ferðir sínar út á land sem nýttist vel. Rafsuða var þá ekki algeng í kælibransanum en logsuða meira notuð. Eftir frumraun í tankasmíði tók við farsælt samstarf við Olíufélagið við smíði olúgeyma um land allt ásamt olíulögnum og uppsetningu dælubúnaðar þeim tengdum. Fyrirtækið hefur alla tíð síðan þjónustað Olíufélagið en birgðastöðvar félagsins sameinuðust birgðastöðvum Olíuverzlunar Íslands í nýju félagi, Olíudreifingu, árið 1995. Vélsmiðjan hefur allar götur síðan átt farsælt samstarf við ODR ásamt því að byggja olúgeyma og lagnir fyrir Skeljung, Atlantsolíu og Eldsneytisbirgðastöðina á Keflavíkflugvelli. Árið 2005 sameinuðust Vélsmiðja Sigurðar Jónssonar og Teknis undir nafni Teknis ehf.

VerkefniN

Fyrirtækið hefur tekist á hendur ýmskonar verkefni stór sem smá, stálgeymar, röralagnir, ýmis stálburðarvirki, brýr o.fl. Fyrirtækið hefur meðal annars byggt yfir eitt hundrað stálgeyma fyrir olíufélög, hitaveitur og fiskimjòls verksmiðjur allt frá 50m³ upp í 8.200m³ að stærð, stálburðarvirki Brúar á Laxá fyrir Vegagerðina, gufuskiljur fyrir Nesjavallavirkjun, suðuvinna vegna 3ja áfanga Nesjavallaæðar. Árið 2011 tók Teknis að sér framleiðslu og uppsetningu fallpípa Búðarhálsvirkjunar í samstarfi við ÍAV fyrir Landsvirkjun. Verkið fólst í framleiðslu stálröra 5,8 metra í þvermál ásamt beygjum og breytistykkjum sem flytja vatn frá inntakslokum að túrbínunum virkjunarinnar. Miklar kröfur voru gerðar til gæða verksins bæði hvað varðar smíða nákvæmni en ekki síður suðuvinnu og var 100% röntgenmyndunar krafist. Teknis hefur einnig átt farsælt samstarf með danska verktakafyrirtækinu Per Aarsleff A/S um verkefni fyrir



Göngubrú við Sóltún í Reykjavík smíðuð af Teknis.



Uppsetning fallpípu í Búðarhálsvirkjun.



Starfsmenn Teknis hafa tekið þátt í Íslandsmóttinu í málmsuðu og hafa náð árangri sem tekið hefur verið eftir, meðal annars hafa tveir starfsmenn unnið Íslandsmeistararitil í málmsuðu þrjú ár í röð.

danska herinn á Grænlandi, fyrst í herstöðinni Grönnedal á suður Grænlandi síðar í Daneborg á austurströndinni og Station Nord á norðaustur Grænlandi. Verkefnið fólst í endurbótum á eldsneytiskerfum stöðvanna þar sem skipt var um tanka og lagnir. Teknis hefur einnig tekið að sér önnur verkefni og sem dæmi má nefna skilrúm við aðalinngang St. Giles dómkirkjunnar í Edinborg. Það verk var unnið í samvinnu við listamanninn Leif Breiðfjörð og skilrúmið samanstendur af gleri og stáli sem Teknis skar út eftir teikningum Leifs.

Suðuvinna

Mikil þekking á suðuvinnu er til staðar í fyrirtækinu sem byggir á áratuga reynslu við tankasmíði og röralagnir þar sem miklar kröfur eru gerðar. Starfsmenn Teknis hafa tekið þátt í Íslandsmóttinu í málmsuðu og hafa náð árangri sem tekið hefur verið eftir, meðal annars hafa tveir starfsmenn unnið Íslandsmeistararitil í málmsuðu þrjú ár í röð. Viðskiptahópur fyrirtækisins er stór og verkefni fjölbreytt sem má segja að spanni allt litróf málmsmíði, allt frá tröllvöxnum stálrörum niður í ryðfría smíði þar sem mikilla gæða er krafist.

Fyrirtækið

Teknis hefur starfsstöðvar í eigin húsnæði við Einhelli 8 í Hafnarfirði og er vel tækjum búið til framleiðslu hvers kyns vélbúnaðar og mannvirkja. Mikil áhersla er lögð á gæði í öllum verkum og hafa verið innleiddir verkferlar sem byggja á alþjóðlegum stöðlum því til tryggingar. Gæði og góð þjónusta skapar traust milli okkar og viðskiptavina sem varir um langan aldur.



Eldsneytiskerfi endurnýjuð í Station Nord.



Á myndinni er Sigurður Jónsson stofnandi Vélsmiðju Sigurðar Jónssonar. Myndin sýnir helming breytistykkis annarrar af tveimur fallpípum sem fóru í Búðarhálsvirkjun og sýnir vel hversu stór þau voru.



Stál skorið með tölvustýrðri skurðarvél.



Útlistaverk hjá Þeistareykjum.

Stálsmiðjan Útrás



Göngubrú yfir Glerá.



Þeistareykir, holutoppur í smíðum.

Verkfræðistofan Útrás ehf. var stofnuð á Akureyri 1993 af Sigurði G. Ringsted og Þórhalli S. Bjarnasyni. Fyrstu árin var félagið fyrst og fremst í ráðgjafar- og hönnunarverkefnum á sviði vélaverkfræði, orkuverkfræði og skipaverkfræði. Starfsemin var útvíkkuð árið 2005 og samhliða verkfræðistofunni var hafinn rekstur stálsmiðju með höfuðáherslu á starfsmannaleigu. Fyrstu ár stálsmiðjunar var að mestu um að ræða verktakavinnu fyrir hinn ýmsu fyrirtæki í uppsetningu á búnaði víðs vegar um landið. Frá árinu 2007 hefur starfsstöð fyrirtækisins verið á Akureyri og hefur mest verið um verk á Norðausturland en einnig víða um landið, allt frá Hornafirði og vestur á Reykhóla. Árið 2013 var nafni fyrirtækisins breytt í Stálsmiðjan Útrás ehf. og hefur síðan verið lögð höfuðáhersla á verktakastarfsemi í málmíðnaði með tilfallandi hönnunar- og ráðgjafarverkefnum.

Starfsfólk

Starfsmenn eru venjulega í kringum 15, lítillega breytilegt eftir verkefnalegum aðstæðum hverju sinni. Flestir starfsmenn eru með sveinspróf í stálsmiði og nokkrir þeirra eru auk þess vottaðir rafsuðumenn, sem geta tekið að sér flókin rafsuðuverkefni þar sem krafist er mikilla gæða. Stálsmiðjan Útrás ehf. leggur áherslu á að taka nema í stálsmiði og hefur á undanförunum árum skilað af sér nokkrum sveinum í stálsmiði. Framkvæmdastjóri er Sigurður J. Ringsted.

Virkjanaframkvæmdir

Stálsmiðjan Útrás ehf. hefur komið að ýmsum virkjanaframkvæmdum, svo sem Kárahnjúka-virkjun, Reykjanesvirkjun, Hellisheiðarvirkjun, Lagarfljótsvirkjun, Kröfluvirkjun, Laxárvirkjun, Þeistareykjavirkjun og Glerárvirkjun II. Einnig hefur Stálsmiðjan Útrás ehf. tekið að sér ýmis verkefni fyrir Gufuafsvirkjunina í Bjarnarlagi, Álverið á Reyðarfirði, Járnbliendi á Grundartanga, Moltuverksmiðjuna í Eyjafirði, Þörungaverksmiðjuna á Reykhólum, Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki, Kísilmálmverksmiðjuna á Bakka, Norðurorku á Akureyri og Fallorku á Akureyri.

Verkefni

Einnig hefur Stálsmiðjan Útrás ehf. komið að verkefnum við nýja sundlaug í Hrísey, stækkun Glerártorgs á Akureyri, byggingu Hofs - menningarhúss á Akureyri, byggingu nýrrar Bónusverslunar á Akureyri, stækkun Háskólans á Akureyri, byggingu Naustaskóla á Akureyri, byggingu Íþróttahúss á Dalvík, byggingu Þjónustuhúss við Akureyrarhöfn, byggingu Norðurljósaseturs í Reykjadal, séð um ýmsa smíði og niðursetningu á vélbúnaði og lögnum í nýja skólphreinsistöð á Akureyri, séð um smíði og niðursetningu útlistaverks við gufuafsvirkjunina á Þeistareyjum, gerð Vaðlaheiðarganganna, smíði göngubrúar yfir stífluna fyrir Glerárvirkjun II og smíði göngu- og reiðbrúar yfir Eyjafjarðará, auk þess að þjónusta ýmis fyrirtæki og byggingaverktaka á Akureyri og nágrenni við ýmsa nýsmíði, viðhaldsverk og endurbætur. Nokkur stálgrindarhús hafa verið smíðuð og á tímabili voru framleiddar hestakerrur hjá fyrirtækinu. Aðrar framleiðsluvörur eru hjólagrindur, snjósléðalyftur, mótörhjólaolyftur og skýli fyrir sorptunnur.



Rafsuða.



Veidiferð starfsmanna.

Tankur fyrir Norðurorku.



Rex og Tobbi, aukastarfsmenn.



Starfsmenn. Efri röð frá vinstri: Ingólfur Kristinsson, Gestur Bragi Magnússon, Ásmundur Ingason, Alush Banushi, Hafsteinn Ingi Elíasson, Elías Samúelsson, Jón Birgir Ragnarsson og Björn Rúnar Magnússon. Neðri röð frá vinstri: Karl J. Karlsson, Ólafur Hreinn Jóhannesson, Arnar Ólafsson og Kristján Jóhannsson. Á myndina vantar Guðfinnu Elínu Jóhannsdóttir og Höllu Matthildi Eiríksdóttir.

Vagnar og þjónusta

Fyrirtækið Vagnar og þjónusta ehf. var stofnað árið 1987. Stofnendur þess eru bræðurnir Gestur Bragi og Björn Rúnar Magnússynir. Hjá fyrirtækinu starfa nú samtals 16 manns. Starfssvið fyrirtækisins fólst upphaflega í því að byggja yfir sendi- og flutningabíla og að búa þá lyftum, en nú jafnframt í framleiðslu, sölu og þjónustu á bílskúrhurðum, iðnaðarhurðum vörukössum og alls konar tilheyrandi búnaði til flutninga.

Starfsemin

Bílskúrhurðir - Vagnar og þjónusta ehf. hefur smíðað bílskúrhurðir allt frá árinu 2002. Bílskúrhurðirnar eru alfarið vönduð íslensk framleiðsla. Þær eru búnar þéttillistum og einangrun og koma í hvítum lit (RAL 9002) en fá má hurðirnar í hvaða lit sem er úr RAL litakerfinu.

Iðnaðarhurðir - Vandaðar iðnaðarhurðir eru fáanlegar í þeim stærðum sem viðskiptavinur óskar og geta verið sérstyrktar fyrir mikið vindálag. Þær fast einnig með stórum gluggum og öflugum rafstýrðum opnunarbúnaði. Hurðirnar koma í hvítum lit en þær má einnig fá í hvaða lit sem hentar úr RAL litakerfinu.

Kerrur - Hestakerrur - Vagnar og þjónusta ehf. smíðar hesta kerrur sem henta fyrir 3 til 7 hross. Hægt er að fá alls konar aukabúnað með kerrunum eins og slár (til að hafa á milli hrossa), hnakkageymslu og myndavélar til eftirlits. Fjór hjóla kerrur - lengri kerrur með 2 hjólapör (2 hjól á sitt hvorri hlið) sem eykur stöðugleika. Burðargeta 750 kg. Farangurskerrur - smíðaðar í ýmsum útfærslum. Eins öxuls kerrur - opnar kerrur á einum öxli með burðargetu frá 750 kg til 1500 kg.

Vörukassar - Allar gerðir vörukassa fáanlegar með mismunandi mikilli opnun eftir óskum viðskiptavina. Einnig frystikassar. Sérsmíðaðir vörukassar fyrir vöruflutninga og sendibíla sem og Dhollandia vörulyftur á allar stærðir flutninga og sendibíla en Vagnar og þjónusta ehf. er umboðsaðili Dhollandia. Lyfturnar má fá í ýmsum gerðum með mismunandi lyftigetum.

Það handverk sem liggur til grundvallar er járnsmíði og trésmíði. Upphaflega voru yfirbyggingar úr járngrindum sem klæddar voru með áli að utan og krossviði a innan. Nú eru klæðningarnar úr plasti, sem kemur í plötum erlendis frá. Helsta samkeppnin er við erlendan innflutning en yfirbyggingar Vagna og þjónustu þykja skara fram úr hvað varðar gæði enda aðstæður og veðurfar á Íslandi með öðru móti en víðast annar staðar og stífar kröfur gerðar til styrkleika og endingar slíkra yfirbygginga. Ör og mikil þróun hefur átt sér stað innan fyrirtækisins og miklum tíma verið varið í að betrubæta vöruna vegna vaxandi krafna viðskiptavina t.d. þegar um fiskflutninga í körum er að ræða.

Aðrar vörur - Rafrænar myndavélar, bæði þráðlausar og kapaltengdar, til öryggis og eftirlits. Bakkmyndvélar og myndavélar til eftirlits með flutningi (t.d. hrossum). Þá má fá kerru efni í úrvali til eigin smíða, svo sem öxla, kúlutengi, bretti, dekk og felgur sem og aðra íhluti.

Starfsmenn, staða og aðsetur

Starfsemin er þess eðlis að hún kallar fyrst og fremst á karlastörf þótt eitt stöðugildi skiptist á tvær konur. Starfsmannastefnan einkennist af jákvæðni og samheldni. Flestir starfsmanna okkar hafa meira en 10 ára starfsaldur. Árhátíðir eru haldnar reglulega bæði innanlands og erlendis og hefur hópurinn farið utan til að fagna stóráföngum bæði 20 og 30 ára afmælum fyrirtækisins. Markaðshlutdeild Vagna og þjónustu er nú um 40%. Veltan hefur vaxið jafnt og þétt þótt smá bakslag hafi orðið í kreppum hérlendis eins og árin 1990, 2000 og 2008. Aðsetur Vagna og þjónustu er að Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík.

Áhrif COVID-19

Laga þurfti starfsemina að gildandi reglum Almannaþingis, loka verkstæði og verslun fyrir viðskiptavinum, ástunda mikla sprittun og vinna bókhaldið heima.



Húsnæði Vélsmiðju Ísafjarðar.



Suða.

Vélsmiðja Ísafjarðar

Vélsmiðja Ísafjarðar hf. var stofnuð af tveimur stálsmiðum Braga Magnússyni (f.1936) og Friðgeiri Hrólfssyni (f.1943 - d.1991). Sumarið 1972 var hafist handa við byggingu Vélsmiðju Ísafjarðar á malarfyllingu milli bryggjussvæðanna á Ísafirði sem nefnt er Sundahöfn. Í upprunalegri stjórn Vélsmiðju Ísafjarðar voru: Bragi Magnússon, Friðgeir Hrólfsson, Sæmundur Guðmundsson, Magnús Jóhannesson og Magnús Jónsson. Í núverandi stjórn fyrirtækisins eru Bragi Magnússon og Steinþór Bragason.

Starfsemin

Starfsemi Vélsmiðjunnar byggðist að mestu leyti á viðgerðum á þungavinnuvélum fyrir einstaklinga og Vegagerð Ríkisins. Í framhaldi af því varð mikil uppbygging í sjávarútvegi á svæðinu. Spilaði þar stóran hlut veiðar á bolfisk, rækju og hörpudisk. Var þjónustusvæðið norðanverðir Vestfirðir. Á uppvaxtarárum Vélsmiðjunnar var mikil uppbygging í rækju- og hörpudiskveiðum. Það voru 4 bolfiskfrystihús, 5 rækju- og hörpudiskverksmiðjur, um 40 bátar og 6 togarar gerðir út frá Ísafirði og Súðavík sem var helsta þjónustusvæði Vélsmiðju Ísafjarðar með 10 menn í vinnu. Á þessum tíma var mesta vinnan á sumrin og til að hafa fulla starfsemi voru smíðaðar blakkir, skelplógalæsingar og krökur í dauða tímanum á veturna. Fram til ársins 2006 fækkaði starfsmönnum niður í þrjá með lokunum á rækju- og fiskvinnslum. Frá árinu 2006 hefur reksturinn vaxið og hefur fiskeldið verið stór þáttur í því. Helsta vinnan hefur verið við vélavíðgerðir, glussakerfi, hönnun og sérlausnir. Það sem hefur staðið rekstrinum mest fyrir þrifum eru innviðirnir og þá aðallega samgöngurnar og aðgangur að fjármagni til nýsköpunar. Lokunardagar vegna veðurs hafa farið upp í 45 daga á vetri sem er þjónustufyrirtækjum mjög erfiður tálmi. Rekstrargrundvöllur fyrirtækja myndi batna stórlega ef samgöngum á Vestfjörðum væri hleypt upp á 21 öldina. Vestfirðingar haltra þar langt á eftir öðrum landshlutum sem sést vel meðal annars á því að 4 nýjustu fjallvegirnir á Íslandi eru á Vestfjörðum.

Árið 2013 opnaði Vélsmiðja Ísafjarðar verslunina Smiðjuna sem kom til vegna lokunar verslana N1 og Olís. Smiðjan verslun er til húsa að Sindragötu 12C. Í framhaldi af þessari ákvörðum tók Steinþór Bragason við rekstri Vélsmiðjunnar. Um þetta leyti fór laxeldið að fara af stað á Vestfjörðum og hefur veltuaukningin orðið um 20% á ári síðan 2013. Fiskeldið hefur mikil áhrif á þessa veltuaukningu. Með tilkomu fiskeldisins hefur unga fólk fengið tækifæri að snúa aftur til sinnar heimabyggðar, bæði sem starfsmenn fiskeldisins og í störfum sem verða til með tilkomu þess. Fjöldi starfsmanna í Vélsmiðju Ísafjarðar er 8-10 árið 2021.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýnin er björt ef samgöngur ná 21. öldinni og vegir eru færðir niður á láglandi þannig að auðvelt verði að ferðast til og frá svæðinu. Fjölbreytt atvinna þarf að fá að dafna á svæðinu og er fiskeldið hluti af þeirri heildarmynd. Við þurfum nauðsynlega að fá að byggja upp svæðið eftir þörfum og við þurfum næga raforku til að hafa sömu möguleika og aðrir landshlutar til vaxtar. Það er nefnilega rosalega gott að búa á Vestfjörðum.



Steinþór Bragason.



Bragi Magnússon, stálsmiður og Lára.



Friðgeir Hrólfsson, stálsmiður.



Útsýnispallur við Gullfoss.



Stálvirki, minkahús.

Vélsmiðja Suðurlands



Margrét Ósk Jónasdóttir og Ólafur Arni Mátsson, eigendur.

19. september 2003 keypti Skipalyftan ehf. í Vestmannaeyjum allan rekstur Vélsmiðju KÁ ehf. og hóf starfsemi undir nafninu Vélsmiðja Suðurlands ehf. Fest voru kaup á 600 fm húsnæði við Gagnheiði 5 á Selfossi. Vélsmiðja KÁ var stofnuð sem hlutafélag á árinu 1996 á grunni Bifreiðasmiðju KÁ sem hóf starfsemi sína árið 1939. Má því segja að Vélsmiðja Suðurlands ehf. er rekið á traustum grunni sem nær aftur til 1939.

Þann fyrsta júlí 2014 keyptu þrír starfsmenn reksturinn og húsnæðið af Skipalyftunni, stuttu síðar seldi einn eigandinn sinn hlut til hinna tveggja og er eignarhaldið þannig enn í dag. Vélsmiðjan hefur nú stækkað enn meira við sig, nýbúin að festa kaup á 500 fermetrum í viðbót þannig að húsakynni í dag eru um 1.100 fm. Það eru 2 stórir vélasalir, einn salur fyrir renniverkstæði og annar fyrir ryðfría smíði ásamt álsmíði.

Starfsemin

Vélsmiðja Suðurlands ehf. fæst við alls konar málm- og vélsmiði, ásamt því að þjónusta viðskiptavinum vítt og breitt um Suðurlandið. Verkefni Vélsmiðjunnar spanna allt frá því að smíða stór mannvirki úr stáli yfir í að lagfæra ýmsan búnað tengdum landbúnaði og matmælaframleiðslu. Einnig hafa stigar og handrið verið stór hluti af framleiðslunni. Við fáumst bæði við nýsmíði og viðgerðir, einnig eru það árviss verkefni svo sem að lagfæra skóflur og hefла fyrir snjómokstur og að lagfæra landbúnaðartæki fyrir sláttur.

Aðsetur og starfsfólk

Fyrirtækið er til húsa á Gagnheiði 5, Selfossi og eru starfsmenn um 22, þar af eru 4 námsmenn og 18 í fullu starfi. Öflugum starfsmannahópi er það að þakka hvað reksturinn hefur gengið vel enda reiða viðskiptavinir sig oft en ekki á að verkefnum sé sinnt með hraði og af fagmennsku og þegar mikið liggur við leggjast allir á eitt.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Vélsmiðjunnar er áframhaldandi stækkandi fyrirtæki með hag viðskiptavina í huga. Einnig skiptir miklu máli gott samband og samstarf við birgja og það höfum við passað og haldið vel utanum.



Handrið á útisvalir.



Handrið á stiga í heimahúsi.





Kæliturn á Þeistareykjum.

Vélsmiðjan Altak



Eigendur Altaks.

Þeir Gunnar Pétursson, Sveinn Magnússon og Smári Örn Baldursson stofnuðu vélsmiðjuna Altak árið 2001. Fyrirtækið var fyrst um sinn til húsa á Ægisgarði en er nú í eigin húsnæði að Drangahrauni 1 í Hafnarfirði.

Starfsemin

Vélsmiðjan Altak hefur í gegnum árin unnið að mestu fyrir orkufyrirtæki eins og Orku Náttúrunnar og HS Orku auk almennrar stálsmiði. Mikil samkeppni ríkir á orkumarkaði og því margir um þau verkefni sem til falla, þannig að flest verkefni fást með þátttöku í útboðum. Altak hefur komið að stórum verkefnum við gerð flestra virkjana landsins. Einn þátturinn hefur falist í að reisa kæliturna fyrir HS Orku, Orku Náttúrunnar og Landsvirkjun, sem nú eru orðnir 12 talsins. Altak annaðist þjónustu við varðskip Landhelgisgæslunnar í mörg ár. Lagnirnar sem margir koma auga á þegar þeir leggja leið sína yfir Hellið eru eitt dæmi um verkefni sem Altak hefur haft með höndum. Fyrirtækið telur sig samfélagslega ábyrgt og styður við starf ýmissa góðgerðarféлага.

Mannauður

Sem stendur starfa 18 manns hjá Altaki en flestir hafa starfsmenn orðið 120. Það var á árunum 2006 til 2008 þegar álagið var með mesta móti vegna stórra og mannfrekra verkefna. Erfiðlega gengur að fá Íslendinga til starfa í stáliðnaði og er því hlutfall erlendra verkamanna, einkum Pólverja, með hæsta móti hjá Altaki. Mannafloppurinn fer þannig eftir verkefnastöðu hverju sinni. Verkefnastaðan er ágæt eins og staðan er í dag en erfitt er að spá um hvað framtíðin ber í skauti sér. Það er hins vegar umhugsunarefni hversu lítil nýliðun er í stáliðnaðargreinum í seinni tíð. Það er einsýnt að leita verður til erlendra starfsmanna í framtíðinni miðað við það áhugaleysi sem virðist ríkjandi hvað varðar nám íslenskra ungmenna í þeim greinum. Ekki hefur þurft að grípa til sérstakra ráðstafana vegna heimsfaraldursins en þess þó gætt að virða reglur Almannaþingarinnar hverju sinni.



Uppsetning á kæliturni á Nesjavöllum.



Vetrarríki á Hellið.



Upphaf Hellisheiðarvirkjunar.



Orkuverið Svartsengi.



Pórður Stefánsson, Muggur Matthíasson og Stefán Þór Þórðarson í viðbyggingunni frá árinu 2014.

Vélsmiðjan Ásverk



Gunnar Örn Þórhallsson við ST-20 rennibekk frá HAAS.



Muggur Matthíasson að renna og sjóða í boltagat.

Vélsmiðjan Ásverk ehf. er staðsett í Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar, fyrirtækið flutti þangað árið 2005 en var stofnað 19. september árið 1994. Upphaflegir stofnendur að fyrirtækinu voru þrír en tveir þeirra hafa farið út úr fyrirtækinu og í dag er það rekið af Þórði Stefánssyni.

Starfsfólk og verkefni

Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði þrír til fimm menn. Fyrirtækið hefur alla tíð fengist við verkefni tengd fræslingu og rennsli á málum. Viðskiptavinir okkar eru mjög fjölbreyttur hópur stærri og smærri aðila í flestum atvinnugreinum. En í gegnum tíðanna hefur starfsemin snúist að miklu leyti um að þjónusta landbúnað, sjávarútveg og stærri iðnað. Atvinnusvæðið okkar ræður þar miklu um samsetningu þeirra verkefna sem við fáumst við á hverjum tíma og hafa stærri framkvæmdir á Norðurlandi skýr áhrif á verkefnastöðu hverjar stundar. Helstu viðskiptavinir okkar hafa verið mjög mótandi þáttur í kaupum á tækjabúnaði og hefur hann þróast með tímanum til að leysa hin ýmsu verk. Hefbundin verkefni falla innan tveggja flokka viðgerðir eða nýsmíði.

En í viðgerðarverkefnum er oftast verið að laga einn hlut og koma í sama horf og þegar hann var nothæfur, á það til dæmis við þegar verið er að plana hedd og greinar fyrir bifreiðaverkstæðin. Í þessum flokki er oftast um að ræða verkefni sem eru mjög tímanæm, eins og tjakkiðgerðir fyrir verktaka og bændur, öll almenn rennisliverkefni og verkefni tengd almennri suðuvinnu svo eitthvað sé nefnt.

Nýsmíðin felur vanalega í sér meiri hönnun ásamt því að þar er oftast tölvuteikning gerð af hlutinum og síðan forritað fyrir þá vél sem á við í hvert skipti. Fjöldin er oftast meiri í hverri lotu og algengt að við framleiðum endurtekið sömu teikningarnar að beiðni viðskiptavinarins.

Vélaostur

Tölvustýrðu vélarnar okkar eru vatnsskurðarvél, tvær fræsivélar og þrír rennibekkir. Rennibekkirnar eru allir með möguleika á fræslingu ásamt því að tveir þeirra hafa hreyfigetu á Y-ás sem eykur notkunargildið þeirra ennþá meira. Tölvustýrðu fræsivélar eru ein hefbundin 3-ása vél og ein með 5-ása hreyfigetu.

Með þeim tækjakosti sem við búum yfir erum við færir um að leysa flest þau verkefni sem okkur berast. Við höfum ítarlega þekkingu á þeim tækjum, aðferðum og hráefnum sem við notumst við og með því er ráðgjöf til annara alltaf hluti af vinnunni.



Jóhannes Hafsteinsson t.v. og Gunnar F. Sigursteinsson.



Vélvirki, Hafnarbraut 7, Dalvík.

Vélvirki

Vélvirki ehf. var stofnað á Dalvík, 2. maí árið 1990 af þeim Gunnari Sigursteinssyni, vélvirkja og rennismið, Jóhannesi Hafsteinssyni, vélvirkja og Þór Ingvasyni, bifvélavirkja. Markmið fyrirtækisins er að veita góða þjónustu á alhliða viðhaldi báta og bíla, auk nýsmíðar.

Fjölbreytt verkefni og sérhæfing

Vélvirki er einkahlutafélag og hefur haldist í eigu sömu aðila frá stofnun fyrirtækisins. Sérstaða fyrirtækisins er þjónusta við sjávarútveginn sem hefur mótast vegna staðsetningar þess. Þar liggur mikil og víðtæk þekking á viðgerðum báta og skipa sem og uppsetningu, viðgerðum og smíði á fiskvinnslutækjum. Flest verkefni fyrirtækisins eru í heimabyggð en nokkuð er um viðgerðir á bátum annarsstaðar af Norðurlandi. Fyrirtækið þjónustar hitaveitu Dalvíkurbyggðar og hefur smíðað allar dælur í hitaveituholur sveitarfélagsins og séð um viðhald á þeim. Fyrirtækið sinnir einnig minni verkefnum sem til falla í litlu bæjarfélagi. Þau geta verið af ýmsum toga eins og að bora út pípu fyrir prestinn, sjóða í göt á súpupottum fyrir Fiskidaginn, brýna laufabrauðshjól fyrir jólin eða sérsmíða bökunarplötur í ofna fyrir einstaklinga.

Sagan

Í upphafi voru tveir starfsmenn, þeir Gunnar, sem gegnir stöðu framkvæmdastjóra og Jóhannes sem er stjórnarformaður. Þór hefur aldrei starfað hjá fyrirtækinu en situr í stjórn þess sem meðstjórnandi. Starfsemin hófst í 100 m² bragga á Sandskeiði 21 á Dalvík. Fyrsti búnaður fyrirtækisins var rennibekkur og fræsivél sem var stór fjárfesting. Á þeim tíma voru ekki til peningar fyrir fræsivélinni svo eigendurnir tóku með sér undirritað skuldabréf sem seljandi tók gott og gilt sem tryggingu fyrir greiðslu. Fyrirtækið stækkaði smám saman og störfuðu orðið fimm starfsmenn í litla bragganum þegar ákveðið var að festa kaup á stærra húsnæði. Árið 2004 kaupir Vélvirki ehf. Hafnarbraut 7 á Dalvík, sem hýsir starfsemina í dag. Húsnæðið, sem staðsett er við Dalvíkurhöfn og er 1100 fm, hafði gengt ýmsum hlutverkum. Upphaflega var þar rekin fiskvinnsla og síðar kjúklingabú og var því mikil vinna lögð í að breyta því svo það myndi henta starfsemi Vélvirkja. Árið 2006 keypti Vélvirki, 260 m² húsnæði að Sandskeiði 8 á Dalvík. Í því húsnæði var rekið bílaverkstæði sem þeir tóku við og reka undir nafninu, Vélvirki-bíladeild. Tækjakostur fyrirtækisins hefur vaxið í gengum árin og er það nú vel búið góðum og fullkomnum tækjum. Stefna þess hefur verið að fjárfesta í og viðhalda búnaði fyrir hagnað hverju sinni.

Verkefni og sérhæfing

Vélvirki hefur sérhæft sig í viðgerðum og viðhaldi á smábátum, þar með talið viðgerð á plastbátum. Minna er um nýsmíði en alltaf eitthvað og má þar nefna hausabrjót sem þeir hönnuðu og smíðuðu í samstarfi við hausapurrkunina á Dalvík. Tækið brýtur fiskhousa og gatar áður en þeir fara í þurrk. Þetta tæki flýttir fyrir og auðveldar vinnuferlið til muna. Áður voru hausarnir glenntir og brotnir í höndunum sem var erfiðisvinna og olli oft á tíðum slæmri sinaskeiðabólgu hjá starfsmönnum. Nú þurfa starfsmenn einungis að raða hausunum á þurrkgrindur og sinaskeiðabólgan heyrir sögunni til. Götunin á hausunum flýttir einnig fyrir þurrkun þeirra.

Starfsfólk

Það hefur verið stefna fyrirtækisins að bjóða nema velkomna til starfa og hefur eigendum fundist það sín ábyrgð gagnvart stéttinni. Til gamans má þess geta að Jóhannes er fyrsti nemi Gunnars og síðan hafa þeir tekið við um 16 nemum í gegnum árin. Í dag starfa 17 manns hjá fyrirtækinu með víðtæka iðnmenntun auk starfsmanns á skrifstofu.

Framtíðarsýn

Eins og staðan er núna er ekki annað að sjá en eftirspurn verði eftir þeirri þjónustu sem Vélvirki veitir og á meðan nýir nemar sækjast eftir að viðhalda þekkingunni þá heldur þessi starfsemi áfram.



Barði Sæmundsson.



Sæmundur Kristjánsson.

Vélsmiðjan Logi



Hrannar Gestsson.

Logi ehf. var stofnaður 1955 og eru því sextíu og sex ár liðin frá því að fyrirtækið var stofnað og er það elsta starfandi atvinnufyrirtæki á Patreksfirði.

Sagan

Aðalhvatamaður að stofnun fyrirtækisins var Sæmundur Kristjánsson, vélsmiður, en aðrir hluthafar ásamt honum voru Friðgeir Guðmundsson, Snorri Gunnlaugsson, Hlynur Ingimarsson, Þórður Helgason og Bogi Þórðarson, kaupfélagsstjóri fyrir hönd Kaupfélags Patreksfjarðar sem var stærsti hluthafinn fyrstu áratuginna. Friðgeir Guðmundsson var verkstjóri Vélsmiðjunnar Loga fyrstu árin þar til Sæmundur tók við verkstjórástörfum sem hann sinnti til dauðadags 1991, síðan hefur sonur hans Barði Sæmundsson stýrt fyrirtækinu.

Fyrir stofnfé var ráðist í byggingu húss að Aðalstræti 112, en það hýsir starfseminu enn í dag. Enn fremur var fjárfest í nauðsynlegum búnaði til vélsmiðjureksturs. Á árunum 1980 til 1990 var byggt við húsnæðið og á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á að endurnýja tækjabúnað þannig að nú er Vélsmiðjan Logi mjög vel búin að tækjum og húsnæði.

Starfsemin

Fyrirtækið þjónustar atvinnulífið á sunnanverðum Vestfjörðum. Eins og í mörgum öðrum byggðarkjörnum á landsbyggðinni þá byggir Patreksfjörður afkomu sína af sjávarútvegi. Þar er að finna ýmsar tegundir og stærðir af skipum sem öll þurfa á nauðsynlegri viðgerðarþjónustu að halda. En það eru helst útgerðarfyrirtæki og laxeldi, bæði bátar og vinnsla, verktakar á sjó og landi. Einnig er mikið að gera við þjónustu smábátaflotans. Meginhlutverk vélsmiðjunnar Loga ehf. er að sinna almennum skipa- og vélaviðgerðum ásamt tilfallandi viðhaldsvinnu. Sérsmíði af ýmsum toga og uppsetningar þeim tengdar hafa aukist til mikilla muna síðustu árin. Frá upphafi hefur Logi ehf. stundað sérsmíðar á fiskigögum og fiskihökum, sem nálgast má hjá söluaðilum víða um land. Vélsmiðjan Logi hefur einnig ávallt séð um viðgerðir á stærri bifreiðum og þungavinnuvélum.

Logi rekur líka verslun í samvinnu við N1 sem sniðin er að þörfum heimamanna.

Starfsfólk

Í Loga starfa 8-10 manns að jafnaði en Loga hefur haldist einkar vel á starfsfólki og er það eitt mesta lán fyrirtækisins.

Vélsmiðjan Logi hefur lagt áherslu á að hafa menntaða starfsmenn í sinni iðn og hefur í gegnum tíðina útskrifað 14 nema í vélvirkjun.





Vignir Bjarni Guðmundsson.

Ólafur Gestur Rafnsson.



Steinar Ríkhartósson.



Robert C. Lawicki.



Aftari röð frá vinstri: Elías Sighvatsson, Haraldur Danielsson, Andrzej Kruszewski, Þórður Elefsen, Halþór Hafsteinsson, Daníel Guðmundsson, Ásgeir Einarsson. Fremri röð frá vinstri: Áslaug Elísa Daniélsdóttir, Márus Danielsson, Magnús Ingi Magnússon, Hjálmar B. Gíslason, Gústaf Guðbrandsson og Loftur G. Aðalsteinsson.

Vélvík



Gæðasalur Vélvíkur. Þar er ZEISS Contura mælivél í aðalhlutverki en hún gerir nákvæmstu gæðamælingar mögulegar.

Vélvík var stofnuð þann 30. september árið 1988 af Daníel Guðmundssyni, rennismíðameistara, og fyrsta árið var hann eini starfsmaður fyrirtækisins, sem starfar á sviði sérhæfðrar rennismíði. Árið 1991 kom Magnús Ingi Magnússon til starfa og hefur hann starfað hjá Vélvík allar götur síðan. Fyrirtækinu óx fiskur um hrygg næstu misserin, starfsmönnum þess fjölgaði smátt og smátt og árið 1994 ákvað Daníel að breyta rekstrinum úr einkafyrirtæki í hlutafélag, og um leið kaupir Magnús hlut í starfsemiinni. Sama ár festi fyrirtækið kaup á hálfri skemmu að Höfðabakka 1 og formleg starfsemi hófst í nýja húsnæðinu 2. janúar 1995. Fyrsta tölvustýrða smíðavélin, sem var fræsivél, var tekin í gagnið 1996 og ári síðar kom tölvustýrð smíðavél númer tvö, og var það rennibekkur. 1998 festi Vélvík svo kaup á neistagrafi, en það er sérstakt tæki sem framkvæmir neistagröft. Af öðrum tækjum sem Vélvík hefur tekið í sína þjónustu á undanförunum árum má nefna CNC fræsivél sem bættist við árið 2000, CNC rennibekkur árið 2003, 5 ása fræsivél árið 2005 og svo CNC rennibekkur og CNC fræsivél árið 2007. Árið 2010 byrjar Vélvík svo fjárfestingar upp á nýtt og síðan þá hefur fyrirtækið fest kaup á 9 tölvustýrðum smíðavélum ásamt mælivél til að bæta gæðaeftirlit enn frekar. Enn í dag, rúmum 30 árum frá stofnun, er Daníel framkvæmdastjóri Vélvíkur og Magnús Ingi er yfirmiður.

Vinnulag og framleiðsluferli

Sem fyrr segir sinnir Vélvík sérhæfðri nákvæmnismíði. Rennismíði hefur verið til sem fag frá því um miðja 19. öld og hefur þróast frá algerlega handstýrðum búnaði af einföldustu gerð yfir í algerlega tölvustýrðar vélar. Undirstaðan í rennismíði er gamla lagið og á því byggir nýja lagið. Nemar eru því látnir vinna á eldri tækjum til að öðlast skilning og tilfinningu fyrir smíðinni í byrjun, svo taka þeir tæknina í sína þjónustu. Vinnulagið hjá Vélvík hefur gerbreyst á þeim rúmu 30 árum sem fyrirtækið hefur starfað og í dag býr það yfir 17 tölvustýrðum vélum. Síðustu 10 ár hefur sú þróun orðið á helstu verkefnum Vélvíkur að í stað þess að sinna viðgerðum og framleiðslu jöfnum höndum, þá sinnir fyrirtækið nánast eingöngu framleiðslu núorðið. Sú framleiðsla getur svo aftur á móti verið á allt frá einu stykki upp í 15.000 einingar.

Skipulag og sérstaða

Vélvík er með fjölbreyttasta vélakost renniverkstæða á Íslandi, það best búna af tækjum á sviði sérhæfðrar nákvæmnismíði. Í viðbót við framangreindan tækjabúnað eru slípivélar og plastsprautuvélar hluti af vélakosti Vélvíkur, og mótasmíði hefur verið framkvæmd hjá fyrirtækinu allt frá upphafi. Hjá Vélvík fer saman handverksskunnátta afburða fagmanna og hátækni búnaður sem ekkert annað fyrirtæki býr yfir hérlandis. Þar á meðal má nefna neistagrafið, en neistagröftur er tækni sem byggir á rafskauti sem hefur það form sem búa á til hverju sinni, og með neistagrafi má búa til form sem ógerlegt er að ná með annarri tækni. Enn í dag er þessi vél sú eina sinnar tegundar á Íslandi.



Mazak Integrex Multitasking rennir viðfangsefni sín út frá 10 ása hreyfingu þar sem möguleikarnir eru nánast óteljandi.



Hersla í gangi. Það er hiti í kolunum þegar unnið er við hersluofna Vélvúkur og það verður ekki gert án viðeigandi skjólfatnaðar.

Einnig er vert að nefna CMM mælivél af gerðinni Zeiss sem hefur styrkt gæðaeftirlit Vélvúkur til mikilla muna, enda gerir hún auðvelt að mæla flókna hluti og skilar hánaákvæmri og áreiðanlegri niðurstöðu.

Framtíðarsýn

Rennismiðin er í grunninn sama aðgerðin og í árdaga greinarinnar, þó tölvustýringin hafi valdið þar byltingu síðustu 30 árin eða svo. Þróun vélakosts heldur áfram þó ekki séu neinar frekari byltingar í sjónmáli á þessari stundu – rennibekkurinn og fræsivélin, eins og þau tæki eru uppbyggð, koma vart til með að breytast. Hugbúnaðurinn og vinnuhraðinn eru það helsta sem líklegt er að taki breytingum í nánustu framtíð, þó hægfara verði. Hvatinn til þróunar er þó afgerandi til staðar því það er nánast sama hvert litið er í daglegu lífi, allt á sér uppruna í rennismiði, hvort heldur um ræðir tölvumúsina á borðinu, minnisbókina í vasanum, snjallsímann eða hvað sem vera skal – allt hefur á einhverjum tímapunkti komist í snertingu við hlut sem var renndur eða fræstur. Ekki þarf annað en að líta yfir nöfn viðskiptavina Vélvúkur til að fá staðfestingu á þessu. Þar á meðal eru Teledyne Gavia, Landsvirkjun, Orka náttúrunnar, Marell, Stjörnu Oddi, stoðtækjaframleiðandinn Össur, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Valka. Tækninni mun alltaf flegja fram og engin leið að sjá fyrir endann á þeirri þróun.

Aðsetur

Starfsemi Vélvúkur fer öll fram í húsakynnum fyrirtækisins að Höfðabakka í Reykjavík og er það eina starfsstöð fyrirtækisins. Hún hefur reyndar stækkað frá því Vélvúkur flutti fyrst þar inn árið 1994; árið 2013 festi fyrirtækið kaup á hinum helmingi skemunnar og tvöfaldaði þannig stærð starfsstöðvarinnar.

Mannauður og starfsmannafjöldi

Starfsmenn Vélvúkur eru 18 talsins, samtals með margra áratuga reynslu. Þeir eru allir lærdir rennismiðir, ef frá er talið starfsfólk á skrifstofu sem heldur utan um bókhald og skjalavinnu. Starfsaldur margra hjá Vélvúkur er vel yfir 20 ár, aðrir hafa verið hjá fyrirtækinu í rúm 10 ár. Á hverjum tíma eru svo nokkrir nemar í rennismiði að störfum hjá fyrirtækinu, mismargir eftir föngum. Vélvúkur hefur því haldist ákaflega vel á starfsfólki, nokkuð sem fyrirtækið lítur á sem lykilatriði enda þekking, kunnátta og reynsla kjarninn í sérstöðu Vélvúkur.



Unnið við Mazak fræsivél en hún er fær um fjölbreytilegustu verkefni þar sem fyllstu nákvæmni er krafist.



Víkingbátar



Matthías Sveinsson, stjórnarformaður.

Fyrirtækið Víkingbátar var stofnað árið 2011 af Matthías Sveinssyni rafmagnsiðnfræðingi og plastbátasmið. Í framhaldi var fest kaup á nýju húsnæði að Kistumel 20 í Reykjavík til að hýsa framleiðslu félagsins og skrifstofu. Við skipulag húsnæðisins var horft fyrst og fremst á þætti sem stuðla að auknum gæðum í framleiðslu bátanna.

Framleiðsla

Stefna Víkingbáta ehf. er að framleiða plastbáta fyrir sjávarútveg og ferðapjónustu. Fyrirtækið mun leggja mikla áherslu á skilgreinda framleiðsluferla til að tryggja gæði bátanna sem og að velja einungis íhluti og vélbúnað sem uppfylla sömu gæðakröfur og fyrirtækið sjálft gerir til eigin framleiðslu. Víkingbátar hafa framleitt plastbáta undir merkjum Viking og Sóma bæði fyrir íslenskan og erlendan markað. Víkingbátar framleiddu árið 2013 Viking 1300 fyrir Noregsmarkað og Viking 1500 árið 2014 fyrir Íslandsmarkað. Víkingbátar hafa nýlega lokið við smíði á nýju módeli af línu og netabát af gerðinni Vikingur 30BT sem hugsaður er fyrir innlendan og erlendan markað. Heimasíða vikingbatar.is

Stjórnendur

Matthías Sveinsson, stjórnarformaður, Ævar Sveinsson, framkvæmdastjóri framleiðslu, Sverrir Karl Matthíasson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðsmála og Guðný Sigurðardóttir, fjármálastjóri.





Efri röð frá vinstri: Karl Magnús Bjarnason, Pálmi Freyr Steingrímsson, Ingvar Sæbjörnsson framkvæmdastjóri, Aleks Krontals, Kamil Henryck Witaszewski, Przemek Kaniewski og Adam Ali Ibrahim. Neðri röð frá vinstri: Piotr Pasiuk, Dariusz Miodonski, Tomasz Kisielewski og Anton Terzi.



Vörubretti

Vörubretti ehf. er rótgróid fjölskyldufyrirtæki með gott orðspor sem stofnað var 1989 af Trausta Lárussyni og fjölskyldu. Vörubretti ehf. sér um brettasmíði fyrir sjávarútveginn ásamt því að sinna öðrum stórum framleiðslufyrirtækjum svo sem Rio Tinto, Elkem og Lýsi.

Starfsemin

Frá árinu 2012 hefur Vörubretti ehf. lagt áherslu á endurvinnslu og lagfæringar á notuðum brettum með því að taka á móti brettum frá fyrirtækjum án endurgjalds, þ.e. fyrirtækin þurfa ekki að greiða fyrir eyðingu þeirra og með þessu móti kemur fyrirtækið til móts við viðskiptavinum og leggur sitt af mörkum við að nýta sem best takmarkaðar auðlindir jarðarinnar okkar. Fyrirtækið flytur inn um 100 stk. 40ft gáma á ári frá Rússlandi. Það timbur sem ekki er nýtt í vörubretti er kurlað og kögglað og notað í undirburð undir skepnur. Það fer því ekkert timbur til spillis í framleiðsluferlinu.

Aðsetur

Fyrirtækið er með starfsemi sína í 700 fm húsnæði að Óseyrarbraut 6 í Hafnarfirði.

Stjórnendur og starfsmenn

Í dag starfa hjá Vörubrettum um 10 starfsmenn og framkvæmdastjóri er Ingvar Sæbjörnsson og framleiðslustjóri er Dariusz Miodonski. Stjórnarformaður er Óskar Óskarsson. Í byrjun árs 2021 keyptu eigendur Valeska ehf. fyrirtækið.



Lilja Björk Ólafsdóttir og Óskar Óskarsson, eigendur.





Starfsfólk PH Blikk.

PH Blikk



Pröstur Hafsteinsson og Hrafnhildur Karlsdóttir eigendur PH Blikk ehf.

PH Blikk ehf. var stofnað í maí 1991 á Selfossi og á því 30 ára afmæli í ár. Eigendur eru hjónin Pröstur Hafsteinsson blikksmiðameistari og Hrafnhildur Karlsdóttur teymisstjóri í skóla- og velferðarþjónustu, en þau hafa verið eigendur og stjórnendur frá upphafi.

Vinnulag og framleiðsluferli

PH Blikk annast alla almenna blikksmiðavinnu. Helstu verkefni snúa að smíði, uppsetningu og þjónustu á loftræstikerfum. Stór hluti framleiðslunnar eru utanhússklæðningar, jafnt fyrir einstaklinga sem og stærri fyrirtæki. Einnig annast fyrirtækið einangrun og klæðningu hitaveitulagna, smíði og uppsetningu á innréttingum og háfum í stóreldhús, áfellur, rennur og niðurföll. Fyrirtækið sinnir einnig loftmagnsstillingum og er leitast við að nýta ávallt nýjustu tækni sem völ er á til að fá sem besta virkni í loftræstikerfum, m.t.t. að viðhalda góðum loftgæðum. Mikil aukning hefur orðið í loftræstikerfum í íbúðarhúsum, enda er meðvitund um góð loftgæði orðin meiri en áður. Aðeins er unnið með gæðavörur frá viðurkenndum framleiðendum. Blikksmiði á rætur í gömlu handverki og þekkingu á eiginleikum málma. Greinin hefur þróast í gegnum tíðina og byggir vinnan enn á vönduðu handverki en einnig á nútíma tækninýjungum í greininni. Vélbúnaður í PH Blikk telur m.a tölvustýrða plasmaskurðarvél, tölvustýrða beygjuvél og tölvustýrðan fjöllokk svo eitthvað sé nefnt. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru að mestu leyti á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnin hafa verið mörg og fjölbreytt undanfarin ár. Þar má nefna byggingar leik- og grunnskóla, stækkun íþróttamannvirkja, byggingar fjölbýlishúsa og stórt verkefni í nýjum miðbæ Selfoss, en þar er gerð krafa um að byggingarnar uppfylli kröfur Svansvottunar.

Skipulag og sérstaða

Í PH Blikk er kappkostað að finna bestu leiðir til þess að koma til móts við viðskiptavinum í öllum verkefnum. Starfsmenn eru virkjaðir til sjálfstæðis og skipulagðra vinnubragða. Sérstaða fyrirtækisins er fagmennska og vandvirkni í öllum verkferlum. Fyrirtækið hefur borið gæfu til að hafa góða og tryggja viðskiptavinum sem hafa fylgt fyrirtækinu um áráraðir.

Aðsetur

PH Blikk er í eigin húsnæði að Gagnheiði 37 Selfossi, 470m² sem telur 2 vinnslusali, kaffistofu, og skrifstofu ásamt nýju 215 fm lagerhúsnæði að Gagnheiði 17 sem nýlega hefur verið tekið í notkun.

Mannauður, starfsmannavelta og framtíðarsýn

Hjá PH Blikk starfa nú 12 starfsmenn, blikksmiðameistari, blikksmiðir, blikksmiðanemar, stálsmiður, vélstjóri, skrifstofustjóri og almennir starfsmenn. Þetta er öflugur og samheldinn hópur starfsmanna með mikinn metnað og dugnað. Framúrskarandi nýsveinar hjá PH Blikk



Suðuvinna.

voru meðal þeirra sem fengu viðurkenningu frá Iðnaðarmannafélagi Reykjavíkur 3. febrúar 2018 en þeir náðu afburðaárangri á sveinsprófi í blikksmíði.

Framtíðin

Framtíðarsýn ÞH Blikk felst í að geta ávallt mætt nýjum áskorunum í takt við tækniþróun og ný verkefni. Fyrirtækið kappkostar að viðhalda metnaði sínum með því að veita viðskiptavinum sínum ávallt góða og tryggja þjónustu. Lögð er áhersla á eftirsóknarvert og hvetjandi starfsumhverfi í takt við þróun blikksmíðagreinarinnar.



Klæðning hitaveitulagna í dæluhúsi Selfossveitna.



Frá hægri: Jónas Ingi Pétursson, Pétur Már Jónasson, Pétur Þ. Jónasson og Högni Gunnar Pétursson.

Prymur

Þjónusta við sjávarútveg í tvo áratugi

Prymur hf. vélsmiðja á Ísafirði var stofnuð 1. desember 1991 og fagnar 30 ára starfsafmæli í desember 2021. Félagið var stofnað til kaupa á húsnæði og tækjabúnaði Vélsmiðjunnar Þórs hf. sem fór í þrot sama ár eftir farsælan rekstur frá árinu 1942. Stofnendur Pryms hf. voru Jónas H. Pétursson, vélvirkjameistari og synir hans, Pétur Þ. Jónasson, vélvirkjameistari og Valgeir Jónasson, vélstjóri ásamt Reyni Ragnarssyni vélstjóra.

Aðal markmið stofnenda félagsins var að veita áfram þá góðu þjónustu sem veitt hafði verið af Vélsmiðjunni Þór til skipaflota landsmanna og varðveita þá fagkunnáttu sem var til staðar og miðla henni til komandi kynslóða.

Starfsemin

Uppistaðan í rekstri félagsins hefur verið rekstur véla- og renniverkstæðis og þjónusta við sjávarútveg auk viðhalds vinnuvéla fyrir ýmsa verktakaþjónustu. Árið 1995 var fyrirtækið Brimeyri ehf. stofnað vegna kaupa á eignum Vélsmiðjunnar Kubba ehf. á Flateyri.

Árið 2010 festir Prymur hf. síðan kaup á vörulager Skeljungs hf. í Bolungarvík og opnaði verslun að Suðurgötu 9. Árið 2016 gerðist Prymur umboðsaðili Tandurs hf. og hefur vöruúrval verslunarinnar aukist til muna. Þar eru til sölu allar helstu olíuvörur og hreinlætisvörur fyrir fyrirtæki og heimili. Þá hefur starfsmaður Skeljungs hf. aðstöðu í húsnæði Pryms hf. til að annast olíuafgreiðslu á norðanverðum Vestfjörðum.

Eigendur og aðsetur

Í dag eru eigendur hjónin Pétur Þ. Jónasson og Kolbrún Halldórsdóttir og eru starfsmenn sjö hjá Prym hf. og hefur sonur þeirra Högni Gunnar Pétursson sem er vélvirki tekið við verkstjórn fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur yfir að ráða 1.200 fm húsnæði að Suðurgötu 9 á Ísafirði auk 300 fm húsnæðis á Flateyri.

Högni Gunnar Pétursson og Pétur Már Jónasson.





Pröstur á fyrstu árum ÞM ehf. í Ásgarði. Mörg handtök þurfti við breytingar á húsnæðinu.

Vélsmiðjan Þróstur Marsellíusson

Þróstur Marsellíusson ehf. er stofnað í maí 1977 af Presti Marsellíusyni járnsmíðameistara og Halldóru Magnúsdóttur kennara og skrifstofustjóra. Upphaflega var fyrirtækið rekið í bílskúr við Sundsræti 32 á Ísafirði en nokkrum árum seinna kaupa þau hjón Hnífsdalsveg 27 eða Ásgarð, sem einnig er þekkt undir nafninu Pétursborg. Þau hjón gerðu húsið upp sem iðnaðar- og íbúðarhúsnæði og unnu bæði hörðum höndum við reksturinn ásamt Haraldi syni þeirra, en þeir feðgar eiga mörg handtök saman við að gera húsnæðið rekstrarhæft. Halldóra sá um bókhald og fjármál, lengst af meðfram fullri vinnu.

Starfsemin

Fyrirtækið er vélsmiðja með mikinn og góðan tækjabúnað og sér um viðgerðir og nýsmíði af ýmsum toga. Viðhald vinnuvéla, hitaveitu, olíu og ammoníakslagna. Smíði, hönnun og viðhald á handriðum og stigum. Viðgerðir og nýsmíði um borð í bátum og skipum hefur aukist mikið síðustu ár og er orðið stór hluti af verkefnum fyrirtækisins. Svo eitthvað sé talið af stærri og sértækari nýsmíðverkefnum sem fyrirtækið hefur komið að má nefna bílgrindur í sérútbúna jeppa, milligólf í tank við Perluna, lyftuhús við sjúkrahúsið á Ísafirði. Einnig hefur fyrirtækið hannað og framleitt marningsvélar fyrir harðfisk og snjóskóflur fyrir stærri vélar. Þróstur Marsellíusson ehf. er eitt elsta umboð Linde gas og selur iðnaðargas, grillgas og ýmsar vörur tengdar gasi. Nýlega festi fyrirtækið kaup á flutningabíl sem er verið útbúa sem færanlegt verkstæði. Það ásamt öflugri rafstöð gerir alla vinnu fjarri verkstæði þægilegri og opnar á fleiri verkefni sem annars hefði verið erfitt að taka að sér vegna fjarlægðar og annara aðstæðna. Hjá fyrirtækinu eru einnig seldar varmadælu og komin góð reynsla í uppsetningu og viðhaldi þeirra. Einnig eru smíðaðir hattar yfir dælurnar sé þess óskað

Stjórnendur og starfsmenn

Í dag er fyrirtækið rekið af Haraldi Hákonarsyni og Þórunni G. Jónsdóttur. Það hefur verið gæfa fyrirtækisins að hafa ávallt haft trausta og góða starfsmenn. Í dag eru fastir starfsmenn þess 6 og auk þeirra starfa yfirleitt neman á sumrin. Starfsmenn fyrirtækisins eru feðgarnir Haraldur Hákonarson, framkvæmdarstjóri, járnsmiður og véliðnfræðingur, Hafþór Ingi Haraldsson, verkstjóri og stálsmíðameistari, Heiðar Smári Haraldsson, Ívar Markússon og Gísli Sveinsson. Þórunn sér um bókhald og annað tilfallandi.

Framtíðarsýn

Fagmennska og lausnamiðuð vinnubrögð er það sem Þróstur Marsellíusson ehf. stendur fyrir. Framtíðarsýn eigenda Þrastar Marsellíussonar ehf. er björt og er markvisst unnið að bættum tækjakosti, þjálfun og aðbúnaði starfsmanna. Verkefnastaða er góð og með áframhaldandi endurnýun á tækjum og vel þjálfuðum og góðum starfsmönnum er það trú eiganda að hún komi bara til með að aukast.



Hjónin Halldóra Magnúsdóttir og Þróstur Marsellíusson.



Haraldur með sonum sínum Heiðari og Hafþóri.



Haraldur við vinnu á bílgrind.



Aðalbakarí

Aðalbakarí er huggulegt bakarí og kaffihús við Aðalgötu í miðbæ Siglufjarðar. Bakaríið var stofnað árið 1995 af hjónunum Jakobi Erni Kárasyni og Elínu Þór Björnsdóttur. Opnað var um verslunarmannahelgi í sögufrægu húsi að Aðalgötu 28 en þar til húsa hafði áður verið apótek og fatabúð svo eitt hvað sé nefnt. Árið 2014 var bakaríið stækkað yfir í næsta húsnæði og þá varð einnig til kaffihús með auknum sætafjölda og vínveitingarleyfi. Frá upphafi hefur bakaríið notið mikilla vinsælda og átt dygga aðdáendur allstaðar að af landinu.



Aðalbakarí

Boðið er upp á nýbakað brauð og kökur alla daga. Mikið úrval er af smurðu þar sem allir geta fengið eitt hvað við sitt hæfi. Hágæða kaffi og svo hina vinsælu pokavöru. Bakaríið er þekkt fyrir hinar margrómuðu sýrópskökur og ástarpunga. Einnig má nálgast vörur bakarísins í völdum búðum Samkaupa.

Veisluþjónusta

Bakaríið tekur að sér smáar sem stórar veislur, s.s. erfidrykkjur, útskriftarveislur, fermingar og afmæli. Lagt er mikið upp úr því að bjóða viðskiptavinum góða þjónustu.

Elin og Jakob eigendur Aðalbakarís.





Bleikja í þækli.

Betri vörur

Betri vörur ehf. er staðsett á Ólafsfirði og hefur verið þar frá upphafi. Fyrirtækið einblínir á áframvinnslu á ferskum laxi og silungi til sölu innanlands í verslanir, hótél og veitingastaði. Vörur fyrirtækisins hafa þróast gegnum árunna rás og er orðin vinsæl munaðarvara.

Framleiðsluvörur fyrirtækisins

Birkireyktur lax

Birkireyktur lax sneiddur

Birkireyktur silungur

Grafinn lax

Grafinn lax sneiddur

Einiberjagrafinn lax

Laxahakk

Vörur fyrirtækisins fást í verslunum Samkaupa (Nettó, Kjörbúðin, Iceland og Krambúðin) og að auki í Fjarðarkaup, Kaupfélagi Skagfirðinga og Hlíðarkaup Sauðárkróki.

Stofnendur og eigendur

Stofnendur voru þau Svanfríður Halldórsdóttir og Gunnar Lúðvík Jóhannsson en þau hófu starfsemi sína í Hlíð í Ólafsfirði fyrir um 30 árum. Þau ráku fyrirtækið til ársins 2014 en þá keyptu núverandi eigendur það, en það eru þau Þuríður Sigmundsdóttir, Óli Hjálmar Ingólfsson, Snjólaug Kristinsdóttir og Árni Helgason ehf.

betrivorur@simnet.is



Óli Hjálmar Ingólfsson að tala í síma.



Lax og silungur frá Betri vörum.



Þuríður Sigmundsdóttir er að sneiða grafslax.



Örnuskyr á Hornströndum. / Ljós. Haukur Sigurðsson.

Arna



Feðgar; Hálfdán Óskarsson, framkvæmdarstjóri og stofnandi Örnú (til hægri) og Óskar Örn Hálfdánarson (til vinstri). Ljós. Arna María Hálfdánardóttir.

Arna ehf. er vestfirskt matvælafyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á mjólkurvörum án mjólkursykurs. Arna hóf starfsemi sína árið 2013 en þá hafði undirbúningur og vöruþróun staðið yfir í rúmlega eitt ár. Stofnandi og framkvæmdarstjóri Örnú er Hálfdán Óskarsson, mjólkurtækniþræðingur, en hann var áður framkvæmdarstjóri Mjólkursamlags Ísafirðinga á árunum 1994 til 2002.

Sagan

Hugmyndin að Örnú kviknaði við eldhúsbordið heima hjá Hálfdáni út frá umræðum fjölskyldunnar um hversu lítið framboð væri af ferskum íslenskum mjólkurvörum fyrir þann hóp af fólki sem er með mjólkuróþol. Markmiðin í byrjun voru meðal annars þau að geta boðið þessum hópi fólks sambærilegt úrval af ferskum mjólkurvörum án mjólkursykurs eins og er hægt að fá í hefðbundnum mjólkurvörum. Afurðir fyrirtækisins eru allar mjólkursykurslausar og því geta neytendur með mjólkursykursóþol neytt afurðanna áhyggjulaust. Framleiðsluvörum Örnú hefur frá upphafi verið dreift um allt land en fyrstu afurðirnar sem Arna framleiddi voru léttmjólk, rjómi, jógúrt, skyr og ab mjólk. Með tíð og tíma hafa fleiri vörur bæst í hópinn og vöruúrvalið aukist. Í dag framleiðir Arna einnig osta auk þess að hafa sett á markað árstíðarbundnar vörur undanfarin ár, en á meðal þeirra eru jólagjógúrt með bökudum eplum og kanil, sumarjógúrt með vestfirskum rabarbara og haustjógúrt með íslenskum aðalbláberjum. Þar að auki tók fyrirtækið sín fyrstu skref í ísframleiðslu árið 2016 og framleiðir nú á milli tuttugu og þrjátíu ístegundir sem eru að mestu seldar á Örnú ís- og kaffibar á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi. Í upphafi voru einstakar vöruhegundir tíu talsins en við lok árs 2020 framleiddi Arna yfir 70 einstakar vöruhegundir.

Aðsetur og mannaúður

Höfuðstöðvar Örnú eru við Hafnargötu 80 í Bolungarvík, í því húsi sem áður hósti frystihúsi Einars Guðfinnssonar, en þar fer öll framleiðsla fyrirtækisins fram. Vöxtur Örnú hefur verið umtalsverður í gegnum árin og til merkis um það var starfsemin í upphafi öll í hluta húsnæðisins við Hafnargötu 80, eða í um 600 fermetra rými sem fyrirtækið leigði undir framleiðsluna. Árið 2020 festi Arna hins vegar kaup á húsnæðinu í heild sinni og hefur því nú um 7000 fermetra til umræða fyrir starfseminna. Starfsmönnum hefur einnig fjölgað töluvert með árunum. Haustið 2013 störfuðu fjórir starfsmenn hjá fyrirtækinu og á fyrstu þremur árum þess var starfsmannafjöldinn að jafnaði á bilinu fjórir til sjö starfsmenn. Árið 2016 tók vöxturinn mikinn kipp og í lok árs 2020 störfuðu um 30 manns hjá fyrirtækinu. Flestir starfsmenn fyrirtækisins starfa í höfuðstöðvum þess í Bolungarvík og þá eru einnig þrír starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu. Bakgrunnur starfsmanna er margvíslegur en á meðal þeirra eru fjórir mjólkurfræðingar og einn mjólkurverkfræðingur.



Bolungarvík. / Ljós. Haukur Sigurðsson.



Sumarjógúrt með vestfirskum rabarbara.

Sérstaða

Arna er eina mjólkurvinnslan á Íslandi sem sérhæfir sig í framleiðslu á mjólkurvörum án mjólkursýkurs. Vöruþróun hefur frá upphafi skipað veigamikinn sess innan veggja fyrirtækisins og mikið hefur verið lagt upp úr því að koma með nýjungar á markað. Þá hefur verið lögð aukin áhersla á umhverfismál á öllum sviðum framleiðslunnar, til dæmis með því að draga umtalsvert úr plastnotkun og með því fullnýta aukafurðir.

Markmið

Arna leggur mikinn metnað í að framleiða hollar, bragðgóðar og ferskar vörur fyrir neytendur. Markmið fyrirtækisins er að sækja enn frekar fram á komandi árum og vera áfram leiðandi í vöruþróun á íslenskum mjólkurvöruumarkaði.



Fyrstu framleiðsluvörur Örnú haustið 2013. / Ljós. Óskar Örn Hálfðánarson.



Örnuskyr. / Ljós. Óskar Örn Hálfðánarson.



Haustjógúrt með íslenskum aðalbláberjum hrærð saman. Ljós. Haukur Sigurðsson.



Bakameistarinn



Frá vinstri: Vigfús Kr. Hjartarson fjármálastjóri, Sigurbjörg R. Sigþórsdóttir framkvæmdastjóri, Sif Sigþórsdóttir markaðaáðstjóri og Sigþór Gunnar Sigþórsson bakari.



Sigþór Andri Sigþórsson þriðja kynslóð bakara í fjölskyldunni.

Bakameistarinn er 45 ára gamalt fyrirtæki og á sér um margt mjög áhugaverða sögu. Nafn þess er vel þekkt og eins og nafnið ber með sér þá var fyrirtækið sett á lagginnar af bakameistara, nánar tiltekið Sigþóri Sigurjónssyni og Jóhannesi Björnssyni, kollega hans. Sigþór hafði lært bakaraiðn norður á Húsavík en tók sig upp þaðan kornungur maður og flutti til Reykjavíkur með fjölskyldu sína, með tvær hendur tómar. Hann hóf störf hjá bakaríi Sandholts en fór fljótlega út í sjálfstæðan rekstur, þegar hann opnaði Laugarásbakarí við Laugarásveg. Hann kynntist kollega sínum Jóhannesi Björnssyni og þeir félagar ákváðu að stofna bakarí saman. Sigþóri var boðið hentugt húsnæði í Suðurveri til kaups, sem er þekkt verslunarmiðstöð við Stigahlið á móts við Kringlumýrabraut. Bolludagshelgina 1977 opnaði svo Bakameistarinn með pompi og prakt og alla tíð síðan hefur verið mikill erill í Bakameistarinum við Suðurver. Það var heldur þröngt rými til athafna í þeim enda hússins sem bakaríð var staðsett. Á þessum tíma voru enn starfandi mjólkurbúðir í Reykjavík sem seldu þessi klassísku íslensku brauð sem eldri kynslóðir ólust upp við en Bakameistarinn ruddi brautina fyrir nýjungar í brauðbakstri og sætabrauði. Hinn svokallaða þýska lína í brauðbakstri varð fljótt vinsæl og skömmu síðar komu heilhvæitihorn sem urðu uppáhald mjög margra. Bakameistarinn varð fyrstur til að bjóða upp á smurt brauðmeti sem nýtur mikilla vinsælda og er sérstakur hópur starfsfólks sem sér um það.

Árið 1983 áhvað Jóhannes að selja sinn hlut, og frá þeirri stundu hefur fjölskylda Sigþórs verið vakin og sofin yfir velferð fyrirtækisins. Önnur og þriðja kynslóð er komin að rekstrinum með einum eða öðrum hætti og enn, 45 árum síðar er Bakameistarinn í vexti og hvergi slegið af hvað varðar metnað hvert sem litið er. Börn Sigþórs fóru ung að vinna í bakarínu og hafa öll komið að rekstrinum um einum eða öðrum hætti. Sigurbjörg Sigþórsdóttir framkvæmdastjóri Bakameistans byrjaði að vinna þar 12 ára gömul og hefur starfað þar síðan.

Bakameistarinn er dæmigert fjölskyldufyrirtæki sem hefur dafnað vel í höndum dugmikilla og ósérhlífina einstaklinga sem hafa mikinn metnað til að bjóða góða vöru og persónulega þjónustu.

Vöxtur fyrirtækisins

1995 varð mikil breyting á þegar aukið rými bauðst í húsnæðinu í Suðurveri sem gaf möguleika á aukinni tæknivæðingu sem breytti vinnulagi og vinnutíma bakara til hins betra. Sjálfvirkni í forvinnslu og bakstri brauða var mikil bylting. Nú var ekki lengur þörf á því að bakarar þyrftu að vinna á næturnar. Fljótlega eftir þessa breytingu eða 1996 opnaði Bakameistarinn í Mjóddinni bakarí og kaffihús en sú hugmynd fór mjög að ryðja sér til rúms víða um borgina. Á árunum 2002 til 2006 varð mjög hröð stækkun á fyrirtækinu. Á 25. afmælisárinu var opnað í Glæsibæ og í kjölfarið opnaði í Húsgagnahöllinni, Smáratorgi og Austurveri. Að auki áttu eftir að bætast við Flatahraun árið 2016 og Spöngin og Holtagarðar á haustmánuðum 2020.



Bakameistarinn Flatahrauni, Hafnarfirði.



Jólastemning á COVID tímum.

Að sögn Sigurbjargar hefur Bakameistarinn haft það fyrir reglu að stækka við sig í hægum skrefum og hafa vaðið fyrir neðan sig. Stækkunin þýddi vitanlega aukna framleiðslugetu. Í viðleitni sinni var unnið í því að fá úthlutað lóð undir húsnæði fyrir framleiðsluna en þegar bankahrunið dundi á var lóðinni skilað inn og ákveðið að bíða og sjá hver framvindan yrði.

Mannauður

Árangur Bakameistarans má fyrst og fremst þakka frábæru metnaðarfullu starsfólki sem margt hvert hefur unnið hjá fyrirtækinu árum saman. Starfsmenn eru á bilinu 150 til 160 en heil störf teljast á milli 90 og 100 sem hafa skapast hjá fyrirtækinu. Margir eru í hlutastörfum; einkum ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Litið er á það sem mikilvægt uppeldishlutverk og hefur Bakameistarinn sýnt mikinn metnað í því tilliti að fræða, þjálf og upplýsa ungdóminn.

Framleiðsla og nýjungar

Þeir sem standa í brúnni eru alltaf á vaktinni og sjá til þess með vökulum augum að allt sé eins hreint, snyrtilegt, faglegt og uppfylli ströngustu gæðakröfur. „Fylgjast með og vera á tánum“ eru einkunnarorð Sigurbjargar. Enda sífelldar nýjungar að skjóta upp kollinum og tískustraumar sem flæða yfir. Nú eru súrdeigsbrauð í tísku, áður voru það durumhveiti, ítölsk brauð, spelt o.s.frv. Það kemur alltaf eitthvað nýtt og þá þarf að fylgja meginstraumnum eða jafnvel finna upp á einhverju nýju sem gæti fallið að smekk neytenda.

Bakameistarinn hefur þá sérstöðu að það er bakað á staðnum í öllum búðum fyrirtækisins, en þær eru í dag einar níu talsins.

Sókn í bakaraiðnina er talsverð og þeir sem vilja læra bakstur geta komist á samning hjá meistara. Nýtt kerfi hefur verið tekið upp en það á eftir að reyna á það. Atvinnutækifærin eru til staðar, en starf bakarans hefur aldrei verið auðvelt. Það þarf sannarlega dugnað og elju en hin þingeyskættaða fjölskylda og afkomendur Sigþórs Sigurjónssonar hafa sýnt og sannað hve langt er hægt að komast á því.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Bakameistarans er sú að fyrirtækið haldist í fjölskyldunni og haldi áfram á sömu braut. Fyrirtækið fagnar 45 ára starfsafmæli á árinu og það er búið að festa kaup á framleiðsluhúsnæði í Grafarvogi sem verður tekið í notkun innan fimm ára og þá verður öll framleiðslan og öll starfsemi flutt þangað.

Óhætt er að óska Bakameistararum til hamingju með áfangann sem verður þar með kominn í hóp rótgrónna fyrirtækja ef svo mætti að orði komast.





Kýr á beit.

Biobú



Kristján Oddsson og Dóra Ruf.

Biobú ehf. var stofnað í júlí 2002 af þeim hjónum Kristjáni Oddsyni og Dóru Ruf frá Neðra-Hálsi í Kjós. Ástæðan fyrir stofnun þess var sú að það vantaði fyrirtæki á sviði mjólkurvinnslu sem væri viljugt til að vinna að og þróa markað fyrir lífrænar mjólkurvörur á Íslandi. Kristján ásamt konu sinni Dóru Ruf hafa stundað mjólkurframleiðslu að Neðra Hálsi frá árinu 1984 en árið 1996 fengu þau lífræna vottun á sína mjólkurframleiðslu. Það að vera komin með vottaða lífræna mjólk gaf þeim hjónum tækifæri til að skapa sér sérstöðu á markaði, en engar lífrænar mjólkurafurðir var hægt að fá í búðum hérlendis.

Stofnun Biobús

Biobú var því stofnað í júlí 2002 af þeim hjónum Kristjáni og Dóru á Neðra-Hálsi í Kjós eins og áður segir, en fyrstu vörur þess, lífræn jógúrt, fóru á markað 3. júní 2003. Við stofnun og undirbúning nutu þau dyggrar aðstoðar Susanne Freuler og Helga Rafns Gunnarssonar, en þau voru samstúdentar við Tækniháskóla Íslands á viðskiptabraut. Þau unnu að gerð viðskiptaáætlunar fyrir fyrirtækið og annan undirbúning sem þurfti til að stofna mjólkursöluvyrirtæki. Susanne Freuler var síðan ráðin sem framkvæmdastjóri Biobús fyrsta árið, er Helgi Rafn Gunnarsson tók við sem framkvæmdastjóri og hefur haldið því starfi alla tíð síðan. Hann situr einnig í stjórn fyrirtækisins ásamt Kristjáni Oddssyni formanni og Dóru Ruf. Helgi Rafn ásamt bróður sínum, Sverri Erni Gunnarssyni sem er framleiðslustjóri eiga 40% hlut í fyrirtækinu á móti hjónunum Kristjáni og Dóru. Biobú byrjaði í 100 fm húsnæði í Stangarhyl en sprengdu það utan af sér 2006 og fjárfestu þá í 500 fm húsnæði að Gylflöt í Reykjavík.

Framleiðslan

Helstu vörur Biobús hafa verið sýrðar mjólkurafurðir svo sem jógúrt í ýmsum bragðtegundum og svo skyr, ostur og drykkjarmjólk. Biobú var einnig fyrst á markað með grísa jógúrt sem notið hefur mikilla vinsælda. Lífrænar vörur Biobús eru frábrugðnar hefðbundnum mjólkurvörum að því leyti að þær eru útbúnar úr ófitusprengdri lífrænni mjólk. Meginreglan er sú að vinna matvælin sem minnst og halda þeim eins náttúrulegum og kostur er.

Framtíðarsýn

Á allra síðustu misserum tóku eigendur þá ákvörðun að breyta vörumerki Biobú, stefnan var sett á að útvíkka starfsemi fyrirtækisins með það að markmiði að bjóða neytendum uppá fleiri lífrænar vörur, s.s. lífrænt nautakjöt. Þá hefur Biobú verið að þróa húðkrem úr mysupróteini í samstarfi við vísindamenn hjá Matis. Starfsmönnum Biobús hefur fjölgað jafnt og þétt frá því að vera 2-3 starfsmenn í upphafi upp í 9-10 manna vinnustað eins og hann er í dag. Á þeim tíma sem Biobú hefur starfað hefur neysla lífrænna mjólkurvara aukist jafnt og þétt, eða um liðlega 30% á ári. Undanfarnir misseri hefur verið skortur á lífrænni mjólk, en það stendur þó til bóta þar sem von er á nýjum framleiðanda á lífrænni mjólk, þ.e. Eyði-Sandvík í Sandvíkurhreppi, en þeir framleiða um 400 þús. lítra á ári en fyrir er Biobú að taka mjólk frá Neðra-Hálsi í Kjós, Búlandi í Landeyjum og Skaftholti í Gnúpverjahreppi, samtals um 430 þús. lítrum á ári. Aukið magn gefur möguleika á að þróa lífrænan mjólkurvörumarkað enn frekar með fleiri vörutegundum, neytendum og umhverfinu til hagsbóta.



Sverrir Örn Gunnarsson og Helgi Rafn Gunnarsson.



Vinsælu toppísarnir.

Emmessís

Saga Emmessíss er samofin sögu Mjólkursamsölunnar. Framleiðsla á Emmessís hófst fyrir alvöru árið 1960 og naut gríðarlegra vinsælda. Fyrst í stað var ísgerðin bundin við að framleiða ísblöndu fyrir Dairy Queen ísinn sem þá var gríðarlega vinsæll. Framleiðslan kallaði á flókinn vélbúnað og fjölda starfsmanna. Áður en langt um leið var farið að pakka inn rjómaís með mismunandi bragðtegundum auk gömlu góðu íspinnanna sem voru sérlega vinsælir hjá börnum á sjöunda áratug síðustu aldar og njóta enn miklilla vinsælda, enda úrvalið talsvert meira í dag en það var þá. Fyrstu tólf árin var Emmessís til húsa á annarri hæðinni í mjólkurstöðinni en árið 1970 flutti ísgerðin í nýtt húsnæði við Laugaveginn sem hafði áður verið korngeymsla. Það þurfti að gera ýmsar breytingar á húsnæðinu til að það hentaði starfseminni. Ísgerðinni fleygði smám saman fram og mikil vöruþróun átti sér stað enda nokkur samkeppni á ísmarkaðnum. Nauðsynlegt þykir að brydda reglulega upp á með nýjungum til að gleðja þá sem vilja njóta þess að borða góðan ís, búinn til úr íslenskum rjóma. Ís er í eðli sínu gleðigjafi og Íslendingar hafa ávallt verið sólgirnir í hann þrátt fyrir rysjótt veðurfar og misjafnlega sólrík sumur. Árið 1994 var Emmessís gert að sér fyrirtæki og tekið út úr rekstri Mjólkursamsölunnar. Árið 2007 seldi Mjólkursamsalan Emmessís og hefur fyrirtækið verið í einkaeigu síðan. Í dag er fyrirtækið í eigu 1912 ehf.

Starfsemin

Emmessís býr við þá sérstöðu að vera eina framleiðslufyrirtækið sem framleiðir ís úr íslenskum rjóma. Ólíkt því sem tíðkaðist í byrjun þegar fjöldi manns starfaði við ísgerðina þá hefur Emmessís á undanförunum árum verið að færa sig yfir í meiri sjálfvirkni. Vélar sjá núna um að koma íblöndunarefnum á sinn stað og pakka ísnum í neytendaumbúðir sem einnig þurfa að gleðja augað. Heildarstarfsmannafjöldinn hjá fyrirtækinu í dag er 30 manns. Það ríkir góður andi og fólk gengur að sínum verkum fuðlaust og hefur fyrirtækinu haldist vel á sínu starfsfólki í gegnum tíðina. Hjá Emmessís starfar einnig fólk frá ýmsum löndum sem gefur fyrirtækinu fjölbreytilegan og fjölmennigalegan blæ. Jafningastjórnun er í hávegum höfð innan fyrirtækisins og góð samvinna á meðal allra. Emmessís rekur ekki lengur ísbúðir en leggur mikla áherslu á að þjónusta vel þær ísbúðir sem selja rjómaís og dreifir auk þess sínum rjómaís í neytendaumbúðum til verslana og annarra vítt og breitt um landið. Emmessís er með dreifingarmiðstöð bæði í Reykjavík og á Akureyri til að geta uppfyllt þarfir neytenda. Framleiðslan fer nú öll fram að Bitruhálsi 1. Með aukinni sjálfvirkni hverfa hin erfiðari og einhæfu störf og vinnan verður fremur eftirlit með framleiðlunni og tryggja að allt sé eins og það á að vera. Fyrirtækið býður starfsfólki sínu upp árshátíð á hverju ári og stendur fyrir minni viðburðum á stundum til að efla starfsandann og viðhalda starfsánægju. Framtíðarsýn Emmessíss er í stuttu máli að halda áfram að framleiða fyrsta flokks hágæða rjómaís og mæta kröfum neytenda.



Pálmi Jónsson, framkvæmdastjóri til maí 2021.



Mynd úr vinnslu.



Bílstjóri.



CCEP styður dyggilega við landslið Íslands í knattspyrnu en ríkulegur stuðningur við samfélagsleg verkefni er hluti af sjálfbærnistefnu fyrirtækisins.

Coca-Cola Europacific Partners á Íslandi (CCEP)



Einar Snorri Magnússon forstjóri Coca-Cola Europacific Partners á Íslandi.

Saga Coca-Cola á Íslandi teygir sig frá íslenskum stórkaupmönnum fyrir miðja síðustu öld, til Spánnar, til Vestur-Evrópu og svo síðar einnig til Eyjaálfu og Indónesíu. Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar gerði Björn Ólafsson, stórkaupmaður, samning við The Coca-Cola Company í Bandaríkjunum um stofnun verksmiðju á Íslandi, og 1. júní 1942 tók verksmiðjan Vífilfell til starfa. Árið 2001 sameinaðist fyrirtækið Sól Víking og hóf þá að framleiða bjór og fer sú framleiðsla nú öll fram í verksmiðjunni á Akureyri. Áratug síðar urðu breytingar á eignarhaldi Vífilfells þegar Cobega, spænskur drykkjavöruframleiðandi keypti fyrirtækið. Árið 2016 sameinaðist Vífilfell, Coca-Cola Europacific Partners (CCEP), stærsta fyrirtæki sinnar gerðar í heiminum, og ber nú nafnið Coca-Cola Europacific Partners á Íslandi (Coca-Cola á Íslandi). Fyrirtækið er einn stærsti drykkjavöruframleiðandi landsins og meðal stærstu matvælafyrirtækja á Íslandi. Forstjóri Coca-Cola á Íslandi er Einar Snorri Magnússon.

Vinnulag og framleiðsluferli

Í dag spannar starfsemi fyrirtækisins mjög breitt svið: Framleiðsla, inn- og útflutning, markaðssetningu, dreifingu, sölu og þjónustu. Fyrirtækið leitast við að þróa vöruval sitt og umbúðir að breyttri neysluhegðun á Íslandi og hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan það framleiddi nær eingöngu litlar glerflöskur og aðeins eina bragðtegund af Coca-Cola. Í dag er fyrirtækið alhliða drykkjavöruyrirtæki sem selur mörg af þekktustu og vinsælustu vörumerkjum í heiminum í fjölda drykkjavöruflokka, jafnt óáfengum sem áfengum, og í fjölbreyttum umbúðum sem hæfa mismunandi neyslutílefnum. Mikil áhersla er á sjálfbærni, umhverfissvænni framleiðsluáferðir og umhverfissvænni umbúðir og vinnur fyrirtækið jafnt og þétt að úrbótum og þróun í þeim efnum.

Skipulag og sérstaða

Coca-Cola Europacific Partners er stærsta sjálfstæða átöppunaryrirtæki Coca-Cola í heiminum hvað varðar veltu og er leiðandi fyrirtæki á markaði fyrir neytendavörur í Evrópu, Eyjaálfu og Indónesíu. Fyrirtækið er á hlutabréfamarkaði og starfar í 29 löndum og dreifir og markaðssetur nokkur af vinsælustu drykkjavörumerkjum heims til yfir 600 milljóna neytenda. Sem hluti af stærri heild hefur Coca-Cola á Íslandi mikla burði til að þróa starfsemi sína og til að laga sig hratt að breytingum á markaði

Sjálfbærnistefna

Coca-Cola Europacific Partners hefur sett sér það leiðarljós að vinna að sjálfbærni og nýta fyrirtækið og vörumerkin til að stuðla að betri framtíð fyrir fólk og jörðina. Sjálfbærni er kjarnaráttur í viðskiptum CCEP og árið 2018 setti fyrirtækið sér víðtæka sjálfbærnistefnu í sex köflum með 21 mælanlegu og tímasettu markmiði. Þau fela meðal annars í sér að fyrirtækið kappkostar að auðvelda neytendum að draga úr sykurneyslu með því að bjóða



Frá árlegum hreinsunardegi við aðalstöðvar CCEP í Reykjavík.



Fylgst með framleiðslunni í átöppunarverksmiðju CCEP á Stuðlahálsi.

viðskiptavinum enn meira úrval af sykurskertum drykkjum. Fyrirtækið stefnir að því að auka hlutfall endurunnins efnis í umbúðum, gera þær umhverfsvænni og var Coca-Cola á Íslandi meðal fyrstu landa í heiminum að bjóða upp á plastflöskur sem eru 100% endurunnar og nær þannig að skapa hringrás umbúða og draga stórlega úr kolsefnisfótspori. Áætlun CCEP í loftslagsmálum, Net Zero 2040, er metnaðarfull, með skýrum markmiðum og dagsetningum. Þar má nefna að draga á úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda þvert á alla aðfangakeðjuna um 30% fyrir árið 2030, þ.m.t. bæði bein og óbein losun, en miðað er við grunnár 2019. Þá er stefnt á að fyrirtækið verði kolefnishlutlaust fyrir árið 2040, í samræmi við Parísarsamkomulagið um að ná að halda hlýnun jarðar undir 1,5 °C.

Mikið kapp er lagt á að endurheimta allar umbúðir svo þær endi ekki sem rusl á víðavangi og hvetur fyrirtækið neytendur til að endurvinna umbúðirnar með skilaboðum á umbúðum. Þá er lögð áhersla á að umgangast vatn af fyllstu virðingu og samkvæmt íturstu gæðakröfum í öllum viðskiptum. Coca-Cola á Íslandi hefur þá sérstöðu að reka eina fullkomnustu hreinsistöð frárennslisvatns hér á landi. Hjá Coca-Cola á Ísland er öryggi neytenda ávallt í fyrirrúmi og lögð áhersla á að starfsmenn starfi allir í umhverfi þar sem heilsa og öryggi þeirra eru tryggð. Sjálfbærnistefna fyrirtækisins lýsir ábyrgri afstöðu til þeirra umhverfisáhrifa sem starfsemi kann að hafa í för með sér og vilja til að vinna að stöðugum umbótum sem lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið og draga úr mengun og losun úrgangs og stuðla að aukinni endurvinnslu.

Mannauður, starfsmannafjöldi og aðsetur

Í dag starfa um 160 manns hjá Coca-Cola á Íslandi á tveimur starfstöðvum: Við Stuðlahálsi í Reykjavík og á Furuvöllum á Akureyri. Þetta er fjölbreyttur hópur fólks með ólíka menntun og bakgrunn en mörg starfanna krefjast reglulegrar símenntunar og sérþjálfunar. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á fjölbreyttan mannauð, að útiloka aðgreiningu og auka jafnrétti á öllum sviðum starfseminnar. Þegar heimsfaraldur COVID skall á var það fyrirtækinu mikið kappsmál að halda öllu starfsfólki sínu í vinnu og tókst það, góðu heilli.

Einn drykkur á dag

Coca-Cola á Íslandi framleiðir fjölbreytt úrval drykkjarvöru fyrir íslenskan markað en leitast þó jafnframt við að færa út kvíarnar á erlendum mörkuðum. Vörum fyrirtækisins er dreift til a.m.k. 2.500 útsölastaða um allt land. Fyrirtækið kappkostar að framleiða og flytja inn vörur sem uppfylla þarfir neytenda og falla að jákvæðum og heilbrigðum lífsstíl. Á árinu 2019 seldi fyrirtækið sem samsvarar einum 330ml drykk á á dag fyrir hvern íbúa á Íslandi.



Coca-Cola á Íslandi er með fullkomnustu hreinsistöð frárennslisvatns á Íslandi sem skilar vatninu frá sér svo hreinu að fiskar lifa góðu lífi í því, eins og fiskabúr hreinsistöðvarinnar ber vitni um. Hér skoðar Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fiskabúrið í heimsókn í verksmiðjuna í tilefni af 75 ára afmæli hennar árið 2017.



Öll bjórframleiðsla fyrirtækisins fer fram í verksmiðju CCEP á Akureyri.



Starfsmannaféð árið 2016.

Eðalfiskur



Kristján Rafn Sigurðsson, fisktæknir og framkvæmdastjóri.

Eðalfiskur í þrjátíu ár – Saga og þróun

Hugmynd um vinnslu og sölu á unnum laxaafurðum varð til árið 1987 í Borgarfirði. Hugmyndin fékk góðan stuðning vegna hinna mörgu gjöfulu laxveiðiáa í héraðinu. Þann 25. mars 1987 var haldinn fundur í Vírneti h/f um stofnun og rekstur á fyrirtæki sem kæmi til með að slátra og reykja lax. Fundurinn var boðaður að frumkvæði Jóns Gests Sveinbjörnssonar og Páls Guðbjartssonar. Jón Gestur hafði unnið við fiskirækt og vinnslu í Noregi nokkru áður. Samtals voru 9 undirbúningsfundir haldnir um stofnun félagsins í framhaldinu. Stofnfundur félagsins var haldinn fimmtudaginn 4. júní 1987 að Hótel Borgarnesi kl. 20. Formaður undirbúningsstjórnar, Eiríkur Ingólfsson setti fundinn og lagði til að Bjarni Arason yrði fundarstjóri. Fundarstjóri las upp hluthafaskrá og var hún samþykkt. Safnað var 6 milljónum króna í hlutafé. Í stjórn voru kosnir: Eiríkur Ingólfsson, Bjarni Arason, Jón Gestur Sveinbjörnsson, Sveinn Snorrason og Magnús Aspelund. Til vara: Theodór Þórðarson, Þórólfur Sveinsson, Sæmundur Guðmundsson, Ólafur Skúlason og Jón Guðlaugur Magnússon. Endurskoðendur félagsins voru kjörnir Gísli Kjartansson og Gísli Karlsson. Indriði Albertson til vara. Þórir Páll Guðjónsson var ráðinn fyrsti framkvæmdarstjóri félagsins frá 1. ágúst 1987.

Fram til ársins 2004 voru bæði sólskinsár og regnár í rekstri félagsins. Eigendaskipti voru tíð. Ragnar Hjörleifsson stýrði Eðalfisk sem framkvæmdarstjóri frá árinu 1991 og fram til 2001 en þá ár varð methagnaður af rekstri félagsins. Eigendur árið 2002 voru svissneskir aðilar, Sparisjóður Mýrasýslu auk Íslensk Ameríska. Sparisjóður Mýrasýslu keypti hlutbréf allra annarra og var félagið rekið sem deild undir Borgarnes-Kjöttvörum fram til 1. mars 2004. Þá seldi Sparisjóður Mýrasýslu rekstur laxvinnslunnar í Eðalfiski til þriggja einstaklinga. Birgir Benediktsson, Dagný Hjálmarsdóttir og Pétur Már Jónsson keyptu þann rekstur í gegnum nýstofnað félag sitt, Eðalfang. Kristján Rafn Sigurðsson, fisktæknir varð framkvæmdarstjóri félagsins og keypti hlut Péturs í ársbyrjun 2005. Allt frá þeim tíma hefur verið stöðugur og jafn vöxtur í umfangi og rekstri félagsins.

Aðsetur og rekstur

Ráðist var í byggingu nýs sérhannaðs verksmiðjuhúsnæðis að Sólbakka 4, Borgarnesi undir starfsemi. Við gerð húsnæðis var miðað við 270 tonna vinnslu á reykum laxaafurðum á ársgrundvelli. Flutt var í nýja húsnæðið í september 2005.

Árið 2007 keypti Eðalfiskur rekstur Fiskiðjunnar Reykás og hóf starfsemi að Grandagarði 33 í vinnslu á villtum laxi sem var aðskilin annarri starfsemi. Margir veiðimenn nýttu sér þessa þjónustu. Rekstrinum var hætt árið 2010 þar sem arðsemi var lítil sem engin. Með auknum verkefnum á árinu 2009 þótti ljóst að húsnæðið var strax orðið of lítið. Það var þó ekki fyrr en í desembermánuði 2016 að samningar tókust um kaup á stærra húsnæði að Vallarási 7-9 þar sem Eðalfiskur er nú til húsa. Í dag eru heilsdagsstörf 26 og starfsemin fjölbreyttari en áður. Mun meiri og nákvæmari vélbúnaður hefur stuðlað að meiri afköstum og gæðum



Flökunarlína Eðalfisks að Vallarási 7-9.



Núverandi húsnæði Eðalfisks að Vallarási 7-9, Borgarnesi.

framleiðslunnar. Öryggissjónarmið eiga ríkari sess í framleiðsluferlum og annað verklag við framleiðslu hefur gert störfin auðveldari.

Vinnulag og framleiðsluferli

Frá vinnslu í höndum á villtum laxi og regnbogasilungi í upphafi hafa orðið stórstígar tæknibreytingar frá stofnun Eðalfisks. Frá árinu 2005 hefur allur lax verið vélflakaður með góðri nýtingu hráefnis. Tækjakostur hefur smám saman eflst og stuðlað að hagkvæmari og nákvæmari framleiðsluáðferðum. Mestur vöxtur hefur orðið í sölu á ferskum laxi, bæði innanlands og erlendis. Þá er verktaka fyrir stærri aðila í laxaiðnaði stór hluti rekstrar.

Reyking á laxi hefur þó ekki breyst mikið í árána rás en gæðastýring og matvælaöryggi hefur aukist gríðarlega. Eðalfiskur fór í gegnum BRC vottun nú í haust og er eina reykhusið með slíka vottun á Íslandi. BRC er staðall þróaður af British Retail Consortium er í dag í notkun hjá matvælaframleiðendum um allan heim. Mörg bresk og bandarísk smásölufyrirtæki mæla með að birgjar þeirra fyrir matvæli uppfylli kröfur staðalsins.

Framtíðin og umhverfið

Með auknu laxeldi á Íslandi fylgja aukin verkefni fyrir hina ýmsu aðila, auk tækifæra til sérvinnslu. Eðalfiskur tekur ekki pólitíska afstöðu til sjókvíældis eða landeldis. Lögð er áhersla á að skipta við birgja sem standast mat á gæði hráefnis, starfsleyfis, vottana, frammistöðu þjónustu, lögum (reglum) og siðferðis.





Húsnæði Fjallalambs á Kópaskeri.

Fjallalamb



Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri.

Fjallalamb hf. var stofnað árið 1990 og er í eigu um 150 hluthafa sem flestir tengjast starfsemi fyrirtækisins á einn eða annan máta. Markmið með stofnun félagsins var að slátra, vinna og selja allar þær sauðfjárafurðir sem falla til á innleggjendasvæði félagsins. Kaupfélag Norður-Pingeyinga rak sláturhús á Kópaskeri í fjölda ára. Fjallalamb var síðan stofnað eftir hrun Kaupfélagsins. Sláturhús var einnig á Þórshöfn á Langanesi og náðust samningar 1990 um að bændur frá Langanesi að Jökulsá á Fjöllum sameinuðust um að slátra í sláturhúsinu á Kópaskeri. Sláturhúsið á Þórshöfn var síðan lagt niður. Fyrirtækið er staðsett á riðufriú svæði eða á svæði þar sem riða hefur aldrei greinst.

Fjallalamb var því 30 ára í ágúst 2020. Allt frá upphafi hefur það verið stefna félagsins að starfa sjálfstætt á markaðinum og óháð öðrum, en mynda hinsvegar viðskiptasambönd við aðrar afurðastöðvar til að tryggja hagkvæmni og nauðsynlega samvinnu innan greinarinnar í heild.

Nú í dag vinna allt árið um kring um 20 starfsmenn og er stærsti vinnuveitandinn á Kópaskeri. Í sláturtíð september til október eru um 70 starfsmenn. Fjallalamb er með leyfi til útflutnings til Evrópu, Rússlands, Kanada, Japan og Kína. Helstu eigendur Fjallalamb hf. eru bændur í Norður-Pingeyjarsýslu, samtök þeirra og sveitarfélög í Norður-Pingeyjarsýslu, ennfremur starfsmenn og aðrir einstaklingar. Allir innleggjendur eiga hlut í félaginu og mikil samstaða ríkir í héraði um starfsemi þess.

Stærstu hluthafar félagsins eru eftirfarandi;

Seljalax (fjárfestingarfélag heimamanna)

Byggðastofnun

Búnaðasamband Norður-Pingeyinga

Svalbarðshreppur

Í Stjórn félagsins eur 5 manns, sem eru í dag Benedikt Kristjánsson, Þverá (stjórnarformaður), Ágústa Ágústsdóttir, Reistarnesi, Charlotta Englund, Birkifelli, Eggert Stefánsson, Laxárdal og Arnar Már Elíasson fyrir Byggðastofnun.

Vörurnar okkar

Eitt af megin markmiðum félagsins er að halda í gamlar framleiðslu hefðir sem neytendur vilja kaupa. Sem dæmi um það er sláturgerð, svið og hangikjöt. En uppskriftn fyrir blóðmör og lifrarpylsu er nánast óbreytt frá aldarmótum 1800-1900. Það eina sem búið er að breyta frá upphafi er mjólkinn en í stað hennar hefur verið sett soja mjólkurduft fyrir þá sem eru með mjólkuróþol. Sviðin eru enn sviðin og hreinsuð með gamla laginu, þ.e.a.s. sviðin með kósangasi og hreinsuð eingöngu með vatni og engin hjálparefni notuð. Hólsfjallahangikjötið er reyktt með íslensku birkirkurli frá Vaglaskógi og þurrkuðu taði frá bændum á svæðinu. Grillkjötið frá Fjallalambi er einnig vinsælt. Einnig hefur félagið verið í fararbroddi í þróun á afurðum úr ærkjöti. Þar má helst nefna Höfðingja og Æringja sem eru reyktil og grafnir forréttir úr ærkjöti.



Höfðingi, reyktt og grafið ærkjöt.



Íslensk svið frá Fjallalambi.

Meira um starfsemi og vinnslu

Fjallalamb hefur alltaf sett það í forgang að framleiða hreinar vörur með sem fæstum aukaefnum. Slátrað er árlega um 30.000 gripum sem vege um 500.000 kg. Þar að auki kemur inn mikið magn af öðrum vörum tengd lambi svo sem hausar, innmatur, gærur og fleira. Haustið 2019 var stigið stórt skref í rekstri Fjallalambs með kaupum á 2 öflugum þökkunarvélum sem gera okkur kleift að pakka vörum með meiri afköstum en áður og einnig gera þær okkur kleift að pakka ferskvöru með mun fljótvirkari og nútímalegri hætti. Frekari upplýsingar um fyrirtækið er hægt að finna á www.fjallalamb.is



Úrvals grillkjöt frá Fjallalambi.



Jakob Bjarnason með handspritt.



Birkisnaf.

Foss Distillery



Átöppun á handspritti.

Foss Distillery er vínframleiðslufyrirtæki. Stofnendur voru Jakob Bjarnason, Gunnar Karl Gíslason, Ólafur Örn Ólafsson og Elsa María Jakobsdóttir. Hugmyndin var að framleiða hágæðavöru (drykk) sem átti að skírskota til náttúru Íslands. Litið var til þess að nota íslenskt birki sem kjarnann í vörunni. Birkisafinn er notaður til að ná fram rétta bragðinu og dregur heitið á vörunum nöfn sín af tveimur trjátegundum, þ.e. björk og birki. Meginframleiðsluvörurnar eru því líkjörinn Björk og snafsinn Birkir.

Sagan

Hugmyndin fæddist þegar Gunnar Karl Gíslason kom frá Danmörku til Íslands með konseptið „Nýnorræna eldhúsið“ sem byggðist á norrænni matarhefð. Það var enn eitt stefið í veitingahúsameningu nútímans í samhljómi með ítalska og franska eldhúsinu. Hann hafði meðal annars notað íslenskt birki í matargerð á veitingastaðnum Dill. Ólafur Örn fór að gera tilraunir með að blanda birki í vodka sem virtist falla í kramið. Notkun á birki til matar og víngerðar er ævagagömul hugmynd og má finna um það ýmsar fornar heimildir. Birki hefur sömuleiðis verið notað í seyði eða te og sannað þykir að efnasambönd í því séu bæði bólgueyðandi og vatnslosandi svo það hefur verið þekkt sem náttúruylf í gegnum aldirnar. Hugsunin á bak við hina nýnorrænu matargerðarlist byggir á því að nota hráefni úr nærumhverfinu. Jakob Bjarnason, framkvæmdastjóri greinir frá heimildum um skilgreiningu á því hvað nærumhverfi er, en þar segir bóndi nokkur að fari menn lengra en 500 metra frá bæjarveggnum þá sé það orðið of langt til að teljast nærumhverfi. Téðar heimildir munu vera frá 1860. Svo notkun á birki eru engin nýmæli, að sögn Jakobs. Jakob er mjólkurfraeðingur að mennt og hafði áður rekið sultugerð með góðum árangri. Hann kemur því með þekkingu á því hvað þarf til að koma upp verksmiðju, ásamt kunnáttu í efnafræði.

Safinn er pressaður úr birkinu og þannig vinnst úr honum birkisýróp sem nýtur mjög mikilla vinsælda og er tilvalið að nota sem bragðefni í ýmsar vörur. Þannig er Björk sætur líkjör en Birkir hressandi snafs. Til bragðauka og til að skapa aðlaðandi útlit er grannri birkigrein úr Hallormsstaðarskógi komið fyrir í flöskunni. Einkennismerkið er birkilauf, sem um aldirnar hefur verið þurrkað og notað í heilsuþættandi te. Áhrifin af bragðinu eiga kalla fram upplifun af því að standa undir slútandi birkitrjám í íslenkri náttúru og finna ilminn af laufinu á lygnum fallegum sumardeggi í uppstytta eftir rigningarskúr.

Aðsetur

Starfsemin byrjaði upphaflega í Borgarnesi árið 2011 þar sem fyrstu flöskurnar voru átappaðar en síðan kom fyrirtækið sér upp eigin verksmiðju í Mosfellsbæ 2015. Þaðan var svo flutt í rúmgott húsnæði við Vesturvör í Kópavogi þar sem starfsemin fer fram í dag.



Helvíti sem framleitt er hjá Foss Distillery.

Þróunarverkefni

Foss Distillery er þátttakandi í stóru þróunarverkefni á Sauðárkróki þar sem verið er að gera tilraunir með að breyta mjólkursykri í alkóhól og nýta mysu í því augnamiði. Mjólkuriðnaðurinn fékk mjólkurfræðinginn Jakob til að vinna að þessu verkefni en hann var í þrjú ár að þróa aðferð sem dugði. Þannig að nú er verið að reisa verksmiðju á Sauðárkróki í samvinnu Kaupfélags Skagfirðinga og Mjólkursamsölnunar. Þar verður búið til alkóhól úr þeim sykri sem fæst úr mysunni sem annars yrði að hella niður. Til framtíðar verður þetta til heilla fyrir umhverfið, að sögn.

Framleiðsla

Foss Distillery horfði fram á afar minnkandi halla þegar Covid brast á í byrjun 2020 því 95% af framleiðslu og sölu vörunnar var til erlendra ferðamanna. Einkum hafa Bandaríkjamenn öðrum fremur sóst eftir vörunni af einhverjum ástæðum. En af einskærri útsjónarsemi og hugkvæmni tókst að snúa dæminu við þegar fyrirtækið hóf framleiðslu á handspritti með ilmkiarnaolíum undir heitinu: „númer eitt“. Frá því að framleiða og selja um 30 - 50 þúsund lítra af Björk og Birkir á ársgrundvelli stóð fyrirtækið frammi fyrir því að loka fyrir framleiðsluna en stundum er sókn besta vörnin og eftirspurnin sem skapaðist fyrir handsprittið bjargaði því sem bjargað varð ásamt öðru.

Foss Distillery er auk þess framleiðandi fyrir önnur vörumerki svo sem Gin og Vodka. Fyrirtækið er í afar farsælu samstarfi við Globus sem selur vörur þess og dreifir. Rekstrarformið hjá Foss Distillery er í grunninn fjölskyldufyrirtæki og Jakob stendur sjálfur vaktina við annan mann, en svo er hóað í mannskap þegar á þarf að halda til aðstoðar við þökkun og önnur viðvik. Það hillir loks undir betri tíð og Foss Distillery er með ýmis járn í eldinum í sókn sinni til framtíðar. Auk handsprittsins framleiðir fyrirtækið rúðuvökva fyrir Skeljung og hreinsiefni fyrir Rekstrarvörur svo nokkuð sé nefnt. Útflutningur er sömuleiðis hluti af starfseminni og þá er einkum horft til Bandaríkjanna.

Framtíðarsýn

Það er unnið þessa daga með nýjum dreifingaraðilum og vonir standa til að sækja á markaði þar í landi. Önnur framtíðarhugmynd er að nýta það alkóhól sem vinnst úr mysunni síðar meir til vínframleiðslu og draga þannig úr innflutningi á því eins og nú er. Þannig hefur Foss Distillery vaxið frá því að vera lítið sprotafyrirtæki upp í að vera afkastamikið framleiðslufyrirtæki sem hefur haslað sér völl á markaði héraðs sem erlendis. Þrátt fyrir ýmsar dýfur og brotsjó á skömmum tíma þá eru bjartir tímar framundan hjá Jakobi og félögum þar sem mörg áhugaverð og spennandi verkefni eru í þróun.



Björk og Birkir.



Frá fyrstu árunum hjá Freyju.

Freyja



Pétur Thor Gunnarsson, framkvæmdastjóri.

Freyja er elsta starfandi sælgætisgerð á Íslandi. Stofnuð árið 1918 af Magnúsi Þorsteinssyni. Í rúmlega öld hefur sælgæti frá Freyju verið partur af tilveru Íslendinga. Fyrstu framleiðsluvörur Freyju voru „Valencia“ súkkulaðið og Freyju rjómakaramellur og eru Freyju rjómakaramellurnar ennþá í boði í óbreyttri mynd. Í dag framleiðir Freyja sælgæti af öllum stærðum og gerðum og eru framleiðsluvörur Freyju margar hverjar orðnar partur af íslensku þjóðarsálinni. Árið 2020 hjá Freyju var sérstakt ár eins og allsstaðar annarsstaðar í heiminum. Mikið mæddi á landsmönnum og fyrirtækjum og var áhersla Freyju á árinu að halda dampi þrátt fyrir heimsfaraldur og sinna m.a. áfram vöruþróun af fullum krafti, jafnvel gefa örlítið í. Vöruþróunin gekk framúrskarandi vel og hafa margar gríðarlega vinsælar vörur litið dagsins ljós eins og Sterkur Draumur, Djöflar, Stökkir Bananabitar og Stökkir Kókosbitar.

Eigendur og stjórnendur

Freyja er fjölskyldufyrirtæki og starfa u.þ.b. 50 manns hjá fyrirtækinu og hafa fjölmargir starfsmenn starfað lengi hjá fyrirtækinu. Hjónin Ævar Guðmundsson og Ingibjörg Bjarnadóttir eru eigendur Freyju. Pétur Thor Gunnarsson er framkvæmdastjóri Freyju. Hann var ráðinn til fyrirtækisins árið 2015 sem sölu- og markaðsstjóri og hóf störf sem framkvæmdastjóri í upphafi árs 2020.

Starfsemin

Freyja hefur ástríðu fyrir sælgætisgerð og eru framúrskarandi gæði, einstakt handbragð og aldagömul hefð máttarstólpar Freyju og grundvöllurinn að langlífínu. Íslenskt sælgæti er að mörgu leyti algjörlega einstakt og leggur Freyja mikinn metnað í það að viðhalda og vernda þær framleiðsluaðferðir sem skapast hafa á þeim rúmlega 100 árum sem fyrirtækið hefur verið starfandi. Hjá Freyju er í grunninn gríðarleg áhersla lögð á gæði, bragð og hefðir. Aðeins heimsklassa karamellur, súkkulaði og lakkrís er framleiddur og notaður til þess að framleiða helsu vöruerki Freyju, eins og, Draumur, Hrísl, Rís, Freyju karamellur, Djúpur, Bombur, Djöflar, Staur og Villiköttur.

Íslensk súkkulaði og íslenskur lakkrís er að mörgu leyti algjörlega einstakt sælgæti. Vörur eins og Djúpur og Sterkar Djúpur hafa sem dæmi leitt vöruþróun hjá mörgum stærstu sælgætisframleiðendum heims, þar sem þær eru fyrstar sinnar tegundar en nú er hægt að finna samskonar vörur um alla Evrópu. Lakkrís má hinsvegar finna um allan heim og hann er ýmis, sætur, saltur, mjúkur, harður, o.s.frv. Eina leiðin til þess að útskýra íslenskan lakkrís er einmitt að kalla hann íslenskan, þar sem enginn annar lakkrís er eins.

Freyja leggur áherslu á vöruþróun en þó má kappið ekki bera gæðin og bragðið ofurliði. Aðeins eru settar á markað vörur sem Freyja telur að muni skipta máli og muni útvíkka og staðsetja áfram íslenska sælgætisgerð í heimsklassa.

Stærstur hluti af heildarsölu Freyju fer fram á Íslandi en þó hefur Freyja aðeins verið að



Ævar Guðmundsson, eigandi.



Magnús Þorsteinsson, stofnandi Freyju.

Þreifa fyrir sér á mörkuðum erlendis og gengur það vel. Freyja hyggst áfram þreifa fyrir sér á útflutningsmörkuðum þar sem leitað verður tækifæra til þess að efla viðskipti við góða dreifingaraðila svo hægt verði að kynna heimsbyggðinni fyrir einstökum framleiðsluvörum fyrirtækisins.

Aðsetur

Freyja er til húsa á tveimur stöðum í Kópavogi. Verksmiðja fyrirtækisins er á Kársnesbraut og skrifstofa ásamt lager á Vesturvör 36.





Morgunverðarsalurinn á Geiteyjarstönd.

Geitey



Héðinn Sverrisson við dorgveiðar á Mývatni.



Héðinn Sverrisson að matbúa.

Geitey ehf. er fjölskyldufyrirtæki á Geiteyjarströnd í Mývatnssveit. Starfsemi félagsins byggir á þremur stoðum. Landbúnaði, fiskvinnslu og ferðaþjónustu. Starfsemi félagsins byggir á aldagömlum grunni mývetnskrar matvælahefðar. Grunnurinn að starfsemi er vinnsla og reyking á hinum rómaða Mývatnssilungi sem seldur er um land allt, frá Reykhúsinu á Geiteyjarströnd. Samhliða fiskvinnslunni hefur fjölskyldan rekið sauðfjárbú. Um tíma voru um 440 fjár á vetrarfóðrum, en nú hefur fénu verið fækkað talsvert. Sérstaða búans felst í því að um árabíl hafa afurðirnar ekki verið lagðar inn í afurðastöðvar eins og tíðkast í sauðfjárbúskap, heldur eru þær unnar í tengslum við Reykhúsið. Þriðja stoðin er svo gistiheimilið Dimmuborgir, en það var sett á laggirnar árið 2005 og hefur vaxið stöðugt síðan.

Upphafið

Héðinn Sverrisson húsasmiðameistari hefur frá upphafi leitt uppbygginguna á Geiteyjarströnd, en Héðinn fluttist að Geiteyjarströnd ásamt Huldu Finnlaugsdóttur 1971. Fyrstu árin og áratugina einkenndist starfsemin af landbúnaði og veiðiskap í Mývatni, en silungurinn sem veiddist var unninn og seldur. Breyttir tímar kölluðu á breytta hugsun, en þegar veiði þvarr í Mývatni þurftu þau hjónin að leita annarra tekjuleiða, við kennslu, verktöku og annað tilfallandi. Til að missa ekki markaðsaðgengi og halda stöðugu framboði var farið að nýta vinnsluaðferð Mývatnssilungsins á hágæða eldissilung með ágætis árangri. Slíkt gerði kleift að halda uppi framleiðslu án tillits til aðstæðna í vatninu sem um árabíl voru mjög erfiðar. Búreksturinn var rekinn að hluta á Geiteyjarströnd, en samhliða í Reynihlíð, skammt norðan Reykjahlíðarþéttbýlisins og er þar enn. Aðstæður í Mývatnssveit, þar sem fremur lítið er af túnakosti og byggð stendur í um 300 metra hæð yfir sjávarmáli, eru nokkuð erfiðar og árið 2010 var brugðið á það ráð að fækka fé verulega og einblína heldur á verðmætasköpun og almenna ánægju af búskapnum. Nú er almennur rekstur búans á höndum Daða Lange Friðrikssonar, landnýtingar- og búfræðings.

Gistihúsið Dimmuborgir var sett á laggirnar 2005 og hefur verið byggt upp í áföngum af börnum Héðins og mökum þeirra. Árið 2020 samanstóð það af um 60 rúmum í 9 sumarhúsum og 8 herbergjum með baði.

Reykhúsið á Geiteyjarströnd

Reykhúsið á Geiteyjarströnd er landsþekkt fyrir einstakan reyktan Mývatnssilung. Framleiðsluaðferin byggir á aldagamalli hefð. Silungurinn er þverskorinn, þurrksaltaður af kostgæfni, þveginn upp úr köldu vatni og hengdur til þerris. Að því loknu er hann reyktur í 4-5 daga við taðreyk. Aðferð þessi þróaðist á tímum þar sem fyrst og síðast var verið að huga að geymsluaðferð, en hefðin hefur lifað og bragðinu gleyma þeir ekki sem reynt hafa. Héðinn Sverrisson, reykmestari, hefur þróað aðferðina lítillega á síðustu 50 árum en leggur mikla áherslu á að haldið sé í gömlu hefðina um vandlega og rólega meðhöndlun, en stundum



Hverfjall í vetrarbúningi.



Reykhúsið á Geiteyarströnd.

líkir hann afurðinni við handverk eða listaverk fremur en matvæli. Reykhúsið byggði Héðinn árið 1979 og enn er í meginatriðum verið að gera sömu hlutina þar innandyra, rúmum 40 árum síðar.

Að lokinni vinnslu er silungurinn snyrtur, pakkaður og seldur um land allt. Þá er hann ómetanlegur hluti gististarfseminnar og vekur sérstaka athygli erlendra matgæðinga og fólks sem er fróðleiksfúst um sögu og menningu matarins.

Gistiheimilið Dimmuborgir

Ferðamenn hafa sótt Mývatnssveit heim í nokkrum mæli allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. Fjöldi þeirra hefur aukist mikið síðasta áratuginn, en árið 2005 tók fjölskyldan á Geiteyarströnd að taka á móti gestum. Í upphafi voru byggð 4 smáhýsi, með útsýni yfir Mývatn til vesturs en til austurs er Hverfjall ráðandi kennileyti. Á þeim tíma var algengt að gestakomur væru nánast eingöngu bundnar við sumartímann og starfsemin því mjög árstíðabundin.

Smám saman síðustu 15 árin hefur verið byggt við gististarfsemina sem nú er rekin allt árið og rúmar um 60 manns í 9 sumarhúsum og 8 herbergjum með baði. Áherslan hefur frá upphafi verið á að taka einstaklega vel á móti fjölskyldufólki með náttúruupplifun, kyrrð og sveitarómantik í fyrirrúmi. Hápunktur margra er að geta snætt morgunverð sem inniheldur kræsingar frá búinu og Reykhúsinu og notið stórbrotins útsýnis yfir Mývatn.

Í dag

Hjá Geitey starfa á bilinu 4 til 10 starfsmenn á ársgrundvelli við búskap, fiskvinnsluna og ferðaþjónustuna og má segja að reksturinn sé ágætt dæmi um það hvernig fjölskylda getur skapað verðmæti og störf með samblöndu hinna hefðbundnu atvinnugreina og ferðaþjónustu sem hleypt hefur miklu lífi í Mývatnssveit.



Vetrarmynd af bát við Geiteyarstönd.



Norðurljós við Geiteyarströnd.



Gistiheimilið Dimmuborgir.



Tregafull kveðjustund, Embla Ísaksen, Kjartan Ásbjörnsson, Krístrún Urður, Guðmundur Helgi, Viktor Carlsen og Sophie Ornella.

GK Bakarí



Einstaka sinnum var líka bakað brauð í bakaríinu.

GK Bakarí er stofnað af Guðmundi Helga Harðarsyni og Kjartani Ásbjörnsyni í nóvember 2019 og opnaði 2. janúar 2020. Í upphafi voru starfsmenn 7, Kjartan Ásbjörnsson bakari/forstjóri, Guðmundur Helgi bakari/forstjóri, Daníel Sigurðsson bakari/aðstoðarmaður, Sigurlaug Helga afgreiðsla, Guðrún Þóra afgreiðsla, Krístrún Urður afgreiðsla og Katrín Ottesen afgreiðsla. Í árslok voru starfsmenn orðnir 13, allir í afgreiðslu. Ásrún Aldís, Diljá Ósk, Sophia Ornella, Lýdía Líf, Ronja, Daníel Franz og Embla Ísaksen, bakaríið er staðsett við Austurveg 31 þar sem verið hefur starfrækt bakarí síðastliðin 50 ár. Við opnun tók hinsvegar glænýtt viðmót á móti viðskiptavinum þar sem var búið að stækka salinn fyrir viðskiptavini og opna afgreiðsluna í nýttiskulegra viðmót.

Starfseminn

Frá upphafi var lögð áhersla á að kynna fólk fyrir nýjungum og að gera hlutina öðruvísi en áður höfðu sést á Suðurlandinu. Gæði og gott verð voru og eru í fyrirrúmi. Hugmyndin er að baka allan daginn frá morgni til kvölds svo allir geti labbað út með heitt brauð eða bakkelsi, þetta var algjört lykilatriði í uppbyggingu GK. Það var haldið uppá margar hátíðir, til dæmis bolludaginn, öskudaginn, þjóðhátíðardaginn, sjómannadaginn, hrekkjavökuna og að sjálfsgöðu jólin. Allt þetta var haldið eins hátíðlegt og hægt var í miklum takmörkunum vegna COVID-19. Á þessum dögum var vöruúrvali breytt og starfsfólk skartaði hátíðlegum búningum í anda daganna.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn okkar er að halda áfram að gera hlutina á okkar hátt sem gerir okkur sérstaka. Í náninni framtíð sjáum við frammi að stækka staðinn og gera meira, vera með kvöldopnanir og sérstaka viðburði.



Eigendurnir degi fyrir opnun 2. janúar 2020, Kjartan Ásbjörnsson og Guðmundur Helgi.



Heimabakarí

Heimabakarí á Húsavík var stofnað árið 1923 eða fyrir tæpum 100 árum. Það var staðsett á Garðarsbraut 15 og hét þá Brauðgerð Páls Jónssonar. Næstu eigendur voru þau Sigtryggur Pétursson og Helena Línal en þau kaupa brauðgerðina árið 1936. Kaupfélag Þingeyinga kemur svo inn í reksturinn hjá þeim árið 1947 og fékk fyrirtækið þá nafnið Brauðgerð K.Þ hf.. Síðan hafa um það bil 3 til 4 mismunandi eigendur verið að fyrirtækinu uns hjónin Hálfán Sveinbjörn Kristinsson og Brynja Ósk Stefánsdóttir kaupa fyrirtækið af Bakaríinu við brúna á Akureyri um áramótin 2014/2015. Þau eru semsagt núverandi eigendur og reka bakaríið en Brynja er framkvæmdastjóri Heimabakarís. Bakaríið hefur ávallt verið handverksbakarí og fagnað jafnri þróun gegnum árin. Steingrímur Sigurðsson fyrrum eigandi fyrirtækisins tók á leigu sal við hlið þess og opnaði þar kaffihús árið 2012. Núverandi eigendur keyptu svo þennan sal árið 2016 og er hann nú hluti af bakaríinu og enn er þar rekið kaffihús, sem nýtur vinsælda bæjarbúa.

Starfsemin

Heimabakarí selur vörur og sendir til nokkurra fyrirtækja í í bænum og nágrenni. Má þar nefna sjúkrahúsið, elliheimilið, Norðlenska og Norðursiglingu. Ennfremur njóta Nettó og Krumbúðin á Húsavík og í Mývatnssveit slíkrar þjónustu frá Heimabakarí.

Heimbakaríið fær aðföng sín og hráefni frá heildsölum innanlands. Vöruval er fjölbreytt og eru vörunúmerin yfir 200 talsins. Helstu vöruflokkar eru brauðin sem telja 8 til 10 tegundir og eru í boði daglega, ilmandi fersk og nýbökuð. Þá verður sérstaklega að nefna laufbrauðið sem fylgt hefur Heimabakaríi í fjölda ára. Það nýtur mikilla vinsælda og er sent til viðskiptavina víða um land. Þeir sem bragðað hafa laufbragðið láta það ekki framhjá sér fara og kaupa það árlega. Heimabakarí er eina bakarí Húsavíkur.

Starfsfólk og aðsetur

Að jafnaði starfa 8 til 10 manns við fyrirtækið allt árið en bætt er í yfir sumarið og þá fjölga starfsmönnum í 15 til 18 manns. Reyndar hefur bæst við starfsmannafjöldan í takt við vöxt fyrirtækisins. Heimabakarí er til húsa að Garðarsbraut 15 á Húsavík og er opið frá kl. 7 á morgnana til kl. 17 alla virka daga. Á laugardögum er opið frá kl. 8 til kl. 16. Lokað er á sunnudögum á veturna. Bakaríinu var haldið opnu á með heimsfaraldurinn geisaði og farið var að reglum Almannafráttanna um sóttvarnir. Sætum var fækkað á kaffihúsinu sem og starfsfólki.

Framtíðarsýn

Heimabakarí stendur traustum fótum í dag og eigendur eru bjartsýnir á framtíð þess.

Samfélagsmál

Heimabakarí hefur sýnt samfélagslega ábyrgð í verki með stuðningi við íþróttafélagið Völsung sem og ýmis góð málefni.



Brynja Ósk Stefánsdóttir og Hálfán Sveinbjörn Kristinsson.





Höfuðstöðvar Góu, Garðahrauni 2, Garðabæ.

Góa

Eitt öflugasta fyrirtækið í íslenski sælgætisframleiðslu, Góa, fagnar um þessar mundir 50 ára afmæli en fyrirtækið var opinberlega stofnað þann 1. janúar 1968 af Karli Ágústssyni og Helga Vilhjálmsyni. Helgi starfar enn sem framkvæmdastjóri Góu, sem er í dag næststærsti sælgætisframleiðandi landsins.

Sagan

Til að byrja með byggði starfsemin á einni karamelluvél en brátt jókst umfang rekstrarins. Árið 1970 var flutt úr Súðarvogi niður á Grandaveg 33 en þar hófst árið 1973 framleiðsla á Hraun-súkkulaðinu sem upp frá því hefur skipað veglegan sess sem vinsælasta framleiðsluafurð fyrirtækisins. Í kjölfar þess fylgdi síðan framleiðsla á annari kunnuglegri vöru, kókossúkkulaðinu Æði. Árið 1975 var flutt yfir í eigin nýbyggingu að Reykjavíkurvegi 72 í Hafnarfirði. Þar fór starfsemin fram til ársins 1986 en á sama tíma var iðnaðarhverfi Hraunanna norðan við sömu götu í hraðri uppbyggingu. Góa fékk inni með aðsetur í 1.200 fm² húsnæði að Bæjarhrauni 24 en þrátt fyrir stórt umráðasvæði kom brátt sú stund að starfsemin sprengdi allt utan af sér. Það mátti ekki síst rekja til þess hve umfang framleiðslunnar jókst árið 1993 þegar sælgætisgerðin Linda á Akureyri var sameinuð rekstrinum. Með samrunanum bættust við t.d. Lindubuff og Conga ásamt hinu ástsæla Lindusúkkulaði. Önnur sameining átti sér síðan stað árið 2002 þegar rekstur lakkrísgerðarinnar Driftar var keyptur í heild sinni en með því bættist t.d. Appollo-lakkrís inn í vöruflóruna. Núverandi aðsetur Góu er í 7.000 fm² rúmgóðu húsnæði að Garðahrauni 2 í Garðabæ en þangað fluttist starfsemin árið 2005.

Framleiðslan

Sælgætisframleiðsla Góu hefur verið í stöðugri framþróun og sífellt leitað leiða við að auka fjölbreytni í vöruflórinni. Skemmst er að minnast pipar-æðisins sem greip þjóðina fyrir nokkru, en Góa var í forystu þegar kom að því að framleiða sælgæti sem innihélt hið vinsæla piparduft. Hraunbitar og Æðibitar í kössum þykja orðið ómissandi í bæði útilegur og samkvæmi. Smágert „bland í poka“ sælgæti er bæði framleitt í verksmiðjunni og innflutt frá fjöldamörgum löndum. Af rótgrónum sælgætistegundum framleiðslulínunnar eru helst nefndar Toffí, Prins, Flórída og Brak, að ógleymdum dökkum og ljósum California-rúsínum og hinum sígildu súkkulaðikúlum. Síðan 1995 hefur fyrirtækið sífellt lagt meiri rækt við framleiðslu á páskaeggjum og aukið töluvert á markaðshlutdeild sína að því leyti. Nánari upplýsingar um fjölbreytta vöruflóru Góu má nálgast inni á heimasíðunni, www.goa.is.


Starfsfólk og meðaltalsvelta

Hjá Góu starfa að jafnaði um 50 manns og hafa sumir þeirra verið hjá fyrirtækinu í yfir 40 ár.





Helgi Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri.





Fiskidagurinn mikli á Dalvík 2019, Grímur og Ásta María með hjálparkokkum helgarinnar.



Grímur kokkur á Vigartorgi í Vestmannaeyjum gefur eyjamönnum fiskistangir.

Grímur kokkur



Grímur Gíslason og Ásta María Ástvaldsdóttir við afhendingu á viðurkenningunni Fjöreggið 2017.

Fyrirtækið Grímur kokkur ehf. er staðsett í Vestmannaeyjum og var stofnað í lok ársins 2005 og voru stofnendur bræðurnir Gísli Matthías Gíslason, stjórnarformaður og Grímur Þór Gíslason, framkvæmdastjóri. Starfsemin hófst í leiguhúsnæði við Eiði 14 og framleiddi fyrirtækið ýmsa fisk- og grænmetisrétti sem það gerir enn í dag. Markmið fyrirtækisins er og hefur verið að framleiða aðeins fyrsta flokks vöru úr fyrsta flokks hráefni sem er bæði holl, bragðgóð og fljótlegt að framreiða. Árið 2006 fjölgaði eigendum um tvo, Ástu Maríu Ástvaldsdóttur, eiginkonu Gríms og einn bróðir til viðbótar, Sigmar Gíslason. Í desember árið 2012 flutti félagið í eigið húsnæði að Hlíðarvegi 5 og í kjölfarið jókst vöruúrvalið umtalsvert. Verkefni fyrirtækisins voru orðin umfangsmikil og var talið nauðsyn að ráða inn framkvæmdastjóra í stað Gríms Þórs Gíslasonar. Grímur Þór hafði einnig gengt hlutverki framleiðslustjóra og þar af leiðandi verkefni hans orðin of mörg. Mikilvægt þótti að hann gæti sinnt betur sínu sérsviði bæði í vöruþróun og annarri hugmyndavinnu. Í lok ársins 2014 var utanaðkomandi framkvæmdastjóri ráðinn. Um mitt árið 2014 fjölgaði eigendum enn frekar. Félagið Mars ehf. kom inn með aukið hlutafé en félagið er í eigu hjónanna Þórðar Rafns Sigurðssonar og Ingigerðar Eymundsdóttur. Í dag eru eigendur þír, Grímur Þór Gíslason, Ásta María Ástvaldsdóttir, stjórnarformaður og Mars ehf.

Vinnulag og framleiðsluferli

Okkar markmið er að framleiða hollan og fljótlegan heimilismat eins og t.d. fiskibollur eins og amma gerði þær og er okkur mikið í mun að þær líti út og bragðist eins og heimagerðar og þegar farið var að auka tækjakost var það skilyrði að útlitið héldist höfum við því haldið sérstöðunni þrátt fyrir framþróun í tækjum og á það einnig við reykofn sem við festum kaup á. Frá stofnun fyrirtækisins hefur verið mikil framþróun í öllu vinnsluferli fyrirtækisins er það helst að nefna gott húsnæði og fullkomnari vélræstur.

Fyrirtækið hefur í gegnum tíðina unnið að mörgum áhugaverðum samstarfsverkefnum með ýmsum aðilum. Flest verkefni hafa unnist í samstarfi við Matis og er eitt árangursríkasta verkefnið fyrir Grím kokk hingað til er Evrópuverkefni þar sem unnið var að því að bæta við Omega-3 fitusýrum í tilbúna rétti. Unnið var með tvo rétti en annar þeirra er í dag þriðja hæsta söluvara Gríms kokks. Í dag er fyrirtækið að vinna að verkefni sem snýr að því að bæta við próteini í tilbúna rétti er það einnig Evrópuverkefni og lofar það góðu.

Fyrirtækið hefur, undanfarin fimm ár, verið í samstarf við Marhólma ehf. með vinnslu á reykningum hrogna. Grímur kokkur vinnur í verktakavinnu þar sem hann reykir og sýður hrogn fyrir þá, en þeir selja hrognin annars vegar til Bretlands og hins vegar til Grikklands. Undanfarið ár hefur Grímur kokkur verið í samstarfi við Clearce ehf. en það fyrirtæki sérhæfir sig í útlutningi á tilbúnum fiskafurðum til ýmissa landa. Grímur kokkur hefur ekki mikla þekkingu eða reynslu af mörkuðum erlendis og því mikilvægt fyrir okkur að vera í samstarfi við fyrirtæki sem sérhæfir sig á því sviði.



Plökkfiskur Gríms kokks.



Fiskisúpa Gríms kokks.

Skipulag og sérstaða

Grímur kokkur sérhæfir sig í framleiðslu á tilbúnum fisk og grænmetisréttum ásamt humarsúpu og sjávarréttasúpu til sölu í verslunum, mötuneytum og veitingastöðum.

Nálægð fyrirtækisins við gjöful fiskimið teljum við vera mikinn kost þegar kemur að hráefnis öflun og fullvinnsla og sem best nýting á hráefninu hefur alltaf verið grundvallarhugsun fyrirtækisins

Framtíðarsýn

Grímur kokkur stefnir alltaf að því að verða fyrsti valkostur í vali neytenda í tilbúnum réttum. Ýmis tækifæri eru innan seilingar fyrir fyrirtækið til að vaxa og þróast. Þó eru takmarkaðir vaxtamöguleikar að hluta til á innanlandsmarkaði.

Á innanlandsmarkaði er helsti vaxtarmöguleiki fyrirtækisins í stóreldhúsum og mötuneytum. Fyrirtækið á auðvelt með að bregðast við með nýjungum og þróa rétti í samvinnu við þarfir viðskiptavina hverju sinni. Á smásölumarkaði er samkeppnin mikil þar sem margir eru að framleiða sömu vörur og takmarkaðir möguleikar að koma með nýjungar inn í stóru matvöruheðjurnar. Fyrirtækið býr þó yfir þeirri sérstöðu að hafa þróað rétti sem innihalda lítið af óþolsvöldum og er opið fyrir framleiðslu á þeim réttum sem þjóðfélagið í dag kallar eftir. Vegna smáðar íslenska markaðarins er nauðsynlegt fyrir starfsemi fyrirtækisins að skoða markaði erlendis.

Aðsetur

Aðalstarfsemi Gríms kokks er að Hlíðarvegi 5 í Vestmannaeyjum. Í húsnæðinu fer fram öll framleiðsla ásamt vöruþróunavinnu. Einnig er skrifstofa fyrirtækisins staðsett í sama húsnæði. Grímur kokkur er einnig með starfsstöð á höfuðborgarsvæðinu. Um haustið 2017 var ákveðið að leigja lagerhúsnæði í lðnbúð í Garðabæ. Það var gert til að auka þjónustustig við viðskiptavinum og að afhendingaröryggi yrði tryggt. Mikið hafði borið á því að samgöngur milli lands og eyja höfðu verið stopular og því mikilvægt að eiga lager á fastalandinum til að minnka óvissu.

Mannauður og starfsmannamál

Grímur kokkur hefur á undanförunum árum verið með að staðaldri um 17 starfsmenn.

Á síðustu misserum hefur fyrirtækið farið í ýmsar hagræðingar bæði í vinnslu og þökkun ásamt því að sjá sjálf um útkeyrslu til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu og hefur þar af leiðandi orðið fækkun á starfsmönnum. Tveir starfsmenn eru með aðsetur í lðnbúð í Garðabæ, sölustjóri og sölumaður. Í Vestmannaeyjum eru aðrir starfsmenn með aðsetur, framkvæmdastjóri, framleiðslustjóri, gæðastjóri og aðrir starfsmenn.



Harpa Dögg Grímsdóttir kynnir vörur frá Grími kokk.



Ljómbílinn.

Kjarnavörur



Kjarnavörur hf. Miðhrauni 16, Garðabæ.

Kjarnavörur hf. var stofnað 17. ágúst 1989 af Guðjóni Rúnarssyni og Óttari F. Haukssyni. Fyrirtækið var stofnað í kjölfar þess að Sultu- og efnagerð bakara lagði niður starfsemi sína. Í upphafi fór starfsemi fyrirtækisins fram í leiguhúsnæði að Lynghálsi 7 og voru starfsmenn þess sjö talsins. Árið 1990 flutti fyrirtækið starfsemi sína í 791 fermetra húsnæði að Bæjarhrauni 4 í Hafnarfirði og fer framleiðsla fyrirtækisins enn fram þar. Á árunum 2002-2006 festu Kjarnavörur hf. kaup á fituvörudeild Sól/Víkings, smjörlíkisgerðinni Akra, majónes- og sósugerðinni Vega og sósugerðinni Trompvörum. Í janúar 2012 keyptu Kjarnavörur hf. Úrvals - Eldhús, sósudeild. Vegna aukningar á starfsemi Kjarnavara hf. flutti fyrirtækið höfuðstöðvar sínar að Miðhrauni 16 í Garðabæ. Starfsmenn Kjarnavara hf. eru nú um 34 talsins og helstu vörumerkin eru Ljómi, Smyrja, Kjarna, Vega og Úrvals. Árið 1992 keypti danska fyrirtækið Dragsbæk Margarinefabrik A/S 50% hlut í Kjarnavörum hf. Tilgangur sölunnar var að styrkja stoðir fyrirtækisins með hagstæðari hráefnisinnkaupum og tækniþekkingu. Áramótin 1999-2000 keypti fyrirtækið síðan hlut Óttars F. Haukssonar og þann 1. júní sama ár lét hann af störfum sem framkvæmdastjóri og var Guðjón Rúnarsson ráðinn í hans stað. Eftir þau kaup er eignahlutur Dragsbæk Margarinefabrik A/S 67,57 % og eignarhlutur Guðjón Rúnarssonar er 32,43 %. Þann 1. mars 2000 keyptu Kjarnavörur 51% hlutfjár í Innbak hf. Innbak er innflutningsfyrirtæki sem sérhæfir sig í hráefnum til bakara, t.d. geri, brauðablöndum, hjálparefnum og fræjum. Framkvæmdastjóri Innbaks hf. er Laufey Berglind Þorgeirsdóttir. Í lok ársins 2014 festu Kjarnavörur hf. kaup á 67% hlut í Nonna Litla ehf. Nonni Litli er framleiðslufyrirtæki sem framleiðir aðallega sósur og salöt. Framkvæmdastjóri Nonna Litla ehf. er Ragnar Þór Ragnarsson. Árið 2016 keypu Kjarnavörur hf. Ísbúð Vesturbæjar ehf. Ísbúð Vesturbæjar á og rekur fimm ísbúðir. Framkvæmdastjóri Ísbúðar Vesturbæjar ehf. er Katla Guðjónsdóttir.

Starfsemin

Kjarnavörur hf. er leiðandi í framleiðslu á smjörlíki, viðbiti og steikingarfeiti ásamt því að framleiða sultur, ávaxtagrauta, majónes, sósur, dressingar og ísblöndu. Enn fremur felst stór hluti framleiðslunnar í því að sérframleiða vörur fyrir önnur fyrirtæki, t.d. Hamborgarafabrickuna, Sóma/Jumbó, Eldum rétt, Foodco, Exotic Investments, Hamborgarabúlluna, Shake & Pizza, Hunts, Krónuna, Bónus, Eðalfisk, Ópal Sjávarfang og Costco.

Helstu vörur sem Kjarnavörur hf. framleiðir fyrir neytendamarkað eru: smjörlíki, viðbit, ávaxtagrautar, sultur, majónes, sósur, dressingar og ísblöndur. Helstu vörur sem Kjarnavörur hf. framleiðir fyrir bakarí, veitingahús, stóreldhús og ýmis framleiðslufyrirtæki í matvælaíðnaði eru: hræismjörlíki, rúllusmjörlíki, steikingarfeiti, hjúp-súkkulaði, sultur, ávaxtagrautar, majónes, sósur og dressingar. Kjarnavörur hf. selja einnig innflutt hráefni, s.s. repjuolíu, kókosolíu, tómatpúrru, eggjarauður, salt, sykur og fleira til annarra framleiðslufyrirtækja í matvælaíðnaði. Stjórn Kjarnavara hf. skipa þeir, Guðjón Rúnarsson, Ásmundur Ingvarsson, Katla Guðjónsdóttir, Mogens Nielsen, Borge Hove og Christian Munk.



Úrvinnslusál og pökkun.





Valdimar Hafsteinnsson, forstjóri Kjörís og Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjörís.

Kjörís



Fyrirtækið Kjörís var stofnað 21. Júní 1968 af bræðrunum Hafsteini, Guðmundi og Sigfúsi Kristinssonum og bræðrunum Gylfa og Braga Hinrikssonum. Fyrirtækið var reist á grunni Ostagerðarinnar sem Hafsteinn hafði stofnað og rekið í tvö ár þar á undan í Hveragerði eftir að hann hafði lokið námi í mjólkurverkfræði í Danmörku og Noregi.

Þann 31. Mars 1969 fóru vörur í fyrsta sinn á markað og markar sá dagur upphaf starfssemi fyrirtækisins. Fyrstu vörurnar voru vanillu,- súkkulaði- og núggatís í pappaöskjum. Síðar bættust við íspinnar, ísboltar, ístertur og frostpinnar.

Hafsteinn var framkvæmdastjóri fyrirtækisins frá stofnun og allt þar til hann lést skyndilega þann 18. apríl 1993 aðeins 59 ára að aldri. Hefur sonur hans Valdimar Hafsteinnsson iðnaðartæknifræðingur stýrt fyrirtækinu síðan. Eigendur í dag eru systkinin Aldís, Valdimar, Guðrún og Sigurbjörg Hafsteinsbörn.

Starfsemi

Starfsemi Kjörís byggir á framleiðslu á ís, íssósum og tengdum vörum auk innflutnings á ís. Kjörís sér einnig um dreifingu á Mars-, Snickers- og Bountyís.

Kjörís hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin og hefur til merkis um það verið byggt níu sinnum við fyrirtækið allt eftir efnum og ástæðum. Fyrsta húsnæðið var liðlega 250 fm að stærð en í dag hefur Kjörís yfir að ráða rúmlega 5.000 fm. Í Hveragerði þar sem öll framleiðsla fer fram. Í upphafi störfuðu sjö manns hjá fyrirtækinu en nú árið 2021 eru starfsmenn um fimmtíu talsins. Hjá fyrirtækinu starfa fimm mjólkurfræðingar.

Í upphafi voru vörutegundir liðlega tíu en nú árið 2021 eru vörutegundir Kjöríss rúmlega tvö hundruð. Má þar helst nefna Mjúkís, Hlunka, Lúxuspinna, Pakkaís, Flaugar, sérskeyttar ístertur, kúlúis, ísblöndu fyrir ísvélar, íssósúr og ísdýfu.

Kjörís dreifir framleiðslu sinni um allt land og hefur til þess tólf frystibíla. Tveir sölumenn eru staðsettir á Akureyri og sjá þeir um Norður- og Austurland.

Kjörís hefur alla tíð lagt mikla áherslu á að framleiða gæðavöru sem stenst fyllilega samanburð við það besta í öðrum löndum. Kjörís var eitt fyrsta matvælafyrirtækið á Íslandi sem tók upp innra gæðaeftirlitskerfið GÁMES árið 1995. Kjörís leggur mikla áherslu á stöðuga vöruþróun og er kappkostað að koma með spennandi nýjungar á hverju ári.

Í lok árs 2010 var Valdimar Hafsteinnsson framkvæmdastjóri Kjöríss valinn „Maður ársins“ í íslensku viðskiptalífi af tímaritinu Frjálsri verslun. Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri gegndi formennsku á stjórn Samtaka iðnaðarins og stjórnarmennsku í Samtökum atvinnulífsins frá 2014-2020.

Markmið

Það er markmið Kjöríss að halda áfram að bjóða Íslendingum upp á gæðavöru á gleðistundum.





Kjöris í Hveragerði.





Glæsilegt kjötborð.

Kjötkompaní



Jón Örn Stefánsson, eigandi og matreiðslumeistari.

Kjötkompaní ehf. var stofnað í september 2009 eða á þeim tíma sem hrunið hófst og var markmiðið að viðskiptavinir þess gætu komið í verslunina og valið úr gæðamatvöru sem unnin væri af fagfólki. Stofnendur og eigendur Kjötkompaní ehf. eru Jón Örn Stefánsson, matreiðslumeistari og eiginkona hans Hildur Sigrún Guðmundsdóttir. Í þeirra höndum hefur Kjötkompaní vaxið og dafnað allt frá sofnun. Í upphafi voru starfsmennirnir einungis tveir en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu 11 árum og núna eru rúmlega 50 manns starfandi hjá fyrirtækinu. Vöruúrvalið hefur fallið vel í kramið hjá viðskiptavinum og nú rekur Kjötkompaní tvær verslanir, önnur er í Dalshrauni í Hafnarfirði og hin á Granda í Reykjavík en þriðja verslunin er í burðarliðnum. Auk þess rekur fyrirtækið vinsæla veislubjónustu, kjötvinnslu og hágæða eldhús.

Eigin framleiðsla tryggir gæði

Hjá Kjötkompaní er lögð áhersla á að bjóða viðskiptavinum upp á allra ferskasta hráefni sem í boði er hverju sinni. Fyrirtækið hefur góð tengsl við framleiðendur og fær hluta af vörum sínum beint frá bónda. Smám saman hefur verið bætt við vöruúrvalið og til að tryggja gæðin er nánast allt það sem boðið er upp á í verslununum tveimur unnið frá grunni í fyrirtækinu. Kjötkompaní framleiðir því forrétti, aðalrétti, meðlæti og eftirrétti í eldhúsi sínu ásamt súpum, sósum, salötum og ýmsu öðru góðgæti. Kjötkompaní selur einnig sérinnfluttar vörur frá Toscana á Ítalíu sem standast allar þær gæðakröfur sem Kjötkompaní gerir en það eru góðar jómfrúarolíur ásamt öðrum olíum, olífur, pasta, margar tegundir af pastasósum sem eru sérlagaðar fyrir Kjötkompaní, osta, álegg ásamt ýmsum öðrum vörum. Allar þessar vörur eru valdar af mikilli kostgæfni til að sælkerar og áhugafólk um matargerð geti gengið að gæðunum vísam í hillunum hjá Kjötkompaní.

Heildarlausnir fyrir viðskiptavinina

Viðskiptavinir geta leitað til Kjötkompaní með stuttum fyrirvara og fengið allt sem þarf í heila máltíð því þar er hægt að velja úr úrvali af kjöti, allt meðlæti eins og sósur, kartöflur og salat, ásamt úrvali af eftirréttum og forréttum. Það eina sem á þá eftir að gera er að steikja kjötið, hita kartöflurnar og sósunu og leggja á borð og því er tilvalið að kíkja í Kjötkompaní ef halda skal veislu. Eftirspurn eftir tilbúnum réttum frá Kjötkompaní hefur aukist mikið og er því í dag hægt að nálgast sífellt meira úrval af slíkum réttum bæði í verslununum og einnig í stórmörkuðum. Í amstri hversdagsins er gott að geta boðið uppá góða máltíð á skömmum tíma.

Veislubjónusta

Veislubjónusta Kjötkompaní hefur vaxið hratt enda vinsælt að fá tilbúnar veitingar í veislur hvort heldur það eru smáréttahlaðborð sem haldin eru árið um kring, jólahlaðborð fyrir jólahátíðina eða grillveislur að sumri til. Veislubjónustan var alltaf hluti af hugmyndinni því



Jón Örn Stefánsson og Hildur Sigrún Guðmundsdóttir fyrir framan Kjötkampaní á Granda.

Það vantaði á markaðinn sterka búð með gæðahráefni sem gæti einnig boðið viðskiptavinum uppá heildarlausnir fyrir veislur af öllum tegundum. En Kjötkompaní leggur mikið uppúr upplifun gestanna og að fara fram úr væntingum þeirra. Búðin og veisluþjónustan spila mjög vel saman þar sem veisluþjónustan getur virkað sem góð kynning fyrir búðirnar og öfugt. Í upphafi rekstursins var lagt allt í að skila toppvöru frá okkur og fá gott umtal á markaðnum og ennþá er haldið í þá stefnu.

Fagmennska í fyrirrúmi

Hjá fyrirtækinu er mikil áhresla lögð á fagmennsku og er velgengni fyrirtækisins því að þakka að þar hefur ávallt verið gott fagfólk að störfum. Kjötkompaní hefur skapað sér sérstöðu með því hvernig við meðhöndlum kjötvörurnar og hvaða vörur eru keyptar inn. Það er vandað vel í innkaupum og lagt mikið upp úr því að kjötið í kjötbörðinu sé alltaf fyrsta flokks. Kjötvörurnar eru vel undirbúnar áður en þær eru settar fram í búðina en nautakjötið er til að mynda látið hanga að lágmarki í 25 daga áður en það fer í sölu. Vöruframboðið hjá Kjötkompaní breytist töluvert eftir árstíðum. Á sumrin er áhersla lögð á að bjóða upp á góðan grillmat og grillpakka en þegar hausta fer er hafist handa við undirbúning fyrir jólin. Mikil hefð hefur skapast fyrir Wellington nautalundinni en hún er orðin fastur liður á hátíðarborðum fjölda landsmanna um jólin. Einnig býður Kjötkompaní uppá eigin framleiðslu á nokkrum tegundum af paté og ýmsum öðrum kræsingum fyrir hátíðirnar og í raun allt árið um kring.

Framtíðin er björt

Kjötkompaní lítur á það sem góðan mælikvarða að verið sé að gera hlutina rétt þegar viðskiptavinirnir koma aftur og aftur í verslanirnar og jafnframt er það hvatning til að gera enn betur, hvað getum við gert betur í dag en í gær er setning sem oft er sögð í Kjötkompaní. Markmiðin fyrir Kjötkompaní eru skýr en þau snúast að því að viðskiptavinirnir geti gengið að gæðunum vísun með því að vera stöðugt að þróa vöruúrvalið, bjóða upp á nýjungar og gott úrval af gæðamatvöru og framúrskarandi þjónustu.



Kjötkompaní í Dalshrauni í Hafnarfirði.



Verslunin Granda.



Eigendurnir Vala Lee Jóhannsdóttir og P. Magnús Nielsson Hansen á skrifstofunni.



Magnús Nielsson að móta buff og setja í rasp ásamt Irina Razvadovska sem tekur á móti og raðar á plötur.

Kræsingar



Júlíana Jónsdóttir, skrifstofustjóri að taka við og skrá niður pantanir.



Ágúst Örn Guðmundsson, framleiðslustjóri að fara yfir pantanir fyrir morgundaginn.



Tryggvi H. Halþórsson í uppvaskinu.

Fyrirtækið Gæðakokkar nú Kræsingar var stofnað á Blikstöðum 2, í júní 1999 af hjónunum Völu Lee Jóhannsdóttir og P. Magnúsi Nielssyni martreiðslumeistara og eru þau í stjórn fyrirtækisins. Fyrirtækið er staðsett að Sólbakka 11 í Borgarnesi.

Sagan

Markmiðið var að stofna matvælaframleiðslu á unnum aukaefnalausum vörum. Fyrsta framleiðsla fyrirtækisins var lambahakkabuff og var það svo fyrsta árið, enda bara tvö að vinna meðfram annari vinnu. Næsta skref var að kaupa form frá Ástralíu og hefja framleiðslu á bökum. Fyrirtækið óx og dafnaði og við bættum smá saman vörutegundum við framleiðsluna en héldum fast í að framleiða aukaefnalausar vörur. Einnig höfum við verið með þorramat sem við framleiðum sjálf, ásamt veisluþjónustu. Árið 2007 fluttum við fyrirtækið hingað upp í Borgarnes úr Mosfellsbænum þar sem húsnæðið var sprungið utan af okkur. Við keyptum iðnaðarhúsnæði sem við löguðum að okkar þörfum. Bættum og breyttum steiptum vegg og gólf, máluðum og malbikuðum bílaplanið. Allt var komið á fullt skrið hjá okkur og starfsfólk orðið átta manns. Síðan kom fjármálahrundið, við komumst í gegn um árið án stórra áfalla. Náðum að gera samning við búðirnar um vörulínu sem við seldum í 800 gr pakkningum, alls konar bollur og buff og grænmetisrétti. Árið 2008 opnuðum við kjötbúð til að selja vörurnar okkar í og hún var opin í u.þ.b. eitt ár. Það gekk ekki upp og við ákváðum að loka henni, síðan héldum við henni opinni um sumarið á eftir, en það gekk ekki eftir og við endanlega lokuðum henni. Allt fór að rúlla aftur og gekk starfsemin mjög vel og starfsmenn orðnir 12. Árið var 2013, í lok febrúar urðum við fyrir meiriháttar áfalli sem reið næstum fyrirtækinu að fullu. Við vorum sökuð um að vera með kjötlaustar nautabökur, urðum að segja öllum upp vinnunni og skera niður. Fengum við mjög óréttmæta umfjöllun í fjölmiðlum. Í kjölfarið neyddumst við til að skipta um nafn á fyrirtækinu. Við tók langt ferli þar sem við kærðum Matvælastofnun og er þetta búið að ganga í sjö ár, við höfum með herkjum haldið okkur á floti síðan þetta gerðist. Nú er loksins komin úrskurður frá hæstarétti og við vorum dæmd saklaus af öllum ákærunum, og fengum við greiddar bætur. Þetta er búið að vera mjög erfitt bæði fyrir fjölskylduna og starfsfólk sem við gátum ráðið aftur (þrír sem við gátum ráðið aftur). Magnús fór að vinna annarstaðar. Heilsan mín hrundi og ég þurfti að hætta og tengdasonurinn tók við öllu, þangað til Magnús kom aftur fyrir tveimur árum síðan. Nú hafa málaferlin klárast og við fengið uppreist æru. Svo nú er bara að halda áfram og glæða fyrirtækið lífi aftur.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýnin er ekki langt frá því sem hún var í byrjun en við stefnum enn á aukaefnalausar vörur og að auka við vörutegundirnar og þá jafnvel að auka við grænmetislínu fyrirstækisins og fara jafnvel út í vegan. Þetta verða spennandi tímar framundan og sjá hvað framtíðin ber í skauti sér. Í dag vinna 4 manns við fyrirtækið og bókarí sem kemur u.þ.b vikulega. Sömu eigendur eru frá því að fyrirtækið var stofnað. Ágúst Örn Guðmundsson hefur komið inn í fyrirtækið meira og meira en hann er bakari og tengdasonur þeirra hjóna sem stofnuðu fyrirtækið þar sem Vala hefur hætt daglegum rexti þá vantaði einhvern til að brúa það bil svo hann og Magnús reka fyrirtækið saman.



Lindabakarí

Lindabakarí var opnað 17. október 1999 af Guðna Hólmi Stefánssyni og Hjálfríði Jóhannsdóttur undir nafninu Kökuhornið í Bæjarlind 1-3 í Kópavogi. Þau áttu bakaríð saman í eitt og hálf ár en eftir það hefur Guðni átt bakaríð einn. Guðni er bakameistari og er aðalbakarinn í Lindabakarí. Frá byrjun hefur bróðir Guðna, Einar Hólm Stefánsson verið bakari í Lindabakarí. Nafninu var breytt úr Kökuhorninu í Lindabakarí árið 2017. Árið 2019 voru opnuð tvö ný bakarí sem áður voru í eigu Kornsins í Ögurharfi 3 og Tjarnavöllum 15. Ásamt Guðna og Einari eru í dag þrír aðrir bakarar sem starfa í Lindabakarí.

Starfsemin

Fyrstu tvö árin var aðaláherslan sett á bakaríð en eftir það varð vinnslan meiri þar sem byrjað var að selja bakkelsi til skóla, veitingastaða og búða. Einnig býður Lindabakarí uppá að keyptar séu kökur fyrir sérstök tilefni og veisluþjónustu sem hægt er að fá senda á staðinn. Vinnulag hefur haldist svipað frá upphafi en reynt er að halda í við nýjungar. Þar sem fleiri eru er orðnir meðvitaðir um heilsuna þá hefur Lindabakarí reynt að halda í við það eins og að vera með súrdeigsbrauð og fleiri hollari valkosti. En það sem sker Lindabakarí úr er flatbrauðið og salötin. Það er tiltölulega nýbúið að opna tvö bakarí og þar af leiðandi sjáum við fram á að við munum reyna að halda okkar striki, halda vel utan um bakaríin þrjú og reyna að taka inn nýjungar þegar við á. En eigum ekki von á stórum breytingum í bráð.

Aðsetur og starfsfólk

Aðalstarfsemin er í Bæjarlind 1-3, það er að segja að allt er bakað þar og svo er keyrt bakkelsi á hina staðina á hverjum degi. Í Bæjarlind eru 22 starfsmenn ýmist í fullu eða hluta starfi, í Ögurharfi eru 13 starfsmenn í hluta starfi og á Tjarnavöllum eru 10 starfsmenn ýmist í fullu eða hluta starfi.





Höfuðstöðvar Lýsis, út á Granda.

Lýsi



Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis, ásamt Ólafri Ragnari Grímssyni.

Lýsi hf. er íslenskt fyrirtæki sem var stofnað árið 1938. Starfsemin hefur frá upphafi byggst á framleiðslu þorskalýsis og hefur ætíð verið í fremstu röð framleiðslufyrirtækja í heiminum. Tilkoma nýrra verksmiðja árin 2005 og 2012 hefur svo tryggt fyrirtækinu forystu á sínu sviði um ókomin ár. Verksmiðjurnar gera fyrirtækinu kleift að bjóða upp á fjölbreytt úrval lýsisafurða í hæsta gæðaflokki.

Aðalverksmiðja og höfuðstöðvar Lýsi hf. eru í Reykjavík, en þess utan er fyrirtækið með lifrabræðslu og hausapurrkun í Þorlákshöfn. Þá á Lýsi hf. niðursuðuverkmiðjuna Akraborg. Áhrif sjávarfangs á líkamann eru vel þekkt og hafa verið studd vísindalegum rökum. Áhrifin eru að mestu rakin til Omega-3 fjölömettuðu fitusýranna EPA og DHA. Líkaminn getur ekki framleitt Omega-3 fitusýrur sjálfur og þarf því að fá þær úr fæðunni. Neysla lýsis og fiskmetis er ein besta leiðin til að sjá líkamanum fyrir Omega-3. Snemma á síðustu öld voru heilsusamleg áhrif D-vítamíns uppgötvuð. Þar sem þorskalýsi er ein mesta náttúrulega uppspretta D-vítamíns varð það fljótt vinsælt hráefni til framleiðslu vítamínsins. Í lok 7. áratugarins var svo sýnt fram á áhrif Omega-3 fitusýra úr sjávarfangi, einkum EPA og DHA, á hjarta- og æðakerfi. Síðan þá hafa þúsundir rannsóknarstaðfest mikilvægi Omega-3 fitusýra. Hin síðari ár hafa rannsóknir einnig beinst að DHA og tengslum fitusýrunnar við þroska fósturs, sér í lagi við þroska heila og taugakerfis.

Stofnun Lýsis

Lýsisævintýrið hófst árið 1936, með skeyti frá E. C. Wise hjá lyfjafyrirtækinu Upjohn í Michigan í Bandaríkjunum. Skeytið var stílað á Tryggva Ólafsson og í því var spurt hvort hann gæti útvegað þorskalýsi. Upjohn hafði fram að þessu keypt lýsi frá Noregi, en þurfti að finna annan birgja eftir að hlutfall A- og D-vítamína í norska lýsinu hafði skyndilega hrapað. Tryggvi átti ekki verkmiðju en hann átti hentuga lóð. Hann hélt því ásamt eiginkonu sinni til Noregs árið 1937 til að kaupa tæki. Verkmiðjan tók svo formlega til starfa 10. janúar 1938.

Sagan

1938-1957 - Eftirspurnin eftir A- og D-vítamíni, og þar með þorskalýsi, var mikil og Lýsi varð fljótlega stærsti framleiðandi þorskalýsis á Íslandi. Megnið af framleiðslunni var flutt út til Bandaríkjanna, en á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar sömdu ríkisstjórnir Íslands og Bretlands um að Bretar fengju að kaupa helming framleiðslunnar á meðan á stríðinu stæði. Um 1950 dró verulega úr eftirspurn eftir þorskalýsi og verðið féll.

1958-1977 - Erlendi markaðurinn fyrir þorskalýsi var áfram erfiður, en þrátt fyrir það skilaði LÝSI hagnaði. Á þessum árum hófst framleiðsla á kaldhreinsuðu þorskalýsi í neytendapakkingum. Um 1960 var rannsóknarstofu komið á laggirnar og reglubundnar rannsóknir á þorskalýsi hófust. Æ síðan hefur heimamarkaðurinn gegnt mikilvægu hlutverki í þróun nýrra vara, og reynslan síðan verið flutt yfir á aðra markaði.



Stjórnstöð Lýsis.



Lýsistunnur



Verksmiðjan.

1978-1997 - Árið 1979 komust vísindamenn að því að neysla lýsis dregur úr líkum á hjarta- og æðasjúkdómum. Þetta hafði mikil áhrif á almenning og vinsældir þorskalýsis jukust á ný. LÝSI lagði á þessum árum síaukna áherslu á rannsóknar- og þróunarstarf með þeim árangri að fyrirtækið er nú leiðandi þekkingarfyrirtæki hvað varðar ómega-3 og notkun þess.

1998- Undanfarna áratugi hefur salan aukist hratt og rannsóknir og þróun verið öflugri en nokkru sinni áður. 2005 og 2012 voru nýjar verksmiðjur teknar í notkun, búnaur fullkomnustu tækjum sem völ er á. Sölu- og markaðsstarf LÝSIS hefur borið góðan árangur sem meðal annars sýnir sig í því að árið 2007 fékk LÝSI Útflutningsverðlaun forseta Íslands Umhverfismál hafa verið og eru fyrirtækinu hugleikin sem meðal annars lýsir sér í því að Lýsi hf. tekur við öllu því sem fellur til frá þorskinum utan flaksins sjálfs og gerir úr því verðmæti. Lýsi hf. er með sjálfbærnivottanir frá Marine Stewardship Council (MSC) og Friends Of the Sea (FOS).

Unnið er eftir ströngum gæðastöðlum til að tryggja gæði framleiðsluvaranna. Helstu gæðastaðlar eru FSSC22000 ásamt GMP/API sem er staðall fyrir lyfjaframleiðslu.

Stjórn Lýsis

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, stjórnarformaður, hefur átt sæti í stjórn félagsins frá árinu 1999 og hefur gegnt stöðu stjórnarformanns allan þann tíma.

Magnús Magnússon, stjórnarmaður, lauk cand ocean prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og masterprófi í alþjóðaviðskiptum frá Norges Handelshøyskole árið 1994. Katrín Pétursdóttir, forstjóri og stjórnarmaður, hefur verið forstjóri Lýsis frá 1999 þegar hún keypti fyrirtækið. Katrín lauk prófi í iðnrekstrarfræði frá Tækniskóla Íslands árið 1988. Frá 17 ára aldri starfrækti Katrín fyrirtækið Hnotskurn, sem verslaði með smávarning af ýmsu tagi, en seldi það árið 1988. Árið 1991 stofnaði hún ásamt foreldrum sínum Erlu Tryggvadóttur og Péttri Péturssyni fyrirtæki undir sama nafni í Þorlákshöfn til vinnslu þorskausa til útflutnings. Fyrirtækið var sameinað Lýsi árið 2004. Katrín hefur setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja og félagasamtaka, s.s. Viðskiptaráðs Íslands, Háskólans í Reykjavík, Bakkavarar, Glitnis og Ísal. Pétur Júlíus Gunnlaugsson, varamaður í stjórn, lauk ML-námi í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2020 og var skiptinemi við University of Glasgow árin 2018-2019.

Starfsmenn

Starfsmenn Lýsis eru tæplega 150 talsins í hinum ýmsu deildum fyrirtækisins. Í heimsfaraldrinum hefur þurft að gæta þess að fara að öllum reglum Almannafráttanna um sóttvarnir. Hefur það óneitanlega haft áhrif á starfaskipulag fyrirtækisins frá einum tíma til annars síðasta árið.

Samfélagsleg ábyrgð

Lýsi hf. sýnir samfélagslega ábyrgð með því að styðja við menningarstarf og iþróttir.



Lýsisflöskur.



Lýsisperlur.



Stjórn Mjólkursamsölunnar ásamt Ara Edwald, forstjóra 2018-2019.

Mjólkursamsalan



Elin M. Stefánsdóttir, stjórnarformaður Mjólkursamsölunnar.



Staðsetningar stöðva Mjólkursamsölunnar.



Haldór Ingi Steinsson, dreifingarstjóri Mjólkursamsölunnar.

Mjólkursamsalan (MS) er rekstrarfélag mjólkuriðnaðarinnar á Íslandi. Fyrirtækið er í eigu Auðhumlu (85%) og Kaupfélags Skagfirðinga (15%). Auðhumla er samvinnufélag 550 kúabænda og fjölskyldna þeirra víðs vegar um landið. Mjólkursamsalan í núverandi mynd hefur starfað frá 2007. Höfuðstöðvar félagsins eru á Bitruhálsi 1 í Reykjavík. Fyrirtækið rekur fimm framleiðslustöðvar; í Reykjavík, Búðardal, á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Um 400 manns vinna hjá Mjólkursamsölnni í fjölbreyttum störfum en starfsmenn koma frá um tuttugu þjóðríkjum. Mjólkursamsalan er eitt stærsta dreifingarfyrirtæki landsins og fer í 80.000 heimsóknir til bænda árlega. Framleitt er úr 150 milljón lítrum af mjólk, rúmlega 500 vörunúmer. Öflug vöruþróun á sér stað árlega innan fyrirtækisins sem setur um 30 nýjar vörur á markað á hverju ári.

Tilurð Mjólkursamsölunnar

Mjólkursamsalan í núverandi mynd hefur starfað frá 2007. Fyrirtækið varð til við hagræðingu í mjólkuriðnaðinum sem hófst skipulega um miðjan tíunda áratuginn þegar stjórnvöld ákváðu að lækka þyrfti kostnað við vinnslu á mjólk. Sameinaðist rúmur tugur félaga í mjólkuriðnaði í færri einingar næsta áratuginn. Sem dæmi sameinaðist Mjólkursamsalan í Reykjavík, Mjólkurbí Flóamanna árið 2005 undir nafninu MS eftir samstarf árin á undan. Mjólkursamlag Ísfirðinga var selt til MS árið 2006. Árið 2000 runnu Mjólkursamlög KEA og Húsavíkur saman við Grana, sem var einkahlutafélag í eigu bænda, undir nafni Norðurmjólkur. Þessar sameinuðu mjólkurvinnslur runnu síðar saman og mynduðu Mjólkursamsölnuna, sem einnig tók yfir starfsemi sem verið hafði í Osta- og smjöröslunni. Elsta fyrirtækið í sameinaðu félagi, Mjólkursamlag KEA, var stofnað á sérstökum fulltrúafundi Kaupfélagsins 4. september 1927.

Starfsemi

Starfsstöðvar Mjólkursamsölunnar eru sérhæfðar en auk framleiðslunnar eru teymi að störfum við fjölbreytt verkefni meðal annars rannsóknarstörf og gæðaeftirlit, vöru- og mjólkurflutninga og að sinna viðhaldi á tæknibúnaði og bílum.

MS Reykjavík: höfuðstöðvar og aðalskrifstofur, vörlager og ostapökkun.

MS Selfoss: stærsta einstaka starfsstöðin innan MS. Helstu verkefni eru pökkun á neyslumjólk og framleiðsla á margvíslegum sýrðum og ferskum vörum. Á Selfossi fer jafnframt fram framleiðsla á skyri, G-vörum, smjöri, viðbiti og mjólkurdufti.

MS Akureyri: sinnir mjólkurátöppun, smjörgerð, jógúrt- og súrmjólkurframleiðslu. Ostagerð (brauðostar, sérostar, mysuostar, rjómaostar, kotasæla og bræddir ostar). Auk þess er framleidd ýmis smávara á Akureyri, s.s. Hrísmjólk, grjónagrautur, ostakökur, óhrært skyr og Smámál.

MS Búðardal: sinnir allri mygluostaframleiðslu fyrirtækisins. Einnig eru framleiddir þar sérostar, s.s. Cheddar, Havarti og Fetaostur auk framleiðslu á LGG+ og Benecol.

MS Egilsstaðir: Helsta framleiðsluvaran er Mozzarellaostur, en einnig er framleiddur Ricotta-ostur og kryddsmjör.



Mjólkursamsalan tekur þátt í Þjóðþrifum.

Framhald á næstu opnu →

Dótturfélög og hlutdeildarfélag

Mjólkursamsalan á hlut í fjórum félögum með sjálfstæðar stjórnir. Þau eru: Ísey útflutningur ehf. sem er í eigu Mjólkursamsölnunnar. Ísey útflutningur hefur umsjón með allri erlendri starfsemi MS. Fyrirtækið starfar í dag með samstarfsaðilum í 17 ríkjum. Aðal vörumerki Ísey útflutnings er Ísey skyr. Framleiðsla á Ísey skyr er áætlað að verði á ný stöðum í heiminum eftir árið 2020.

Íslenskar mysuafurðir ehf. í helmings eign á móti Kaupfélagi Skagfirðinga. Fyrirtækið tekur á móti meira en 50 milljón lítrum af ostamysu sem fellur til við framleiðslu á ostum hjá félögnum og vinnur úr því próteinduft og bráðum einnig etanol og væntanlega dýrafóður. Ísey Skyr Bar sem leigir rekstrarleyfi fyrir Ísey Skyr Bar veitingastaði.

Icelandic Provisions, félag í Bandaríkjunum sem framleiðir skyr með íslenski aðferð og íslenskum skyrgerlum fyrir þarlandan markað.



Vaka og Haraldur, bændur Dagverðareyri.

Vöruþróun

Mjólkursamsalan hefur ávallt lagt áherslu á framsækna nýsköpun og vöruþróun. Vöruþróunarstefna Mjólkursamsölnunnar er margþætt og lýtur að hollustu þeirra matvæla sem MS framleiðir og kröfum markaðarins þar um. Árlega koma um 30 nýjar vörur á markað hjá fyrirtækinu sem hafa margar hverjar gegnum árin hlotið viðurkenningu á matvælasýningum erlendis.

Ríkari áhersla á umhverfismál

Mjólkursamsalan leggur áherslu á gæðaframleiðslu í sátt við náttúruna og umhverfið, enda eru umhverfismál meðal forgangsmála fyrirtækisins. Mjólkursamsalan setti sér markmið árið 2015 í loftlagsmálum, vatnsverndar- og frárennismálum sem og markmið um umbúðum, aðfanganotkun og fasts úrgangs. Starfsfólk fyrirtækisins horfir í sífellt ríkari mæli á það hvar hægt er að hnika til og breyta í starfseminni svo umhverfisspor þess séu mörkuð af ábyrgð.



Jónína Einarsdóttir og Gísli Hauksson, bændur Stóru-Reykjum.

Minni sóun og betri hráefnisnýting

Árið 2017 var í samstarfi við Kaupfélag Skagfirðinga opnuð ný verksmiðja í eigu fyrirtækjanna sem staðsett er í Skagafirði. Íslenskar mysuafurðir á Sauðárkróki framleiðir hágæða próteinduft úr mysunni sem fellur til við framleiðslu osts. Þar er nú framleitt úr um 50 milljón lítrum af mysu sem áður fóru til spillis og auk próteinduftsins er stefnt að framleiðslu etanóls á árinu 2020. Sóun nýtanlegra hráefna minnkaði þannig í framleiðslu fyrirtækjanna og eftir að framleiðsla á etanóli hefst mun nást fullkomin nýting á mysu sem áður var hellt niður og í framhaldi rennur aðeins vatn til sjávar eða um 42,4 milljón lítrar. Þessi verksmiðja nýtir eingöngu hráefni sem áður var hellt niður og tekst á við vandamál sem áður skapaðist við förgun á mysu, áhrif þess á frárennislisrör og umhverfisáhrif á lífríki. Er þarna um að ræða eitt stærsta skref í umhverfismálum sem matvælaframleiðsla hér á landi hefur tekið í langan tíma.



Kristín Halldórsdóttir, bústjóri á Akureyri.



Mjólkursamsalan styður kokkalandslíðið.



Öflug vöruþróun er stöðugt í gangi hjá fyrirtækinu.

Vistvæn orka

Á síðastliðnum árum hefur Mjólkursamsalan lagt áherslu á að draga úr orkunotkun í framleiðslu og annarri starfsemi. Fjárfest hefur verið í nýjum tækjum sem nota minna af orku eða umhverfisvænni orku. Mjólkursamsalan kaupir vottaða raforku frá Fallorku. Árið 2015 var lokið við að endurnýja hluta búnaðar við duftframleiðslu svo nú nýtir hann rafmagn en ekki olíu eins og áður. Árið 2020 tekur Mjólkursamsalan lokaskref svo að öll gufuframleiðsla sem er svo mikilvæg í mjólkurvöruframleiðslu verður framleidd úr vistvænni orku.

Innlend endurvinnsla á plasti sem fellur til

Mjólkursamsalan tekur þátt í verkefninu Þjóðþríf. Fyrirtækið safnar plasti sem til fellur í framleiðslu sinni til þess að senda í innlenda plastendurvinnslu í Hveragerði. Í vinnslunni er aðeins notast við umhverfisvæna orkugjafa í endurvinnslunni, jarðvarma og orku frá affallsvirkjun en engin kemísk efni. Plastið er svo mótað í vörur sem hægt er að nota endurunnið plast í eins og vörubretti. Endurvinnsla á plasti með þessum hætti skapar kolefnismótvægi.

Jafnlaunavottun

Mjólkursamsalan hefur öðlast jafnlaunavottun sem gildir 2020-2023. Úttekt í fyrirtækinu gekk vel og sýndi að launarmunur heildartekna var mjög lítill eða 1,5% konum í vil.

Nýsköpun og samfélagsleg þátttaka

Mjólkursamsalan og forverar hennar hafa lengi stutt við nærsamfélagið gegnum margvísleg verkefni eins og að beita sér fyrir eflingu móðurmálsins í yfir aldarfjórðung. Þá veitir fyrirtækið árlega stuðning til félagsamtaka á borð við Landsbjörgu og mæðrastyrksnefndir en Mjólkursamsalan hefur líka styrkt Kokkalandslíð Íslands þar sem fyrirtækið sér að matarmenning gegnir sífellt stærra hlutverki í ímynd landsins. Skeyr sem dæmi er orðið þáttur í þeirri ímynd líkt og ostur er fyrir Sviss og hluti af því sem gerir Ísland áhugavert ásamt íslenskri náttúru. Mjólkursamsalan styður einnig við nýsköpun í landbúnaði og matvælaíðnaði. Það tekur á sér ýmsar myndir svo sem með samstarfi við stofnanir en einnig með þátttöku í Landbúnaðarklasanum og aðstoð við frumkvöðla beint. Sjálfbærni hefur þar verið leiðarstef.

Neysla Íslendinga á mjólkurvörum

Íslendingar neyta mikið af mjólkurvörum en neyslumynstur hefur breyst nokkuð á liðnum árum. Landsmenn neyta minna magns af drykkjarmjólk en þeim mun meira af ostum og smjöri. Þessi breyting kallar á aukna mjólkurframleiðslu, en um 10 lítra af mjólk þarf til að framleiða eitt kíló af osti og rúma 20 lítra af mjólk þarf til að framleiða eitt kíló af smjöri. Í heildina hefur mjólkurframleiðsla því aukist á Íslandi sem var rúmlega 100 milljón lítrar um 1990 en er í dag um 150 milljón lítrar.



Neysla Íslendinga á ostum hefur aukist.

Íslensk kúabú

Um 550 kúabú eru á Íslandi sem eru staðsett hringinn í kringum landið. Meirihluti þeirra er á Suðurlandi og Norðurlandi. Þau eru flest lítil fjölskyldubú á alþjóðlegan mælikvarða og hafa að meðaltali um 50 kúr. Ísland á heimsmet í hlutfalli mjólkur sem kemur frá mjaltapjónum en meira en þriðja hvert fjós er með mjaltapjón. Rúmlega 26 þúsund kúr eru á Íslandi og mjólkar hver þeirra að meðaltali um 6.400 kíló af mjólk á ári. Mikil vinna hefur átt sér stað hjá íslenskum bændum í uppbyggingu og tæknivæðingu til þess að auka framleiðslugetu. Þeir þættir sem hafa skipt mestu eru fódrun, aðbúnaður og árangur í kynbótastarfi. Íslenskum kúm hefur því fækkað undanfarna áratugi en nyt þeirra aukist um tugi prósentu.

Íslenska kýrin

Uppruni íslensku kýrinnar hefur verið rakinn aftur til landnáms um 874 en hún er skyld norsku kýni. Öll mjólkurframleiðsla í landinu byggist á þessu landnámskyni. Íslenska mjólkurkýrin er smávaxin og meðalkýrin vegur aðeins um 470 kg. Kýrnar eru marglitar og hafa fjölbreyttari liti en nokkur annar nautgripastofn í Evrópu. Stofninn hefur sex viðurkennda grunnliti: rauðan, svartan, bröndóttan, kolóttan, gráan og sægráan sem allir hafa sín blæbrigði. Íslenska kýrin getur haft horn en í dag er lítið um hyrndar kúr vegna markviss úrvals síðustu áratugi.

Jpanska parið, Nori og Asaki buðu uppá Ísey skyr í brúðkaupi sínu í Japan.





Unnur María Rafnsdóttir og Helgi Eiríksson.



Elva Rún Óðinsdóttir við afgreiðslu í bakaríinu.

Nesbrauð



Eiríkur Helgason, framkvæmdastjóri ásamt aðstoðarbakara.

Við Nesveg í Stykkishólmi má finna bakaríð Nesbrauð sem er byggt á gömlum grunni, því rekið hefur verið bakarí í Stykkishólmi frá árinu 1904. Í október 2015 kaupir Karl Þór ehf. félagið Nesbrauð ehf. og tóku hjónin Eiríkur Helgason og Unnur María Rafnsdóttir ásamt fjölskyldu við rekstri Nesbrauðs í byrjun árs 2016. En fram að þeim tíma hafði Eiríkur stundað sjóinn frá því hann var 14 ára gamall. Ástæða kaupanna var til að tryggja fjölskyldunni vinnu. Eiríkur er forstjóri Nesbrauðs og Helgi framkvæmdastjóri. Meðstjórnendur þeirra eru Borghildur Eiríksdóttir og Unnur María.

Reksturinn

Þegar þau hófu reksturinn þá höfðu þau áhuga á því að gera reksturinn fjölbreyttari. Stækkuðu þau húsnæðið með því að byggja við það 60 fm veitingaskála og er í dag rekið bakarí og kaffihús sem tekur um 50 manns í sæti.

Í gegnum tíðina hafa vöruliðir Nesbrauðs aukist og breyst í takt við breyttar neysluvenjur nýrra tíma. Boðið er upp á gott úrval af nýbökudum hágæða brauðum, m.a. súrdeigsbrauð og heilsuþbrauð. Einnig gott úrval af bakkelsi, nýsmurðum samlokum og brauðsalötum að ógleymdri súpu dagsins. Svo má ekki gleyma veisluþjónustunni og nestisþökkunum.

Brauðklefnn

Fyrir utan bakaríð er símaklefi sem Unnur María fékk upp í hendurnar og fékk hún þá hugmynd um að gefa honum nýtt líf og nýjan tilgang sem „Brauðklefnn“. Þannig að á kvöldin og á nóttinni er hann nýttur sem sjálfsafgreiðslubakarí til þess að koma í veg fyrir matarsóun. Þetta hefur vakið mikla athygli og gengið mjög vel en með þessu eiga allir kost á því að fá nýtt brauð eða bakkelsi, á meðan birgðir endast, þó svo að þeir hafi ekki getað komist í bakaríð á opnunartíma. En eftir hefðbundin opnunartíma Nesbrauðs þá er hann fylltur af ýmis konar vörum sem seldust ekki yfir daginn og getur fólk komið og orðið sér útum dýrindis bakkelsi sem það greiðir fyrir með því að setja pening í bauk eða þá með því að leggja inn á reikning Nesbrauðs.

Framtíðarsýn

Það er alltaf nóg að gera og samanstendur kúnnahópurinn aðallega af heimamönnum og nærsveitungum, fyrirtækjum á Snæfellsnesi og sunnanverðum Vestfjörðum. Bónusinn er svo ferðamenninir, sér í lagi yfir sumartímamann en þá er fjöldinn allur af ferðamönnum sem leggur leið sína í gegnum bæinn.



Nesbrauð við Nesveg í Stykkishólmi.



Helgi að útbúa rjómatertu.



Verið að búa til bláberjasnúða.

Unnur María Rafnsdóttir í kökugerð.





Starfsmenn Nonna litla 2021.

Nonni litli



Ragnar Þór Ragnarsson, framkvæmdastjóri.

Nonni litli ehf. á rætur sínar að rekja til þess þegar Kjarnafæði og Júmbó samlokugerð stofnuðu fyrirtækið árið 2004. Árið eftir keypti Ragnar Þór Ragnarsson hlut Júmbó og hefur allar götur síðan verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Svo gerist það í lok árs 2014 að Kjarnavörur keyptu hlut Kjarnafæðis. Þannig að í dag eiga Kjarnavörur og Ragnar Þór fyrirtækið.

Nonni litli

Nafn fyrirtækisins hefur vakið athygli, en það vísar í Jón Sveinbjörn Kristjánsson (Nonna litla) en hann var tíður gestur á æskuheimili Kjarnafæðisbræðra, Eiðs og Hreins, frá því að þeir voru ungir drengir. Eiður fékk hugboð um að nefna fyrirtækið Nonna litla og bar það upp við samstarfsfólk sitt og það samþykkt án frekari vafninga.

Starfsfólk

Fastráðnir starfsmenn eru sex talsins um þessar mundir og eru flestir iðnmenntaðir á matvælasviði enda gerðar miklar kröfur um fagleg vinnubrögð og vandaða framleiðslu.

Framleiðslan

Framleiðslan fer nú fram að Þverholti í Mosfellsbæ og hefur raunar verið þar frá upphafi. Með stofnun Nonna litla má segja að Kjarnafæði og Júmbó hafi komið úr sitt hvorri áttinni með sitt framlag í framleiðsluna sem síðar varð. Kjarnafæði kom með hrásalat, kartöflusalat og sósar sem fram að því hafði verið framleiðsla þeirra. Júmbó kom með brauðsalöt inn í samstarfið á sínum tíma – salöt sem þeir höfðu framleitt til að nota á samlokurnar í sinni framleiðslu. Nú eru helstu framleiðsluvörur sósar og salöt eins og verið hefur frá upphafi en hin síðari ár hefur hefur framboðið aukist hvað varðar fjölbreytni einstakra tegunda. Því til viðbótar eru sérframleiddar ýmiskonar vörur á þessu sviði samkvæmt óskum einstakra viðskiptavina.

Framtíðarsýn

Í framtíðarsýn fyrirtækisins verður áfram haldið á þeirri braut að bjóða viðskiptavinum upp á enn fjölbreyttari vörur sem standast ströngustu kröfur um gæði og vandaða framleiðslu. Á þeim grunni hefur verið unnið undanfarin ár og það hafa viðskiptavinir okkar kunnað vel að meta.



Örn að störfum við þökkun á salati.



Þorleifur Reynisson, bakari.



Henry Þór Reynisson, bakari.

Reynir bakari

Reynir Þorleifsson, bakari, var einn helsti frumkvöðull atvinnuuppbyggingar í Kópavogsdalnum, á tíunda áratug síðustu aldar. Frá árinu 1994 hefur verið starfrækt þar handverksbakari, brauðgerð og kaffihús undir skírnamafni hans eða einfaldlega Reynir bakari sem hann ásamt konu sinni rak, allt þar til hann féll frá árið 2019 en tóku þá synir þeirra, þeir Þorleifur Karl og Henry Þór við rekstrinum. Þeir bræður lærðu báðir bakararaiðn hjá föður sínum ungir að aldri og hafa unnið meira og minna við bakstur alla tíð. Bakarið er með sínar höfuðstöðvar að Dalvegi 4, en eitt minna útibú er einnig rekið í verslunarmiðstöð Hamraborgar. Hjá Reyni bakara starfa að jafnaði um 20 manns. Fyrirtækið býður einnig upp á kaffihlaðborð fyrir ýmis tækifæri, en allar nánari upplýsingar er að finna inn á: www.reynirbakari.is

Æviágrip

Reynir fæddist í Vestmannaeyjum árið 1952 og lærði sína iðn þar hjá Sigurmundi Andrésyni í Magnúsarbakaríi. Eftir eldgosíð í Heimaey árið 1973 hélt hann til Hafnarfjarðar og kláraði sitt síðasta ár sem lærlingur í Snorrabakarí, en á árunum 1974-1990 var starfað hjá Bernhöftsbakarí og jafnframt farið með eignahlut þar. Eftir þetta hófst merkilegur tími, þar sem bakstrinum var gefið frí og unnið hjá Evert Evertssyni í Efnagerð Laugarness, en þar var á ferðinni heildverslun sem sérhæfði sig í miðlun og kynningu á tækjum og framleiðsluvörum til bakaría og brauðgerða. Reynir starfaði þarna í fjögur ár, kynntist vel öllu nýjabrumi í bakstursiðn og öðlaðist nýja sýn á hana, auk þess sem hann sótti fjölda námskeiða erlendis.

Bakarí í eigin nafni

Með þessu lagði Reynir Þorleifsson rækilega grunninn að eigin rekstri, í eigin nafni. Fyrirtækið Reynir bakari ehf. er síðan opinberlega stofnað þann 1. febrúar 1994, en fyrsta aðsetrið opnaði í leiguhúsnaði við Kleifarsel í Breiðholti. Árið 1995 var haldið þaðan yfir í núverandi húsnaði að Dalvegi 4, en á þeim tíma var Kópavogsdalurinn eyðilegt athafnasvæði og fannst því mörgum sem þetta væri fátánleg staðsetning fyrir bakari. Reynir vissi þó sínu viti og hafði þá nýlega kynnt sér úthugsað framtíðarskipulag væntanlegrar helstu verslunaræðar Kópavogs, sem tók á sig mynd með opnun Smáratorgs árið 1997. Framhaldið þekkja síðan allir.

Eftirsótt handverk

Á þessum 26 árum hefur handverk Reynis bakara áunnið sér virðingarverðan sess hjá Kópavogsbúum og nærsveitungum, sem margir hverjir taka á sig langa leið til þess að komast í eftirsótt úrvalið af einstökum brauðum, bakkelsi og kökum enda allt gert á staðnum frá grunni og mikil áhersla lögð á að neytendur njóti þess allra besta í hráefnum og kornmeti sem völ er á. Einnig hefur Henry Þór Reynisson sérhæft sig í einstari konfekt- og súkkulaðigerð sem slegið hefur heldur betur í gegn en súkkulaðigerð þeirra er rekin á efri hæð bakarísins og afraksturinn seldur t.a.m. í bakaríinu. www.henrythor.is



Reynir Þorleifsson, bakari.





Konfektinu pakkað.

Nói-Síríus

Húsnæðið á Barónstíg og myndir frá fyrstu árum starfseminnar.



Það var árið 1920 sem fimm félagar, fullir af eldmóði og óbilandi bjartsýni, stofnuðu fyrirtæki sem hlaut nafnið Brjóstsykursgerðin Nói. Þetta voru þeir Gísli Guðmundsson, Loftur Guðmundsson, Eiríkur Bech, Hallur Þorleifsson og Þorgils Ingvarsson sem jafnframt var fyrsti framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Eiríkur varð fyrsti starfsmaður félagsins en hann tók við sem framkvæmdastjóri 1924 og starfaði sem slíkur í þrjátíu ár. Fyrirtækinu óx fljótt fiskur um hrygg og sprengdi utan af sér kjallaraherbergið á Óðinsgötu sem upphaflega hústi starfseminna. Var þá reist verksmiðjuhús við Smiðjustíg en í kjölfar þess hófst framleiðsla á saft, soja og gosdrykkjum.

Árið 1924 eignaðist eitt öflugasta verslunarfélag þess tíma, H. Benediktsson og Co., meirihluta í Brjóstsykursgerðinni Nóa og jók það enn styrk félagsins en aðaleigandi var Hallgrímur Benediktsson. 1930 keypti Nói sápuverksmiðjuna Hrein og stóru þáttaskilin urðu svo þegar fyrirtækið eignaðist dönsku súkkulaðiverksmiðjuna Síríus árið 1933. Fyrirtækin Nói, Síríus og Hreinn voru þó enn rekin í sitthvoru lagi en fluttu saman í nýtt húsnæði við Barónsstíg. Á sama tíma hófst framleiðsla á Síríus súkkulaðinu sem glatt hefur bragðlauka landsmanna allar götur síðan. Í kjölfarið bættist Nóa konfektíð í hópinn og páskaegginn ómissandi litu dagsins ljós um svipað leyti. Um miðja öldina hófst svo framleiðsla á lakkrístöflum en þekktastar þeirra eru hinar sívinsælu Tópas töflur.

Ingileif Bryndís Hallgrímsdóttir tók við sem stjórnarformaður Nóa árið 1954, aðeins 35 ára gömul. Þetta þóttu nokkur tíðindi enda afar fátítt að konur sætu í stjórnnum íslenskra fyrirtækja, hvað þá að þær væru stjórnarformenn. Ingileif gegndi formennsku til ársins 2004 þegar hún lét af störfum, 85 ára að aldri, en þá tók við stjórnarformennsku dóttir hennar Áslaug Gunnarsdóttir. Hallgrímur Björnsson, efnaverkfræðingur, tók við sem forstjóri 1955 og innleiddi miklar umbætur í gæðamálum, umbætur sem enn í dag má sjá merki um í þeirri stefnu fyrirtækisins að velja allt hráefni af kostgæfni. Gæðavara fæst víst ekki nema úr góðu hráefni.

Vöruval Nóa og Síríus hélt áfram að stækka eftir því sem leið á síðustu öld og samhliða óx markaðshlutdeildin. 1970 gekk Ísland svo í EFTA en það hafði í för með sér stórukna samkeppni því innflutningsbanni á innflutt sælgæti var aflétt. Innflutningur jókst jafnt og þétt, eftir því sem tollar voru afnumdir, en íslenskir sælgætisframleiðendur stöðust áhlaupið vel. Nói Síríus – fyrirtækin tvö voru loks sameinuð árið 1977 – brást við samkeppninni með aukinni áherslu á vöruþróun sem allar götur síðan hefur skipað stóran sess í starfseminni. Tvö af eftirlætis vörumerkjum þjóðarinnar, Nóa Kropp og Eitt Sett, urðu einmitt til í kjölfarið.

Árið 1995 var tekin ákvörðun um að Nói Síríus skyldi eingöngu verða matvælafyrirtæki. Starfsemin sem tilheyrði Hreini var seld og þar með hætti fyrirtækið afskiptum af þeim markaði. Í lok árs 1995 festi Nói Síríus kaup á Opal og þar með bættust þekktar vörur eins og Opal, Trítlar og Háls molar við hina ört vaxandi Nóa Síríus fjölskyldu.



Starfsfólkið fyrir utan Nóa-Síríus á Hesthálsi.



Súðusúkkulaðinu pakkað.

Vöruþróun og útflutningur

Á nýrri öld hefur Nói Síríus haldið áfram að vera leiðandi fyrirtæki á íslenskum matvælamarkaði. Vöruþróun skipar sífellt stærri sess hjá fyrirtækinu og nýjungar líta reglulega dagsins ljós í hillum verslana, Íslendingum til mikillar ánægju. Og það eru ekki einungis Íslendingar sem gleðjast því útflutningur er stór og vaxandi liður í starfseminni. Að auki hefur rík áhersla verið lögð á að kynna íslenskar sælgætishefðir fyrir erlendum ferðamönnum sem hafa tekið vörum fyrirtækisins fagnandi.

Auk þess að framleiða allar þær sígildu vörur sem lifað hafa með þjóðinni í áratugi er Nói Síríus umboðsaðili fyrir fjölmörg vinsæl erlend vörumerki, eins og Kellogg's morgunkorn, Pringles flögur og Valor súkkulaði. Fyrirtækið hefur vaxið með þjóðinni í rúma öld og er hvergi nærri hætt. Vörurnar streyma af færiböndunum, sælkerum þessa lands til ómældrar ánægju.

Starfsmannamál og aðsetur

Nói Síríus leggur mikla áherslu á aðbúnað og réttindi starfsfólks en stór liður í því er jafnlaunastefna fyrirtækisins sem tryggir öllu starfsfólki jöfn laun og kjör fyrir sömu eða jafngild störf. En ábyrgðinni sleppir ekki þar. Það er nefnilega ekki heiglum hent að rækta kakóbaunir á norðurhveli jarðar og því eru kakóbaunirnar sem notaðar eru í Síríus súkkulaði ræktaðar á Filabeinsströndinni. Framleiðslu í fjarlægum heimshluta fylgir mikil ábyrgð og því er Nói Síríus partur af Cocoa Horizons verkefni en það þýðir að kakóhráefnið er ræktað á ábyrgan hátt með sjálfbærni að leiðarljósi.

Hjá Nóa Síríus starfar samhentur hópur um 130 starfsmanna sem hefur það sameiginlega markmið að gleðja bragðlauka þjóðarinnar. Fyrirtækið hefur nær alla sína sögu verið í eigu sömu fjölskyldunnar sem eru afkomendur Hallgríms Benediktssonar en árið 2021 keypti norska fyrirtækið Orkla ASA félagið og núverandi forstjóri er Lasse Ruud-Hansen. Framleiðsla fyrirtækisins fer fram í glæsilegum húsakynnum þess að Hesthálsi 2-4.





Hús Nýju kaffibrennslunnar ehf. við Tryggvabraut á Akureyri.

Nýja kaffibrennslan



Kaffi pakkað í neytendaumbúðir.

Kaffiframleiðsla á sér tæplega 90 ára sögu á Akureyri en þar er starfsemi Nýju kaffibrennslunnar ehf. sem stofnuð var með sameiningu Kaffibrennslu O. Johnson & Kaaber og Kaffibrennslu Akureyrar árið 2000. Nýja kaffibrennslan ehf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu fyrir íslenskan kaffimarkað og þjónustu við kaffiunnendur hér á landi.

Starfsemin

Starfsemin rekur sögu sína allt aftur til ársins 1924 þegar heildverslunin O. Johnson & Kaaber hóf að framleiða kaffi í Reykjavík. Akureyringar eignuðust líka sína eigin kaffibrennslu árið 1931 en hún var rekin í fyrstu af Akureyringnum Stefáni Árnasyni. Nokkrum árum síðar fjölgaði hluthöfum í fyrirtækinu, meðal annars með aðild SÍS og KEA að fyrirtækinu, og fékk það þá nafnið Kaffibrennsla Akureyrar hf.

Á þessum tíma tíðkaðist heimabrennsla á kaffi en smám saman fór versmiðjuframleidda kaffið að njóta hylli íslenskra kaffineytenda með norðenska Braga kaffið og sunnlenska Kaaber kaffið í broddi fylkingar. Síðarnefnda kaffið sótti nafn sitt til framleiðandans en aldrei hefur verið vitað til fullnustu hvaðan nafnið á Braga kaffinu kom. Líklegasta skýringin þykir þó sú að það hafi verið sótt til verslunarborgarinnar Braganca í Brasilíu.

Vörur

Auk kaffiframleiðslunnar framleiddu brennslurnar kaffibæti þegar þrengingar voru í kreppunni upp úr 1930 en með honum var hægt að drýgja kaffið í hverri uppáhellingu. En kaffið lifði kreppuna af, líkt og margt annað, og innlenda framleiðslan var ráðandi á markaðnum. Fyrirtækin tvö byggðu upp sína starfsemi norðan og sunnan heiða með betri framleiðslutækni, þróun umbúða og auknu vöruúrvali. Kaffibætirinn hvarf sjónum með batnandi efnahag eftir seinna stríð en þegar kom fram á níunda áratug síðustu aldar fór innflutningur að sækja verulega á. Kaffimenning Íslendinga tók að breytast í líkingu við það sem gerðist hjá öðrum þjóðum. Til sögunnar kom espresso, cappuchino, latté og þróun í kaffineyslu sem síðan hefur staðið allt fram á þennan dag. Enn sem fyrr framleiðir fyrirtækið Braga og Kaaber en flaggskipið í framleiðslunni er Rúbín kaffið. Í þessum helstu flokkum er að finna nokkrar gerðir af kaffi en fyrirtækið framleiðir einnig margar aðrar kaffitegundir. Allir ættu því að geta fundið sitt uppáhalds kaffi í vörulínunni.

Sameining

Ákveðið var að sameina krafta framleiðendanna tveggja með sameiningu árið 2000 en frá árinu 2004 hefur Nýja kaffibrennslan ehf. alfarið verið í eigu O. Johnson & Kaaber. Öll framleiðsla fyrirtækisins er á Akureyri og þar var m.a. endurnýjaður brennsluofn árið 2017. Nýja kaffibrennslan ehf. festi einnig á árinu 2018 kaup á fyrirtækinu Kaffitári ehf. sem hefur byggt hefur upp sína framleiðslu og þjónustu á íslenskum kaffimarkaði síðustu þrjá áratugi.



Nýr brennsluofn var tekinn í notkun árið 2017.



Rúbín kaffið er flaggskipið í framleiðslu fyrirtækisins en önnur þekkt vörumerki í kaffinu eru Kaaber og Braga.

Auk framleiðslu fyrir neytendamarkað er þjónusta við kaffistofur fyrirtækja og stofnana mikilvægur þáttur í starfsemi Nýju kaffibrennslunnar ehf.

Starfsmenn og aðsetur

Starfsmenn Nýju kaffibrennslunnar ehf. eru 5 talsins og er hún til húsa við Tryggvabraut á Akureyri.



Arnar Eyfjörð Helgason (t.v.) framleiðslustjóri Nýju Kaffibrennslunnar og Helgi Örlýgsson, framkvæmdastjóri, með pakka af jólakaffi sem framleitt hefur verið allar götur síðan 1955.



Sigurjónsbakarí og kaffihús, Hólmarði 2, Reykjanesbæ.

Sigurjónsbakarí



Sigurjón Héðinsson, bakameistari í nýja bakaríinu.

Sigurjónsbakarí var stofnað af Sigurjóni Héðinssyni Bakameistara þann 23. apríl 1988. Á þessum 33 árum í rekstri hefur hann af ást og alúð þjónustað viðskiptavinum sína á Suðurnesjum. Bakaríið hefur ávallt verið til húsa að Hólmarði 2 í Reykjanesbæ. Árið 2017 urðu umskipti í rekstrinum og opnaði Sigurjónsbakarí stærra bakarí og kaffihús, þar sem þjónusta við viðskiptavinum var stóraukin.

Hans sýn var að útbúa fjölskylduvænt bakarí þar sem ungir sem aldnir gætu komið saman og notið nýlagað kaffis og bakkelsis. Sæti er fyrir um 30 manns í bakaríinu, snyrting og barnahorn. Boðið er uppá súpu og brauð í hádeginu. Margar framleiðslufurðir bakarísins byggja á gömlum hefðum sem enn eru vinsælar meðal viðskiptavina. Stóraukið úrval er á boðstólum á hverjum degi fyrir viðskiptavinum. sigurjonsbakari.net

Starfsemin

Veisluþjónusta Sigurjóns hefur frá upphafi boðið upp á allskyns veislur, fermingarveislur, afmælisveislur og brúðkaupsveislur svo eitthvað sé nefnt. Alltaf hefur verið hægt að panta með stuttum fyrirvara og Sigurjón brugðist hratt við. Sigurjón bakari hefur yfir árin áunnið sér mikla virðingu meðal bæjarbúa og hjá íþróttafélögum á Suðurnesjum fyrir liðlegheit og góða þjónustu þegar kemur að styrkjum og ýmsum íþróttaviðburðum. Bakaríið hefur einnig notið mikilla vinsælda hjá íbúum og fyrirtækjum á Suðurnesjum um langt árabíl.

Sigurjónsbakarí þjónustaði Varnarliðið í hartnær 20 ár. Samningurinn við Varnarliðið var mjög kröfuharður og framfylgja þurfti ströngustu reglum. Sigurjón lagði mikinn metnað í að standa sig og fékk reglulegar heimsóknir í hverjum mánuði frá heilbrigðiseftirliti Varnarliðsins. Bakaríið þurfti að standast ströngustu kröfur hersins varðandi hráefni, áhöld og þrif. Bakaríið stóðst þetta allt með miklum sóma og þjónaði Varnarliðinu þangað til það hvarf af landi brott árið 2006.



Sigurjón Héðinsson, á 20 ára afmæli bakarísins.



Gamli tíminn.

Bakarí og kaffihús

Gamla afgreiðsla bakarísins var orðin of lítil fyrir stækkandi sveitarfélag og löngu kominn tími á að stækka. Bæjarbúar kunna vel að meta stækkunina og hafa tekið vel á móti nýja bakaríinu. Nú geta viðskiptavinir sest niður á almennilegu kaffihúsi og fengið sér gott kaffi og kleinur eða súpu og brauð í hádeginu. Sigurjóni hafði ekki látið sig dreyma um þessar góðu móttökur varðandi stækkun bakarísins. Fyrir Covid var Sigurjónsbakarí að fá talsverðan straum ferðamanna í bakaríið og ekki leið á löngu uns komnar voru þessar finu umsagnir á Trip Advisor enda líkaði ferðamönnum bakkelsið. Bakaríið er opið alla virka daga frá kl. 07 til 17 en frá kl. 08 til 17 um helgar. Sigurjón hefur vakað dag og nótt yfir þessu fyrirtæki. Starfsemin hefur líka breyst með tækninni og hjálpað mannskapnum/bökurunum sem þurfa ekki lengur að mæta kl. 03 á nóttinni eins í gamla daga. Þökk sé nýjum tölvustýrðum bakarofni sem sérbakar brauðin áður en allir mæta til vinnu kl. 05. Það er mikil breyting frá því sem áður var og mikill lúxus.



Á upphafsárum bakarísins.

Æviferill Sigurjóns Héðinssonar bakameistarar

Sigurjón Héðinsson er fæddur í Keflavík 1958 og byrjaði að læra bakarann í september 1976 hjá Ragnari Eðvaldssyni í Ragnarsbakaríi. Hann starfaði þar til 1984, en þá langaði hann að breyta til og læra meira í bakstrinum og fór til Reykjavíkur til Sveins bakara. Sigurjón starfaði þar í 4 ár við Grensásveginn og síðar í Mjóddinni en gekk alltaf með þann draum að stofna sitt eigið bakarí og ákvað því að kom heima aftur til Keflavíkur (1988) og stofna bakarí, Sigurjónsbakarí. Hann byrjaði á því að kaupa húsnæði að Hólmgarði 2 í Reykjanesbæ og fyrsti vinnudagurinn var ákveðinn 23. apríl. Á þeim tíma voru þrjú bakarí starfandi á svæðinu, Gunnarsbakarí, Valgeirsbakarí og svo Sigurjónsbakarí. Húsnæðið sem hann keypti var samtals 160 fm undir bæði bakarí og verslun. Á þeim tíma fannst mönnum það heldur lítið undir alla þessa starfsemi

Starfsfólk

Hjá Sigurjónsbakarí starfa í kringum 20 starfsmenn bæði um helgar og virka daga.

Framtíðarsýn

„Á COVID-19 tímum þarf maður að hugsa út fyrir boxið og þá datt mér í huga að opna bílalúgu til að auðvelda kúnnanum að panta vörur á netinu og sækja í lúguna. Það er verið að teikna þetta fyrir mig og ég ætla að reyna að framkvæma þetta sumarið 2021. Einnig er ég að skoða að setja upp hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla viðskiptavina sem koma í bakaríið.“





Starfsmenn í jólapeysum.

Sláturhús KVH

Sláturhús KVH ehf. (SKVH) á Hvammstanga var stofnað í janúar 2006. Stofnendur og eigendur eru Kaupfélag Vestur Húnavetninga (KVH) og Kaupfélag Skagfirðinga (KS) með helmingshlut hvort félag. KVH hafði starfrækt sláturhús á Hvammstanga frá stofnun þess 1909 og tók SKVH yfir starfsemi þess.

Stjórn félagsins skipa: Gunnar Þórarinnsson, Reimar Marteinnsson, Ágúst Andrés�on stjórnarformaður og Sigurjón R. Rafnsson.

Starfsemin

Starfsemin hefur verið með sama sniði í gegnum tíðina nema að síðustu ár hefur sláturtíðin verið borin uppi af erlendu verkafólki sem áður var borin uppi af bændum í sveitarfélaginu. Um nokkura ára bil flutti SKVH út ferskt lambakjöt í verslanir Whole Foods í USA.

Fyrirtækið slátrar sauðfé og er aðallega með grófvinnslu á lambakjöti en einnig sviðaverkun og reykingu á kjöti. Einnig má nefna þökkun í neytendaumbúðir á innlandan og erlendan markað. SKVH er í eigu tveggja samvinnufélaga og í samvinnu við KS í sölu og markaðsstarfi. Staða fyrirtækisins er góð. Markmið þess er að styrkja enn frekar stöðu sína á innlandum og erlendum mörkuðum með þá hágæðavöru sem íslenska lambakjötið er. Fjöldi starfsmanna sem starfa allt árið hefur verið frá 15-20 en eru um 150 í september og október þegar sláturtíðin er á fullu. Sláturhús KVH veitir c.a 1,5 milljarði króna á ári.

Staðan í greininni hefur verið sveiflukennnd undanfarin á og hefur SKVH ekki farið varhluta af því SKVH ehf. er aðili að Samtökum iðnaðarins.

Aðsetur SKVH ehf er að Norðurbraut 24, Hvammstanga. Vefsíða: skvh.is





Voga idýfur.

Vogabær

Hjónin Sigrún Ó. Ingadóttir og Guðmundur Sigurðsson keyptu verslun í Vogum Vatnsleysustrandarhreppi í ágúst árið 1976 og nefndu Vogabær. Verslunina ráku þau til ársins 1985 en með tilkomu stórmarkaða í landinu breyttu þau fyrirtækinu í matvælafyrirtæki og hófu framleiðslu á salötum og idýfum undir heitinu Voga.

Eigendur og aðsetur

Vogabær ehf. keypti fyrirtækið E. Finnsson úr Hafnarfirði í september árið 1989 og hóf framleiðslu á E. Finnsson sósum í janúar 1990. Árið 2001 flutti félagið starfsemi sína í nýtt og glæsilegt húsnæði að Eyrartröð 2a í Hafnarfirði. Mjólka ehf. festi kaup á Vogabæ árið 2008 en Mjólka var stofnað í febrúar árið 2005 af fjölskyldunni að Eyjum II í Kjós og aðilum tengdum henni. Flutti Mjólka þá starfsemi sína í húsnæði Vogabæjar og eru Mjólka og Vogabær nú í eigu Kaupfélags Skagfirðinga sem eignaðist félögin í lok árs 2009.

Starfsemin

Árið 2016 var framleiðsla Vogabæjar sameinuð inn í mjólkursamlag Kaupfélags Skagfirðinga á Sauðárkróki þar sem framleiddar eru af Kaupfélagi Skagfirðinga allar vörur sem áður voru framleiddar af Vogabæ, því er Vogabær í dag eingöngu að selja og dreifa þessum framleiðsluvörum Kaupfélags Skagfirðinga.



Griek drykkjarjógurt.



E.Finnsson sósur.



Voga idýfur.



Eigendur Te & Kaffi.

Te & Kaffi



Stofnendur Te & Kaffi, Berglind Guðbrandsdóttir og Sigmundur Dýrfjörð.

Fjölskyldufyrirtæki með öflugra kjarnastarfsemi

Te & Kaffi er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað árið 1984 af Sigmundi Dýrfjörð og Berglindi Guðbrandsdóttur. Landsmenn þekja Te & Kaffi af því frábæra kaffi og tei sem fyrirtækið hefur boðið upp á alla tíð. Í grunninn er kjarnastarfsemi fyrirtækisins framleiðsla á kaffi í fullkomnustu kaffibrennslu landsins og rekstur kaffihúsa sem eru níu talsins.

Mikilvægi stoðeilda og fjölbreytt flóra spennandi starfa

Í dag starfa í kringum 100 manns hjá fyrirtækinu í gríðarlega ólíkum og skemmtilegum verkefnum. Það er líklega leitun að fyrirtæki með jafn fjölbreytta starfsemi. Til að daglegur rekstur fjölmargra kaffihúsa og sala á ólíka markaði geti gengið smurt fyrir sig þá þarf gott skipulag og frábært starfsfólk á allar starfsstöðvar. Hjá Te & Kaffi hefur tekist að byggja upp ótrúlega flotta liðsheild, fólk með rétt hugarfar og hjartað á réttum stað.



Kaffihús Te & Kaffi í Hamraborg.

Besta mögulega hráefnið og framleiðsla á heimsmælikvarða

Framleiðsla á kaffi spilar veigamesta þáttinn í starfsemi fyrirtækisins. Með aukinni vitund neytenda um hágæðakaffi hafa sóknarfæri Te & Kaffi aukist til muna á síðustu árum. Strangt gæðaeftirlit á öllu vinnsluferli kaffibaunanna tryggja gæði sem kaffiunnendur á Íslandi geta treyst. Val á réttu hráefni skiptir höfuðmáli og er kaffið smakkað af okkar þaulvönu kaffisérfræðingum til þess að tryggja gæði og gott bragð. Með nýjustu tækni við ristun aukast gæði kaffisins okkar enn frekar. Öflugur hópur sér til þess að kaffibrennslan gangi vel fyrir sig alla daga í verksmiðju sem var stækkuð árið 2017 og er núna fullkomnasta og afkastamesta kaffiframleiðsla á landinu og þótt víðar væri leitað.

Kaffihúsin okkar eru 9 talsins

Á kaffihúsunum okkar, sem eru víðsvegar um höfuðborgarsvæðið, höfum við fullkomna stjórn á því hvernig hráefnið okkar bragðast í allri þeirri flóru af drykkjum sem boðið er upp á. Kaffihúsin eru miðstöð hugmynda og nýsköpunar og eru þau sífelld uppspretta nýrra drykkja sem falla vel í kramið hjá sívaxandi hópi viðskiptavina okkar. Við höfum lagt metnað okkar í að hanna fallett umhverfi þar sem viðskiptavinum okkar líður vel. Einnig skiptir miklu máli að þjálfun starfsfólks sé framúrskarandi og fagmennska sé í fyrirrúmi. Gott hráefni, fallett umhverfi og jákvætt og persónulegt viðmót starfsfólks skapar þá upplifun sem við sækjumst eftir.



Kaffihús Te & Kaffi í Smáralind.

Stærsta vörumerkið á íslenska matvörumarkaðnum

Eftirspurn eftir gæðakaffi hefur aukist mikið meðal almennings á undanförunum árum og aukin hlutdeild Te & Kaffi á hinum almenna markaði sýnir það. Sókn fyrirtækisins inn á hinn almenna matvörumarkað hófst fyrir alvöru árið 2004 og í dag hefur Te & Kaffi fest sig rækilega í sessi í helstu matvöruverslunum landsins. Svo rækilega að um þessar mundir er Te & Kaffi



stærsta vörumerkið á íslenska matvörumarkaðnum, með tæplega 25% markaðshlutdeild, og ætlar sér enn stærri hluti. Einnig er töluverð sala á fyrirtækjamarkað, bæði á veitingamarkað og skrifstofumarkað.

Horfum björtum augum til framtíðar

Eftirspurn eftir íslenskrri framleiðsluvöru hefur aukist á undanfönum árum og nýtur Te & Kaffi góðs af því. Við teljum framtíð fyrirtækisins mjög bjarta og að styrkleikarnir liggi ekki síst í þekkingu starfsmanna. Te & Kaffi er, og verður, öflugt íslenskt fjölskyldufyrirtæki og heldur áfram að vera í fararbroddi íslenskrar kaffimenningar.



Oreo Frappó.



Kaffibrennslan.



Kaffibrennslan vöruhús.



Kári Kárason, framkvæmdastjóri með fangið fullt af vöfllum.



Starfsmenn að pakka Wilko bláberjasúpu.

Vilko



Vilko vöfllur í 50 ár.

Fyrirtækið Vilko stendur á gömlum merg og orðinn stór þáttur í matarmenningu Íslendinga. Fyrirtækið var stofnað í Kópavogi árið 1969 og fagnaði því 50 ára afmæli árið 2019 en árið 1986 festi Kaupfélag Húnavetninga kaup á fyrirtækinu og flutti starfseminu á Blönduós. Árið 2000 var fyrirtækið gert að hlutfélagi sem er í eigu Ámundarkinnar ehf., Ó. Johnson & Kaaber ehf., sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu o.fl. Kári Kárason hefur verið framkvæmdastjóri Vilko frá árinu 2009.

Starfsemin

Vilko hefur á undanförunum árum þróað starfsemi sína talsvert frá upphaflegum markmiðum Kaupfélags Húnavetninga. Það má setja rekstur Vilko fram sem fjórar grunnstoðir eða verkþætti sem saman mynda heild. Þessir þættir eru framleiðsla Vilko, súpur, vöfllur pönnukökur o.fl. Þá er Prima kryddlínan stoð númer tvö með mest seldu kryddi á landinu. Þriðja stoðin er vörumerkið Flóra sem Vilko keypti árið 2018 ásamt sérframleiðslu og pökkunarverkefni eins og poppframleiðslu fyrir Ölgerðina o.fl. Fjórða stoðin og kannski mest vaxandi þáttur Vilko er hylkjunarheild sem framleiðir bætiefni og vítamín í hylki. Saman skapa þessar 4 stoðir sterka heild þar sem egginn eru í mörgum körfum en ekki öll í einni körfu. Það skipulag kom sér vel á árinu 2020 þar sem ástandið í samfélaginu hjó vissulega skörð í rekstur fyrirtækja um land allt. Tækni og tækjakostur Vilko hefur verið endurnýjaður mikið á seinustu árum. Það ber helst að nefna nýja kryddpökkunarlínu sem pakkar Prima kryddum í glerglös. Þessi lína kom ný á árinu 2018 og tvöfaldaði afkastagetu framleiðslu. Einnig hafa verið fjárfestingar í pökkunarvélum fyrir þurrvörur og síðast en ekki síst endurbætur á vélakosti hylkjunarheildar. Hylkjunarvélar setja duft í hylki og þannig framleiðum við margar tegundir bætiefna og vítamína. Vélakostur okkar hefur átt stóran þátt í þróun margar vörutegunda sem hafa fest sig á markaði. Ber þar helst að nefna, Kollagen, Liði o.fl. undir vörumerki Protis og bætiefnalínu Iceherbs eða Íslenskra Fjallagrasa.

Vilko hefur vaxið mikið frá árinu 2016 og nærri tvöfaldað veltu og starfsmannafjölda. Það er bæði mikilvægur þáttur fyrir atvinnusvæðið okkar hér á Norðurlandi vestra en ekki síður stóraukið möguleika og tækifæri til að stækka enn frekar og styrkja sérstöðu fyrirtækisins á landsvísi. Þegar fyrirtæki vaxa svo hratt verða til vaxtarverkir sem gera lítið fyrirtæki of stórt til að vera áfram lítið í skipulagi og rekstri. Með aukinni veltu kemur þörf fyrir sérfræðistörf á sviðum gæðamála, markaðsmála, fjármálastjórnunar o.fl. sem skapar sterkari þekkingu á svæðinu og um leið þekkingum og reynslu til að vaxa og dafna áfram á sömu braut.

Íslensk framleiðsla

Framleiðsla Vilko er íslensk framleiðsla frá upphafi til enda þar sem kappkostað er að framleiða allar vörur á staðnum frekar en að vera aðeins innflytjandi og dreifigaraðili. Vissulega væri hagræðing í að láta framleiða fyrir okkur vörur erlendis og selja undir okkar vörumerki á Íslandi en stefnan hefur alltaf verið að framleiða sjálf allar vörur og velja bestu mögulegu hráefni



Mynd úr vinnslusal.



Flóru kökuskraut.



Prima krydd.



Vörukynning.

hverju sinni. Sem dæmi má nefna Vilko vöflur sem við framleiðum. Þar leggjum við áherslu á að nota íslensk hráefni eins og kostur er til að tryggja gæðin. Við notum alltaf mjólkurduft úr íslenskri mjólk, Kornax hveiti sem er malað og framleitt á Íslandi o.fl. Við framleiðslu sem þessa væri hægt að lækka framleiðslukostnað með því að kaupa vöfublöndu tilbúna erlendis og pakka hér í okkar verksmiðju en það viljum við ekki gera. Við viljum íslenska framleiðslu og við viljum Vilko!!.

Mannauður

Starfsmannafjöldi Vilko á árinu 2020 var 15 stöðugildi. Tvö störf á skrifstofu við stjórnun og 13 stöðugildi við framleiðslu. Annars hugsum við okkar stöðugildi ekki svona kassalaga og allir starfsmenn ganga í öll verk á álagstímum.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Vilko er áframhaldandi vöxtur á Blönduósi. Það var upphafleg markmið að skapa atvinnu með því að kaupa fyrirtæki á svæðið og þeirri stefnu verður haldið. Að sjálfsögðu getur okkar rekstur þróast í hliðar- eða undirstarfsemi í öðrum landshlutum í tengslum við dreifi- og sölukerfi Vilko en ræturnar verða alltaf hér á Blönduósi.

Það hefur sína kosti og galla að vera með matvælaekstur á Blönduósi. Gallarnir eru helst aukakostnaður sem samkeppnisaðilar okkar sleppa við á suðvesturhorni landsins tengt flutningi á vörum og hráefni. Hráefni kemur að stærstum hluta frá höfuðborgarsvæðinu og það svæði hefur einnig flesta neytendur á okkar vörum. Á þann hátt erum við að flytja mjög mikið fram og til baka sem tekur í heftið. Þegar talað er um höfuðborgarsvæðið, á það líka við um innkaup erlendis frá sem fara oftast í gegnum hafnir í Reykjavík. Stór hluti af okkar hráefni kemur erlendis frá sem við kaupum milliliðalaust af framleiðendum í Evrópu. Við gerum kröfur um gott hráefni í okkar vörur og erum mest í viðskiptum við fyrirtæki með gæðavottanir í Þýskalandi, Danmörku og Svíþjóð.

Kostir þess að reka matvælafyrirtæki á Blönduósi er þó fleiri en gallarnir. Hér er umfram allt gott fólk sem er lykillinn að allri starfsemi fyrirtækja. Smæð þjappar fólki saman og eykur samtöðu um velferð Vilko. Húsnæðiskostnaður er hlutfallslega lægri út á landi svo það má vel finna jákvæða fleti á fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni sem jafna út hærri flutninga. Við horfum björtum augum til framtíðar og erum tilbúin fyrir tækifæri framtíðarinnar.



Vilkó kakósúpa.



Úr vinnslusal Ölgerðarinnar.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson

Fyrstu árin

Fyrsta lestarferðin á Íslandi var farin þann 17. apríl 1913, þegar fyrsta grjóthlassið var sótt úr Öskjuhlíð til hafnargerðarinnar í Reykjavík. Sama dag hóf Tómas Tómasson rekstur Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar í tveimur kjallaraherbergjum í Þórshamri við Templarasund. Umsvifin voru ekki mikil í fyrstu. Suðuketillinn var einungis 65 lítrar og flöskunum var lokað með því að þrýsta tappa í flöskustútinn með flötum lófa og binda fyrir með vír. Fyrsta framleiðsluárið seldi Ölgerðin um 38 þúsund lítra, mest Maltextrakt og Hvítöl. Íbúar Reykjavíkur voru þá um 13 þúsund talsins.

Samkvæmt söluskýrslum afgreiddi Ölgerðin 25 flöskur af Pilsner til Kaupfélags Hafnarfjarðar þann 29. júní árið 1916. Frá þeim tíma hefur fyrirtækið selt undirgerjað léttöl undir þessu heiti, en áður hafði Ölgerðin selt svipaðan drykk með nafninu „Egils mjöður“. Enn var tækjabúnaður fyrirtækisins þó ekki nægilega fullkominn til að framleiða undirgerjaðan léttbjór sem staðist gat samanburð við erlendan varning.

Tómas Tómasson hélt til Kaupmannahafnar á árinu 1915 til að læra ölgerð við Bryggeriet Stjernen sem og í Þýskalandi. Þar dvaldi hann að mestu næstu tvö árin. Heimkominn árið 1917 festi hann kaup á fyrstu húseigninni við Njálsgötu á reitnum milli Njálsgötu, Frakkastígs og Grettisgötu sem síðar hlaut nafnið „Ölgerðartorfan“. Næstu árin byggði hann þar upp fullkomni ölgerðarhúsi, gerjunar- og átöppunaraðstöðu, meðal annars með því að kaupa notaðan tækjabúnað frá Þýskalandi sem var í rjúkandi rúst vegna fyrri heimsstyrjaldarinnar. Fullkominn gerkjallari var útbúinn á Ölgerðartorfunni við Njálsgötu og komið upp nýjum gerjunartönkum úr áli, sem þá var nýlunda í brugghheiminum. Þýskur bruggmestari, Edward Meister, var fenginn til starfa. Með allt þetta að vopni tókst að endurbæta Pilsnerinn með þeim árangri að innan tveggja ára hafði innfluttu dönsku öli verið rutt út af markaðnum. Þegar Tómas Tómasson stofnaði Ölgerðina 1913 lá fyrir að áfengisbann gengi í gildi í ársbyjun 1915. Hann hóf framleiðslu á óáfengu maltöli og hvítöli og hefur maltölið alla tíð síðan verið einna vinsælastur allra drykkja á Íslandi. Ekki síst í bland við Egils Appelsín.

Þáttaskil við aldamót

Afkomendur Tómasar Tómassonar selja Ölgerðina sem verið hafði í eigu fjölskyldunnar í 87 ár. Tómas Tómasson, stofnandi Ölgerðarinnar, lést níraður að aldri. Hann bar hitann og þungann af rekstri fyrirtækisins frá stofnun þess og fram yfir sjöunda áratug síðustu aldar. Synir hans Jóhannes og Tómas tóku við keflinu og varð Jóhannes forstjóri Ölgerðarinnar frá 1975 til ársins 2000. Framkvæmdum við nýtt ölsuðuhús Ölgerðarinnar á Grjóthálsi lauk um áramótin 1999/2000. Við þau tímamót ákváðu erfingjar Tómasar Tómassonar að ljúka afskiptum sínum af fyrirtækinu, sem verið hafði í eigu fjölskyldunnar í tæp níutíu ár. Jóhannes Tómasson lét jafnframt af störfum eftir að hafa gegnt forstjóraembættinu í aldarfjórðung. Nýr kafli í sögu Ölgerðarinnar hefst svo upp úr aldamótum er heildverslunin Lind kaupir



Húsaðskynni Ölgerðarinnar, Grjóthálsi.





Frá bjórgerð Ölgerðarinnar.



Húsnæði Ölgerðarinnar, Grjóthálsi.

Ölgerðina árið 2002. Lind var í eigu fjölskyldufyrirtækisins Danól sem var stofnað 1938 og var orðin ein öflugasta heildverslun landsins í mat-, sérvöru og áfengi. Eigendur Danól voru Einar F. Kristinsson og Ólöf Októsdóttir og framkvæmdastjóri var Októ Einarsson og tók hann við stjórnarformennsku Ölgerðarinnar. Andri Þór Guðmundsson tók svo við sem forstjóri Ölgerðarinnar sama ár.

Fyrstu árin voru Ölgerðin og Danól rekin í sittthvoru lagi en árið 2009 voru þau sameinuð í nýju lager- og skrifstofuhúsnæði sem var byggt undir starfseminu að Grjóthálsi. Fram að þeim tíma voru fyrirtækin staðsett á átta mismunandi stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Með þessari sameiningu varð til eitt stærsta fyrirtæki landsins á sviði matvælaframleiðslu og innflutnings á drykkjar-, mat- og sérvöru.

Mikil vinna var lögð í að þróa bjórframleiðslu Ölgerðarinnar á fyrsta áratug aldarinnar. Meðal annars var farið að nota íslenskt bygg í bjóra fyrirtækisins, Bjórskólinn hóf göngu sína 2009 og hafa þegar tugir þúsunda Íslendinga svarað fróðleikspörsta sínum um töfraheima bjórsins í bjórskólanum. Borg brugghús tók til starfa 2010 en tilgangur með því að setja á laggirnar örbrugghús var að skapa bruggmeisturum Ölgerðarinnar skemmtilegan vettvang til að þróa bruggunarhæfileika sína. Ölgerðin og Borg hafa sankað að sér fjölda verðlauna á alþjóðlegum bjórhátíðum og þar ber hæst er Gull var kosin heimsins besti lagerbjór árið 2011. Öll þessi vinna hefur leitt til þess að markaðsstaða Ölgerðarinnar hefur aldrei verið sterkari.

Ölgerðin hélt veglega upp á 100 ára afmæli fyrirtækisins í lðnó og Þjóðleikhúsinu í apríl 2013. Forstjóri Pepsico Indra Nooyi heiðraði fyrirtækið með heimsókn og fyrirlestri fyrir fullsetnu Þjóðleikhúsinu þar sem starfsmenn, viðskiptavinir og gestir voru viðstaddir. Í tilefni þessa stórafmælis réðst félagið í eitt hundrad samfélagsleg verkefni. Með þessu var hafin vegferð þar sem samfélagsleg ábyrgð var höfð að leiðarljósi til framtíðar. Má nefna að Ölgerðin var fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem minnkar kolefnislosun sína um 40% fyrir árið 2030, en það háleita markmið náðist strax 2019.

Árið 2017 var 69% hlutur í Ölgerðinni seldur. Októ Einarsson og Andri Þór Guðmundsson héldu sínum hlut en fjárfestingarsjóðurinn Þorgerður ásamt 4 framkvæmdastjórum Ölgerðarinnar seldu sína hluti. Inn í eigendahópinn komur fjárfestingarsjóðirnir Horn III og Akur, framkvæmdastjórar Ölgerðarinnar ásamt nokkrum öðrum fjárfestum. Á þessum tímamarki voru einnig byggingar Ölgerðarinnar keyptar til baka en þær höfðu verið seldar í fjárhagslegu uppgjöri félagsins eftir bankahrunið.

Mannauður og framtíðarsýn

Síðasta áratug hefur starfsmanaföldi Ölgerðarinnar verið breytilegur eða á bilinu 350 til rúmlega 400 manns eftir aðstæðum. Fyrirtækið fylgist vel með ánægju starfsmanna og viðskiptavina með reglulegum mælingum. Þessi sterka liðsheild með framsæknu og skapandi fólki hefur skilað fyrirtækinu frábærum árangri á íslenska markaðnum. Undanfarin ár hefur mikil söluaukning ásamt breyttum neysluvenjum leitt til þess að framleiðslugeta fyrirtækisins var að nálgast þolmörk. Árið 2018 var hafin vinna við að endurskipuleggja framleiðslusali fyrirtækisins ásamt því að meta kosti nýbyggingar. Ákvörðun var tekin 2020 um að ráðast í 1700 fermetra nýbyggingu við Fossháls ásamt því að kaupa fullkomna framleiðsluvélbúnað sem kostur er á. Fyrsta skóflustunga að nýju verksmiðjuhúsi var tekin í upphafi árs 2021 og eru áætluð verklok 2022. Samtals er þetta fjárfesting fyrir ríflega 2,5 milljarða og mun framleiðslugetan ríflega tvöfaldast.

Ölgerðin hefur ávallt verið framsækið fyrirtæki. Framtíðarýn fyrirtækisins er skýr, sem er við erum „Fyrsta val viðskiptavina“. Gildin okkar, jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni, eða JÁ HF eru öllum starfsmönnum ljós.

Markviss sókn á mörkuðum hefur skilað miklu undanfarin ár. Í dag er fyrirtækið leiðandi á gosdrykkja, safa-, áfengis- og bjórmarkaði ásamt því að innflutningsvörurnar njóta sterkra stöðu á markaði. Enda er það stefna Ölgerðarinnar að „Að setja aðeins þau vörumerki á markað sem eru, eða hafa möguleika að vera fremst í sínum flokki“. Einnig hefur það verið eitt af lykilmarkmiðum fyrirtækisins að að minnsta kosti 5% framlegðar komi frá nýjum vörum á hverju ári.

Í dag er forstjóri Ölgerðarinnar Andri Þór Guðmundsson og stjórnarformaður er Októ Einarsson.





Hér sést hópur í vorferð Jökklarannsóknafélags Íslands 2019, þar sem starfsmenn Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar Háskólans, ásamt félagsmönnum, kanna aðstæður í öðrum sigkatlinum í suðurhlíðum Bárðarbungu sem mynduðust í kjölfar umbrotanna 2014-2015. Stórar hringlaga sprungur umlykja þetta sporöskjulaga gat sem jarðhitinn hefur myndað í jöklinum og því ber að fara að öllu með gát. / Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson.



Myndin er tekin 5. apríl 2021, rétt eftir að nýr gígur opnaðist norðaustur af fyrstu gígnum á gosstöðvunum í Geldingadölum. Verið er að mæla með „multigas“ mæli og reyndust SO₂ gildin í mekkinum vera mjög há þetta kvöld. / Ljós. Esther Hlíðar Jensen.


Veðurstofa Íslands



Frá samráðsfundi á Veðurstofunni vegna óveðurs sem var í aðsigi. Daglega eru haldnir samráðsfundir á Veðurstofunni þar sem farið er yfir veðurspá og stöðu mála hvað varðar vatn, jörð og aðra náttúruvá. Fjölmennari fundir eru haldnir með viðbragðsaðilum um land allt þegar útlit er fyrir að óveður gangi yfir landið. / Ljós. Svava Björk Þorlákssdóttir.



Sérfræðingar Veðurstofunnar kynntu nýtt ofanflóðahættumat á íbúafundi á Seyðisfirði sumarið 2019. Ljós. Jón Kristinn Helgason.



Framsækni er eitt af gildum Veðurstofunnar. Stofnunin vinnur markvisst að því að nýta sér nýjustu tækni við vöktun náttúrunnar. Talað er um fjarkönnun þegar fylgst er með breytingum í náttúrunni án þess að senda vísindamann á vettvang. Dæmi um slíkt er eftirlit í gegnum gervitungl og notkun ratsjártækni margskonar. Eitt af því sem hægt er að nota til þess að greina og kortleggja óstöðugar hlíðar eru bylgjuvúlmælingar (InSAR-mælingar).

Veðurstofa Íslands var sett á stofn með lögum nr. 70/2008 og tók til starfa 1. janúar 2009. Hún heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Stofnunin varð til við sameiningu starfsemi Veðurstofu Íslands, hinnar eldri með því nafni, og Vatnamælinga Orkustofnunar. Jafnframt var hinni nýju stofnun falið að sinna auknum verkefnum á sviði náttúruvár og loftslagsmála, sem og annast allar almennar vatnafarsrannsóknir.

Tekist á við náttúruöflin í heila öld

Veðurstofa Íslands hin eldri tók til starfa 1. janúar 1920 og var í upphafi deild í Löggildingarstofunni, en þegar hún var lögð niður í árslok 1924 varð Veðurstofan sjálfstæð stofnun. Veðurstofa Íslands fagnaði því 100 ára afmæli sínu árið 2020.

Hlutverk Veðurstofunnar er að stuðla að bættu öryggi almennings, eigna og innviða gagnvart öflum náttúrunnar jafnframt því að styðja sjálfbæra nýtingu hennar og samfélagslega hagkvæmni. Því er sinnt með vöktun lofts, láðs og lagar, byggðri á öflun, varðveislu og greiningu gagna, rannsóknnum, þróun og miðlun upplýsinga.

Gildi Veðurstofunnar eru þekking, áreiðanleiki, samvinna og framsækni.

Framtíðarsýn og áherslur Veðurstofunnar eru sem hér segir:

Ánægja notenda – uppfyllum þarfir

Jákvæður höfuðstóll – tryggjar sértekjur

Mæling á áreiðanleika – tíma varið í þróun

Aukin ánægja og stolt starfsmanna – þekkingarstjórnun

Veðurstofan hefur mótað sér stefnu í fjórtán málaflokkum, þ.e. stefnu um náttúruvár og þjónustu, rannsókn- og þróunarstefnu, stefnu um mælikerfi, mannauðsstefnu, launastefnu, gæðastefnu, gagnastefnu, skjalastefnu, innkaupastefnu, umhverfisstefnu, öryggisstefnu, upplýsingaöryggisstefnu, stefnu í stafrænni miðlun og persónuverndarstefnu. Stefnurnar ná til allra starfsmanna og eru þeir ábyrgir fyrir árangri stofnunarinnar. Þá hefur hlutverk einstakra sviða verið skilgreint og framtíðarsýn þeirra mótuð.

Fjölbreytt starfsemi sem snýr ekki einungis að veðri

Árni Snorrason forstjóri er æðsti stjórnandi stofnunarinnar og hefur framkvæmdaráð sér til ráðgjafar. Í framkvæmdaráði sitja ellefu stjórnendur, forstjóri, fjórir framkvæmdastjórar sviða, fjármálastjóri, náttúruvárstjóri, samskiptastjóri, mannauðsstjóri, gæða- og upplýsingaöryggisstjóri og lögfræðingur.

Athugana- og tæknisvið sér um rekstur allra mælikerfa Veðurstofunnar. Þar er um að ræða mælikerfi til veður-, vatna- og jarðeðlisfræðilegra mælinga sem og mælitæki til fjarkönnunar. Mælistöðvarnar eru í heild um 500 að tölu. Reksturinn er allur samningsbundinn við önnur svið stofnunarinnar, opinberar stofnanir og fyrirtæki. Framkvæmdastjóri sviðsins er Óðinn Þórarinnsson.



Samband veðurs og vatnsbúskapar landsins er sterkt. Úrkoman ræður þar jafnan mestu, en aðrir veðurþættir, eins og hiti og skýjafar, hafa einnig mikil áhrif og þá sérstaklega á rennsli jökulánna. Í takt við breytingar sem orðið hafa á veðri síðustu ár hafa rennslishættir fjölda vatnsfalla einnig breyst. Starfsmaður Veðurstofunnar við rennismælingu. / Ljós. Svava Björk Þorlákadóttir.



Mælikerfi Veðurstofunnar eru dreifð um land allt. Hér er verið að vinna við jarðskjálftamæli á Slysáöldu á Mæliféllssandi. / Ljós. Þorgils Ingvarsson.

Úrvinnslu- og rannsóknasvið vinnur m.a. að almennum rannsóknum á veðri, vatni og jörð og rannsóknum á loftslagsbreytingum. Ennfremur að rannsóknum á náttúruvá þar sem megináherslan er á ofanflóð skv. samningi við Ofanflóðasjóð, en einnig á jarðvá, eldgosavá, vatnavá, veðurvá og sjávarflóðavá. Þá má nefna umhverfisrannsóknir, ekki síst í tengslum við upptöku og innleiðingu vatnatilskipunar og flóðatilskipunar. Framkvæmdastjóri sviðsins er Jórunn Harðardóttir.

Eftirlits- og spásvið sinnir allri veðurþjónustu allan sólarhringinn, þ.m.t. flugveðurþjónustu. Ennfremur ber sviðið ábyrgð á sólarhringsvöktun á náttúruvá vegna ofanflóða, jarðskjálfta, veðurs, vatns, eldgosa, hafíss og sjávarflóða. Framkvæmdastjóri sviðsins er Ingvar Kristinsson. **Upplýsingatæknisvið** hefur með höndum rekstur upplýsingakerfa Veðurstofunnar og hugbúnaðarþróun sérlausna. Ennfremur leggur það til sérfræðipækkingu til þjónustu og þróunar á vettvangi upplýsingatækni. Sviðið ber ábyrgð á tölvugögnum í samræmi við gerða samninga. Framkvæmdastjóri sviðsins er Gunnar Bachmann Hreinsson.

Skrifstofa fjármála ber ábyrgð á stýringu fjármála stofnunarinnar. Undir það fellur meðal annars áætlanagerð, greiðsla reikninga, færsla bókhalds og uppgjör rekstrar, launabókhald og skýrslugjöf um fjárhagstengd viðfangsefni til innri og ytri aðila. Fjármálastjóri er Guðmar Guðmundsson.

Skrifstofa rekstrar sinnir rekstri á húsnæði, aðstöðu og stoðkerfum stofnunarinnar. Þá heldur hún utan um þjónustu og miðlun upplýsinga, jafnt til innri sem ytri aðila.


Skrifstofa forstjóra

Skrifstofa forstjóra hefur þá stjórnendur sem sitja í framkvæmdaráði innan sinna vébanda að frátöldum framkvæmdastjórum og fjármálastjórum. Þessir aðilar bera ábyrgð á stefnumótun og framkvæmd verkefna hver á sínu starfssviði. Skrifstofan ber ábyrgð á að opinber verkefni stofnunarinnar séu unnin í samræmi við árangursstjórnunarsamning milli Veðurstofunnar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Þá heldur skrifstofan utan um samninga við Alþjóðaflugmálastofnunina og Ofanflóðasjóð, sem og þau verkefni er varða hlutverk Veðurstofunnar á sviði vöktunar fyrir alþjóðaflug (State Volcano Observatory). Loks annast skrifstofan samskipti við aðrar stofnanir, innlendar sem erlendar.

Starfsstöðvar

Starfsstöðvar Veðurstofunnar eru fimm. Höfuðstöðvarnar eru á Bústaðavegi 7-9 í Reykjavík, en hinar eru á Ísafirði, Keflavíkflugvelli og Akureyri auk Vagnhöfða 25 í Reykjavík. Í árslok 2020 störfuðu 152 starfsmenn á starfsstöðvum stofnunarinnar auk 66 athugunar- og eftirlitsmanna víðsvegar um land. Um 63% starfsmanna er karlkyns en 43% stjórnenda er kvenkyns. Rekstrarkostnaður árið 2020 var rúmlega 2,8 milljarðar króna og er um 55% kostnaðar greiddur af sértekjum, s.s. styrkjum, framlögum og seldri þjónustu, en um 45% með fjárveitingu ríkisins. Um 57% sértekna eru vegna erlendra verkefna.

Menntunartig starfsmanna í árslok 2020.



Hæsta háskólaprófgráða

- Bachelorpróf 24%
- Meistarapróf 45%
- Doktorspróf 19%
- Ekki háskólapróf 12%



Alþjóðleg samvinna er Veðurstofu Íslands mikilvæg. Ein birtingarmynd hennar er rekstur ofurtölvu með dönsku veðurstofunni, DMI, en ofurtölvan er staðsett á Veðurstofunni. Úrvinnsla veðurlíkana krefst sífellt öflugri tækjabúnaðar og því fylgir mikil hagæðing að veðurstofur sameinist um rekstur á ofurtölvum. Veðurstofan er hluti af alþjóðlegu samstarfi ríkja um rekstur reiknilíkana og úrvinnslu veðurgagna. Tíu ríki – Ísland, Danmörk, Finnland, Svíþjóð, Noregur, Eistland, Lettland, Litháen, Holland og Írland – hafa ákveðið að keyra saman veðurlíkón og tilheyrandi ofurtölvur frá árinu 2027. Ljós. Veðurstofa Íslands.



Skógarauðlindin er farin að sýna sig. Hér aka þrjú fulllestaðir timburbílar með grísjunarvið sem notaður er í málmblendiverksmiðju Elkem á Grundartanga í stað þess að liggja eftir í skóginum og rotna. Eftir standa tré sem verða að verðmætum smiðaviði. / Ljós. Pétur Halldórsson

Skógræktin



Framkvæmdaráð Skógræktarinnar. Frá vinstri: Gunnlaugur Guðjónsson, sviðstjóri rekstrarsviðs, Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri, Hreinn Óskarsson, sviðstjóri þjóðskóga, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, sviðstjóri skógarþjónustu, Edda Sigurðis Oddsdóttir, sviðstjóri rannsókna og Aðalsteinn Sigurgeirsson fagmálstjóri. / Ljós. Aðalheiður Bergfoss.

Skógræktin er þekkingar-, þróunar- og þjónustustofnun sem vinnur með og fyrir stjórnvöld, almenning og aðra að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun á sviði skógræktar. Stofnunin er í forsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði skógræktar. Skógræktin nýtur mikils velvilja og stuðnings meðal þjóðarinnar samkvæmt könnunum og stuðningur við aukna skógrækt í landinu hefur mælst yfir 90%.

Sagan

Sögu Skógræktarinnar má rekja til ársins 1907 þegar fyrstu lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri voru samþykkt á Alþingi. Lögin kváðu á um að stofnað skyldi til embættis skógræktarstjóra og hófst starfsemin í ársbyrjun 1908. Meginmarkmiðin voru tvö, verndun birkiskóga og kjarrs sem enn tórfi á innan við hálfu prósentu landsins og ræktun nýrra skóga. Frá upphafi var talað um „Skógræktina“ manna á meðal en nokkru fyrir miðja 20. öld fékk stofnunin hið formlega heiti Skógrækt ríkisins. Árið 2016 sameinuðust Skógrækt ríkisins og fimm stofnanir sem þjónuðu skógarbændum, hver í sínum landshluta. Þá var tekið upp hið fyrra heiti, Skógræktin.

Skipurit

Á vorjafndægri 2020 tók gildi nýtt og endurskoðað skipurit Skógræktarinnar. Þar var m.a. tekið mið af nýjum lögum um skóga og skógrækt og auknum hlut loftslagsverkefna í starfseminni. Skógræktin skiptist í fjögur svið. Annars vegar eru þrjú fagsvið sem nefnast þjóðskógar, skógarþjónusta og rannsóknir. Hins vegar er miðlægt rekstrarsvið.

Skógar í opinberri eigu kallast nú **þjóðskógar** samkvæmt skógræktarlögum og hefur Skógræktin umsjón með þeim á samnefndu sviði. Því tilheyra fjögur skógarvarðarumdæmi sem rækja bæði verndar- og ræktunarhlutverkið, sinna nýskógrækt, umhirðu, afurðamálum, útvistarmálum o.fl. Sviðstjóri þjóðskóga er Hreinn Óskarsson skógræðingur. **Skógarþjónusta** hefur með höndum þjónustu við bændur og veitir styrki og ráðgjöf vegna skógræktar á lögbýlum. Fræðsla til skógarbænda og samskipti við samtök þeirra eru mikilvægur þáttur í starfi sviðsins. Skógræktarráðgjafar starfa á starfstöðvum Skógræktarinnar í öllum landshlutum. Sviðstjóri skógarþjónustu er Sigríður Júlía Brynleifsdóttir skógræðingur. Á **rannsóknasviði** eru stundaðar rannsóknir á sviði skógvísinda og kynbætur á helstu trjátegundum sem notaðar eru í skógrækt hérlendis. Rannsóknasvið aflar gagna um kolefnisbindingu í skógum landsins og hefur viðamikilið samstarf innan lands og utan. Sviðstjóri rannsóknasviðs er Edda Sigurðis Oddsdóttir vistfræðingur. Þvert á þessi þrjú megin svið Skógræktarinnar starfar **rekstrarsvið**. Það sér um öll þau verkefni sem snerta fjármál og uppgjör, reikningshald, gerð rekstraráætla og samskipti við fjárveitingarvaldið. Þar er unnið að lands- og landshlutaáætlunum í skógrækt, umsögnum um framkvæmdir í skóglendi, lagafrumvörpum og fleiru en einnig sér sviðið um fræðslu- og kynningarmál, útgáfu og ýmis verkefni sem þjóna skógrækt almennt, þróun afurðamála og fleira. Sviðstjóri rekstrarsviðs er Gunnlaugur Guðjónsson alþjóðskógræðingur. Skógræktarstjóri er Þröstur Eysteinnsson skógræðingur en fagmálstjóri Aðalsteinn Sigurgeirsson skógræðingur. Fagmálstjóri er staðgengill skógræktarstjóra og fer með ýmis fagleg verkefni, meðal annars alþjóðleg samskipti.



Starfsfólk Skógræktarinnar kemur reglulega saman á starfsmannafundi, að jafnaði einu sinni á ári, og eru þá jafnan skoðaðir skógar í grend við fundarstaðinn. Hér skoða starfsmenn elsta hluta Kjarnaskógar þar sem ræktun hófst árið 1947. / Ljós. Pétur Halldórsson.



Samkomur í skógi eru snar þáttur í skógræktarstarfinu. Þessi mynd var tekin í skógaröngu sem Félag skógarbænda á Norðurlandi hélt að skógarbýlinu Silfrastöðum í Skagafirði. Þjónusta við skógarbændur hefur verið viðamesti þátturinn í starfi Skógræktarinnar en nú bætist við kolefnisskógrækt sem verður áður en langt um liður meginþunginn í starfsemiinni. / Ljós. Pétur Halldórsson.



Börn úr Grunnskóla Þorlákshafnar gróðursetja tré á Hafnarsandi í Ölfusi ásamt Guðmundi Inga Guðbrandssyni, umhverfis- og auðlindaráðherra. Tilefnið var að Yrkjúsjóður, Skógræktin og Landgræðslan undirrituðu í júní 2019 samstarfsfyrirlýsingu um aukna gróðursetningu grunnskólabarna og fræðslu fyrir þau um samspil kolefnisbindingar, landnotkunar og loftslagsmála. / Ljós. Edda S. Oddsdóttir.

Þjónusta við skógrækt á lögbýlum hefur verið langstærsti þátturinn í starfsemi Skógræktarinnar undanfarin ár og mun vaxa og dafna áfram. Í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum frá 2018 felst mikil aukning á framlögum til skógræktar, svo mikil að innan nokkurra ára verður skógrækt til kolefnisbindingar aðalverkefni Skógræktarinnar. Unnið hefur verið að því að laga stofnunina að þessum nýju áherslum svo binda megj sem mestan koltvísýring úr andrúmsloftinu með nýskógrækt. Þessi þróun breytir ekki eðli skógarins en til að sem mestur loftslagsárangur náist er ástæða til að endurskoða aðferðir og viðmiðanir, tegundaval miðað við landgerðir, notkun á kynbættum efnivið og fleira. Vel getur farið saman að rækta skóg sem bindur mikið kolefni og gefur á endanum verðmætt timbur en aðstæður geta verið ólíkar og markmiðin sömuleiðis eftir því hvar borið er niður á landinu.

Skógræktin er forystustofnun sem ryður brautina í skógrækt á Íslandi, kemur skógrækt af stað, þróar aðferðir og efnivið og hefur frumkvæði að nýtingu skóga og skógarafurða. En hún þarf líka að vera tilbúin til að víkja með tímanum fyrir einstaklingum og fyrirtækjum sem vilja hefja starfsemi á þeim sviðum sem stofnunin starfar á og geta talist samkeppnisrekstur. Gott dæmi um þetta eru gróðrarstöðvar sem Skógræktin rak í áratugi og framleiddu skógarplöntur. Nú fer sú starfsemi fram hjá einkafyrirtækjum. Í fyllingu tímans er líklegt að einkafyrirtæki taki líka að mestu við viðarvinnslu og sölu á timbri. Þangað til heldur Skógræktin áfram að afla reynslu og þekkingar á því sviði og búa til markað fyrir íslenskt timbur. Liður í því er að ýta undir menntun í viðarfræðum og nytjum og koma upp þeim starfstéttum sem vinna verkin, allt frá því að planta er ræktuð, sett í jörð, skógur hirtur, viður uppskorinn og afurðir gerðar að verðmætri söluvöru. Með nýjum áherslum í kolefnisskógrækt bætist enn við forystuhlutverk Skógræktarinnar en kolefnisskógrækt kann einnig að verða með tímanum sjálfbær atvinnugrein á frjálsum markaði.

Aðsetur og mannauður

Höfuðstöðvar Skógræktarinnar eru á Egilsstöðum. Í eðli stofnunarinnar felst að starfsemi fari fram um allt land og því eru starfstöðvar Skógræktarinnar í öllum landshlutum. Rannsóknasvið er á Mógilsá við Kollafjörð, skógaverðir hafa bækiðstöðvar í Hvammi Skorradal, að Vöglum Fnjóskadal, Hallormsstað og á Selfossi en að auki eru skrifstofur á Hvanneyri, Ísafirði og Akureyri og starfstöðvar í Haukadal, á Tumastöðum í Fljótshlí og að Skriðufelli í Þjórsárdal. Nokkrir starfsmenn búa jafnframt og starfa utan þessara starfstöðva.

Starfsfólk Skógræktarinnar er um 70 talsins. Rúmur helmingur hefur lokið háskólanámi í skógfræði og þar af nokkrir doktorsprófi. Skógræktin hvetur starfsfólk sitt til að afla sér aukinnar menntunar og reynslu, sækja námskeið og ráðstefnur. Haldnir eru fræðslufundir reglulega í fjarfundakerfi stofnunarinnar. Skógfræðinám er í boði við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) en einnig er algengt að fólk fari utan til náms í skógfræði, einkum til framhaldsnáms, gjarnan til Noregs og Svíþjóðar en einnig til Danmerkur, Þýskalands, Kanada og víðar. Á framhaldsskólastigi er líka kennd skógtækni við LbhÍ, hagnýtt nám sem vaxandi þörf verður fyrir eftir því sem skógarir vaxa.



Skógarleifum á Þórsörk var bjargað með því að Skógræktinni var falið svæðið til friðunar árið 1919. Birkiskóglendið hefur breiðst mikið út síðan, hraðast á síðustu áratugum, og svæðið hefur tekið stakkaskiptum. Árlega vinna hópar sjálfbodaliða hvaðanæva úr heiminum þar að stígaviðhaldi, lagfæra rofsár og vinna gegn skemmdum vegna vatns, vinda og ágangs ferðamanna. Íslenskt timbur er notað í öll slík mannvirki en reynt er að fella þau að landinu og gera sem minnst sýnileg. / Ljós. Hreinn Óskarsson.



Við hæsta tré landsins, tæplega 30 metra hátt sitkagreni á Kirkjubæjarklaustri. / Ljós. Björn Traustason.



Starfsfólk Ráðgjafarmiðstövar landbúnaðarins.
Ljós. Gunnhildur Lind Hansdóttir.



Stjórn Ráðgjafarmiðstövar landbúnaðarins frá 2021 ásamt framkvæmdastjóra.
Ljós. Helga Halldórsdóttir.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Frá vinstri: Unnsteinn Snorri Snorrason framkvæmdastjóri Landsambands sauðfjárbænda, Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Karvel Lindberg Karvelsson framkvæmdastjóri RML.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf. (RML) hóf starfsemi 1. janúar 2013 við sameiningu ráðgjafarþjónustu búnaðarsambandanna í landinu og ráðgjafasviðs Bændasamtaka Íslands. Á búnaðarþingi í febrúar 2012 var samþykkt ályktun þar sem sagði að stefnt skyldi að því að sameina ráðgjafarþjónustu búnaðarsambandanna og Bændasamtaka Íslands í eina rekstrarreiningu. Í framhaldi af því var skipaður starfshópur og ráðinn verkefnisstjóri. Þær tillögur voru lagðar til grundvallar starfi aukabúnaðarþings sem haldið var 29. október 2012. Niðurstaða þingsins varð sú að samþykkja eftirfarandi ályktun: „Búnaðarþing – aukarþing 2012, samþykkir að stofna félag um leiðbeiningaþjónustu bænda. Félagið verði í eigu Bændasamtaka Íslands, en með sjálfstæðri stjórn og fjárhag. Stjórn félagsins skulu skipa framkvæmdastjóri BÍ auk fjögurra fulltrúa sem þingið velur. Jafnmargir varamenn skulu kjörnir. Umboð stjórnar gildir til búnaðarþings 2013.“

Helstu verkefni fyrirtækisins

RML er ráðgjafar fyrirtæki í landbúnaði sem einnig er falið að sinna lögbundnum verkefnum, s.s. við framkvæmd ræktunarstarfs íslensku búfjárkynjanna. Öll dómstörf, kynbótamatsútreikningar og skýrsluhald eru á vegum RML. Einnig sinnir RML margs konar nýsköpunarverkefnum ásamt því að vera þátttakandi í verkefnum með samstarfsaðilum sem sinna fræðslu, nýsköpun eða rannsóknnum á sviði landbúnaðarins. Verkefni eru því mjög fjölbreytt og innan raða RML margir sérfræðingar sem oftast eru kallaðir ráðunautar, sem sinna hinum ýmsu verkefnum. Veitt er ráðgjöf á sviði jarðræktar, rekstrar, fóðrunar, ylræktar og almennt um aðbúnað einstakra búfjárkynja. Þjónusta við skýrsluhald, merkingar og skráningar er einnig veigamikill partur af starfsemi RML.

2020

Ráðgjafarmiðstöðin hefur nú starfað í rúm átta ár. RML hefur á þessum stutta tíma náð að festa sig í sessi, ásókn í störf hjá fyrirtækinu hefur verið góð og verkefni þess aukist jafnt og þétt. Fyrirtækið er nú leiðandi í verkefnum bænda vegna aðgerða á sviði loftslags og umhverfismála og má þar nefna til dæmis Loftslagsvænan landbúnað. Markmið verkefnisins Loftslagsvæns landbúnaðar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna landbúnaðar og landnýtingar og auka kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri. Í byrjun mars 2020 var undirritaður samningur um þetta samstarfsverkefni stjórnvalda, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML), Skógræktarinnar, Landgræðslunnar og Landssamtaka sauðfjárbænda um aðgerðir í loftslagsmálum. Átlunin er að fleiri búgreinar komi inn í verkefnið og það myndi ramma utan um aðgerðir bænda í umhverfis- og loftslagsmálum. Um áramótin 2019-2020 kom tölvudeild Bændasamtaka Íslands inn í fyrirtækið og nú er haldið utan um öll skýrsluhaldskerfi bænda hjá RML bæði hvað varðar forritun og þjónustu. Með breytingunni færðist upplýsingatækni og ráðgjöf undir sama hatt, en svipaður háttur er hafður á hjá mörgum ráðgjafarþjónustum í nágrannalöndum. Útreikningar á kynbótamati, þróun forrita og forritun verður öll á sama stað. Flutningur verkefna tölvudeilda BÍ styrkir starfsemi



Spildudagur 2019. / Ljós. RML.

Framtíðarsýn samkvæmt stefnumótun til 2022 er að:

- RML sé faglega öflugt, og óháð ráðgjafar fyrirtæki með gott orðspor.
- RML sé leiðandi í ráðgjöf, þróun hennar og miðlun þekkingar til framþróunar í landbúnaði og tengdum greinum.
- RML sé traustur og eftirsóknarverður vinnustaður með vel menntuðu og hæfu starfsfólki sem nýtur sín í starfi og getur nýtt þekkingu sína í þágu landbúnaðar.
- RML sé rekið á ábyrgan og hagkvæman hátt.



Fallegir gripir úr auglýsingu í Nautaskrá. / Ljós. RML.

RML og byggir upp aukna þekkingu starfsfólks. Tækniþróun í landbúnaði er gríðarlega hröð og mikilvægt að þekking sé sem breiðust innan raða RML, á þeim möguleikum sem upplýsingatæknin getur fært íslenskum bændum og orðið landbúnaði til framdráttar. Árið 2020 markaði starfsemi RML eins og hjá öðrum fyrirtækjum og öllum Íslendingum. Vegna þess hversu dreifð starfsemi er þá var frá upphafi lögð mikil áhersla á góða veftengingu innan fyrirtækisins sem og við viðskiptavinum. Fyrirtækið var því vel undir það búíð að takast á við þá áskorun að geta ekki farið út til bænda og miðlaði því fræðsluferni í gegnum netið og með fjarfundum. Því voru haldin bæði stærri og minni námskeið á netinu ásamt því að haldnir voru fræðslu- og spjallfundir. Einnig miðlaði RML fræðsluferni tengdu COVID-19 og landbúnaði á heimasíðu til þess að bændur gætu leitað að efni sem gæti aðstoðað við að varna því að þeir fengju COVID-19 eða að veiran bærist inn á búin. Stærri verkefni eins og Landbúnaður og náttúruvernd og Loftslagsvænn landbúnaður fóru að stórum hluta í gegnum netið. Árlegum verkefnum eins og kynbótadómum einstakra búfjárfarkynja var hægt að sinna, en þó með töluverðum takmörkunum. Fróðlegt var að fylgjast með hversu skamman tíma það tók að fá alla til þess að vera þátttakendur þrátt fyrir að um fjarfundi væri að ræða. Þarna opnuðust því ný tækifæri á að koma ráðgjöf og fræðsluferni á framfæri með þessum hætti.

Stjórn og stjórnendur

Samkvæmt samþykktum er stjórnarformaður RML á hverjum tíma framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands. Fyrsti stjórnarformaður RML var Eiríkur Blöndal en Sigurður Eypórsón tók við árið 2015 og var stjórnarformaður til áramóta 2020-2021 þegar Vigdís Háslar tók við. Framkvæmdastjóri frá upphafi utan eins árs í leyfi hefur verið Karvel Lindberg Karvelsson. Vignir Sigurðsson fjármálastjóri gegndi starfi framkvæmdastjóra á meðan Karvel var í leyfi. Í stjórn hafa að mestu setið bændur en þó eru nokkra undantekningar frá því. Við árslok 2020 voru eftirfarandi í stjórn auk stjórnarformanns, Guðríður Helgadóttir lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, Hallfríður Ólafsdóttir bóndi, Jóna Björg Hlökkversdóttir bóndi og Guðmundur Stefánsson formaður ungra bænda. Í hópi stjórnenda hafa frá upphafi verið Borgar Páll Bragason, Helga Halldórsdóttir og Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir. Auk þeirra tilheyra nú hópnum þeir Sigurður Guðmundsson, Sigtryggur Veigar Herbertsson og Þorberg Þórður Þorbergsson. Úr stjórnendahópnum hafa horfið þau Vignir Sigurðsson, Gunnar Guðmundsson, Runólfur Sigursveinsson og Berglind Ósk Óðinsdóttir.

Fjöldi starfsmanna og dreifing

Fjöldi starfsmanna er fimmtíu og tveir í fjörutíu og þrem stöðugildum og eru starfsmenn dreifðir út um allt land. Við lok árs 2020 voru starfsstöðvarnar 13 með allt frá einum starfsmanni upp í átta þar sem mest var. Starfsfólk RML þjónar í sínu nærumhverfi en jafnframt sinna flestir öllu landinu þannig að sérþekking hvers og eins nýtist sem best. Einnig eru einstaka starfsmenn að stýra eða eru þátttakendur í stórum verkefnum sem eru ekki bundin við einstök landssvæði. Starfsfólk RML er sérhæft í sínum fræðum, flestallir starfsmenn hafa grunnpróf frá háskóla en einnig eru margir með framhaldsmenntun og doktorspróf.




Gæði heys metið. / Ljós. RML.



Snæfellsstofa. / Ljós. Rebekka Karlsdóttir.

Vatnajökulsþjóðgarður



Landvörður að störfum í Laka. / Ljós. Stefanía Ragnarsdóttir.



Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri, í Skaftafelli.

Með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs varð Vatnajökull, áhrifasvæði hans ásamt stökum náttúruverndarsvæðum sameinuð í eina heild. Markmið með stofnun þjóðgarðsins er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynna og njóta náttúru þess og sögu. Stórt verkefni þjóðgarðsins er að auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf. Einnig er sérstakt markmið þjóðgarðsins að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni hans. Vatnajökull er stærsti jökull Evrópu. Flatarmál hans er um 7.800 km² og ísinn víðast 400–600 m þykkur en mest um 950 m. Undir jökulísnum leynast fjöll, dalir og hásléttur. Þar eru líka virkar megineldstöðvar. Bárðarbunga er stærst þeirra en Grímsvötn sú virkasta. Hæst nær jökulhettan rúma 2.000 m yfir sjó en jökulbotninn fer lægst 300 m niður fyrir sjávarmál. Að frátöldum Mýrdalsjökli er úrkoma hvergi meiri á Íslandi en á sunnanverðum Vatnajökli né afrennsli meira til sjávar. Svo mikill vatnsforði er bundinn í Vatnajökli að það tæki vatnsmestu á Íslands, Ölfusá, rúm 200 ár að bera hann fram.

Sérstaða

Landslag umhverfis Vatnajökul er fjölbreytilegt. Norðan hans er háslétta afmörkuð af vatnsmiklum jökulám. Yfir henni gnæfa eldstöðvarnar Askja, Kverkfjöll og Snæfell og móbergsstapinn Herðubreið, drottning íslenskra fjalla. Í fyrndinni skáru mikil hamfarahlaup Jökulsárgljúfur í norðanverða hásléttuna. Efst í gljúfrunum dunar nú hinn kraftmikli Dettifoss en utar má finna formfagra Hljóðakletta og hamraskeifuna Ásbyrgi. Víðfeðm heiðalönd og votlendi einkenna svæðið við Snæfell næst jöklinum austanverðum. Þar eru mikilvæg búsvæði hreindýra og heiðagæsa. Sunnan Vatnajökuls eru háir og tignarlegir fjallgarðar einkennandi og milli þeirra fellur fjöldi skriðjökla niður á láglandið. Syðst trónir megineldstöðin Örfajökull og hæsti tindur landsins, Hvannadalshnjúkur. Í skjóli jökulsins er gróðurvinin Skaftafell og þar vestur af svartur Skeiðarársandur, sem tíð eldgos og jökulhlaup úr Grímsvötnum hafa skapað. Vestan Vatnajökuls einkennist landslag líka af mikilli eldvirkni. Þar urðu tvö af stærstu sprungu- og hraungosum jarðar á sögulegum tíma, Eldgjárgosið 934 og Skaftáreldar í Lakagígum 1783-1784. Norðvestan jökuls liggur Vonarskarð, litríkt háhitasvæði og vatnaskil Norður- og Suðurlands.

Skipulag

Stjórnunar- og verndaráætlun (s&v) er aðalstjórnþæki þjóðgarðsins og verkfæri til stefnu- mótunar. Í áætluninni er sett fram stefna um Vatnajökulsþjóðgarð, náttúruvernd, útvist og byggðapróun. Stefnan var mótuð í samráði við fjölmarga hagsmunaaðila. Hún snertir á ótal atriðum sem snúa að verndun og nýtingu gæða þjóðgarðsins. Einnig gerir stefnan því skil hvernig nýta megi sem best tækifærin sem verða til vegna stofnunar þjóðgarðsins, styrkja það sem fyrir er en jafnframt skapa ný. Stjórnunar- og verndaráætlun er samkvæmt



Herðubreið. / Ljós. Júlía Björnsdóttir.



Dettifoss. / Ljós. Guðmundur Ögmundsson.

Framhald á næstu opnu →

Því ætlað að vera stefnumótandi áætlun sem stjórnendur Vatnajökulsþjóðgarðs styðjast við þegar ákvarðanir um stjórnun og skipulag þjóðgarðsins eru teknar.

Eins og við á um aðrar skipulagsáætlanir er annar megintilgangur stjórnunar- og verndaráætlunar sá að vera hluti af lýðræðislegu ferli sem leiðir til niðurstöðu um stjórnun þjóðgarðsins, innan ramma laganna og í samráði við almenning og hagsmunaaðila. Þetta birtist m.a. í aðkomu svæðisráða að mótun s&v og skyldu til að bera tillögur undir almenning áður en s&v eða breytingar á henni eru staðfestar af ráðherra.

Opin birting áætlunarinnar á vef þjóðgarðsins gefur öllum færi á að kynna sér hana.

Aðalskrifstofa þjóðgarðsins er til húsa í Garðabæ og reikningshaldi er sinnt í Fellabæ. Þjóðgarðurinn rekur nú fimm gestastofur. Þær eru: Gljúfrastofa í Ásbyrgi, Snæfellsstofa á Skriðuklaustri, Gamlabúð á Höfn í Hornafirði, Skaftafellsstofa í Skaftafelli og Skaftárstofa á Kirkjubæjarklaustri, sem rekin er í húsnæði og samvinnu við Skaftárhrepp, þangað til ný veiður byggð. Yfir sumartímann teygir starfsemi þjóðgarðsins sig vítt um garðinn en á veturna, þegar hálendinu er lokað, einskorðast hún við færri staði.

Starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs er dreifð og skiptist garðurinn í fjögur rekstrarsvæði. Svæðin eru kennd við höfuðáttirnar og á hverju svæði er þjóðgarðsvörður sem annast daglegan rekstur. Norðursvæðið skiptist í tvo hluta og þar eru tveir þjóðgarðsverðir.

Hjá Vatnajökulsþjóðgarði starfar samheldinn hópur starfsmanna með fjölbreytta reynslu, sem sinnir margvíslegum verkefnum tengdum náttúruvernd og þjónustu við gesti þjóðgarðsins. Að staðaldri eru tæplega 30 manns við starf hjá þjóðgarðinum en yfir sumartímann fer starfsmannafjöldi yfir 100. Meginstarfsstöðvar eru í Ásbyrgi, Mývatnssveit, Skriðuklaustri/Fellabæ, Höfn í Hornafirði, Skaftafelli og Kirkjubæjarklaustri auk miðlægrar skrifstofu á Urriðaholti í Garðabæ. Krafturinn á bak við þjóðgarðinn liggur ekki einungis í einstakri náttúru, heldur einnig í kröftugu og ánægðu starfsfólki.

Fyrir hvert rekstrarsvæði þjóðgarðsins er skipað sex manna svæðisráð sem í sitja þrjár fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélögum og þrjár fulltrúar frá félagasamtökum. Formenn hvers svæðisráðs taka sæti í stjórn þjóðgarðsins auk formanns og varaformanns skipuðum af ráðherra og fulltrúa náttúruverndarsamtaka. Útivistar- og ferðamálasamtök tilnefna hvor sinn áheyrnarfulltrúa. Framkvæmdastjóri þjóðgarðsins annast daglegan rekstur í umboði stjórnar, þ.m.t. starfsmannamál, framfylgir ákvörðunum hennar og ber jafnframt ábyrgð á fjárreiðum og rekstri starfsmannar í samræmi við skyldur forstöðumanns ríkisstofnunar.

Einstök náttúra og heimsminjaskrá

Náttúra og menningarsaga Vatnajökulsþjóðgarðs er einstæð á heimsvísu. Náttúran mótast af mikilli eldvirkni á Mið-Atlantshafshrygg og loftslagi á mörkum hlýrra og kaldra strauma í hafi og lofti. Ísland varð til við eldsumbrot og á það settist Vatnajökull, mesta jökulbreiða Evrópu. Vatnajökulsþjóðgarður var tilnefndur og skráður á heimsminjaskrá 2019 fyrir náttúruminjar undir áttunda viðmiði (criteria viii) sem kallar á að viðkomandi staður sé einstakt dæmi um



Hljóðaklettur. / Ljós. Stefania Ragnarsdóttir.



Dettifoss. / Ljós. Guðmundur Ögmundsson.



Fræðsluganga við Holuhraun. / Ljós. Júlía Björnsdóttir.



Kári Kristjánsson við fræðslu. / Ljós. Stefanía Ragnarsdóttir.



Tjarnargígur. / Ljós. Stefanía Ragnarsdóttir.



Fræðsla landvarða í Skaftafelli. / Ljós. Stefanía Ragnarsdóttir.



Askja. / Ljós. Hlynur Þ. Sigurjónsson.

mikilvægt stig í þróun jarðarinnar. Svæðið er því viðurkennt sem einstakt á heimsvísu vegna samspils elds og íss sem hefur leitt til stórbrotinnar náttúru og fjölbreyttra fyrirbæra.

Stjórnvöld í hverju landi tilnefna staði á heimsminjaskrá. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, undirrituðu tilnefningu Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir hönd íslenska ríkisins hinn 28. janúar 2018 og var tilnefning send inn til skrifstofu heimsminjasamningsins í lok þess mánaðar. Undirbúningur vegna tilnefningarinnar hófst síðla árs 2016 er Snorri Baldursson var ráðinn sem verkefnastjóri og sérstakri verkefnastjórn falið að stýra vinnu við tilnefninguna í samræmi við reglur UNESCO. Í tilnefningunni er áhersla lögð á rekbeltið, heita reitinn undir landinu og eldstöðvakerfi í gosbeltunum ásamt samspili elds og íss sem talið er einstakt á heimsvísu. Umsókn Vatnajökulsþjóðgarðs fékk því nafnið Samspil elds og íss.


Nánar tiltekið er Vatnajökulsþjóðgarður kominn á heimsminjaskrá í fyrsta lagi vegna samspils flekaskila, möttulstróks og hveljökuls sem skapar einstök átök elds og íss. Ferlarnir sem um ræðir eru skorpuhreyfingar, eldvirkni, og jöklunarferlar. Viðlíka samspil þessra ferla er hvergi þekkt í veröldinni á þessum tímamarki jarðsögunnar. Fjölbreyttar afurðir ferlanna eru greinilegar á yfirborði og fæstar þeirra finnast á öðrum heimsminjastöðum. Sem dæmi má nefna sprungur og misgengi (d. Heljargjá), móbergshryggi (d. Fögrufjöll) og stapa (d. Herðubreið) sem verða til við gos undir jökli – hryggir við gos á eld sprungum, stapar við gos úr einu gosopi, gígaraðir (d. Lakagígar) og dyngjur (d. Trölladyngja) sem verða til við sambærileg gos undir berum himni, auk jökulhlaupa og virkra jökulsanda. Í öðru lagi er Vatnajökulsþjóðgarður kominn á heimsminjaskrá vegna samspils loftslags og jökulíss og margvíslegra afurða þess - jöklalandslagsins - sem er óvenju fjölbreytt og aðgengilegt við jáðra fjölmargra skriðjökla þjóðgarðsins (d. jökullón, jökulker, jökulgarðar). Því er óhætt að segja að Vatnajökulsþjóðgarður sé einstök kennslustofa fyrir áhrif hamfarahlýnunar á jökla heimsins. Flekaskil Ameríkuflékans og Evrasíuflekans, Mið-Atlantshafshryggurinn, ganga í gegnum endilangt landið frá Reykjanesi til Öxarfjarðar og þar með talið um norðvestanverðan Vatnajökulsþjóðgarð á u.þ.b. 200 km kafla. Flekaskilum fylgir eldvirkni. Undir flekaskilunum miðjum, þar sem nú er Bárðarbunga, er möttulstrókur úr iðrum jarðar sem veitir heitri kviku til yfirborðs og eykur á eldvirknina. Eldvirkni er því óvenjumikil á Íslandi öllu og ekki síst í Vatnajökulsþjóðgarði sem hýsir tvær af fjórum virkustu eldstöðvum landsins, Grímsvötn og Bárðarbungu. Yfir hluta af eldvirkasta svæði landsins – og sjö megineldstöðvum – liggur Vatnajökull sem varð til á Nútíma (sl. 6000 árum eða svo) og er óðum að skreppa saman. Áður, á 2,7 milljón ára tímabili ísaldar, breiddust samfelldir jökulskildir aftur og aftur yfir svæðið á kuldaskiðum en hurfu alveg eða að mestu á hlýskíðum. Vatnajökulsþjóðgarður er því ekki aðeins mótaður af núverandi átökum elds og íss heldur nær þessi átakasaga næstum þrjár milljónir ára aftur í tímann.



Kverkfjöll. / Ljós. Stefania Ragnarsdóttir.



Skriðjökull. / Ljós. Hlynur P. Sigurjónsson.



Vatnajökulsþjóðgarður.



Pingvellir að vetrarlagi.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum



Þingvallakirkja og Þingvallabærinn.



Flaggað við Almannagjá.

Stofnun þjóðgarðs og heimsminjar

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum varð til þegar svæðið var friðlýst með sérstökum lögum, sem samþykkt voru á Alþingi 7. maí 1928. Í lögnum sagði að Þingvellir við Öxará og nágrenni þeirra skuli frá ársbyrjun 1930 vera „Friðlýstur helgistaður allra Íslendinga“. Hið friðhelga land markaðist upphaflega af Almannagjá í vestri og Hlíðargjá og Hrafnagjá í austri, en í suðri var miðað við línu frá hæstu brún Arnarfells beina stefnu á Kárastaði og í norðri frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hlíðargjá. Við stofnun þjóðgarðsins var kjörin Þingvallanefnd en í henni sátu þrjú kjörnir þingmenn. Þeir réðu þjóðgarðsvörð til daglegs reksturs. Fyrsti þjóðgarðsvörður Þingvalla hafði verið einn helsti talsmaður friðunar Þingvalla; Guðmundur Davíðsson. Með nýjum lögum 47/2004 stækkaði þjóðgarðurinn og er nú 228 ferkílómetrar: Mörk þjóðgarðsins á Þingvöllum og hins friðhelga lands skulu vera: Að sunnan eru mörkin um línu sem dregin er úr landamerkjum jarðanna Arnarfells og Mjóaness á Langatanga, vestur yfir vatnið og í Grjótnes sem er á landamerkjum jarðanna Skálabrekku og Kárastaða. Þaðan ráða landamerki þeirra jarða að landamerkjum Selkots og síðan landamerki Selkots og Kárastaða að sýslumörkum Árnessýslu og Kjósarsýslu á Há-Kili. Þaðan ráða sýslumörk til norðausturs til upptaka Öxarár við Myrkavatn og í hátind Háusúlu og þaðan bein stefna til austurs í efsta tind Gatfells. Þaðan liggja mörkin til suðurs í Hrafnabjörg og með austur- og suðurmörkum jarðarinnar Gjábakka og með austurmörkum jarðarinnar Arnarfells í Langatanga.

Sama ár var þjóðgarðurinn samþykktur á heimsminjalista UNESCO. Með samþykktinni urðu Þingvellir meðal rúmlega 1200 menningar- og náttúruminjustaða á heimsminjaskránni sem taldir eru hafa einstakt gildi fyrir alla heimsbyggðina. Þingvellir þykja geyma einstaka heimild um norrænt þinghald til forna og sérstæð tengsl við bókmenntasögu þjóðarinnar.

Sagan

Á Þingvöllum var Alþingi stofnað árið 930. Hér sátu goðar í Lögréttu, samþykktu þar lög réttu við eldri og kusu lögsögumann. Lögsögmaður var kosinn til þriggja ára í senn. Hann átti að tryggja þinghald og sagði upp rétt lög í landinu en utan þings hafði hann engin völd. Þá var gengið frá deilumálum á Þingvöllum, ýmist tókust á sættir eða mál enduðu fyrir dómstólum. Á Alþingi voru tvö dómsstig; annarsvegar fjórðungsdómur og ef það leystist ekki þar var hægt að áfrýja til fimmtardóms. Þingvellir urðu sumar hvert höfuðborg landsins þegar þing hittist um sólstöðubil og starfaði í tvær vikur. Talið er að þinginu hafi verið helgaður völlum hvert sumar. Þinghelgin náði frá tveim hraunhólum í norðri, Köstulum, að ósum Öxarár í suðri. Til austurs var þinghelgin mörkuð af Flosagjá og í vestri Almannagjá. Hér reistu goðar búðir sínar fyrir sig og þingmenn sína. Þá sóttu kaupmenn, sverðskriðar og aðrir þingið til koma varningi sínum í verð og flytja fréttir. Talið er að allt að 4000 manns gætu hafa sótt þingið þegar mest lá á og stór mál voru til umfjöllunar. Þó hlutverk Alþingis breyttist í gegnum tíðina, sérstaklega með nýjum lögbókum á 13. öld, komnum frá Noregi, fyrst Járnsíðu og svo Jónsbók. Voru



Gengið í Almannagjá að vetrarlagi.



Gengið í Almannagjá að sumarlagi.

Framhald á næstu opnu →

Þingvellir þó enn mikilvægur staður í hinum stærri málum. Hér hittust þeir sem skipaðir til þingsetu; sýslumenn, lögmenn og lögréttumenn og gátu lagt fram beiðni til breytinga á lögum þó endanlegt löggjafarvald væri komið í hendur Noregs- eða Danakonunga. Upp úr miðri 16. öld voru refsingar þyngdar og aukin tíðni dauðarefsinga fór í hönd. Voru þá sakamenn leiddir til Þingvalla og fullnusta refsinga fór fram hér. Þannig má rekja ýmis örnefni refsinga, og annara til þess tíma sem teygði sig allt fram á 18. öld. Eru þetta örnefni eins og Drekkingsrhylur, Höggstokkseyri, Kagarhólmi, Gálgaklettur og Brennugjá. Undir lok 18. aldar var hlutverk Þingvalla orðið úrelt miðað við þá stjórnsýslu sem var á margan hátt búin að festa sig í sessi. Alþingi kom því síðast saman á Þingvöllum 1798. Staðurinn féll þó ekki í gleymsku heldur varð hann vinsæll viðkomustaður evrópskra ferðalanga og ævintýramanna á 19. öld. Voru þetta upp til hópa menntamenn sem höfðu lesið sér til um sögu og menningu Íslands. Fönguðu þeir gjarnan mikilfengleika staðarins í teikningum, ljóðum eða öðrum texta. Einna þekktastur slíkra er W.G. Collingwood en málaði hann marga sögufræga staði. Nýstofnuð Bandaríki, frönsku byltingarnar, áhersla á lýðræði og aðkomu að ákvörðunum voru hugmyndir sem íslenskir stúdentar í Kaupmannahöfn drukku í sig og vildu miðla áfram til íslensku þjóðarinnar. Leitað var að fyrirmyndum að sameiningartákni og hugmyndum um lýðræði. Lágu þá Þingvellir vel við. Fá ljóð hafa fangað umhverfi Þingvalla og mótað huga landans um staðinn og ljóðið Skjaldbreiður eftir Jónas Hallgrímsson. Hugmyndin um Þingvelli varð mörgum innblástur í rökræðum um aukið sjálfræði Íslands gagnvart valdi Dana. Þó Alþingi hafi verið fundinn staður í Reykjavík styrktist í mynd Þingvalla sem hinn forni þingstaður. Friðunarhugmynda gætir fyrst í grein árið 1907 frá þá fornminjaverði Íslands Matthíasi Þórðarsyni. Næstu 20 árin var þó umræða keyrð áfram fyrst og fremst af barnakennaranum Guðmundi Davíðssyni. Í mörgum greinarskrifum sínum lýsti hann hve vel Þingvellir pössuðu sem þjóðgarður líkt og í þá tíð væri verið að koma víða upp í Bandaríkjunum. Hugmyndin um friðun Þingvalla óx ásmegin á þriðja áratug 20. aldar og var loks samþykkt með lögum 1928



Þingvellir skoðaðir á skjá.



Leiðir til þings skoðaðar.

Jarðfræði

Sigdældin á Þingvöllum er hluti af virku eldgosa- og sprungusvæði sem nær utan frá Reykjanesi norður í Langjökul. Ytri mörk þess eru við Súlnaberg í Botnssúlum og austur á Lyngdalsheiði og Laugarvatnsfjalli. Á Suðurlandi jagast flekarnir hvor framhá öðrum en á Þingvöllum færast þeir í sundur og spilda á milli sígur. Fjarri flekaskilunum er hreyfingin jöfn, 2 cm á ári en á þeim sjálfum safnar bergið spennu á löngum tíma sem síðan losnar í umbrotahrinum þegar brotamörkum er náð. Hið stöðuga landsig hefur valdið ágangi vatns upp í þinghelgina. Frá því að Alþingi var stofnað árið 930 má gera ráð fyrir að sigið nemi upp undir 4 metrum. Vatnságangur og landsig hafði áhrif á þingstörfen en talið er að Þingvallakirkja hafi verið flutt á 16. öld þangað sem hún er nú. Lögrétta var færð úr stað 1594 því þá hafði hún einangrast á hólma í Öxará. Við landsigið 1789 fór nokkuð af túni á Þingvöllum undir vatn og gjár opnuðust.



Jarðsaga, Sigdalarinn, staðið á flekaskilunum.

Pingvallavatn

Hin nánu tengsl á milli vistkerfis Pingvallavatns og jarðsögunnar skapa Pingvallavatni sérstöðu meðal vatna heimsins. Meirihluti vatnasviðsins er þakið hrauni og vatn hripar þar auðveldlega í gegn. Ungur aldur hraunnanna gerir það að verkum að upptaka steinefna er mikil í grunnvatninu sem er ein af undirstöðum fjölbreytts lífríkis í Pingvallavatni.

Vegna landsigs og hrauns skapast fjölbreytni í búsvæðum, til dæmis fylgsni fyrir fiska í gjám og gjótum meðfram strandlengju Pingvallavatns. Pingvallavatn er sérstaklega frjótt og gróðursælt þó svo að það sé mjög kalt. Um þriðji hluti botnsins er þakinn gróðri og magn þörunga er mikið. Lággróður nær út á 10 metra dýpi en hágróður myndar stór gróðurbelti á 10-30 metra dýpi. Um 150 tegundir jurta og 50 tegundir smádyra beita sér á þennan gróður, frá fjöruborði og út á mikið dýpi.

Í Pingvallavatni finnast þrjár tegundir ferskvatnsfiska af þeim fimm sem finnast á Íslandi, urriði bleikja, og hornsíli. Talið er að þessar þrjár tegundir fiska hafi allar lokast í vatninu í kjölfar síðustu ísaldar þegar land lyftist við suðurenda Pingvallavatns. Þessar þrjár fisktegundir eru lifandi vitnisburður um hvernig þróun tegunda er í náttúrunni því þær hafa á einungis 10.000 árum lagað sig að mismunandi búsvæðum í vatninu. Sú aðlögun endurspeglar m.a. í mismunandi afbrigðum bleikjunnar og hornsílísins og mismunandi stofnum urriðans. Vegna þessa hefur Pingvallavatn á undanförunum árum orðið vettvangur rannsókna á fyrstu stigum afbrigða og tegundamyndunar.

Gróður og dýralíf

Birkiskógur er einkennandi fyrir Pingvallasvæðið enda er eitt elsta nafn svæðisins Bláskógar. Í þjóðgarðinum hafa verið greindar 172 tegundir háplantna sem er um 40% íslensku flórunnar. Birkið ásamt víði, lyngi og fjalldrapa breyta ásýnd Pingvalla þegar haust tekur við af sumri og leggja þá margir leið sína á staðinn til að njóta þeirrar litadýrðar sem við blasir.

Pingvallavatn er sérstaklega djúpt og dregur af þeim sökum ekki til sín eins marga vatnafugla og grynnti vötn. Að staðaldri lifa 52 fuglategundir við vatnið og 30 aðrar koma og fara. Þekktasti fugl vatnsins er himbriminn sem verpir á fáeinum stöðum við vatnið. Hann er styggu og ver svæði sitt af ákafa. Ísland er austasta landnám himbrimans en þessi sérstæði fugl á ættir sínar að rekja til Norður Ameríku. Vestan um haf koma líka húsönd og straumönd. Örn verpti forðum í Dráttarhlíð og Arnarfelli en er nú aðeins stopull gestur.

Refurinn læðist um holt og hæðir en hann hefur deilt landsins gæðum með mannum allt frá landnámi. Hann má finna við Pingvallavatn sem víðar á Íslandi. Nýjasti íbúinn sem dvelst að staðaldri við Pingvallavatn er líklega minkurinn en hann var fyrst fluttur til Íslands 1931 til loðdyraræktar. Fljótlega sluppu nokkrir minkar úr búrum sínum og nú finnst minkurinn um allt land. Minkurinn kann vel við sig á Þingvöllum og verður hans víða vart við strandlengju vatnsins.

Skipulag og sérstaða

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er elsti þjóðgarður landsins og sá fyrsti til að komast á heimsminjalista UNESCO. Þá er þetta líka sá þjóðgarðurinn sem er hvað næst miklu þéttbýli á landinu. Þannig eru einungis 50 km til höfuðborgarsvæðisins þar sem 2/3 hluti landsmanna býr. Eðlilega er garðurinn því mikið nýttur af íbúum þess svæðis og öðrum gestum. Í dag sitja sjö þingmenn í Þingvallanefnd sem ráða til sín þjóðgarðsvörð er heldur utan um daglegan rekstur þjóðgarðsins. Lengst af var þjóðgarðurinn undir forsætisráðuneytinu en fluttur undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2017. Þingvellir hafa nýst sem samkomustaður fyrir stórhátíðir. Stjórnarskrárgjöf danakonungs, Kristján IX, fór fram hér þegar fagnað var 1000 ára landnámi 1874. Þá var blásið til mikilla hátíðahalda 1930 til að fagna 1000 ára Alþingi um land allt og ekki síst á Þingvöllum þar sem ríflega 20.000 manns kom saman. Lögberg á Þingvöllum var nýtt til undirskriftar sjálfstæðis 1944 og þrjátíu árum seinna var þjóðinni aftur boðið á Þingvöll til að gleðjast yfir 1100 ára landnámi Íslands. Þá voru Þingvellir miðpunktur 50 ára afmæli lýðveldisins 1994. Árið 2000 var 1000 ára kristnitöku fagnað. Á öllum þessum hátíðum hafa vellirnir nýst til hátíðahalda og hinar ýmsu hraunbrekkur, landanum til áhorfs.

Framtíðarsýn

Margt hefur breyst frá því að Guðmundur Davíðsson var fyrst ráðinn umsjónarmaður 1920-1924 og hann taldi í kringum 5000 gesti til Þingvalla yfir sumarið. Upp úr 2010 óx ferðamannafjöldi til Íslands í veldisvexti. Hvert ár var um 20% fjölgun. Þingvellir eru sá staður sem tekur við einna hæsta hlutfalli þeirra erlendu gesta er sækja Ísland heim. Tölur frá 2018 gefa til kynna að nærri 1,6 milljón gesta hafi komið til Þingvalla. Þá eru staðsettir teljarar í Almannagjá sem töldu að rúm 1,3 milljónir gesta gengu í gjánni árið 2019. Þó snúðra hafi hlaupið á þráðinn vegna heimsfaraldurs COVID-19 árið 2020 eru vísbendingar um að slíkt sé einungis tímabundið ástand.

Á Þingvöllum er unnið eftir stefnumörkun þjóðgarðsins sem gildir til 2038. Þar er þess getið að öll aðstaða til afþreyingar, sem byggð verður upp í þjóðgarðinum, taki mið af menningar- og náttúrufarslegri sérstöðu Þingvalla með það að markmiði að gestir fari fróðari heim. Þjóðgarðurinn verði auðveldlega aðgengilegur gestum sem koma akandi án þess að bílar séu áberandi. Áhersla er lögð á að þinghelgin verði að mestu án bílaumferðar en að bílum sem flytja gesti sé lagt utan þinghelgarinnar, einkum á vestari gjárbarminum, þ.e. á Hakinu og við Langastíg. Innan þjóðgarðsins verði fjölda bílastæða og gjaldtöku fyrir þau stýrt samræmi við þann fjölda gesta sem unnt er að taka á móti án þess að náttúra eða sögulegar minjar hljóti skaða af. Í samstarfi við önnur yfirvöld verði banni við lagningu bíla utan skilgreindra bílastæða fylgt fast eftir. Akstur bíla spilli ekki yfirbragði og kyrrð þjóðgarðsins en stígakerfið gegni þeim mun meira hlutverki. Þá verður gert reglubundið mat á ástandi viðkvæmra svæða. Farið verður yfir lista af vöktunatriðum og niðurstöður ástandsskoðunar bornar saman við viðmiðunarástand.

Húsnæði

Elsta húsnaði sem starfsfólk þjóðgarðsins hefur aðgang að er ein burst Þingvallabæjarins sem reistur var árið 1928 eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar. Þar er skrifstofa þjóðgarðsvarðar staðsett ásamt skráðhúsi fyrir presta og notendur Þingvallakirkju.

Árið 1970 var byggð þjónustumiðstöð við tjaldstæði þjóðgarðsins á Leirum. Þar er kaffi- og veitingasala rekin af utanaðkomandi rekstraraðila. Starfsfólk þjóðgarðsins sinnir þar upplýsingagjöf til gesta garðsins.

Mikil breyting varð í starfsemi þjóðgarðsins með tilkomu gestastofu við Hakið ofan Almannaálfar 2002. Hægt var að taka á móti hópum innandyra, vera með fyrirlestra og sett var upp margmiðlunarsýning fyrir gesti. Með auknum fjölda ferðamanna var gestastofan stækkuð árið 2018 og er nú 1400 fm. Jafnframt var sett upp ný sýning Hjarta lands og þjóðar þar sem gestir geta fræðst um þjóðgarðinn á gagnvirkan hátt. Viðbyggingin hlaut umhverfis- og byggingarvottun BREEAM 2020.


Auk þessara eru ýmsar þjónustubyggingar og salerni í þjóðgarðinum við tjaldstæði og mannmörg svæði.

Þjóðgarðurinn heldur utan um umhirðu og bókanir í Þingvallakirkju. Kirkjan var reist árið 1859 en turni skeytt við hana 1907 og er hún friðuð. Kirkjan er hefðbundin timburkirkja eins og þær voru reistar nokkuð vítt um land á 19. öld. Í henni eru gripir frá fyrri Þingvallakirkjum eins og málverk eftir Ófeig Jónsson frá Heiðarbæ, máluð á fyrri hluta 19. aldar. Þá er þarna predikunarstóll frá 1683 sem gert var við í lok 20. aldar og komu þá í ljós eldri myndir sem málað hafði verið yfir. Í turninum eru þrjár klukkur; ein sögð forn útlits en lítið vitað um aldur hennar, önnur var gjöf séra Jóns Vídalíns vígsluárið hans 1698 og sú stærsta „Íslandsklukkan“ er frá 1944 og hringdi inn sjálfstæðið.

Tekjur þjóðgarðs

Þingvellir eru reknir á föstum framlögum sem samþykkt eru í hverjum fjárlögum frá Alþingi fyrir sig. Jafnframt er þjóðgarðinum heimilt að innheimta þjónustugjald fyrir þá sem nota bílastæði þjóðgarðsins og nýta sér Silfrú. Þjónustugjöldin hafa gert þjóðgarðinum kleift að bregðast við auknu álagi sem hlýst af gestakomum. Tekjurnar hafa því nýst til innviðaupbyggingar og verndar þjóðgarðinn til framtíðar.

Ferðamannaföldi hefur breyst í gegnum árin. Teljari er í Almannaálfar.





Starfsfólk hjá Espiflöt 2022. / Ljós. Ívar Sæland.

Espiflöt



Eiríkur og Hulda Sæland. / Ljós. Ljósmyndastofa Suðurlands.



Tekið við landbúnaðarverðlunum 2020. Sveinn, Áslaug, Heiða og Axel. / Ljós. Bændablaðið.

Garðyrkjustöðin Espiflöt ehf. stendur á gömlum merg. Má rekja sögu hennar aftur til ársins 1948 þegar hjónin Eiríkur og Hulda Sæland tóku sig upp frá Hafnarfirði og fluttu austur í Biskupstungur til að koma sér upp heimili og garðyrkjustöð eftir að Eiríkur hafði lokið námi frá Garðyrkjuskóla ríkisins. Garðyrkjustöðin bar nafnið Sjónarhóll fram til ársins 1958 þegar því var breytt í Espiflöt.

Einkum var þar ræktað grænmeti í byrjun en frá árinu 1965-1977 var farið að bæta við blómarækt. Þá fór ræktunin fram í einum 1.300 fm. Árið 1977 komu inn í reksturinn synir Eiríks og Huldu, Stígur Sæland og kona hans Aðalbjörg Sigurjónsdóttir ásamt Sveini A. Sæland og konu hans Áslaugu Sveinbjarnardóttur. Um það leyti var tekin ákvörðun um að leggja aðaláherslu á blómaræktunina. Við uppskiptingu á fyrirtækinu árið 1987, stofnuðu Aðalbjörg og Stígur sína eigin garðyrkjustöð, Stóra-Fljót.

Framleiðslan

Afskorin blóm voru þá mjög vinsæl meðal landsmanna og notuð til að skreyta og gleðja við hin ýmsu tilefni. Reksturinn hjá Espiflöt hefur síðan verið eingöngu í kringum ræktun og sölu á afskornum blómum. Á síðustu árum hefur áherslan einkum verið á blönduðum blómvöndum sem gerir kröfu um fjölbreytta ræktun. Ræktunin byggir á 7 stoðtegundum í rúmlega 200 litum og afbrigðum sem skapar hið fjölskrúðuga úrval blómvanda sem standa neytendum til boða víða; jafnt í stórmörkuðum, sérstökum blómaverslunum og stærri garðyrkju- og blómamörkuðum.

Blómin frá Espiflöt hafa markað sér stórtan sess á þessum markaði. Fyrirtækið Grænn markaður er dreifingaraðili blómanna en Sveinn og Áslaug eiga hlut í því fyrirtæki. Þangað er svo hægt að sækja þá vöru sem kaupmönnum eða umboðsaðilum þeirra hugnast.

Hjá Espiflöt byrjar dagurinn með því að blómin eru skorin, flokkuð og þau sérpökkuð eftir gæðakerfi; sumt fer í blómabúðirnar og annað í stórmarkaðina.

Um 70% framleiðslunnar er notað í blandaða blómvendi en það er ein meginbreytingin sem hefur orðið hjá fyrirtækinu og sá hluti framleiðslunnar hefur aukist hvað mest.

Sala og dreifing er nokkuð árstíðabundin. Stóru tímabilin er í kringum jól, í upphafi Þorra og Góu, páskahátíðin, fermingar, stúdentaútskriftir; sem þýðir að mest er að gera frá desember fram í júní. Val á tegundum og litbrigðum fer eftir árstíðum. Rólega tímabilið er frá júlí fram í nóvember og þá er mesta áherslan lögð á áður nefnda blómvendi sem hafa fallið neytendum afskaplega vel í geð.

Starfsfólk og eigendur

Sveinn og Áslaug eru menntaðir garðyrkjufraeðingar og hafa haldið alfarið utan um rekstur fyrirtækisins frá árinu 1998 þegar Eiríkur og Hulda fluttu af svæðinu eftir 50 ára farsælt starf. Árið 2013 keyptu sig inn í reksturinn sonur þeirra hjóna Axel Sæland, garðyrkju- og íþróttafraeðingur og kona hans Heiða Pálrún Leifsdóttir hjúkrunarfraeðingur og þar með er



Blómvendir bíða þökkunar. / Ljós. Heiða Pálrún.

Þriðja kynslóð komin inn í reksturinn. Þau Sveinn og Áslaug eru farin að huga að því að njóta ávaxtanna af því sem þau hafa sáð til. Síðustu misserin hafa barnabörn þeirra unnið töluvert í fyrirtækinu og þar með fjórða kynslóðin komin að verki. Að jafnaði eru 18 manns í vinnu hjá Espflöt. Frá áramótum 2021-2022 tóku Axel og Heiða alfarið við rekstri fyrirtækisins.

COVID-19

Vert er að geta þess í framhjálaupi að COVID-19 faraldurinn varð til þess að auka sölu á blómum; þvert á það sem þau hjá Espflöt höfðu haldið. Það var nánast gengið út frá því að það þyrfti að draga reksturinn verulega saman en reyndin varð allt önnur. Það var engu líkara en að fólk hefði farið í auknum mæli að gleðja sjálf sig og aðra með blómum á tímum takmarkana. Síðustu þrjú ár hefur fyrirtækið vart haft undan að selja tilbúna blandaða blómvendi til stórmarkaða.

Ræktunin

Framleiðslan er jöfn allt árið um kring þó að komi kippir inn á milli og undir hana þarf 8.000 fm ræktunarrými. Ræktunin er að stórum hluta tölvuvædd og öll stýring á vökvun, áburðagjöf, hitastigi, rakastigi, koltvísyringsmagni og birtustigi er í gegnum tölvuforrit svo það má segja að með hátækni sé verið að skapa ákjósanlegt loftslag fyrir blómaræktun norður á hjara veraldar. Garðyrkjustöðin Espflöt er staðsett í Reykholti í Biskupstungum en þar eru kjöraðstæður fyrir ræktun og á öllu svæðinu á sér stað mikil uppbygging.

Framtíðarsýn

Fjölskyldan sem hefur heiðrað brautryðjendastarf forfeðranna með því að halda áfram að þróa starfsemina og vinna í anda þess sem lagt var upp með horfir nú björtum augum til framtíðar. Skipulagsbreytingar og stækkun eru framundan því markaðurinn fer sífelst stækkandi. Seint mun falla úr gildi sú fullyrðing að falleg og litskrúðug blóm gleðji mannhjörtun.



Útplöntun á Gerberu. / Ljós. Heiða Pálrún.



Loftmynd af Espflöt. / Ljós. Owen Hunt.



Þrír ættliðir að störfum. / Ljós. Heiða Pálrún.



Starfsfólk frá vinstri: Þorvaldur, Ragna, Sara, Matthías, Linda Ina og Gísli, á myndina vantar Ellen

Flóra garðyrkjustöð



Ragna Sigurðardóttir og Þorvaldur Snorrason. Jólástjörnunar í ræktun.

Flóra garðyrkjustöð í Hveragerði er í eigu tvennra hjóna, þeirra Þorvaldar Snorrasonar og konu hans Sigríðar Sigurðardóttur og systur hennar Rögnu Sigurðardóttur og eiginmanns hennar Kristins Alexanderssonar. Þau hafa rekið stöðina frá því fyrrpart árs 2017 en þá keyptu þau Garðyrkjustöð Ingibjargar sem hafði verið starfrækt frá árinu 1981 af hjónunum Ingibjörgu Sigmundsdóttur og Hreini Kristóferssyni. Þorvaldur, sem er garðyrkjufraeðingur, hafði starfað hjá þeim hjónum í 6 ár áður en eigendaskiptin urðu.

Fljótlega eftir eigendaskiptin hlaut stöðin nafnið Flóra garðyrkjustöð en hugmyndina að nafninu má rekja til þess að Ingimar, afi Rögnu og Sigríðar, og Ragna systir hans stofnuðu blómabúðina Flóru í Austurstræti 7 árið 1932 og var hún ein fyrsta blómabúðin í Reykjavík.

Starfsemin

Í Flóru fer fram fjölbreytt ræktun en aðaláherslan er þó á framleiðslu sumarblóma og garðplantna af ýmsum toga. Til helstu garðplantna sem boðið er upp á má nefna ýmsar tegundir trjáa, runna, rósa og fjölærra blóma. Auk þess eru ræktaðar ýmsar tegundir krydd- og matjurtplantna og þar á meðal forræktaðar matjurtir sem eru mjög vinsælar í matjurtagarða landsmanna á vorin.

Einnig eru ræktaðar í Flóru ýmsar tegundir pottplantna allan ársins hring en sá markaður hefur lifnað verulega við á nýjan leik hér á landi allra síðustu ár eftir talsverða lægð til margra ára. Þá má segja að pottaplöntur séu komnar í tísku á ný.

Þegar um árstíðabundna ræktun eins og sumarblóm er að ræða þá er möguleiki á að nýta gróðurhúsin fyrir annars konar ræktun á móti. Sumarblómatímanum lýkur þegar líður á sumarið og í júlí tekur við ræktun á jólástjörnu í húsunum en hún þarf talsvert pláss og dekur, m.a. þarf að breiða yfir hana svart plast seinnipart dags í 4 vikur, og taka ofan af henni aftur að morgni til þess að háblöðin nái að mynda réttan lit. Algengastur er rauði liturinn sem flestir þekkja en aðrir litir hafa verið að færast í aukana upp á síðkastið, s.s hvítur og ýmsir bleikir litir. Einnig eru ræktaðar þónokkrar tegundir laukblóma í stöðinni frá hausti og fram eftir vetri, s.s. túlþanar, páskaliljur, hýasintur, amaryllis o.fl.

Aðsetur

Flóra garðyrkjustöð er með sínar höfuðstöðvar við Heiðmörk 38 í Hveragerði. Þar er 150 fm söluskáli fyrir sumarblóma- og pottaplöntusölu auk þess sem rúmgott sölusvæði er þar utandyra með ýmisskonar garðplöntum. Á útisvæðinu er einnig rúmgott plasthús sem hýsir viðkvæmari gróður svo sem ýmsar tegundir skrautrósa og ávaxtplantna sem þurfa mjög gott skjól í gördum eða jafnvel gróðurskála til að þrífast hér á landi.

Garðyrkjustöðin nær í dag yfir ca. 6000 fm undir gleri auk um ca. 2000 fm í plasthúsum ásamt stóru ræktunarsvæði utandyra.





Pottablóm og blómapottar í söluskálanum.

Afurðir

Afurðir Flóru garðyrkjustöðvar eru að miklum hluta seldar í smásölu heima í söluskálanum í Hveragerði, sérstaklega yfir sumarblómatímam. Þó er einnig gríðarlegt magn sumarblóma sem fer til ýmissa aðila, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, í heilsölu. Yfir mesta annatímam ca. frá maí-júní eru farnar nokkrar ferðir á dag með sendiferðabíl hlaðinn blómum vestur yfir Hellsheiði.

Starfsfólk

Við Flóru starfa að staðaldri, allan ársins hring, 7 starfsmenn. Þar af starfa tveir eigendanna í fullu starfi við stöðina, við ræktun og rekstur, Þorvaldur Snorrason garðyrkjufræðingur og Ragna Sigurðardóttir. Á vorin fjölga alltaf talsvert í starfsmannahópnum og yfir háannatímam má segja að starfsmannafjöldinn margfaldist en þá starfa allt að 25-30 manns við hin ýmsu störf í stöðinni, hvort sem er við ræktun og umhirðu, að taka til pantanir til að senda burt eða við heimasóluna sem getur verið ansi fjörug á köflum.

Vefsíða: floragardyrkjustod.is



Haustlegt á sölusvæðinu.





Friðrik Rúnar Friðriksson og Georg Ottósson.

Flúðajörfi



Flúðajörfi er garðyrkjustöð sem var stofnsett árið 1977 af Georgi Óttóssyni og þáverandi konu hans með það fyrir augum að stunda grænmetisrækt yfir sumartímann. Það helgaðist af því að Georg var þá starfandi sem kennari yfir veturinn en vildi hafa garðyrkjustöðina sem aukabúgrein á sumrin. Sú aukabúgrein átti eftir að vaxa hratt í hlutfalli við meiri áhuga hans á garðyrkju og grænmetisræktun sem leiddi til þess að hann hætti kennslu árið 1990. Þá var ræktunin orðin að heilsárs starfsemi svo hann sneri sér alfarið að henni.

Framleiðslan

Að Flúðum í Hrunamannahreppi er kjörin aðstaða til ræktunar innan um sex borholur af sjóðheitu vatni svo það var hafist handa um byggingu gróðurhúsa til að rækta ýmiss konar grænmeti fyrir stækkandi neytendamarkað. Í upphafi voru ræktaðar agúrkur, tómatar, jarðarber og paprikur, en árið 1997 hafði þróunin orðið sú að paprikuframleiðslan varð ofan á og fljótlega upp úr því var Flúðajörfi orðinn stærsti paprikuframleiðandi landsins. Georg Ottósson varð frumkvöðull í paprikuræktun á Íslandi. Dóttir hans Ragnheiður segir töluvert tilstand í kringum paprikurnar og notar orðið vesen í því sambandi. Vissulega hafa þau ást á paprikunni en sá böggull fylgir skammrifi að paprikan þarf mikið sólarljós til að þrífast svo það gat verið erfitt að rækta hana yfir vetrartímann þannig að í byrjun var ræktunin fyrst og fremst bundin við sumartímann. En með tíð og tíma sköpuðust nýir möguleikar til lýsingar í gróðurhúsunum og þegar hin svokölluðu natríumljós komu fram á sjónarsviðið breyttust allar forsendur paprikuræktunarinnar. Nú er hægt að rækta paprikur fram í desemberbyrjun sem var algjör bylting. Það þýðir að íslensk paprika er einungis ófánleg í desember og fram í janúar. Í fyrsta skipti í sögu paprikuræktunar hér á landi er nú hægt að senda ferskar íslenskar paprikur á markað frá og með 15. janúar sem ekki var hægt áður. Það má þakka natríumljósunum auk þekkingar í ræktunaraðferðum sem hefur orðið til með þróun og rannsóknunum til tuttugu ára sem hafa skapað nýjar hugmyndir sem koma að gagni. Í dag telur paprikuframleiðslan um 100 tonn á ári en þess utan framleiðir Flúðajörfi 80 tonn af tómötum sem eru sérvaldir og einkenna framleiðslu fyrirtækisins; stundum nefndir pink tómatar. Flúðajörfi leggur mikið upp úr því að hafa sín sérkenni þegar kemur að tómötum, en paprikan er þó alltaf í aðalhlutverki.

Útiræktun fer líka fram yfir sumartímann og þá er verið að rækta kál, gulrætur og spergilkál en fyrirtækið er stærsti gulróta og spergilkálsframleiðandi á Íslandi. Til viðbótar er ræktað hvítkál, rauðkál og blómkál. Spergilkálsframleiðslan telur ein 100 tonn á ári og 300 tonn af gulrótum eru tekin upp á einu bretti að hausti og eru fyrirliggjandi fram í maí.

Mannauður og stjórnendur

Starfsmenn Flúðajörfa eru 15 þegar mest er að gera yfir sumartímann en 10 manns á veturna. Eigandi Flúðajörfa er Georg Ottósson, rekstrarstjóri er Friðrik Rúnar Friðriksson og Ragnheiður Georgsdóttir er sölu- og markaðsstjóri.



Ragnheiður segir í mörg horn að líta hjá sér þar sem hún er sömuleiðis markaðsstjóri Flúðasveppa fyrir utan að vera veitinga- og rekstrarstjóri veitingahúsa sem rekin eru samhliða (Flúðasveppir farmers bistro), en þar er verið að elda úr hráefnum af þeim afurðum sem nærumhverfið gefur.

COVID-19

Á tímum COVID-19 þótti samt nauðsynlegt að loka fyrir veitingasölu en metár varð í framleiðslu og sölu sem kom öllum að óvörum. Leiða má líkum að því að þá hafi fólk verið mikið til heima að elda og matarsóun lítil sem engin.

Íslensk framleiðsla

Ragnheiður segist þess fullviss að íslenskir neytendur velji oftast íslenska framleiðslu þegar grænmeti er annars vegar svo slagorðin: „þú veist hvaðan það kemur“ hlýtur þar af leiðandi að eiga við rök að styðjast.





Flúðasveppum pakkað.

Flúðasveppir



Undirbúningur.

Flúðasveppir hófu sögu sína á árið 1984 þegar Ragnar Kristinn Kristjánsson byrjaði að grafa fyrir grunnni á 500 fermetra húsi fyrir svepparækt á Flúðum. Ragnar var liðlega tvítugur þegar hann steig fyrsta skrefið í átt að svepparæktinni en var búin að hafa mikinn áhuga á henni í töluverðan tíma. Ragnar selur Flúðasveppi árið 2005 til Georgs Ottóssonar garðyrkjubónda sem er enn eigandi. Fyrstu sveppirnir komu á markaðinn 1984 og voru framleidd 500 kg af sveppum á viku á þessum tíma á móti 300 kg sem voru flutt inn að utan.

Starfsemin

Svepparækt er nákvæmisverk og byggist á 1000 smáatriðum, fengist er við örverur sem eru ofurviðkvæmar fyrir raka- og hitastigi og ef einu smáatriði er gert rangt, getur útkoman orðið uppskerubrestur. Þegar gengið er um Flúðasveppi er fyrst borið niður í rotmassagerðinni, þar sem grunnurinn að ræktuninni er lagður. Flúðasveppir hafa frá fyrstu tíð búið til sinn eigin rotmassa úr íslensku hráefni. Í rotmassagerðinni er blandað saman byggghálmi sem til fellur við kornrækt og strandreyr sem Flúðasveppir rækta á 150 hektörum lands í Hvítárholti í Hrunamannahreppi og Forsæti í Vestur Landeyjum. Það tekur tvær vikur að búa til rotmassann og síðan er honum komið fyrir í sérstaka klefa úr ryðfríu stáli með miklum loftræstibúnaði, þar sem gerilsneyðing fer fram með hitameðhöndlun þar sem hitastigi er stýrt til að drepa óæskilegar bakteríur og örverur og síðan aðlögunartímabil að því að massinn verði móttækilegur fyrir sáningu. Eftir viku í gerilsneyðingu, er sveppagróunum komið fyrir í massanum með vélbúnaði sem jafnframt umstaflar massanum og hita- og rakastýringu beitt til að tryggja rétt skilyrði þannig að ekkert sé ræktað í massanum nema þeir ætisveppir sem sóst er eftir. Að þremur vikum liðnum til viðbótar er massinn fullgróinn og tilbúinn til svepparæktunar. Massinn er fluttur með vélum í 6 sérhannaða klefa þar sem hann er hulinn mold og áfram í ræktun í þrjár vikur til viðbótar áður en farið er að tína.

Flúðasveppir eru eina svepparæktunarstöð Íslands og er sérstakt fyrirtæki á þessu sviði.

Vinnulag

Vinnulag fyrirtækisins hefur haldist svipað nokkuð lengi en breyst lítillega síðan fyrstu sveppirnir fóru á markað árið 1984. Aðferðin um gerð hráfnisins er eldgömul, en í dag er notast við bættan tækjabúnað og er vinnan því orðin þæginlegri og afkastameiri. Allt framleiðsluferlið er vaktað með tölvukeyrðum stýri-, og eftirlitsbúnaði og hvert handtak starfsfólks er skráð. Sveppirnir eru handtíndir og hefur það verið gert í hundruði ára. Vegna hversu viðkvæmir sveppirnir eru, þá hefur vél ekki tekist að gera það sem manns höndin gerir þegar kemur að því að skila frá sér hreinni og fallettri vöru.

Framleiðslunni, er pakkað í öskjur og að hluta til í kassa. Flúðasveppum er síðan deift í verslanir um allt land fyrir tilstuðlan dreifikerfis Sölufélags garðyrkjumanna. Bíll frá sölufélaginu sækir framleiðslu dagsins síðdegis og hún er komin í verslanir um land allt næsta morgun.





Ræktun með Flúðamold.

Mannauður og framleiðsla

Flúðasveppir eru stærsta framleiðslufyrirtækið í Hrunamannahreppi og einn af hornsteinum byggðar í sveitinni með 40 manns á launaskrá. Í dag er framleiðsla fyrirtækisins 10-12 tonn á viku og innanlandsmarkaðurinn hefur vaxið sem samsvarar framleiðsluaukningunni. Eftir svepparæktunina falla til um 60 tonn af rotmassa í hverri viku og er hann m.a. nýttur til að framleiða úrvals gróðurmold (Flúðamold) til ræktunar en þá er honum blandað saman við mómold og Hekluvikur. Gróðurmoldin er til dæmis notuð þar sem fram fer lífræn ræktun. Moldin sem þessar heilnæmu matvörur eru ræktaðar í, nýtist líka sem áburður. Þessi mold er sérstök vegna þess að hún er hita meðhöndluð eftir svepparækt.

Húsakostur og stjórnendur

Húsakostur Flúðasveppa hefur verið í stöðugri stækkun, úr um 500 fm í upphafi í um 5000 fm nú og enn eru uppi áform um framkvæmdir, m.a. nýir ræktunarklefar á næstu þremur árum auk þess að auka framleiðslu á bæði hráefni fyrir sveppræktunina og framleiðslu á sveppum. Framkvæmdastjóri og eigandi Flúðasveppa er Georg Ottósson og bústjóri fyrirtækisins er Ævar Eyfjörð Sigurðsson.



Molta.





Séð yfir Garðræktarfélag Reykhverfinga.

Garðræktarfélag Reykhverfinga



Páll Ólafsson framkvæmdastjóri og Heiðbjört bóra Ólafsdóttir kona hans.

Á Hveravöllum í Reykjahverfi S-Þing. er Garðræktarfélag Reykhverfinga sem var stofnað árið 1904 og er eitt elsta hlutafélag landsins sem enn lifir. Hlutverk félagsins var í fyrstu aðallega kartöflurækt auk þess sem það hafði engjaheyskap, rófnarækt og túnrækt. Árið 1933 var fyrsta gróðurhúsið byggt og stærð þess var 50 fm. Eftir það var áhersla lögð á ræktun í gróðurhúsum sem voru hituð upp með hvervatni. Smám saman fjölgaði húsunum og 1975 voru þau orðin 9 talsins þar sem stunduð var fjölbreytt ræktun.

Stórt vatnshverasvæði á Hveravöllum

Hveravellir eru staðsettir við mestu goshveri Norðurlands. Jarðhitasvæðið er undir vesturhlíð Reykjafalls og eru hverirnir 5 að tölu. Það eru Ystihver, Uxahver, Syðstihver, Strútshver og Stokkur. Vatnið er 100 C° heitt, hreint og tært, en Ystihver er vatnsmestur og gýs hæst. Mæld hafa verið 25 metra há gos í Ystahver, en ekki var vitað að hann gysi fyrr en 1905 þegar Baldvin Friðlaugsson, þá framkvæmdastjóri Garðræktarfélags Reykhverfinga, lækkaði vatnsborð hans um 1-2 fet. Árið 1970 var samið um að Húsavík fengi heitt vatn frá Hveravöllum til húshitunar og var hitaveitan lögð á því ári. Leiðslan er 19 km löng og eru öll hús á Húsavík hituð upp með hvervatninu auk þess sem allir sveitabærir í Reykjahverfi hafa notið góðs af hitaveitunni. Þá hefur einnig verið lögð hitaveita niður í Aðaldal, vestur yfir Hvammsheiði og allt vestur í Kinn.

Fyrirtæki fjögurra ættliða

Saga Garðræktarfélags Reykhverfinga er sérstök að því leyti að þar hafa einungis starfað fjórir framkvæmdastjórar á 115 árum og er núverandi framkvæmdastjóri Páll Ólafsson sá fjórði í röðinni í beinan karlegg. Fyrsti framkvæmdastjórinn var Baldvin Friðlaugsson sem starfaði frá 1904-1938. Þá sonur hans Atli Baldvinsson sem var með fyrirtækið árin 1938-1976 og síðan sonur hans Ólafur Atlason 1976-2005. Páll Ólafsson er því á sínu 14 starfsári sem framkvæmdastjóri og nýtur aðstoðar konu sinnar, Heiðbjartar Þóru Ólafsdóttur.

Raflýsing og aukið ræktunarrými

Á undanförunum árum hafa mörg gömlu gróðurhúsin verið endurbætt og meirihluti elstu húsanna hafa verið rífin, en nýtiskuleg og stór gróðurhús hafa risið í staðinn fyrir eldri byggingar. Raflýsing hefur verið sett í mörg hús og má segja að nú sé meirihluti framleiðslunnar ræktaður við rafljós. Ekki er langt síðan Garðræktarfélag Reykhverfinga byggði 2030 fermetra gróðurhús sem flutt var inn frá Hollandi og jók það ræktunarrými fyrirtækisins mjög mikið. Á lóð hússins stóðu áður tvö gróðurhús sem voru úr sér gengin auk bragga sem hýsti ýmis áhöld og tæki. Með því að rífa þessar byggingar skapaðist möguleiki á að hafa innangengt í þökkunaraðstöðu fyrirtækisins og var það til mikilla hagsbóta. Nýja gróðurhúsið er svokallað blokkahús með átta burstum. Tíu árum áður var byggt svipað hús sem er 1320 fermetrar og hefur það reynst mjög vel og reynslan af hollenskum húsum því mjög góð. Aðstöðurými í nýjasta gróðurhúsinu er einnig mjög gott eða um 230 fermetrar og þar eru hýstar m.a. tölur



Þökkun á tómtum.



Unnið við flokkun og pökkun tómata.

sem sjá um loftslagsstýringu, hita- og rakastig sem og vökvun. Í sama rými er svo miðstöð fyrir áburðargjöf í öll gróðurhús á staðnum auk annars tækjabúnaðar sem til þarf við ræktunina.

Sérhæfingin setur svip sinn á framleiðsluna

Á seinni árum hefur framleiðslan aukist mikið. Til marks um það má geta þess að framleiðsla á tómtum var árið 1974 rúmlega 34 tonn, en var um 330 tonn árið 2018. Gúrkur voru liðlega 7 tonn árið 1974, en 150 tonn árið 2018. Meiri sérhæfing hefur átt sér stað og hefur framleiðslu á hvítkáli, gulrótum og garðjurtum til gróðursetningar verið hætt. Ræktaðar eru nokkur afbrigði af tómtum og hafa kokteiltómatar og heilsutómatar verið með mjög vaxandi markaðshlutdeild á síðustu árum. Þá eru ræktuð nærri 20 tonn af papriku hjá fyrirtækinu í dag en sú ræktun hófst ekki fyrr en árið 1975.

Stór vinnuveitandi og góður starfsandi

Garðræktarfélag Reykhverfinga er einn stærsti tómataframleiðandi landsins og með því að einbeita sér að tómtum, gúrkum og papriku hefur sérhæfing orðið mun meiri hjá fyrirtækinu. Áform eru um stækkan ef markaður verður fyrir hendi og mikið er lagt upp úr tæknivæðingu sem ábúendur hafa kynnt sér víða, m.a. í Finnlandi og telja að þar í landi sé mikið að læra og sjá hvað grænmetisrækt varðar. Á sumrin vinna á þriðja tug manna á Hveravöllum og hefur fyrirtækið verið vinnuveitandi margara Þingeyinga og annarra sem áhuga hafa á ylrækt um langan aldur. Fólkið sem starfar hjá Garðræktarfélagi Reykhverfinga í dag kemur víða að og hafa margir góðir starfskraftar komið erlendis frá á síðustu árum. Innan garðyrkjunnar er góður starfsandi og á Hveravöllum ríkir bjartsýni á framtíð greinarinnar.



Tómatar týndir.



Ystihver.



Sólveig Sigfúsdóttir og Reynir Jónsson, eigendur.
Ljósmynd: S. Ragnarsson.

Garðyrkjustöðin Reykás



Pökkun á tómötum.

Garðyrkjustöðin Reykás ehf. var stofnuð af þeim Sólveigu Sigfúsdóttir og Reyni Jónssyni árið 1998 en áður höfðu þau verið með rekstur á eigin kennitölu frá 1987. Fyrstu árin var ræktað kál og rófur og smávegis af gúrkum. Fljótlega var farið að kæla hvítkál og kínakál þannig að hægt var að geyma kál fram í mars. Fyrst var starfsemin rétt hjá Flúðum, en árið 2000 var helmingur jarðarinnar Götu í Hrunamannahreppi, keyptur og hluti útíreктarinnar fluttur þangað. Útihúsum var breytt í starfsmannahús, þar sem garðyrkja er frekar mannfrek.

Starfsemin

Árið 2005 var tekin áhvorðin um að byggja gróðurhús 2016 fm fyrir gúrkurækt, var það hitað upp með vatni frá Hitaveitu Flúða. Priva tölvakerfi sér um loftlagsstýringu í húsinu, það er, að vökva, opna og loka gluggum, kveikja og slökkva ljós, kolsýrugjöf og stýra hita og raka með sérstöku rakatæki. Gróðurhúsið var tekið í notkun haustið 2006 og í janúar 2007 sett upp lýsing. Í janúar árið 2009 var byrjað að flytja inn áburð og fljótlega farið að selja öðrum garðyrkjustöðvum. Umfangið jókst það hratt að stofnað var sér fyrirtæki um innflutninginn árið 2010 sem heitir NPK ehf. og er í eigu Reynis og Gunnars Th. Gunnarssonar. Um haustið 2009 var ráðist í það að byggja uppeldishús 288 fm. 2011 var byggt 1440 fm gróðurhús og þar ræktaðir tómatar. Ljóst var að hitaveitulögnin frá Flúðum annaði ekki því vatnsmagni sem þurfti til upphitunar. Árið 2015 var keyptur Nemek jarðbor og farið að bora eftir heitu vatni. Haustið 2015 fannst 73 gráðu heitt vatn í miklu magni á 140 metra dýpi, 360 metra frá gróðurhúsinu. Vorið 2016 var keypt gróðurhús í Þýskalandi, það rífið og flutt til Íslands. Haustið 2016 var byrjað að byggja gróðurhús með pökkunaraðstöðu 1.440 fm. 2018 var byrjað að rækta salat með nýrri tækni, Viscon Hydroponics þar sem salatið flýtur á vatni fer í hring byrjar sem smá planta og að loknum hringnum fullvaxið salat, hringurinn tekur u.þ.b. 3 vikur. Núna er að fara af stað tilraun með spínatrækt með sömu aðferð í samstarfi með fyrirtækinu Vivi í Hollandi. Ekkert eitur er notað í gróðurhúsunum við ræktunina, eingöngu lífrænar lausnir sem NPK ehf. hefur sérhæft sig í innflutningi á. 10-12 manns vinna í garðyrkjustöðinni allt árið og er keypt rafmagn fyrir u.þ.b. 3-4 milljónir á mánuði.





Gúrkuhúsið.



Kálpöntur.

Tómatahúsið.





Rauð hindber



Svört hindber.

Garðyrkjustöðin Silfurtúni



Olga Lind Guðmundsdóttir og Eiríkur Ágústsson.

Garðyrkjustöðin Silfurtún er rekin af þeim hjónum Eiríki Ágústssyni og Olgu Lind Guðmundsdóttur. Þau keyptu Silfurtún árið 2002 og tóku við þeirri ræktun sem þar var fyrir. Garðyrkjustöðin er hluti af Sölufélagi Garðyrkjumanna sem stofnað var fyrir margt löngu eða árið 1940 með það að markmiði að skapa grundvöll fyrir grænmetisbændur að koma vörum sínum á markað og búa þeim gott starfsumhverfi á stækkandi matvælamarkaði. Jarðhiti á Íslandi kemur sér vel til að hita upp gróðurhús þar sem ræktun á hvers kyns grænmeti fer fram og sendinn jarðveg er víða að finna hér á landi fyrir kartöfluræktun. Fyrsta kynslóð hinna svokölluðu grænmetisbænda undirbjó jarðveginn fyrir nýja tíma í framleiðslu matvæla og með hverri kynslóð hefur orðið til ný tækni og nýjar aðferðir til að rækta mismundandi tegundir grænmetis. Í dag er grænmetisúrvalið meira en nokkru sinni og má þakka það ötulu starfi og samtakamætti garðyrkjubænda sem leggja ofuráherslu á að kröfuharðir neytendur geti verið vissir um hvaðan vörurnar koma og að framleiðsla þeirra sé umhverfisvæn og holl.

Silfurtún var um tíma eina garðyrkjustöðin sem framleiddi jarðarber og sú ræktun hefur farið sístækkandi síðan Eiríkur og Olga tóku við rekstrinum.



Lífænar varnir sjá um að halda óværu í skefjum frá jarðarberjaplöntunum okkar. Hér má sjá eina slíka.

Ræktunin

Jarðarberin eru ræktað í nokkrum misstórum gróðurhúsum eða um 5000 fm samtals. Tómatar eru sömuleiðis stór hluti framleiðslunnar og undir þá ræktun eru teknir um það bil 800 fm. Þess ber að geta að ræktunin vistvæn þar sem allar varnir, sem viðhafðar eru í kringum plönturnar eru lífrænar. Býflugur sjá um að frjóvga blóm jarðarberjaplantanna. Berjunum er pakkað í neytendaumbúðir og sendar í verslanir samdægurs svo ferskara getur það varla verið. Jarðarberin frá Silfurtúni þykja afspyrnu bragðgóð og talið að það megi rekja til notkunar íslenska vatnsins við ræktunina. Hindberjum hefur nú verið bætt við framleiðsluna og er útkoman vonum framar.

Silfurtún er staðsett að Flúðum í Hrunamannahreppi. Húsakostur er þar góður og stendur inni í skjólsælu rjóðri. Framleiðsluvörurnar eru líka seldar á staðnum fyrir gesti og gangandi og ganga kaupin þannig fyrir sig að fólk afgreiðir sig sjálft. Það fyrirkomulag virðist ganga þrýðilega fyrir viðskiptavinina enda er 99% fólks heiðarlegt. Slíkt traust til viðskiptavinnanna er til þess fallið að þeir taka sér sínar vörur og greiða á staðnum. Megin söluvörurnar eru jarðarber, hindber og tómatar.

Garðyrkjubúskapur á sér langa sögu á Flúðasvæðinu og má geta þess að ræktun í Silfurtúni hefur verið þar frá því á sjöunda áratugnum. Eiríkur og Olga hafa komið Silfurtúni á þann stað sem það er í dag.





Jarðarber.



Tvær „vinnukonur“ í óða önn að færa björg í bú.





Starfsfólk Sólsgóga 2020.



Skógarplöntur í húsi.

Sólsgógar



Gróðrarstöðin á Kaldá tekin í notkun 1993



Í Lönguhlíð 1990, Katrín með elsta soninn.

Staðsetning

Í Kjarnaskógi á Akureyri stendur Gróðrarstöðin Sólsgógar í fallegu og vel grónu umhverfi. Þar fer fram ræktun og sala á trjám, runnum, blómum (bæði sumarblómum og fjölærum) og kryddjurtum. Einnig fer þar fram ræktun og afhending skógarplantna sem sendar eru og gróðursettar um allt land.

Sagan

Árið 1989 stofnuðu hjónin Gísli Guðmundsson og Katrín Ásgrímsdóttir Gróðrarstöðina Sólsgóga í Lönguhlíð á Fljótsdalshéraði. Árið 1993 var stofnað nýbýlið Kaldá og var gróðrarstöðin þá flutt og byggð upp á ný þar. Í byrjun sérhæfðu þau sig í ræktun trjáplantna í garða, síðar bættust við sumarblóm og síðast aðstaða fyrir skógarplöntuframleiðslu. Einnig sinnti fyrirtækið garðþjónustu og slætti víðsvegar um Austurland og má víða finna garða og opinber svæði sem Gísli kom að uppbyggingu á og plöntur frá þeim hjónum þrýða. Upphafið má þó rekja til starfa Gísla og Katrínar á Seyðisfirði sumarið 1988. Þá var mikið unnið í februn bæjarins og hafa verið sterk tengsl við Seyðisfjörð.

Mikil breyting varð í rekstrinum árið 2007 er þau Gísli og Katrín festu kaup á Gróðrarstöðinni Kjarna á Akureyri. Um tíma ráku þau gróðrarstöðvar í tveimur landshlutum, en 2015 var lokað fyrir austan og í dag er ræktunin alfarið á Akureyri.

Starfsemin

Starfsemin er blómleg og í sífelldum vexti. Með stækkun stöðvarinnar og umfangi starfseminnar hefur tækjakostur aukist, enda hagræðing mikilvæg í rekstrinum. Þó er margt sem ekki er hægt að vélvæða og gott starfsfólk því nauðsynlegt. Starfsmenn eru nú 10 fastráðnir, auk eigendanna og á sumrin starfa um 20 manns í Sólsgógum. Starfsemin er í dag á tveimur sviðum. Annars vegar heildsala með skógarplöntur og hins vegar garðplöntusala. Gróðurhúsin eru 7.000 m² og um 80% þeirra hýsa uppeldi á skógarplöntum. Einnig eru svæði til útiræktunar sífellt að stækka, ekki síst vegna aukins umfangs ræktunar skógarplantna. Mikil uppsveifla hefur verið í skógrækt á Íslandi undanfarin ár m.a. vegna aukins áhuga á og meðvitundar um mikilvægi kolefnisjöfnunar til verndunar loftslags jarðar. Árið 2018 var afhent 1 milljón skógarplantna og ef allt gengur upp ætti framleiðslan 2021 að verða um 5 milljónir skógarplantna. Stærsti hluti þessara plantna fer í Þjóðskóga og til nytjaskógræktarverkefna Skógræktarinnar. Sala á garðplöntum hefur einnig aukist á undanförunum árum, viðskiptavinir eru bæði heimamenn og fyrirtæki á Akureyri, sem og annars staðar að af landinu. Fólk vill febra umhverfi sitt, bæði heim við hús sem og í sumarbústöðum, þá er tilvalið að leita til Sólsgóga og fá blóm, tré eða runna í slík verkefni. Svo eru alltaf einhverjir sem líta við í gróðrarstöðinni bara til að njóta þess sem þar er að sjá og er sibreytilegt eftir því sem á sumarið líður.



Gróðarstöðin Sólskógar í Kjarnaskógi.

Framtíðarsýn

Ekki er annað að sjá en að skógræktaráhugi ríkisvaldsins, fyrirtækja og einstaklinga á Íslandi eigi eftir að aukast á næstu árum. Sólskógar stefna að því að vera áfram leiðandi fyrirtæki í ræktun skógarplantna fyrir landið allt. Með aukinni vélvæðingu er stefnt að því að bæta nýtingu gróðurhúsanna þannig að fyrirtækið geti mætt auknum áhuga á að klæða landið skógi. Einnig hyggst fyrirtækið byggja áfram á þeirri miklu viðskiptavild sem tengist Kjarnaskógi og garðplöntusölunni þar. Við viljum gera okkar til þess að fólk geti áfram notið þess að koma í gróðarstöðina í skóginum til að upplifa litadýrðina og blómailminn. www.solskogar.is



Fyrsta gróðurhús fyrir skógarplöntur, Kaldá 2003.



Flokkun skógarplantna.



Séð vestur yfir svæðið.

Molta



Frá vinstri: Birgir, Les, Vilberg, Kristján framkvæmdastjóri og Garðar.



Vilberg Jónsson á verkstæðinu að laga hnifa í hakkavélina.



Birgir Stefánsson við stjórn tölvuna.

Félagið Molta ehf var stofnað í mars 2007. Að stofnun Moltu komu öll sveitarfélög í Eyjafirði, allir stærstu matvælaframleiðendur á Eyjafjarðarsvæðinu ásamt fleiri aðilum. Stærstu eigendur 2019 eru Akureyrarbær og Byggðastofnun. Hjá Moltu ehf. eru að jafnaði þrjú fastráðnir starfsmenn ásamt framkvæmdarstjóra sem er Kristján Ólafsson. Framkvæmdir við byggingu jarðgerðarstöðvar Moltu hófust í ágúst 2008 og tilraunavinnsla hófst í júní 2009. Jarðgerðarstöðin var síðan opnuð formlega 21. ágúst 2009.

Starfsemin

Verksmiðja Moltu er eina sinnar tegundar á Íslandi og þegar starfsemin hófst var hún stærsta verksmiðjan í Evrópu sem byggði á svokallaðri „tromlutækni“ (e. rotary drum technique). Ferlið er loftháð ferli sem saman stendur af, móttöku, brjót, hakkavél, 6 stk. 170 rúmmetra tromlum og þroskunarplönun. Hráefnið sem tekið er á móti er fyrst og fremst sláturúrgangur, lífrænn heimilsúrgangur, timbur- og trjákurll og pappír, sem er allt jarðgert í stöðinni.

Molta verður til með niðurbroti lífræns úrgangs við loftháðar aðstæður, þar sem hitakærar örverur melta úrganginn þannig að úr verður verðmætur jarðvegsbætur. Í jarðgerðarstöð Moltu ehf. fer hiti í jarðgerðarblöndunni yfir 70°C sem gerir það að verkum að skaðlegar bakteríur sem kunna að vera í úrganginum drepast.

Tæp þrjú þúsund tonn voru unnin fyrsta árið en vinnslan hefur aukist stöðugt og árið 2018 var tekið á móti rúmum sjö þúsund tonnum af lífrænum úrgangi/hráefni sem gefur um sjö þúsund rúmmetra af moltu. Sveitarfélögin sjö við Eyjafjörð hafa verið með þar til gerða moltuhauga hjá sér sem íbúar geta gengið í notað, t.d. í garðrækt, þetta hefur mælst afar vel fyrir. Einnig nota sveitarfélögin, bændur, landgræðslan, skógræktin og fleiri moltuna til ræktunar og landgræðslu.

Umhverfisáhrif

Ávinningurinn fyrir samfélagið og umhverfið er ótvíræður. Meðhöndlun lífræns úrgangs líkt og gert er í Moltu skilar miklum umhverfisávinningi. Losun gróðurhúsalofttegunda minnkar og þegar moltan er notuð í stað tilbúins innflutts áburðar verður til enn meiri umhverfisávinningur enda er kolefnisspor tilbúins áburðar verulegt. Áhrif moltuferlisins á kolefnisbókhald Íslands felst í því að í stað þess að urða lífrænan úrgang þar sem myndast metan (CH₄) þá verður til koltvísýringur (CO₂) en metan er 25-30 sinnum öflugri GHL en koltvísýringur og því ávinningurinn gríðarlegur.

Framtíðarsýn

Molta ehf. stendur nú eftir tíu ára starf á tímamótum þar sem þegar er hafinn undirbúningur að uppbyggingu á starfsemi þar sem afkastageta verður aukin og opnað fyrir möguleika á að vinna fleiri og fjölbreyttari verðmæti úr úrganginum.





Verksmiðja Bústólpa á Oddeyartanga á Akureyri.

Bústólpi



Einn af fôðurbílum Bústólpa.

Bústólpi ehf. starfrækir fôðurverksmiðju á Oddeyartanga á Akureyri ásamt því að reka verslun með vörur sem tengjast landbúnaði. Helst ber þar að nefna áburð, sáðvörur, girðingarefni, heyverkunarvörur, vítamín og steinefni, ásamt ýmsum smávörum sem bændur nota við rekstur sinn. Þá rekur fyrirtækið sérstaka deild sem selur og þjónustar á landsvísu mjaltabúnað frá DeLaval, bæði sjálfvirka mjaltapjóna og hefðbundin mjaltakerfi. Aðal framleiðsluvörur fyrirtækisins eru fjölmargar tegundir kjarnfôðurs fyrir húsdýr í landbúnaði, en árlega framleiðir fyrirtækið milli 15 og 16 þús tonn af kjarnfôðri. Framleiðslan er vöktuð með virku gæðakerfi á öllum stigum allt frá vali hráefna til afhendingar fôðurs til bænda. Stærstur hluti framleiðslunnar er keyrður út til bænda á tankbílum fyrirtækisins og dælt í fôðursíló heima á bæ. Heildarvelta fyrirtækisins er rúmir tveir milljarðar á ári og starfsmannafjöldinn 24. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins frá 2007 er Hólmgeir Karlsson.

Framleiðsluferlið

Verksmiðja Bústólpa er mjög tæknivædd framleiðsla þar sem sömu kröfur eru gerðar um gæði og öryggi varanna eins og um matvælaframleiðslu væri að ræða, enda er framleiðslan skilgreind sem fyrsta þepið í matvælaframleiðslunni. „Við leggjum grunn að gæðum“ er slagorð framleiðslunnar. Framleiðsla Bústólpa er vottuð af MAST og einnig er verksmiðjan vottuð til lífrænnar framleiðslu af Tún vottunarstofu.

Öflugar konur í stjórnunarstöðum

Miklar breytingar hafa orðið á Bústólpa á liðnum árum og ein þeirra er fjölgun kvenna í störfum stjórnenda og millistjórnenda. Staðan í dag er sú að jafn margar konur og karlar eru í hópi stjórnenda hjá fyrirtækinu. Á síðustu 10-15 árum hefur velta félagsins þrefaldast og fjöldi starfsmanna tvöfaldast. Fyrir utan kjarnfôðurframleiðsluna hefur fyrirtækið vaxið mjög í þjónustu við bænda og sölu á vörum tengdum landbúnaðinum. Sérstök deild sem þjónustar og selur mjaltabúnað frá DeLaval hefur vaxið jafnt og þétt og telur nú fimm sérhæfða starfsmenn sem sinna tæknipjónustu og uppsetningum á búnaðinum um allt land.

Starfsfólkið lykill að velgengi

Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri Bústólpa, er ekki í vafa um að það efli fyrirtækið til muna að í starfsmannahópinn hafi valist hæfileikaríkt fólk með ólíka reynslu og þekkingu, karlar og konur. „Frá því ég tók við fyrirtækinu fyrir tæpum 14 árum hefur það vissulega verið eitt af mínum markmiðum að fá fleiri konur í hópinn, bæði vegna hæfni þeirra og svo einfaldlega vegna þess að ég tel það hafa mjög jákvæð áhrif á fyrirtækjameninguna að blanda hópinn. Þannig hefur það verið mér kappsmál að byggja upp starfsmannahóp með ólíka sérþekkingu, reynslu og sýn á hluti. Í því felast mikil verðmæti og sköpunarkraftur. Þar sem ólík þekking og reynsla mætast verða framfarir og nýsköpun. Lykill að velgengi er að þú ráðir til þín fólk



Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri.

sem er klárara á einhverjum sviðum en þú sjálfur," segir Hólmgeir og bætir við að Bústólpi hafi á sínum tíma verið frekar karllægur vinnustaður. Því hafi kannski ekki verið sjálfgefið né auðvelt að laða konur að starfsemi. Hólmgeir segir að eftir því sem Bústólpi hafi þróast, byggt upp hátækni í framleiðslunni, eftir markaðsdrifna starfsemi og framsækna þjónustu hafi störfum fjölgað. Þörf hafi verið á fleira sérmenntuðu fólki og það hafi opnað tækifæri til að laða fleiri konur til liðs við starfsmannahópinn. „Engin þeirra er þó hér af því hún er kona," leggur Hólmgeir áherslu á. „Allar hafa þær verið ráðnar úr hópi fjölda umsækjenda á hverjum tíma þar sem þær skoruðu einfaldlega hæst vegna hæfni, þekkingar og reynslu.“



Konur í stjórnun hjá Bústólpa ehf. Frá vinstri: Ásdís Gunnlaugsdóttir, sölu- og dreifingarstjóri fódurs, Thelma Rut Káradóttir, verslunarstjóri, Sigurbjörg Nielsdóttir, skrifstofustjóri og Hanna Dögg Maronsdóttir, sölu- og markaðsstjóri / aðstoðarframkvæmdastjóri.



Búvís hefur þétt riðið net umboðsmanna um allt land og geta viðskiptavinir fyrirtækisins í nágrenni umboðsmannanna nálgast hjá þeim árstíðabundnar rekstrarvörur eins og rúlluplast og net auk þess sem áburður er til afgreiðslu hjá mörgum þeirra.



Búvís tekur reglulega á móti ýmsum hópum sem vilja kynna starfsemi fyrirtækisins.

Búvís



Toni og Einar.

Búvís var stofnað 2006 en í um það bil 2 ár áður höfðu eigendur þess verið að flytja inn og selja vörur til bænda undir nafninu Lambás sem er fyrirtæki sem Gunnar Guðmundarson í Sveinungsvík í Þistilfirði var með fyrir sinn búrekstur, en ásamt honum er Einar bróðir hans eigandi Búvís.

Starfsemin

Þjónusta við bændur hefur frá upphafi verið meginstoð félagsins sem hefur sérhæft sig í sölu og þjónustu búvéla sem og sölu á ýms konar rekstrarvöru svo sem áburði, rúlluplasti og rúlluneti.

Búvís fékk strax frábærar viðtökur frá viðskiptavinum sem kunnu vel að meta vörulínu félagsins, hagstæð verð og framúrskarandi þjónustu sem félagið veitti þrátt fyrir litla yfirbyggingu þess. Færa má sterk rök fyrir því að innkoma Búvís inn á áburðarmarkaðinn hafi verið til mikilla hagsbóta fyrir bændur en með tilkomu þess sáu þeir þennan stóra kostnaðarlið sinn snarlækka. Þessari verðstefnu hefur Búvís fylgt æ síðan.



Starfsmenn Búvís.

Aðsetur

Fyrstu árin var Búvís til húsa í bílskúr Einars og að heimili Gunnars í Sveinungsvík í Þistilfirði en árið 2012 var ráðist í byggingu 878 fermetra húsnæðis að Grímseyjargötu 1 á Akureyri þar sem félagið er enn til húsa. Með nýju húsnæði varð félagið sýnilegra en áður og um leið var vörulína félagsins enn breikkuð. Í dag má segja að í Búvís finni bændur nánast allt sem þarf til góðs búrekstrar. Hjá félaginu starfa nú 6 manns en auk þeirra heldur félagið út þéttu 25 manna umboðsmannaneti um allt land. Í sumar mun Búvís byggja enn stærra húsnæði í takti við aukin umsvif og mun það rísa á næstu lóð við hlið núverandi húsnæðis.

Viðurkenningar

Búvís hefur í mörg ár verið á lista Creditinfo yfir fyrirmyndafyrirtæki og árið 2018 fékk félagið Hvatningarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

Vörur

Helstu vörur sem félagið býður upp á eru Rauch áburðardreifarar, Plamse malar-korn-rúlluvélaflutningavagnar, Samasz heyrinnuvélar og vetrarvörur, rúlluplast frá Rani, Aspla og Barbier, rúllunet frá TAMA og Total cover, Búvís áburð, MAJOR haugsugur, Metal-Fach taðvagna og ýmsar vörur við ámoksturstaeki, Tianil dráttarvéladekk og Kranzle háþrýstidælur.



10 ára afmælisfögnuður.



Búvís dreifir plasti og öðrum vörum til bænda eða umboðsmanna á eigin bílum. Hér er Gunnar að hlaða bíl af rúlluplasti.



Listaverk á húsvegg.

Um árabíl hefur Búvís flutt inn áburð og eru ferðir áburðarskipanna nýttar til að flytja inn aðrar vörur fyrir bændur eins og vélar ýmisskonar, girðingarefni, kerrur, vagna og fleira. Þetta er að mörgu leyti grunnurinn að því góða verði sem Búvís býður viðskiptavinum sínum.





Ál flutt út og endurunnið í nýjar dósir.



Fólk að störfum í Endurvinnslunni.

Endurvinnslan



Guðmundur Ingi Guðbrandsson ráðherra er með starfsmanni okkar Friðjóni.



Starfsmenn okkar Jóhanna og Líska.

Endurvinnslan hf. var stofnuð árið 1989, skv. lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota drykkjarumbúða, Félagið skyldi starfa á landsvisu og hafa með höndum umsýslu skilagjaldsins, söfnun umbúðanna og endurvinnslu og förgun þeirra. Starfsemin þótti nauðsynleg til þess að taka á og sporna við einnota umbúðum í náttúrunni. Var því lagt á skilagjald á einnota drykkjarumbúðir úr plasti, áli, stáli og gleri. Ál, stál og plast hefur verið baggað og selt úr landi en gler notað í uppfyllingu hér á landi en stefnt er að því árið 2022 að flytja út gler til endurvinnslu.

Endurvinnslan er eitt fárra skilakerfa í heiminum sem tekur við beygluðum drykkjarumbúðum, en slíkt er talið nauðsynlegt til þess að þær umbúðir liggi ekki áfram í umhverfinu. Árið 2020 voru flutt út 1450 tonn af plasti, 1520 tonn af áli og hefur fallið til 6.500 tonn af gleri. Á 30 árum hefur fyrirtækið tekið við um 3,3 milljörðum flaskna og dósa og eru meðaltals skil á þeim tíma um 84%, mest í áli og minnst í gleri. Starfsemin snýst því um umhverfis- og náttúrvernd. Í anda þess tók fyrirtækið upp ISO 14001 staðalinn 2015, er handhafi Kuðungsins 2016 og kolefnisjafnar eigin rekstur með gróðursetningu trjáplantna. Frá árinu 2015 hefur fyrirtækið tekið upp flokkun á öllu auka efni sem kemur inn í fyrirtækið og er þannig allur pappír og plast sem til fellur endurunnið. Mikilvægi Endurvinnslunnar er ekki síst í því að lágmarka kolefnisspor og minnka soun á hráefnum. Þannig verður endurunnið ál að nýjum dósum og til þess þarf einungis 5% af þeirri orku sem færi í að framleiða nýtt ál auk þess sem það sparast hráefni.

Hlutverk

Samfélagslegt hlutverk Endurvinnslunnar er einnig mikið. Fjöldi aðila af vernduðum vinnustöðvum vinna í móttöku drykkjarumbúða og má þar nefna hjá skátum, Proskahjálpi, Fjöliðjunn, Plastiðjunn, Bjargi o.fl. Þá er söfnun drykkjarumbúða fjáröflun fyrir skáta, Íþróttafélög, björgunarsveitir, starfsmannafélög og ekki síst einstaklinga sem hafa lítið á milli handanna. Unnið er í að tæknivæða móttöku einnota drykkjarumbúða á stærri móttökustöðvum á landinu. Eru nú um 20 hraðvirkar talningarvélar í notkun. Ávinningur verður í formi betri talningar, flokkunar og vonandi til að auka hreinlæti á móttökustöðvum. Einnig er verið að reyna að ná til ferðamanna með því að taka í notkun söfnunarlát á helstu ferðamannastöðum. Með því er stefnt að því að fá sem bestu skil, þannig minnka soun og fá hæsta fánlega verð fyrir drykkjarumbúðirnar en Endurvinnslan lítur á einnota drykkjarvörur sem verðmæti en ekki sorp. Um 58 afgreiðslustaðir eru um allt land.

Stjórn Endurvinnslunnar og starfsmannaföldi

Í stjórn Endurvinnslunnar eru Júlíus P. Jónsson, formaður, Lárus B. Sigurbergsson, Ívar Arndal, Salome M. Ólafsdóttir og Marta B. Baldursdóttir. Framkvæmdastjóri er Helgi Lárusson. Starfsmenn félagsins eru um 34. Jafnlaunavottun var tekin upp 2014. Vefsíða: www.endurvinnslan.is

Helstu eigendur

Endurvinnslunnar hf. eru:

Fjármálaráðuneytið f.h. ríkissjóðs,
Kaupmannasamtök Íslands,
ÁTVR, CCEP Ísland ehf.,
Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf.,
Elkem Íslandi ehf., Samkaup hf., Hagar hf.,
Krónan hf., Alcan á Íslandi hf.,
Bandalag íslenskra skáta og
Samband íslenskra sveitarfélaga.



Terra umhverfisþjónusta

Terra umhverfisþjónusta hf., áður Gámabjónustan hf., hefur starfað við söfnun úrgangs- og endurvinnsluefna frá árinu 1984. Terra vinnur með fyrirtækjum, sveitarfélögum og einstaklingum með áherslu á að koma öllum þeim efnum sem til falla í viðeigandi farveg og sem flestum efnum, aftur inn í hringrásarhagkerfið. Terra rekur meðal annars jarðgerðarbúnað til endurnýtingar á lífrænum úrgangi og framleiðir vottaða og vandaða moltu sem hefur verið notuð í garðrækt og landgræðslu.

Starfsemin

Hið nýja nafn, Terra, á að lýsa ábyrgri umhverfisþjónustu um allt land og vísar í latneskt heiti jarðargyðjunnar, en allt starf fyrirtækisins snýr að bættri umgengni við jörðina. Merki Terra byggir á hringformi sem vísar til jarðarinnar og hringrásarhagkerfisins.

Terra leggur ríka áherslu á að auðvelda Íslendingum að skilja ekkert eftir; endurnýta, flokka og meðhöndla endurvinnsluefni og annan úrgang með ábyrgum hætti. Að skilja ekkert eftir er þýðing á „Zero Waste“ sem er alþjóðlegt átak um að bæta umgengni við jörðina með því að draga úr mengun og minnka sóun. Terra hefur einsett sér að aðstoða fyrirtæki og heimili í þessum efnum, hvetja til minni notkunar á umbúðum og einfalda flokkun. Í þeim tilgangi hefur verið fjárfest í ýmiskonar tæknibúnaði, mannviti og stafrænum lausnum til þess að gera allt slíkt starf einfaldara og skilvirkara.

Terra er með þjónustu um allt land og með starfsstöðvar á 10 stöðum. Félagið býður upp á sorphirðu, söfnun og flokkun endurvinnsluefna, gámaleigu, leigu og sölu á húsaeningum, meðhöndlun og frágangi á spilliefnum og margt fleira.

Vottun

Árið 2013 hlaut Terra ISO 14001 vottun á umhverfisstjórnunarkerfi sínu og 2018 hlaut Terra ISO 9001 gæðavottun. Vottanir þessar eru ánægjuleg staðfesting þess að fyrirtækinu hefur tekist að fylgja eftir umhverfis- og gæðamarkmiðum sínum. Haustið 2020 var Terra valið Umhverfisfyrirtæki ársins af Samtökum atvinnulífsins.

Umhverfisáhrif

Terra vinnur markvisst að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar og viðskiptavina og vera í fararbroddi í meðhöndlun úrgangs á landsvísu. Fyrirtækið einsetur sér að kynna viðskiptavinum og starfsmönnum fyrirtækisins gildi endurvinnslu og endurnýtingar, leitast við að þekkja umhverfisáhrif starfseminnar og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið, með reglulegum mælingum á þýðingarmiklum umhverfisþáttum.





Hópsnes



Alexander G. Edvardsson, framkvæmdastjóri.

Hópsnes ehf. er leiðandi fyrirtæki í rekstri endurvinnslufyrirtækja, gámaþjónustu og sorphirðu á Íslandi.

Sagan

Hópsnes ehf. var stofnað árið 1965 og var upphaflega útgerðarfyrirtæki sem átti einn lítinn vertíðarbát. Félagið stækkaði fljótlega og við bættist fiskvinnsla í landi og síðar fleiri fiskiskip. Frá stofnun og allt til ársins 1995 voru meðal annars gerðir út bátarnir Hópsnes GK og Höfrungur II GK ásamt því að reka fiskverkun í Grindavík. Á þessu tímabili var lítill frystitogari smíðaður fyrir félagið í Póllandi. Á árinu 1995 urðu miklar breytingar í rekstrinum þegar fiskiskip og kvóti þeirra var seldur. Félagið var upphaflega stofnað af þremur einstaklingum sem allir unnu hjá félaginu en á árinu 1995 fóru tveir þeirra frá því og var þeim greiddur út þeirra hlutur í félaginu. Eftir stóð einn hluthafi, Edvard Júlíusson, með um 5000 m² af húsnæði við Verbraut í Grindavík sem stóð að mestu autt. Til að finna því hlutverk var farið að veita sjávarútvegsfyrirtækjum þjónustu með ýmsum hætti svo sem með geymslu og dreifingu á fiskisalti til fiskvinnsluhúsa á Suðurnesjum. Að auki tók félagið að sér að losa félög við úrgangssalt sem var flutt í krókheysigámum

HP Gámar

Gámaþjónusta jókst og var hún markaðssett undir nafninu HP Gámar. Til viðbótar við gámaþjónustu hafði félagið með höndum almenna sorphirðu á Suðurnesjum í sex ár en þeirri þjónustu lauk í febrúar 2018. HP gámar veita þjónustu um allt land með séstaka áherslu á hvers kyns sorphirðu fyrir atvinnurekstur. Starfsstöðvar félagsins eru á Akureyri, Grindavík, Reyðarfirði og í Reykjavík. Umhverfissvitund landsmanna hefur aukist mikið á undanförunum árum og leggja mörg fyrirtæki mikinn metnað í flokkun úrgangs til endurvinnslu. HP Gámar bjóða upp á mikið úrval ruslagáma, djúpgáma, pressugáma og skipagáma. Einnig er félagið umboðsaðili fyrir Molok í Finnlandi sem framleitt hefur djúpgáma frá 1991. Samsetning djúpgáma Molok byggir á einfaldleika sem þarfnast lítils viðhalds og eru þeir því mjög hagkvæmur kostur fyrir húsfélög og stærri fyrirtæki.

Markmið félagsins er og hefur ávallt verið að hafa gáma og tæki ávallt snyrtileg og að þau séu góð auglýsing fyrir félagið og veiti því jákvæða ímynd. Einnig er mikil áhersla á að veita viðskiptavinum faglega ráðgjöf um flokkun úrgangs og leiðir til að lágmarka kostnað við sorphirðu. Stjórnendur félagsins eru meðvitaðir um að mikil þróun á sér stað í flokkun og endurvinnslu úrgangs og mikilvægt er að vera í fararbroddi í þeirri þróun.

HP gámar eiga einn öflugasta færanlega kurlara landsins og geta boðið fyrirtækjum og sveitarfélögum þjónustu um allt land. Kurlarinn er af Husmann gerð og kurlar trjágróður og timbur.



HP Flutningar

Á árinu 2016 keypti Hópsnes Flutningaþjónusta Sigga á Suðurnesjum og breytti nafni félagsins í HP Flutninga. HP Flutningar eru sérhæfðir í vöruflutningum milli Reykjavíkur og Suðurnesja og eru með daglegar ferðir á milli Reykjavíkur, Voga, Grindavíkur og Reykjanesbæjar.

HP Fasteignir

Á árinu 2017 voru allar fasteignir í eigu Hópsness fluttar í sérstakt félag HP Fasteignir ehf. Fasteignum í eigu félagsins hefur fjölgað þar sem 700 m² lagerhúsnæði var byggt fyrir stærsta viðskiptavin þess. Á árinu 2022 mun þessi bygging verða stækkuð um 600 m². Allt húsnæði í eigu félagsins er leigt út.

Hringrás

Hópsnes keypti Hringrás á síðari hluta árs 2019. Hringrás er leiðandi fyrirtæki í móttöku, flokkun og endurvinnslu brotmálma á Íslandi. Félagið hefur yfir að ráða sérhæfðum og hagkvæmum tækjakosti sem gerir kleift að veita viðskiptavinum öfluga og góða þjónustu svo sem:

- Færanlegar og öflugar brotajárnspressur
- Stórvirkar færanlegar málmklippur
- Öruggar beltagröfur, grabbar og seglar
- Stórir og hagkvæmir vagnar og krókhveysvörubílar til að flytja brotamálma
- Mikill fjöldi stórra og smárra gáma, bæði opnir og lokaðir fyrir hvers kyns úrgang.

Hringrás vinnur eftir ströngum reglum sem miða að því að straumlínulaga og bæta starfsemi fyrirtækisins.

Brotmálmar - Aðferðir og tæki til söfnunar, vinnslu og útflutnings brotmálma hafa þróast mikið, en fyrirtækið flytur árlega úr landi um 40.000 tonn af brotmálmum. Í meira en hálfa öld hefur Hringrás þróað aðferðir við endurvinnslu brotajárns og málma og innleitt ýmsar lausnir sem hafa gefist vel við íslenskar aðstæður. Félagið hefur tekið að sér fjölda hreinsunarverkefna í íslenskri náttúru með góðum árangri um land allt. Meðal slíkra verkefna má nefna niðurrif Kísilverksmiðjunnar við Mývatn, hreinsun og átaksverkefni fyrir ýmis bæjarfélög auk niðurrifsverkefna fyrir Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Á athafnasvæði Hringrásar er er tekið við bílum til förgunar, brotajárni, öðrum málmum og ónýtum hjólbörðum sem fluttir eru út til endurvinnslu. Félagið er með starfsstöðvar á Akureyri og Reyðarfirði þar sem tekið er á móti bílum til förgunar, brotmálmum og hjólbörðum. Færanleg brotajárnspressa gegnir lykilhlutverki í þjónustu við bæjarfélög á landsbyggðinni. Þannig getur fyrirtækið leyst á hagkvæman hátt margvísleg verkefni hjá bæjarfélögum víða um land auk sérstakra niðurrifsverkefna sem ráðast þarf í. Algengt er að fyrirtæki og bæjarfélög geri langtímasamning við Hringrás sem þá sér um að úrgangur safnist ekki upp hjá viðkomandi viðskiptavini. Ef um góð endurseljanleg efni er að ræða getur slík þjónusta veitt verkkaupa umtalsverðar tekjur.

Í ársbyrjun 2021 voru Hringrás og HP Gámar sameinuð í eitt félag undir nafni Hringrásar. Ljóst er að sameiningin hefur tekist vel og hefur mikið hagræði verið af henni í rekstri auk þess sem unnt hefur verið að veita viðskiptavinum betri þjónustu. Á síðari hluta árs 2021 var fjárfest í nýju athafnarsvæði fyrir félagið við Álhelli í Hafnarfirði og stefnt er að því að flytja starfsemi félagsins þangað í lok árs 2022.

Fyrirtækið í dag

Hópsnes var eins og áður hefur komið fram stofnað 1965 og þarf oft að benda fólki á það að Hópsnes ehf. er ennþá rekið á sömu kennitölu og frá stofndegi. Félagið hefur genið í gegnum miklar breytingar á starfstíma þess, en það var upphaflega stofnað um útgerð á einum vertíðarbát en er nú eignarhaldsfélag um eignarhald á framangreindum félögum.



Íslenska gámafélagið



Jón Þórir Frantzson, forstjóri.

Íslenska gámafélagið ehf. var stofnað árið 1999 og var tilgangurinn með stofnun fyrirtækisins að auka samkeppni á því sviði atvinnulífsins sem snýr að sorphirðu. Þjónustusviðið spannar alla þætti almennrar sorphirðu, allt frá innsöfnun á heimilissorpi til söfnunar, flokkunar og flutnings á spilliefnum. Íslenska gámafélagið hefur ávallt lagt mikla áherslu á að starfa í sátt við umhverfið og hefur leitað leiða til að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum af starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur verið leiðandi í að þróa og útfæra flokkunarkerfi fyrir almenning, fyrirtæki og sveitarfélög með það að markmiði að draga úr urðun úrgangs og stuðla jafnframt að aukinni endurvinnslu hráefna. Sem dæmi má nefna að Íslenska gámafélagið hafði frumkvæði að því að leita lausna fyrir sveitarfélög landsins til að uppfylla skilyrði í lögum um meðhöndlun úrgangs þar sem kemur fram að draga skuli verulega úr urðun lífræns heimilis- og rekstrarúrgangs fyrir lok árs 2020. Þannig þróaði Íslenska gámafélagið og innleiddi heildrænt flokkunarkerfi fyrir heimilissorp sem kallað hefur verið „þriggja tunnu kerfið“ en kerfið dregur úr því magni heimilissorps sem endar í urðun. Stykkishólmur varð fyrsta sveitarfélagið til að innleiða kerfið árið 2008 en síðan þá hefur fjöldi sveitarfélaga innleitt það með góðum árangri.

Helsta starfsemi félagsins

Umhverfismál hafa frá stofnun Íslenska gámafélagsins verið stór þáttur í grunnstarfsemi fyrirtækisins og félagið hefur átt þátt í mikilli aukningu á endurvinnslu úrgangs. Á fyrstu rekstrarárum fyrirtækisins voru tækifæri til endurvinnslu af skornum skammti á Íslandi en frá upphafi starfseminnar hefur fyrirtækið leitað nýrra leiða til að takmarka sóun af völdum úrgangs með því að finna nýjar leiðir til endurvinnslu. Stöðug aukning hefur verið í útflutningi endurvinnsluhráefna og magni lífræns úrgangs til jarðgerðar síðustu árin. Fræðsla og ráðgjöf um umhverfismál til fjölda fyrirtækja og íbúa sveitarfélaga hefur átt þátt í að auka þekkingu almennings á málaflokknum og gert flokkun að sjálfsgæri venju almennings. Þrátt fyrir að kjarnastarfsemi fyrirtækisins sé í sorphirðu og sorpflutningum þá er starfsemin orðin mun fjölbreyttari og spannar nú alla almenna umhverfisþjónustu. Auk þess býður fyrirtækið upp á vinnuvélaflutninga, hálkueyðingu og götusúpún ásamt leigu á vinnuskúrum og þurrsalernum fyrir minni og stærri viðburði á borð við Menningarnótt, Laugavegshlaupið og bæjarhátíðir um land allt. Þá er fyrirtækið orðið stór útflytjandi á hráefnum til endurvinnslu. Umhverfissvið Íslenska gámafélagsins veitir fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum ráðgjöf um flokkun til endurvinnslu og innleiðingu á flokkunarkerfum þar sem markmiðið er ávallt að finna lausnir sem hámarka umhverfislegan ávinning.

Íslenska gámafélagið flytur einnig inn og selur stuðningsvörur sem lúta að flokkun og endurvinnslu af ýmsum stærðum og gerðum til nota innan- og utanhúss. Þar má helst nefna djúpgáma, snjallgáma, grenndarstöðvar, flokkunarílát, maíspoka og margt fleira fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga.



Ólafur Thordersen, aðstoðarforstjóri.



Rut Jónsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs.



Auðunn Pálsson, framkvæmdastjóri hráefnasviðs.



Starfsfólk og aðsetur

Hjá fyrirtækinu vinna rúmlega 300 manns víðs vegar á landinu. Allt frá stofnun fyrirtækisins hafa höfuðstöðvar þess verið í gömlu áburðarverksmiðjunni í Gufunesi en nú hafa höfuðstöðvarnar verið fluttar að Esjumelum þar sem framtíðarstarfssvæði er í hönnun.

Árið 2020 og framtíðin

Almennt sorp á Íslandi hefur hingað til yfirleitt endað í urðun og einu undantekningarnar frá því hafa verið þegar sorpið hefur verið brennt. Báðar aðferðir eru lokaförgun þar sem hvorki efni né orka úr úrganginum nýtist. Árið 2019 kom upp kom sú staða að nokkur sveitarfélög höfðu ekki lengur aðgang að urðunarstað. Í kjölfarið hófst vinna hjá Íslenska gámafélaginu þar sem markmiðið var að leysa þetta vandamál á farsælan og umhverfisvænni máta. Úr varð að almennt sorp frá þessum sveitarfélögum fer í útflutning til Evrópu þar sem það er brennt til orkuvinnslu. Orkan sem skapast úr úrganginum er nýtt til húshitunar og rafmagnsframleiðslu í stað kola og olíu. Um mitt ár 2019 hófust tilraunasendingar á almennu sorpi til Hollands. Útflutningurinn gekk vel og hentaði hráefnið vel til orkuvinnslu. Það varð úr að gerður var samningur um reglulega afhendingu á almennu sorpi til orkuvinnslu, sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi. Alls voru flutt út um 3 þúsund tonn af almennu sorpi til orkuvinnslu árið 2019 en reiknað er með að magnið muni halda áfram að aukast með árunum. Til að kanna umhverfisáhrif af því að flytja sorpið til orkuvinnslu í Evrópu í samanburði við urðun hérlendis var verkfræðistofan Resource International fengin til að skoða málið. Niðurstaða þeirra var að með því að sigla með sorpið til Evrópu og brenna það til orkuvinnslu sparast umtalsvert magn af CO₂ útblæstri. Í raun er sparnaðurinn slíkur að ef allt það magn sem urðað er á Íslandi færi til orkuvinnslu í Evrópu myndi það draga úr CO₂ losun sem nemur útblæstri frá um 107.000 bensínbílum. Það er því ljóst að flutningur á almennu sorpi til orkuvinnslu í Evrópu er mun umhverfisvænni leið heldur en urðun úrgangs.

Frá því að Íslenska gámafélagið var stofnað fyrir um tveimur áratugum hafa orðið miklar breytingar í samfélaginu hvað varðar umhverfis-, öryggis- og jafnréttismál. Frá upphafi hefur fyrirtækið lagt sig fram við að aðlaga starfsemina að breyttum áherslum í samfélaginu og í mörgum tilvikum hefur það gengið lengra en kröfur hafa sagt til um. Fyrirtækið var meðal annars frumkvöðull í að innleiða flokkun sorps á heimilum á Íslandi, var fyrsta fyrirtækið til að fá jafnlaunavottun og fyrsta fyrirtækið í sorphirðu til að fá umhverfsvottun. Nú hefur fyrirtækið einnig haft frumkvæði að útflutningi á almennu sorpi til orkuvinnslu og stuðlar þannig að nýtingu orku sem annars hefði farið til spillis og kemur jafnframt í veg fyrir mengun af völdum urðunar. Auk þessa hefur Íslenska gámafélagið ávallt lagt áherslu á að láta gott af sér leiða sem hefur ýmist verið gert með vinnuframlagi eða peningagjöfum til fjölmargra samfélagslegra verkefna.



Birgir Kristjánsson, framkvæmdastjóri ráðgjafar- og gæðasviðs.



Sara Sigurvinsdóttir, framkvæmdastjóri öryggis- og mannaúðsviðs.



Lingþór Jóseppson, framkvæmdastjóri Vélamiðstöðvarinnar.



Ó.K. gámaþjónusta - sorphirða



Ómar Kjartansson framkvæmdastjóri og Brynhildur Sigtryggisdóttir.



Reksturinn hófst 1. júní 1988 þá var byrjað að hirða sorph frá heimilum á Sauðárkróki. Árið 1990 voru fest kaup á fyrstu ruslagámunum, pressubíl og krókheysisbíl og hefur verið stöðug aukning allar götur síðan. Í dag eru gámarnir um 200 stk. Árið 1998 er stofnað einkahlutafélag í kringum reksturinn og er það óbreytt síðan.

Sagan

Árið 1997 hóf félagið þjónustu við Siglufjarðarbæ um hirðu á húsasorpi og losun á gámaplani auk þjónustu við fyrirtæki. Þessi þjónusta stóð til 2009 þegar samningi lauk við sveitarfélagið Fjallabyggð en félagið þjónustar þó enn nokkur fyrirtæki á svæðinu.

Flokka ehf. er dótturfyrirtæki ÓK Gámaþjónusta. Það félag var stofnað 1. júní 2006. Á því ári hófst vinna við að kanna magn á endurvinnsluefnum á svæðinu, auk fjármögnunar og undirbúnings á byggingu á móttökustöð fyrir úrgang og endurvinnsluefni. Í byrjun júní 2007 var hafist handa við byggingu móttökustöðvarinnar að Borgarteig 12 og má segja að framkvæmdir hafi gengið mjög vel. Þann 22. febrúar 2008 fór formleg vígsla fram. Starfsemin hófst 1. mars 2008 og þá var gamla gámasvæðinu lokað. Flokka tekur á móti öllum úrgangi nema lífrænum. ÓK hefur séð um sorphirðu í Skagafirði síðan 1. júní 1988. Fyrsta árið sá ÓK aðeins um sorphirðu á Sauðárkróki, en í ársbyrjun 1990 voru fest kaup á pressubíl og gámum, og voru settir gámar í dreifbýli, og fyrirtæki tóku í notkun bæði gáma og kör. Þessi notkun hefur aukist jafnt og þétt í gegnum árin.

Þjónusta

ÓK þjónusta sér um flutning á rækjuskel frá Hólmavík, Hvammstanga og Sauðárkróki til Siglufjarðar.

Einu sinni í mánuði keyra menn frá ÓK um sveitir og sækja rúllubaggplast sem þeir koma áfram til Flokku þar sem það er svo pressað og flutt til Hollands.

Einnig sér ÓK um að taka við brotajárni og bílum í förgun og koma því áfram í endurvinnslu. Við tökum olíur og önnur spilliefni af bílum og einnig hjólbarða.

ÓK Gámaþjónusta tekur að sér niðurrif á húsum og að koma því efni sem fellur til þar í lóg eða endurvinnslu.

Einnig er ÓK með timbertætara sem sér um að tæta niður garðaúrgang og koma í endurvinnslu. Bretttaefni og heilt timbur er rífið niður í tætaranum og notað í gangstigaefni og blómabeð.

Salernisleiga

ÓK býður upp á salernisþjónustu fyrir viðburði af öllum stærðargráðum. ÓK kemur á staðinn með aðstöðuna, setur hana upp og sér síðan um að þjónusta salernin bæði í losun og þrif ef óskað er eftir.



Bíll með salernisgáma.

Eigendur og stöðugildi

Flokka ehf. er dótturfyrirtæki Ó.K. gámaþjónustu ehf. Eigendur þess eru Ómar Kjartansson framkvæmdastjóri og Brynhildur Sigtryggisdóttir. Hjá Flokku eru 3 stöðugildi en hjá Ó.K. gámaþjónustu eru 7 stöðugildi.

Hvað hefur áunnist síðan Flokka opnaði

Taflan hér til hliðar sýnir í tonnum hversu miklu af endurvinnanlegu efni hefur verið tekið á móti frá því að Flokka opnaði 1. mars 2008. Þessi listi er uppfærður árlega.

Hvers vegna að flokka?

Til að halda umhverfinu okkar og jörðinni allri hreinni

Til að varðveita og fullnýta þann efnivið sem við höfum

Til að spara orku

Til að draga úr sorpi og ruslahaugum úti í náttúrunni

Til að auka líkurnar á að við getum skilað komandi kynslóðum jörð sem er enn lifandi, rík af auðlindum og vel með farin

Við erum að flokka til að ganga ekki endalasta á auðlindir jarðarinnar. Í stað þess að vera endalasta að höggva niður tré til að framleiða pappír, þá endurvinnum við þann pappír sem hefur þjónað sínu hlutverki, hvort sem það hlutverk hefur verið dagblað, kassi eða umbúðir utan af morgunkorni, nýtum svo pappírinn aftur í sama tilgangi. Við flokkum plast, bæði hart og lint, og sendum í endurvinnslu í stað þess að senda það í urðun á ruslahauga þar sem það tekur náttúruna hundruð ára að brjóta það niður.

Við flokkum til að eiga kost á að veita komandi kynslóðum þá framtíð sem við teljum þær eiga skilið, á jörð sem ennþá verður uppfyll af auðlindum!

Hver starfsmaður vinnur í sínu „söttvarnarhólf“ vegna smitthættu á Covid. Þannig er tryggt að smit berist ekki á milli starfsmanna og að fyrirtækið sé starfhæft komi upp smit á einum stað. Þar eð samningar við sveitarfélög eru nú lausir og á leið í útboð er framtíð fyrtekisins nokkuð óljós þar til niðurstaða útboða liggur fyrir.

Fyrirtækið er aðili að Samtökum iðnaðarins. Fyrirtækið hefur verið á lista yfirframúrskarandi fyrirtæki ár hvert síðan 2014.

Aðsetur

ÓK gámaþjónusta - sorphirða ehf. er til húsa að Borgarflöt 15, Sauðárkróki.

Fyrirtækið hefur verið á lista yfirframúrskarandi fyrirtæki ár hvert síðan 2014.

Efni sem er mótttekið og farið í endurvinnslu

01.03.2008 - 31.12.2019

Efni	Tonn
Bylgjupappi	1 200
Sléttur pappi	264
Plastfilma	248
Stift plast	74
Heyrúlluplast	3 200
Fernur	73
Polypropeline	58
Dagblöð og tímarit	475
Spilliefni	295
Raftæki/Heimilistæki	407
Brotajárn	5 939
Hjólbarðar	656
Ökutæki	617 stk





Skóflustunga að nýrri gas- og jarðgerðarstöð 16. ágúst 2018. Á myndinni má sjá Líf Magneudóttur, Jónu Sæmundsdóttur, Helgu Ingólfssdóttur, Guðmund Inga Guðbrandsson umhverfisráðherra, Harald Sverrisson, Bjarna Torfa Álfþórsson og Ármann Kr. Ólafsson taka fyrstu skóflustunguna.



Haustið 2020 gaf Umhverfisstofnun út starfsleyfi fyrir GAJU, gas- og jarðgerðarstöð SORPU bs. GAJA tekur við allt að 30 þúsund tonnum af lífrænum heimilisúrgangi og 10 þúsund tonnum af svokölluðum fljótandi lífrænum heimilisúrgangi.

Sorpa



Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdarstjóri SORPU.

Miklar og róttækar breytingar hafa orðið úrgangsmálum síðast liðin ár. Það er svar við kalli tímans um breyttar áherslur í umhverfismálum, þegar loftlagsbreytingar eru orðnar okkar mesta ógn. Innleiðing hringrásarhagkerfis er ein mikilvægasta aðgerðin til að draga úr mengun og loftlagsbreytingum en hringrásarhagkerfið er kerfi þar sem leitast er við að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi með áherslum sem tryggja að hægt sé að viðhalda verðmætum auðlinda eins lengi og mögulegt er. Markmiðið er að lágmarka auðlindanotkun og þar með úrgangsmyndun. Byggðarsamlagið SORPA leikur lykilhlutverk í því mikilvæga verkefni að innleiða hringrásarhagkerfi á Íslandi.

Stofnun Sorpu


Í lok níunda áratugar síðustu aldar var úrgangur höfuðborgarsvæðisins enn urðaður í opnum ruslahaug, lítið sem ekkert var endurnýtt og spilliefni fóru sömu leið og annar úrgangur. Til að leysa þessi mál og finna hagkvæmari og umhverfisvænni leiðir, tóku sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins sig saman og stofnuðu byggðarsamlagið SORPU, árið 1988 af sveitafélögum á höfuðborgarsvæðinu. Helsta markmið byggðarsamlagsins var að leita framtíðarlausna í úrgangsmálum og í móttöku spilliefna. Formleg starfsemi SORPU bs. hófst síðan þann 26. apríl 1991 þegar móttöku- og flokkunarstöðin í Gufunesi var tekin í notkun.

Hlutverk Sorpu

Byggðasamlagið SORPA er í dag í eigu sex sveitarfélaga: Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Hlutverk SORPU er að annast meðhöndlun úrgangs og sinna þannig lögbundinni skyldu sveitarfélaganna. Það felur í sér rekstur á móttöku- og flokkunarstöð, urðunarstað og sex endurvinnslustöðvum, sem reknar eru samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin. SORPA hefur einnig umsjón með grenndargámum fyrir hönd sveitarfélaganna og rekur nytjamarkaðinn Góða hirðinn, en markmið hans er að stuðla að endurnotkun nytjahluta. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru tíu talsins og eru höfuðstöðvar SORPU að Gylflöt 5 í Reykjavík. Dótturfyrirtæki SORPU er Metan ehf. Stjórn byggðasamlagsins er skipuð einum fulltrúa og einum til vara frá hverju aðildarsveitarfélagi og skal hver stjórnarmaður vera aðalmaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri sveitarfélags. Stjórnarmenn fara með hlutfallslegt atkvæðavægi í samræmi við íbúafjölda sveitarfélagsins sem þeir eru fulltrúar fyrir. Jón Viggó Gunnarsson var ráðinn framkvæmdarstjóri SORPU í desember 2020.

Í starfsemi SORPU er lögð áhersla á stöðugar umbætur og lágmarkun umhverfisáhrifa frá fyrirtækinu og hefur SORPA hlotið vottanir á stjórnunarkerfi sitt samkvæmt gæða- og umhverfisstöðlunum ISO 9001 og ISO 14001, enn fremur ISO 45001 um heilbrigði og öryggi starfsfólks, auk jafnlaunavottunar samkvæmt kröfum ÍST 85. Metan er vottað samkvæmt kröfum Svansins, norræna umhverfismerkisins, og er eina íslenska eldsneytið sem uppfyllir þær kröfur.





Þróun úrgangsmagns sem tekið var á móti hjá SORPU árin 2001-2020. Áhrif efnahagshrunsins 2008 á úrgangsmagn á höfuðborgarsvæðinu voru umtalsverð en magnið náði síðan aftur nýjum hæðum. Dregið hefur úr úrgangi síðan 2018.



Hjá endurvinnslustöðum SORPU grundvallast stefna fyrirtækisins um hvernig mæta skuli auknum kröfum samfélagsins í úrgangsmálum, stuðla að lágmarkun úrgangs og auka flokkun hans til endurvinnslu.

Framhald á næstu opnu →

Móttaka og meðhöndlun úrgangs

Þróun í úrgangsmálum byggir á rannsóknum og stöðugum umbótum. SORPA hefur í gegnum tíðina tekið þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum sem snerta magn, samsetningu og úrvinnslu úrgangs. Leiðarljós SORPU hefur frá upphafi verið að nýtingarlausnir taki mið af íslenskum aðstæðum og hámarksárangri sé náð í umhverfismálum um leið og hagkvæmstu leiða er leitað til að lágmarka kostnað samfélagsins. Gott dæmi um slík verkefni er nýting timburs sem kolefnisgjafa í framleiðslu járnblandis og nýting metans frá urðunarstaðnum sem ökutækjaeldsneytis. Á sínum tíma var hvort tveggja nýbreytni í nýtingu þessara efna á heimsvísu. Efnahagur landsmanna endurspeglast að vissu leyti í úrgangsmagninu eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti yfir þróun í magni úrgangs frá 2001-2020. Heildarmagn úrgangs sem barst til SORPU árið 2020 var 212.060 tonn og var það 5,6% samdráttur frá fyrra ári. Endurnýtingarhlutfall SORPU fer vaxandi ár frá ári og var 58% árið 2020 en 49,6% árið 2019. Samdráttur í úrgangsmagni birtist fyrst og fremst í blönduðum úrgangi til urðunnar, en hann dróst saman um tæplega 20% milli ára eða um 25.000 tonn. Á næstu árum mun áfram þurfa að draga verulega úr urðun en markmið SORPU er að eigi síðar en í árslok 2023 verði urðun hætt í Álfsnesi. Verkefnið kallar á umbreytingu á úrgangsméðhöndlun hjá SORPU og í samfélaginu öllu. Styðja þarf betur við hringrásarhagkerfið með aukinni endurnotkun og endurvinnslu og stuðla að vitundarvakningu um bættu flokkun endurvinnsluefna á upprunastað.

Árið 2020 markaði tímamót í meðhöndlun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu þegar gas- og jarðgerðarstöðin GAJA hóf starfsemi sína. Með vinnslunni í GAJA verða bæði orkan og næringarefni sem felast í lífrænum heimilisúrgangi endurheimt og næringarefnunum skilað aftur inn í hringrásarhagkerfið. Að hætta að urða lífrænan úrgang frá höfuðborgarsvæðinu er stærsta loftslagsaðgerð á höfuðborgarsvæðinu síðan heitt vatn var lagt í hús og dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda um tugi þúsunda tonna af koltvísýringi á ári.

GAJA var gangsett til prófana 6. ágúst 2020 og öll meðhöndlun GAJU á úrgangi er innandyra. Það er gert til að lágmarka lyktarmengun frá starfseminni. Fullvinnsla moltu innanhúss eins og gert er í GAJU er einsdæmi á Íslandi. Rúmlega 2.000 tonn af lífrænum heimilisúrgangi voru meðhöndluð í stöðinni seinni hluta ársins 2020.

Endurnýting hráefna

Tilkoma byggðasamlagsins SORPU markaði í raun þáttaskil í íslensku samfélagi og í kjölfarið fylgdi jákvæð hugarfarsbreyting gagnvart nýtingu úrgangs og aukin vitund um neikvæð umhverfisáhrif sem fylgja rangri meðferð úrgangs. Aukin þjónusta í flokkun úrgangs, fræðsla og móttökugjöld áttu sinn þátt í að vekja almenning til vitundar um forsendur endurvinnslu og endurnýtingar. Þessi þróun hófst strax í upphafi tíunda áratugarins með tilkomu endurvinnslustöðva víðsvegar um höfuðborgarsvæðið, en notkun þeirra hefur aukist jafnt og þétt hjá almenningi í gegnum árin. Nú er svo komið að endurvinnslustöðvarnar




Rannsóknarstofa SORPU í Álfsnesi. Fjölmargir meistaranemar á sviði verkfræði og umhverfissvísinda hafa komið að rannsóknum tengdum vinnslu í gas- og jarðgerðarstöð.



Góði hirðirinn, nytjamarkaður SORPU. Allur ágóði af sölu í markaðnum rennur til góðgerðarmála. Ný verslun var opnuð á Hverfisgötunni árið 2020.



SORPA rekur sex endurvinnslustöðvar. Stærsta og fullkonnasta endurvinnslustöðin er í Breiðhelli í Hafnarfirði, en hún var opnuð 2010.



Hlutfall endurnýtingar úrgangs hjá SORPU hefur aukist jafnt og þétt í gegnum árin. Áætlað er að endurnýtingarhlutfallið fari í um 70% með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvarinnar árið 2020

taka við mun meira magni á ári hverju en berst í gegnum sorphirðu sveitarfélaganna og 80% íbúa segjast flokka sinn úrgang að flestu eða öllu leyti.

Meginhlutverk endurvinnslustöðva er að taka á móti úrgangi til endurvinnslu eða endurnýtingar og er tekið á móti yfir þrjátíu úrgangsflokkum á stöðvunum. Sumir þeirra, t.d. timbur, pappírsefni og plast eru flutt í móttökustöðina í Gufunesi til frekari meðhöndlunar, en önnur, s.s. málmar, föt og klæði, spilliefni, raftæki, flöskur og dósir eru flutt til samstarfsaðila til meðhöndlunar og endurvinnslu. Tilkoma byggðasamlagsins SORPU markaði í raun þáttaskil í íslensku samfélagi og í kjölfarið fylgdi jákvæð hugarfarsbreyting gagnvart nýtingu úrgangs og aukin vitund um neikvæð umhverfisáhrif sem fylgja rangri meðferð úrgangs. Aukin þjónusta í flokkun úrgangs, fræðsla og móttökugjöld áttu sinn þátt í að vekja almenning til vitundar um forsendur endurvinnslu og endurnýtingar. Þessi þróun hófst strax í upphafi tíunda áratugarins með tilkomu endurvinnslustöðva víðsvegar um höfuðborgarsvæðið, en notkun þeirra hefur aukist jafnt og þétt hjá almenningi í gegnum árin. Nú er svo komið að endurvinnslustöðvarnar taka við mun meira magni á ári hverju en berst í gegnum sorphirðu sveitarfélaganna og 80% íbúa segjast flokka sinn úrgang að flestu eða öllu leyti.

Meginhlutverk endurvinnslustöðva er að taka á móti úrgangi til endurvinnslu eða endurnýtingar og er tekið á móti yfir þrjátíu úrgangsflokkum á stöðvunum. Sumir þeirra, t.d. timbur, pappírsefni og plast eru flutt í móttökustöðina í Gufunesi til frekari meðhöndlunar, en önnur, s.s. málmar, föt og klæði, spilliefni, raftæki, flöskur og dósir eru flutt til samstarfsaðila til meðhöndlunar og endurvinnslu.

Aukin endurnotkun

Árið 1993 hóf SORPA farsælt samstarf við fjögur líknarfélög; Hjálparstarf kirkjunnar, Mæðrastyksnefnd Reykjavíkur, Hjálpræðisherinn og Rauða kross Íslands, um endurnýtingu nytjamuna sem annars færu í urðun. Upphaflega var fyrirkomulagið með þeim hætti að SORPA safnaði munum sem bárust á stöðvarnar og Rauði kross Íslands sá um dreifingu til þeirra sem á þurftu að halda. Með tímanum breyttist rekstrarformið yfir í nytjamarkaðinn Góða hirðin, en núverandi aðsetur hans er að Fellsmúla 28. Árið 2018 opnaði svo Efnismiðlun Góða hirðisins á endurvinnslustöðinni á Sævarhöfða en það er markaður með notuð byggingaefni og ýmsar vörur sem geta nýst til framkvæmda og listsköpunar. Svo bættist við netverslun og útibú Góða hirðisins var síðan opnað á árinu 2020. Tilgangur markaðarinnar er að koma efni í endurnotkun áður en það fer til endurvinnslu. Endurnotkun efnis er mikilvæg aðgerð til að nýta auðlindir okkar sem best á hverjum tíma. Allur ágóði af starfsemi Góða hirðisins og Efnismiðlunarinnar rennur til góðgerðarmála og er styrkjum úthlutað á hverju ári. Árið 2020 úthlutaði Góði hirðirinn rúmlega 11 milljónum til góðgerðarfélaganna og félaga sem starfa í þágu samfélagsins.



Meirihluti starfsmanna SORPU eru karlmenn en hlutfall karla og kvenna í yfirstjórn fyrirtækisins er jafnt. Konur eru ávallt hvattar til að sækja um störf til jafns við karla þegar auglýst er eftir nýju starfsfólki.



Urðunarstaðurinn í Álfsnesi. Áætlað er að hætta að urða lífrænan og brennanlegan úrgang í Álfsnesi eftir árið 2023.



Skógrækt og landgræðsla SORPU í Álfsnesi.

Metan nýtt sem eldsneyti frá árinu 2000

Hver íbúi á höfuðborgarsvæðinu hendir um 142 kg af úrgangi í sorptunnuna á ári. Þar af eru um 70% lífræn niðurbjótanleg efni. Úrgangurinn er urðaður í Álfsnesi þar sem lífræn efni fara fljótlega að brotna niður. Á seinni stigum í niðurbrotsferlinu mynda örverur hauggas. Hauggasið er að stórum hluta metan sem er mjög orkuríkt, en einnig áhrifaríkt gróðurhúsalofttegund. Með því að hreinsa hauggasið og aðskilja metan frá koltvíoxíði má nýta það sem eldsneyti á ökutæki í venjulegum bensínvélum. Þannig er dregið úr notkun á jarðefnaeldsneyti, s.s. bensíni og dísil, og umhverfisáhrifum frá urðunarstaðnum. Árleg metanframleiðsla í Álfsnesi samsvarar um 2 milljónum bensínlíttra og notkun þess í stað jarðefnaeldsneytis sparar útblástur um sem nemur 33.000 tonnum af CO₂ á ári.

Fyrirtækið Metan ehf. var stofnað árið 1999 og er dótturfyrirtæki SORPU. Helsta markmið þess er að nýta orkuna sem eldsneyti á bifreiðar, ásamt því að annast markaðssetningu og vöruþróun á metani. Í samstarfi við Essó (nú N1) opnaði fyrsta afgreiðslustöðin fyrir metan við Bíldshöfða árið 2000, en árið 2008 var gasleiðsla milli Álfsness og Bíldshöfða tekin í notkun. Í dag eru afgreiðslustöðvar fyrir metan á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, hjá N1, Olís og Orkunni. Bílar á vegum SORPU eru í dag að stærstum hluta knúnir metani og er einnig unnið að því að auka hlutfall vistvænna orkugjafa, s.s. metans, í flutningum verktaka á vegum SORPU.

SORPA hefur sett sér metnaðarfull markmið tengd loftslagsmálum sem m.a. snúa að orkuskiptum. Seinni hluta ársins 2018 tók SORPA nýja langarma hjólavél í notkun í móttöku- og flokkunarstöðinni í Gufunesi og var vélin sú fyrsta af þessu tagi á Íslandi sem gengur fyrir rafmagni. Markmiðið er m.a. að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi SORPU. Þá er metan einnig nýtt sem orkugjafi við upphitun í húsum í Álfsnesi.

Árið 2020 undirrituðu Malbikstöðin & Fagverk og SORPA sameiginlega viljayfirlýsingu um kaup og sölu á allt að milljón rúmmetrum (Nm³) af hreinsuðu metangasi á ári. Það samsvarar tæplega helmingi af afkastagetu GAJU, gas- og jarðgerðarstöðvar SORPU. SORPA og Te & kaffi gerðu sömuleiðis þróunarsamning um kaup á allt að 40.000 normalrúmmetrum af metani á ári.

Miðlun upplýsinga og samstarf við háskóla

Eitt af hlutverkum SORPU samkvæmt stofnsamningi eigenda er að sinna fræðslustarfi og er tekið á móti um 2500 manns í fræðslu á ári hverju. Fræðslustarfsemi SORPU er margþætt og er algengt að umhverfishópar fyrirtækja og sveitastjórna, ásamt nemendum af öllum skólastigum, komi í heimsókn til að kynna starfsemi fyrirtækisins og rekstri þess. Rík áhersla er lögð á samvinnu við vísindasamfélagið með gagnkvæmum heimsóknum og þátttöku í málstofum, ráðstefnum og ýmsum tilraunaverkefnum. Undanfarin ár hafa meistaranemar að staðaldri unnið að verkefnum tengdum starfsemi SORPU, m.a. gas- og jarðgerðarstöð.

SORPA leggur áherslu á gott aðgengi almennings og fyrirtækja að upplýsingum um flokkun úrgangs, endurvinnslu og endurnýtingu. Á undanförunum árum hefur áherslan í útgáfu fræðsluefnis fæst yfir í rafræna miðlun upplýsinga í samræmi við þarfir nútímans, m.a. með þróun á „mínum síðum viðskiptavina“, flokkunarvef og fræðsluefni á samfélagsmiðlum. Var flokkunarvefur SORPU m.a. valinn samfélagsvefur ársins 2017 á Íslensku vefverðlaununum og leikurinn Lygamælirinn, sem ætlað er að fræða og skemmta almenningi og börnum, var valinn markaðsvefur ársins.

Mannauður

Mannauðurinn er mikilvægasta auðlind hvers fyrirtækis og því leggur SORPA áherslu á að efla starfsfólk í starfi og hlúa að vellíðan þess. Boðið er upp á fjölskylduvænt starfsumhverfi og lögð er áhersla á jafnvægi milli starfs og einkalífs. Fyrirtækið tryggir jafnan rétt fólks til starfa óháð kyni og er vottað samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Hjá SORPU starfa um 128 manns og meðalstarfsaldur er nokkuð hár eða um 7,1 ár. Umtalsvert fleiri karlmenn vinna hjá fyrirtækinu en konur og eru karlar um 70% allra starfsmanna SORPU.

Nafnaskrá

Nafn	Bls.	Geislataekni.....	106	Launafi.....	136
Aðalbakarí.....	220	Geitey.....	238	Léttitækni.....	138
Alcoa Fjarðaál.....	86	GK Bakarí.....	240	Lindabakarí.....	253
Arna.....	222	Glófaxi.....	108	Linde Gas.....	140
Auðlindagarðurinn / HS Orka.....	14	Góa.....	242	Límtré Vírnet.....	142
Á. Guðmundsson.....	90	Gímur kokkur.....	244	Lýsi.....	254
Bakameistarinn.....	224	Gímur vélaverkstæði.....	110	Mannberg / Vélsmiðja Heiðars.....	127
Barki.....	92	Gúmmisteypa Þ. Lárusson.....	114	Marel.....	66
Betri vörur.....	221	Hagblikk.....	111	Málmsteypa Þorgríms Jónssonar.....	144
Biobú.....	226	Hampiðjan.....	116	Málning.....	146
Blikkrás.....	91	Heimabakarí.....	241	Meitill GT Tækni.....	112
Blikksmiðja Guðmundar.....	94	Héðinn.....	120	Miðás.....	148
Blikksmiðjan Vík.....	96	Hitaveita Egilsstaða og Fella / HEF veitur.....	16	Mjólkursamsalan.....	256
Blikksmiðurinn.....	98	Hitaveitufélag Hvalfjarðar.....	18	Mjöll-Frigg.....	150
Bólstursmiðjan.....	95	Hópsnes.....	318	Mjöllnir.....	152
Bústólpi.....	312	HS Orka.....	20	Molta.....	310
Búvís.....	314	HS Veitur.....	22	MSV.....	154
Carbfix.....	60	Invent Farma.....	124	Múlalundur vinnustofa SÍBS.....	156
Coca-Cola Europacific Partners á Íslandi (CCEP).....	228	Iso Tækni.....	126	Naust Marine.....	158
Eðalfiskur.....	230	Íslenska gámafélagið.....	320	Nesbrauð.....	260
Elkem Ísland.....	100	Íslenskar orkurannsóknir ÍSOR.....	62	Nonni litli.....	262
Emmessis.....	227	Ísloft blikk- og stálsmiðja.....	128	Norðurál.....	160
Endurvinnslan.....	316	Ístex.....	130	Norðurorka.....	34
Espiflöt.....	294	Jarðboranir.....	24	Norðurstál.....	157
Eyjablikk.....	104	JGK Tech.....	65	Nói - Sirius.....	264
Fjallalamb.....	232	Kambar.....	132	Nýja kaffibrennslan.....	266
Flóra garðyrkjustöð.....	296	KAPP.....	166	OHS verk.....	164
Flúðajörfi.....	298	Kjarnavörur.....	246	Orka náttúrunnar.....	36
Flúðasveppir.....	300	Kjörís.....	248	Orkubú Vestfjarða.....	38
Foss Distillery.....	234	Kjötkompaní.....	250	Orkusalan.....	42
Freyja.....	236	Kopar & Zink.....	134	Orkuveita Húsavíkur.....	46
Garðræktarfélag Reykhverfinga.....	302	Kræsingar.....	252	Orkuveita Reykjavíkur.....	48
Garðyrkjustöðin Reykás.....	304	Landsnet.....	26	Orkuvirki.....	56
Garðyrkjustöðin Silfurtúni.....	306	Landsvirkjun.....	30	Ó.K. gámapjónusta - sorphirða.....	322

PMT - Plast, miðar og tæki.....	168	Vélfag.....	80
Polynorth.....	165	Vélsmiðja Ísafjarðar.....	203
Rafal.....	170	Vélsmiðja Suðurlands.....	204
RARIK.....	52	Vélsmiðjan Altak.....	206
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.....	284	Vélsmiðjan Ásverk.....	208
Reynir bakari.....	263	Vélsmiðjan Logi.....	210
SagaNatura.....	72	Vélsmiðjan Þröstur Marsellússon.....	219
Samhentir - Kassagerð.....	174	Vélvirki.....	209
Sementsverksmiðjan.....	178	Vélvik.....	212
Sigurjónsbakari.....	268	Vilko.....	274
Skaginn 3X.....	74	Vikingbátar.....	214
Skipavík.....	180	Vogabær.....	271
Skógræktin.....	282	Vörubretti.....	215
Sláturhús KVH.....	270	ÞH Blikk.....	216
Slippfélagið.....	182	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.....	290
Slippurinn Akureyri.....	184	Þrymur.....	218
Snókur þjónusta.....	183	Ölgerðin Egill Skallagrímsson.....	276
Sorpa.....	324	Össur.....	82
Sólskógar.....	308		
SR Vélaverkstæði.....	172		
Stansverk.....	187		
Stálsmiðjan - Framtak.....	188		
Stálsmiðjan Útrás.....	200		
Steinull.....	190		
Stjórnublastur - Stálstjörnur.....	192		
Stjórnublikk.....	194		
Tandrabretti.....	196		
Te & Kaffi.....	272		
Teknis.....	198		
Terra umhverfisþjónusta.....	317		
Vagnar og þjónusta.....	202		
Valka.....	78		
Vatnajökulsþjóðgarður.....	286		
Veðurstofa Íslands.....	280		

